
Ólafur Ragnar Grímsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 3 – 1990

Nr. 8

10

11. janúar 1990

AUGLÝSING

**um leiðréttingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku
nr. 627, 27. desember 1989.**

Liður 7 í kafla um skilgreiningar og ýmis ákvæði falli niður.

Síðasta málsgrein gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða er hér með staðfest samkv. orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum nr. 66 31. maí 1976, til að öðlast gildi 1. janúar 1990 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 166, 20. mars 1989, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 11. janúar 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 9

8. janúar 1990

AUGLÝSING

um breytingar á staðfestu aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1980–2000.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 5. janúar 1990 staðfest skipulagsupprátt sem gerir ráð fyrir sex breytingum á gildandi aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Íbúðasvæði á Hvaleyrarholti verður á skipulagstímabilinu.
2. Opið svæði á Háholti verður íbúðasvæði.
3. Iðnaður vestan Hvaleyrarbrautar fellur niður.
4. Skóli flyst vestur fyrir Suðurbraut.
5. Golfvöllur stækkar til suðurs.
6. Iðnaðarsvæði til síðari nota minnkar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðuneytisins með ofangreindum fyrirvara.

Félagsmálaráðuneytið, 8. janúar 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Jólagjafasjóð Guðmundar Andréssonar gullsmiðs.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt ákvæði í erfðaskrá Guðmundar Andréssonar gullsmiðs, dags. 11. október 1968, en hann andaðist 11. nóvember 1968.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til þeirra verkefna, sem stofnað er til í því augnamiði að bæta umönnun barna og aldraðra, sem langtímum dvelja á stofnunum hér á landi, svo sem:

- a. styrkja samtök eða stofnanir, sem annast aðhlyningu barna og aldraðra.
 - b. veita námsstyrki til heilbrigðisstétta er gegna þessu hlutverki.
 - c. veita rannsóknstyrki til viðfangsefna, sem þjóna þessum tilgangi.
- Styrkina skal að jafnaði veita í desember ár hvert.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera undir forsjá Landlæknisembættisins og annast það fjárvörslu hans og reikningshald. Ríkisendurskoðun skal hafa eftirlit með sjóðnum og árlega endurskoða reikninga hans.

4. gr.

Með úthlutun úr sjóðnum fer 3ja manna úthlutunarnefnd. Skal hún skipuð landlækni, biskupinum yfir Íslandi eða fulltrúa er hann tilnefni og manni kjörnum af stórstúku IOOF á Íslandi.

5. gr.

Eignir sjóðsins skulu seldar og skal við söluna fylgt fyrirmælum í 7. lið erfðaskrárinnar.

6. gr.

Við vörslu sjóðsins skal þess jafnan gætt svo sem unnt er að eignir hans rýrni ekki að verðgildi. Skal úthlutunarnefnd miða fjárveitingar úr sjóðnum við það að verðgildi hans rýrni ekki.

7. gr.

Úthlutunarnefnd skal halda gerðabók um störf sín og úthlutanir úr sjóðnum.

8. gr.

Með skipulagsskrá þessari er felld úr gildi skipulagsskrá fyrir Jólagjafasjóð Guðmundar Andréssonar gullsmiðs nr. 158 frá 29. júní 1970.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. janúar 1990.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir Bifreiðaskoðun Íslands hf.

Gjöld fyrir skráningu ökutækja og skráningarmerki, svo og fyrir skoðun ökutækja, sbr. 64. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, eru ákveðin sem hér segir:

1. gr.

Gjald fyrir skráningu ökutækja.

1. Nýskráning	4 400 kr.
2. Skráning eigendaskipta	1 850 kr.

2. gr.

Gjald fyrir notkun reynslumerkis.

Fyrir notkun reynslumerkis ber að greiða 10 000 kr. á ári. Nú er notkun reynslumerkis leyfð í styttri tíma en eitt ár, og greiðir eigandi ökutækis þá fyrir notkun og lögmælt ábyrgðartryggingu og slysatryggingu ökumanns 600 kr. fyrir hvern dag eða hluta úr degi sem hann hefur reynslumerki í sinni vörslu. Gjaldið greiðist fyrirfram miðað við áætlaðan notkunartíma.

3. gr.

Gjald fyrir skráningarmerki ökutækja.

Skráningarmerki, hvert merki	2 500 kr.
------------------------------	-----------

4. gr.

Gjald fyrir almenna skoðun ökutækja.

1. Skoðun bifreiðar, minni en 5000 kg að leyfðri heildarþyngd	2 350 kr.
2. Skoðun bifreiðar, 5000 kg að leyfðri heildarþyngd eða meira	4 700 kr.
3. Mengunarmæling á útblæstri bifreiðar	350 kr.
4. Skoðun bifhjóls	2 350 kr.
5. Skoðun léttis bifhjóls	750 kr.
6. Skoðun eftirvagns, minni en 5000 kg að leyfðri heildarþyngd	2 350 kr.
7. Skoðun eftirvagns, 5000 kg að leyfðri heildarþyngd eða meira	4 700 kr.

Skoðunargjald vegna ökutækis sem fært er til almennrar skoðunar þegar liðnir eru tveir mánuðir frá skoðunarmánuði skal vera 20% herra.

5. gr.

Gjald fyrir endurskoðun ökutækja.

Gjald fyrir endurskoðun ökutækis í framhaldi af almennri skoðun:

1. Endurskoðun bifreiðar, minni en 5000 kg að leyfðri heildarþyngd	950 kr.
2. Endurskoðun bifreiðar, 5000 kg að leyfðri heildarþyngd eða meira	1 900 kr.
3. Mengunarmæling á útblæstri bifreiðar	350 kr.
4. Endurskoðun bifhjóls	950 kr.
5. Endurskoðun léttis bifhjóls	300 kr.
6. Endurskoðun eftirvagns, minni en 5000 kg að leyfðri heildarþyngd	950 kr.
7. Endurskoðun eftirvagns, 5000 kg að leyfðri heildarþyngd eða meira	1 900 kr.

Skoðunargjald vegna ökutækis sem fært er til endurskoðunar þegar liðinn er frestur sem veittur var til að færa ökutækið til endurskoðunar skal vera 20% herra.

6. gr.

Gjald fyrir sérskoðun ökutækja.

1. Skráningarskoðun (sérviðurkenning)	5 600 kr.
2. Skráningarskoðun innflutts ökutækis, ef ökutækið er hluti af búslóð eiganda	2 340 kr.
3. Skoðun breytts ökutækis	12 400 kr.
4. Skoðun ökutækis fyrir aksturskeppni	1 200 kr.

7. gr.

Gjald fyrir skoðun ökutækis sem að kröfu lögreglu er fært til sérstakrar skoðunar er hálf gjald fyrir almenna skoðun. Ef skráningarmerki hafa verið tekin af ökutæki vegna vanbúnaðar skal greiða fullt gjald.

8. gr.

Fyrir gerðarviðurkenningu greiðist gjald samkvæmt reikningi.

Nú er þörf á sérstaklega umfangsmikilli skoðun á ökutæki og er þá heimilt að áskilja greiðslu kostnaðar við þá skoðun samkvæmt reikningi.

9. gr.

Virðisaukaskattur er innifalinn í gjöldum fyrir skráningarmerki og skoðun.

10. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Bifreiðaskoðun Íslands hf., nr. 1, 2. janúar 1989.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. janúar 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um grundvöll og útreikning meðalávöxtun-
ar og dráttarvaxta, nr. 287 frá 24. júní 1987.**

1. gr.

2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Almenn vaxtakjör skv. 1. mgr. miðast m.a. við, að minnst þrjár bankar bjóði hlutaðeigandi kjör, eða minnst tveir bankar og a.m.k. helmingur sparisjóðanna. Einnig teljast sparisjóðirnir bjóða almenn vaxtakjör, ef minnst helmingur þeirra bjóða tiltekin vaxtakjör.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 3. mgr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25 frá 27. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 9. janúar 1990,

Jón Sigurðsson.

Tryggvi Axelsson.

GJALDSKRÁ

yfir útselda vinnu vegna þjónustuverkefna Hollustuverndar ríkisins.

1. gr.

Gjald Hollustuverndar ríkisins fyrir ráðgjöf og sérfræðiþjónustu skal vera sem hér segir:

1. Sérfræðingur 2 260 kr./klst.

2. Aðstoðarmaður 1 700 kr./klst.

Tímar skulu taldir í heilum og hálfum klukkustundum.

2. gr.

Gjöld fyrir reglubundnar efna- og örverurannsóknir er stofnunin annast á dagvinnutímabili skulu vera sem hér segir:

Eðlis- og efnarannsóknir:	kr.
Ákvörðun á sýrumagni (títun)	570
Ákvörðun á sýrustigi (pH)	430
Eðlisþyngd (pyknometer)	820
Fitumæling (Gerber)	860
Fosfatase próf	570
Litprófun (reduktase próf)	570
Mæling á fríu og bundnu klóri (Lovibond)	350
Peroxidase próf	570
Purrefnisákvörðun	570
Mæling á aflatoxin	1 600
Tegundgreining á kjöti	2 800
Greining á Staphylococcus enterotoxini	2 800

Örverurannsóknir:

Talning eftir ræktun á agaræti (mism. hitast.)	670
Kóligerlar, MPN eða VRBA	500
Saurkóligerlar, MPN eða VRBA	500
Staphylococcus aureus	780
Ger- eða myglusveppir	670
Sulfit-afoxandi clostridia	760
Bacillus cereus	760
Clostridium perfringens	1 030
Brochotrix thermospacta	760
Gram-neikvæðir gerlar á CV agar	670
Pseudomonas, flúoriserandi	760
Fecal streptococcar	760
Mjólkursýrugarlar	760
Löftfírrð ræktun	900
Rodac-skálar með æti	90
Delvopróf (antibiotika)	760
Campylobacter, ræktun, greining	1 740
Salmonella, forræktun og forgreining	1 620
Salmonella, biógreining með API 20E (með undirbúningi)	2 120

Greining á Salmonella og Listeria með Elisaaðferð **

Antibiotika mæling á agaræti**

Ræktun með Millipore síun**

Smásjárannsókn**

** Sjá 8. grein.

3. gr.

Stofnuninni er heimilt að leggja 30% álag á gjald fyrir efna- og örverurannsóknir samkvæmt 2. gr., sé þess óskað að þær verði gerðar utan dagvinnutímabils.

4. gr.

Stofnuninni er heimilt að innheimta gjald fyrir flutning sýna, ferðir og upphald.

5. gr.

Gjald vegna undirbúnings sýnis og gerð vottorðs er kr. 820. Gjald fyrir hvert vottorð umfram eitt er kr. 550.

6. gr.

Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga er veittur 30% afsláttur frá gjaldskránni. Þó er heimilt að veita allt að 50% afslátt vegna rannsóknastarfa sé reglum, sem stofnunin setur, fullnægt.

7. gr.

Heimilt er að veita öðrum aðilum en heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga allt að 30% afslátt frá gjaldskránni vegna stórra verkefna og möguleika til að lækka kostnað við þjónustuna.

8. gr.

Gjald fyrir rannsóknir, sem ekki eru taldar upp í 2. gr. skal Hollustuvernd ríkisins ákveða í samræmi við fjölda vinnustunda og gjald skv. 1. gr.

9. gr.

Stofnuninni er heimilt að gera föst verktilboð eða verksamninga vegna sérfræðiráðgjafar og þjónustustarfa sinna.

10. gr.

Gjalddagi reikninga er 20 dögum eftir útgáfu og eindagi einum mánuði síðar.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit að fengnum tillögum stjórnar Hollustuverndar ríkisins, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. janúar 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins nr. 54/1989.

1. gr.

3. gr. breytist þannig:

a. 1. mgr. hljóði svo:

Rádstöfunarfé lífeyrissjóðs telst hér vera inngreidd iðgjöld, vextir, afföll, verðbætur, afborganir af lánum og innkomið rádstöfunarfé af öðrum fjármunalegum eignum, að frádregnum greiddum lífeyrisbótum, rekstrarkostnaði og kaupum á skuldabréfum til skuld-

breytinga vegna vangoldinna iðgjalda. Sala hlutafjár telst til ráðstöfunarfjár að svo miklu leyti sem hún er umfram kaup á hlutafé. Innlausn ríkisvíxla, svo og innlausn annarra víxla og verðbréfa til skemmri tíma en eins árs, telst ekki til ráðstöfunarfjár í þessu sambandi. Sama gildir um innheimtar afborganir af lánnum með styttri lánstíma en eitt ár. Vextir og afföll af ríkisvixlum og öðrum kröfum til skemmri tíma en eins árs teljast þó ætíð til ráðstöfunarfjár.

b. 2. mgr. falli brott.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr.86 28. september 1988, sbr. lög nr. 109 29. desember 1988 og lög nr. 76 30. maí 1989, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 8. janúar 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.

REGLUGERÐ

**um iðgjöld til slysatrygginga samkvæmt 4. mgr. 36. gr. laga nr. 67/1971,
um almannatryggingar, sbr. 5. gr. laga nr. 59/1978.**

Eigendur ökutækja og aflvéla, sbr. c-lið 29. gr. laga nr. 67/1971, skulu standa skil á föstu ársiðgjaldi til slysatrygginga sem hér segir:

Vegna bifreiðar	kr.	600
Vegna bifhjóls	kr.	600
Vegna reiðhjóls með hjálparvél	kr.	600
Vegna vélsleða	kr.	600
Vegna heimilisdráttarvélar	kr.	600
Vegna rafstöðvar	kr.	200
Vegna súgþurrkunartækis	kr.	200
Vegna heyblásara	kr.	200
Vegna trillubáta	kr.	1 600

2. gr.

Vegna nýskráningar skrásetningarskyldra ökutækja skal innheimta ársiðgjöld til þess tíma, er færa skal ökutækið næst til skoðunar skv. reglum á hverjum tíma.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 36. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. 5. gr. laga nr. 59/1978 tekur gildi frá og með 1. janúar 1990. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 545/1988 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. janúar 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um niðurlagningu sjóða.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 6. gr. nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá hefur dómsmálaráðherra lagt niður eftirtalda sjóði með samþykki vörsluaðila þeirra og að fenginni umsögn ríkisendurskoðunar:

Nr. í sjóðaskrá	Heiti	Númer í B-deild Stjórnartíðinda
50	Styrktarsjóður handa ekkjum og börnum Vestmannaeyinga	53/1892
64	Dánarsjóður Emils Tvede, lyfsala	131/1899
68	Styrktarsjóður Carls Höepfners og konu hans	38/1903
73	Framfararsjóður Stykkishólms	72/1904
74	Íþróttasjóður Seyðisfjardarkaupstaðar	147/1904
81 og 82	Gjafasjóður Álasonsþéttar	147/1908
106	Styrktarsjóður ekkna og munadarleysinga í Nesjahreppi utan Ennis	117/1912
127	Ekkna og munadarleysingjasjóður Suðurfjarðarhrepps	121/1915
128	Minningarsjóður Margrétar Valdimarsdóttur	122/1915
199	Framfararsjóður Nauteyrahrepps	58/1921
211	Minningarsjóður Önnu Catrine Schiöth	22/1922
221	Gjafasjóður Bjarna Árnasonar og Guðrúnar Sigurðardóttur	61/1923
224	Sjúkraskýlissjóður Akurnesinga	103/1923
240	Sjóður Jóns Þorsteinssonar	141/1925
278	Minningarsjóður Jórunnar Jónsdóttur	54/1926
288	Trjá- og blómæktarsjóður Maríu K. Stephensen	81/1928
316	Minningarsjóður Helga lækis Guðmundssonar	9/1931
328	Aldarminningarsjóður Jóns Sigurðssonar	15/1932
341	Minningarsjóður Páls V. Bjarnasonar	91/1931
349	1930 minningarsj. Austfirðinga vestan hafs	12/1933
355	Minningarsjóður Ólafs Högnasonar og Ingveldar Jónsdóttur	27/1933
360	Sjúkrasjóðurinn Samúð, Bíldudal	65/1933
368	Sjúkrasjóður hins íslenska Kvenfélags	141/1934
394	Minningarsjóður Ólafar Bjarnadóttur	11/1935
427	Menningarsjóður Borgarhrepps	107/1938
458	Hjúkrunar- og styrktarsjóður handa sængurkonum á Akranesi	86/1940
468	Menningarsjóður Hallormsstaðaskóla	174/1940
473	Minningarsjóður Davíðs Sch. Thorsteinssonar	192/1940
477	Minningarsjóður Sveins Guðmunds. og Mettu S. Hansdóttur	59/1941
489	Minningarsjóður Benedikts Blöndal	143/1941
493	Minningarsjóður Steingríms Einarssonar	169/1941
509	Minningarsjóður Margrethe Schiöth	76/1942
515	Námssjóður fátækra barna í Breiðdalshreppi	145/1942
520	Tíu ára áætlunarsjóður	176/1942
544	Framfararsjóður Akraness	195/1943
547	Minningarsjóður Aðalsteins Sigmundssonar	210/1943
565	Minningarsjóður Þórdísar Guttormsdóttur	87/1944
586	Minningarsjóður Hjálmars Stefánssonar	103/1945
587	Minningarsjóður Hallbjarnar B. Andrésenar	107/1945
606	Afmælissjóður Jónasar Kristjánssonar	210/1945
647	Menningarsjóður kennara	112/1947
650	Minningarsjóður Jóns Högnasonar	138/1947
672	Nemendasjóður Samvinnuskólans	46/1948
674	Sjúkraskýlissjóður Einars Guðmundssonar og Ingibjargar Þorsteinsdóttur	57/1948
687	Minningarsjóður Soffiu Guðlaugsdóttur	169/1948
719	Ættarminningarsjóður Halldóru Ólaf.	49/1950

Nr. í sjóðaskrá	Heiti	Númer í B-deild Stjórnartíðinda
772	Minningarsjóður Herdísar Jónsdóttur og foreldra hennar	137/1952
792	Minningarsjóður Sigurðar Ólafssonar og Sesselju Ólafsdóttur	53/1953
794	Minningarsjóður Sesselju Þórðardóttur og Ólafs Jónssonar	55/1953
800	Utanfararsjóður ljósmæðra	128/1953
817	Menningarsjóður bréfbæra í Reykjavík	37/1954
838	Barnaheimilissjóður Helgu Ólafsdóttur	123/1956
840	Minningarsjóður Eyjólfssveinssonar	109/1956
864	Ljósberinn, Suðureyri	30/1958
871	Styrktarsjóður Púriðar Bárðardóttur	110/1958
896	Byggingarsjóður Húsmæðraskóla Akraness	4/1960
907	Barnaheimilissjóður Hafnarfjarðar	105/1960
943	Minningarsjóður Odds S. Tryggvasonar	80/1962
968	Föndur- og leikfangasjóður Skálatúnshemilissins	221/1963
990	Styrktarsjóður Steinunnar og Þórðar	194/1964
991	Minningarsjóður Margrétar Bjarnadóttur	212/1964
1009	Minningarsjóður Ara Jósefssonar	117/1966
1068	Listaverkasjóður Húsmæðrakennarskóla Íslands	184/1969
1070	Minningarsjóður Árna Ingvarssonar	192/1969
1123	Sjúkra- og styrktarsjóður vitavarda Íslands	70/1973
1140	Sigurfararsjóður, Akranesi	231/1974
1170	Slysatryggingarsjóður Ungmennafélags Njarðvíkur	191/1977
1196	Minningarsjóður Hermanns Haraldssonar	243/1978
1277	Styrktarsjóður til rannsókna á stjórnuhlífæði	780/1983

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. janúar 1990.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á bráðabirgðareglugerð fyrir Selfossveitur, nr. 57,
9. febrúar 1989, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað orðanna: „og gildir til 31. desember 1989“ í niðurlagi 51. gr. komi orðin: „og gildir til 31. mars 1990.“

2. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Selfoss, staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 2. janúar 1990.

F. h. r.
Páll Flygenring

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Brautarholts í Skeiðahreppi.

1. gr.

Hitaveita Brautarholts selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari, sbr. og staðfesta reglugerð Hitaveitu Brautarholts.

2. gr.

Hitaveitan lætur þeim húsum, sem tengd eru veitukerfi hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar, enda séu hitakerfi nógu stór að dómi hitaveitunefndar.

3. gr.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis. Miðast gjald hitaveitunnar fyrir afnot heita vatnsins við það hámarksrennsli, sem hemilinn er stilltur á.

4. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 3. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemlastillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári. Skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveitunefnd fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt vatnsnotkun verði minni hluta úr árinu.

Þar til hemlar hafa verið settir á, og ef hemlar bila, áætla hitaveitunefnd vatnsnotkunina með hliðsjón af fyrri notkun og/eða stærð og hitaþörf hússins.

Skylt er húseiganda að tilkynna hitaveitunefnd, ef hann breytir hitakerfi í húsi, sem raskað gæti mælingu um hemil.

5. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir á mánuði:

1. Hemlagjald:

a) Fyrir hemla allt að ½"	kr.	408,00
b) Fyrir hemla allt að ¾"	kr.	816,00
c) Fyrir hemla 1"–2"	kr.	1.212,00

2. Vatnsgjald fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils:

a) Sundlaug	kr.	218,00
b) Önnur hús	kr.	436,00

3. Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota en að framan greinir ákveður hitaveitunefnd hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr.

Gjalddagar hitaveitugjalda samkv. 5. gr. eru sem hér segir:

Fyrir janúar-mars 1. apríl. Fyrir apríl-júní 1. júlí. Fyrir júní-september 1. október. Fyrir október-desember 1. nóvember.

Gjöldin skal greiða til innheimtumanns hitaveitunnar, eða innheimtustofnunar, sem hann vísar til. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan mánaðar frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjöld hitaveitunnar skal miða við heildarrúmmál húsa og vera sem hér greinir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 400m ³	kr. 88.900,00
Hús 400–2000m ³	kr. 88.900,00
Fyrir 400 m ³ og á hvern rúmmetra þar fram yfir	kr. 72,00
Hús stærri en 2000 m ³	kr. 205.000,00
og á hvern rúmmetra þar fram yfir	kr. 61,00

Stofngjald fyrir hvern aðrennslisemil umfram einn á sama inntaki er kr. 3.600,00
Heimaæðagjald er gjaldkræft, þegar tenginu heimæða er lokið.

8. gr.

Hitaveitu Brautarholts er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkv. 7. gr. í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að láta loka fyrir rennslí heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 1.910,00 hverju sinni.

11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hemlum, hitagjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans viðgerðir vegna bilana og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Gjaldskrá þessi sem Hreppsnefnd Skeiðahrepps hefur samið og samþykkt, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til þess að taka þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 11, 12. janúar 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 12. janúar 1990.

F. h. r.
Páll Flygenring

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið bann við vinstri beygju af Laugavegi suður Mjólnisholt.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 10. janúar 1990.

Böðvar Bragason.

REGLUGERÐ

um verkefni og starfshætti stjórnarnefndar og um verkefni Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

I. KAFLI

Verkefni og starfshættir stjórnarnefndar.

Samræming og stefnumörkun.

1. gr.

Stjórnarnefnd skal samræma aðgerðir þeirra þriggja ráðuneyta, er fara með málefni fatlaðra, þ.e. félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis.

2. gr.

Stjórnarnefnd leggur fyrir ráðuneytin tillögur sínar að samræmdri stefnu í málefnum fatlaðra, sem taka mið af 1. gr. laga um málefni fatlaðra og þeim markmiðum sem þar eru sett fram.

Stjórnarnefnd leitar eftir staðfestingu á tillögum sínum frá ráðuneytum.

3. gr.

Til að uppfylla skyldur sínar á vettvangi samræmingar og tillögugerðar um stefnumörkun, sbr. 1. og 2. gr., skal stjórnarnefnd:

1. Fjalla um 3ja ára áætlanir frá svæðisstjórnnum og áætlanir ráðuneytanna, sbr. 2. og 3. mgr. 38. gr. laga um málefni fatlaðra, svo og um umsagnir ráðuneytanna um tillögur svæðisstjórna.
2. Beita sér fyrir því, í samráði við ráðuneytin, að gerðar séu nauðsynlegar kannanir í þágu áætlunargerða og stefnumörkunar. Þess skal gætt að stjórnarnefnd berist ávallt upplýsingar um kannanir á málefnum fatlaðra á vegum hinna einstöku ráðuneyta.
3. Leitast við að heimsækja hvert svæði a.m.k. einu sinni á skipunartíma.

4. gr.

Að fengnum áætlunum svæðisstjórna og ráðuneyta samhæfir stjórnarnefnd áætlanir þeirra og vinnur framkvæmdaáætlun til þriggja ára um uppbyggingu þjónustunnar í samræmi við rökstudda þörf og fjárveitingar hverju sinni. Framkvæmdaáætlunin skal unnin í samráði við félagsmálaráðuneytið. Áætlunin skal lögð fyrir viðkomandi ráðuneyti til samþykktar.

Framkvæmdaáætlanir skulu lagðar fyrir fjárlaga- og hagsýslustofnun og fjárveitingarnefnd Alþingis til upplýsinga og kynningar svo og sendar svæðisstjórnnum.

Tillögur um ráðstöfun fjár Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

5. gr.

Stjórnarnefnd gerir tillögur til hlutaðeigandi ráðherra um árlega úthlutun úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til stofnkostnaðar, enda hafi stjórnarnefnd áður borist tillögur ráðuneyta, sbr. 3. gr. Tillögur stjórnarnefndar skulu vera innan ramma 3ja ára framkvæmdaáætlunar, sbr. 4. gr., og árlegs ráðstöfunarfjár sjóðsins.

6. gr.

Umsóknir um framlög úr Framkvæmdasjóði fatlaðra skulu berast stjórnarnefnd í síðasta lagi í september ár hvert.

7. gr.

Að fengnum umsóknum, sbr. 6. gr., skal stjórnarnefnd hefja undirbúningsvinnu að tillögugerð um úthlutun.

Tekið skal sérstakt tillit til fjölda einstaklinga á hverju svæði og þeirrar þjónustu er þeir þarfnast.

Endanlegar tillögur að úthlutun verði lagðar fyrir viðkomandi ráðherra eigi síðar en í lok janúar ár hvert. Eftir staðfestingu ráðherra skal stjórnarnefnd senda úthlutunina fjárlaga- og hagsýslustofnun og fjárveitinganefnd Alþingis til kynningar.

8. gr.

Skilyrði fyrir úthlutun til framkvæmda á vegum opinberra aðila úr Framkvæmdasjóði fatlaðra er að fyrir liggi frumathugun, sbr. 3. gr. laga um skipan opinberra framkvæmda og áætlanagerð, sbr. 7. gr. sömu laga.

Kostnaðaráætlanir skulu miðaðar við byggingarvísitölu í septembermánuði. Framreikna skal kostnaðaráætlanir til áætlaðrar meðalvísitölu (byggingarvísitölu) úthlutunarársins. Stjórnarnefnd ber að taka mið af kostnaðaráætlunum þannig framreiknuðum.

9. gr.

Framlög til stofnkostnaðarframkvæmda til byggingar eða kaupa á húsnæði, sem rekið skal skv. 7. gr. laga um málefni fatlaðra, skulu ekki greidd út fyrr en fyrir liggi starfs- og rekstrarleyfi þegar stofnanir sveitarfélaga, félaga fatlaðra eða sjálfseignarstofnanir eiga í hlut. Sama á við um stofnanir sem reknar eru af svæðisstjórnnum.

10. gr.

Þeim aðilum, er fá úthlutað fé úr Framkvæmdasjóði fatlaðra, skal gerð skriflega grein fyrir úthlutun og til hvaða verkefna hún nær.

Eigi síðar en ári eftir úthlutun skal sá aðili, er úthlutun hlaut, senda stjórnarnefnd sundurliðað uppgjör um ráðstöfun fjárens.

Eigi verði úthlutað á ný til aðila nema uppgjör, sbr. 2. mgr., hafi áður borist stjórnarnefnd.

11. gr.

Um greiðslu stofnkostnaðar, eftirlit með úthlutuðu fé úr Framkvæmdasjóði fatlaðra og eftirlit með framkvæmdum, fer að öðru leyti eftir IV. kafla reglugerðar nr. 328/1986 og lögum um skipan opinberra framkvæmda nr. 63/1970.

Úrlausn ágreiningsmála.

12. gr.

Komi upp ágreiningur um framkvæmd laga um málefni fatlaðra, skal skjóta þeim ágreiningi til stjórnarnefndar.

Stjórnarnefnd skal leita sátta í málinu.

Takist sættir ekki, skal stjórnarnefnd skera úr um málið. Fylgt skal þeirri meginreglu að aðilar eigi rétt á að kynna sér gögn málsins. Einnig skulu aðilar eiga þess kost að tjá sig um ágreiningsefni.

Gengið skal til formlegrar atkvæðagreiðslu í stjórnarnefnd um málsúrslit.

Þeir aðilar, sem hlut eiga að máli, geta skotið ákvörðun stjórnarnefndar til viðkomandi ráðherra.

Önnur atriði.

13. gr.

Um önnur verkefni stjórnarnefndar svo sem stjórn Greiningar- og ráðgjafastöðvar fer eftir lögum nr. 41/1983 um málefni fatlaðra.

II. KAFLI

Verkefni Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

14. gr.

Hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra er að fjármagna stofnkostnað vegna þeirra stofnana er greindar eru í 2.–14. tölul. 7. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 41/1983, sbr. 26. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 87/1989, og 27. gr. sömu laga.

Skilyrði fjármögnunar eru:

1. Viðkomandi stofnanir séu ætlaðar fötluðum, ekki sé um að ræða almennar stofnanir, sjá 3. og 4. mgr. 6. gr. laga um málefni fatlaðra.
2. Fjármögnun viðkomandi stofnana sé ekki ákveðin með öðrum hætti, lögum samkvæmt. Auk verkefna, sbr. lið nr. 1 og 2, er Framkvæmdasjóði heimilt að verja fé til verkefna skv. 17. og 18. gr. reglugerðar þessarar.

15. gr.

Framkvæmdasjóður skal standa undir stofnkostnaði þegar eftirtaldar stofnanir, sbr. 7. gr. laga nr. 41/1983, á vegum ríkisins eiga í hlut enda sé fullnægt skilyrðum 14. gr.:

Göngudeildir, þar sem jafnframt skal veita eftirvernd.
Skammtímafósturheimili.
Leikfangasöfn.
Meðferðarheimili.
Sumardvalarheimili.
Sambýli.

Dagvistarstofnanir fatlaðra.
Hjúkrunarheimili.
Verndaðir vinnustaðir.
Atvinnuleit.
Hæfingar- og endurhæfingarstöðvar.
Vistheimili.

16. gr.

Framkvæmdasjóði er heimilt að veita styrk eða lán til félaga fatlaðra ef þau koma á fót eftirfarandi stofnunum samkvæmt 3.–10. tölul. og 12.–14. tölul. 7. gr. laga nr. 41/1983, enda sé fullnægt skilyrðum 14. gr. reglugerðar þessarar:

Skammtímafósturheimilum.
Leikfangasöfnum.
Meðferðarheimilum.
Sumardvalarheimilum.
Sambýlum.
Dagvistarstofnunum fatlaðra.

Hjúkrunarheimilum.
Vernduðum vinnustöðum.
Hæfingar- og endurhæfingarstöðvum.
Vistheimilum.
Skólalagheimilum.

17. gr.

Heimilt er að veita styrk úr Framkvæmdasjóði til að stækka verndaða vinnustaði og bæta tækjabúnað, sem miðar að aukinni og hagkvæmari starfsemi þeirra, hvort sem þeir eru á vegum svæðisstjórna, sveitarfélaga eða félaga fatlaðra.

Einnig er heimilt að veita fé úr sjóðnum til að breyta almennum vinnustöðum og bæta tækjabúnað, sem tryggt geti fötluðum vinnu á almennum vinnumarkaði, enda mæli svæðisstjórn og atvinnuleitin með breytingum.

18. gr.

Auk þeirra verkefna er tilgreind eru í 15.–17. gr., er Framkvæmdasjóði heimilt að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til annarra sameiginlegra verkefna varðandi sérkennslu og endurhæfingu, svo og annarra verkefna, sem ríki eða sveitarfélögum ber sannanlega ekki að greiða, þ. á m. fyrirgreiðslu vegna framleiðslustarfsemi fatlaðra í heimahúsum, sbr. 2. lið 19. gr. laga um málefni fatlaðra.

19. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 43. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra, öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi, fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, verið veitt fjármagn úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til byggingar á sérskólum, skal Framkvæmdasjóður fjármagna byggingarframkvæmdirnar þar til þeim er lokið.

Félagsmálaráðuneytið, 9. janúar 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Margrét Margeirsdóttir.

AUGLÝSING**um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu deiliskipulagi
Molduhrauns í Garðabæ.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 5. janúar 1990 staðfest breytingu á áður staðfestu deiliskipulagi Molduhrauns í Garðabæ þann 14. janúar 1988. Breytingin er fólgin í því að leyfileg hámarkshæð húss á lóðinni nr. 7. við Vesturhraun, sem framvegis mun heita nr. 4 við Suðurhraun verður 14,5 metrar í stað 9,5 metrar.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt hana og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt hana til staðfestingar ráðuneytisins.

Félagsmálaráðuneytið, 5. janúar 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 4 – 1990

8. janúar 1990

25

Nr. 22

GJALDSKRÁ

fyrir efnarannsóknir og aðra þjónustu, sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast.

1. gr.

Gjöld fyrir almennar efnarannsóknir, sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast, skulu vera sem hér segir:

Fóður- og fæðuefnagreiningar:	kr.
Undirbúningur (mölun, hökkun, pökkun, merking)	
þurrfóður	240
fæða, votfóður	450
Purrefni	330
Aska	330
Prótein	1 120
Ammóníum (óbundið)	870
TVBN (reikult basískt köfnunarefni)	1 490
Fita (eterútdráttur)	1 450
Fita (sýrusuða)	1 540
Óbundnar fitusýrur í fitu	1 550
pH (í lausn)	230
Ca, Mg, K eða Na	
í föstum sýnum	810
í lausn	380
Fosfat	
í föstum sýnum	930
í lausn	360
Brunagildi	2 970
Purrefni í votheyi	660
Sýrur í votheyi	2 500
Meltanleiki	1 920
Tréni	1 850
ADF	1 850
NDF	1 850
Lignín	2 200
ADF + lignín	2 690
Fe, Zn, Cu, Ni, Pb, Cd, Mn, Co, Mo, Cr, Ag, Ac eða Si	
í föstum sýnum	1 500
í lausn	930
viðbót fyrir grafitofn eða MIBK-útdrátt	460
Nítrat, Nítrít	
undirbúningur, föst sýni	460
nítrat eða nítrít í lausn	410
nítrat og nítrít	810

Afslátt er heimilt að veita ef um mörg sýni eða reglubundna þjónustu er að ræða. 50% álag bætist við ef niðurstaðna er krafist innan viku.

B 3

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

Plöntusjúkdómar og meindýr:

Einfaldar greiningar á meindýrum og öðrum skaðvöldum	850
Umfangsmeyri greiningar á skaðaorsökum	1 580

Jarðvegsefnagreiningar:

Fosfór, P 1) (vegna ylræktar)	730
Fosfór, P 2)	1 080
Kalíum, K	580
Nítrat 1) (gróf litmæling)	580
Nítrat 2)	870
Leiðnitala	460
Sýrustig pH	460
Kalkþörf 1) (áætluð)	460
Kalkþörf 2) (títrun)	1 230
Heildargreining á túnjarðvegi fyrir bændur	940
Heildargreining á garðsýni fyrir bændur	940

2. gr.

Önnur vinna er unnin í tímavinnu. Gjald fyrir útselda vinnu á rannsóknarstofu er sem hér segir:

	Dagvinna kr./klst.
Rannsóknarmaður	1 720
Sérfræðingur	2 330

3. gr.

Heimilt er að veita afslátt á gildandi gjaldskrá ef um er að ræða fyrirfram samningsbundnar rannsóknir eða rannsóknaverkefni, sem hafa vísindalegt eða almennt gildi.

4. gr.

Gjaldskráin skal endurskoðast á sex mánaða fresti.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 55. gr. laga nr. 64/1965 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 189 11. apríl 1989.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. janúar 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING**um tryggingarfé ferðaskrifstofa.**

Með heimild í 18. gr. laga nr. 79, 2. júlí 1985, um skipulag ferðamála, hefur ráðuneytið ákveðið að bankatrygging sú sem setja verður vegna reksturs ferðaskrifstofa skuli eigi vera lægri en 6,0 millj. kr. frá birtingu þessarar auglýsingar að telja.

Handhöfum gildandi ferðaskrifstofuleyfa er þó veittur frestur til 15. febrúar 1990 til að auka tryggingarfé sitt.

Samgönguráðuneytið, 2. janúar 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ólafur S. Valdimarsson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Selfoss.

I. Raforka.

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing o. fl.

Verð án 24,5% virðisaukaskatts.

1.1. Til almennrar lýsingar. Orkugjald	6,12 kr/kWh.
1.2. Til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð. Orkugjald	9,53 kr/kWh.
1.3. Til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli: Aflgjald	10 229,00 kr/kW/ár
Viðhaldsgjald	16 443,00 kr/kW/ár
Gjald alls	26 672,00 kr/kW/ár

Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

2. Heimili o. fl.

2.1. Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum. Orkugjald	6,12 kr/kWh.
2.2. Til notkunar í sumarbústöðum og sumarbúðum. Orkugjald	3,46 kr/kWh.

3. Vélar o. fl.

3.2. Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafl 20 kW. Gjaldskýlt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili. Orkugjald	2,24 kr/kWh.
Aflgjald	8 295,00 kr/kW á ári.

4. Hitun.

4.1. Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag. Orkugjald	5,00 kr/kWh.
4.2. Til húshitunar, roftími 2 × 90 mín. á dag. Orkugjald	1,93 kr/kWh.
4.3. Til hitunar í iðnaði, roftími 1 klst. á dag. Orkugjald	6,35 kr/kWh.
4.4. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 15 klst. að degi til. Orkugjald	1,48 kr/kWh.
4.5. Tvígjaldsmæling fyrir hitun í iðnaði og til annarra hliðstæðra nota. Orkugjald næturtaxti 9 stundir	1,67 kr/kWh.
Orkugjald dagtaxti 15 stundir	9,24 kr/kWh.

Um framangreinda gjaldskrárlíði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
- Að vélaafl, línur og spenna þoli álagið.

- c) Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim samkvæmt gjaldskrá.
- d) Að hitunartæki, lagnir og búnaður séu samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. Fastagjald.

Rafveitan ákvarðar stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

	kr./ári
Orkumælir, einfasa	2 802,00
Orkumælir, þrífasa	6 166,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	6 894,00
Orkumælir fyrir sumarhús	8 965,00
Aflmælir	6 583,00
Aflmælir með straumspennum	7 315,00
Tvígjaldsmælir	6 616,00
Klukkan	576,00

III. Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Gjald af yfirlengd	
		Jarðstrengur (kr./m)	Loftlína (kr./stólpa)
1 × 63	47 263,00	1 536,00	12 602,00
3 × 63	51 202,00	1 544,00	21 766,00
3 × 100	81 260,00	2 363,00	27 571,00
3 × 200	160 660,00	3 899,00	
3 × 315	254 995,00	4 540,00	
3 × 400	325 455,00	Samkv. kostnaði	
3 × 710	578 359,00	Samkv. kostnaði	
3 × 1200	972 224,00	Samkv. kostnaði	

Yfirlengd miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spennu eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádrögnum hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu eða öllu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnæði rafveitunnar að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um gerð húsnæðis eða stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr, skal greitt sem hér segir:

1 × 63 A bráðabirgðaheimtaug	kr. 12 772,00
3 × 63 A bráðabirgðaheimtaug	kr. 17 226,00

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum. Í samningi slíkum skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

IV. Ýmis ákvæði.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 1 289,00.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,9 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfínanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma rafveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 648,00.

Lögbundið virðisaukaskattsstig leggst á þá gjaldskrárlíði sem samkvæmt lögum eiga að bera virðisaukaskatt.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1990, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 434, 22. september 1989.

Iðnaðarráðuneytið, 17. janúar 1990.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ**Hitaveitu Selfoss.****I. Heitt vatn.**

Verð án 24,5% virðisaukaskatts.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

- | | | |
|--|---------|-----------|
| 1. Um vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns | kr. | 36,90 |
| 2. Um hemil fyrir hvern mínútuflitra á hámarksstillingu hemils | kr./ári | 10 161,00 |

Minnsta magn vatns sé fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði 0,8 l/mín. fyrir hverja 100 m³, en fyrir iðnaðarhúsnæði 0,5 l/mín. fyrir hverja 100 m³.

Ef vatnsmælir bílar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II. Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælum sem hér segir:

- | | | |
|--|-----|----------|
| 1. Fyrir mæla eða hemla allt að ¾" | kr. | 4 867,00 |
| 2. Fyrir mæla eða hemla 1"-2" | kr. | 6 841,00 |

III. Heimæðargjald.

Heimæðargjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m ³	kr.	58 456,00
hver m ³ yfir 400 að 2000 m ³	kr./m ³	50,00
Fyrir 2000 m ³	kr	137 390,00
hvern m ³ þar yfir	kr./m ³	41,40

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 11 352,00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

IV. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt þessari gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduopnun kr. 1 560,00.

V. Ýmis ákvæði.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðargjald skal greitt við umsókn um heimæð.

Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

Hitaveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna hitaveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi sem hefur hemil/mæli að breyta og fá í staðinn mæli/hemil skal greiða kr. 1 860,00 fyrir breytinguna.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 751,00.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. febrúar 1990, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 211, 10. apríl 1989.

Iðnaðarráðuneytið, 17. janúar 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ**Hitaveitu Bessastaðahrepps.****I. KAFLI****1. gr.**

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Vatnsrennsli að húsi verður takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 50,00.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæli, ef þess er óskað.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

	Kr.
a) fyrir mæla til og með ¾"	397,00
b) fyrir mæla 1" og stærri	880,70

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 564,00.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga. Á vanskil reiknast lögleyfðir dráttarvextir.

7. gr.

Heimðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál) m ³	Heimðargjald
---	--------------

Allt að 600 kr. 181 795,00

600–2 000 kr. 181 795,00 fyrir 600 m³ + 124,35 kr/m³ þar yfir

Meira en 2 000 kr. 356 548,00 fyrir 2 000 m³ + 107,43 kr/m³ þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 14 329,00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

8. gr.

Gjöld skv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 829,00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1990, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 153, 20. mars 1989 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 16. janúar 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING**um staðfestingu á deiliskipulagi í miðbæ Keflavíkur.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 5. janúar 1990 staðfest uppdrátt af deiliskipulagi í miðbæ Keflavíkur.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Bæjarstjórn Keflavíkur hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt hann til staðfestingar ráðuneytisins.

Félagsmálaráðuneytið, 12. janúar 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á Suðurlandssvæði fyrir árið 1990.

1. gr.

Eftirlitsgjald skv. gjaldskrá nr. 470/1985, með síðari breytingum verður sem hér segir:

<i>Eftirlitsgjöld:</i>	1. flokkur	kr.	9 000
	2. flokkur	kr.	18 000
	3. flokkur	kr.	34 000
	4. flokkur	kr.	57 600

2. gr.

Leyfisgjöld skv. sömu gjaldskrá verða:

<i>Leyfisgjöld:</i>	1. flokkur	kr.	3 500
	2. flokkur	kr.	7 000
	3. flokkur	kr.	10 500
	4. flokkur	kr.	14 000

3. gr.

Gjöld fyrir vottorð eru kr. 1 200.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarfélaga á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Suðurlands staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að gilda á árinu 1990.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. janúar 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

5. janúar 1990

Nr. 29

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Ólafsvíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 5. janúar 1990 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Ólafsvíkur 1989–2009.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Ólafsvíkur hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðuneytisins.

Aðalskipulag Ólafsvíkur 1989–2009 leysir af hólmi aðalskipulag Ólafsvíkur sem staðfest var af ráðuneytinu 25. janúar 1980.

Félagsmálaráðuneytið, 5. janúar 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUR

um skilmála slysatryggingar ríkisstarfsmanna skv. kjarasamningum, vegna slysa sem starfsmenn verða fyrir í starfi.

1. gr.

Skilmálar slysatryggingar ríkisstarfsmanna.

1. Skilmálar slysatryggingar ríkisstarfsmanna skv. kjarasamningum og öðrum hliðstæðum kjaraákvörðunum, sem teknar eru lögum samkvæmt, eru tvenns konar. Annars vegar skilmálar þessir sem gilda um slys sem starfsmaður verður fyrir í starfi sínu í skilningi 4. gr. reglna þessara. Hins vegar skilmálar sem gilda um slys sem starfsmaður verður fyrir utan starfsins og gilda sérstakar reglur, sem settar eru samhliða reglum þessum, um skilmála slysatryggingar ríkisstarfsmanna skv. kjarasamningum vegna slysa sem starfsmenn verða fyrir utan starfs.

2. gr.

Almenn ákvæði.

1. Starfsmenn þeir, sem 3. gr. reglna þessara tekur til, eru slysatryggðir fyrir dauða eða vegna varanlegrar örorku. Trygging þessi er í eigin áhættu ríkissjóðs.
2. Um trygginguna gilda lög nr. 20 frá 8. mars 1954, um váttryggingarsamninga, þegar ekki er vikið frá þeim í reglum þessum.
3. Í reglum þessum merkir hugtakið *váttryggður* þann sem kröfu á um greiðslu bóta er til hennar kemur og orðasambandið *sá sem tryggður er* merkir þann einstakling sem ríkissjóður ber áhættuna af að slasist.

3. gr.

Hverjir eru tryggðir.

1. Slysatryggðir skv. reglum þessum eru fastir og lausráðnir starfsmenn ríkisins, enda verði starf þeirra talið aðalstarf, sem eru félagar í stéttarfélagi er gert hefur kjarasamning við fjármálaráðherra samkvæmt ákvæðum laga nr. 94 frá 31. desember 1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, enda taki samningurinn til starfsmannsins og í samningnum sé ákvæði um slysatryggingu í samræmi við reglur þessar.
2. Einnig eru tryggðir samkvæmt reglum þessum þeir starfsmenn ríkisins sem taka laun eftir sambærilegum kjaraákvörðunum, svo sem ákvörðun fjármálaráðherra skv. 5. tölulið 1. gr. og 2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986 og skv. lögum nr. 92 frá 31. desember 1986, um kjaradóm, eftir því sem við getur átt enda sé þar kveðið á um slysatryggingu í samræmi við reglur þessar.
3. Tryggingin gildir á sama hátt fyrir starfsmenn sjálfseignarstofnana ef öll eftirgreind skilyrði eru uppfyllt:
 - 3.1 að fjármálaráðherra fari með samningsrétt fyrir stofnunina skv. 2. gr. laga nr. 94/1986;
 - 3.2 að rekstrarkostnaður stofnunarinnar sé greiddur af ríkissjóði;
 - 3.3 að launaskrifstofa ríkisins annist launagreiðslur;
 - 3.4 að út frá því sé gengið við fjárveitingar Alþingis til stofnunarinnar að slysatrygging starfsmanna verði í eigin áhættu ríkissjóðs.
4. Slysatrygging skv. reglum þessum tekur þó ekki til starfsmanna er falla undir ákvæði 1.–3. mgr. ef viðkomandi stofnun kaupir tryggingu vegna þeirra og tryggingin bætir dauða eða varanlega örorku. Ákvæði þetta tekur þó ekki til trygginga sem teknar eru til viðbótar tryggingu þessari með sérstakri heimild fjármálaráðuneytisins.

4. gr.

Gildissvið.

1. Trygging skv. reglum þessum tekur til slysa sem sá sem tryggður er, sbr. 3. gr., verður fyrir í starfi sínu eða á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar síns og frá vinnustað til heimilis. Sama gildir í matar- og kaffitíma á matstað og um ferðir milli vinnustaðar og matstaðar í matar- og kaffihléum. Ef starfsmaður hefur vegna starfs síns viðlegustað utan heimilis kemur viðlegustaður í stað heimilis. Trygging skv. reglum þessum tekur aðeins til starfsmanns á útkallsvakt meðan á útkalli stendur. Tryggingin tekur ennfremur til slysa á ferðalagi innanlands og utan í þágu starfsins eins og nánar er kveðið á um í reglum þessum.
2. Bætur greiðast því aðeins að slysið sé aðalorsök þess að sá sem tryggður er deyr eða missir varanlega starfsorku sína að nokkru eða öllu leyti. Orðið slys merkir hér skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist sannanlega án vilja hans.

5. gr.

Gildistími.

1. Trygging skv. reglum þessum tekur gildi frá þeim tíma er tryggingarskyldur launþegi skv. 3. gr. hefur störf hjá ríki eða ríkisstofnun en fellur úr gildi um leið og hann hættir störfum, fer í launalaust leyfi eða námsleyfi á launum.

6. gr.

Aldurstakmörk.

1. Sé sá sem tryggður er 70 ára eða eldri verða váttryggingarupphæðir eftirtaldir hundraðshlutar af hámarksupphæð skv. 9. og 10. gr.:

Á 71. ári	95%
Á 72. ári	90%
Á 73. ári	85%
Á 74. ári	80%
Á 75. ári	75%
Á 76. ári	70%
Á 77. ári	65%
Á 78. ári	60%
Á 79. ári	55%
Á 80. ári	50%
Á 81. ári	45%
Á 82. ári	40%
Á 83. ári	30%
Á 84. ári	20%
Á 85. ári	10%

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal starfsmaður er með samþykki yfirmanns lætur af föstu starfi í árslok árið sem hann nær 70 ára aldri halda óskertri hámarksupphæð allt það ár.
3. Börn yngri en 13 ára eru ekki váttryggð fyrir hærri dánarbótum en sem nemur venjulegum útfararkostnaði.

7. gr.

Takmarkanir á bótaskyldu.1. *Svik og rangar upplýsingar.*

Skýri váttryggður sviksamlega frá eða leyni atvikum sem skipta máli um bótaábyrgð, glatar hann öllum rétti sínum skv. tryggingunni, sbr. 23. gr. laga nr. 20/1954, um váttryggingarsamninga.

2. *Takmarkanir vegna náttúruhamfara.*

Ef jarðskjálfti, eldgos, flóð, skriðuföll eða aðrar náttúruhamfarir valda slysi í einum og sama atburði á fleiri en 100 einstaklingum sem njóta slysatrygginga launþega almennt, takmarkast bótagreiðsla ríkisins til þeirra sem tryggðir eru skv. reglum þessum við meðaldánarbótafjárhæð 15 einstaklinga. Meðaldánarbótafjárhæð miðast við dánarbætur til maka og 1,2 barns skv. 9. gr., tl. 2.3 og 2.4. Bætur skiptast hlutfallslega á milli bótaþega. Takmörkun þessi tekur þó ekki til þeirra starfsmanna sem eiga skyldustörfum að gegna við slíkar náttúruhamfarir.

3. *Aðrar takmarkanir á bótaskyldu.*

Tryggingin bætir ekki:

- 3.1 Slyss sem verða vegna ásetnings, stórkostlegs gáleysis eða hirduleysis þess sem tryggður er eða váttryggðs.
- 3.2 Slys er sá sem tryggður er verður fyrir í handalögmálum, við þátttöku í refsiverðum verknaði, undir áhrifum deyfi- og eiturlyfja eða í ölæði nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins.
- 3.3 Slys sem orsakast af matar- eða drykkjareitrun, af nautnalyfjum eða lyfjanotkun nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss. Slys vegna kvalastillandi lyfja eða svefnlyfja eru alltaf undanskilin bótaábyrgð.
- 3.4 Slys sem verða í flugi nema að sá sem tryggður er sé farþegi í farþegaflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutadeigandi flugmálayfirvalda, í flugfari í eigu ríkisins eða í flugi er tengist nauðsynlegri lækniþjónustu, björgunar- og öryggisstarfsemi.
- 3.5 Slys af völdum styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgararósta, uppreisnar, upphöts eða svipaðra aðgerða nema hinn tryggði sé tilkvaddur til skyldustarfa við slíkar aðstæður eða sé á ferðalagi utanlands í þágu starfsins.
- 3.6 Slys sem beint eða óbeint eru af völdum kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis og kjarnaúrgangsefnis nema meðferð slíkra efna og tækja tengist starfi hins tryggða.
- 3.7 Slys vegna eitraðra lofttegunda nema það hafi orðið skyndilega og án vilja þess sem tryggður er.

8. gr.

Ráðstafanir vegna slyss.

1. Slasaða ber að leita lækni strax eftir að slys hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum lækni.
2. Tilkynna skal slys eins fljótt og unnt er til launaskrifstofu ríkisins.
3. Deyi sá sem tryggður er af slysförum skal tilkynna það eins fljótt og audið er.
4. Fjármálaráðuneytið hefur rétt til að krefjast krufningar á líki hins látna.
5. Þegar slys ber að höndum er fjármálaráðuneytinu heimilt að láta trúnaðarlækni sinn skoða þann sem tryggður er.
6. Þegar læknishjálp lýkur eða þegar unnt er að dæma um afleiðingar slyssins skal senda læknisvottorð og bótakröfu til embættis ríkislögmanns vegna fjármálaráðuneytisins.
7. Váttryggður fær endurgreidd nauðsynleg læknisvottorð sem aflað er skv. reglum þessum.

9. gr.

Dánarbætur.

1. Valdi slys dauða þess sem tryggður er innan þriggja ára frá slysdegi, greiðist tryggingarfjárhæð sú sem í gildi er í uppgjörsmánuði skv. 2. mgr. greinar þessarar, sbr. 11. gr. Bætur fyrir varanlega örorku, sem kunna að hafa verið greiddar vegna sama slyss skulu framreiknaðar með framfærsluvísitölu til uppgjörsmánaðar og dragast þannig reiknaðar frá greiðslu.
2. Bætur, sem greiddar eru vegna hvers einstaklings ef slys veldur dauða, eru:
 - 2.1 Ef hinn látni var ógiftur og lætur ekki eftir sig barn undir 18 ára aldri og hefur ekki séð fyrir foreldri eða foreldrum 67 ára og eldri, kr. 532.700.
Rétthafar þessara dánarbóta eru lögerfingjar.
 - 2.2 Ef hinn látni var ógiftur en lætur eftir sig barn (börn) undir 18 ára aldri og/eða hefur sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum 67 ára og eldri, kr. 1.632.300.
Rétthafar þessara dánarbóta eru foreldrar og börn. Taki báðir þessir aðilar bætur, rennur $\frac{1}{3}$ hluti bóta til foreldra en $\frac{2}{3}$ hlutar bótanna skiptast milli barna að jöfnu.
 - 2.3 Ef hinn látni var í hjúskap eða í sambúð sem að öðru leyti má jafna til hjúskapar og sem staðið hefur a.m.k. í 2 ár samfellt fyrir andlát hans skulu bætur til maka eða sambúðaraðila vera kr. 2.663.800.
Rétthafi þessara dánarbóta er viðkomandi maki eða sambúðaraðili.
 - 2.4 Ef hinn látni lætur eftir sig barn undir 18 ára aldri, kr. 532.700 til hvers barns. Stundi barn hins látna á aldrinum 18–25 ára nám á framhaldsskóla- eða háskólastigi í a.m.k. 6 mánuði ársins er hinn tryggði andaðist, á það sama rétt til bóta.
Rétthafar dánarbóta þessara eru viðkomandi börn. Bætur greiðast til fjárhaldsmanns ófjárráða barns.
 - 2.5 Með börnum í tölulíðum 2.2 og 2.4 er átt við kynbörn, kjörbörn, stjúpbörn, börn sambúðaraðila og fósturbörn sem hinn látni var framfærsluskyldur við skv. 14. gr. barnalaga nr. 9/1981.
 - 2.6. Bætur greiðast aðeins skv. einum af tölulíðum 2.1, 2.2 og 2.3. Til viðbótar tölulíðum 2.2 og 2.3 geta komið bætur skv. tölulíð 2.4.
3. Um vísitölubindingu tryggingarfjárhæða, skv. 2. mgr. greinar þessarar, gildir ákvæði 11. gr.

10. gr.

Bætur fyrir varanlega örorku.

1. Valdi slys þeim sem tryggður er varanlegri örorku innan þriggja ára frá því að slysið varð, greiðast bætur á grundvelli þeirrar tryggingarfjárhæðar sem í gildi er í uppgjörsmánuði bóta skv. 2. mgr. greinar þessarar, sbr. 11. gr., eftir þeim reglum sem að neðan greinir.
2. Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli við tryggingarfjárhæðina kr. 3.353.000 þó þannig að hvert örorkustig frá 26–50% vegur tvöfalt og hvert örorkustig frá 51–100% þrefalt. Bætur við 100% varanlega örorku verða því kr. 7.544.300. Um vísitölubindingu tryggingarfjárhæðarinnar gildir ákvæði 11. gr.
3. Við ákvörðun örorku skal fylgja eftirfarandi reglum:
 - 3.1 Þessi tafla skal höfð til hliðsjónar við örorkumat:

A. Sjón og heyrn.	
Alger missir sjónar á báðum augum	100%
Alger missir sjónar á öðru auga, full sjón á hinu	20%
Annad augað numið burtu, full sjón á hinu	25%
Algert heyrnarleysi á öðru eyra	10%
Algert heyrnarleysi á báðum eyrum	50%

B. Fótlimir.

Stúfhögg á báðum fótlimum um lærleggi	100%
Annar fótlimur numinn burtu í mjaðmarlið, hinn um hnélið	100%
Alger lömun á báðum fótlimum	100%
Stúfhögg á báðum fótlimum um hnéliði	75%
Stúfhögg á öðrum fótlim um lærlegg	50–65%
Stúfhögg á öðrum fótlim um fótlegg	35–45%
Staurhné á öðrum fótlim	25–50%
Staurökkli á öðrum fótlim	20–30%
Missir allra taa á öðrum fæti	10%

C. Handlimir.

Stúfhögg beggja handlima	100%
Stúfhögg um upphandlegg	65–75%
Stúfhögg um framhandlegg	60–65%
Stúfhögg um úlnlið	60%
Missir alls þumalfingurs	25%
Missir alls vísifingurs	12%
Missir allrar löngutangar	10%
Missir alls baugfingurs	5%
Missir alls litlafingurs	7%

Ofangreind örorka á handlimum er miðuð við betri handlim. Örorka vegna hliðstæðrar missmíði á lakari handlim er allt að 10% minni.

- 3.2 Ef missir útlíma, sjónar eða heyrnar er ekki alger bætist örorka hlutfallslega. Ef útlímur eru algerlega ónothæfir telst það missir þeirra. Ef þeir eru að einhverju leyti nothæfir reiknast örorka hlutfallslega.
- 3.3 Samanlögð örorkustig geta aldrei orðið meira en 100%.
- 3.4 Missir eða bæklun útlíms, sem áður var bæklaður, skal metinn í hlutfalli við þann missi sem slasaði varð fyrir við slysið. Sama gildir um líffæri.
- 3.5 Við ákvörðun örorku ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika slasaða né þjóðfélagsstöðu.
- 3.6 Örorkan ákveðst í fyrsta lagi einu ári eftir slysið. Telji slasaði eða fjármálaráðuneytið að örorkan geti breyst getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi.
- 3.7 Ef endanleg örorka hefur ekki verið ákveðin vegna frestunar skv. tölulíð 3.6 þegar launagreiðslum til starfsmanns lýkur er heimilt að greiða honum upp í bætur ef ríkar ástæður eru fyrir hendi. Við lokauppgjör skal slík greiðsla framreiknuð með framfærsluvísitölu til uppgjörsmánaðar og koma þannig reiknuð til frádráttar bótum.
- 3.8 Þótt gera megi ráð fyrir að ástand hins slasaða kunní að breytast skal undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Í þessu tilfelli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir að hún verði endanleg. Ef líkur eru til að ástand hins slasaða megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum og hann veigrar sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíkar aðgerðir, ber samt sem áður við ákvörðun örorku að taka tillit til hugsanlegs bata sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér.
- 3.9 Slys sem einungis valda lýti eru ekki bótaskyld.

11. gr.

Vísitölubinding tryggingarfjárhæða.

1. Tryggingarfjárhæðir skv. 9. og 10. gr. eru vísitölubundnar og miðast við vísitölu framfærslukostnaðar í apríl 1989 119,9 stig. Við uppgjör bóta skal framreikna fjárhæðir miðað við þær breytingar sem orðið hafa á vísitölu framfærslukostnaðar frá apríl 1989 til uppgjörsmánaðar bóta. Vísitölubinding bóta varir þó aldrei lengur en í 3 ár frá slysdegi.

12. gr.

Bótauppgjör.

1. Embætti ríkislögmans fjallar um bótaskyldu skv. reglum þessum og annast uppgjör bóta í umboði fjármálaráðuneytisins.
2. Bætur greiðast eftir að læknisvottorð og nauðsynleg sönnunargögn fyrir bótaskyldu hafa borist og unnt er að ákvarða upphæð bótanna. Berist ekki athugasemdir við bótafjárhæðina innan eins mánaðar frá því að bótaþega var skýrt frá henni, telst hún samþykkt.

13. gr.

Fyrning.

1. Kröfur vegna tryggingar þessarar fynast á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs er kröfuhafinn fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar, þó í síðasta lagi á 10 árum frá slysdegi.

14. gr.

Skaðabótaábyrgð.

1. Verði ríkissjóður eða vinnuveitandi skaðabótaskyldir gagnvart hinum vátryggða, skulu slysabætur, sem greiddar hafa verið vegna slyssins skv. slysatryggingu þessari, koma að fullu til frádráttar skaðabótum er þeim kann að verða gert að greiða.
2. Beri slys að með þeim hætti að vátryggður öðlist rétt til bóta úr annarri slysatryggingu er þessir aðilar kosta, skulu bætur úr þeirri tryggingu koma að fullu til frádráttar bótum skv. reglum þessum sbr. þó 2. ml. 4. mgr. 3. gr.

15. gr.

Gildistaka.

1. Reglur þessar öðlast þegar gildi. Ákvæðum þeirra skal beita um slys sem áttu sér stað frá og með 1. apríl 1989.

Fjármálaráðuneytið, 16. janúar 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUR

um skilmála slysatryggingar ríkisstafsmanna skv. kjarasamningum, vegna slysa sem starfsmenn verða fyrir utan starfs.

1. gr.

Skilmálar slysatryggingar ríkisstafsmanna.

1. Skilmálar slysatryggingar ríkisstafsmanna skv. kjarasamningum og öðrum hliðstæðum kjaraákvörðunum, sem teknar eru lögum samkvæmt, eru tvenns konar. Önnars vegar skilmálar þessir sem gilda um slys sem starfsmaður verður fyrir utan starfs síns í skilningi 4. gr. reglna þessara. Hins vegar skilmálar sem gilda um slys sem starfsmaður verður fyrir í starfinu og gilda sérstakar reglur, sem settar eru samhliða reglum þessum, um skilmála slysatryggingar ríkisstafsmanna skv. kjarasamningum vegna slysa sem starfsmenn verða fyrir í starfi.

2. gr.

Almenn ákvæði.

1. Starfsmenn þeir, sem 3. gr. reglna þessara tekur til, eru slysatryggðir fyrir dauða eða vegna varanlegrar örorku. Trygging þessi er í eigin áhættu ríkissjóðs.
2. Um trygginguna gilda lög nr. 20 frá 8. mars 1954, um váttryggingarsamninga, þegar ekki er vikið frá þeim í reglum þessum.
3. Í reglum þessum merkir hugtakið *váttryggður* þann sem kröfu á um greiðslu bóta er til hennar kemur og orðasambandið *sá sem tryggður er* merkir þann einstakling sem ríkissjóður ber áhættuna af að slasist.

3. gr.

Hverjir eru tryggðir.

1. Slysatryggðir skv. reglum þessum eru fastir og lausráðnir starfsmenn ríkisins sem ráðnir eru með a.m.k. 1 mánaðar uppsagnarfresti, enda verði starf þeirra talið aðalstarf, og sem eru félagar í stéttarfélagi er gert hefur kjarasamning við fjármálaráðherra samkvæmt ákvæðum laga nr. 94 frá 31. desember 1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, enda taki samningurinn til starfsmannsins og í samningnum sé ákvæði um slysatryggingu í samræmi við reglur þessar.
2. Einnig eru tryggðir samkvæmt reglum þessum þeir starfsmenn ríkisins sem taka laun eftir ákvörðun fjármálaráðherra skv. 5. tölulið 1. gr. og 2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986 og skv. lögum nr. 92 frá 31. desember 1986, um kjaradóm, eftir því sem við getur átt enda sé þar kveðið á um slysatryggingu í samræmi við reglur þessar.
3. Tryggingin gildir á sama hátt fyrir starfsmenn sjálfseignarstofnana ef öll eftirgreind skilyrði eru uppfyllt:
 - 3.1 að fjármálaráðherra fari með samningsrétt fyrir stofnunina skv. 2. gr. laga nr. 94/1986;
 - 3.2 að rekstrarkostnaður stofnunarinnar sé greiddur af ríkissjóði;
 - 3.3 að launaskrifstofa ríkisins annist launagreiðslur;
 - 3.4 að út frá því sé gengið við fjárveitingar Alþingis til stofnunarinnar að slysatryggingar starfsmanna verði í eigin áhættu ríkissjóðs.
4. Slysatrygging skv. reglum þessum tekur þó ekki til starfsmanna er falla undir ákvæði 1.–3. mgr. ef viðkomandi stofnun kaupir tryggingu vegna þeirra og tryggingin bætir dauða eða varanlega örorku.

4. gr.

Gildissvið.

1. Trygging skv. reglum þessum tekur til slysa sem sá sem tryggður er, verður fyrir utan starfs síns, þ.m.t. á útkallsvakt, í veikindafjarvistum og í orlofi. Tryggingin gildir einnig í námsleyfi og launalausum leyfi allt að 6 mánuðum nema starfsmaðurinn taki á tímabilinu launað starf hjá öðrum vinnuveitanda eða stundi eigin atvinnurekstur. Dveljist sá sem tryggður er samfelld erlendis í 3 mánuði fellur trygging skv. reglum þessum úr gildi nema í þeim tilvikum að starfsstöð starfsmannsins er erlendis.

2. Bætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök þess að sá sem tryggður er deyr eða missir varanlega starfsorku sína að nokkru eða öllu leyti. Orðið slys merkir hér skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist sannanlega án vilja hans.

5. gr.

Gildistími.

1. Trygging skv. reglum þessum tekur gildi frá þeim tíma er tryggingarskyldur launþegi skv. 3. gr. hefur störf hjá ríki eða ríkisstofnun en fellur úr gildi um leið og hann hættir störfum.

6. gr.

Aldurstakmörk.

1. Trygging skv. reglum þessum fellur úr gildi í lok þess mánaðar er sá sem tryggður er lætur af starfi skv. 13. gr. laga nr. 38 frá 14. apríl 1954 og hefur töku eftirlauna eða nær 70 ára aldri.
2. Börn yngri en 16 ára eru ekki vátryggð fyrir hærri dánarbótum en sem nemur venjulegum útfararkostnaði.

7. gr.

Takmarkanir á bótaskyldu.

1. *Svik og rangar upplýsingar.*
Skýri vátryggður sviksamlega frá eða leyni atvikum sem skipta máli um bótaábyrgð, glatar hann öllum rétti sínum skv. tryggingunni, sbr. 23. grein laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga.
2. *Íþróttir, flugferðir og fleira.*
 - 2.1 Tryggingin nær til slysa, er verða við almennar íþróttaiðkanir. Undanskilin eru þó slys, sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum. Einnig eru undanskilin slys, er verða í fjallaklifri, bjargsigi, siglingu á seglbrettum, vélsleða- og fjórhjólaakstri, hnefaleikum, hvers konar glímu, bifreiða- og vélhjólaiþróttum, drekaflugi, svifflugi, fallhlífarstökki og froskköfun.
 - 2.2 Tryggingin nær ekki til slysa sem verða í flugi nema að sá sem tryggður er sé farþegi í farþegaflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.
3. *Takmarkanir á bótaskyldu vegna sjúkdóma o.fl.*
 - 3.1 Ef sjúkdómar, veiklun eða sjúklegt ástand þess sem tryggður er eru meðorsakir dauða hans greiðast engar dánarbætur. Þetta gildi hvort sem ástand þetta var fyrir, þegar slysið varð, eða skapaðist síðar án þess þá að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi sem vátryggingin nær til.

- 3.2 Tryggingin bætir ekki slys sem beint eða óbeint orsakast af blindu, mikilli nær- eða fjarsýni, sjóndepru, heyrnardeyfu, lömum, bæklun, geðveiki, flogaveiki, krampa, slagi, sykursýki eða öðrum alvarlegum sjúkdómum eða veiklun og meðferð þeirra.
 - 3.3 Hafi slíkar ástæður verið þess meðvaldandi að sá sem tryggður er missir starfsorku sína varanlega, er einungis greitt fyrir þann starfsorkumissi sem ætla má að hann hefði orðið fyrir ef þessar ástæður hefðu ekki komið til.
4. *Aðrar takmarkanir á bótaskyldu.*
- Tryggingin bætir ekki:
- 4.1 Slys sem verða vegna ásetnings, stórkostlegs gáleysis eða hirðuleysis þess sem tryggður er eða vátryggðs.
 - 4.2 Slys sem beint eða óbeint eru af völdum kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneyti og kjarnaúrgangsefni eða af völdum styrjalda, innrásar, hernaðaraðgerða, borgararósta, uppreisnar, uppþots eða svipaðra aðgerða. Sama gildir um slys sem beint eða óbeint eru af völdum jarðskjálfta, eldgoss, flóða, skriðufalla, snjóflóða eða annarra náttúruhamfara.
 - 4.3 Slys er sá sem tryggður er verður fyrir í handalögmálum, við þátttöku í refsiverðum verknaði, undir áhrifum deyfí- og eiturlyfja eða í ölaði nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins.
 - 4.4 Slys vegna ljósbaða, röntgengeisla, radíums, díatermi eða svipaðra geisla, skurðaðgerða eða annarra lækniáðgerða nema sannað sé að þær hafi verið nauðsynlegar og gerðar að læknisráði á viðurkenndri heilbrigðisstofnun.
 - 4.5 Slys sem orsakast af matareitrun, drykkjareitrun, af nautnalyfjum eða af lyfjanotkun nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss. Slys vegna kvalastillandi lyfja eða svefnlyfja eru alltaf undanskilin bótaábyrgð.
 - 4.6 Slys vegna eitraðra lofttegunda nema það hafi orðið skyndilega og án vilja þess sem tryggður er.
 - 4.7 Slys sem verður er starfsmaður vinnur launað starf hjá öðrum vinnuveitanda eða við eigin rekstur og á leið til og frá slíkri vinnu. Sama gildir vegna aukastarfa hjá stofnunum sem reglur þessar taka til ef starfsmaður er tryggður í þeim störfum skv. öðrum skilmálum.

8. gr.

Ráðstafanir vegna slyss.

1. Slasaða ber að leita lækni strax eftir að slys hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum lækni.
2. Tilkynna skal slys eins fljótt og unnt er til launaskrifstofu ríkisins.
3. Deyi sá sem tryggður er af slysförum skal tilkynna það eins fljótt og auðið er.
4. Fjármálaráðuneytið hefur rétt til að krefjast krufningar á líki hins látna.
5. Þegar slys ber að höndum er fjármálaráðuneytinu heimilt að láta trúnaðarlækni sinn skoða þann sem tryggður er.
6. Þegar læknishjálp lýkur eða þegar unnt er að dæma um afleiðingar slyssins skal senda læknisvottorð og bótakröfu til embættis ríkislögmanns vegna fjármálaráðuneytisins.
7. Vátryggður fær endurgreidd nauðsynleg læknisvottorð sem aflað er skv. reglum þessum.

9. gr.

Dánarbætur.

1. Valdi slys dauða þess sem tryggður er innan eins árs frá slysdegi, greiðist tryggingarfjárhæð sú sem í gildi er í uppgjörsmánuði skv. 2. mgr. greinar þessarar, sbr. 11. gr. Bætur fyrir varanlega örorku, sem kunna að hafa verið greiddar vegna sama slyss, skulu framreiknaðar með framfærsluvísitölu til uppgjörsmánaðar og dragast þannig reiknaðar frá greiðslu.
2. Bætur, sem greiddar eru vegna hvers einstaklings ef slys veldur dauða, eru:
 - 2.1 Ef hinn látni var ógiftur og lætur ekki eftir sig barn undir 18 ára aldri og hefur ekki séð fyrir foreldri eða foreldrum 67 ára og eldri, kr. 266.400.
Rétthafar þessara dánarbóta eru lögerfingjar.
 - 2.2 Ef hinn látni var ógiftur en lætur eftir sig barn (börn) undir 18 ára aldri og/eða hefur sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum 67 ára og eldri, kr. 816.100.
Rétthafar þessara dánarbóta eru foreldrar og börn. Taki báðir þessir aðilar bætur, rennur ½ hluti bóta til foreldra en ½ hlutar bótanna skiptast milli barna að jöfnu.
 - 2.3 Ef hinn látni var í hjúskap eða í sambúð sem að öðru leyti má jafna til hjúskapar og sem staðið hefur a.m.k. í 2 ár samfellt fyrir andlát hans skulu bætur til maka eða sambúðaraðila vera kr. 1.116.400.
Rétthafi þessara dánarbóta er viðkomandi maki eða sambúðaraðili.
 - 2.4 Ef hinn látni lætur eftir sig barn undir 18 ára aldri, kr. 266.400, til hvers barns. Stundi barn hins látna á aldrinum 18–25 ára nám á framhaldsskóla- eða háskólastigi í a.m.k. 6 mánuði ársins, er hinn tryggði andaðist, á það sama rétt til bóta.
Rétthafar dánarbóta þessara eru viðkomandi börn. Bætur greiðast til fjárhaldsmanns ófjárráða barns.
 - 2.5 Með börnum í töluliðum 2.2 og 2.4 er átt við kynbörn, kjörbörn, stjúpborn, börn sambúðaraðila og fósturbörn sem hinn látni var framfærsluskyldur við skv. 14. gr. barnalaga nr. 9/1981.
 - 2.6 Bætur greiðast aðeins skv. einum af töluliðum 2.1, 2.2 og 2.3. Til viðbótar töluliðum 2.2 og 2.3 geta komið bætur skv. tölulið 2.4.
3. Um vísitölubindingu tryggingarfjárhæða, skv. 2. mgr. greinar þessarar, gildir ákvæði 11. gr.

10. gr.

Bætur fyrir varanlega örorku.

1. Valdi slys þeim sem tryggður er varanlegri örorku innan þriggja ára frá því að slysið varð, greiðast bætur á grundvelli þeirrar tryggingarfjárhæðar sem í gildi er í uppgjörsmánuði bóta skv. 2. mgr. greinar þessarar, sbr. 11. gr., eftir þeim reglum sem að neðan greinir.
2. Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli við tryggingarfjárhæðina kr. 2.146.000 þó þannig að hvert örorkustig frá 26–50% vegur tvöfalt og hvert örorkustig frá 51–100% þrefalt. Bætur við 100% varanlega örorku verða því kr. 4.828.500. Um vísitölubindingu tryggingarfjárhæðarinnar gildir ákvæði 11. gr.
3. Við ákvörðun örorku skal fylgja eftirfarandi reglum:
 - 3.1 Þessi tafla skal höfð til hliðsjónar við örorkumat:

A. Sjón og heyrn

Alger missir sjónar á báðum augum	100%
Alger missir sjónar á öðru auga, full sjón á hinu	20%
Annad augað numið burtu, full sjón á hinu	25%
Algert heyrnarleysi á öðru eyra	10%
Algert heyrnarleysi á báðum eyrum	50%

B. Fótlimir

Stúfhögg á báðum fótlimum um lærleggi	100%
Annar fótlimur numinn burtu í mjaðmarlið, hinn um hnélið	100%
Alger lömum á báðum fótlimum	100%
Stúfhögg á báðum fótlimum um hnéliði	75%
Stúfhögg á öðrum fótlim um lærlegg	50–65%
Stúfhögg á öðrum fótlim um fótlegg	35–45%
Staurhné á öðrum fótlim	25–50%
Staurökkli á öðrum fótlim	20–30%
Missir allra taa á öðrum fæti	10%

C. Handlimir

Stúfhögg beggja handlima	100%
Stúfhögg um upphandlegg	65–75%
Stúfhögg um framhandlegg	60–65%
Stúfhögg um úlnlið	60%
Missir alls þumalfingurs	25%
Missir alls vísifingurs	12%
Missir allrar löngutangar	10%
Missir alls baugfingurs	5%
Missir alls litlafingurs	7%

Ofangreind örorka á handlimum er miðuð við betri handlim. Örorka vegna hliðstæðrar missmíði á lakari handlim er allt að 10% minni.

- 3.2 Ef missir útlima, sjónar eða heyrnar er ekki alger bætist örorka hlutfallslega. Ef útlimir eru algerlega ónothæfir telst það missir þeirra. Ef þeir eru að einhverju leyti nothæfir reiknast örorka hlutfallslega.
- 3.3 Samanlögð örorkustig geta aldrei orðið meira en 100%.
- 3.4 Missir eða bæklun útlims, sem áður var bæklaður, skal metinn í hlutfalli við þann missi sem slasaði varð fyrir við slysið. Sama gildir um líffæri.
- 3.5 Við ákvörðun örorku ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika slasaða né þjóðfélagsstöðu.
- 3.6 Örorkan ákveðst í fyrsta lagi einu ári eftir slysið. Telji slasaði eða fjármálaráðuneytið að örorkan geti breyst getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumatí verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi.
- 3.7 Ef endanleg örorka hefur ekki verið ákveðin vegna frestunar skv. tölulíð 3.6 þegar launagreiðslum til starfsmanns lýkur er heimilt að greiða honum upp í bætur ef ríkar ástæður eru fyrir hendi. Við lokauppgjör skal slík greiðsla framreiknuð með framfærsluvísitölu til uppgjörsmánaðar og koma þannig reiknuð til frádráttar bótum.
- 3.8 Þótt gera megi ráð fyrir að ástand hins slasaða kunni að breytast, skal undantekning-arlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Í þessu tilfalli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir, að hún verði endanleg. Ef líkur eru til að ástand hins slasaða megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum og hann veigrar sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíkar aðgerðir, ber samt sem áður við ákvörðun örorku að taka tillit til hugsanlegs bata sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér.
- 3.9 Slys sem einungis valda lýti eru ekki bótaskyld.

11. gr.

Visitölubinding tryggingarfjárhæða.

1. Tryggingarfjárhæðir skv. 9. og 10. gr. eru vísitölubundnar og miðast við vísitölu framfærslukostnaðar í apríl 1989 119,9 stig. Við uppgjör bóta skal framreikna fjárhæðir miðað við þær breytingar sem orðið hafa á vísitölu framfærslukostnaðar frá apríl 1989 til uppgjörsmánaðar bóta. Vísitölubinding bóta varir þó aldrei lengur en í 3 ár frá slysdegi.

12. gr.

Bótauppgjör.

1. Embætti ríkislögmanns fjallar um bótaskyldu skv. reglum þessum og annast uppgjör bóta í umboði fjármálaráðuneytisins.
2. Bætur greiðast eftir að lækni-vottorð og nauðsynleg sönnunargögn fyrir bótaskyldu hafa borist og unnt er að ákvarða upphæð bótanna. Berist ekki athugasemdir við bótafjárhæðina innan eins mánaðar frá því að bótaþega var skýrt frá henni, telst hún samþykkt.

13. gr.

Fyrning.

1. Kröfur vegna tryggingar þessarar fyrnast á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs er kröfuhafinn fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar, þó í síðasta lagi á 10 árum frá slysdegi.

14. gr.

Skaðabótaábyrgð

1. Verði ríkissjóður eða vinnuveitandi skaðabótaskyldir gagnvart hinum váttryggða, skulu slysabætur, sem greiddar hafa verið vegna slyssins skv. slysatryggingu þessari, koma að fullu til frádráttar skaðabótum er þeim kann að verða gert að greiða.
2. Beri slys að með þeim hætti að váttryggður öðlist rétt til bóta úr annarri slysatryggingu, er þessir aðilar kosta, skulu bætur úr þeirri tryggingu koma að fullu til frádráttar bótum skv. reglum þessum.

15. gr.

Gildistaka.

1. Reglur þessar öðlast þegar gildi. Ákvæðum þeirra skal beita um slys sem áttu sér stað frá og með 1. apríl 1989.

Fjármálaráðuneytið, 16. janúar 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um ráðstöfun á sérstöku fódurgjaldi vegna afurða alifugla og svína.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Endurgreiða skal framleiðendum afurða alifugla og svína hluta sérstaks fódurgjalds, sem innheimt er samkvæmt reglugerð nr. 639 28. desember 1989. Endurgreiðslan skal miðast við að $\frac{75}{80}$ hlutar af álögðu, sérstöku fódurgjaldi endurgreiðist að hluta eða að öllu leyti. Af hinu álagða sérstaka fódurgjaldi renna sem næst $\frac{5}{80}$ hlutar til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, að frádregnum kostnaði Framleiðsluráðs landbúnaðarins við framkvæmd endurgreiðslna sem landbúnaðarráðherra samþykkir.

2. gr.

Endurgreiðslu skal miða við framleiðslumagn og skal réttur alifuglaframleiðenda til endurgreiðslu takmarkast við þarfir markaðarins hverju sinni, svo lengi sem meirihluti í búgreina- samtökum þeirra óskar þess, og skal þá fara eftir ákvæðum um endurgreiðslurétt í II. kafla. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum IV. kafla þessarar reglugerðar.

II. KAFLI

Takmörkun á rétti alifuglaframleiðenda til endurgreiðslu.

3. gr.

Réttur alifuglaframleiðenda til endurgreiðslu skal ákvarðaður af endurgreiðslunefndum sem landbúnaðarráðherra skipar.

Endurgreiðslunefnd eggja skal skipuð einum aðila tilnefndum af landssamtökum eggjaframleiðenda, einum sem Framleiðsluráð landbúnaðarins tilnefnir og einum fulltrúa landbúnaðarráðuneytis.

Endurgreiðslunefnd alifuglakjöts skal skipuð einum aðila tilnefndum af landssamtökum framleiðenda alifuglakjöts, einum sem Framleiðsluráð landbúnaðarins tilnefnir og einum fulltrúa landbúnaðarráðuneytis.

Hver aðili skal tilnefna varamenn jafnmarga aðalfulltrúum. Nefndarmaður skal víkja sæti ef fjallað er um málefni er tengjast honum persónulega. Nefndirnar skal skipa til eins árs í senn.

Verði ekki samstaða í nefndunum eða einstakir framleiðendur krefjast endurskoðunar á þeim endurgreiðslurétti sem þeim hefur verið ákvarðaður, skal ágreiningi vísað til yfirnefndar sem landbúnaðarráðherra skipar. Nefndin skal skipuð einum aðila tilnefndum af viðkomandi búgreinasamtökum og einum aðila tilnefndum af Framleiðsluráði landbúnaðarins. Landbúnaðarráðherra skipar formann yfirnefndar án tilnefningar.

Kostnaður af störfum endurgreiðslu- og yfirnefnda greiðist af tekjum af hinu sérstaka fódurgjaldi.

4. gr.

Endurgreiðsluréttur til framleiðenda alifuglaafurða skal vera sá sami og ákveðinn var með rg. nr. 13/1988, sbr. einnig ákvæði II. og III. kafla þessarar reglugerðar.

Endurgreiðsluréttur er réttur hvers einstaks framleiðanda til þess að fá endurgreitt sérstakt fódurgjald. Endurgreiðsluréttur gildir eingöngu til þess að fá endurgreiðslu vegna

eigin framleiðslu og honum má ekki ráðstafa einum sér til annarra framleiðenda, hvorki með sölu, leigu, gjöf eða öðrum hætti, nema hvað endurgreiðslunefndir geta innkallað og úthlutað framleiðendum endurgreiðslurétti skv. 5. gr. og búgreinafélög geta innleyst hann eða endurselt skv. 6. gr.

Með virkum endurgreiðslurétti er í reglugerð þessari átt við þann hluta heildarendurgreiðsluréttar sem framleiðandi getur nýtt með framleiðslu á hverju tímabili samkvæmt áætlun endurgreiðslunefndar.

Endurgreiðslunefndir skulu fylgjast með framleiðslu og sölu alifuglaafurða og taka ákvarðanir um framleiðsluþörf og virkan endurgreiðslurétt til endurskoðunar eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti.

Endurgreiðslunefnd alifuglakjöts skal ákveða endurgreiðslurétt til framleiðslu alls holdafuglakjöts svo og útungunareggja fyrir holdafuglaframleiðslu en endurgreiðslunefnd eggja skal ákveða endurgreiðslurétt fyrir alla aðra eggjaframleiðslu.

Við úthlutun endurgreiðsluréttar til framleiðslu annars holdafuglakjöts en kjúklingakjöts og til framleiðslu útungunareggja fyrir holdafuglaframleiðslu skal reikna endurgreiðslurétt hvers framleiðanda eftir skýrslum um það magn hlutaðeigandi afurðar sem hann hefur framleitt frá 1. júlí 1985 til 31. desember 1989 og hafa verið lagðar fram skv. rg. nr. 467/1985, 316/1986 og 13/1988. Réttur til árlegrar endurgreiðslu skal vera $\frac{1}{40}$ hlutar þess magns sem hann framleiddi á umræddu tímabili, eða ársmeðaltal hafi framleiðsla ekki staðið allt viðmiðunartímabilið. Þeir einir sem framleiddu hlutaðeigandi afurð árið 1989 geta öðlast endurgreiðslurétt skv. framansögðu.

Ákveða skal endurgreiðslurétt hvers framleiðanda útungunar- eggja til eldis varpugla eftir skýrslum um það magn þessarar afurðar sem hann framleiddi á tímabilinu 1. janúar 1987 til 31. desember 1989, og hafa verið lagðar fram skv. rg. nr. 316/1986 og 13/1988. Réttur til árlegrar endurgreiðslu skal vera $\frac{1}{36}$ hlutar af framangreindu magni, eða ársmeðaltal hafi framleiðsla staðið skemur.

5. gr.

Endurgreiðslunefndir geta heimilað framleiðendum alifuglaafurða að flytja allt að 5% af úthlutuðum en ónýttum endurgreiðslurétti á milli tveggja almanaksára, þó að hámarki 1,5 tn á hvern framleiðanda. Nefndirnar setja nánari reglur um framkvæmd slíkrar tilfærslu, er taki til skyldu framleiðenda um að gera áætlun um notkun millifærðs réttar, og þær geta krafist áætlana um ársfjórðungslega framleiðslu hjá hverjum framleiðanda. Framleiðsluráð landbúnaðarins tilkynnir framleiðendum um ákvarðanir endurgreiðslunefnda og safnar áætlunum frá framleiðendum.

Nú nýtir framleiðandi ekki endurgreiðslurétt sinn á árinu að fullu til framleiðslu á eigin búi, sbr. einnig ákvæði 1. mgr., og er þá endurgreiðslunefnd heimilt með hliðsjón af markaðsáðstæðum, að úthluta ónotuðum rétti til annarra framleiðenda, tímabundið og án endurgjalds. Umsóknir um úthlutun af ónotuðum endurgreiðslurétti skulu hafa borist endurgreiðslunefnd eigi síðar en 15. janúar vegna næstliðins árs. Við úthlutun ónotaðs endurgreiðsluréttar skulu framleiðendur með endurgreiðslurétt undir 4,5 mánaðartonnnum í eggjaframleiðslu og 6 mánaðartonnnum í holdafuglaframleiðslu njóta forgangs.

Nú hættir framleiðandi framleiðslu, lengur en 24 mánuði samfleytt, og skal þá endurgreiðslunefnd innkalla endurgreiðslurétt hans. Innkölluðum endurgreiðslurétti er endurgreiðslunefnd heimilt að úthluta, að hluta til eða öllu leyti, til framleiðenda eftir sömu reglum og um getur í 2. mgr., eða til nýrra aðila.

6. gr.

Búgreinafélög geta með hliðsjón af markaðsaðstæðum leyst til sín endurgreiðslurétt og/eða endurselt hann. Þeim er heimilt að ráðstafa til þess hluta af sérstöku fóðurgjaldi skv. ákvæðum 5. mgr. 16. gr. Leita skal hverju sinni heimildar landbúnaðarráðherra fyrir innlausn og endursölu. Við endursölu skulu framleiðendur með endurgreiðslurétt undir 4.5 mánaðatonnum í eggjaframleiðslu og 6 mánaðatonnum í holdafuglaframleiðslu njóta forgangs að öðru jöfnu. Þegar búgreinafélag hefur fengið heimild til innlausnar/endursölu endurgreiðsluréttar skal Framleiðsluráð landbúnaðarins leita eftir tilboðum frá framleiðendum þar sem fram komi magn endurgreiðsluréttar sem viðkomandi vill afhenda eða fá ásamt verði á því. Að fengnum slíkum tilboðum gerir endurgreiðslunefnd tillögur til búgreinafélags um framkvæmd innlausnar eða endursölu, þ.m.t. um meðalverð á viðkomandi innlausnar-/ endursölutímabili.

III. KAFLI

Tilkynning endurgreiðsluréttar.

7. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal gera endurgreiðsluskrá yfir alifuglaframleiðendur samkvæmt útreikningi endurgreiðslunefnda og tilkynnir hverjum framleiðanda endurgreiðslurétt hans fyrir 10. febrúar 1990, og á framleiðandi þá kost á að gera athugasemdir við útreiknaðan endurgreiðslurétt innan 30 daga frá birtingu tilkynningar.

Endurgreiðslunefndir endurskoða útreikninga sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynna framleiðanda um niðurstöður sínar. Sætti framleiðandi sig ekki við þá niðurstöðu, sem nefndirnar hafa komist að, getur hann, innan 25 daga, vísað máli sínu til yfirnefndar. Yfirnefnd skal skila úrskurði sínum innan 60 daga frá því erindi barst.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast skráningar á erindum sem fram koma skv. þessari grein.

IV. KAFLI

Útreikningur og framkvæmd endurgreiðslna.

8. gr.

Endurgreiðsla á sérstöku fóðurgjaldi fer fram af endurgreiðslureikningi, annaðhvort fyrir milligöngu fóðursala eða beint, enda sé þá um staðgreiðsluviðskipti að ræða. Sami framleiðandi getur ekki látið fóðursala annast að hluta þær endurgreiðslur sem fóðursölum eru heimilar skv. ákvæðum reglugerðarinnar, og annast hinn hlutann sjálfur, heldur skal hann velja aðra hvora leiðina. Framleiðsluráð landbúnaðarins sér um framkvæmd endurgreiðslna til framleiðenda í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

9. gr.

Nú velur framleiðandi, sem á rétt á endurgreiðslu á sérstöku fóðurgjaldi, þá leið að láta fóðursala annast endurgreiðsluna, og skal hann þá gefa viðkomandi fóðursala umboð til þess fyrir sína hönd. Áður en Framleiðsluráð landbúnaðarins staðfestir endurgreiðslur samkvæmt framlögðum gögnum frá fóðursölum, skal liggja fyrir umboð til fóðursala um að annast endurgreiðslur fyrir hönd hvers framleiðanda. Umboðið gildir svo lengi sem það er ekki afturkallað.

10. gr.

Til að framleiðandi alifugla- og svínaafurða öðlist rétt til endurgreiðslu á fóðurgjaldi, er honum skylt að leggja fyrir Framleiðsluráð landbúnaðarins framleiðslu- og söluskýrslur

(innleggsskýrslur), sem hann ábyrgist með undirritun að séu réttar, eða vottorð forðagæslumanns um bústofn sé hann að hefja framleiðslu.

Á skýrslum skal koma fram nafn, kennitala og heimilisfang framleiðanda, svo og magn hverrar afurðar.

Sala skal skráð á eftirfarandi hátt:

- a) Framleiðandi skal halda sérstaka skrá um beina sölu til neytenda, svo og til dreifingaradila í heildsölu- og smásölu, þ.m.t. beina sölu til afurðastöðvar.
 - b) Sé afurð í umboðssölu hjá afurðastöð, skal telja hana sem selda frá framleiðanda, þegar umboðsaðilinn hefur selt hana.
- Framleiðandi er ábyrgur fyrir skilum á söluskýrslum.

11. gr.

Til að framleiðandi haldi rétti sínum til endurgreiðslu á sérstöku fóðurgjald skv. reglugerð þessari, skal hann reglulega skila skýrslum, þannig:

A. Mánaðarleg skil komi frá:

1. Framleiðendum svínakjöts.
2. Framleiðendum eggja, sem hafa 200 varphænur eða fleiri.
3. Framleiðendum alifuglakjöts.

B. Framleiðendur eggja með 50-200 varphænur skulu gera skil eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti.

C. Framleiðendur eggja, sem hafa innan við 50 varphænur, skulu gera skil einu sinni á ári. Skilafrestur er tvær vikur frá lokum hvers tímabils.

Framleiðsluráð landbúnaðarins útbýr skýrsluform og sendir viðkomandi aðila eftir forðagæsluskýrslum eða vottorðum forðagæslumanna um bústofn, ef framleiðsla er á byrjunarstigi.

12. gr.

Endurgreiðsla til framleiðenda afurða alifugla fer fram í tveimur áföngum á eftirfarandi hátt:

1. Við fóðurkaup er fóðursala heimilt, að fenginni staðfestingu Framleiðsluráðs á endurgreiðslurétti hvers eintaks framleiðanda, að endurgreiða $^{25}_{80}$ hluta hins sérstaka fóðurgjalds, eins og það er fullreiknað, þ.e. nú 80% af tollverði. Endurgreiðslan reiknast af hverri fóðurtegund fyrir sig.
2. Framleiðsluráð landbúnaðarins greiðir eigi sjaldnar en mánaðarlega eftirstöðvar gjaldsins samkvæmt framlögðum skýrslum um sölumagn, og er það lokagreiðsla, þannig að endurgreiðslu eftir sölumagni, er nemur $^{75}_{80}$ hlutum af fullu fóðurgjaldi, verði náð. Hlutfallstölur um endurgreiðslur, skv. því sem að ofan greinir, geta tekið breytingum, sbr. 16. gr.

13. gr.

Endurgreiðsla til framleiðenda afurða svína fer fram í tveimur áföngum á eftirfarandi hátt:

1. Við fóðurkaup er fóðursala heimilt, að fenginni staðfestingu Framleiðsluráðs á endurgreiðslurétti hvers eintaks framleiðanda, að endurgreiða $^{50}_{80}$ hluta hins sérstaka fóðurgjalds, eins og það er fullreiknað, þ.e. nú 80% af tollverði. Endurgreiðslan reiknast af hverri fóðurtegund fyrir sig.
2. Framleiðsluráð landbúnaðarins greiðir eigi sjaldnar en mánaðarlega eftirstöðvar gjaldsins samkvæmt framlögðum skýrslum um sölumagn, og er það lokagreiðsla, þannig að endurgreiðslu eftir sölumagni, er nemur $^{75}_{80}$ hlutum af fullu fóðurgjaldi, verði náð.

Hlutfallstölur um endurgreiðslur, skv. því sem að ofan greinir, geta tekið breytingum, sbr. 16. gr.

Nú óskar stjórn Svínaræktarfélagss Íslands eftir því, vegna markaðsaðstæðna að endurgreiðsla til framleiðenda svínakjöts fari fram í einu lagi eigi sjaldnar en mánaðarlega, eingöngu skv. 2. tl. þessarar greinar og getur landbúnaðarráðherra þá heimilað slíkt tímabundið. Endurgreiðsla hvers framleiðanda takmarkast þó við meðal fallþunga grísa sem er $90/100$ af meðalfallþunga grísa viðkomandi framleiðanda á síðastliðnum tólf mánuðum eða landsmeðaltal ef um nýjan framleiðanda er að ræða.

14. gr.

Fóðursalar skulu mánaðarlega senda Framleiðsluráði landbúnaðarins skilgrein um endurgreiðd fóðurgjöld. Þar komi fram nafn, kennitala og heimilisfang fóðurkaupanda, tegund og magn fóðurs og endurgreiðslur til fóðurkaupandans. Jafnframt skal fóðursalinn láta fylgja upplýsingar um innkaup og birgðir, svo og framleiðslu fóðurs, ef um hana er að ræða, nákvæmar upplýsingar um verð fóðurtegunda og hver sé hluti hins sérstaka fóðurgjalds í fóðurverðinu. Einnig skal koma fram hver hinn endurgreiðsluhæfi hluti er í sama fóðri, þ.e. á hluti gjaldsins sem fóðursalanum er heimilt að endurgreiða.

Framleiðsluráði landbúnaðarins er óheimilt að taka gilda beiðni um endurgreiðslur frá fóðursölum, nema umrædd skilgrein fylgi.

Óski framleiðandi eftir endurgreiðslu á hluta fóðurgjalds, án milligöngu fóðursala, skal hann leggja fyrir Framleiðsluráð sömu gögn og fóðursala er skylt, fyrir utan skýrslur um birgðahald og framleiðslu.

Véfengi Framleiðsluráð landbúnaðarins upplýsingar fóðursala um endurgreiðanleg fóðurgjöld, skal leita álits verðlagsyfirvalda á verðútreikningum.

15. gr.

Endurgreiðsla hins sérstaka fóðurgjalds skv. 2. tl. 12. og 13. gr. skal reiknuð eftir afurðamagni skv. 10. gr., þannig að ekki verði endurgreitt vegna meira magns kjarnfóðurs til ársframleiðslu afurða en sem nemur að meðaltali, að hámarki:

Fyrir hvert kg svínakjöts	5,6 kg fóðurs
Fyrir hvert kg eggja	3,8 kg fóðurs
Fyrir hvert kg kjúklinga og kalkúnakjöts	4,0 kg fóðurs
Fyrir hvert kg kjöts af öðrum alifuglum	4,0 kg fóðurs

Þó skal aldrei endurgreiða af meira magni kjarnfóðurs skv. þessum útreikningi heldur en viðkomandi aðili hefur sannanlega keypt.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal, á tólf mánaða fresti, reikna út frá afurðaskýrslum magn fóðurs er fer til framleiðslu hverrar afurðar á einingu og gera tillögur til landbúnaðar-ráðuneytisins um breytingu á þeim stuðlum sem að ofan greinir, ef þurfa þykir.

Engar endurgreiðslur verða fyrir kjöt af varpfluglum.

Egg sem fara til útungunar reiknast þannig, að fyrir hvert kg. eggja til framleiðslu holdakjúklinga reiknist 8,6 kg. fóðurs og fyrir framleiðslu eggja til eldis varpugla, reiknist 5,7 kg. fóðurs á kg. eggja. Þeir framleiðendur sem fá endurgreitt skv. þessari málsgrein, skulu mánaðarlega skila skýrslum um útungun og ráðstöfun framleiðslunnar til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Framleiðendum eggja með færri en 50 varphænum, skal áætluð endurgreiðsla sem svarar 12 kg framleiðslu eggja á ári eftir hverja hænu, enda hafi þeir skilað skýrslum skv. 11. gr.

Framleiðsluráði er heimilt, í samráði við endurgreiðslunefndir, að endurgreiða umfram það sem útreikningur skv. 1. mgr. þessarar greinar leiðir til í eftirfarandi tilvikum:

1. Sé um nýbýlinga að ræða, sem vegna bústofnsauka kaupa fóður umfram það sem er eðlilegt skv. afurðum á tímabilinu.
2. Vegna áfalla í framleiðslu af völdum sjúkdóma eða óhappa, sem leiða til þess að notkun fóðurs er verulega umfram afurðir.

Fari fóðurnotkun á framleidda afurðareiningu að meðaltali fram úr því sem reiknast skv. stuðlum í 1. mgr. þessarar greinar, skal Framleiðsluráð landbúnaðarins gera á því sérstaka athugun, og er því heimilt að stöðva allar endurgreiðslur á meðan sú könnun fer fram.

Framleiðsluráð reiknar endurgreiðslu skv. tölulíðum 1 og 2 af framlögðum gögnum, sem það telur nauðsynleg.

16. gr.

Við ákvörðun endurgreiðslu hins sérstaka fóðurgjalds til hvers framleiðanda eftir afurðum, skal reikna meðaltal sérstaks fóðurgjalds á kg. í fóðri hjá hverjum framleiðanda, skv. þeim skýrslum sem borist hafa Framleiðsluráði landbúnaðarins, yfir það tímabil sem endurgreiðslan nær til.

Hverjum framleiðanda greiðist fjárhæð, sem er margfeldi af áætlaðri fóðurnotkun hans og óendurgreiddum hlutum hins reiknaða meðaltals af sérstöku fóðurgjaldi, sbr. 1. mgr. Framleiðsluráð landbúnaðarins annast þessa útreikninga.

Heimilt er við uppgjör til hvers framleiðanda að inna af hendi greiðslur til þeirra á ógreiddum hlutum hins sérstaka fóðurgjalds með skuldajöfnunarávísun endurgreiðslureiknings, gangi endurgreiðslur hraðar en innborganir af skuldaviðurkenningum. Skuldajöfnunarávísun má nota til fóðurkaupa eða er innleysanleg hjá endurgreiðslureikningi, að líðnum fjórum mánuðum frá útgáfudegi.

Liggi fyrir samstaða í búgreinafélagi um að hluti hins sérstaka fóðurgjalds renni til sameiginlegra verkefna í þágu búgreinarinnar, er Framleiðsluráði heimilt að greiða til þess þann hluta gjaldsins, í stað þess að greiða það hverjum framleiðanda fyrir sig. Til ráðstöfunar á þennan hátt mega vera $\frac{25}{80}$ til $\frac{50}{80}$ hlutar hins sérstaka fóðurgjalds. Viðkomandi búgreinafélag skal leita heimildar landbúnaðarráðherra fyrir því hlutfalli sem ráðstafa skal hverju sinni á þennan hátt, og skal honum greint frá þeim verkefnum sem fyrirhuguð eru.

17. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 30. gr. l. nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnfamt fellur úr gildi reglugerð um ráðstöfun á sérstöku fóðurgjaldi vegna afurða alifugla og svína nr. 13 21. janúar 1988, svo og reglugerð um breytingu á henni nr. 561 29. desember 1988.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Endurgreiðslunefndir sem skipaðar eru skv. 3. gr. skulu taka til umfjöllunar erindi sem falla undir verksvið þeirra og ekki hafa hlotið afgreiðslu fyrri endurgreiðslunefnda við gildistöku þessarar reglugerðar.
2. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 5. gr. skal frestur til umsóknar um úthlutun á ónotuðum endurgreiðslurétti á árinu 1990 vera í síðasta lagi 15. febrúar.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. janúar 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Guðmundur Sigþórsson.

REGLUR

um bann við notkun á gróðurhryndnum efnum sem innihalda lífræn efnasambönd tins (tríbútýltin).

1. gr.

Skilgreining.

Með gróðurhryndnum efnum er í reglum þessum átt við málningu og aðra efnavöru, sem er gróðurhryndin og ætluð er til að hindra gróður og aðar lífverur á ýmsum mannvirkjum undir vatni eða sjó, svo sem botni skips, flotkvíum, veiðarfærum (gildrum), netum og öðrum hlutum.

Með lífrænum efnasamböndum tins er í þessum reglum átt við efnasambönd þar sem tin er bundið alkýl- eða akrýl-efnahópum.

2. gr.

Bann og undantekningar.

Bannað er að nota gróðurhryndin efni sem innihalda lífræn efnasambönd tins.

Undanþegin þessu banni er þó eftirfarandi notkun lífrænna efnasambanda tins:

1. *Skip lengri en 25 metrar að mestu lengd.*

Skipasmíðastöðvar og útgerðir hafa heimild til þess að nota slíka málningu á skip lengri en 25 metrar að mestu lengd.

2. *Bátar úr áli.*

Heimilt er að nota slíka málningu á báta smíðaða úr áli.

3. *Annað.*

Heimilt er að nota slíka málningu á yfirborð þess hluta vélbúnaðar sem er utanborðs og í vatni eða sjó, utanborsvélar eða aðra hluti úr léttmálm og eru neðan vatnsborðs.

Siglingamálastofnun ríkisins getur ákveðið að bann samkvæmt 1. mgr. skuli einnig gilda fyrir báta smíðaða úr áli og skip lengri en 25 metrar, enda séu þeir bátar og skip einkum í strandsiglingum.

3. gr.

Eftirlit.

Siglingamálastofnun ríkisins annast eftirlit með framkvæmd þessara reglna.

4. gr.

Viðurlög.

Brot gegn reglum þessum varða sektum.

5. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 9. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, staðfestast hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1990 og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 22. desember 1989.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUR

um íslensku UNESCO-nefndina.

1. gr.

Íslenska UNESCO-nefndin er stofnuð í samræmi við VII. kafla stofnskrár Menningar-
málastofnunar Sameinuðu þjóðanna (United Nations Educational, Scientific and Cultural
Organization - UNESCO).

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að vera ríkisstjórninni og sendinefnd Íslands á aðalráðstefnu
UNESCO til ráðuneytis í málum, er varða UNESCO, og tengiliður milli UNESCO og
íslenskra mennta-, vísinda- og annarra menningarstofnana.

3. gr.

Nefndin annast upplýsingarstarfsemi um málefni UNESCO á Íslandi og hefur samvinnu
við aðrar íslenskar nefndir, sem starfa að málefnum Sameinuðu þjóðanna og sérstofnana
þeirra.

4. gr.

Nefndin getur að eigin frumkvæði tekið til meðferðar hvert það verkefni, sem telja má í
verkahring UNESCO og brýtur ekki í bága við ákvarðanir og stefnu Íslendinga í utanríkismál-
um.

Þegar nefndin fjallar um önnur mál en þau sem einungis varða UNESCO, má einnig
kveðja á fund aðila sem ekki eiga sæti í nefndinni.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar nefndina til fjögurra ára.

Formaður, ritari og tveir nefndarmenn að auki skulu skipaðir án tilnefningar, en þess skal
jafnan gætt að einn þeirra sé sérfróður um skólamál, annar um vísindi, hinn þriðji um
menningarmál og sá fjórði um fjölmiðlun og upplýsingamál.

Einn nefndarmanna skal skipaður samkvæmt tilnefningu utanríkisráðuneytisins.

Ráðherra getur, með samþykki utanríkisráðuneytisins, ákveðið breytingar á fjölda
nefndarmanna.

6. gr.

UNESCO-nefndin má leita aðstoðar sérfræðinga í einstökum málum og einnig er henni
heimilt að kjósa sérnefndir og fela þeim að annast athugun og meðferð mála, þegar henta
þykir.

7. gr.

Ritari nefndarinnar er starfsmaður menntamálaráðuneytisins.

8. gr.

Skipun sendinefndar Íslands á aðalráðstefnu UNESCO heyrir undir utanríkisráðuneyt-
ið.

9. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og skal skipa íslensku UNESCO-nefndina að nýju í
samræmi við þær. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 206/1978.

Menntamálaráðuneytið, 17. janúar 1990.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Reykhólahrepps.

1. gr.

Vatnsveita Reykhólahrepps í umboði hreppsnefndar Reykhólahrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.

2. gr.

0. *Sjálfbjarga* Algerlega einfær um að annast þvaglát og hægðir, þar með talin notkun hjálpartækja og annast aðgerðir vegna lausheldni.
1. *Hjálp, þó ekki daglega* Þarf hjálp vegna þvags eða hægða, þó ekki daglega. *Dæmi:* Réttu þarf ílát af og til. Hjálp með poka, þó ekki daglega.
3. *Þarf hjálp daglega* Þarf daglegt eftirlit, t.d. reglulega minnt á salerni. Lausheldni ekki oftast en einu sinni á dag. Hjálp við að komast á salerni, nokkur hjálp við poka.
7. *Þarf hjálp oft á dag* Lausheldni oft á dag, en ekki alltaf. Þarf hjálp oft á dag við að komast á salerni. Alger hjálp við poka og þar með talin sérstök húðvernd.
10. *Ósjálfbjarga* Lausheldni daga og nætur, þar sem engin sjálfstjórn er möguleg.

YFIRLIT**FÉLAGSLEGAR AÐSTÆÐUR****1.1. Eigin aðstæður**

- 0. Góðar
- 3. Ábótavant
- 5. Lélegar
- 7. Slæmar
- 10. Neyðarástand

1.2. Heimilisaðstæður

- 0. Góðar
- 3. Sæmilegar
- 5. Lélegar
- 7. Slæmar
- 10. Neyðarástand

1.3. Aðstæður maka/aðstandenda

- 0. Góðar
- 3. Lélegar
- 10. Neyðarástand

LÍKAMLEGT ATGERVI**2.1. Líkamlegt heilsufar:**

- 0. Engin þörf á reglulegu eftirliti
- 1. Eftirlit þarf, þó ekki vikulega
- 3. Vikulegt eftirlit
- 7. Daglegt eftirlit
- 10. Eftirlit oft á dag

2.2. Lyfjagjöf:

0. Þarf ekki eftirlit
1. Vikulegt eftirlit
5. Daglegt eftirlit
7. Eftirlit oft á dag
10. Sérhæft eftirlit

ANDLEGT ATGERVI**3.1. Heilabilun:**

0. Engin
3. Væg
5. Þó nokkur
7. Mikil
10. Afar mikil

3.2. Óróleiki – Afbrigðileg hegðun:

0. Enginn
3. Vandamál
7. Tíð og erfið köst
10. Viðloðandi og slæm köst

3.3. Andleg líðan:

0. Góð
3. Ábótavant
7. Slæm.
10. Viðloðandi andlegar þjáningar

FÆRNI**4.1. Hreyfigeta:**

0. Góð
2. Létt hjálp eða hjálpartæki
3. Bundinn hjólastól eða göngugrind
7. Þarf mikla hjálp aðstoðarfólks
10. Hreyfigeta nær engin

4.2. Hæfni til að matast:

0. Sjálfþjarga
1. Matarskömmtun
3. Brytja þarf matinn – minna á matmálstíma
5. Þarfnast hvatningar og eftirlits
7. Mötun
10. Sérhæft eftirlit

4.3. Hæfni til að klæðast og annast perónuleg þrif:

0. Sjálfþjarga
1. Þarf nokkurt eftirlit og aðstoð
3. Þarf daglegt eftirlit
7. Þarf hjálp oft á dag
10. Ósjálfþjarga

4.4. Stjórn á þvaglátum og hægðum:

0. Sjálfþjarga
1. Hjálp sjaldnar en daglega
3. Hjálp daglega
7. Þarf hjálp oft á dag
10. Ósjálfþjarga

MATSBLAÐ**FÉLAGSLEGAR AÐSTÆÐUR:**

Stig:

LÍKAMLEGT ATGERVI:

Stig:

ANDLEGT ATGERVI:

Stig:

FÆRNI:

Stig:

ÚRRÆÐI:

Já

Nei

- | | | |
|---|-------|-------|
| 1. Hafa félagslegar úrbætur verið reyndar? | _____ | _____ |
| 2. Hafa félagslegar úrbætur verið reyndar, en ekki borið árangur? | _____ | _____ |
| Ástæður? | | |
| 3. Hefur sjúklingur verið rannsakaður og endurhæfður á öldrunarlækningadeild? | _____ | _____ |
| 4. Ef grunur leikur á heilabilun, hefur þá farið fram sérfræðileg greining (dementiu-rannsókn)? | _____ | _____ |

HORFUR:

NIÐURSTÖÐUR:

A. Þjónustuhúsnæði

- Þörf
 Brýn þörf
 Mjög brýn þörf
 Stig:

B. Hjúkrunarrými

- Þörf
 Brýn þörf
 Mjög brýn þörf
 Stig:

Stig alls:

Dagsetning mats _____

Hverjir önnuðust matið? _____ SIGN.

Endurmat verði gert eftir _____ vikur _____ mánuði.

REGLUGERÐ

um stofnanþjónustu fyrir aldraða.

I. KAFLI

Skilgreiningar.

1. gr.

Með *þjónustuhúsnæði aldraðra* er átt við sérhannað húsnæði ætlað öldruðum sem ekki eru færir um að annast eigið heimilishald þrátt fyrir aðstoð heimaþjónustu. Þar er varsla allan sólarhringinn og öryggiskerfi í hverri íbúð. Þar er völ á fjölbreyttri þjónustu, s.s. mat, þvotti, þrifum og félagsþjónustu. Þar er aðstaða fyrir læknishjálp, hjúkrun og endurhæfingu.

Dvalarheimili aldraðra teljast þjónustuhúsnæði aldraðra svo og þær íbúðir fyrir aldraða sem fengið hafa rekstrarleyfi sem þjónustuhúsnæði aldraðra.

Einstaklingur sem dvelur í þjónustuhúsnæði aldraðra nefnist *vistmaður* í reglugerð þessari.

Stofnanir fyrir aldraða sem hafa rekstrarleyfi sem þjónustuhúsnæði aldraðra við gildistöku reglugerðar þessarar eru taldar upp í fylgiskjali. Auglýsinga um ný rekstrarleyfi og breytingar á rekstrarleyfum vegna þjónustuhúsnæðis aldraðra skal birta í Stjórnartíðindum.

2. gr.

Með *hjúkrunarrými aldraðra* er átt við hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum, hjúkrunarheimili ætluð öldruðum svo og hjúkrunardeildir á almennum sjúkrastofnunum. Í hjúkrunarrými er aðstaða til hjúkrunar- og lækniþjónustu. Þess skal sérstaklega gætt að hjúkrunarrými sé heimilislegt og hlýlegt.

Einstaklingur sem dvelur í hjúkrunarrými aldraðra nefnist *langlegusjúklingur* í reglugerð þessari.

Stofnanir fyrir aldraða sem hafa rekstrarleyfi fyrir hjúkrunarrými aldraðra við gildistöku reglugerðar þessarar eru taldar upp í fylgiskjali. Auglýsingar um ný rekstrarleyfi og breytingar á rekstrarleyfum vegna hjúkrunarrýmis aldraðra skal birta í Stjórnartíðindum.

3. gr.

Með *dvalarkostnaði* á stofnun fyrir aldraða er átt við daggjald eins og það er ákveðið af daggjaldanefnd sjúkrahúsa, sbr. 46. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum.

II. KAFLI

Greiðsla dvalarkostnaðar í þjónustuhúsnæði.

4. gr.

Nú hefur vistmaður engar aðrar tekjur en bæt看ur almannatrygginga og greiðir Tryggingastofnun ríkisins þá dvalarkostnað hans, sbr. 3. gr.

Bæt看ur vistmannsins frá almannatryggingum skulu renna til greiðslu dvalarkostnaðar hans í þjónustuhúsnæðinu.

Vistmaður getur sótt um mánaðarlegt ráðstöfunarfé frá lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins til viðbótar þeim bótum almannatrygginga sem 2. mgr. fjallar um, sbr. 19. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum.

5. gr.

Nú hefur vistmaður eigin tekjur (aðrar en bæt看ur almannatrygginga) umfram 15.700 krónur á mánuði og skal hann með þeim tekjum sem umfram eru standa straum af

dvalarkostnaði sínum að hluta eða fullu. Þó skal hann í hverjum mánuði aldrei greiða hærri fjárhæð en sem nemur dvalarkostnaði eins og hann er ákveðinn af daggjaldanefnd, sbr. 3. gr.

Tekjuviðmiðun skv. 1. mgr. skal breytast í samræmi við breytingar á tekjutryggingu almennatrygginga.

Nú á vistmaður maka og skulu þá eigin tekjur vistmanns skiptast að jöfnu milli vistmanns og maka. Séu tekjur vistmanns eftir skiptinguna umfram 15.700 krónur skal hann með þeim tekjum sem umfram eru standa straum af dvalarkostnaði sínum, sbr. 1. mgr.

6. gr.

Nú ná eigin tekjur vistmanns ekki 15.700 krónur á mánuði og greiðir Tryggingastofnun ríkisins þá dvalarkostnað hans, sbr. 3. gr.

Bætur vistmanns frá almennatryggingum skulu renna til greiðslu dvalarkostnaðar hans í þjónustuhúsnæðinu.

Nú hefur vistmaður eigin tekjur sem ekki ná mánaðarlegu ráðstöfunarfé skv. 19. gr. laga um almennatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum og er þá lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins heimilt að greiða honum mismuninn.

7. gr.

Er nýr vistmaður kemur til dvalar í þjónustuhúsnæði aldraðra skulu stjórnendur stofnunarinnar óska eftir því við Tryggingastofnun ríkisins að hún kanni hvort viðkomandi skuli taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar sbr. 5. gr.

8. gr.

Hafi vistmaður engar tekjur aðrar en bætur almennatrygginga skal hann gefa stofnuninni umboð til að taka við fyrir sína hönd greiðslum Tryggingastofnunar ríkisins vegna dvalarinnar, sbr. 4. gr.

Hafi vistmaður eigin tekjur (aðrar en bætur almennatrygginga) skal hann gefa stofnun þeirri sem hann dvelur á umboð til að taka við bótum almennatrygginga upp í greiðslu dvalarkostnaðar. Stofnunin innheimtir hjá vistmanni sjálfum það sem á vantar upp í dvalarkostnað skv. ákvörðun daggjaldanefndar, sbr. 3. gr. reglugerðar þessarar. Þess skal ætíð gætt að hinn aldraði haldi eftir lágmarksupphæð skv. 5. gr.

III. KAFLI

Greiðsla dvalarkostnaðar í hjúkrunarrými.

9. gr.

Nú hefur langlegusjúklingur engar aðrar tekjur en bætur almennatrygginga og greiðir sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins þá dvalarkostnað hans, sbr. 3. gr.

Bætur langlegusjúklings frá lífeyristryggingum almennatrygginga falla niður ef dvölin verður lengri en fjórir mánuðir, sbr. lokamálsgrein 51. gr. laga um almennatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum. Hafi langlegusjúklingur komið úr þjónustuhúsnæði skulu bætur almennatrygginga falla niður þegar samanlögð dvöl í þjónustuhúsnæði og hjúkrunarrými nær fjórum mánuðum.

Langlegusjúklingurinn getur sótt um mánaðarlegt ráðstöfunarfé frá lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins sbr. lokamálsgrein 51. gr. laga um almennatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum.

10. gr.

Nú hefur langlegusjúklingur eigin tekjur umfram 13.200 krónur á mánuði. Frá þeim tíma sem bætur almennatrygginga falla niður skal hann með þeim tekjum sem umfram eru taka þátt

í dvalarkostnaði. Þó skal hann í hverjum mánuði aldrei greiða hærri fjárhæð en sem nemur dvalarkostnaði í þjónustuhúsnæði aldraðra eins og hann er ákveðinn af daggjaldanefnd, sbr. 3. gr.

Tekjuviðmiðun skv. 1. mgr. skal breytast í samræmi við breytingar á tekjutryggingu almennatrygginga.

Nú á langlegusjúklingur maka og skulu þá eigin tekjur langlegusjúklingsins skiptast að jöfnu milli hans og maka. Séu tekjur langlegusjúklings eftir skiptinguna hærri en 13.200 krónur skal hann með þeim tekjum sem umfram eru taka þátt í dvalarkostnaði sínum sbr. 1. mgr.

11. gr.

Nú hefur langlegusjúklingur eigin tekjur sem ekki ná mánaðarlegu ráðstöfunarfé skv. lokamálsgrein 51. gr. laga um almennatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum og er þá lifeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins heimilt að greiða honum mismuninn.

12. gr.

Er nýr langlegusjúklingur leggst inn í hjúkrunarrými aldraðra skulu stjórnendur stofnunarinnar óska eftir því við Tryggingastofnun ríkisins að hún kanni hvort viðkomandi skuli taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar skv. 10. gr.

13. gr.

Í byrjun hvers mánaðar skal stofnun innheimta hjá langlegusjúklingi, sbr. 12. gr., hlut hans í dvalarkostnaði nýliðins mánaðar. Stofnunin skal gera Tryggingastofnun ríkisins skil á innheimtu vegna nýliðins mánaðar fyrir 15. næsta mánaðar.

Nú vanrækir stofnun þessa innheimtu og er Tryggingastofnun þá heimilt að halda eftir samsvarandi hluta af mánaðarlegum greiðslum til viðkomandi stofnunar.

IV. KAFLI

Greiðsla dvalarkostnaðar í hjúkrunarrými á stofnunum sem reknar eru með beinum fjárframlögum úr ríkissjóði skv. fjárlögum hverju sinni.

14. gr.

Langlegusjúklingur sem hefur eigin tekjur umfram 13.200 krónur og dvelur í hjúkrunarrými á stofnun sem rekin er með beinum fjárframlögum úr ríkissjóði skv. fjárlögum hverju sinni skal taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar eftir reglum 10. gr.

Sama máli gegnir um aldraðan einstakling sem dvalið hefur svo lengi á almennri sjúkrastofnun að greiðslur almennatryggingabóta skv. lokamálsgrein 51. gr. laga um almennatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum eru fallnar niður.

15. gr.

Pegar langlegusjúklingur hefur verið svo lengi á sjúkrastofnun sem rekin er með beinum fjárframlögum úr ríkissjóði skv. fjárlögum hverju sinni, að reglur 14. gr. um greiðsluþátttöku eiga við, skulu stjórnendur stofnunarinnar óska eftir því við Tryggingastofnun ríkisins að hún kanni hvort viðkomandi skuli taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar skv. 10. gr.

16. gr.

Í byrjun hvers mánaðar skal stofnun innheimta hjá langlegusjúklingi, sbr. 14. og 15. gr., hlut hans í dvalarkostnaði nýliðins mánaðar. Tekjur þessar skulu færast í bókhald stofnunar sem sértekjur. Fjármálaráðuneyti er heimilt, skv. upplýsingum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, að halda eftir af beinum fjárframlögum skv. fjárlögum upphæð sem svarar til þessara sértekna.

17. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 30. sbr. 27. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989, öðlast gildi 1. febrúar 1990.

Reglugerð þessa skal endurskoða eigi síðar en tveimur árum frá gildistöku hennar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. janúar 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Fylgiskjal:

ÖLDRUNARSTOFNANIR OG HJÚKRUNARRÝMI FYRIR ALDRAÐA,
skv. 18. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989 1. janúar 1990.

	Þjónustu- húsnæði	Hjúkrunarrými á	
		Öldrunar- stofnun	Almennri sjúkrastofnun
Reyjavíkurbérað			
Seljahlíð	78		
Dvalarheimilið Fell	30		
Droplaugarstaðir	32	36	
Hrafnista DAS	153	189	
Elliheimilið Grund	125	160	
Skjól		102	
Borgarspítali B-álma (öldrunarþjónustudeild)			81
Hvítabandið			19
Heilsuverndarstöðin			24
Landakot, Hafnarbúðir			21
Landspítali, Hátún 10B (öldrunarþjónustudeild)			63
Reykjaneshérað			
Garðvangur, Garði	3	41	
Hlévangur, Keflavík	15		
Sjúkrahús Keflavíkurlæknishéraðs			15
Hrafnista DAS, Hafnarfirði	66	148	
Sólvangur, Hafnarfirði			106
Dvalarheimilið Skjólbraut, Kópavogi	14		
Sunnuhlíð, Kópavogi			54
Ellivistun á einkaheimili, Kópavogi	5		
Vesturlandshérað			
Höfði, Akranesi	48		
Sjúkrahús Akraness			30
Dvalarheimilið Borgarnesi	45	12	
Jaðar, Ólafsvík	3	4	
Fellaskjól, Grundarfirði	7	10	
Dvalarheimilið Stykkishólmi	25		
Fransiskusspítalinn			25
Fellsendi, Búðardal		15	
Barmahlíð, Reykhólum	3	4	

	Þjónustu- húsnæði	Hjúkrunarrými á	
		Öldrunar- stofnun	Almennri sjúkrastofnun
Vestfjarðahérað			
Sjúkrahúsið Patreksfirði			14
Öldrunarstofnun Önfirðinga			7
Sjúkrahúsið Þingeyri			8
Sjúkrahúsið Bolungarvík			21
Elliheimili Ísafjarðar	16		
Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði			25
Sjúkrahúsið Hólmavík			13
Norðurlandshérað vestra			
Sjúkrahús Hvammstanga			30
Sæborg, Skagaströnd	15		
Héraðshælið Blönduósi	12		30
Sjúkrahús Skagfirðinga	20		60
Sjúkrahúsið Siglufirði			32
Norðurlandshérað eystra			
Hornbrekka, Ólafsfirði	17	13	
Dalbær, Dalvík	24	20	
Þjónustumiðst. Hlíð, Akureyri	46		
Hjúkrunarheimilið Hlíð, Akureyri	18	64	
Skjaldarvík, Akureyri	70		
Kristnes, Hrafnagilshreppi			24
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri			15
Fjórðungssjúkrahúsið, Sel			23
Hvammur, Húsavík	50		
Sjúkrahúsið Húsavík			40
Austurlandshérað			
Sundabúð, Vopnafirði			12
Sjúkrahúsið Egilstöðum			22
Sjúkrahúsið Seyðisfirði			23
Hulduhlíð, Eskifirði	17		
Fjórðungssjúkrahúsið á Neskaupstað	11		21
Uppsalið, Fáskrúðsfirði	13		
Skjólgarður, Höfn Hornafirði	21	25	
Suðurlandshérað			
Heiðarbær, Kirkjubæjarklaustri	5	7	
Hjallatún, Vík í Mýrdal	14		
Kirkjuhvoll, Hvolsvelli	30		
Lundur, Hellu	26		
Blesastaðir, Hrunamannahreppi	12		
Sjúkrahús Suðurlands Ljósheimar			26
Sjúkrahús Suðurlands			19
Kumbaravogur, Stokkseyri	34	40	
Sólvellir, Eyrarbakka	11		
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	130	64	
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	21	23	
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum			20

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 640/1989, um greiðslufrest á virðisaukaskatti í tolli.

1. gr.

Við 3. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er orðist svo:

Víkja má frá kröfu um sjálfsskuldarábyrgð, samkvæmt 1. málsgrein að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Innflytjandi hafi leyfi til einfaldari tollmeðferðar samkvæmt reglum, nr. 367/1984, um einfaldari tollmeðferð á vörum, eða flytji inn vörur sem flokkast í tollskrárnúmer sem talin eru upp í viðauka við reglugerð þessa.
2. Innflytjandi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld til ríkissjóðs þegar beiðni um greiðslufrest á virðisaukaskatti er borin fram.
3. Innflytjandi hafi haft verslunar- eða iðnaðarleyfi í a.m.k. þrjá mánuði áður en beiðni um greiðslufrest á virðisaukaskatt er borin fram.

Komi í ljós að innflytjandi uppfyllir ekki lengur ofangreind skilyrði skal þegar í stað krefjast ábyrgðar samkvæmt 1. málsgrein.

2. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer bætast við viðauka reglugerðarinnar:

1001.9000	3920.4109	3920.9309	3923.5000	4819.3009	7310.2100
2513.1101	3920.4209	3920.9409	3923.9009	4819.4001	7310.2900
2513.1102	3920.5900	3920.9909	4415.1000	4819.4009	7322.1902
2513.1109	3920.6109	3921.9009	4602.1001	4819.5001	7612.1000
3507.9000	3920.6209	3923.1009	4602.9001	4819.5009	7612.9000
3917.2200	3920.6309	3923.2101	4602.9002	4821.1001	7616.9011
3917.3900	3920.7109	3923.2109	4819.1001	5807.1000	7907.9002
3919.1000	3920.7309	3923.2901	4819.1009	5807.9000	7806.0001
3920.1009	3920.7909	3923.2909	4819.2001	6813.1000	8004.0000
3920.2009	3920.9109	3923.3000	4819.2009	7017.1000	8005.1000
3920.3009	3920.9209	3923.4000	4819.3001	7010.9000	8309.9000

3. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr viðauka reglugerðarinnar:

1001.9001	7326.9005
1001.9009	8004.0001
2513.1100	8004.0009
3507.9900	8005.1001
5105.2900	8005.1009

4 gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 34. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi 1. febrúar 1990.

Fjármálaráðuneytið, 26. janúar 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Veltubæ.

1. gr.

Nafn sjálfseignarstofnunarinnar er Veltubær, er hún stofnuð af Stórstúku Íslands, samkvæmt fundarsamþykktum framkvæmdanefndar 29. desember 1989 og 13. janúar 1990. Heimili hennar og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjálfseignarstofnunarinnar er að stuðla að eflingu starfsemi Góðtemplarareglunnar á Íslandi. Í því skyni skal stofnunin starfrækja fjáröflun í víðasta skilningi til stuðnings heilbrigðri bindindisstarfsemi. Í þeim tilgangi er sjálfseignarstofnuninni heimilt að starfrækja fjáröflun, s.s. með happdrætti, bingópili og rekstri fasteigna.

3. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum og tveimur til vara. Stjórnarmenn skulu vera góðir og gildir félagsmenn Góðtemplarareglunnar á Íslandi. Við val í stjórnina skal haft að leiðarljósi, að Góðtemplarareglan er landssamband. Með vísan til 4. gr. skipulagsskrár þessarar, hafa fjórir menn verið skipaðir af Stórstúku Íslands í fyrstu stjórn sjálfseignarstofnunarinnar auk tveggja varamanna, en fimmti maður í stjórninni skal vera stórtemplar eða staðgengill hans. Kjörtímabil tveggja stjórnarmanna og annars varamanns fyrstu stjórnar skal vera 5 ár, en hinna tveggja stjórnarmannanna og hins varamannsins skal vera 6 ár. Kjörtímabil eftir það skal vera 2 ár í senn, sem fer þannig fram í tvennu lagi sitt hvort árið. Endurkjör stjórnarmanna og varamanna er heimilt og atkvæðisrétt við kjörið hefur fullskipuð fimm manna stjórn. Stjórnin skiptir sjálf árlega með sér verkum og kýs úr sínum hópi formann. Á stjórnarfundum ræður meirihluti atkvæða ákvörðun stjórnar, en stjórnin skal leitast við að ná samhljóða niðurstöðu um ákvarðanir. Uppfylli stjórnarmaður ekki lengur skilyrði fellur hann sjálfkrafa úr stjórn og tekur fyrri varamaður sæti hans í stjórninni. Stjórnin skal halda gerðabók um fundi sína. Hlutkesti ræður við fyrstu endurnýjun stjórnarmanna og varamanns, þ.e. hvaða sæti eru til 5 ára.

4. gr.

Stofnandi sjálfseignarstofnunarinnar, framkvæmdanefnd Stórstúku Íslands, í umboði Stórstúku Íslands, hefur skipað eftirfarandi aðila í stjórn sjálfseignarstofnunarinnar og varastjórn:

Stjórn:

- | | |
|--|--|
| 1. Kristinn Vilhjálmsson, kt. 130312-2849, Laufásvegi 59, Reykjavík. | 2. Guðlaugur Fr. Sigmundsson, kt. 200245-4079, Torfufelli 13, Reykjavík. |
| 3. Mjöll Matthíasdóttir, kt. 180565-4779, Tannstöðum, Vestur-Hún. | 4. Stefán Jónatansson, kt. 250640-3829, Hjallabrekku 43, Kópavogi. |
| 5. Hilmar Jónsson, kt. 120532-4139, Hátúni 27, Keflavík. | |

Varamenn:

1. Sveinn Kristjánsson, kt. 211122-7069, Seljahlíð 7e, Akureyri.

2. Ingibjörg Á. Johnsen, kt. 100722-4389, Skólavegi 7, Vestmannaeyjum.

5. gr.

Stofnandi sjálfseignarstofnunarinnar er framkvæmdanefnd Stórstúku Íslands í umboði Stórstúku Íslands. Sjálfseignarstofnunin tekur við öllum eignum, réttindum, skyldum og samningum bingósins í Tónabæ í Reykjavík og kaupum á fasteigninni Skipholti 33 í Reykjavík, Tónabíói. Stofnfé er krónur 3 600 000,00 krónur þrjár milljónir og sex hundruð þúsund 00/100.

6. gr.

Reikningsár sjálfseignarstofnunarinnar er almanaksárið. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða ársreikninga og skal þeirri endurskoðun lokið í apríl ár hvert fyrir síðasta starfsár. Senda skal reikninga áritaða af stjórn og endurskoðanda til ríkisendurskoðunar.

7. gr.

Tekjur sjálfseignarstofnunarinnar eru ágóði af starfsemi hennar, sbr. 2. gr. skipulagsskrár þessarar.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari verður því aðeins breytt, að allir stjórnarmenn og varamenn séu sammála um breytinguna, svo og framkvæmdanefndarmenn Stórstúku Íslands.

9. gr.

Stjórninni er heimilt að ráða framkvæmdastjóra. Hann ræður starfsfólk og hefur prókúruumboð.

10. gr.

Sjálfseignarstofnunin verður ekki lögð niður nema með einróma samþykki fullskipaðrar stjórnar hennar, að fenginni tillögu frá framkvæmdanefnd Stórstúku Íslands. Verði hún lögð niður renna eignir hennar til Stórstúku Íslands.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dóms- og kirkjumálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. janúar 1990.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Garðs í Gerðahreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 23. janúar 1990 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Garðs í Gerðahreppi 1988-2008.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Gerðahrepps í Gullbringusýslu hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðuneytisins.

Félagsmálaráðuneytið, 24. janúar 1990.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

um sorphreinsun í Stöðvarhreppi, S-Múlasýslu.

1. gr.

Stöðvarhreppur annast eða býður út alla sorphreinsun innan marka kaupsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphreinsun fram undir yfirstjórn sveitarfélagsins og eftirliti heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Sérhver íbúðarhafi í Stöðvarhreppi er skyldugur að nota þær aðferðir og ílát við sorphreinsun sem sveitarstjórn ákveður.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og húseigendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun. Húseigendur skulu kosta kaup sorpgeymsluhláta sinna og viðhald þeirra.

3. gr.

Sorpið sem sett er í sorpílátin má vera allt venjulegt heimilissorp. Ekki má setja í sorppoka mold, mól, grjót, byggingarsorp, o.þ.h. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum sem hætta er á að skeri eða rífi pokana skal pakkað eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Pokar mega ekki vera þyngri en svo að auðvelt sé að meðhöndla þá og ekki sé hætta á að þeir rifni. Gæta skal þess að fylla ekki sorppoka meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

4. gr.

Sorphreinsun fer að jafnaði fram vikulega. Um stórhátíðir skal framkvæma aukahreinsanir eftir því sem við verður komið og þörf krefur. Stöðvarhreppur leggur til einn til tvo sorppoka fyrir hverja íbúð við hverja hreinsun. Aukapoka má fá keypta á skrifstofu sveitarfélagsins.

5. gr.

Allt sorp sem eigi verður látið í poka, eða sem hirða þarf örar en samþykkt þessi gerir ráð fyrir, skulu eigendur annast á eigin kostnað sé ekki um annað samið.

6. gr.

Verslunar- og iðnfyrirtækjum og þeim aðilum öðrum sem hafa með höndum starfsemi sem krefst tíðari og víðameiri sorphreinsunar en um getur hér að framan, ber sjálfum að annast og kosta þá sorphirðu. Allan flutning á vegum einstaklinga og fyrirtækja á sorphauga Stöðvarhrepps skal framkvæma eftir ströngustu fyrirætlum sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar og skal þrífnaður í hávegum hafður.

7. gr.

Almenn sorphirða venjulegs húsasorps greiðist af sveitarsjóði. Þó skal sveitarstjórn heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphreinsunargjald í sérstakri gjaldskrá sem staðfestist af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og innheimtist með fasteignagjöldum. Slíkt gjald má aldrei vera hærra en sannanlegur kostnaður við sorphirðu.

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðunnar, skal hann koma slíkra kvörtun til hreppsnefndar Stöðvarhrepps eða heilbrigðisfulltrúa.

9. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það sveitarstjórn eða heilbrigðisfulltrúa, sem gangast þá í því að úr verði bætt. Sorphreinsunarmönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka.

10. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

11. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Stöðvarhrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. janúar 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphreinsun í Stöðvarhreppi árið 1990.

1. gr.

Upphæð sorphreinsunargjalds í Stöðvarhreppi fyrir árið 1990 skal vera kr. 3 500, sbr. 7. gr. samþykktar um sorphreinsun nr. 51/1990.

Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Stöðvarhrepps, staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. janúar 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.

AUGLÝSING

um skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga
opinberra starfsmanna.

Stofnun:

Menntamálaráðuneyti

Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Stofnun Árna Magnússonar

Öskjuhlíðarskóli, fjölskylduheimili

Meðferðarheimili fyrir unga

fíkniefnaneytendur

Unglingaheimili ríkisins

Landsbókasafn Íslands

Ríkisútvarp

Utánríkisráðuneyti

Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli

Landbúnaðarráðuneyti

Bændaskólinn á Hólum

Bændaskólinn á Hvanneyri

Laxeldisstöðin í Kollafirði

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Almannavarnir

Félagsmálaráðuneyti

Málefni fatlaðra, sambýli, vistheimili,

þjón.míðstöðvar og meðferðarheimili

Styrktarfélag vangefinna

sambýli og vistheimili

Skálatún, Mosfellsbæ

Sólheimar, Grímsnesi

Vinnueftirlit ríkisins

Starf:

Framleiðsla og dreifing lyfja (5):

Deildarstjóri (dýralæknir)

Ranns.menn/meinataeknar (2)

Fulltrúi við afgreiðslu

Skrifstofustjóri

Frumurækt (2):

Rannsóknarmenn/meinataeknar

Störf við umhirðu dýra (4):

Umsjónarmaður (bústjóri)

Rannsóknarmenn (3)

Naturverðir

Starfsmenn við sólarhringsvistun

Starfsmenn við sólarhringsvistun

Starfsmenn við sólarhringsvistun

Húsvörður

Húsverðir

Naturverðir

Símaverðir

Umsjónarmenn

Útvarpsþulir

Útsendingarstjóri

Yfirverkfræðingur

Flugumferðarstjórar

Fjárhirðir

Loðdýrahirðir

Fjósameistari

Refahirðir

Eldismaður

Fulltrúi og aðrir starfsmenn

Starfsmenn við sólarhringsvistun

Starfsmenn við sólarhringsvistun

Starfsmenn við sólarhringsvistun

Starfsmenn við sólarhringsvistun

Umdæmisstjórar

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Heilsugæslustöðvar, H2-stöðvar

Hjúkrunarforstjórar

Yfirlæknar

Heilsugæslustöðvar, H1-stöðvar

Læknar

Hjúkrunarfræðingur/ljósmóðir,

þar sem lækniastaða er ósetin

Hjúkrunarfræðingur/ljósmóðir

Heilsugæslustöðvar, H-stöðvar

Ríkisspítalar:

Hjúkrunarforstjórar

Hjúkrunarframkvæmdastjóri Vífilsstöðum

Hjúkrunarframkvæmdastjóri Barna- og unglingsgeðdeild

Starfsmannastjóri/staðgengill hans

Deildarstjóri launadeildar

Tölvudeild, 3 starfsmenn

Bráðadeildir, allir starfsmenn nema annað sé tekið fram, þó ekki félagsráðgjafar, iðjuþjálfar, sálfræðingar og sjúkraþjálfarar:

Gjörgæsludeild, gæsluskáli þó lokaður

Vökudeildir (2)

Fæðingargangur, 23A

Bráðamóttaka, 10D, vegna bráðveikra sjúklinga

Skurðstofa, skurðhjúkrunarfræðingar (4),

sjúkraliði og svæfingahjúkrunafræðingar (2)

Bráðamóttökudeildir geðdeilda (3), ein deild á hverri skor

Bráðamóttaka á göngudeild geðdeildar, vegna bráðveikra sjúklinga

Blóðskilunardeild, 13B

Göngudeild á krabbameinslækningadeild, 21B

Meðferðardeildir, allir starfsmenn nema annað sé tekið fram, þó ekki félagsráðgjafar, iðjuþjálfar, sálfræðingar og sjúkraþjálfarar:

Lyflækningadeildir (2), þ.e. hjartadeild, 14E, og ein önnur lyflækningadeild

Handlækningadeildir (2), þ.e. ein bæklunarlækn.deild og ein almenn deild

Barnadeild, 13E, þó ekki fóstrur

Legudeildir geðdeildar:

14, 15, 23, 24, 25, 26, 27, 28, 29 og Laugarás

Barna- og unglingsgeðdeild, 8 rúm

Lungnadeild á Vífilsstöðum

Öldrunarlækningadeildir (2) í Hátúni

Kristnesspítali

Hjúkrunardeild (öldrunardeild), Vífilsstöðum

Kópavogshæli og Tjaldanes

Krabbameinslækningadeild, 11E, allur gangurinn fyrir krabbameinssjúklinga

Sængurkvennadeildir (2), þ.e. 22A og 22B

Á rannsóknarstofum og á Blóðbanka verði starfað skv. stórhátíðarvakt, þó með þeirri viðbót sem merkt er „umfram vakt“:

Rannsóknarstofa í meinafræði (RH):

A. Litningarannsóknir:

Meinataæknir/náttúrufræðingur (1)

B. Réttarlækni-fræði (krufningar) Barónsstíg:

Aðstoðarmaður (1)

Rannsóknarstofa í vefjafræði:

Meinataeknar (2), rannsóknarmaður (tölvur)
(umfram vakt), skrifstofumenn (2) (umfram vakt)

Rannsóknardeild I-II á Landspítala:

Meinataeknar (4) á dagvakt, meinataeknir (1) á kvöld- og næturvakt. Auk þess útköll
á lyfjavakt (meinataeknir) (1) (umfram vakt)

Ísótópastofa:

Meinataeknir (1), sérfræðingur (eðlisfræðingur) (1)

Sýklarannsóknadeild:

Meinataeknir (1), starfsmaður í ætagerð (1) (umfram vakt)

Ónæmisfræðideild:

Meinataeknir (1)

Veirufræðirannsóknir:

Meinataeknir/náttúrufræðingur (1)

Blóðbankinn:

Náttúrufræðingar (2) á blóðónæmisdeild

Náttúrufræðingur (1) við eyðniþróf (umfram vakt)

Hjúkrunarfræðingur/meinataeknir (1) á blóðtökudeild auk þess hjúkrunarfræðingur/
meinataeknir (1) (umfram vakt)

Ritari á blóðtökudeild

Endurhæfingardeild, starfi eins á stórhátíð

Röntgendeild, aðstoðarmenn (5), röntgentæknar (4)

Annað:

Símaverðir

Yfirmatráðskonur í eldhúsi

Lyfjafræðingar í apóteki

Vakt- og flutningadeild

Ketilhús, yfirvélstjóri

Tæknideild: á Landspítala 5 starfsmenn, á Kristnesspítala 1 starfsmaður ketilhús
yfirvélstjóri

Eðlisfræði- og tæknideild, rafeindatæknar (2), verkfræðingar (2)

Upplýsingar

Þvottahús, vélstjóri og aðstoðarmenn (2)

Sóttthreinsunardeild/dauðhreinsun, aðstoðarmenn (allir), hjúkrunarfræðingur og
sjúkraliðar (allir)

Fjármálaráðuneyti

ÁTVR og húseignin Borgartún 7

Lyfjaverslun ríkisins

Naturverðir Umsjónarmenn

Starfsmenn við afgreiðslu lyfja

Samgönguráðuneyti

Vegagerð ríkisins

Deildarstjóri launadeildar

Héraðsstjórar

Rekstrarstjórar

Starfsmannastjóri

Vegaeftirlitsmenn 3

Vitastofnun

Vitaverðir

Flugmálastjórn

Aðstoðarmenn í flugstjórn
 Deildarstjóri flugprófunardeildar
 Deildarstjóri flugrekstrardeildar
 Deildarstjóri loftferðaeftirlits
 Deildarstjóri radiódeildar
 Eftirlitsmaður flugöryggistækja
 Eftirlitsmaður vinnuvéla
 Flugradiómenn
 Flugumferðarstjórar
 Flugvallaeftirlitsmenn
 Flugvallaverðir
 Framkvæmdastj. loftferðaeftirlits
 Radióeftirlitsmenn
 Raftæknifulltrúar
 Slökkviliðsmenn
 Umdæmisstjórar
 Verkstjóri eftirlitsmanna
 Yfirverkstjóri
 Eftirlitsmenn veðurspádeildar
 Háloftamenn, Keflavíkflugvelli
 Rannsóknarmenn Keflav.flugvelli
 Veðurath.menn á Hveravöllum
 Yfirdeildarstjóri veðurspádeildar

Veðurstofa Íslands

Póst- og símamálastofnunin:

Fjármáladeild:

Aðalendurskoðandi
 Aðalgjaldkeri
 Birgðastjóri
 Deildarstjóri hagdeild

Tæknideild:

Aðst.framkvæmdastjóri radiódeildar
 Deildarstjóri (tæknifr.), fjölsímadeild
 Deildarstjóri II, ljósleiðaradeild
 Deildartæknifræðingur, gervihnattafjarskipti, jarðstöð
 Rafeindavirkjameistarar, gervihnattafjarskipti, mælaborð
 Rafeindavirkjar (2), gervihnattafjarskipti
 Rafeindavirkjar, ljósleiðaradeild (2)
 Rafeindavirkjaverkstjóri sjálfvirkra stöðva
 Símaverkstjóri, gervihnattafjarskipti, jarðstöð
 Símsmiðir, ljósleiðaradeild (2)
 Tæknifulltrúar, ljósleiðaradeild (2)
 Yfirdeildarstjóri, línur
 Yfirdeildarstjóri, mælistofu
 Yfirdeildarstjóri radiódreifistöðva
 Yfirdeildarstjóri radiósendistöðva
 Yfirdeildarstjóri sjálfvirkra stöðva
 Yfirsímaverkstjóri, ljósleiðaradeild
 Yfirtæknifræðingur, fjölsímadeild

Yfirtækniþræðingur radíódreifistöðva
Yfirtækniþræðingur radíósendistöðva
Yfirtækniþræðingur sjálfvirkra símstöðva
Yfirverkþræðingur, gagnaflutningsdeild
Yfirverkþræðingur, línur
Yfirverkþræðingur, radíóleiðir
Yfirverkþræðingur, sambandadeild
Yfirverkþræðingur sjálfvirkra símstöðva gagnanets og notendabúnaðar
Yfirverkþræðingur sjálfvirkra símstöðva
Yfirverkþræðingur, tæknirekstrardeild

Umsýsludeild:

Umsjónarmenn húsa

Starfsmannadeild:

Deildarstjóri launadeildar
Forstöðumaður starfsmannadeildar

Viðskiptadeild:

Forstöðumaður Póstgíróstofu
Póstmálafulltrúi

Símstöðin í Reykjavík:

Deildarstjóri, eftirlit og viðgerðir
Deildartækniþræðingur línu- og áætlunardeildar
Næturveiðir sjálfvirkra símstöðva (3)
Rafeindavirkjaverkstjóri sjálfvirkra símstöðva (AXE)
Rafeindavirkjaverkstjóri sjálfvirkra símstöðva (útl. símst.)
Ritsímaritari (1)
Talsímaverðir langlínu, 1 á hverri vakt
Talsímaverðir talsambands, 1 á hverri vakt
Tæknirekstrarstjóri
Yfirdeildarstjóri, bilanatilkynningar
Yfirdeildarstjóri jarðsíma- og loftlínudeildar
Yfirdeildarstjórar 1 og 2, ritsíma
Yfirdeildarstjóri sjálfvirkra símstöðva
Yfirumsjónarmaður ritsíma
Yfirumsjónarmenn talsambands við útlönd
Yfirvarðstjórar langlínu
Yfirvarðstjóri/símritari (1) ritsíma

Póststofan í Reykjavík:

Yfirdeildarstjóri bögglaudeildar

Umdæmi 1:

Svæðisumsjónarmenn

Vestmannaeyjar:

Símritari
Stöðvarstjóri
Yfirumsjónarmaður

Umdæmi II:

Svæðisumsjónarmenn
Umdæmistækniþræðingur

Ísafjörður:

Naturverðir
Símrítarar
Stöðvarstjóri
Talsímaverðir
Varðstjóri
Yfirumsjónarmaður með símritun

Umdæmi III:

Svæðisumsjónarmenn
Umdæmistæknifræðingur

Akureyri:

Stöðvarstjóri
Talsímaverðir, 1 á vakt
Varðstjórar

Siglufjörður:

Stöðvarstjóri
Yfirsímrítarar
Yfirumsjónarmaður með símritun

Umdæmi IV:

Svæðisumsjónarmenn
Umdæmistæknifræðingur

Höfn:

Loftskeytamaður
Ritsímarítarar
Símrítarar
Stöðvarstjóri
Yfirumsjónarmaður með símritun

Neskaupstaður:

Loftskeytamaður
Ritsímarítarar
Símrítarar
Stöðvarstjóri
Yfirumsjónarmaður með símritun

Radíóflugþjónusta, Gufunesi:

Bífreiðastjórar
Eftirlitsmenn með radíóflugþjónustu
Iðnaðarmaður
Kerfisfræðingur
Loftskeytamenn
Símrítarar
Stöðvarstjóri
Tæknifulltrúi
Yfirdeildarstjóri
Yfirsímrítarar
Yfirumsjónarmenn
Yfirvarðstjórar
Yfirvarðstjórar ICAO

Strandstöðvadeildin, Gufunesi:

Deildarstjóri
Loftskeytamenn
Nætúrverðir við talstöðvaþjónustu
Símrítarar
Yfirdeildarstjóri
Yfirsímrítarar
Yfirumsjónarmenn

Rjúpnahæð:

Stöðvarstjóri
Yfirsímaverkstjóri

Vatnsendi:

Rafeindavirkjameistarar (3)
Stöðvarstjóri

Lóranstöðin, Gufuskálum:

Flokksstjóri rafeindavirkja
Rafeindavirki/símrítari
Stöðvarstjóri
Tæknifulltrúi 1
Tæknifulltrúi 3
Umsjónarmenn (2)
Verkstjóri iðnaðarmanna
Vélgæslumenn (3)

Loranmonitor, Keflavíkurflugvelli:

Rafeindavirkjameistarar/símrítarar (2)
Stöðvarstjóri
Tæknifulltrúi
Varðstjórar (4)

Iðnaðarráðuneyti

Rafmagnsveitur ríkisins

Rafveitustjórar 3
Rafveitustjórar 2
Rafveitustjórar 1
Símaverðir í Reykjavík og umdæmum
Veitugæsla, Akureyri
Vélgæslumenn virkjana

Skrá þessi tekur gildi 15. febrúar 1990.

*Fjármálaráðuneytið, 31. janúar 1990.***Ólafur Ragnar Grímsson.***Birgir Guðjónsson.*

AUGLÝSING

um lista yfir þá forstöðumenn stofnana og staðgengla þeirra, sem óheimilt er að gera verkfall, skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. lög nr. 90/1986 um breyting á þeim, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Stofnun:	Staða:
Forsætisráðuneyti	Húsameistari ríkisins
Húsameistari ríkisins	Skrifstofustjóri
Þjóðhagsstofnun	Forstjóri
	Aðstoðarforstjóri
Menntamálaráðuneyti	
Háskóli Íslands	Háskólaritari
	Kennslustjóri
Háskólabókasafn	Háskólabókavörður
	Aðstoðarháskólabókavörður
Mannfræðistofnun	Forstöðumaður
Reiknistofnun H.Í.	Forstöðumaður
	Deildarstjóri
Stofnun Sigurðar Nordals	Forstöðumaður
Verkfræðistofnun H.Í.	Forstöðumaður
Endurmenntunarnefnd H.Í.	Endurmenntunarstjóri
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	Forstöðumaður
Raunvísindastofnun Háskólans	Framkvæmdastjóri
	Skrifstofustjóri
Stofnun Árna Magnússonar	Forstöðumaður
Orðabók háskólans	Forstöðumaður
Íslensk málstöð	Forstöðumaður
Örnefnastofnun	Forstöðumaður
Háskóli á Akureyri	Rektor
	Skrifstofustjóri
Kennaraháskóli Íslands	Konrektor
Rannsóknastofnun uppeldismála	Forstöðumaður
Náttúrufræðistofnun Íslands	Forstöðumaður
Rannsóknaráð ríkisins	Framkvæmdastjóri
Mennta-, fjölbrauta-, verkmennta- og framhaldsskólar	Rektorar, skólameistarar og skólastjórar (til starfa annarra en kennslu)
	Aðstoðarskólameistarar og yfirkennarar (til starfa annarra en kennslu)
Námsgagnastofnun	Námsgagnastjóri
	Skrifstofustjóri
Íþróttakennaraskóli Íslands	Skólastjóri
Grunnskólar	Skólastjórar (til starfa annarra en kennslu)
	Yfirkennarar (til starfa annarra en kennslu)

Fræðsluskrifstofur
Þjálfunar- og hæfingarskólar ríkisins

Barnaverndarráð Íslands
Kvikmyndaeftirlit ríkisins
Meðferðarheimili fyrir unga
fíkniefnaneytendur
Unglingaheimili ríkisins
Landsbókasafn Íslands

Þjóðminjasafn Íslands

Þjóðskjalasafn Íslands
Listasafn Einars Jónssonar
Listasafn Íslands
Kvikmyndasafn Íslands
Blindrabókasafn Íslands
Náttúruverndarráð
Þjóðgarðurinn Skaftafelli
Vísindasjóður
Kvikmyndasjóður
Lánasjóður íslenskra námsmanna
Ríkisútvarp

Þjóðleikhús

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Menningarsjóður

Utánríkisráðuneyti

Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli
Þróunarsamvinnustofnun Íslands
Fríhöfnin
Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli

Sala varnarliðseigna

Landbúnaðarráðuneyti

Veiðistjóri
Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Tilraunastöðvar RALA

Fræðslustjórar
Skólastjórar
(til starfa annarra en kennslu)
Yfirkennarar
(til starfa annarra en kennslu)
Framkvæmdastjóri
Forstöðumaður
Forstöðumaður

Forstöðumaður
Landsbókavörður
Deildarstj., staðg. forst.manns
Þjóðminjavörður
Varaþjóðminjavörður
Þjóðskjalavörður
Forstöðumaður
Forstöðumaður
Forstöðumaður
Forstöðumaður
Framkvæmdastjóri
Þjóðgarðsvörður
Framkvæmdastjóri
Framkvæmdastjóri
Framkvæmdastjóri
Útvarpstjóri
Framkvæmdastjóri sjónvarps
Framkvæmdastjóri hljóðvarps
Fjármálastjóri
Þjóðleikhússtjóri
Fjármálastjóri
Framkvæmdastjóri
Skrifstofustjóri
Framkvæmdastjóri

Aðalfulltrúi
Framkvæmdastjóri
Framkvæmdastjóri
Flugvallarstjóri
Skrifstofustjóri
Forstjóri

Veiðistjóri
Forstjóri
Aðstoðarforstjóri
Tilraunastjórar/bústjórar

Skógrækt ríkisins

Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins
á Mógilsá
Landgræðsla ríkisins

Mat á landbúnaðarafurðum
Sauðfjárveikivarnir

Veiðimálastofnunin

Landbúnaðarskólar

Garðyrkjuskóli ríkisins

Laxeldisstöðin í Kollafirði
Einangrunarstöð í Hrísey

Áburðarverksmiðja ríkisins

Sjávarútvegsráðuneyti
Fiskifélag Íslands

Hafrannsóknastofnun

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Ríkismat sjávarafurða

Verðlagsráð sjávarútvegsins
Skrifst rannsóknastofnana atv.veganna

Síldarverksmiðjur ríkisins

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti
Rannsóknarlögregla ríkisins
Sýslumenn og bæjarfógetar
Dómstóll og rannsóknardeild í
ávana- og fíkniefnamálum
Fangelsismálastofnun
Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu

Skógræktarstjóri
Skógarverðir
Forstöðumaður

Landgræðslustjóri
Skrifstofustjóri
Forstöðumaður
Framkvæmdastjóri
Deildarstjóri (dýralæknir)
Veiðimálastjóri
Skrifstofustjóri
Skólastjórar
(til starfa annarra en kennslu)
Yfirkennarar
(til starfa annarra en kennslu)
Skólameistari
(til starfa annarra en kennslu)
Yfirkennari
(til starfa annarra en kennslu)
Stöðvarstjóri
Framkv.stjóri (dýralæknir)
Bústjóri
Forstjórar

Fiskimálastjóri
Skrifstofustjóri
Forstjóri
Aðstoðarforstjórar
Forstjóri
Yfirverkfræðingur, staðg. forstj.
Fiskmatsstjóri
Skrifstofustjóri
Framkvæmdastjóri
Forstöðumaður
Skrifstofustjóri
Framkvæmdastjóri
Skrifstofustjóri
Verksmiðjustjórar

Vararannsóknarlögreglustjóri
Aðalfulltrúar
Aðalfulltrúi

Forstjóri
Forstöðumaður

Vinnuhælið á Litla-Hrauni

Forstöðumaður
Yfirfangavörður

Vinnuhælið á Kvíabryggju

Forstöðumaður
Framkvæmdastjóri
Framkvæmdastjóri

Almannavarnir ríkisins

Forstöðumaður

Umferðarráð

Biskupsritari

Löggildingarstofan

Söngmálastjóri

Biskup Íslands

Forstöðumaður

Söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar

Húsmæðraskóli Þjóðkirkjunnar

Félagsmálaráðuneyti

Skipulagsstjóri ríkisins

Skipulagsstjóri
Yfirarkitekt

Málefni fatlaðra, svæðisstjórnir

Framkv.stjórar svæðisstjórna

Málefni fatlaðra, sambýli, vistheimili,

Forstöðumenn

þjón.miðstöðvar og meðferðarheimili

Aðstoðarforstöðumenn

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Forstöðumaður

Framkvæmdastjóri

Brunamálastofnun ríkisins

Brunamálastjóri

Jafnréttisráð

Framkvæmdastjóri

Vinnueftirlit ríkisins

Forstjóri

Húsnæðisstofnun ríkisins

Framkvæmdastjóri

Aðstoðarframkvæmdastjóri

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Tryggingastofnun ríkisins

Forstjóri

Skrifstofustjóri

Atvinnuleysistryggingasjóður

Framkvæmdastjóri

Eftirlaunasjóður aldraðra

Framkvæmdastjóri

Landlæknisembættið

Aðstoðarlandlæknir

Tryggingaeftirlitið

Forstöðumaður

Skrifstofustjóri

Hollustuvernd ríkisins

Framkvæmdastjóri

Forstöðumenn

Sjónstöð Íslands

Forstöðumaður

Geislavarnir ríkisins

Forstöðumaður

Embætti héraðslækna

Héraðslæknar

Áfengisvarnarráð

Áfengisvarnarráðunautur

Skólar heilbrigðisstétta

Skólastjórar

(til starfa annarra en kennslu)

Yfirkennarar

(til starfa annarra en kennslu)

Skrifstofa ríkisspítala

Framkvæmdastj. stjórn.sviðs

Framkvæmdastjóri tæknisviðs

Ríkisspítalar

Framkvæmdastjórar sviða

Varaframkvæmdastjórar sviða

Eldhús ríkisspítala

Forstöðumaður

Aðstoðaryfirmatráðskona

Pvottahús ríkisspítala

Forstöðumaður

Gæsluvistarhælið Gunnarsholti

Aðstoðarforstöðumaður

Heyrnar- og talmeinastöð

Forstöðumaður

Aðstoðarforstöðumaður

Kópavogshælið

Forstöðumaður

Kristnesspítali

Yfirheyrnar- og talmeinafræðingur

Tjaldanes

Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri

Forstöðumaður

Fjármálaráðuneyti

Ríkisskattstjóri

Vararíkisskattstjóri

Skattstofur

Skattstjórar

Ríkisskattanefnd

Skrifstofustjórar

Ríkistollstjóri

Yfirlögfræðingur

Tollstjórinn í Reykjavík

Skrifstofustjóri

Tollgæslan í Reykjavík

Skrifstofustjóri

Fasteignamat ríkisins

Skrifstofustjóri

Skrifstofustjóri

Forstjóri

Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins

Yfirverkfræðingur

Forstöðumaður

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Yfirverkfræðingur

Forstjóri

Lyfjaverslun ríkisins

Aðstoðarforstjóri

Lyfsölustjóri

Innkaupastofnun ríkisins

Fjármálastjóri

Forstjóri

Skrifstofustjóri

Samgönguráðuneyti

Vegagerð ríkisins

Aðstoðarvegamálastjóri

Vita- og hafnamálaskrifstofan

Framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs

Framkvæmdastjóri tæknisviðs

Vitastofnun Íslands

Vita- og hafnamálastjóri

Forstöðumaður tæknideildar

Siglingamálastofnun ríkisins

Forstöðumaður

Siglingamálastjóri

Rannsóknanefnd sjóslysa

Forstöðumaður skrifstofusviðs

Flugmálastjórn

Framkvæmdastjóri

Ferðamálaráð

Varaflugmálastjóri

Veðurstofa Íslands

Ferðamálastjóri

Veðurstofustjóri

Landmælingar Íslands

Yfirdeildarstjóri tækni- og veðurath.deildar

Forstjóri

Skrifstofustjóri

31. janúar 1990

103

Nr. 54

Póst- og símamálastofnunin

Aðst. póst- og símamálastjóri
Framkvæmdastjórar
Umdæmisstjórar
Símsstjórinn í Reykjavík
Póstmeistarinn í Reykjavík
Forstjóri
Framkvæmdastjóri tæknisviðs

Skipaútgerð ríkisins

Iðnaðarráðuneyti

Iðntæknistofnun Íslands

Forstjóri
Fjármálastjóri

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins

Forstjóri
Aðstoðarforstjóri

Orkustofnun

Forst.maður stjórnunarsviðs

Rafmagnseftirlit ríkisins

Rafmagnseftirlitsstjóri

Rafmagnsveitur ríkisins

Yfirverkfræðingur

Forstöðumaður fjármálasviðs

Sementsverksmiðja ríkisins

Forstöðumaður tæknisviðs

Forstjórar

Viðskiptaráðuneyti

Verðlagsstofnun

Varaverðlagsstjóri

Listi þessi tekur gildi 1. febrúar 1990.

Fjármálaráðuneytið, 31. janúar 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Birgir Guðjónsson.

24. janúar 1990

Nr. 55

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið bann við bifreiðastöðum á Skothúsvegi frá Laufásvegi að Sóleyjargötu/ Frikirkjuvegi.

Ákvörðun þessi tekur gildi 22. febrúar 1990.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 24. janúar 1990.

Böðvar Bragason.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð um skoðun kvikmynda hjá Kvikmynda-
eftirliti ríkisins nr. 614/1989.**

1. gr.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Fyrir skoðun kvikmynda í kvikmyndahúsi eftir 7. mgr. 58. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966 skal sá er skoðunar beiðist greiða gjald til hvers skoðunarmanns er miðast við 3,0 klst. í yfirvinnu í launaflokki sem menntamálaráðuneytið ákveður.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 9. janúar 1990.***Svavar Gestsson.**

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um störf fræðslustjóra.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Menntamálaráðuneytið setur eða skipar fræðslustjóra að fengnum tillögum fræðsluráðs, sbr. 13. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.

2. gr.

Fræðslustjóri er fulltrúi menntamálaráðuneytisins um fræðslumál í fræðsluumdæminu varðandi kennslu- og stjórnunarmál allra skóla sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Hann hefur umsjón með kennslu og skólalaldi í grunnskólum umdæmisins og skal fylgjast með því að fylgt sé lögum, reglum og fyrirmælum um fræðslumál í þessum skólum. Hann hefur í umboði menntamálaráðuneytisins umsjón með eignum og rekstri þeirra skóla sem grunnskólalög taka til, sbr. þó 29. gr. grunnskólalaga.

Fræðslustjóri kannar í samvinnu við skólastjóra, skólalækni og með aðstoð sérfræðiþjónustu fræðsluskrifstofu og annarra hlutaðeigandi aðila, hvort í fræðsluumdæminu séu nemendur, sem vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum þurfa á sérkennslu að halda.

Fræðslustjóri er forstöðumaður fræðsluskrifstofu. Hann er ennfremur framkvæmdastjóri fræðsluráðs, sé svo um samið milli fræðsluráðs í umboði samtaka sveitarfélaga í viðkomandi umdæmi og fræðslustjóra, enda komi til samþykki menntamálaráðuneytisins.

Heimilt er fræðslustjóra að semja svo við samtök sveitarfélaga, einstök skólaverfi og sveitarfélög að fræðslu skrifstofa taki að sér tiltekin verkefni fyrir þessa aðila, enda komi full greiðsla fyrir. Á hliðstæðan hátt er fræðslustjóra heimilt að semja svo við samtök sveitarfélaga að skrifstofa þeirra eða einstakar starfsdeildir innan þeirra annist störf fyrir fræðsluskrifstofu, enda komi samþykki menntamálaráðuneytisins til.

3. gr.

Fræðslustjóri skal búsettur þar sem fræðsluskrifstofa umdæmisins er eða í næsta nágrenni.

4. gr.

Fræðslustjóri tekur laun úr ríkissjóði samkvæmt gildandi kjarasamningum. Um kjör fræðslustjóra fer eftir kjarasamningum og lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

5. gr.

Fræðslustjóri á rétt til setu á fundum fræðsluráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Skylt er formanni fræðsluráðs að boða til fundar ef fræðslustjóri óskar þess.

II. KAFLI

Rekstur fræðsluskrifstofu.

6. gr.

Ríkissjóður greiðir allan kostnað við rekstur fræðslu skrifstofu.

7. gr.

Fræðslustjóri skal árlega gera áætlun um rekstrarkostn að fræðsluskrifstofu fyrir komandi rekstrarár sem er almanaksár.

8. gr.

Fræðslustjóri ræður starfsfólk fræðsluskrifstofu og gerir við það ráðningarsamninga í umboði menntamálaráðuneytisins. Starfsmenn fræðsluskrifstofu eru ríkisstarfsmenn. Um ráðningu og starfskjör þeirra fer eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

9. gr.

Fræðsluskrifstofa annast greiðslu launa til þeirra starfsmanna sem ekki taka laun beint úr ríkissjóði.

10. gr.

Fræðslustjóri eða starfsmaður fræðsluskrifstofu í umboði hans annast greiðslur, bókhald og reikningsskil vegna skrifstofunnar.

11. gr.

Reikningar fræðsluskrifstofu skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðun.

III. KAFLI

Samskipti fræðslustjóra og skólanefnda.

12. gr.

Fræðslustjóri á rétt á að sitja fundi skólanefnda í umdæmi sínu með málfrelsi og tillögurétt. Ef fræðslustjóri óskar skal kveðja skólanefnd til fundar enda tilgreini hann hvaða mál hann óskar að leggja fyrir nefndina.

13. gr.

Skólanefnd ber að láta fræðslustjóra í té þær upplýsingar og þá aðstoð sem hann kann að óska svo að hann geti fylgst sem best með skólahaldi í skólahverfinu. Fræðslustjóra ber að leiðbeina skólanefnd eftir því sem hann telur ástæðu til eða hún óskar.

14. gr.

Fræðslustjóri úrskurðar mál sem honum er sérstaklega falið að skera úr, sbr. ákvæði reglugerða og erindisbréfa um einstaka þætti í starfi grunnskólans.

IV. KAFLI

Framkvæmd skólaskyldu.

15. gr.

Fræðslustjóri sér um og hefur eftirlit með framkvæmd skólaskyldu í umdæmi sínu í samvinnu við menntamálaráðuneytið, skólanefndir og skólastjóra.

16. gr.

Óski skólanefnd eftir að nota heimild í 41. gr. laga um grunnskóla um skertan skólatíma skal hún senda fræðslustjóra áætlun um framkvæmd skólahaldsins fyrir 15. mars fyrir hvert komandi skólaár.

17. gr.

Fræðslustjóri lætur fræðsluráði í té umsögn um óskir skólanefnda um að fullnægja með sumarskóla námskyldu barna í 1.-6. bekk grunnskóla.

18. gr.

Fræðslustjóri getur, að höfðu samráði við foreldra eða forráðamenn og skólastjóra, heimilað nemanda að gera eins árs hlé á námi að loknum 8. bekk grunnskóla, enda taki þá nemandinn þátt í atvinnulífi. Lýkur nemandinn þá grunnskólanámi þeim mun síðar. Nemandi, sem hefur gert hlé á námi og tekið þátt í atvinnulífi skv. 1. mgr., á rétt á að þau störf séu metin jafngild hluta af valgreinum 9. bekkjar, enda sanni hann störf sín með fullgildum vottorðum atvinnurekanda. Verði ágreiningur um þessi atriði sker fræðslustjóri úr.

19. gr.

Fræðslustjóri skal, ef skólastjóri óskar þess, leitast við að leysa mál er stafa af óeðlilegum misbresti á skólasókn nemenda. Vilji forráðamaður barns ekki hlíta ákvörðun fræðslustjóra getur hvor aðili um sig vísað málinu til barnaverndarnefndar. Sjá einnig lög nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna með áorðnum breytingum og reglugerð skv. þeim nr. 105/1970.

20. gr.

Fræðslustjóri getur veitt tímabundna undanþágu frá því að barn sæki skóla ef knýjandi ástæður eru fyrir hendi enda mæli skólastjóri og skólanefnd með því að undanþága sé veitt og fylgist með því að barnið stundi nám.

21. gr.

Sé nemandi komið fyrir í skóla í öðru fræðsluumdæmi en lögheimili hans er í og sá skóli getur ekki veitt nemandanum kennslu við hæfi ber skólastjóra að tilkynna það til fræðslustjóra sem tekur málið til úrlausnar.

V. KAFLI

Námsstjórn og námsmat.

22. gr.

Fræðslustjóri hefur með höndum almenna námsstjórn í grunnskólum fræðsluumdæmisins og fylgist með árangri nemenda, hvort tveggja í samráði við skólaþróunardeild menntamálaráðuneytisins.

23. gr.

Verkefni fræðslustjóra varðandi almenna námsstjórn eru m.a. þessi:

- 1) að sjá um að farið sé eftir gildandi námskrám og að skólar starfi tilskilinn tíma,
- 2) að kynna sér aga, stjórn og uppeldisáhrif skóla. Virðist þessum atriðum ábótavant skal fræðslustjóri ræða við skólastjóra, kennara og skólanefnd eftir því sem ástæður þykja til og gera ráðstafanir til úrbóta eftir því sem hann telur fært,
- 3) að fylgjast með að skýrsluhald og skjalavarsla skóla sé í góðu lagi,
- 4) að boða skólastjóra og kennara til fundar þegar honum þykir ástæða til,
- 5) að heimsækja skóla í umdæmi sínu eftir því sem tók eru á og hlýða á kennslu,
- 6) að kynna sér hvernig háttáð er námi þeirra nemenda sem fengið hafa undanþágu frá skólaskyldu, sbr. 19. og 20. gr.

24. gr.

Fræðslustjóri skal hafa eftirlit með námsmati í grunn skóla, sbr. VII. kafla grunnskóla-laga.

25. gr.

Fræðslustjóri skipuleggur ferðir fagnámsstjóra menntamálaráðuneytisins í umdæmi sínu í samráði við skólaþróunardeild.

VI. KAFLI

Starfsfólk grunnskóla.

26. gr.

Þegar skólastjóra- eða kennarastaða losnar í skólahverfi ber skólanefnd að tilkynna fræðslustjóra það tafar laust. Fræðslustjóri sendir tilkynninguna til menntamálaráðuneytisins sem auglýsir stöðuna. Skólanefnd veitir viðtöku umsóknum um skólastjóra- og kennarastöður og sendir fræðslustjóra tillögur sínar og umsagnir um umsækjendur. Verði ágreiningur milli skólastjóra og skólanefndar varðandi umsækjendur um kennarastöðu gerir hvor aðili um sig tillögur til fræðslustjóra. Fræðslustjóri sendir tillögur og umsagnir um stöðuveitingar til menntamálaráðuneytisins ásamt umsögn sinni. Forfallist skólastjóri grunnskóla lengur en tvo mánuði og sé enginn yfirkennari við skólann gerir skólanefnd í samráði við skólastjóra og fræðslustjóra tillögu til ráðuneytisins um ráðningu (setningu) í starfið þann tíma sem skólastjóri er forfallaður.

Skólastjóri ræður með samþykki skólanefndar stunda- og forfallakennara sbr. þó lög nr. 48/1986.

27. gr.

Telji skólastjóri að kennari eða kennari að skólastjóri hafi gerst brotlegur við lög þessi eða reglugerðir samkvæmt þeim getur hann vísað málinu til skólanefndar sem beinir því sem skjótast til fræðslustjóra ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Nú telur fræðslustjóri að aðgerðir í málinu þoli enga bið og getur hann þá gert tafarlaugar ráðstafanir til úrbóta um stundarsakir en gefur þegar í stað skýrslu til menntamálaráðuneytisins sem tekur ákvörðun í málinu.

28. gr.

Fræðslustjóri úrskurðar ágreiningsefni sem upp kunna að koma milli skólastjóra og kennararáðs og skólanefnd hefur vísað til hans.

29. gr.

Fræðslustjóri gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um trúnaðarmenn til aðstoðar við framkvæmd könnunar prófa. Ennfremur gerir fræðslustjóri tillögur um ráðningu prófdómara til starfa við námsmat í 9. bekk grunnskóla. Fræðslustjóri gerir einnig tillögur til ráðuneytisins um skipun eftirlitsmanna með námsmati skv. 61. gr. grunnskólalaga.

30. gr.

Fræðslustjóri skipuleggur viðræðufundir fyrir nýja kennara og ræður leiðsögukennara þeim til aðstoðar í samræmi við reglur sem menntamálaráðuneytið setur og að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólastjóra. Ráðuneytið setur reglur um leiðsögukennara að höfðu samráði við Kennaraháskóla Íslands.

VII. KAFLI

Áætlanagerð, fjármál, skólahúsnæði.

31. gr.

Fræðslustjóri skal safna upplýsingum um skólamál fræðsluumdæmisins að því er varðar skólahúsnæði, aðbúnað skóla og aðstöðu til skólahalds, ennfremur um kennsluhætti, svo og örðugleika við að framfylgja ákvæðum námsskrár um kennslu í grunnskóla.

32. gr.

Menntamálaráðuneytið sendir fræðslustjóra í upphafi hvers árs nauðsynleg gögn og fyrirmæli er varða áætlunargerð vegna fjárlaga. Áætlun fyrir hvert skólahverfi og fræðsluumdæmið í heild sendir fræðslustjóri til menntamálaráðuneytisins á þeim tíma sem það ákveður.

33. gr.

Áætlanargerð vegna fjárlaga skal við það miðuð að í hverjum skóla verði haldið uppi kennslu samkvæmt námskrá og ákvörðun menntamálaráðuneytisins um skiptingu kennslu- stunda milli námsgreina í 1.-9. bekk grunnskóla, sbr. einnig 46.-48. gr. laga um grunnskóla.

Ef þörf krefur skal fræðslustjóri endurskoða áætlanir samkvæmt þessari grein við upphaf skólaárs.

34. gr.

Nú eru fyrirsjáanlegar breytingar á skólahaldi í einu eða fleiri skólahverfum fræðslu- umdæmisins síðari hluta næsta almanaksárs (þ.e. fyrri hluta næsta rekstrarárs) eftir að áætlanir eru gerðar og skal þá fræðslustjóri láta fylgja áætlunum til ráðuneytisins greinar- gerð um breytingar ef ætla má að þær hafi í för með sér kostnaðarbreytingar svo að nokkru nemi.

35. gr.

Fræðslustjóri krefur sveitarfélög um endurskoðaða rekstrarreikninga grunnskóla fyrir 1. júní ár hvert.

36. gr.

Fræðslustjóri fylgist með skipulagi og framkvæmd skólaaksturs.

37. gr.

Telji fræðslustjóri skólahúsnæði ófullnægjandi gerir hann tillögur um úrbætur á því til hlutaðeigandi skólanefndar og sveitastjórnar, svo og til menntamálaráðuneytisins.

38. gr.

Nú hyggjast tvö eða fleiri sveitarfélög byggja saman skólamannvirki og skal fræðslustjóri þá veita aðstoð við samninga um skiptingu stofnkostnaðar sé þess óskað.

39. gr.

Fræðslustjóri skal hafa eftirlit með því að ráðstöfun á skólahúsnæði brjóti ekki í bága við notkun húsnæðisins til skólahalds.

40. gr.

Fræðslustjóri skal fylgjast með því að vinnuframlag þeirra starfsmanna skóla sem ráðnir eru af ríkinu og launa uppgjör við þá sé í samræmi við gildandi kjarasamninga og túlkun launaskrifstofu ríkisins á þeim.

VIII. KAFLI

Sérfræðiþjónusta fræðsluskrifstofu.

41. gr.

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta skóla er sérfræðileg deild í fræðsluskrifstofu og lýtur stjórn fræðslustjóra, sem skipuleggur störf deildarinnar. Í þeirri skipulagningu felst m.a. ákvarðanatáka um daglega starfshætti, heimsóknir í skóla, forgangsroðun verkefna, skýrslu- gerð o.fl.

42. gr.

Fræðslustjóri kemur á og hefur umsjón með kennslufræðilegri þjónustu fyrir fræðsluumdæmið, bæði á sviði almennrar kennslu og sérkennslu.

IX. KAFLI Ýmis ákvæði.

43. gr.

Skólastjórar grunnskóla skulu árlega gera fræðslustjóra grein fyrir hversu háttað var tómtunda- og félagslífi í skóla þeirra á næstliðnu skólaári.

44. gr.

Fræðslustjóri fylgist með skipulagi og framkvæmd heilsuverndar í grunnskólum í sínu umdæmi.

45. gr.

Vísi skólastjóri nemanda úr skóla um stundarsakir skal hann tafarlaust tilkynna fræðslustjóra þá ákvörðun og hvaða orsakir lágu til hennar. Fræðslustjóri tekur þá málið til meðferðar samkvæmt 54. gr. grunnskólalaga í samræmi við reglugerð nr. 512/1975 um skólareglur o.fl. í grunnskóla.

46. gr.

Fræðslustjóri fylgist með störfum einkaskóla í umdæmi sínu skv. 75. gr. grunnskólalaga.

47. gr.

Fræðslustjóri semur árlega og sendir ráðuneytinu skýrslu um störf sín á liðnu ári.

48. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 84. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla, sem breytt var með lögum nr. 87/1989 um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, öðlast gildi 1. febrúar 1990.

Menntamálaráðuneytið, 26. janúar 1990.

Svavar Gestsson.

Sólrún Jensdóttir.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins,
nr. 430, 22. september 1989.**

VI. kafli, Niðurgreiðslur og sérstakur afsláttur, breytist og orðist svo:

NIÐURGREIÐSLUR OG AFSLÁTTUR

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við rafhitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá hitaveitu sem starfrækt er á viðkomandi stað.

Rafmagnsveitur ríkisins veita ennfremur fyrst um sinn, sérstakan afslátt til sömu aðila og njóta niðurgreiðslna. Um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 40000 kWh á ári samkvæmt lið C1 og 56000 samkvæmt lið A5, en er skipt hlutfallslega niður á reikningstímabilið. Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C 1 Rofin daghitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 110 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 0,63 kr. á kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,16 kr. á kWh.

Liður A 5 Markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 153 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 0,45 kr. á kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,11 kr. á kWh.

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur 0,38 kr. á kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,16 kr. á kWh.

Breyting þessi gildir frá og með 1. febrúar 1990.

Iðnaðarráðuneytið, 30. janúar 1990.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

Ferðasjóðs Félags íslenskra barnalækna.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Ferðasjóður íslenskra barnalækna. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru læknarnir Víkingur H. Arnórsson, Hvassaleiti 75, Reykjavík, Guðmundur K. Jónmundsson, Dalsbyggð 4, Garðabæ og Gestur I. Pálsson, Ljárskógum 5, Reykjavík, allir starfandi á Barnaspítla Hringins, Landspítalanum.

Sjóðurinn er stofnaður í framhaldi af þingi Barnalæknasambands Norðurlanda (Nordisk Pædiatrisk Forening – NPF) sem haldið var í Reykjavík í júní 1988.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að auðvelda íslenskum barnalæknum þátttöku í norrænu samstarfi með því að veita fulltrúum þeirra ferðastyrki til að sækja stjórnarfundi í NPF eða aðra fundi sem haldnir eru á vegum samtakanna í einhverju hinna Norðurlandanna til eflingar félagslegum og faglegum samskiptum norrænna barnalækna.

Vöxtum og öðrum tekjum sjóðsins skal varið til slíkra styrkveitinga. Upphæð styrkja miðast við að ferðakostnaði hvers einstaks þátttakanda sé haldið í lágmarki.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Fulltrúar Íslands í stjórn NPF, 4 að tölu, skulu velja 2 úr sínum hópi í stjórnina strax að loknu þingi NPF sem haldið er þriðja hvert ár.

Formaður Félags íslenskra barnalækna skal vera þriðji stjórnarmaður. Annar fulltrúanna úr stjórn NPF skal vera formaður sjóðsstjórnar. Hinir tveir skipta með sér störfum ritara og gjaldkera.

Stjórnarfundir skulu haldnir a.m.k. einu sinni á ári og skal til þeirra boðað af formanni. Stjórnin heldur fundargerðarbók um ákvarðanir sínar og samþykktir. Skulu fundargerðir undirritaðar af stjórnarmönnum í lok fundar.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 500 000,00 – fimm hundruð þúsund krónur – og má ekki skerða það.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru arður af stofnfé hans og frjáls framlög hverju nafni sem nefnist.

7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta með bestu fáanlegum kjörum hverju sinni en jafnframt gætt fyllsta öryggis varðandi ávöxtunarmáta. Lánastarfsemi með fjármuni sjóðsins er ekki heimil.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður um styrkveitingar og aðrar ráðstafanir sem gera þarf. Ræður einfaldur meirihluti atkvæða, sjá þó 10. gr.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Reikningsskilum skal lokið fyrir 1. júlí næsta ár á eftir reikningsári. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Senda skal stjórn Félags íslenskra barnalækna ljósrit af ársuppgjöri.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Slíkar breytingar skulu hljóta samþykki dómsmálaráðuneytis. Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi nema stjórnin sé einhuga um hana.

Ekki má breyta ákvæðum 3. gr. um hlutverk sjóðsins né heldur ákvæðum 11. gr. um ráðstöfun á eignum við sjóðsslit.

11. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Félags íslenskra barnalækna.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. janúar 1990.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um menntun, réttindi og skyldur hnykkja.

1. gr.

Rétt til þess að kalla sig hnykki (kiropraktor) og starfa sem slíkur hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. mgr. má veita þeim íslenskum ríkisborgurum sem lokið hafa a.m.k. 4ra ára námi í hnykkingum (kiropraktik) en að auki 12 mánaða verklegu námi. Umsækjendur skulu hafa næga kunnáttu í réttarreglum er lúta að starfinu. Leita skal umsagnar landlæknis og stéttarfélags áður en leyfi er veitt.

3. gr.

Nú uppfyllir umsækjandi skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því að hann hefur ekki íslenskt ríkisfang, er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi að fenginni umsögn landlæknis og stéttarfélags, enda sanni hann nægilega kunnáttu í íslensku.

4. gr.

Starfsvettvangur hnykkis er á heilbrigðisstofnunum og eigin stofum. Með hnykkingum er átt við meðferð á stoðkerfi líkamans. Ekki má hnykkir taka sjúkling til meðferðar án samráðs við lækni.

5. gr.

Hnykki er heimilt að hafa sér til aðstoðar starfsfólk sem ávallt skal starfa á ábyrgð hans.

6. gr.

Hnykki er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt hann láti af störfum. Sömu reglur skulu gilda um starfsfólk það, sem hnykkir kann að hafa í starfi.

7. gr.

Hnykki ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

8. gr.

Hnykki er skylt að halda dagbók um þá, er leita til hans og aðrar skýrslur í samræmi við fyrirmæli landlæknis.

9. gr.

Verði landlæknir þess var að hnykkir vanræki skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða býtur í bága við fyrirmæli laga eða heilbrigðisyfirvalda, skal hann áminna viðkomandi. Nú kemur áminning ekki að haldi og ber þá landlækni að kæra málið fyrir ráðherra. Um hnykkja gilda að öðru leyti reglur læknaalaga nr. 53/1988.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. janúar 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.

REGLUGERÐ

um landverði.

1. gr.

Landverðir kallast þeir sem starfa í þjóðgörðum og á öðrum friðlýstum svæðum í umsjá Náttúruverndarráðs.

Rétt til starfa sem landvörður hefur sá sem lokið hefur námskeiði í náttúruvernd á vegum Náttúruverndarráðs eða hefur fengið aðra þá menntun sem Náttúruverndarráð metur gilda.

2. gr.

Hlutverk landvarða er að gæta þess að ákvæði friðlýsingar og náttúruverndarlaga séu virt, að koma á framfæri upplýsingum og fræða ferðafólk um náttúru og sögu svæðanna og sjá um daglegan rekstur og viðhald.

3. gr.

Náttúruverndarráð stendur fyrir námskeiðum í náttúruvernd, þar sem megináhersla er lögð á eftirfarandi þætti:

- a) Ísland – náttúrufar og þjóðlíf.
- b) Náttúruvernd.
- c) Umhverfisréttur.
- d) Landvarsla – dagleg störf.
- e) Umhverfisfræðsla – umhverfistúlkun.

Námskeið þessi skulu auglýst og eru opin þeim sem orðnir eru 20 ára og hyggja á vinnu við landvörslu.

4. gr.

Náttúruverndarráð skal ef þurfa þykir halda endurmenntunarnámskeið fyrir starfandi landverði.

5. gr.

Náttúruverndarráð greiðir kostnað við nám, þjálfun og endurmenntun landvarða að svo miklu leyti sem þátttökugjöld hrökkva ekki til og fjárveitingar leyfa.

6. gr.

Nánar er kveðið á um störf og skyldur landvarða í erindisbréfi.

7.

Reglugerð þessi er byggð á 7. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971, sbr. lög nr. 29/1989, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 26. janúar 1990.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ.

um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í læknishjálpi o.fl. skv. ákvæðum almannatryggingalaga nr. 67/1971 með síðari breytingum.

Fagleg samskipti heilsugæslulækna, heimilislækna og sérfræðinga.

1. gr.

Í samræmi við markmið um að tryggja fagleg samskipti milli heilsugæslulækna, heimilislækna og sérfræðinga er gert ráð fyrir því sem meginreglu í reglugerð þessari að samskipti sjúklings og læknis hefjist hjá heilsugæslu- eða heimilislækni.

Sjúklingur, sem kemur til sérfræðings fyrir milligöngu heilsugæslu- eða heimilislæknis skal hafa meðferðis beiðni frá heilsugæslu- eða heimilislækni. Sérfræðingurinn skal ávallt senda læknabréf til heilsugæslu- eða heimilislæknis sjúklings, sbr. þó 4. mgr.

Komi sjúklingur til sérfræðings án milligöngu heilsugæslu- eða heimilislæknis skal sérfræðingur þó ávallt senda heilsugæslu- eða heimilislækni viðkomandi læknafrétt. Komi sjúklingur til sérfræðings fyrir milligöngu annars sérfræðings skal síðari sérfræðingurinn ávallt senda læknafrétt til heilsugæslu- eða heimilislæknis sjúklingsins og þess sérfræðings sem hafði milligöngu um samskiptin, sbr. þó 4. mgr.

Sjúklingi er heimilt að óska þess við lækni að hann sendi ekki upplýsingar sjúklingi viðkomandi til annarra lækna. Þess skal þá getið í sjúkraskrá. Lækni er og skylt að útskýra fyrir sjúklingi ábyrgð þá sem þessu fylgir fyrir sjúklinginn sjálfan.

Greiðsla sjúkratryggðra vegna almennrar læknishjálpar.

2. gr.

Á dagvinnutíma er viðtal á læknisstofu heilsugæslu- eða heimilislæknis sjúkratryggðum að kostnaðarlausu. Utan dagvinnutíma, þ.e.a.s. milli kl. 17:00 og 08:00 og á laugardögum og helgidögum, greiða sjúkratryggðir kr. 500 fyrir hverja komu á læknisstofu. Þetta á þó ekki við þegar læknir hefur sjálfur valið að sinna læknisstarfi utan dagvinnutíma.

Fyrir vitjun greiðir sjúkratryggður kr. 400 á dagvinnutíma og kr. 1.000 utan dagvinnutíma. Þetta á þó ekki við þegar læknir hefur sjálfur valið að sinna vitjun utan dagvinnutíma. Í vitjanagjaldi eru innifaldar kr. 90 vegna óhjákvæmilegs ferðakostnaðar læknis.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

Vegna krabbameinsleitar á heilsugæslustöðvum og hjá heimilislæknum (legstrok og mynd af brjóstum) skal greiða kr. 900 fyrir hverja komu. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða þó kr. 300. Gjald þetta rennur til Krabbameinsfélags Íslands vegna úrlesturs frumusýna, röntgenmynda og leitarstarfsins. Félagið greiðir læknum í samræmi við gjaldskrá Læknafélags Reykjavíkur um hópskoðanir vegna krabbameinsleitar.

Greiðsla sjúkratryggðra fyrir sérfræðilæknishjálpi, rannsóknir og röntgengreiningu.

3. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra fyrir sérfræðilæknishjálpi, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir, aðrir en elli- og örorkulífeyrisþegar, sem leita sérfræðings, fyrir eða án milligöngu heilsugæslu- eða heimilislæknis, skulu greiða fyrir hverja komu til sérfræðings kr. 900. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða fyrir hverja komu til sérfræðings kr. 300, sbr. þó 5. tl.
2. Sjúkratryggðir, aðrir en elli- og örorkulífeyrisþegar, skulu greiða krónur 900 fyrir hverja komu á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 300, sbr. þó 5. tl.

3. Sjúkratryggðir, aðrir en elli- og örorkulífeyrisþegar, skulu greiða kr. 300 fyrir hverja komu til rannsóknar á rannsóknastofu og vegna rannsókna á sýni sem sent er til rannsóknar í rannsóknastofu. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 100, sbr. þó 5. tl.
4. Sjúkratryggðir, aðrir en elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 300 af kostnaði við hverja komu til röntgengreiningar. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 100 fyrir hverja komu, sbr. þó 5. tl.
5. Á hverju almanaksári skulu elli- og örorkulífeyrisþegar þó aldrei greiða hærri fjárhæð en kr. 3.000 vegna heimsókna til sérfræðinga, rannsókna og röntgengreininga.

Þegar reikningur er gerður til sjúkratrygginga fyrir sérfræðilæknishjálpi, rannsóknir og röntgengreiningu skal draga greiðslu sjúkratryggðra frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði vegna þessara þátta. Innifalinn í greiðslu sjúkratryggðra er kostnaður vegna hvers kyns einnota áhaldna, umbúða og þess háttar. Því er óheimilt að krefjast sjúkratryggðra um sérstaka greiðslu vegna þessa kostnaðar.

Greiðslur sjúkratryggðra á kostnaði við sjúkraflutninga.

4. gr.

Hámarksfjárhæð sem sjúklingur skal greiða fyrir sjúkraflutninga á sjúkrahús og frá sjúkrahúsi skv. 43. gr. 1. mgr. stl. i, laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, sbr. breytingu á þeim lögum nr. 87/1989 er kr. 2.100.

5. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal kynna almenningi efni þessarar reglugerðar rækilega.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar sbr. breytingu á þeim lögum nr. 87/1989 og öðlast gildi 15. febrúar 1990. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 264/1989 um breytingar á reglugerðum um greiðslur sjúkratryggðra samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67, 20. apríl 1971 með síðari breytingum og reglugerð nr. 94/1983 um greiðslur sjúkratryggðra í kostnaði við sjúkraflutninga.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 1. febrúar 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

G J A L D S K R Á

fyrir þjónustu á vegum Heyrnar- og talmeinafstöðvar Íslands.

1. gr.

Fyrir hverja læknisskoðun og heyrnarrannsókn greiði sjúkratryggður kr. 900. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða þó kr. 300. Undanþegnir þessu gjaldi eru allir nemendur Heyrnleysingjaskóla Íslands svo og börn og unglingar að 18 ára aldri, sem reynast það heyrnarskert að þau þurfi á heyrnartæki að halda.

2. gr.

Fyrir hverja rafhlöðuúthlutun (6 rafhlöður) greiða elli- og örorkulífeyrisþegar kr. 150. Aðrir greiða að fullu nema börn og unglingar, sem eru undanþegin gjaldi sbr. 1. gr.

3. gr.

Um gjald fyrir hverja heyrnarrannsókn á vinnustöðum fer samkvæmt samkomulagi við hlutadeigandi vinnustaði. Þessi gjöld skulu þó ætíð standa undir öllum kostnaði stöðvarinnar við þessar rannsóknir.

4. gr.

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

5. gr.

Ofangreind gjaldskrá, sem sett er með stöð í 6. gr. laga 35/1980 um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, öðlast gildi 15. febrúar 1990. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 263/1989.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. febrúar 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ**um breytingu (8.) á reglugerð nr. 246/1982 með síðari breytingum um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.**

1. gr.

3. gr. hljóði svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en þeim sem um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér greinir:

Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá I og II greiðir sjúkratryggði fyrstu 750 krónurnar en sjúkratryggingar það sem vantar á fullt verð. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða 230 krónur fyrir hverja afgreiðslu. Ávísi lækni sjúkratryggðum lyfi sem skráð er í fylgiskjali með reglugerð þessari greiðir hann 550 krónur fyrir hverja afgreiðslu og elli- og örorkulífeyrisþegar 170 krónur. Fylgiskjalinu má breyta með auglýsingu.

Með afgreiðslu (ordination) er hér átt við lyfjamagn er svarar til 100 daga notkunar, miðað við notkunarfyrisögn læknis. Sé ávísað magn meira en nemur 100 daga notkun, ber sjúkratryggðum að greiða eitt gjald, sbr. 1. mgr. fyrir hvert 100 daga tímabil eða brot úr því. Ákvæði þessarar málsgreinar taka aðeins til lyfja til inntöku í afmældum lyfjaformum (töflur, hylki, skammtar), stungulyfja og lyfjaforma til inntöku, þar sem engin tvímæli eru um skömmtunarmagn (mixtúrur, dropar), en ekki til húðlyfja, öndunarfæralyfja né augn- og eyrnalyfja (ATC-flokkar, D, R og S).

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk er um getur í þessari grein, greiðir sjúkratryggður það verð.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum, öðlast gildi 15. febrúar 1990.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. febrúar 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Fylgiskjal.

HEITI LYFS	FORM	STYRKUR	MAGN	STK/ML	NVNR
ACINIL	TÖFLUR	200 MG	60		089839
ACINIL	TÖFLUR	200 MG	100		089847
AMOXIL	MIXTÚRUD	50 MG/ML	80	ML	192278
APURIN	TÖFLUR	100 MG	100		197186
ASYRAN (DELTA)	TÖFLUR	300 MG	20		048991
ATENOLOL	TÖFLUR	50 MG	30		470757
ATENOLOL	TÖFLUR	50 MG	100		470765
ATENOLOL	TÖFLUR	100 MG	30		470773
ATENOLOL	TÖFLUR	100 MG	100		470781
ATENOLOL (TORO)	TÖFLUR	25 MG	100		409631
ATENOLOL (TORO)	TÖFLUR	50 MG	30		087262
ATENOLOL (TORO)	TÖFLUR	50 MG	100		087270
ATENOLOL (TORO)	TÖFLUR	100 MG	30		087288
ATENOLOL (TORO)	TÖFLUR	100 MG	100		087296
BACLOFEN	TÖFLUR	10 MG	50		469643
BACLOFEN	TÖFLUR	25 MG	50		469668
BALANCID	TUGGUTFL		30		507608
BETASEL (DELTA)	TÖFLUR	100 MG	100		081554
BETASEL (DELTA)	TÖFLUR	50 MG	100		081547
BETNOVAT	KREM	1 MG/G	30	G	008086
BETNOVAT	KREM	1 MG/G	50	G	008094
BETNOVAT	SMYRSLI	1 MG/G	30	G	008383
BETNOVAT	SMYRSLI	1 MG/G	50	G	008458
BROMERGIN (TORO)	TÖFLUR	2.5 MG	30		485235
BROMERGIN (TORO)	TÖFLUR	2.5 MG	100		403402
CIMETIDIN (DELTA)	TÖFLUR	400 MG	50		066480
CIMETIDIN (DELTA)	TÖFLUR	400 MG	100		066498
DEPSIN (DELTA)	TÖFLUR	10 MG	100		450809
DEPSIN (DELTA)	TÖFLUR	30 MG	30		450825
DEPSIN (DELTA)	TÖFLUR	30 MG	100		450833
DIAZEPAM (DELTA)	TÖFLUR	5 MG	50		195628
DIAZEPAM (LR)	TÖFLUR	5 MG	50		168476
DIAZEPAM (TORO)	TÖFLUR	5 MG	50		539684
DILANGIN (TORO)	TÖFLUR	30 MG	30		017970
DOPAMET	TÖFLUR	250 MG	30		590638
DOXYCYKLIN (DELTA)	HYLKI	100 MG	10		066464
DOXYTAB (DELTA)	TÖFLUR	50 MG	10		173492
DOXYTAB (DELTA)	TÖFLUR	100 MG	10		131987
DOXYTAB (DELTA)	TÖFLUR	100 MG	30		131995
DUPHALAC	MIXTÚRA	667 MG/ML	1000	ML	019828
DUROFERON DURETTER	FORÐATFL		250		020024
ENTRYDIL	TÖFLUR	120 MG	100		441238
ENTRYDIL	TÖFLUR	60 MG	100		441071
ERY-MAX	MIXT.KYR	40 MG/ML	100	ML	019224
ERY-MAX	MIXT.KYR	40 MG/ML	200	ML	019430
FENOXCILLIN	MIXTÚRA	50.000 AE/ML	90	ML	184457
FURIX	TÖFLUR	40 MG	25		122739
FURIX	TÖFLUR	40 MG	50		122747
FURIX	TÖFLUR	40 MG	100		122754
GASTRAN (TORO)	TÖFLUR	150 MG	50		132209
GASTRAN (TORO)	TÖFLUR	150 MG	100		132217
GASTRAN (TORO)	TÖFLUR	300 MG	100		463885
GEANGIN	TÖFLUR	40 MG	30		082354
GEANGIN	TÖFLUR	80 MG	30		082370
GELAT M.SILIK.APP.BR.(LR)	MIXTÚRA		600	ML	550780
GELAT M.SILIKATI (LR)	MIXTÚRA		600	ML	550749
GLOBENTYL	TÖFLUR	500 MG	100		594093
HYDROKORTISON (DELTA)	KREM	10 MG/G	20	G	087338

HEITI LYFS	FORM	STYRKUR	MAGN	STK/ML	NVNR
HYDROKORTISON (DELTA)	SMYRSLI	10 MG/G	20	G	087346
HYDROKORTISON AKV.(DELTA)	KREM	10 MG/G	20	G	089623
IBUFEN (LR)	TÖFLUR	400 MG	100		081539
IBUFEN (LR)	TÖFLUR	600 MG	100		181404
INDOMETASIN (DELTA)	EP-STIL	50 MG	50		403428
INDOMETASIN (DELTA)	EP-STIL	100 MG	50		403485
INDOMETASIN (DELTA)	HYLKI	25 MG	30		535161
INDOMETASIN (DELTA)	HYLKI	25 MG	50		535179
INDOMETHACIN	HYLKI	25 MG	100		409763
INDOMETHACIN	HYLKI	50 MG	100		409912
ISORDIL	TÖFLUR	10 MG	100		066514
ISORDIL	TÖFLUR	30 MG	100		066522
JARNGLUKONAT (LR)	TÖFLUR	300 MG	50		550483
JARNGLUKONAT (LR)	TÖFLUR	300 MG	100		550491
KAAVEPENIN	TÖFLUR	500 MG	30		426601
KARBAZIN (LR)	TÖFLUR	200 MG	50		071118
KARBAZIN (LR)	TÖFLUR	200 MG	100		071126
KARBAZIN (LR)	TÖFLUR	200 MG	250		447953
KLORDIAZEPOXIÐ (DELTA)	TÖFLUR	10 MG	50		060020
KLORDIAZEPOXIÐ (LR)	TÖFLUR	10 MG	50		066142
KORZEM (DELTA)	TÖFLUR	30 MG	100		431205
KORZEM (DELTA)	TÖFLUR	60 MG	30		447896
LAKTULOZA (DELTA)	MIXTÚRA	667 MG/ML	500	ML	520585
LAKTULOZA (TORO)	MIXTÚRA	667 MG/ML	500	ML	088054
MASTERIN (TORO)	TÖFLUR	1 MG	100		109637
NAPROXEN (LR)	TÖFLUR	250 MG	50		550384
NAPROXEN (LR)	TÖFLUR	250 MG	100		550459
NAPROXEN (LR)	TÖFLUR	500 MG	20		109645
NAPROXEN (LR)	TÖFLUR	500 MG	50		109652
NAPROXEN (LR)	TÖFLUR	500 MG	100		109660
NAPROXEN (TORO)	TÖFLUR	250 MG	50		539999
NAPROXEN (TORO)	TÖFLUR	250 MG	100		540914
NAPROXEN (TORO)	TÖFLUR	500 MG	20		077990
NAPROXEN (TORO)	TÖFLUR	500 MG	50		078006
NAPROXEN (TORO)	TÖFLUR	500 MG	100		078014
NIFEDIPINE	HYLKI	10 MG	100		059899
NIFEDIPINE	HYLKI	10 MG	250		059915
NORPACE	HYLKI	150 MG	100		540419
OPTIMOL	AUGNDR	2.5 MG/ML	5	ML	110072
PACISYN	TÖFLUR	5 MG	50		169730
PEKTOLIN (DELTA)	MIXTÚRA		100	ML	524843
PRAZAC	TÖFLUR	2 MG	100		528828
PRAZAC	TÖFLUR	5 MG	100		528836
PRIMAZOL (LR)	MIXTÚRA	8+40 MG/ML	100	ML	181131
PRIMAZOL (LR)	TÖFLUR	80+400 MG	20		534537
PRIMAZOL (LR)	TÖFLUR	80+400 MG	30		062711
PRIMAZOL (LR)	TÖFLUR	80+400 MG	100		534552
PROPRANOLOL (DELTA)	TÖFLUR	40 MG	50		509356
PROPRANOLOL (DELTA)	TÖFLUR	40 MG	100		509364
PROPRANOLOL (DELTA)	TÖFLUR	80 MG	100		509380
RENITEC	TÖFLUR	20 MG	28		091678
RENITEC	TÖFLUR	20 MG	98		091686
RENITEC	TÖFLUR	5 MG	28		091645
RENITEC	TÖFLUR	5 MG	98		091652
RETAFER	FORDATFL	100 MG	100		183160
SLOW-K	FORDATFL	600 MG	100		496778
SLOW-K	FORDATFL	600 MG	500		424192
SOBRIL	TÖFLUR	15 MG	100		400424
SORBITRATE	TÖFLUR	20 MG	100		092429
SPARKAL	TÖFLUR	5 MG + 50 MG	30		090076

HEITI LYFS	FORM	STYRKUR	MAGN	STK/ML	NVNR
SPARKAL	TÖFLUR	5 MG + 50 MG	100		090084
SPARKAL MITE	TÖFLUR	2.5 + 25 MG	30		090100
SPARKAL MITE	TÖFLUR	2.5 + 25 MG	100		090118
SPASMERIN (TORO)	TÖFLUR	135 MG	50		017699
SPASMERIN (TORO)	TÖFLUR	135 MG	100		017715
SPIRIX	TÖFLUR	100 MG	30		525899
SPIRIX	TÖFLUR	100 MG	100		525907
SPIRIX	TÖFLUR	25 MG	40		123232
SPIRIX	TÖFLUR	25 MG	100		123240
STAKLOX (DELTA)	HYLKI	250 MG	50		119784
STAKLOX (DELTA)	HYLKI	500 MG	50		120089
STAKLOX (DELTA)	HYLKI	500 MG	100		120147
SUKRAL (TORO)	TÖFLUR	1 G	60		037424
SUKRAL (TORO)	TÖFLUR	1 G	120		037457
TAMOXIFEN	TÖFLUR	10 MG	100		412825
TITRALAC	TÖFLUR		100		424580
TRION (DELTA)	TÖFLUR	0.125 MG	30		408674
TRION (DELTA)	TÖFLUR	0.25 MG	10		408708
TRION (DELTA)	TÖFLUR	0.25 MG	30		408716
VERAPAMIL	TÖFLUR	40 MG	100		128173
VERAPAMIL	TÖFLUR	80 MG	100		135319
VISLOC	TÖFLUR	5 MG	30		189167
VISLOC	TÖFLUR	5 MG	100		189563
VISLOC	TÖFLUR	10 MG	30		189613
VISLOC	TÖFLUR	10 MG	100		189696
VISLOC	TÖFLUR	15 MG	30		189076
VISLOC	TÖFLUR	15 MG	100		189118
VOSTAR (DELTA)	SH-TFL	25 MG	100		181511
VOSTAR (DELTA)	SH-TFL	50 MG	100		037192

Nr. 65

1. febrúar 1990

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum um ferðakostnað sjúklinga innanlands nr. 70/1982 með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðsins sjúkrasamlag í reglugerðinni skal koma sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins.

2. gr.

4. gr. hljóði svo:

Endurgreiðsla sjúkratryggingadeildar Tryggingstofnunar ríkisins.

Sjúklingur skal framvísa læknisvottorði eftir hverja ferð. Eftir að önnur ferð er farin endurgreiða sjúkratryggingar fyrstu ferð að frádregnum kr. 2000 en síðari ferðir að frádregnum kr. 1.000. Við endurgreiðsluna skal miða við fargjald eins og það er með venjulegum áætlunarferðum á hverjum tíma nema ætla megi að raunverulegur ferðakostnaður hafi verið lægri og skal þá miða við hann.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 43. gr. stl. j. laga nr. 67/1971 sbr. breytingu á þeim lögum nr. 87/1989 og öðlast gildi 15. febrúar 1990.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. febrúar 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 7 – 1990

1. febrúar 1990

121

Nr. 66

GJALDSKRÁ

vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins, fyrir árið 1990.

1. gr.

Eftirlitsgjöld fyrir árið 1990, sem Geislavarnir ríkisins innheimta og falla í gjalddaga 1. febrúar 1990, með eindaga 1. maí 1990, verða sem hér segir:

1. Röntgenskoðunartæki.	kr.
a) Föst tæki - myndataka	8 675
b) Föst tæki - skygging	11 563
c) Aukalampar	2 605
d) Færanleg tæki - myndataka	7 150
e) Færanleg tæki - skygging	8 675
f) Tannröntgentæki	7 150
g) Tannröntgentæki - aukatæki	3 570
h) Iðnaðarröntgentæki	7 150
2. Geislalækningatæki	19 330
3. Geislavirk efni, fyrir hvern þann stað sem slík efni eru notuð	7 150
4. Önnur geislatæki.	
a) Nifteindatæki	25 455
b) Önnur tæki sem ekki falla undir lið 1-3:	
1) Hvert af 3 fyrstu eins tækjum á sama stað	7 150
2) Hvert tæki umfram fyrstu 3 eins á sama stað	3 570
5. Eftirlit með geislaskömmtum starfsfólks.	
a) Filmumælingar, fyrir hvern starfsmann	1 740
b) TLD-mælingar, fyrir hvern starfsmann	3 465

2. gr.

Á stofu þar sem einn tannlæknir starfar, en er með tvö tannröntgentæki, má flokka annað tækið sem „aukatæki“, enda sé það aðeins notað, þegar aðaltæki bilar. Þetta á einnig við um röntgentæki, sem hafa verið aftengd og eru í geymslu.

3. gr.

Eftirlitsgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, allt að upphæð kr. 6 005. Fyrir hvert vottorð sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 1 500.

5. gr.

Fyrir sólarlampa sem stofnunin skoðar, skal greitt gjald, kr. 15 000. Skoðunargjald skal fylgja með umsókn um leyfi til innflutnings.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er skv. 18. gr. laga nr. 117/1985, um geislavarnir og að fenginni tillögu stjórnar Geislavarna ríkisins, staðfestist hér með til þess að gilda á árinu 1990.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. febrúar 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ**um bann við línuveiðum á Búðagrunni.**

1. gr.

Frá og með 7. febrúar 1990 til og með 31. mars 1990 eru allar línuveiðar bannaðar á svæði í Faxaflóa, sem afmarkast af eftirtöldum punktum:

1. Göltur (við Arnarstapa)
2. 64°35'N–22°54'V
3. Hjörsey

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. febrúar 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 8 – 1990

9. febrúar 1990

123

Nr. 68

AUGLÝSING

um (1.) breytingu á fylgiskjali með reglugerð nr. 64/1990 um breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði, nr. 246/1982 með síðari breytingum.

1. gr.

Af fylgiskjali með reglugerð nr. 64/1990 skal falla niður lyfið RENITEC 20 mg og 5 mg töflur í 28 og 98 stk. pakkningum.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með stoð í reglugerð nr. 64/1990 um breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði nr. 246/1982 með síðari breytingum, öðlast gildi 15. febrúar 1990.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. febrúar 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

8. febrúar 1990

Nr. 69

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 371 25. október 1976.

1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmíða er kr. 6 000, en verð endurnýjunarmiða í hverjum flokki kr. 500.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973, öðlast gildi 4. apríl 1990.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 53 2. febrúar 1989.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. febrúar 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Jón Thors.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Suðureyrarhreppi.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund, sbr. stl. c. 2. gr. samþykktar um hundahald á Suðureyri, nr. 372/1989, skal vera á árinu 1990, kr. 440, fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði.

Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir allt tímabilið og eigi síðar en á eindaga, sem er 1. júní 1990.

Heimilt er að innheimta dráttarvexti af vangoldnum gjöldum.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 5. gr. samþykktar nr. 372/1989 skal vera kr. 2 500 í fyrsta skipti, kr. 5 000 í annað skipti og kr. 6 000 í þriðja skiptið.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps staðfestist hér með, skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. janúar 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 31,
2. febrúar 1982 með síðari breytingum.

1. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Vatnsveitan leggur til vatnsmæla í hvert hús (hverja íbúð) og skal notandi greiða kr. 31,35 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Notkunar- og fastagjöld innheimta Bæjarveitur Vestmannaeyja á eins eða tveggja mánaða fresti og annast mælaaflestur.

Breyting þessi á gjaldskránni var samin og samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyja og staðfestist hér með samkvæmt lögum um aðstoð til vatnsveitna nr. 93/1947 og vatnalögum nr. 15/1923 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 2. febrúar 1990.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Pórhildur Líndal.

29. janúar 1990

125

Nr. 72

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 170/1987 um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra.

1. gr.

Fjárhæðir þær, sem nefndar eru í 1. mgr. 5. gr. skulu breytast þannig:

Í tölulið 1) komi kr. 180 þús. í stað kr. 130 þús.

Í tölulið 2) komi kr. 550 þús. í stað kr. 400 þús.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 19. gr. sbr. 39. gr. stl. a) laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 74/1989.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. janúar 1990,

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.

31. janúar 1990

Nr. 73

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Samvinnuháskólann.

Samband íslenskra samvinnufélaga stofnar hér með sjálfseignarstofnun um rekstur og eignir Samvinnuskólans á Bifröst og gildir um hana eftirgreind skipulagsskrá:

1. gr.

Samvinnuháskólinn er sjálfseignarstofnun. Heimili hans og varnarþing er á Bifröst í Norðurárdalshreppi.

2. gr.

Markmið Samvinnuháskólans er að efla og styrkja íslenskt atvinnulíf og samfélag sem fræðslustofnun á háskólastigi, með fræðslu og rannsóknum er einkum fjalla um samvinnufélög og fyrirtæki með einkenni samvinnurekstrar. Hann skal veita nemendum þjálfun og fræðslu til starfa við rekstur, viðskipti og stjórnun, til þátttöku og forystu í félagsstarfi, til samvinnu við aðra, sjálfsnáms og annarra hagnýtra mennta.

3. gr.

Stofnfé Samvinnuháskólans er kr. 3 756 492,54 í áhöldum, kennslutækjum, bókasafni, listmunum og öðrum eignum skólans sem áður voru eign Sambands ísl. samvinnufélaga og eignarlóð skólans á Bifröst í Norðurárdal ásamt samningsbundnum réttindum. Eigi má fara með eigur skólans eða ráðstafa þeim á annan hátt en þann er samrýmist markmiðum Samvinnuháskólans eða stuðlar að framgangi þeirra.

4. gr.

Stjórn Sambands íslenskra samvinnufélaga skipar fimm menn í skólanefnd til tveggja ára, og tilnefnir menntamálaráðherra einn þeirra. Tveir skólanefndarmenn a.m.k. skulu kjörnir úr hópi stjórnar Sambands íslenskra samvinnufélaga. Varamann skal tilnefna og skipa fyrir hvern skólanefndarmann. Stjórn Sambands íslenskra samvinnufélaga getur fjölgað í skólanefndinni og heimilað öðrum aðiljum tilnefningu en atkvæðahlutur fulltrúa menntamálaráðherra skal þó ekki skerðast.

5. gr.

Skólanefnd hefur yfirumsjón og eftirlit með öllum málefnum, eignum og rekstri Samvinnuháskólans í samráði við rektor. Hún ræður rektor til starfa og ákvarðar um starf hans og önnur stjórnunarstörf við skólann. Hún skipar dómnefndir vegna rektors- og kennararáðninga og vegna starfsframa kennara ef þurfa þykir. Ásamt rektor ræður hún kennara og ákvarðar um störf þeirra samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Hún afgreiðir rekstraráætlun og ársreikning skólans og lætur gera ráðstafanir til að tryggja nauðsynlegt rekstrarfé. Skólanefnd ræður löggiltan endurskoðanda fyrir skólann. Formaður boðar til funda og er fundur lögmætur að boðum hefur verið komið til allra sem tók eru á með 5 daga fyrirvara og meirihluti situr fundinn. Rektor situr skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt, svo og aðrir þeir sem skólanefnd ákveður.

6. gr.

Skólanefnd ræður rektor til fjögurra ára og má endurráða einu sinni án lotuskila. Rektor fer með stjórn allrar starfsemi og málefna Samvinnuháskólans í umboði skólanefndar. Rektor kemur fram fyrir hönd skólans gagnvart starfsmönnum og nemendum og út á við. Hann skiptir verkum með starfsmönnum og stýrir störfum þeirra. Í samráði við kennarafund og skólaráð ábyrgist rektor, sem stýrir störfum þeirra, að öll starfsemi sé í samræmi við skipulagsskrá og reglugerð. Samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð skal kennarafundur ákvarða um vísindaleg málefni, fræðslu, námskröfur og rannsóknir og skólaráð með fulltrúum starfsmanna og nemenda um starfsháttu og samskipti í skólastarfinu.

7. gr.

Rektor fer með stjórn fjármála skólans. Óheimilt er að standa að útgjöldum eða skuldbindingum umfram heimild skólanefndar. Reikningsár skólans er 1. ágúst til 31. júlí. Rektor skal fyrir 1. maí ár hvert leggja rekstraráætlun næsta reikningsárs fyrir skólanefnd til afgreiðslu. Hann skal sjá um að ársreikningur berist Ríkisendurskoðun með tilskildum hætti ár hvert.

8. gr.

Starfsmenn og nemendur Samvinnuháskólans skulu rækja störf sín af alúð, þegnskap og skyldurækni. Þeim er öllum skylt að gæta starfstrúnaðar, taka þátt í að framfylgja reglum skólans og gæta eigna hans og öryggis. Hverju starfi skal gera starfslýsingu. Allt starf skólans skal miða að þroska, velferð og velgengni sérhvers nemanda.

9. gr.

Reglur um störf við Samvinnuháskólann, um starfsgengi, starfsframa og starfsheiti kennara og um starfsskyldur þeirra skulu samrýmast því sem tíðkast við íslenskar háskólastofnanir og sérkennum og sérstöðu Samvinnuháskólans. Með reglugerð skal nánar ákvarða um þessi atriði, svo og um starfshætti og stjórnun, fræðsluskipan, inntökuskilyrði, námsvísi og námsmat, deildaskiptingu og aðrar starfsreglur.

10. gr.

Skólanefnd getur með samhljóða samþykkt breytt skipulagsskrá þessari enda sé fundur lögmætur og tillaga um slíkt hafi verið kynnt sérstaklega í fundarboði. Verði Samvinnuháskólinn lagður niður skal eigum hans ráðstafað með tilliti til markmiða hans. Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá Samvinnuháskólans.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. janúar 1990.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanneý Óskarsdóttir.

31. janúar 1990

Nr. 74

AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir
freskfisk á framleiðslutímabilinu frá 1. janúar til 31. maí 1990.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir freskfisk á framleiðslutímabilinu frá 1. janúar til 31. maí 1990:

Viðmiðunarverð freskfisks 1. janúar – 31. maí 1990.

Þorskur:	SDR cent pr. lb.
4 × 12 m/r 5–8 oz.	104,1
4 × 12 m/r 8–12 oz.	106,4
4 × 12 m/r 12–16 oz.	109,3
4 × 12 m/r 1–3 lbs.	124,2
1 × 35 m/r lausfrystur	111,5
4 × 12/14 r/l 8–12 oz.	120,6
4 × 12/14 r/l 12–16 oz.	122,1
4 × 12/14 r/l 1–3 lbs.	129,7
1 × 45 formflök	130,4
10 × 5	162,0
5 × 8 og 6 × 8 hnakkastykki	183,4
5 × 10 og 6 × 10	169,1
4 × 10	169,1
4 × 15 og 3 × 20	169,1
Blokk regluleg	128,1
Blokk með þunnildum	90,8
Blokk óregluleg	120,1
Punnildablokk Evrópa	88,7
Marningsblokk	47,6
4 × 13	148,0
1 × 50 lausfryst Evrópa	104,2
5 × 12 vafningur	135,5
Marningsblokk (P)	44,0
1 × 15 kg lausfryst	108,7
1 × 10 dinner cut	176,2
1 × 10 lausfr. sporðar	154,9
4 × 15 lbs. Shoney's	138,4
1 × 18 lbs. M&S	273,8
1 × 30 lbs. vafningar	140,4
1 × 1000 lbs.	162,0

	SDR cent pr. lb.
Ýsa:	
4 × 12/14 m/r 4–8 oz.	104.6
4 × 12/14 m/r 8–12 oz.	106.5
4 × 12/14 m/r 12–16 oz.	108.0
4 × 12/14 m/r 1–3 lbs.	111.6
4 × 12/14 r/l	129.2
10 × 5	204.7
3 × 18, 4 × 13, 4 × 12	191.9
Blokk regluleg	147.3
Blokk óregluleg	136.1
Punnilda blokk Evrópa	97.2
Marningsblokk	52.0
Marningsblokk (P)	37.6
1 × 50 lausfryst Evrópa	113.3
Steinbítur:	
8 × 7 r/l	90.2
10 × 5	187.7
Blokk regluleg	104.1
Marningur	29.4
4 × 6 kg r/l m/b	144.2
1 × 15 kg. lausfryst	146.6
10 × 2 kg	155.8
Karfi:	
8 × 7 m/r	90.2
10 × 5 m/r	108.5
10 × 5 r/l	113.5
1 × 20 lausfryst	100.8
4 × 6 kg RL lagpakkað	106.6
Blokk 4 × 16,5 m/b	89.7
Blokk regluleg	86.8
Marningur	27.0
4 × 10 MR (SÍŠ)	114.2
2/3 × 7 kg 200–300 g Japan	42.8
2/3 × 7 kg 300–500 g Japan	56.1
2/3 × 7 kg 500–700 g Japan	68.0
2/3 × 7 kg >700 g Japan	81.5
1 × 25 m/r m/b IQF	95.0
20 × 1 kg	146.6
10 × 2 kg	137.4
Ufsi:	
8 × 7 r/l	71.2
10 × 5	94.1
4 × 12 og 4 × 13	84.7
4 × 14	44.8
Blokk regluleg	63.6
Blokk m.bein/punn	53.5
Marningsblokk	30.9
4 × 16,5 IGLO	80.1
Blokk Evrópa	82.5
Langa:	
8 × 7 r/l	90.2
10 × 5	136.4
Blokk regluleg	54.4
Marningsblokk	28.1
Langa 4 × 6 kg	94.7

	SDR cent pr. lb.
Keila:	
8 × 7 r/l	90,2
Blokk regluleg	36,0
Grálúða:	
Heilfr. hausuð yfir 3 kg	68,8
Heilfr. hausuð yfir 2 kg	56,3
Heilfr. hausuð yfir 1–2 kg	56,3
4 × 12 lagpakkað	127,8
4 × 10,6 × 10 og 4 × 14/12	117,2
4 × 6 kg	129,5
Blokk U.S.S.R.	90,2
Blokk U.S.A.	48,0
1 × 35	110,0
1 × 26 >3 kg Japan	90,3
1 × 26 2–3 kg Japan	69,2
1 × 26 1–2 kg Japan	152,7
Blokk Evrópa	95,0
1 × 20 kg lausfryst	137,4
Lýsa:	
Blokk reg.	80,1
Heilfrystur fiskur:	
3 × 9 kg Sovét	39,9
Lúða:	
4 × 16,5 blokk	128,1
10 × 5 Icelandic	216,9
1 × 1 kg 20–40 lbs. lausfr.	153,5
Skarkoli:	
4 × 16,5 blokk CW, RL, BL	48,0
1 × 10 lbs. 2–3 oz.	81,9
1 × 10 lbs. 3–4 oz.	107,5
1 × 10 lbs. 4–5 oz.	126,6
1 × 10 lbs. 5–6 oz.	152,2
1 × 10 lbs. 6–8 oz.	152,2
1 × 10 lbs. 8–10 oz.	152,2
5 × 10 r/l b/l 3–5 oz.	185,6
5 × 10 r/l b/l 5–8 oz.	199,8
5 × 10 r/l b/l 8–12 oz.	199,8
1 × 50 r/l b/l ófl.	192,1
1 × 20 Trim	102,9

Verðbil verður 5% við verðlækkun og verðhækkun frá grundvallarverði.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils. Verðin miðast við viðskiptagegni (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 31. janúar 1990.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um umferð á Höfn.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnar og samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Höfn, sbr. og auglýsingu um hámarkshraða á þjóðvegum nr. 250/1987.

I. KAFLI

Aðalbrautarréttur.

A. Aðalbrautir:

Eftirtaldir vegir og götur skulu vera aðalbrautir.

1. Hafnarbraut frá Dalbraut að Víkurbraut v/hafnarsvæði.

B. Stöðvunarskylda:

Á eftirtöldum götum skal vera stöðvunarskylda:

1. Skólalbrú við Hafnarbraut.
2. Bogaslóð við Hafnarbraut.

C. Biðskylda:

Á eftirtöldum götum skal vera biðskylda:

1. Götu frá Ægisíðu við þjóðveg (Hafnarbraut).
2. Dalbraut við Hafnarbraut.
3. Götu frá eldri sorphaugum við Hafnarbraut.
4. Vesturbraut við Hafnarbraut.
5. Við útakstur frá tjaldsvæði á Hafnarbraut.
6. Brautarholti við Hafnarbraut.
7. Víkurbraut við Hafnarbraut (við Fiskhól).
8. Kirkjubraut við Hafnarbraut.
9. Tjarnarbrú við Hafnarbraut.
10. Höfðavegi við Hafnarbraut.
11. Krosseyjarvegi við Lyngeyjarveg.
12. Skinneyjarvegi við Álaugareyjarveg.
13. Víkurbraut við Álaugareyjarveg.
14. Heppuvegi við Víkurbraut.
15. Bogaslóð við Víkurbraut.
16. Fiskhóli við Víkurbraut.
17. Miðtúni við Víkurbraut.
18. Hagatúni við Kirkjubraut.
19. Hlíðartúni við Víkurbraut.
20. Kirkjubraut við Víkurbraut.
21. Götu frá kirkju við Kirkjubraut.
22. Götu frá leikskóla við Kirkjubraut (við nr. 43).
23. Kirkjubraut við Vesturbraut.
24. Júllatúni við Kirkjubraut.
25. Miðtúni við Kirkjubraut.
26. Smárabraut við Silfurbraut.
27. Norðurbraut við Vesturbraut.
28. Silfurbraut við Vesturbraut.

29. Vogabraut við Vesturbraut.
30. Hafnarbraut við Víkurbraut (við Hafnarsvæði).
31. Hafnarbraut við Silfurbraut.
32. Hólabraut við Silfurbraut.
33. Hrísbraut við Silfurbraut.
34. Hvannabraut við Silfurbraut.
35. Ránarslóð við Óslandsveg.

II. KAFLI

Stöðvun og lagning ökutækja.

A. Bannað að stöðva ökutæki:

Á eftirtöldum götum er bannað að stöðva ökutæki:

1. Hafnarbraut milli Brautarholts og Víkurbrautar (Fiskhólssund).
2. Vestan Kirkjubrautar milli Vesturbrautar og Víkurbrautar.

B. Bannað að leggja ökutækjum:

Á eftirtöldum götum er bannað að leggja ökutækjum:

1. Vestan Hafnarbrautar frá mótum Víkurbrautar til endimarka Hafnarbrautar við athafnarsvæði hafnar.
2. Austan Svalbarðs.
3. Á hafnarsvæði utan merktra bifreiðastæða.
4. Við götur, þar sem sérstaklega er merkt, að stór ökutæki (stærri en 2,8 t) mega ekki leggja.

III. KAFLI

Einstefnuakstur.

Á eftirtöldum götum skal vera einstefnuakstur:

1. Svalbarði frá Hafnarbraut að Tjarnarbrú.

IV. KAFLI

Gangbrautir og hraðahindranir.

Á eftirtöldum stöðum skulu vera gangbrautir:

1. Hafnarbraut við húsið nr. 30 og pósthús.
2. Hafnarbraut við húsið nr. 16 og sundlaug.
3. Víkurbraut vestan við gatnamót yfir Hafnarbraut.

Á eftirtöldum stöðum skulu vera gangbrautir og hraðahindranir:

1. Hafnarbraut við hús nr. 43 gegnt spennistöð.
2. Hafnarbraut við Hafnarbraut 17 (Sindrabæ) austan Höfðavegar.
3. Silfurbraut milli Hólabrautar og Hrísbrautar.

V. KAFLI

Bann við tiltekinni umferð.

1. Allur akstur fjórhjóla (torfærutækja, er bannaður innan bæjarmarka Hafnar.
2. Allur akstur utan vega án brýnnar nauðsynjar er bannaður.
3. Framúrakstur er bannaður á Hafnarbraut frá Brautarholti að Víkurbraut.

VI. KAFLI

Ökuhraði.

Hámarkshraði ökutækja innan marka Hafnar er eftirfarandi:

1. Þjóðvegur (Hafnarbraut) frá bæjarmörkum að pípuhliði 90 km/klst
2. Á öllum öðrum götum og vegum en að framan greinir 45 km/klst

VII. KAFLI

Umferðarmerki.

Við götur og vegi og á þeim skulu vera umferðarmerki og umferðarmerkingar til þess að gefa glögglega til kynna þær sérreglur um umferð, sem auglýsing þessi tekur til. Ökumönnum og öðrum vegfarendum ber að fara nákvæmlega eftir þessum merkjum og öðrum þeim leiðbeiningum, sem ástæða þykir til að hafa.

VIII. KAFLI

Gildistaka og fleira.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. auglýsingu nr. 250/1987 um hámarkshraða á þjóðvegum, öðlast þegar gildi.

Úr gildi falla eldri auglýsingar um umferð, svo og allar aðrar reglur um umferð í bænum, er kunna að hafa verið settar og brjóta í bága við reglur þessarar auglýsingar, þ.m.t. ákvæði 67. gr. lögreglusamþykktar fyrir Austur-Skaftafellssýslu nr. 76/1969 um 35 km almennan hámarkshraða í bænum.

Lögreglustjórinn í Austur-Skaftafellssýslu, 23. janúar 1990.

Páll Björnsson.

AUGLÝSING**um breytingar á skipulagi menntamálaráðuneytisins.**

Í tengslum við endurskoðun á skipulagi og starfsháttum menntamálaráðuneytisins hefur verið ákveðið að stofna sérstaka skrifstofu er fjalli um rekstur ráðuneytisins og sameiginlega þjónustu. Undir þessa skrifstofu, sem nefnist *almenn skrifstofa*, fellur m.a. starfsmannahald ráðuneytisins, umsjón með gagnavinnslu, skjalavarsla, almenn afgreiðsla og lögfræði-þjónusta.

Jafnframt hefur verið ákveðið að afgreiðsla mála er varða starfsmannahald stofnana á stjórnarsýslusviði menntamálaráðuneytisins verði á hendi sérstakrar deildar í fjármálaskrifstofu, svo og að sameina framhaldsskóladeild og verk- og tæknimenntunardeild skólamála-skrifstofu í eina deild er nefnist framhaldsskóladeild.

Þau ákvæði auglýsingar nr. 516/1984, um skipulag menntamálaráðuneytisins, sem fara í bága við framangreinda skipan eru hér með felld úr gildi.

Auglýsing um frekari breytingar sem fyrirhugaðar eru á verkaskiptingu og deildaskipan í ráðuneytinu verður birt síðar.

Menntamálaráðuneytið, 26. janúar 1990.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

AUGLÝSING

um váttryggingarfjárhæðir samkvæmt reglugerð um löggildingu og tryggingarskyldu fasteigna- og skipasala nr. 520/1987.

Váttryggingarfjárhæðir samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 520/1987 skulu vera sem hér segir tímabilið 1. desember 1989 til 30. nóvember 1990:

1. Ábyrgðartrygging vegna hvers einstaks tjónsatviks verður kr. 3.608.165,00 en þó aldrei hærri en kr. 10.824.496,00 innan hvers váttryggingarárs.
2. Sjálfskuldarábyrgðartrygging verður kr. 4.329.798,00.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. febrúar 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Jón Thors.

6. febrúar 1990

Nr. 78

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri, skelflettri rækju á framleiðslutímabilinu frá 1. febrúar 1990 til 31. maí 1990.

Með skírskotun til laga nr. 72, 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri skelflettri rækju á framleiðslutímabilinu frá 1. febrúar 1990 til 31. maí 1990.

Vélskelflett rækja:

SDR pr. lb. cif.

Færri en 350 stk. í lb.:

Blokkfryst	3,48
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	3,49
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3,64
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,04
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,25

Fleiri en 350 stk. í lb. og óflokkuð:

Blokkfryst	3,31
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	3,32
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3,49
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	3,85
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,04

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 65% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils. Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. febrúar 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir
frystan hörpudisk á framleiðslutímabilinu 1. febrúar til 31. maí 1990
eða þar til annað verði ákveðið.

Með skírskotun til laga nr. 72, 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir frystan hörpudisk á framleiðslutímabilinu 1. febrúar til 31. maí 1990 eða þar til annað verði ákveðið.

Laus- og blokkfrystur hörpudiskur	SDR pr. lb. cif.
Færri en 60 stk. í lb.	2.90
Fleiri en 60 stk. í lb. og óflokkað	2.69
Hálfhreinsaður	1.32
Rauður og brotinn	1.63

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. febrúar 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

REGLUGERÐ

um fræðsluráð.

I. KAFLI

Kosning og skipan fræðsluráða.

1. gr.

Fræðsluráð starfa í fræðsluumdæmunum átta skv. 10. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.

Fræðsluráð Reykjavíkur fer jafnframt með hlutverk skólanevndar í Reykjavík, sbr. 18. gr. grunnskólalaga.

2. gr.

Fræðsluráð skal skipað fimm eða sjö mönnum sem kjörnir eru af sveitarstjórnnum eða samtökum sveitarfélaga í hlutadeigandi fræðsluumdæmi. Jafnmargir skulu kjörnir til vara. Um kosningu og starfshætti fer eftir meginreglum sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

Stéttarfélag kennara í fræðsluumdæmi tilnefnir úr hópi settra og skipaðra kennara og skólustjórnenda við grunnskóla umdæmisins þrjá aðalfulltrúa til að starfa með fræðsluráði og jafnmarga varamenn.

Gildistíma tilnefningar þeirra lýkur samtímis kjörtímabili fræðsluráðsmanna.

II. KAFLI Fundarboðun og fundarsköp.

3. gr.

Aldursforseti fræðsluráðsmanna kveður fræðsluráð saman til fyrsta fundar svo fljótt sem vera má eftir að það hefur verið kosið.

Stefnt skal að því að fyrsta fund nýkjörins fræðsluráðs sæki allir aðalmenn.

Aldursforseti setur fyrsta fund nýkjörins fræðsluráðs og stjórnar síðan kosningu formanns og ritara en áður skal ráðið hafa gert samþykkt um lengd kjörtímabils þeirra.

Kjósa skal varaformann og vararitara fræðsluráðs til sama tíma og aðalmenn.

Tilkynna skal menntamálaráðuneytinu og hlutaðeigandi samtökum sveitarfélaga nöfn formanns og ritara og varamanna þeirra svo fljótt sem við verður komið.

4. gr.

Formaður fræðsluráðs kveður ráðið saman til funda. Formaður fræðsluráðs stjórnar fundum þess.

5. gr.

Fræðsluráð kemur saman til funda svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári.

Skylt er formanni að kveðja fræðsluráð til fundar þegar fræðslustjóri æskir þess eða ef a.m.k. tveir aðalmanna í fræðsluráði eða stjórn hlutaðeigandi samtaka sveitarfélaga óska þess enda sé fundarefni tilgreint.

Fræðsluráð skulu a.m.k. einu sinni á ári halda fund með öllum skólustjórum og skólanefndarformönnum fræðsluumdæmisins.

6. gr.

Fræðsluráðsfundur telst löglega boðaður ef allir fræðsluráðsmenn eða varamenn í forföllum aðalmanna, svo og aðrir þeir, er reglulega eiga sæti í fræðsluráði, hafa verið boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara.

Í fundarboði skal geta fundarefnis.

7. gr.

Fræðsluráð afgreiðir mál með ályktunum á fundum.

Fræðsluráð getur enga ályktun gert nema meirihluti fræðsluráðsmanna sé á fundi.

Afl atkvæða ræður úrslitum um afgreiðslu mála.

Enginn fræðsluráðsmaður hefur atkvæðisrétt um þau mál sem varða hann sjálfan og skal hann í slíkum tilvikum víkja sæti fyrir varamanni.

8. gr.

Allar ályktanir fræðsluráðs skulu ritaðar í gerðarbók. Afrit af fundargerðum fræðsluráðs skal sent menntamálaráðuneytinu, sveitarstjórnnum og hlutaðeigandi samtökum sveitarfélaga svo fljótt sem verða má að loknum hverjum fundi.

9. gr.

Samtök sveitarfélaga eða sveitarfélög skulu greiða kostnað við fundarstörf í fræðsluráði fyrir fulltrúa á þeirra vegum. Kostnaður vegna fundarsetu annarra fulltrúa í fræðsluráði greiðist úr ríkissjóði.

10. gr.

Rétt til setu á fundum fræðsluráðs með málfrelsi og tillögurétt eiga fræðslustjóri, framkvæmdastjóri hlutaðeigandi samtaka sveitarfélaga eða fulltrúi hans í forföllum, og þrír

fulltrúar samtaka kennara á grunnskólastigi í fræðsluumdæminu þar af einn fulltrúi skólastjórnenda.

Ennfremur eiga skólastjórar rétt til setu á fundum fræðsluráðs með málfrelsi og tillögurétt þegar málefni skóla þeirra eru þar sérstaklega til umfjöllunar. Hið sama gildir um fulltrúa sveitarfélaga þegar fjallað er um mál tiltekins sveitarfélags.

III. KAFLI

Verkefni fræðsluráðs.

11. gr.

Fræðsluráð fjallar um og fer með sameiginleg málefni sveitarfélaga á sviði fræðslumála í hlutaðeigandi fræðsluumdæmi.

Fræðsluráð skal vera fræðslustjóra til ráðuneytis eftir því sem við á og getur samið við hann um að annast framkvæmdastjórn fyrir ráðið.

Fræðsluráð hefur samvinnu við skólanefndir og samræmir störf þeirra í umdæminu eftir því sem við á.

Að öðru leyti fer fræðsluráð með þau málefni, sem sveitarstjórnir fela þeim eða ákveðin kunna verða í reglugerðum settum samkvæmt lögum nr. 63/1974 um grunnskóla.

12. gr.

Fræðsluráð getur að fenginni heimild hlutaðeigandi samtaka sveitarfélaga eða sveitarfélags samið við fræðslustjóra um að fræðsluskrifstofa annist störf fyrir fræðsluráð, enda komi full greiðsla fyrir.

13. gr.

Fræðsluráð gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um ráðningu fræðslustjóra umdæmisins, setningu hans eða skipun, sbr. 13. gr. grunnskólalaga.

14. gr.

Menntamálaráðuneytið leggur tillögur um skiptingu landsins í skólahverfi fyrir fræðsluráð sem umræðugrundvöll en fræðsluráð kynnir þær sveitastjórnnum, skólanefndum og skólastjórum sem hlut eiga að máli, sbr. 16. gr. grunnskólalaga.

15. gr.

Fræðsluráð lætur í té umsögn um beiðni skólanefndar um að hefja kennslu á tímabilinu 15. september til 1. október. Einnig getur fræðsluráð, að fenginni umsögn fræðslustjóra, heimilað skólanefnd að allt að fjórðungur kennslu fari fram í sumarskóla. Þá getur fræðsluráð, ásamt hlutaðeigandi skólanefnd, ákveðið hvort í skólahverfinu skuli vera 5 eða 6 daga skólavika.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 11. gr. og í 84. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla, sem breytt var með lögum nr. 87/1989 um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Reglugerð þessi öðlast gildi 20. febrúar 1990.

Menntamálaráðuneytið, 12. febrúar 1990.

Svavar Gestsson.

Sólrún Jensdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 10 – 1990

16. febrúar 1990

137

Nr. 81

REGLUGERÐ

um takmörkun umferðar og dvalar á svæði Keflavíkurflugvallar.

1. gr.

Engum er heimil umferð um eða dvöl á svæði Keflavíkurflugvallar nema hann hafi til þess sérstakt leyfi samkvæmt skírteini útgefnu af lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. taka ekki til eftirtalinna í þar greindum tilvikum:

1. Erlendra sendierindreka sem hafa fengið heimild utanríkisráðuneytisins til að annast opinber starfserindi á transit-svæði í flugstöð Leifs Eiríkssonar, enda beri þeir á sér skilríki þar að lútandi sem utanríkisráðuneytið hefur gefið út þeim til handa.
2. Varnarliðsmanna og skylduliðs þeirra sem hafa heimild varnarliðsins til umferðar eða dvalar á svæði flotastöðvarinnar, enda beri þeir á sér skilríki þar að lútandi sem varnarliðið hefur gefið út þeim til handa.
3. Flugliða og flugfarþega á eðlilegri leið þeirra til og frá loftfari, enda beri þeir á sér gildar ferðaheimildir útgefnar af umráðamanni loftfars eða umboðsmanni hans.

3. gr.

Leyfi hvers einstaklings skal bundið við ákveðinn hluta svæðisins eða taka til þess alls.

4. gr.

Leyfi skal gefa út til ákveðins tíma. Takmarka má leyfið við ákveðna vikudaga og tilgreindan hluta sólarhringsins.

5. gr.

Leyfi má binda ákveðnum störfum eða starfsemi. Láti leyfishafi af því starfi eða starfsemi fellur leyfið úr gildi.

6. gr.

Lögreglustjóri getur afturkallað leyfi fyrirvaralaust hvenær sem er.

7. gr.

Lögreglustjóri gefur út skírteini til handa þeim sem leyfi fá samkvæmt 1. gr.

8. gr.

Leyfishafa er því aðeins heimil dvöl á eða umferð um svæði Keflavíkurflugvallar að hann beri á sér skírteini útgefið honum til handa samkvæmt 7. gr. Skal hann framvísa skírteini sínu sé þess krafist af löggæslumönnum eða eftirlitsmönnum mannvirkja.

B 10

9. gr.

Skírteini samkvæmt 7. gr. skulu vera prentuð og frágengin í samanlímdum plasthlífum og auðkennd með orðunum: Keflavíkurflugvöllur – Keflavík Airport.

Á skírteininu skal vera nafn leyfishafa, ljósmynd af honum, kennitala hans, nafn vinnuveitanda og lok gildistíma leyfisins. Þá skal vera á skírteininu nafnárítun og stimpill útgefanda og útgáfudagur.

Gildissvið skírteinanna má tákna með mismunandi grunnlitum, litatáknum og öðrum auðkennum.

10. gr.

Lögreglustjóri getur sett reglur um sérstök skírteini fyrir starfsmenn í vinnuflokkum sem ætlað er að vinna aðeins takmarkaðan tíma á svæðinu. Mega slík skírteini vera án myndar af viðkomandi. Flokkstjóri fyrir slíkum vinnuflokki skal þó jafnan vera með skírteini í samræmi við 9. gr.

Lögreglustjóri getur sett reglur um bráðabirgðaskírteini fyrir einstaka menn eða hópa sem skammtímaerindi eiga á Keflavíkurflugvöll.

11. gr.

Þegar leyfi fellur úr gildi, hvort heldur vegna þess að gildistími þess er runninn út, lögreglustjóri hefur afturkallað það ellegar leyfishafi er hættur þeim störfum eða starfsemi sem leyfið tók til, skal leyfishafinn skila lögreglustjóra skírteininu.

12. gr.

Umsóknir um umferðar- eða dvalarleyfi samkvæmt 1. gr. skulu vera á til þess gerðum eyðublöðum.

13. gr.

Fyrir skírteini um umferðar- eða dvalarleyfi skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur.

14. gr.

Áður en leyfishafi fær afhent skírteinið ber honum að kynna sér reglur þær sem lögreglustjóri hefur sett um dvöl á og umferð um svæði Keflavíkurflugvallar og sérstaklega hver sá hluti svæðisins er sem leyfi hans nær til og hver takmörk og hvaða skyldur honum eru settar við leyfisveitinguna. Leyfishafi skal gefa um það yfirlýsingu að hann hafi kynnt sér þessar reglur.

15. gr.

Lögreglustjóri setur að höfðu samráði við flugvallarstjóra nánari reglur um leyfisveitinguna og meðferð og notkun skírteinanna.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 77. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964, samanber lög nr. 106/1954, og öðlast gildi 15. mars 1990.

Samtímis fellur úr gildi reglugerð nr. 76/1982 um vegabréf á Keflavíkurflugvelli. Vegabréf útgefin samkvæmt þeirri reglugerð halda þó gildi sínu til 1. júní 1990.

Utánríkisráðuneytið, 16. febrúar 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

AUGLÝSING

um gjald skv. 13. gr. reglugerðar nr. 81/1990 um takmörkun
umferðar og dvalar á svæði Keflavíkurflugvallar.

1. gr.

Gjald fyrir skírteini um umferðar- eða dvalarleyfi á svæði Keflavíkurflugvallar skal vera kr. 1 000.

Utánríkisráðuneytið, 16. febrúar 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

19. febrúar 1990

Nr. 83

REGLUGERÐ

um bann við veiðum í Eyrarbakkaflug.

1. gr.

Frá og með 20. febrúar 1990 eru allar veiðar með línu, vörpu og dragnót bannaðar á svæði, sem að vestan markast af 21°22'V og að austan af 20°34'V. Að utan markast svæðið af línu, sem dregin er í fjögurra sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. febrúar 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar.

1. gr.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins hefur af hálfu ríkisins umsjón með skuldbreytingum á lausaskuldum loðdýrabænda, sem fram fara á grundvelli laga nr. 112 22. desember 1989.

2. gr.

Til lausaskulda vegna loðdýraræktar teljast allar þær skuldir bænda sem myndast hafa vegna loðdýrabúskapar þeirra á árunum 1986–1989, aðrar en afurðalán og þær skuldir sem tryggðar eru með veði í fasteignum viðkomandi loðdýrabónda. Þó skal telja til lausaskulda þau afurðalán sem eru umfram áætlað verðmæti óseldra skinna.

3. gr.

Allir þeir sem stundað hafa loðdýrabúskap á árunum 1986–1989 geta sótt um skuldbreytingu og gildir þá einu hvort þeir stunda enn þann búskap. Ekki verður veitt ríkisábyrgð vegna lausaskulda sem mynduðust fyrir þann tíma.

4. gr.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins útbýr, að höfðu samráði við Ríkisábyrgðasjóð, skulda-bréf, tryggð með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs, til nota við skuldbreytingarnar. Skuldabréfin skulu skráð á nafn. Þar komi fram að þau lán sem veitt eru með ríkisábyrgð eru til fimmtán ára, verðtryggð með lánskjaravísitölu, með 5% vöxtum og afborgunarlaus fyrstu þrjú árin. Til tryggingar áhættu ríkissjóðs vegna ábyrgðarinnar skulu lántakar gefa út tryggingarbréf tryggð með veðum í fasteignum og öðrum tiltækum verðmætum lántakanda.

Skilyrði fyrir ríkisábyrgð skv. 1. mgr. er að öðrum lausaskuldum verði breytt í lán til minnst átta ára með hagstæðustu kjörum sem völ er á.

5. gr.

Viðmiðun hvers aðila til ríkisábyrgðar skal reiknuð að jöfnu, miðað við mesta ásetning árána 1987, 1988 og 1989 annars vegar og hins vegar eftir búrarými í loðdýrahúsum. Aldrei verður skuldbreytt meiru með ríkisábyrgð en sem nemur 60% lausaskulda hvers aðila jafnvel þótt útreiknuð viðmiðun sé hærrí. Ekki skal veitt ríkisábyrgð vegna skulda þeirra aðila sem geta að mati Framleiðnisjóðs landbúnaðarins staðið í skilum með núverandi skuldir sínar án sérstakra aðgerða.

6. gr.

Áður en til skuldbreytinga kemur skal Framleiðnisjóður landbúnaðarins meta í samráði við helstu lánardrottna hvort með skuldbreytingu og öðrum aðgerðum tengdum henni skapist forsendur fyrir viðkomandi aðila til að greiða af skuldum sínum. Við mat á greiðslugetu skal

Framleiðnisjóður landbúnaðarins afla ítarlegra upplýsinga um fjárhagsstöðu viðkomandi, gerð skal skuldbreytingaáætlun sem kynnt er lánardrottnum. Ríkisábyrgð skal þá fyrst veitt þegar allir lánardrottnar hafa samþykkt að vinna eftir þeirri áætlun.

7. gr.

Nú verður ekki skuldbreytt hjá einhverjum aðila skv. reiknaðri viðmiðun og skal þá Framleiðnisjóður landbúnaðarins gera tillögur til landbúnaðarráðherra um hvernig þær viðmiðanir skulu nýttar.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í l. nr. 112/1989 um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. febrúar 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingum á aðalskipulagi Reykjavíkur og staðfestu deiliskipulagi Skúlagötusvæðis.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 14. febrúar 1990 staðfest uppdrátt sem sýnir breytta landnotkun aðalskipulags Reykjavíkur á staðgreinireitum 1.1522 og 1.1523 sem markast af Lindargötu, Skúlagötu og Frakkastíg en þar verður blandað íbúðar- og miðbæjarsvæði í stað íbúðasvæðis og þá breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis að hótélbygging og íbúðabygging verður á staðgreinireit 1.1523 og á hluta staðgreinireits 1.1522.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt hann til staðfestingar ráðuneytisins.

Félagsmálaráðuneytið, 16. febrúar 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um heimavistir grunnskóla.

I. KAFLI

Heimavistir.

1. gr.

Til umsjónarstarfa telst allt eftirlit með nemendum utan kennslutíma á heimavist, í borðsal, í útivist, í lestímum, og í frítíma. Auk þess næturábyrgð og útköll, samkvæmt kjarasamningum.

2. gr.

Skólastjóri gerir áætlun um gæsluþörf skólans fyrir byrjun hvers skólaárs samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar og sendir hana til skólanefndar til staðfestingar.

3. gr.

Í heimavistum skal daglegt eftirlit og umsjón nemenda vera í höndum kennara, fóstura eða annarra starfsmanna með sambærilega uppeldismenntun. Fáist ekki starfslið með slíka menntun skal skólastjóri meta starfshæfni umsækjenda í samráði við skólanefnd.

Æskilegast er að til gæslustarfa séu ráðnir sérstakir starfsmenn (húsmóðir eða húsbóndi heimavistar). Kennarar skólans annist gæslu í hlutastarfi en ekki sem yfirvinnu og beri þá ábyrgð á tilteknum hópi nemenda.

Miða skal við að skólastjóri og kennarar hafi umsjón með heimanámi.

Skólastjóri ræður starfslið til gæslu að fengnu samþykki sveitarstjórnar eða skólanefndar í umbodi hennar.

4. gr.

Gæslufólk skal leitast við að haga svo störfum sínum að þau hafi mótandi áhrif á nemendur. Það skal veita þeim hliðstæða umhyggju og vernd og tíðkast á góðum heimilum. Nauðsynlegt er að gæslufólk haldi uppi jákvæðum aga og hvetji nemendur og leiðbeini þeim um góða framkomu, reglusemi og umgengni.

5. gr.

Kappkosta skal að heimavistarskólar minni sem mest á góð heimili.

Í öllum heimavistarskólum skal aðbúnaður vera þannig að nemendur geti notið sem best hvíldar og næðis utan skólatíma. Einnig sé góð aðstæða til tómsunda- og félagsstarfa og gott skólasafn. Búnaður herbergja skal vera í samræmi við aldur nemenda, m.a. hæð á borðum, stólum o.s.frv. Miðað skal við að ekki séu fleiri en tveir nemendur á hverju herbergi.

Þar sem mikill aldursmunur er á nemendum í sömu heimavist er nauðsynlegt að hægt sé að aðskilja aldurshópa vegna mismunandi þarfa þeirra.

Þess skal gætt að nemendur geti jafnan náð til umsjónarmanns heimavistar.

6. gr.

Svo að unnt sé að ná markmiðum 4. og 5. gr. gilda eftirfarandi reglur:

Hámarksfjöldi nemenda, sem kennari hefur umsjón með, er breytilegur eftir aldri og aðstæðum.

Æskileg gæsluþörf er skilgreind í eftirfarandi töflu. Hún miðast við 5 daga skóla þar sem heimavist er í einu húsi og álmur ekki aðskildar.

4. - 9. bekkur		-25	26-50	51-75	76-100	-125
		nem	nem	nem	nem	nem
0. - 3. bekkur		-15	16-30	31-45	46-60	61-75
		nem	nem	nem	nem	nem
móttaka/brottför	2x 15 mín.	30	60	60	90	90
kl. 8- 9	morgunv.	240	240	360	480	480
kl. 9-12	kennsla					
kl. 12-13	hádegisv.	300	300	450	450	600
kl. 13-15:30	kennsla					
kl. 15:30-16	kaffit.	150	150	150	300	300
kl. 16-17	útivist	240	240	480	480	720
kl. 17-19	lestími	480	960	1440	1920	2400
kl. 19-20	kvöldm.	240	240	360	360	480
kl. 20-24	kvöldg.	840	1680	2520	3360	3360
kl. 21:30-22	kvöldk.	120	120	120	240	240
	samt. mín.	2640	3990	5940	7680	8670
	samt. klst.	44	66,5	99	128	144,5

Meta skal aðstæður til aukningar ef aðstæður krefjast þess, t.d.:

- Aðskildar heimavistir.
- Nemendur með sérþarfir.
- Ófullnægjandi aðstaða fyrir nemendur í frítíma.
- Skóli hefst fyrir kl. 11 á mánudögum.
- Nemendur þurfa að dveljast í heimavist um helgar sökum veðurs, samgangna eða af öðrum ástæðum.

Naturábyrgð telst frá kl. 24 til kl. 8. Miða skal við að hver gæslumaður hafi aðeins naturábyrgð í einu húsi, álmu, hæð eða gangi, séu vistir aðskildar.

Tíma vegna naturábyrgðar skal reikna til viðbótar þeim kvóta sem að framan greinir.

7. gr.

Sveitarsjóður skal greiða gæslufólki laun samkvæmt gildandi kjarasamningum, þegar gæsluáætlun hefur verið staðfest af skólanefnd.

8. gr.

Dvöl á heimavist skal vera eins stutt og mögulegt er, án þess að námið skerðist nokkuð, svo að tengsl barnanna við heimili sitt rofni sem minnst.

Æskilegt er að þau séu ekki lengur en 4 nætur samfelld að heiman í senn.

II. KAFLI

Starfsmannafundur.

10. gr.

Í heimavistar- og heimanakstursskólum skal skólastjóri eða heimavistarstjóri í hans stað, halda reglulegan starfsmannafund í upphafi skólaárs. Leggur hann þar fram drög að áætlun um skipulag heimavistar, umgengisreglur og gæslustörf. Halda skal annan reglulegan starfsmannafund síðar á skólaárinu.

11. gr.

Á reglulega starfsmannafundi skal boða allt starfsfólk skóla. Skyld er starfsfólki að sækja þessa fundi, enda séu þeir haldnir í daglegum vinnutíma þess.

12. gr.

Skólastjóri (heimavistarstjóri) boðar til starfsmannafunda og stjórnar þeim eða setur fundarstjóra í sinn stað og skipar fundarritara. Fundargerð skal færa í gjörðabók.

13. gr.

Boða skal til sérstaks starfsmannafundar, æski þriðjungur starfsmanna þess og skal þá tilgreina fundarefni. Þá getur skólastjóri boðað til aukafundar.

14. gr.

Skólastjórar heimavistar- og heimanakstursskóla boða öikumenn, er flytja nemendur, á reglulega starfsmannafundi og aðra starfsmannafundi ef skólastjóra þykir ástæða til.

15. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 20. og 37. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, og gildir frá 1. mars 1990. Þó tekur 6. gr. ekki gildi fyrir en frá byrjun skólaársins 1990-1991. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 478/1978 um sama efni.

Menntamálaráðuneytið, 30. janúar 1990.

Svavar Gestsson.

Sigurður Helgason.

REGLUGERÐ

um fráveitu á Akureyri.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um fráveitu í lögsagnarumdæmi Akureyrar.

2. gr.

Akureyrarbær starfrækir fráveituna, en bæjarsjóður kostar rekstur hennar og framkvæmdir við hana. Bæjarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveituna og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun bæjarsjóðs til reksturs og framkvæmda við hana.

Tæknideild bæjarins fer með umsón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitu bæjarins í umboði bæjarstjórnar og undir yfirumsjón bæjarverkfræðings.

3. gr.

Fráveitan veitir fráveituvatni, sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu og ræsivatn, um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn, en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveim aðskildum samliggjandi fráveitulögnum.

Bæjarsjóður á allar holræsalagnir fráveitunnar, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna. Ennfremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

4. gr.

Þar sem fráveita bæjarins nær til, skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðamörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir, skal séð fyrir tengigreini á holræsaloð. Tæknideild bæjarins ákveður legu götufráræsa og tengigreina.

5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði, þar sem fráveita bæjarins liggur, er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita, skulu húseigendur halda skólpi og ofanvatni aðskildu í tvöfaldri fráræsislögn og tengja hana tvöfaldri fráveitu bæjarins.

6. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á fráræsi húseignar að fráveitu bæjarins, skal húseigandi leiða fráveituvatn frá húseigninni að safnbrunni með sjálfvirkum dælubúnaði, sem dælir fráveituvatninu að brunni, þannig staðsettum, að hægt sé að veita fráveituvatninu frá honum í fráveitu bæjarins.

7. gr.

Þar sem fráveita bæjarins nær ekki til, skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá fráræsum húseigna um rotþrær og siturleiðslur að viðtaka.

Þegar fráveita bæjarins hefur verið lögð, skulu húseigendur kosta og tengja fráræsi húseigna við hana.

8. gr.

Þegar tengja skal fráræsi húseigna við fráveitu bæjarins eða veita fráveituvatni frá þeim um rotþró, sé þess ekki kostur að tengja fráræsislögn frá húseign við fráveituna, skal sækja um það til byggingareftirlits bæjarins á þar til gerðum eyðublöðum, sem þar eru látin í té. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra, ásamt púplagningameistara þeim, sem verkið á að vinna.

Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráræsum frá húseignum, sem tengja á fráveitu bæjarins.

Umsóknum um rotþrær skulu fylgja teikningar, er sýni gerð þeirra og staðsetningu og siturleiðslur að viðtaka, auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða.

9. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum sbr. byggingarreglugerð og byggingarskilmála.

10. gr.

Byggingareftirlit bæjarins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar, skal það einnig taka út og viðurkenna fráræsi frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu bæjarins eða rotþrær.

11. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því, að lagnir fráveitu bæjarins séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald. Akureyrarbæ er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

12. gr.

Ekki er heimilt að veita fráveituvatni frá húseignum í fráveitu bæjarins, ef það inniheldur mikið af fitu frá stórum eldhúsum og matvælaíðnaði, súrum vökvum og öðrum hættulegum efnaúrgangi frá iðnaðar- og framleiðslustarfsemi, bensíni og olíum frá bensínstöðvum,

bifeiðaverkstæðum og smurstöðvum, sandi frá þvottaplönnum eða öðru sem valdið getur skemmdum og rekstrartruflunum á fráveitu bæjarins og skaðlegri mengun á viðtaka.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn innihaldi ofangreind efni, ber eiganda húseignar að gera ráðstafanir til að fjarlægja þau eða gera óskaðleg, áður en fráveituvatninu er veitt í fráveitu bæjarins.

13. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og sjá um hreinsun á fráæsnum og gæta þess að þau stíflist ekki.

Rotþrær ber að hreinsa að minnsta kosti einu sinni á ári. Skiljur á fráæsislögnum ber að hreinsa reglulega þannig að tryggt sé að hreinsibúnaðurinn gegni hlutverki sínu.

14. gr.

Þar sem hætta er á, að fráveituvatn frá fráveitu bæjarins flæði til baka um fráæsislagnir frá húseignum, vegna vatnsborðsriss af völdum ofanvatns eða hárrar sjávarstöðu, skulu húseigendur koma fyrir sjálfvirkum flóðlokum við gölfniðurföll.

15. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Akureyrar, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem holræsalagnir fráveitu bæjarins liggja, skal greiða árlega fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu bæjarins.

Eigendur fasteigna, sem ekki eiga þess kost að tengja fráæsi húseigna sinna við fráveitu bæjarins eru undanþegnir fráveitugjaldi.

16. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa. Fráveitugjald skal miðast við ákveðinn hundraðshluta af álagningarstofni og hlíta ákvæðum um minnsta og mesta gjald, samkvæmt gjaldskrá sem bæjarstjórn setur og ráðuneytið staðfestir.

17. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds.

18. gr.

Fráveitugjald má innheimta með lögtaki og er það tryggt með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

19. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 87/1970 um gjöld til holræsa, gangstétta og varanlegs slitlags á götum á Akureyri, vatnalögum nr. 15/1923 og 6. og 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsagjöld á Akureyri nr. 59/1972.

Félagsmálaráðuneytið, 14. febrúar 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

G J A L D S K R Á

um fráveitugjald á Akureyri.

1. gr.

Fráveitugjald.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Akureyrar, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem holræsalignir fráveitu bæjarins liggja, skal greiða árlega fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu bæjarins. Eigendur fasteigna, sem ekki eiga þess kost að tengja frá-ræsi húseigna sinna við fráveitu bæjarins eru undanþegnir fráveitugjaldi.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa.

3. gr.

Hundraðshluti fráveitugjalds af álagningarstofni.

Af öllum fasteignum, sem eru fráveitugjaldskyldar samkvæmt 1. gr., skal greiða fráveitugjald, sem nemur 0.18% af álagningarstofni samkvæmt 2. gr. Fráveitugjald skv. 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta og mesta gjald á rúmmetra í byggingum á viðkomandi lóð, að viðbættum 0.18% af álagningarstofni lóðar.

Vörugeymslur og annað ótilgreint húsnæði	minnst 10.76 kr/m ³ en mest 12.92 kr/m ³
Iðnaðarhúsnæði	minnst 12.92 kr/m ³ en mest 15.50 kr/m ³
Verslunar-, skrifstofu- og annað sérstætt húsnæði	minnst 15.50 kr/m ³ en mest 18.60 kr/m ³
Íbúðarhúsnæði og bílskúrar	minnst 18.60 kr/m ³ en mest 22.32 kr/m ³

Lágmarks- og hámarksgjöld á rúmmetra, samkvæmt þessari grein, breytast árlega í hlutfalli við ákvörðun yfirfasteignamatsnefndar um framreikningsstuðul á fasteignamati íbúðarhúsnæðis.

4. gr.

Um gjalddaga.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu fráveitugjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

5. gr.

Ábyrgð á greiðslu gjalds.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu gjalds samkvæmt gjaldskrá þessari. Fráveitugjald má innheimta með lögtaki og er það tryggt með lögveðsrétti í fasteign eiganda næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og 6. og 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsagjöld á Akureyri nr. 59/1972.

Félagsmálaráðuneytið, 14. febrúar 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Suðurnesja.

I. KAFLI

Stjórn og rekstur.

1. gr.

Ríkissjóður Íslands og sveitarfélögin Keflvíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður, Gerðahreppur, Miðneshreppur, Hafnahreppur, Grindavíkurkaupstaður og Vatnsleysuhreppur eiga og reka saman fyrirtæki, sem nefnist Hitaveita Suðurnesja. Hitaveitan er stofnuð samkvæmt lögum nr. 100 frá 31. desember 1974 og starfar samkvæmt þeim með breytingum, sem gerðar hafa verið með lögum nr. 26 frá 9. maí 1980, lögum nr. 91 frá 29. maí 1984 lögum nr. 101 frá 31. desember 1985 og lögum nr. 108 frá 29. desember 1988.

2. gr.

Hitaveita Suðurnesja er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

Heimili hennar og varnarþing er í Keflavík.

3. gr.

Verkefni Hitaveitu Suðurnesja skal vera:

- Að virkja jarðhita í Svartsengi og annars staðar á Reykjanesi, ef hagkvæmt þykir.
- Að reisa og reka orkuver, aðveitur og orkudreifikerfi á starfssvæði sínu og annast sölu á orku til notenda.
- Önnur nýting á jarðgufu og grunnvatni.

Heimilt er hitaveitunni að reisa kyndistöðvar, ef rekstraröryggi krefst.

Starfsemi hitaveitunnar skal beinast að öflun orku og dreifingu hennar í sveitarfélög þau, sem aðild eiga að henni.

4. gr.

Eignarhlutur eigenda Hitaveitu Suðurnesja skiptist þannig, samanber lög:

Ríkissjóður Íslands	20,00%
Keflavíkurkaupstaður	38,68%
Njarðvíkurkaupstaður	12,83%
Grindavíkurkaupstaður	11,17%
Miðneshreppur	6,99%
Gerðahreppur	6,07%
Vatnsleysustrandarhreppur	3,57%
Hafnahreppur	0,69%

5. gr.

Sameigendur bera einfalda og óskipta ábyrgð á skuldbindingum Hitaveitu Suðurnesja gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgðin á sameigendur í réttu hlutfalli við eign þeirra í henni.

6. gr.

Eignarhlutföllum í Hitaveitu Suðurnesja verður ekki breytt, og engum sameigenda er heimilt að ganga úr henni, án samþykkis allra hinna.

Verði ákvörðun tekin um að krefjast viðbótarframlags í hitaveituna frá eigendum hennar, skulu þeir leggja það fram í samræmi við eignarhlutföll.

7. gr.

Stofnsjóður Hitaveitu Suðurnesja skiptist á sameigendur í þeim hlutföllum, er um getur í 4. gr.

8. gr.

Hitaveita Suðurnesja hefur einkaleyfi til starfsrækslu hitaveitu og rafveitu innan sveitarfélaga þeirra, sem aðild eiga að henni.

9. gr.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja skal skipuð níu mönnum. Iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra skipa einn fulltrúa hvor í stjórnina og einn til vara.

Sveitarfélög þau, sem eigendur eru að hitaveitunni, skipa einn fulltrúa hvert í stjórnina og einn til vara. Fulltrúar sveitarfélaganna skulu skipaðir til fjögurra ára og hefst kjörtímabil þeirra 1. ágúst, næstan eftir almennar sveitarstjórnarkosningar, en lýkur 31. júlí fjórum árum síðar.

Fulltrúar ríkissjóðs skulu skipaðir til eins árs í senn, frá aðalfundi til aðalfundar.

Stjórnin skiptir með sér verkom. Við afgreiðslu mála skal að jafnaði viðhafa hlutfallslega atkvæðagreiðslu, miðað við eignarhlutfall skv. 4. gr., enda komi fram ósk að minnsta kosti eins stjórnarmanns þar um, og þarf þá 60% atkvæða til að mál teljist samþykkt. Undirskrift meirihluta stjórnar bindur hitaveituna.

Stjórnin ákveður sjálf starfshætti sína og fundarhöld. Hún skal þó ekki hafa fundi sjaldnar en einu sinni í mánuði, að jafnaði. Skylt er að halda fundi, þegar tveir stjórnarmenn eða einhver sameignaraðili óskar þess, að skal þá fundi halda innan viku frá því ósk kom fram. Fundi skal boða með tryggilegum hætti.

Stjórnarfundur er löglegur, ef meirihluti stjórnar er mættur. Nú verður fundur ólögmætur, vegna þess að eigi eru nægilega margir mættir og skal þá, með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara, boða fund að nýju með staðfestu símskeyti og halda hann innan 2ja vikna. Skal þess getið í fundarboði, að hann sé haldinn í stað þess fundar, en áður var boðaður og eigi varð lögmætur. Sá fundur er lögmætur um þau mál, er á dagskrá fyrri fundar voru, þótt meirihluti sækji eigi. Meirihluti atkvæða ræður, en séu atkæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

Halda skal gerðabók um fundi stjórnar, og skal heimilt að ráða mann utan stjórnar til þess starfa. Í gerðabók skal þess getið, hvar og hvenær fundur sé haldinn og hverjir sitji hann. Færa skal til bókar frásögn um þau mál, er upp eru borin á fundinum og geta afgreiðslu þeirra. Allir fundarmenn eiga rétt til að fá sérstaklega bókaðar stuttar athugasemdir. Fundargerðir skulu bornar upp í fundarlök og undirritaðar af fundarmönnum. Óski fundarmaður eftir að gera athugasemd við fundargerð, skal hún skráð sérstaklega.

Fundargerð verður eigi breytt, eftir að undirskriftuð hefur verið, nema augljós glöp séu, og telst fullnaðarheimild um afgreiðslu máls.

10. gr.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja hefur á hendi yfirstjórn á framkvæmdum hitaveitunnar og rekstri hennar.

1. Hún markar heildarstefnu hitaveitunnar og skal gæta hagsmuna hennar í hvívetna.
2. Hún ákveður framkvæmdir á orkuveitusvæðinu.
3. Hún setur gjaldskrá fyrir hitaveituna.
4. Hún staðfestir samninga um orkukaup og orkusölu.
5. Hún undirbýr reglugerð um hita- og raflagnir o.fl. á veitusvæði hitaveitunnar og leggur fyrir ráðherra til staðfestingar.
6. Hún tekur lán til þarfa hitaveitunnar og ábyrgist greiðslur og skuldbindingar fyrir hennar hönd.
7. Hún ræður forstjóra og forstöðumenn aðaldeilda.

8. Hún ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða og gefa umsögn um reikninga hitaveitunnar.

Til að skuldbinda hitaveituna þarf undirskrift meirihluta stjórnar. Þó getur stjórnin veitt færri stjórnarmönnum, svo og mönnum utan stjórnar, umboð til að skuldbinda hana í einstökum ákveðnum tilfellum.

Stjórnin veitir prókúruumboð fyrir hitaveituna. Forstjóri skal hafa slíkt umboð, svo og aðrir sem stjórn telur rétt að veita það. Stjórnin getur eigi skuldbundið eignaraðila að því er varðar greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til framkvæmda og breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki a.m.k. fimm þeirra. Þó þarf stjórnin ekki að leita slíks samþykkis, ef samanlagðar skuldbindingar og ábyrgðir, sem gengist er undir á hverju ári, eru minna en 10% af brúttótekjum hitaveitunnar á næstliðnu ári.

11. gr.

Forstjóri veitir hitaveitunni forstöðu. Hann annast daglegan rekstur hennar og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem stjórn gefur. Hann skal helga hitaveitunni starfskrafta sína og er óheimilt að taka að sér störf í annarra þágu, án samþykkis stjórnar hennar. Hann getur falið öðrum framkvæmd tiltekinna verka í umboði sínu í samræmi við reglur, er stjórnin kann að setja um slíkt.

Forstjóri skal eiga sæti á fundum stjórnar, hafa þar málfrelsi og tillögurétt, nema fundarefni varði hann sjálfan og störf hans hjá hitaveitunni. Hann annast undirbúning stjórnarfundna í samráði við stjórnarformann.

Forstjóri ræður aðra starfsmenn en þá, sem taldir eru í 10. gr. 7. tl.

12. gr.

Við gerð gjaldskrár skal stjórnin gæta almennra arðsemissjónarmiða, skal að því stefnt, að hitaveitan skili nægjanlegum greiðsluafgangi svo hún geti jafnan, með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum, tryggt viðskiptavinum sínum næga orku á hagkvæmasta verði.

13. gr.

Tekjum hitaveitunnar skal fyrst og fremst varið til að standa straum að nauðsynlegum rekstrarkostnaði og fjárfestingum, þannig að öruggur rekstur hennar sé tryggður, þar með talin greiðsla afborgana og vaxta af skuldum hennar.

14. gr.

Semja skal fyrir hvert reikningsár fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir hitaveituna og leggja hana fyrir stjórn til samþykktar eigi síðar en í desember ár hvert.

15. gr.

Reikningsár hitaveitunnar skal vera almanaksárið.

Reikningar hvers árs skulu gerðir upp og rekstrar- og efnahagsreikningur lagður fyrir stjórn hitaveitunnar, eigi síðar en 1. mars ár hvert, ásamt umsögn löggilts endurskoðanda.

Endurskoðaðir ársreikningar hitaveitunnar, ásamt umsögn endurskoðanda og ársskýrslu, skulu sendir eignaraðilum til athugunar viku fyrir aðalfund.

16. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en í apríl ár hvert. Stjórnin boðar til aðalfundar með dagskrá og með a.m.k. viku fyrirvara. Á aðalfundi eiga sæti 3 fulltrúar frá hverjum eignaraðila, nema 6 frá ríkissjóði. Fulltrúa þessa kjósa viðkomandi sveitarstjórnir hlutbundinni kosningu, en fulltrúa ríkissjóðs skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra, þrjá hvor. Allir sveitarstjórnarmenn á orkuveitusvæðinu skulu eiga rétt til setu á aðalfundi.

Á aðalfundi skal fjalla um eftirgreind mála:

1. Skýrslu stjórnar og forstjóra.
2. Lagðir skulu fram endurskoðaðir reikningar hitaveitunnar.
3. Kosinn skal einn endurskoðandi til eins árs, en fjármálaráðherra skal tilnefna annan.
4. Eignaraðilar skulu tilkynna tilnefningu nýrra fulltrúa í stjórn hitaveitunnar, sbr. 9. grein.
5. Önnur mál.

II. KAFLI

Hitaveita.

17. gr.

Hitaveita Suðurnesja lætur leggja allar utanhússlagnir, aðalæðar, dreifiæðar og heimæðar. Í húsi leggur hitaveitan lögnina inn fyrir hemlagrind. Heimilt er hitaveitunni að setja nánari ákvæði um lögn heimæða í ný byggðahverfi í skilmála þá, er fylgja lóðarúthlutun.

Húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða 1. hæðar, ef hús er kjallaraust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir vatnshemla og annað tilheyrandi tenginu við hitaveituna. Þar skal vera niðurfall í gólfi, og skal sá staður ætíð vera aðgengilegur starfsmönnum hitaveitunnar.

Ef inntak hitaveitu og mælir eða hemill eru ekki í sama herbergi, skal lögn þar á milli vera óhulin.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað einstaklingum og félögum fjarhitun á tilteknum svæðum, undir yfirstjórn hitaveitunnar.

18. gr.

Hitaveita Suðurnesja hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á lögnum, sem hún lætur leggja. Hitaveitan getur endurkrafíð húseigendur um kostnað vegna tjóns á kerfi eða tækjum, eftir almennum skaðabótareglum.

19. gr.

Peim, sem húseign á við götu eða veg, sem dreifiæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitakerfi hússins við hitaveituæðina. Nú eru sérstakir erfiðleikar á tenginu húss, eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, og getur hitaveitan þá ákveðið, að húsið skuli ekki tengt við hitaveitukerfið.

20. gr.

Sú hitaorka, sem hitaveitan lætur í té, er ætluð til upphitunar húsa og almennra heimilisnota.

Óheimilt er með öllu að tengja annað en neysluvatslögn við greiningu þá, sem til þess er ætluð. Nú kemur fram ósk um að nota hitaorku til annarra þarfa, en greinir í 1. mgr., og þarf þá til þess heimild hitaveitunnar.

21. gr.

Réttur húseigenda til afnota af hitaorku skuldbindur ekki hitaveituna til þess að tryggja, að þrýstingur í dreifiæð sé ávallt nægilegur.

Stöðvun á rekstri hitaveitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds og tenginga skal tilkynna fyrirfram, ef unnt er, og koma skal á eðlilegum rekstri aftur, svo fljótt sem verða má.

22. gr.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, en leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika.

Sama gildir, ef rennsli í æð er stöðvað um stundarsakir, vegna viðgerða og annarra nauðsynlegra aðgerða hitaveitunnar sjálfrar.

Hitaveitan ábyrgist ekki tjón, sem verða kann á ofnakerfum og tilheyrandi búnaði vegna tæringar og áskilur sér rétt til að krefjast þess, að forhitatar verði settir á öll húskerfi, sem tengjast hitaveitunni.

23. gr.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitakerfi húss, svo og þéttivatn, ef um jarðgufuveitu er að ræða.

Ef hitaveitan óskar ekki eftir að nota slíkt afrennslivatn, skal húseigandi sjá um að leiða það í frárennsliskerfi hússins, og má hitastig þess þá ekki vera hærra en 35° C.

24. gr.

Áður en ný kerfi eru lögð eða eldri kerfum breytt, skal húseigandi, með minnst 7 daga fyrirvara, senda umsókn um það til hitaveitunnar.

Umsókn skal rituð á eyðublað, sem skrifstofa hitaveitunnar lætur í té, og skal hún undirrituð af eiganda hússins, eða fullgildum umboðsmanni hans, ásamt þeim, sem verkið á að annast. Umsókn á að fylgja uppdráttur af lögninni í þríriti.

25. gr.

Uppdráttur skal gerður af sérmenntuðum verkfræðingi eða tæknifræðingi. Ber hann ábyrgð á því, að uppdráttur sé réttur og í samræmi við reglur og lög, er gilda um byggingarmál.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað öðrum aðilum að gera uppdrætti með sömu skilmálum. Samþykktur uppdráttur skal ávallt liggja fyrir, áður en bygging húss er hafin.

26. gr.

Uppdrættir skulu vera skýrir og greinilegir, gerðir á haldgóðan pappír og þannig frá gengið, að ekki máist drættir eða letur við geymslu. Stærð þeirra skal vera samkvæmt íslenskum staðli ÍST 1, þó ekki stærri en A 1. Uppdrættir eiga að sýna allar lagnir, raufar og göt í steypu fyrir slíkar lagnir og allt fyrirkomulag í hitunarherbergi. Nota skal tákn samkvæmt íslenskum staðli ÍST 64.

Ef hitaveitan telur ástæðu til, getur hún krafist þess, að útreikningar verði lagðir fram.

27. gr.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum hitalögnum, sem breyta á, getur hitaveitan krafist þess, að þeir séu gerðir, eftir því sem nauðsynlegt er, og ber húseigandi allan kostnað af því.

28. gr.

Pegar hitaveitan hefur samþykkt uppdrátt, skal hún árita 3 eintök hans. Eitt eintak skal varðveita í skjalasafni viðkomandi sveitarfélags, annað í skjalasafni hitaveitunnar, en hið þriðja skal afhent umsækjanda.

Sá, er verkið á að vinna, skal, áður en hann hefst handa, rita nafn sitt á þau eintök, er verða varðveitt í skjalasöfnun.

Áritaður uppdráttur skal jafnan vera á vinnustað.

Með áritun sinni tekur hitaveitan enga ábyrgð á því, að unnt sé að framkvæma viðkomandi verk eða að kerfi sé rétt útreiknað.

29. gr.

Um rétt manna til að annast hitalagnir fer eftir iðnaðarlögum. Þeir, sem hitalagnir framkvæma, bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa og samþykktu uppdrætti, svo og nánari fyrirmæli, er sett kunna að verða.

Hitaveitan getur áskilið, að þeir einir megi stunda suðuvinnu á pípum samkvæmt reglugerð þessari, er staðist hafi sérstakt hæfnispróf í logsuðu og/eða rafsuðu.

Engir aðrir en þeir, sem full réttindi hafa, mega taka að sér lagnir eða breytingar á hitakerfum, sem tengjast eiga dreifikerfi hitaveitunnar.

Nú brýtur pípulagningameistari í bága við fyrirmæli reglugerðar þessarar eða annarra reglna, sem honum ber að hlíta í starfi sínu, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á. Getur þá hitaveitan veitt honum áminningu og ennfremur getur stjórn hitaveitunnar samþykkt, að hann fái ekki að annast tengingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekuð brot.

30. gr.

Hitaveitan skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir, breytingar á eldri lögnum og tenging húskerfa við hitaveitu sé í samræmi við reglugerð þessa, samþykta uppdrætti og aðrar reglur og lög, er gilda um byggingamál.

Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og reynslukyndingu og vera viðstaddur, þegar hitaveitu er hleypt á hitakerfi og skal þá ganga úr skugga um, að kerfið hitni jafnt og eðlilega, með mælingum á frárennslihastigi allra ofna og hitatækja og nauðsynlegum stillingum. Einnig skal tryggja, að stjórn tæki starfi eðlilega.

Alíti eftirlitsmaður, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

31. gr.

Eftirlitsmaður hitaveitunnar skal jafnan hafa frjálstan aðgang að hitalögnum, bæði innan húss og utan. Húseiganda er skylt að láta honum í té allar þær upplýsingar, er máli geta skipt um hitun hússins. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjar ráðstafanir til varnar misnotkun heita vatnsins.

32. gr.

Þar sem hús eru hituð með hitaveituvatni, ber húseiganda að hafa á hitakerfinu sjálfvirkan loka, sem tryggir, að þrýstingur á húskerfinu verði ekki of mikill, og að nýting vatnsins verði nægjanleg samanber 23. gr.

33. gr.

Hitaveitan getur, þegar selt er um hemil, ákveðið visst lágmark selds magns um hvern hemil. Jafnframt getur hún ákveðið, að notendur geti aðeins á vissum ákveðnum árstíma breytt keyptu magni til lækkunar.

34. gr.

Á öllum hitakerfum tengdum hitaveitu, skulu vera þrýstímælar og öryggisloki, samkvæmt fyrirmælum hitaveitunnar. Ekki þarf þó öryggisloka, ef hitakerfið hefur síopna útrás um yfirfall (slaufu) og rennsli er stýrt á innrennsli eingöngu.

Á hitakerfum, tengdum einföldu dreifikerfi hitaveitu, skal nota sjálfvirka loka á afrennsli, sem halda eiga hæfilegum þrýstingi á hitakerfinu, samkvæmt nánari fyrirmælum hitaveitunnar.

Heimilt er einnig að leiða afrennsli upp fyrir efstu ofna kerfisins í sérstakri afrennslispípu (slaufu), og sé á efsta hluta hennar þensluker, hæfilega stórt að dómi hitaveitunnar. Skal það tengt frárennsliskerfi hússins með yfirfallspípu úr zinkhúðuðu efni, eða öðru jafngóðu, sem myndi vatnslás við kerfið. Frá þenslukeri skal vera loftpípa, lögð út úr húsi.

Ofangreindar heimildir eiga þó eingöngu við eldri hús og skal í öll ný hús setja þrýstímæli og öryggisloka.

III. KAFLI

Rafmagn, húsveitur og tenging þeirra.

35. gr.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirrituð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá hitaveitunnar og að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá hitaveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

Hitaveitan getur krafist þess, að skrifleg greinargerð, byggð á tækniþekkingu, sé lögð fram varðandi afl- og orkunotkun.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða og hitaveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar, eða gera meiri háttar viðbætur í lágsþennukerfi, er hitaveitunni heimilt að gera umsækjanda að taka þátt í kostnaði.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni, þar sem hliðsjón er höfð af stofnkostnaði við framkvæmdir.

Hitaveitunni er heimilt að krefjast lágmarksgjalds, vegna notkunar um heimtaug.

Heimtaugar með stofnvári eru eign hitaveitunnar, enda þótt heimtaugargjald hafi verið greitt, nema um annað hafi verið sérstaklega samið.

Hitaveitan annast viðhald og endurnýjun heimtauga sinna án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta, vegna breytinga á húsi eða lóð. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu. Ef loftlínuheimtaug er breytt í jarðstrengsheimtaug, skal húseigandi greiða kostnaðarmun, sem ákveðinn er í gjaldskrá.

36. gr.

Forstjóri eða rafverktakaleyfisnefnd veitir þeim rafverktakaleyfi, sem fullnægja skilyrðum og skilmálum hitaveitunnar.

Skylt er að láta löggilta rafverktaka og/eða hitaveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma vinnu við raflagnir, breytingar eða viðgerðir á raflögnum eða raftækjum, sem tengjast eiga eða tengd eru við húsveituna. Aðrir mega ekki taka ábyrgð á né vinna nokkurt slíkt verk.

Löggiltir rafverktakar eru skyldir til að láta hitaveitunni í té upplýsingar um húsveitur og raftæki, sem þeir vinna við og bera ábyrgð á.

37. gr.

Hitaveitan annast úttekt og skoðun á raflögnum samkvæmt reglugerð Rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki, svo og samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði.

Hitaveitan getur gert eiganda veitu að greiða kostnað þeirra verka, sem hún innir af hendi við úttekt raflagna, skoðunargerðir og annað eftirlitsstarf sitt.

Engir aðrir en umboðsmenn hitaveitunnar mega setja spennu á veitu eða hluta af veitu í fyrsta sinn eftir úttekt. Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann sem setur spennu á veituna og hinn löggilta rafverktaka, er um verkið sá.

Hitaveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingum.

38. gr.

Sérhver húsveita, að meðtöldum neyslutækjum, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð Rafmagnseftirlits ríkisins og tæknireglum hitaveitunnar. Það telst óleyfilegt, sem ekki fullnægir þessum kröfum. Efni í veitu eða tæki skal vera viðurkennt af sömu aðilum.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að truflunum valdi á ljósum eða annarri notkun.

Misbrest á þessu, eða aðra galla á veitu eða tækjum, skal húseigandi/notandi þegar í stað og á sinn kostnað láta löggiltan rafverktaka lagfæra.

Komi í ljós við skoðun húsveitu, sem framkvæmd er af hitaveitunni, Rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafverktaka, að galli er á veitu eða tækjum, skal eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur að láta, á sinn kostnað, löggiltan rafverktaka gera við gallana.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum, eða sýnt hirðuleysi í meðferð eða viðhaldi veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu og er heimilt að gera eiganda að greiða þann kostnað, sem aukið eftirlit með veitunni hefur í för með sér.

Hitaveitan getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi, meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt.

Starfsmenn hitaveitunnar eiga rétt til þess að hafa óhindraðan aðgang til skoðunar á veitum, jafn fullgerðum sem ófullgerðum, hvort sem er

til athugunar á öryggi þeirra, þar með talin neyslutæki,

til athugunar á mælitækjum og því, hvort öll notkun komi rétt til mælis samkvæmt gjaldskrá,

til álestrar á mælitæki,

til lokunar vegna vanskila og til annarra þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar eru, samkvæmt réttindum og skyldum hitaveitunnar.

Setja má í sérstakri reglugerð, staðfestri af ráðherra, sérákvæði um nánari tæknileg tengiskilyrði.

IV. KAFLI

Skilmálar fyrir raforkusölu.

39. gr.

Skilyrði raforkusölu er, að samþykkt hafi verið umsókn um tenginu vídeigandi húsveitu við veitukerfi hitaveitunnar.

40. gr.

Hitaveitan selur raforku á orkuveitusvæði sínu, þar sem veitukerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari, sérreglum um raforkuvirkni á orkuveitusvæði hennar og gjaldskrá hennar á hverjum tíma.

Hitaveitan getur krafist þess, að sérhver, sem óskar að gerast notandi raforku, sækji um það skriflega og geri nánari grein fyrir afl- og orkunotkun og til hverra nota raforkan sé ætluð, samanber einnig 11. gr.

Á þeim stöðum í veitukerfinu, þar sem flutningsgeta þess leyfir ekki umbeðið afl án sérstakra ráðstafana, ákveður hitaveitan nánari skilmála.

Hitaveitan getur takmarkað sölu samkvæmt sérstökum töxtum vegna rafhitunar.

Ef hitaveitan telur nauðsynlegt, að komið verði fyrir raforkuvirkjum á viðkomandi lóð, í því skyni að sala raforku geti farið þar fram, skal hitaveitunni látin í té nauðsynleg lóð eða húsnæði fyrir spennistöð, með sérstökum samningi, og nauðsynleg lóð eða aðstaða fyrir jarðstengi, tengiskápa, stólpa og festur fyrir loftlínur, án endurgjalds. Hitaveitunni er heimilt að láta öðrum notendum í té raforku frá spennistöðinni. Kvöð um uppsetningu og rekstur hennar og annarra raforkuvirkja má þinglýsa á viðkomandi húseign.

Orkuafhendingu má binda því skilyrði, að kostnaður vegna sérstakrar fjarlægðar sé greiddur af umsækjanda.

Óski hitaveitan eftir spennubreytingu á húsveitu, er húseigendum skylt að hlíta því, enda sé breytingin gerð á kostnað hitaveitunnar. Á sama hátt skulu húseigendur bera kostnað af spennubreytingu á húsveitu, sem þeir hafa óskað eftir og hitaveitan hefur samþykkt, nema sérstakt samkomulag náist um skiptingu kostnaðar.

Framsal til annarra á raforku, sem keypt er af hitaveitunni, er óheimilt, án leyfis hennar.

41. gr.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilunar eða takmarkana á raforkuvinnslu hefur ekki í för með sér neina skaðabótaskyldu hitaveitunnar, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er. Notendur eiga ekki rétt til endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma.

Notendur, sem greiða aflgjald, eiga þó rétt á að fá sem svarar 1/300 hluta aflgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflunar á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa. Þetta gildir ekki varðandi lokun vegna vanskila.

Hitaveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum né afleiðingum af þeim, né heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá veitum rafmagnsnotanda.

Hitaveitan áskilur sér rétt til þess að taka rafmagn af veitu vegna viðgerða og viðhalds eða eftirlits, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimitaugar, er hitaveitunni heimilt að taka rafmagn af því svæði, sem nauðsynlegt er, til að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á rafmagni um langan eða skamman tíma, ákveður hitaveitan, hvernig takmörkun skuli hagað.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrirfram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur hitaveitunni, þótt straumur hafi rofnað fyrirvaralaust.

42. gr.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á samkvæmt tilteknum taxta (gjaldskrárlíð) hitaveitunnar, er bindandi fyrir hann í að minnsta kosti eitt ár. Þó getur hitaveitan leyst notanda undan þessari skuldbindingu.

Verði breyting á notkun, þannig að hún geti fallið undir annan taxta, skal umsókn um það send hitaveitunni með eins mánaðar fyrirvara.

Hitaveitan áskilur sér rétt til að segja upp sölu eftir tilteknum taxta með eins mánaðar fyrirvara, ef í ljós kemur, að notkunin á að falla undir annan taxta.

Notandi ber ábyrgð á notkun um þá veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til hann hættir notkuninni og hefur sagt henni upp með tilkynningu til hitaveitunar með edlilegum fyrirvara.

Húseigandi er ábyrgur fyrir tilkynningu til hitaveitunnar um notendaskipti. Vanræki húseigandi þessa tilkynningarskyldu sína, er heimilt að gera hann ábyrgan fyrir ógreiddri orkunotkun þess aðila, er áður var notandi viðkomandi veitu.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

43. gr.

Reglugerð þessi gildir um allt veitusvæði Hitaveitu Suðurnesja, nema annað sé tekið fram.

44. gr.

Eigandi húsveitu eða annarrar veitu, sem tengist veitukerfi hitaveitunnar, nefnist húseigandi (veitueigandi).

Kaupandi orku, eða sá sem ber ábyrgð á greiðslu hennar, nefnist notandi.

45. gr.

Upphaf og lok samnings um orkukaup eru við skráningu tilkynningar þess efnis hjá hitaveitunni.

46. gr.

Nú er tenginu heimæðar/heimtaugar lokið og er þá tengigjald gjaldkræft. Neyslugjöld verða krafín samkvæmt ákvæðum gjaldskrár.

Notandi skal greiða hitaveitunni orkukaupin samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma. Við verðbreytingar á orku skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hverrar gjaldskrár á því tímabili, sem reikningurinn tekur til.

Hitaveitan má grundvalla orkureikninga á áætlun um orkunotkun notanda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun, en í henni sé orkunotkuninni jafnað niður á daga. Reikningar, sem byggjast á staðreyndri orkunotkun, nefnast álestrarreikningar, en reikningar, sem byggjast á áætlaðri orkunotkun, nefnast áætlunarreikningar.

Raunverulega orkunotkun skal staðreyna ekki sjaldnar en á um það bil 12 mánaða fresti. Þegar orkunotkun hefur verið staðreynd, skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra. Notandi getur jafnan, gegn greiðslu aukagjalds, krafist aukaálestrar og uppgjörð miðað við staðreynda notkun. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlaðri orkunotkun vegna nýrra forsendna.

Reikninga skal senda orkukaupanda á notkunarstað eða annan stað, sem hann tiltekur.

Gjaldddagi er við útgáfu reiknings. Eindagi er 15 dögum síðar, og skal hann tilgreindur á reikningi. Einnig skal tilgreina greiðslustað.

Sé reikningur ekki greiddur á eindaga, hvort sem um er að ræða áætlunarreikning eða álestrarreikning, hefur hitaveitan rétt til að innheimta vanskilavexti, sem reiknast frá gjaldddaga reiknings hverju sinni.

47. gr.

Sé orkureikningur ekki greiddur á eindaga, eða ef notandi vanefnir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari, eða skriflegum samningi um orkukaup, má hitaveitan stöðva orkuafhendingu til notanda, að undangenginni skriflegri aðvörun, sem sendist honum með minnst þriggja daga fyrirvara.

Vanskil á greiðslu áætlunarreikninga heimila hitaveitunni sömu aðgerðir til innheimtu og stöðvunar á orkuafhendingu og vanskil á álestrarreikningum. Hitaveitan ber ekki ábyrgð á afleiðingum slíkrar stöðvunar.

Beri kaupandi ábyrgð á orkukaupum um fleiri en eina veitu (mæli), má stöðva orkuafhendingu um hverja þeirra sem er, eða allar, vegna vanskila eða vanefnda í sambandi við eina þeirra.

Stöðvun orkuafhendingar vegna vanskila hefur engin áhrif á greiðsluskyldu á fastagjaldi, aflgjaldi og tækjaleigu á lokunartímanum.

Hitaveitan hefur rétt til þess að krefja notanda um greiðslu kostnaðar við undirbúning og stöðvun orkuafhendingar (lokun), ennfremur við framkvæmd lokunar, svo og opnun veitunnar.

Hitaveitan má stöðva orkuafhendingu með hverjum þeim hætti, sem henta þykir, með straumrofi eða lokun fyrir aðrennsli heita vatnsins í íbúð eða húsnæði notanda eða utanhúss. Hitaveitunni er ekki skylt að tilkynna notanda um sjálfa stöðvun orkuafhendingarinnar, enda sé ekki óeðlilega langur tími liðinn frá aðvörun um hana.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda, skal að jafnaði ekki opna aftur, nema skuldin sé að fullu greidd og/eða trygging sett fyrir skilvísri greiðslu.

Enginn má rjúfa straum, loka fyrir aðrennsli heita vatnsins, endurtengja veitu né opna fyrir aðrennsli heita vatnsins, nema þeir, sem hitaveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Óleyfilega tengda veitu má hitaveitan rjúfa fyrirvaralaust.

48. gr.

Hitaveitan setur upp nauðsynleg mælitæki og ákveður fjölda þeirra, tegund og staðsetningu. Mælitækin má ekki flytja til, án samþykkis hitaveitunnar, en hún getur krafist flutnings þeirra, ef það þykir hentugra, að dómi hitaveitunnar.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir orkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækjum og orkunotkun veitunnar, þar til hann lætur af notkun hennar og tilkynnir hitaveitunni um það.

Hitaveitan annast venjulegt viðhald mælitækjanna á sinn kostnað, en verði mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, er heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðhald eða endurnýjun þess. Sama gildir, ef mælitæki eyðileggst af völdum frosta.

Notandi greiðir leigu fyrir afnot mælitækja samkvæmt gjaldskrá hitaveitunnar á hverjum tíma.

Þar sem eitt mælitæki er sett fyrir sameiginlega notkun fleiri aðila, ber notandi, sem skráður er fyrir mælitækinu, ábyrgð á greiðslum, vegna hinnar sameiginlegu notkunar. Aðrir notendur bera hver um sig ábyrgð „in solidum“ á greiðslum þessum með hinum skráða notanda.

Breyting á skráningu notanda fyrir sameiginlegri notkun orku um mælitæki verður því aðeins gerð, að allir notendur hinnar sameiginlegu orkunotkunar fari fram á það skriflega.

Óski notandi eftir að mælitæki verði prófað, skal beiðni um það vera skrifleg. Reynist skekkja \pm 5% eða minni er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófun.

Ef fram kemur við prófun, sem hitaveitan framkvæmir, að mælitækið hafi mælt 5% of lítið eða þaðan af minna, skal notandinn greiða það sem vanmælt var.

Hafi tækið mælt 5% of mikið eða þaðan af meira, skal endurgreiða notandanum mismuninn með frádrætti á næsta orkureikningi, eða í reidufé.

Hitaveitan getur ekki krafist viðbótargreiðslu fyrir lengri tímabil en 1 ár, og sama gildir um kröfur notanda til endurgreiðslu.

Við endurreiknun orkunotkunar skal taka tillit til fyrri notkunar viðkomandi aðila og annarra aðstæðna, sem gefið gætu vísbendingu um það, hvenær mælitækið bilaði. Eigi skal reikna vexti af umfram- eða vangreiðslum, sem að framan greinir.

Ef notandi véfengir niðurstöður prófunar á mælitæki, skal leita úrskurðar Rafmagnseftirlits ríkisins eða annars sambærilegs aðila. Er hann bindandi fyrir báða aðila.

Hætti skráður notandi orkukaupum, skal hann í tæka tíð tilkynna það til hitaveitunnar, sem annast lokaálestur. Hafi eigi annar notandi sótt um að fá mælitækið skráð á sitt nafn, skal loka því. Eigi skal hefja orkusölu á ný um tækið, fyrr en tilkynnt hefur verið um nafn og nafnnúmer/kennitölu nýs notanda.

Þótt orkunotkun verði rakin til galla á veitu eða tækjum, er hitaveitunni ekki skylt að áætla frádrátt á reikningum notanda af þeim sökum.

Ef svo reynist, að notkun hefur orðið meiri en álestur sýnir, eða álestur eða útreikningur á reikningsfjárhæð verið skakkur, áskilur hitaveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er um hana.

Verði uppvíst, að seld orka sé notuð á annan hátt en um er samið, eða að raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tenginu, þannig að notkun komi ekki öll fram, skal hitaveitan áætla þá notkun. Skal notandi gjalda fyrir hana eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, þar til leiðrétt er.

Ef ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má við matið hafa hliðsjón af stærð á t.d. vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

49. gr.

Starfsmenn hitaveitunnar hafa heimild til að innsigla mælitæki, sem orkukaup eru gerð um, svo sem kwst - mæla, straumpenna, hemla, vatnsmæla og þess háttar. Einnig mega starfsmenn hitaveitunnar innsigla hluta veitu, sem ómæld orka fer um. Þessi innsigli mega engir aðrir rjúfa en starfsmenn hitaveitunnar. Önnur innsigli hitaveitunnar mega rafverktakar og pípulagningameistarar rjúfa, að fengnu leyfi hitaveitunnar hverju sinni.

Ef skjótra aðgerða er þörf vegna hættuástands er heimilt að rjúfa innsigli, en þá skal viðkomandi, eigi síðar en næsta dag á eftir, tilkynna hitaveitunni skriflega málsatvik.

Veiti notandi eða rafverktaki því athygli, að innsigli sé rofið eða vantí, er hann skyldur að tilkynna hitaveitunni slíkt án tafar.

Ef maður rýfur innsigli hemils eða annars mælitækis án gildrar ástæðu, varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

50. gr.

Heimilt, er að krefja húseiganda um greiðslu aukakostnaðar, vegna lagningar heimtaugar/heimæðar, sem að hans ósk er lögð í frosna jörð.

51. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari, svo og gjaldskrá settri samkvæmt henni, má innheimta með lögtaki.

52. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

53. gr.

Nú vanrækir maður að láta vinna verk, sem hitaveitan hefur fyrirskipað, samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt. Er hitaveitunni þá heimilt að láta vinna það, ef þörf krefur, á kostnað þess aðila. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sjóði hitaveitunnar, en innheimta síðan hjá viðkomandi aðila með lögtaki, ef þörf krefur, samanber 76. gr. orkulaga nr. 58 frá 29. apríl 1967.

54. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

55. gr.

Með þessari reglugerð falla úr gildi eldri reglugerðir nr. 389/1976 og 365/1985 um Hitaveitu Suðurnesja svo og þær reglugerðir fyrir rafveitur sveitarfélaga, sem þar eru tilgreindar.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja, er hér með staðfest samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923, orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum Hitaveitu Suðurnesja nr. 100 frá 31. desember 1974 með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast gildi 1. mars 1990.

Iðnaðarráðuneytið, 6. febrúar 1990.

Jón Sigurðsson.

Páll Flygenring.

REGLUGERÐ

um fólksflutninga með langferðabifreiðum.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53/1987 um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum og gildir um reglubundna og óreglubunda fólksflutninga í atvinnuskyni með bifreiðum, sem rúma níu farþega eða fleiri og um reglubunda fólksflutninga með bifreiðum, sem rúma þrjá til átta farþega. Reglugerðin gildir ekki um ferðir starfsfólks að og frá vinnustað á kostnað vinnuveitanda með eigin bifreiðum hans og akstur skólabarna úr og í skóla.

Reglubundnir fólksflutningar eru fastar ferðir á ákveðinni leið samkvæmt fyrirfram birtri áætlun einu sinni eða oftár í viku allt árið eða hluta þess. Óreglubundnir fólksflutningar eru aðrir fólksflutningar en reglubundnir.

Leyfi ráðuneytis þarf til að hafa með höndum fólksflutninga í atvinnuskyni, sem reglugerð þessi nær til. Slík leyfi eru sérleyfi, leyfi til hópferða og leyfi til sætaferða.

II. KAFLI

Skipulagsnefnd fólksflutninga.

2. gr.

Skipulagsnefnd fólksflutninga er samgönguráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar og önnur þau mál sem þessum flutningum tilheyrja. Áður en ráðuneytið veitir leyfi til fólksflutninga í atvinnuskyni skal það leita umsagnar hennar.

Skipulagsnefnd er skipuð sjö mönnum. Á nefndarfundum skal halda gerðabók þar sem ákvarðanir og samþykktir skulu skilmerkilega færðar til bókar. Allir nefndarmenn undirrita fundargerð. Hún setur sér starfsreglur, sem taka gildi þegar ráðuneytið staðfestir þær.

Skipulagsnefnd hefur með höndum umsjón og eftirlit með framkvæmd laga og reglugerðar um fólksflutninga með langferðabifreiðum og fylgist með því að leyfishafar fari eftir þeim. Hún skal láta safna saman upplýsingum frá sérleyfis- og hópferðaleyfishöfum um tölu farþega, ferðafjölda, rekstrarreikninga og annað, er máli skiptir varðandi leyfisskyldan akstur. Jafnframt skal hún beita sér fyrir bættu skipulagi, starfsháttum og aukinni hagkvæmni í fólksflutningum með langferðabifreiðum. Telji hún nauðsynlegt að ráða starfsmann og sérstakan eftirlitsmann eða trúnaðarmenn á nokkrum stöðum á landinu er slíkt heimilt með samþykki samgönguráðherra.

III. KAFLI

Sérleyfi.

3. gr.

Sérleyfi.

Sérleyfi er leyfi til reglubundinna fólksflutninga og er veitt samkvæmt 5. gr. laga 53/1987. Umsækjandi um sérleyfi skal útfylla þar til gert umsóknareyðublað og skal í umsókn sinni skýra frá bifreiðakosti sínum, er hann ætlar að nota til flutninganna, ástæðu fyrir leyfisumsókn ásamt öðrum þeim upplýsingum er skipulagsnefnd óskar eftir.

4. gr.

Ferðaáætlun.

Ferðaáætlanir sérleyfishafa skulu háðar samþykki skipulagsnefndar. Við umfjöllun ferðaáætlana skal hafa hliðsjón af upplýsingum og tillögum frá viðkomandi sveitarstjórn, hafi þær borist nefndinni.

Sérleyfishafa er óheimilt að leggja niður ferðir á sérleyfisleið eða fækka þeim nema með samþykki skipulagsnefndar. Óski sérleyfishafi eftir breytingu á ferðaáætlun skal hann senda skipulagsnefnd skriflega beiðni um það og getur hún breytt ferðaáætlun, ef sérstök ástæða er til. Seinki sérleyfisferðum eða falli þær niður af óviðráðanlegum ástæðum, skal sérleyfishafi þegar tilkynna það skipulagsnefnd og tilgreina ástæður.

5. gr.

Skyldur sérleyfishafa.

Á sérleyfisleið eða hluta hennar er sérleyfishafa einum heimilt og skylt að halda uppi fólksflutningum eftir föstum áætlunum.

Sérleyfishafa er skylt að fullnægja flutningaþörf á þeirri leið, sem sérleyfi hans tekur til, eftir því sem fram er tekið í sérleyfi hans. Þar sem fleirum en einum er veitt sérleyfi til fólksflutninga á sömu leið má ákveða, að einn þeirra eða fleiri sé aðalsérleyfishafi og ber hann eða þeir ábyrgð á að flutningsþörfinni sé fullnægt, en hinir hafa aðeins þann takmarkaða rétt til ferða, sem ákveðinn er í sérleyfinu.

Farþega er heimilt að hafa með sér án sérstakrar greiðslu farangur allt að 20 kg. að þyngd. Sérleyfishafa er skylt að láta afhenda farþegum kvittun með réttu verði fyrir farinu, sé þess óskað.

6. gr.

Sérleyfisbifreiðar.

Við sérleyfisakstur ber leyfishafa að nota bifreið, sem fullnægir gæða- og tækniröfum skipulagsnefndar og er samþykkt af trúnaðarmönnum hennar.

Sérleyfishafa er skylt, ef bifreið hans bílar, að útvega aðra í hennar stað, eftir því sem við verður komið hverju sinni, en er ekki skylt að leggja til aukabifreið fyrir færri farþega en fimm nema farþegi hafi pantað far minnst einni klukkustund áður en áætlunarferðin hefst.

Sérleyfishafa ber að hafa framan á bifreiðum sínum, í föstum áætlunarferðum, greinilega merkt nafn leiðar sem bifreiðin ekur.

IV. KAFLI

Leyfi til hópferða.

7. gr.

Leyfi.

Leyfi til hópferða er leyfi til óreglubundinna fólksflutninga þegar greitt er ákveðið heildargjald fyrir þjónustu ökutækisins án tillits til nýtingar þess og er veitt samkvæmt 6. gr. laga nr. 53/1987. Samningsbundinn flutningur starfsfólks á vinnustað fyrirtækis eða með farþega að og frá flugvelli með bifreiðum, sem viðkomandi fyrirtæki á ekki sjálft, skal talinn hópferðaakstur.

Umsækjandi um leyfi til hópferða skal útfylla þar til gert umsóknareyðublað og skal í umsókn sinni skýra frá bifreiðakosti sínum er hann ætlar að nota til flutninganna, ástæðu fyrir leyfisumsókn ásamt öðrum þeim upplýsingum er skipulagsnefnd óskar eftir.

8. gr.

Hópferðabifreiðar.

Við hópferðaakstur ber leyfishafa að nota bifreið, sem fullnægir gæða- og tækniröfum skipulagsnefndar og er samþykkt af trúnaðarmönnum hennar og hann er skráður eigandi að eða hefur umráð yfir samkvæmt kaupleigusamningi við eignarleigufyrirtæki samkvæmt lögum um eignarleigustarfsemi. Við framsal eða riftun á kaupleigusamningi fellur hópferðaleyfi niður.

9. gr.

Hópfærðaaufgreiðslur.

Samgönguráðuneytið getur að beiðni Félags hópfærðaleyfishafa og Félags sérleyfishafa viðurkennt hópfærðaaufgreiðslu að fenginni umsögn skipulagsnefndar. Samgönguráðuneytið getur bundið veitingu hópfærðaleyfis því skilyrði, að leyfishafi sé skráður í afgreiðslu á viðurkennda hópfærðaaufgreiðslu. Ráðuneytið heldur skrá yfir viðurkenndar hópfærðaaufgreiðslur.

Forstöðumaður hópfærðaaufgreiðsla skal fylgjast með því að leyfishafar, sem þar hafa afgreiðslu, fari eftir ákvæðum laga og reglugerðar um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum og eftir atvikum gera skipulagsnefnd viðvart, ef út af er brugðið.

10. gr.

Fjöldi leyfa.

Við veitingu leyfa til hópfærða í fyrsta sinn samkvæmt reglugerð þessari skal miða við að fjöldi þeirra verði ekki meiri en er við gildistöku hennar. Við síðari veitingar leyfa til hópfærða skal skipulagsnefnd endurskoða heildarfjölda þeirra með hliðsjón af flutningaþörf.

11. gr.

Veiting leyfa.

Veiting leyfa til hópfærða skal fara fram þegar hennar er þörf að mati skipulagsnefndar, þó eigi sjaldnar en einu sinni á hverju almanaksári. Við veitingu leyfa til hópfærða skal að jafnaði fylgja þeirri reglu að þeir sitji fyrir réttindum, sem hafa hópfærðaaakstur að aðalátvinnu.

V. KAFLI

Leyfi til sætaferða.

12. gr.

Leyfi til sætaferða er leyfi til óreglubundinna fólksflutninga á ákveðinni leið þegar seld eru einstök sæti og er veitt samkvæmt 7. gr. laga nr. 53/1987.

Gildistími slíkra leyfa skal eigi vera lengri en eitt ár í senn.

Auk leyfa til sætaferða er heimilt að veita leyfi til einstakra ferða og gilda sömu reglur um slíkar leyfisveitingar, eftir því sem við á.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

13. gr.

Sérleyfis- og hópfærðaleyfishöfum er skylt að láta skipulagsnefnd í té upplýsingar um tölu farþega, ferðafjölda, rekstrarreikninga og annað, er máli skiptir varðandi leyfisskyldan akstur, eftir óskum nefndarinnar á hverjum tíma.

14. gr.

Skipulagsnefnd skal veita viðtöku rökstuddum kvörtunum frá leyfishöfum, farþegum þeirra og öðrum hagsmunaaðilum, enda séu þær skriflegar. Sé um að ræða meint brot á lögum um skipulag fólksflutninga með langferðabifreiðum eða reglugerðum, sendir skipulagsnefnd málið til viðkomandi yfirvalda.

Nú treystir leyfishafi sér ekki lengur að hlíta skilmálum laga og reglugerðar um skipulag fólksflutninga með langferðabifreiðum og ber honum þá að tilkynna það þegar í stað skriflega til ráðuneytis, en brjóti leyfishafar ákvæði laga nr. 53/1987 eða þessarar reglugerðar, er ráðherra heimilt samkvæmt tillögum skipulagsnefndar að svipta þá viðkomandi réttindum þegar í stað.

15. gr.

Leyfishafar, bifreiðastjórar þeirra og afgreiðslumenn skulu gæta þess að sýna farþegum lipurð og kurteisi í afgreiðslu og allri umgengni og sjá til þess eins og kostur er að ferðin verði sem þægilegust fyrir farþega og gæta þess að óþarfa hávaði angri ekki farþega. Þeir skulu halda bifreiðum sínum þrifalegum að utan og innan eftir því sem við verður komið. Einnig skal hafa áletrun á skráningarkerki bifreiða ætíð vel læsileg, þegar aðstæður leyfa. Um reykingar í langferðabifreiðum fer eftir lögum um tóbaksvarnir.

Skipulagsnefnd skal láta útbúa rúðumerki fyrir sérleyfis- og hópferðabifreiðar og ber leyfishöfum að setja rúðumerki þessi á bifreiðar sínar, er sýni að bifreiðin hafi tilskilin leyfi til fólksflutninga. Leyfishafa er óheimilt að nota aðrar bifreiðar til sérleyfis- og hópferðaaaksturs, en þær sem leyfi hljóðar á.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum og skal farið með slík mál að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 641 frá 31. ágúst 1983 um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum.

Samgönguráðuneytið, 12. febrúar 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Helgi Jóhannesson.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Þorlákshöfn.

I. KAFLI

Höfnin og stjórn hennar.

1. gr.

Takmörk hafnarinnar.

- 1.1 Takmörk hafnarinnar er strandlengja jarðarinnar Þorlákshöfn, að jafnaði 80 metra breið landræma frá flóðlínu sjávar. Einnig aðallandspilda sú, sem takmarkast af þvervegi frá Skötubót að Óseyrarbraut og miðlínu Óseyrarbrautar að Egilsbraut og þaðan af framhaldi sömu línu óbrotinni allt til sjávar. Á sjó takmarkast hafnarsvæðið af línu, sem dregin er réttvísandi 1 sjómílu í austur frá Hafnarnesi og þaðan af línu, sem dregin er réttvísandi til norðurs að fjöruborði.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar.

- 2.1 Ölfushreppur er eigandi hafnarinnar. Sveitarstjórn fer með stjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgönguráðuneytis, en framkvæmdastjórn skal falin hafnarnefnd og hafnarstjóra.
- 2.2 Hafnarnefnd er kjörin af hreppsnefnd, skv. þeim reglum er gilda um kjör fastra nefnda sveitarfélagsins. Hafnarnefnd skipa 5 fulltrúar og 5 til vara og er kjörtímabil þeirra hið sama og hreppsnefndar. Minnst 2 aðalmenn í hafnarnefnd skulu eiga sæti í sveitarstjórn.

- 2.3 Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga sveitarstjóri og hafnarstjóri sæti í hafnarnefnd með málfrelsi og tillögurétt (séu þeir eigi kjörnir).
- 2.4 Hafnarnefnd kys formann úr hópi kjörinna hafnarnefndarmanna og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra í samráði við hafnarstjóra.
- 2.5 Hafnarnefnd skiptir að öðru leyti með sér verkum.

3. gr.

Hlutverk og valdsvið hafnarnefndar.

- 3.1 Hafnarnefnd hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnarinnar. Leita skal staðfestingar hreppsnefndar á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs, gjaldskrá fyrir þjónustu, sbr. 13. gr. hafnalaga, svo og lántökum hafnarsjóðs, meiriháttar fjárfestingum eða öðrum fjárhagsskuldbindingum, er binda hafnarsjóð lengur en yfirstandandi fjárhagsár. Hafnarnefnd gerir tillögur til hreppsnefndar um ráðningu hafnarstjóra, en ræður sjálf aðra fasta starfsmenn hafnarinnar.
- 3.2 Hafnarnefnd hefur ákvörðunarvald um rekstur hafnarinnar, svo sem rádstöfun á aðstöðu þ.m.t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar. Hafnarnefnd veitir leyfi til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða fyrir starfsemi er hún telur torvelða eðlilega hafnarstarfsemi.
- 3.3 Hafnarnefnd fer með, í samráði við bæjartæknifræðing og skipulagsnefnd, skipulagsmál á hafnarsvæðinu og sér um innkaup og verksamninga fyrir höfnina. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarnefndar áður en þau eru lögð fyrir hreppsnefnd. Hafnarnefnd hefur eftirlit á hafnarsvæðinu með byggingu mannvirkja, sem undanþegin eru ákvæðum byggingarlaga nr. 54/1978.

4. gr.

Hlutverk hafnarstjóra.

- 4.1 Hafnarstjóri er skipaður af hreppsnefnd að fenginni tillögu hafnarnefndar og fer með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarnefndar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarnefnd og veitir viðtöku erindum til hennar og sér um framkvæmd samþykktar hafnarnefndar. Hann veitir hafnarnefnd og hreppsnefnd upplýsingar um málefni hafnarinnar. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber í hvívetna að gæta hagsmuna hafnarsjóðs. Í erindisbréfi skal setja nánari reglur um starfssvið hafnarstjóra. Hann er yfirmaður allra starfsmanna hafnarinnar.
- 4.2 Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnarreglugerðar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarnefndar og hreppsnefndar.
- 4.3 Hafnarstjóri gerir tillögur til hafnarnefndar um ráðningar fastra starfsmanna, en sér um ráðningu afleysingastarfsmanna.

5. gr.

Aðrir starfsmenn hafnarinnar.

- 5.1 Hafnarstarfsmenn, sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna skipaþjónustu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarnefndar.
- 5.2 Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi. Telji einhver sig órétti beittan af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.
- 5.3 Nánar sé ákveðið um starf hafnarstarfsmanna í erindisbréfi.

II. KAFLI Umferð skipa.

6. gr.

Skilgreining á skipi.

- 6.1 Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far, sem nota má sem flutningstæki, dvalarstað, vinnustað, framleiðslustað eða geymslustað.

7. gr.

Almennar reglur við komu og brottför.

- 7.1 Við komu og brottför að degi til skulu skip, önnur en íslensk fiskiskip hafa þjóðfána við hún.
- 7.2 Þjónusta við skip er unnin af hafnarverði og/eða undir stjórn hans í umboði hafnarstjóra. Skip skulu við komu, brottför eða siglingu um hafnarsvæðið hafa opna talstöð á viðskiptabylgju hafnarinnar. (rás 12 VHF)
- 7.3 Sérhvert skip skal boða áætlaða komu sína (ETA) til hafnarinnar með fjarskiptasambandi eða gegnum umboðsmann með minnst 24 klst. fyrirvara. Tilkynna skal brottför með minnst 3 klukkustunda fyrirvara og allar breytingar á fyrri tilkynningum strax og ákveðnar eru. Skip sem lætur úr höfn án hafnsögumanns skal tilkynna brottför til hafnarvarðar.
- 7.4 Skipstjóri skal við komu til hafnar gefa hafnarstarfsmönnum eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á:
- Skipsnafn, skipaskrárnúmer, þjóðerni, stærð samkvæmt mælibréfi, djúprista og síðasti viðkomustaður.
 - Nafn skipstjóra.
 - Stærð áhafnar og fjöldi farþega.
 - Tegund og magn farms.
 - Um hættulegan flutning, tegund og magn.
 - Um hugsanlega sjúkdóma um borð.
 - Nafn umboðsmanns og útgerðar.
- 7.5 Búnaður skipa skal uppfylla kröfur alþjóðasamþykktar, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest svo og sérreglna Siglingamálastofnunar ríkisins. Skipstjórnarmenn skulu sýna hafnarstarfsmönnum, ef óskað er, skírteini um fullnægjandi búnað skipa sinna.

8. gr.

Hafnsaga og hafnsögugjald.

- 8.1 Sérhvert skip, sem ætlar að leita hafnar í höfninni og óskar eftir að nota hafnsögumann, skal gera boð um það til hafnsögumanns, verði við því komið og með hæfilegum fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið, allt að 1 sjómílu frá landi á venjulegri siglingaleið. Vísar hafnsögumaður skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagst við festar á höfninni. Heilmilt er hafnsögumanni, meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu, að banna hverjum þeim, sem ekki á lögmætt erindi, að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur á skipi ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.
- 8.2 Höfnin sér um bindingu skipa, setur reglur um vatnsafgreiðslu og tengingu rafmagns. Hafnsögumaður ákveður notkun báta og mannafla hverju sinni.

9. gr.

Umferð um höfnina.

- 9.1 kip, sem ekki hefur hafnsögumann um borð, skal með talstöðvarsambandi við hafnarvörð (á rás 12) fá upplýsingar um hvar hann getur bundið skip sitt, áður en hann heldur inn á innri höfnina. Óheimilt er að binda skip annars staðar en þar sem starfsmenn hafnarinnar vísa til.
- 9.2 Á innri höfninni má ekki sigla skipum hraðar en svarar 4 sjómílu á klst. , en þó aldrei hraðar en aðstæður og góð sjómennska leyfir. Sérstaka aðgát skal sýna þegar farið er um svæði þar sem unnið er að dýpkun, köfun og þess háttar enda skal við slík störf hafa uppi viðeigandi merki,
- 9.3 Óheimilt er að láta vél skips með skrúfu í sambandi ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af því.
- 9.4 Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.
- 9.5 Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipað ljós og dagmerki.
- 9.6 Skemmti- og smábátar þar með taldir ára- og seglbátar, skulu svo sem frekast er unnt, forðast siglingaleiðir stærri skipa sem eru á leið til eða frá höfninni. Ennfremur skal sýna sérstaka aðgæslu er skip eru að leggja að og frá viðlegu.
- 9.7 Ekkert skip má liggja fyrir akkerum á innri höfninni nema með leyfi hafnarstjóra.
- 9.8 Þegar skip er bundið við bryggju eða hafnarbakka, er stranglega bannað að hafa uppi siglingarljós.

10. gr.

Skip í viðlegu.

- 10.1 Skip telst í viðlegu, er það liggur við hafnarbakka, bryggju, þ.m.t. utan á öðru skipi eða föst legufæri og er í eða bíður eftir afgreiðslu eða þjónustu.
- 10.2 Skip hljóta viðlegu í sömu röð og þau koma til hafnar. Undantekin eru skip, sem hafa fastar viðlegur eða umsamin forgangsafnot hafnarbakka og skemmtiferðaskip.
- 10.3 Ekki má festa skip við hafnarbakka eða bryggju nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þess ekki nægilega gætt, getur hann krafist að bætt sé úr því tafarlaust.
- 10.4 Þegar búið er að leggja skipi við hafnarbakka má ekki flytja það innan hafnar án leyfis hafnarvarða eða hafnarstjóra, en skylt er skipstjóra að flytja skipið, ef hafnarvörður eða hafnarstjóri skipar svo fyrir. Skip, sem ekki er verið að lesta eða losa eða eru ekki í rekstri mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skylt er að hlýða boðum hafnarinnar um flutning þeirra. Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið samkvæmt ákvæðum þessa töluliðs eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarvörður eða hafnarstjóri hefur fyrirskipað er þeim heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð skipseiganda.
- 10.5 Í hverju skipi skal að jafnaði vera einn maður að minnsta kosti, er tekið getur á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær. Skal hann sjá um að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni, er leiða kann af vanrækslu í þessu efni. Heimilt er hafnarstjóra að fallast á gæslu sérstakra öryggisvarða, enda séu hjá hafnarvörðum nöfn skipstjórnarmanna, sem kalla má út vegna veðurs eða annarra orsaka.
- 10.6 Hafnarvörður eða hafnarstjóri ákveða legur fyrir skip 12 brl. og minni við viðeigandi mannvirki eftir því sem rými leyfir. Þegar skip er sjósett eða siglt í höfn, skal eigandi tilkynna það hafnarverði. Skip þessi eru á ábyrgð eigenda, sama hvort þau eru á floti í höfninni eða á landi hennar.

III. KAFLI

Afnot hafnarmannvirkja og landsvæða.

11. gr.

Lestun og losun, almennt.

- 11.1 Afnot hafnarmannvirkja og lands er öllum heimil að fengnu leyfi hafnaryfirvalda og gegn greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá.
- 11.2 Hafnarnefnd ber enga ábyrgð á varningi eða öðrum eignum, sem geymdar eru á hafnarsvæðinu.
- 11.3 Við lestun og losun skal viðhafa fyllstu gætni til að koma í veg fyrir óeðlilegt slit mannvirkja og búnaðar. Ekki má draga þunga hluti eftir hafnarbökkum, né sturta varningi af bílum án eðlilegs hlífðarlags.
- 11.4 Óheimilt er að geyma tækjabúnað á hafnarsvæðinu án leyfis yfirvalda.
- 11.5 Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju, hafnarbakka eða annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar eða hafnarstjóra. Þeir geta flutt vörur og muni, sem geymdir eru í óleyfi, burt á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.
- 11.6 Við lestun og losun á vikri, sandi, kolum og öðru þess háttar er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skips og hafnarbakka, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa ekki gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, uns bætt hefur verið úr því sem áfátt er.
- 11.7 Þegar lokið er lestun eða losun skal sá, er séð hefur um lestun eða losun láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað sem af því leiðir.

12. gr.

Meðferð eldfims og hættulegs varnings.

- 12.1 Skip sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki koma á innri höfnina, fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess. Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma. Tilkynningarskyldan nær til efna, sem samkvæmt IMDG (International Maritime Dangerous Goods Code) flokkast í flokka 1, 2, 3, 4, og 5. Í tilkynningu skal greina frá tækniheiti efna og UN-tölu þeirra skv. IMDG-reglum, magn, pökkun og lestun. Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: púður, dynamit, geomit, hlaðnar patrónur, bensín, steinolíu, acetón, terpentínu, toluól, kosangas, kalcíumkarbit, ammoníumnitrat, natríumklórat.
- 12.2 Losun á vörum sem um ræðir í þessari grein skal að jafnaði framkvæma strax og skip hefur lagst að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni. Álíti hafnarstjóri að hætta geti stafað af lestun eða losun eldfimrar vöru getur hann stöðvað verkið uns nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.
- 12.3 Skylt er að hafa öryggisvörð við skip, sem lesta eða losa eldfimar vörur. Hafnarstjóri getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggast er talið. Varningur skal geymdur á svæði, sem hafnarstjóri eða viðkomandi eftirlitsstofnun samþykkir. Setja skal sérstakar reglur um nánari framkvæmd og ákvæði þessarar greinar, sbr. ráðleggingar Alþjóðasiglingamálastofnunar (IMO) um öryggi við flutning, meðferð og geymslu á hættulegum efnum á hafnarsvæðinu. Skip sem flytja eldfim efni, skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merki tákn B) á framsíglu, en á nóttu

rautt ljósker. Í skipum sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja ljós eða eld nema undir kötlum skipsins eða í eldavel skipsins og á lögboðnum ljóskerjum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

IV. KAFLI

Um hafnargjöld í Þorlákshafnarhöfn.

13. gr.

Um hafnargjöld.

- 13.1 Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt:
- Gjaldskrá er samgönguráðuneytið setur samkvæmt 1. mgr. 13. gr. hafnalaga.
 - Þjónustugjaldskrá er hafnarnefnd setur og staðfest er af hreppsnefnd.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Löggæsla á hafnarsvæði, umferð og fleira.

- 14.1 Lögreglan í Árnassýslu hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.
- 14.2 Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma lestun eða losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónaúdsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði. Hafnarstjóri getur sett hraða- og þungatakmörkin á hafnarsvæðinu. Fólki, sem fer um hafnarsvæðið er þar á eigin áhættu og ábyrgð.
- 14.3. Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.
- 14.4 Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu.
- 14.5 Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur lögreglunni skýrslu um það.

15. gr.

Skip, bátar og hlutir í hirðuleysi.

- 15.1 Ef skip, bátar, flutningatæki á landi eða annar búnaður er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og veldur óþrifnaði og hættu, þá skal hafnarstjóri fyrirskipa úrbætur innan ákvedins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hluti á kostnað eiganda án nokkurrar skaðabótaskyldu.

16. gr.

Varnir gegn mengun og óþrifnaði.

- 16.1 Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, ösku, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi, vírum vöruleifum, umbúðum eða öðru þess háttar. Skal það flutt þangað sem hafnarvörður vísar til.
- 16.2 Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvaltegundir, skipsflök eða neitt það, sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.
- 16.3 Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi, olíusora eða annað sem veldur mengun. Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti skulu áður hafa gert ráðstafanir svo olía renni ekki í sjóinn af þilfari, verði óhapp m.a. með því að loka afrennslisleiðum frá þilfari.

- 16.4 Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa, sem ekki hafa að mati hafnarstarfsmanna gengið forsvaranlega frá þessum atriðum.
- 16.5 Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lagaákvæðum á hverjum tíma.

17. gr.

Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.

- 17.1 Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi. Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

18. gr.

Hverjum gefa skal fyriræli.

- 18.1 Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipstjóra, en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt gr. 10.5. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

19. gr.

Um skaðabótaskyldu.

- 19.1 Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum reglum. Ef samningum um skaðabætur verður ekki við komið, má ákveða þær af tveim óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þrem óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil.
- 19.2 Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra. Bótakröfum hafnarsjóðs fylgir lögtaksréttur sbr. 38. gr. hafnalaga.

20. gr.

Brot, sektaákvæði og meðferð mála.

- 20.1 Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Þorlákshafnar. Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum má leita kyrrsetningar sbr. 39. gr. hafnalaga.
- 20.2 Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála og skulu þau rekin fyrir bæjarþingi Árnassýslu.
- 20.3 Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir landshöfnina í Þorlákshöfn nr. 26/1970 ásamt breytingum nr. 290/1972 og 129/1975.

Samgönguráðuneytið, 7. febrúar 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Helgi Jóhannesson.

REIKNINGUR

Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins fyrir árið 1987.

Greiðslufirlit

Stofnfjárdeild (10 RV)

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1987:

Innstæða á hlr. 35209 í Seðlabanka Íslands				787 215
Vaxtatekjur				135 998
Gengisuppfærsla				8 400
Endurgreiðslur frá deildum:				
Vegna launa:				
1986	772 613			
1987	1 967 487	2 740 100		
Vegna kostnaðar:				
1986	98 429			
1987	169 644	268 073	3 008 173	
				<u>3 939 786</u>

Gjöld:

Laun allra deilda:

Vegna 1986	317 534			
Vegna 1987	1 818 985	2 136 519		
Opinber gjöld	26 676			
Aðkeypt þjónusta	50 000			
Auglýsingar	105 700			
Ýmiss kostnaður	35 045	217 421	2 353 940	

Eignir 31. desember 1987:

Innstæða á hlr. 35209 í Seðlabanka Íslands				1 585 846
				<u>3 939 786</u>

Biðreikningur (19 RV)

Tekjur:

Framlag frá ríkissjóði af endurgr. söluskatti 1987				232 000 000
				<u>232 000 000</u>

Gjöld:

Eignir 31. desember 1987

Innstæða á hlr. 852099 í Seðlabanka Íslands SDR 4.601.029,28 á 50,4235				232 000 000
				<u>232 000 000</u>

Reikningur v/gjalds á útfluttan ísfisk (20 RV)

Tekjur:

Gámagjald	14 424 473	
Vaxtatekjur	177 952	
Gengisuppfærsla	77 928	
		<u>14 680 353</u>

Gjöld:

Ráðstafað til freðfiskdeildar	9 313 919	
Ráðstafað til saltfiskdeildar	4 987 132	
Ráðstafað til skreiðardeildar	154 403	
Eignir 31. desember 1987:		
Inneignir í Seðlabanka:		
Hlr. 35373	124 708	
Hlr. 852037 SDR 1.987,00 á 50,4235	100 191	224 899
		<u>14 680 353</u>

Deild fyrir frystar afurðir**Freðfiskur (30 RV)**

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1987:		
Inneign á hlr. 35217 í Seðlabanka Íslands	592 269	
Hlutdeild í gámagjaldi	9 313 919	
Gengisuppfærsla	6 712	
Vaxtatekjur	33 951	9 354 582
		<u>9 946 851</u>

Gjöld:

Stjórnarlaun	1 102 616	
Ýmiss kostnaður:		
Vegna 1986	208 444	
Vegna 1987	59 581	1 370 641
		<u>1 370 641</u>
Eignir 31. desember 1987:		
Inneignir í Seðlabanka Íslands:		
Hlr. 35217	28 043	
Hlr. 852021 SDR 169 527,45 á 50,4235	8 548 167	8 576 210
		<u>8 576 210</u>

Humar (31 RV)

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1987:		
Innstæða á hlr. 35292 í Seðlabanka Íslands	117 949 333	
Verðhækkunartekjur	11 373 815	
Vaxtatekjur	7 852 881	
Gengisuppfærsla	796 443	20 023 139
		<u>137 972 472</u>

Gjöld:

Ýmiss kostnaður:		
Vegna 1986	1 424	
Vegna 1987	13 067	14 491
		<hr/>
Eignir 31. desember 1987:		
Inneignir í Seðlabanka Íslands:		
Hlr. 35292	6 169 111	
Hlr. 852029 SDR 2 613 639,88 á 50,4235	131 788 870	137 957 981
		<hr/>
		137 972 472
		<hr/>

Hörpudiskur (32 RV)

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1987:		
Innstæða á hlr. 35314		8 411 402
Verðhækkunartekjur	30 478 212	
Vaxtatekjur	1 172 280	
Gengisuppfærsla	488 934	32 139 426
		<hr/>
		40 550 828
		<hr/>

Gjöld:

Ýmiss kostnaður		
Vegna 1986	3 026	
Vegna 1987	8 740	11 766
		<hr/>
Endurgr. v. 1986		514 821
Eignir 31. desember 1987:		
Innstæður í Seðlabanka Íslands:		
Hlr. 35314	10 769 831	
Hlr. 852031 SDR 580 174,12 á 50,4235	29 254 410	40 024 241
		<hr/>
		40 550 828
		<hr/>

Rækja (33 RV)

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1987:		
Innstæða á hlr. 35276 í Seðlabanka Íslands		217 310 233
Verðhækkunartekjur	143 414 205	
Vaxtatekjur	19 038 242	
Gengisuppfærsla	7 809 046	170 261 493
		<hr/>
		387 571 726
		<hr/>

Gjöld:

Ferðakostnaður	1 820	
Ýmiss kostnaður	30 255	32 075

Eignir 31. desember 1987:

Innstæður í Seðlabanka Íslands:

Hlr. 35276	14 939 966	
Hlr. 852027 SDR 7 389 405,44 á 50,4235	372 599 685	387 539 651
		<u>387 571 726</u>

Deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsværksmiðja (mjöl og lýsi)

Fiskimjöl (40 RV)

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1987:

Innstæða á hlr. 35268 í Seðlabanka Íslands		206 962
Vaxtatekjur	13 156	
Gengisuppfærsla	5 511	18 667
		<u>225 629</u>

Gjöld:

Eignir 31. desember 1987:

Innstæður í Seðlabanka Íslands:

Hlr. 35268	9 799	
Hlr. 852026 SDR 4 280,35 á 50,4235	215 830	225 629
		<u>225 629</u>

Loðnulýsi (41 RV)

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1987:

Innstæða á hlr. 35233 í Seðlabanka Íslands		11 087 331
Vaxtatekjur	704 255	
Gengisuppfærsla	290 533	994 788
		<u>12 082 119</u>

Gjöld:

Stjórnarlausn	177 408	
Ýmiss kostnaður	5 219	182 627

Eignir 31. desember 1987:

Innstæður í Seðlabanka Íslands:

Hlr. 35233	534 995	
Hlr. 852023 SDR 225 579,29 á 50,4235	11 374 497	11 899 492
		<u>12 082 119</u>

Loðnumjöl (42 RV)**Tekjur:**

Eignir 1. janúar 1987:		
Innstæða á hlr. 35225 í Seðlabanka Íslands		558 983
Vaxtatekjur	35 294	
Gengisuppfærsla	14 549	49 843
		<u>608 826</u>

Gjöld:

Ýmis kostnaður		68 986
Eignir 31. desember 1987:		
Innstæður í Seðlabanka Íslands:		
Hlr. 35225	26 468	
Hlr. 852022 SDR 10 181,20 á 50,4235	513 372	539 840
		<u>608 820</u>

Spærings- og kolmunnamjöl (43 RV)**Tekjur:**

Eignir 1. janúar 1987:		
Innstæða á hlr. 35330 í Seðlabanka Íslands		2 224 501
Vaxtatekjur	141 388	
Gengisuppfærsla	59 243	200 631
		<u>2 425 132</u>

Gjöld:

Eignir 31. desember 1987:		
Innstæður í Seðlabanka Íslands:		
Hlr. 35330	105 305	
Hlr. 852033 SDR 46 006,87 á 50,4235	2 319 827	2 425 132
		<u>2 425 132</u>

Deild fyrir saltfiskafurðir**Saltfiskur, óverkaður (50 RV)****Tekjur:**

Eignir 1. janúar 1987:		
Innstæða á hlr. 35241 í Seðlabanka Íslands		1 288 302
Verðhækkunartekjur	240 000 000	
Hlutdeild í gámagjaldi	4 987 132	
Vaxtatekjur	6 764 749	
Gengisuppfærsla	2 836 606	254 588 487
		<u>255 876 789</u>

Gjöld:

Stjórnarlaun	564 610	
Ýmiss kostnaður:		
Vegna 1986	128 455	
Vegna 1987	44 096	737 161
Eignir 31. desember 1987:		
Innstæður í Seðlabanka Íslands:		
Hlr. 35241	24 264 323	
Hlr. 852024 SDR 4 578 724, 31 á 50,4235	230 875 305	255 139 628
		<u>255 876 789</u>

Saltfiskur, verkaður (51 RV)

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1987:		
Innstæða á hlr. 35322 í Seðlabanka Íslands		72 774
Vaxtatekjur	4 618	
Gengisuppfærsla	739	5 357
		<u>78 131</u>

Gjöld:

Eignir 31. desember 1987:		
Innstæður í Seðlabanka Íslands:		
Hlr. 35322	3 585	
Hlr. 852032 SDR 1 478,39 á 50,4235	74 546	78 131
		<u>78 131</u>

Saltsíldardeild (60 RV)

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1987:		
Innstæða á hlr. 35306 í Seðlabanka Íslands		752 145
Vaxtatekjur	47 044	
Gengisuppfærsla	18 723	65 767
		<u>817 912</u>

Gjöld:

Stjórnarlaun	177 412	
Ýmiss kostnaður:		
Vegna 1986	70 492	
Vegna 1987	5 219	253 123
Eignir 31. desember 1987:		
Innstæður í Seðlabanka Íslands:		
Hlr. 35306	35 613	
Hlr. 852030 SDR 10 494,63 á 50,4235	529 176	564 789
		<u>817 912</u>

Skreiðardeild (70 RV)

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1987:		
Innstæða á hlr. 35284 í Seðlabanka Íslands		9 670 311
Hlutdeild í gámagjaldi	154 403	
Vaxtatekjur	613 781	
Gengisuppfærsla	255 376	1 023 560
		<hr/>
		10 693 871

Gjöld:

Stjórnarlaun	262 975	
Ýmiss kostnaður:		
Vegna 1986	68 943	
Vegna 1987	7 205	339 123
		<hr/>
Eignir 31. desember 1987:		
Innstæður í Seðlabanka Íslands:		
Hlr. 35284	457 900	
Hlr. 852028 SDR 196 274,52 á 50,4235	9 896 848	10 354 748
		<hr/>
		10 693 871

VERÐJÖFNUNARSJÓÐUR FISKIÐNAÐARINS 1987

Hinn 23. desember 1981 gaf Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja, út skuldabréf til Seðlabanka. Skuldabréfið var að fjárhæð kr. 42 000 000, gengistryggt, að hálfu miðað við Bandaríkjadollar en að hálfu miðað við sterlingspund, og tryggt með einfaldri ábyrgð ríkissjóðs. Það átti að endurgreiddast hinn 10. janúar 1984. Í bréfinu var ákvæði þess efnis, að yrði höfuðstóll deildar þessarar jákvæður eftir 1. desember 1982, skyldi sá jákvæði höfuðstóll þá þegar greiddast sem afborgun lánsins. Vegna ábyrgðar ríkissjóðs leysti Ríkisábyrgðasjóður til sín skuld samkvæmt skuldabréfi þessu ásamt áföllnum vöxtum hinn 31. desember 1986, samtals kr. 230 455 356. Sú fjárhæð stendur í bókum Ríkisábyrgðasjóðs sem krafa á hendur Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins.

Reykjavík, 28. desember 1989.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins

Árni Kolbeinsson,
formaður.

Framanrituð greiðslufirlit Verðjöfnunarsjóðs 1987 höfum við endurskoðað. Innstæður sjóðsins í árslok 1987 hafa verið sannreynðar. Að okkar áliti gefa yfirlitin skýra mynd af innborgunum og útborgunum sjóðsins á árinu að teknu tilliti til meðfylgjandi skýringa með því.

Reykjavík, 28. desember 1989.

Stefán Svavarsson,
löggiltur endurskoðandi.

Gunnlaugur Arnórsson,
aðalendurskoðandi
Seðlabanka Íslands.

REIKNINGUR**Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins fyrir árið 1988.****Greiðslufirlit****Stofnlánadeild (10 RV)****Tekjur:**

Eignir 1. janúar 1988:

Innistæða á hlr. 35209 í Seðlabanka Íslands		1 585 846	
Vaxtatekjur		72 297	
Endurgreiðslur frá deildum			
Vegna launa	2 003 715		
Vegna kostnaðar	318 581	2 322 296	

Skuldir 31. desember 1988:

Viðskiptamenn		122 913	
			<u>4 103 352</u>

Gjöld:

Laun allra deilda	2 042 867		
Opinber gjöld	171 967		
Auglýsingar	62 160		
Ýmiss kostnaður	40 216	2 317 210	

Eignir 31. desember 1988:

Innistæða á hlr. 35209 í Seðlabanka Íslands		1 786 142	
			<u>4 103 352</u>

Biðreikningur (19 RV)**Tekjur:**

Eignir 1. janúar 1988:

Innistæða á hlr. 852099 í Seðlabanka SDR

4 601 029,28 á 50,4235		232 000 000	
Gengisuppfærsla	8 612 768		
Vaxtatekjur	2 462 181	11 074 949	

243 074 949**Gjöld:**

Endurgr. af framl. af söluskatti	232 000 000		
Vaxtagjöld	2 462 196		
Gengisuppfærsla	8 612 753	243 074 949	
			<u>243 074 949</u>

Reikningur v/gjalds á útfluttan ísfisk (20 RV)

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1988:

Innistæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35373	124 708	
Hlr. 852037 SDR 1 987,00 á 50,4235	100 191	224 899

Gámagjald	14 807 154	
Vaxtatekjur	879 919	
Gengisuppfærsla	1 984 708	17 671 781
		<u>17 896 680</u>

Gjöld:

Eignir 31. desember 1988:

Innistæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35373	595 059	
Hlr. 852037 SDR 279 310,68 á 61,9440	17 301 621	17 896 680
		<u>17 896 680</u>

Deild fyrir frystar afurðir**Freðfiskur (30 RV)**

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1988:

Inneign í Seðlagbanka Íslands: Hlr. 35217	28 043	
Hlr. 852021 SDR 169 527,45 á 50,4235	8 548 167	8 576 210

Vaxtatekjur	659 338	
Gengisuppfærsla	1 931 226	2 590 564

Skuldir 31. desember 1988:

Yfirdráttur á hlr. 35217 í Seðlabanka	363 769 370	
		<u>374 936 144</u>

Gjöld:

Verðbætur	363 769 597	
Stjórnarlaun	832 140	
Launatengd gjöld	82 899	
Ýmiss kostnaður	50 783	364 735 419

Eignir 31. desember 1988:

Inneign á hlr. 852021 í Seðlabanka Íslands SDR 164 676,57 á 61,944		10 200 725
		<u>374 936 144</u>

Humar (31 RV)**Tekjur:**

Eignir 1. janúar 1988:

Innstæða í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35292	6 169 111	
Hlr. 852029 SDR 2 613 639,88 á 50,4235	131 788 870	137 957 981
	<hr/>	

Verðhækkunartekjur	448 296	
Vaxtatekjur	11 102 281	
Gengisuppfærsla	31 499 855	43 050 432
	<hr/>	<hr/>
		181 008 413

Gjöld:

Eignir 31. desember 1988:

Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35292	48 952	
Hlr. 852029 SDR 2 921 339,62 á 61,944	180 959 461	181 008 413
	<hr/>	<hr/>
		181 008 413

Hörpudiskur (32 RV)**Tekjur:**

Eignir 1. janúar 1988:

Inneignir í Seðlabanka Íslands Hlr. 35314	10 769 831	
Hlr. 852031 SDR 580 174,12 á 50,4235	29 254 410	40 024 241
	<hr/>	

Verðhækkunartekjur	971 089	
Vaxtatekjur	2 170 260	
Gengisuppfærsla	6 653 790	9 795 139
	<hr/>	

Skuldir 31. desember 1988:

Skuld á hlr. 35314 í Seðlabanka Íslands		5 214 639
		<hr/>
		55 034 019

Gjöld:

Gjöld vegna verðbóta	42 648 595	
Vaxtagjöld	23 104	42 671 699
	<hr/>	

Eignir 31. desember 1988:

Viðskiptamenn	271 608	
Inneign á hlr. 852031 í Seðlabanka Íslands		
SDR 195 187,79 á 61,944	12 090 712	12 362 320
	<hr/>	<hr/>
		55 034 019

Rækja (33 RV)

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1988:		
Inneignir í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35276	14 939 966	
Hlr. 852027 SDR 7 389 405,44 á 50,4235	372 599 685	387 539 651
	<hr/>	
Verðhækkunartekjur	43 789 500	
Vaxtatekjur	35 786 114	
Gengisuppfærsla	89 865 914	169 441 528
	<hr/>	
Skuldir 31. desember 1988:		
Viðskiptamenn		271 608
		<hr/>
		557 252 787

Gjöld:

Gjöld vegna verðbóta	109 011 117	
Leiðr. verðhækkunartekna 1986		699 481

Eignir 31. desember 1988:

Inneign í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35276	3 830 139	
Hlr. 852027 SDR 6 979 712,99 á 61,944	432 351 341	
Skuldabréf	11 360 709	447 542 189
	<hr/>	
		557 252 787

Skelrækja

Tekjur:

Vaxtatekjur		72
		<hr/>
		72

Gjöld:

Eignir 31. desember 1988:		
Innstæða á hlr. 30357 í Seðlabanka Íslands		72
		<hr/>
		72

Deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja (mjöl og lýsi)**Fiskimjöl (40 RV)**

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1988:		
Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35368	9 799	
Hlr. 852026 SDR 4 280,35 á 50,4235	215 830	225 629
	<hr/>	
Vaxtatekjur	18 467	
Gengisuppfærsla	49 292	67 759
	<hr/>	
		293 388

Gjöld:

Eignir 31. desember 1988:

Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35268	10 903	
Hlr. 852026 SDR 4 560,33 á 61,944	282 485	293 388
		<u>293 388</u>

Loðnulýsi (41 RV)

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1988:

Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35233	524 995	
Hlr. 852023 SDR 225 579,29 á 50,4235	11 374 497	11 899 492
		<u>11 899 492</u>
Vaxtatekjur	953 877	
Gengisuppfærsla	2 705 028	3 658 905
		<u>15 558 397</u>

Gjöld:

Stjórnarlaun	207 402	
Launatengd gjöld	25 391	
Ýmiss kostnaður	9 141	241 934
		<u>241 934</u>

Eignir 31. desember 1988:

Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35233	4 244	
Hlr. 852023 SDR 247 194,54 á 61,944	15 312 219	15 316 463
		<u>15 316 463</u>
		<u>15 558 397</u>

Loðnumjöl (42 RV)

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1988:

Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35225	26 468	
Hlr. 852022 SDR 10 181,20 á 50,4235	513 372	539 840
		<u>539 840</u>
Vaxtatekjur	46 343	
Gengisuppfærsla	123 258	169 601
		<u>709 441</u>

Gjöld:

Eignir 31. desember 1988:

Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35225	214	
Hlr. 852022 SDR 11 449,49 á 61,944	709 227	709 441
		<u>709 441</u>

Spærlings- og kolmunnamjöl (43 RV)

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1988:

Innstæður í Seðlabanka Íslands Hlr. 35330	105 305	
Hlr. 852033 SDR 46 006,87 á 50,4235	2 319 827	2 425 132
	<hr/>	

Vaxtatekjur	192 217	
Gengisuppfærsla	553 752	745 969
	<hr/>	<hr/>
		3 171 101

Gjöld:

Eignir 31. desember 1988:

Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35330	851	
Hlr. 852033 SDR 51 179,29 á 61,944	3 170 250	3 171 101
	<hr/>	<hr/>
		3 171 101

Deild fyrir saltfiskafurðir**Saltfiskur, óverkaður (50 RV)**

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1988:

Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35241	24 264 323	
Hlr. 852024 SDR 4 578 724,31 á 50,4235	230 875 305	255 139 628
	<hr/>	

Verðhækkunartekjur	140 000 000	
Vaxtatekjur	30 258 649	
Gengisuppfærsla	90 269 220	260 527 869
		<hr/>
		515 667 497

Gjöld:

Stjórnarlaun	565 936	
Launatengd gjöld	64 019	
Ýmiss kostnaður	32 501	662 456
	<hr/>	

Eignir 31. desember 1988:

Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35241	238 694	
Hlr. 852024 SDR 8 310 189,00 á 61,944	514 766 347	515 005 041
	<hr/>	<hr/>
		515 667 497

Saltfiskur, verkaður (51 RV)

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1988:

Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35322	3 585	
Hlr. 852032 SDR 1 478,39 á 50,4235	74 546	78 131

Vaxtatekjur	6 399	
Gengisuppfærsla	17 024	23 423
		<u>101 554</u>

Gjöld:

Eignir 31. desember 1988:

Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35322	3 988	
Hlr. 852032 SDR 1 575,07 á 61,944	97 566	101 554
		<u>101 554</u>

Saltsíldardeild (60 RV)

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1988:

Innstæða í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35306	35 613	
Hlr. 852030 SDR 10 494,63 á 50,4235	529 176	564 789

Vaxtatekjur	42 955	
Gengisuppfærsla	123 476	166 431
		<u>731 220</u>

Gjöld:

Stjórnarlaun	160 616	
Launatengd gjöld	19 314	179 930

Eignir 31. desember 1988:

Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35306	288	
Hlr. 852030 SDR 8 895,16 á 61,9044	551 002	551 290
		<u>731 220</u>

Skreiðardeild (70 RV)

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1988:		
Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35284	457 900	
Hlr. 852028 SDR 196 274,52 á 50,4235	9 896 848	10 354 748
	<hr/>	
Vaxtatekjur	828 392	
Gengisuppfærsla	2 354 532	3 182 924
	<hr/>	<hr/>
		13 537 672

Gjöld:

Stjórnarlausn	237 623	
Launatengd gjöld	25 391	
Ýmiss kostnaður	9 142	272 156
	<hr/>	<hr/>

Eignir 31. desember 1988:

Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35284	3 897	
Hlr. 852028 SDR 214 090,46 á 61,944	13 261 619	13 265 516
	<hr/>	<hr/>
		13 537 672

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins 1988**Skýring 1:**

Hinn 23. desember 1981 gaf Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja, út skuldabréf til Seðlabanka. Skuldabréfið var að fjárhæð kr. 42 000 000, gengistryggt, að hálfu miðað við Bandaríkjadollar en að hálfu miðað við sterlingspund, og tryggt með einfaldri ábyrgð ríkissjóðs. Það átti að endurgreiddast hinn 10. janúar 1984. Í bréfinu var ákvæði þess efnis, að yrði höfuðstóll deildar þessarar jákvæður eftir 1. desember 1982 skyldi sá jákvæði höfuðstóll þá þegar greiddast sem afborgun lánsins. Vegna ábyrgðar ríkissjóðs leysti Ríkisábyrgðasjóður til sín skuld samkvæmt skuldabréfi þessu ásamt áföllnum vöxtum hinn 31. desember 1986, samtals kr. 230 455 356. Sú fjárhæð stendur í bókum Ríkisábyrgðasjóðs sem krafa á hendur Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins.

Skýring 2:

Á árinu 1988 veitti Seðlabanki Íslands Verðjöfnunarsjóði, deild fyrir frystar afurðir, 800 millj. kr. lán. Lánið var í formi yfirdráttar, er standa mátti til ársloka 1989, en greiddist þá ásamt vöxtum með skuldabréfi til 3 ára með endurgreiðsluábyrgð ríkissjóðs.

Með yfirlýsingu dags. 13. október 1988 er tekið fram, að hámark skuldar á hlaupareikningum megi vera sem hér segir:

	kr.
Hlr. 35217 vegna freðfisks	750 000 000
Hlr. 35314 vegna hörpuðisks	50 000 000
	<hr/>
	800 000 000

Jafnframt er í yfirlýsingu þessari tekið fram, að yfirdráttarskuldin, eins og hún er á hverjum tíma, sé bundin kaupgengi SDR eins og það er skráð á þeim degi, er til skuldar er stofnað.

Í árslok 1988 var yfirdráttur á ofangreindum reikningum sem hér segir:

Hlr. 35217	363,8 millj.
Hlr. 35314	5,2 millj.
	<hr/>
	369,0 millj.

Reykjavík, 28. desember 1989
Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins
Árni Kolbeinsson,
 formaður.

Framanrituð greiðsluyfirlit Verðjöfnunarsjóðs 1988 höfum við endurskoðað. Innstæður og skuldir sjóðsins í árslok 1988 hafa verið sannreyndar. Að okkar áliti gefa yfirlitin skýra mynd af innborgunum og útborgunum sjóðsins á árinu að teknu tilliti til meðfylgjandi skýringa með því.

Reykjavík, 28. desember 1989

Stefán Svavarsson,
 löggiltur endurskoðandi.

Gunnlaugur Arnórsson,
 aðalendurskoðandi
 Seðlabanka Íslands.

16. febrúar 1990

Nr. 94

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Blönduóss.

1. gr.

Hitaveitan selur hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð fyrir Hitaveitu Blönduóss.

2. gr.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:	Kr.
a) Fastagjald fyrir hvern mæli á mánuði	686,40
og hækki sem nemur einu fastagjaldi fyrir hverja byrjaða 2.500 áætlaða ársrúmmetra. Þó aldrei meira en eitt fastagjald á íbúð	
b) Vatnsgjald um vatnsmæli til almennra nota, fyrir rúmmetra vatns	41,60
c) Vatnsgjald um vatnsmæli til sérnota, fyrir rúmmetra vatns	77,00
d) Gjald fyrir lokun og enduropnun	1 372,80

Þar sem magnmælir er notaður er hitaveitunni heimilt að setja búnað er takmarkar rennsli til notenda við áætlaða hámarkspörf. Hitaveita Blönduóss getur leiðrétt reikninga í þeim tilvikum þegar hitastig vatns við hámarksrennsli nær ekki tilskyldu hitastigi.

3. gr.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur eða hann hefur óskað eftir prófun á stillingu hemils eða mælis og í ljós kemur að frávik er innan við 5% frá réttri stillingu, skal hann greiða kr. 686,40

4. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Blönduóss skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (Utanmál)	Heimæðargjald
Allt að 300 m ³	92 877,00 kr.
300– 2 000 m ³	92 877,00 kr. fyrir 300 m ³ og 85,20 kr/m ³ þar yfir
2 000– 6 000 m ³	237 963,00 kr. fyrir 2 000 m ³ og 67,80 kr/m ³ þar yfir
6 000–10 000 m ³	509 061,00 kr. fyrir 6 000 m ³ og 55,20 kr/m ³ þar yfir
Meira en 10 000 m ³	729 956,00 kr. fyrir 10 000 m ³ og 47,75 kr/m ³ þar yfir

Stofngjald fyrir hvern aðrennslismæli er kr. 9 492,00 umfram einn á sama inntaki.

Gjöld þessi eru miðuð við byggingarvísitölu 1. febrúar 1990 164,9 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum þessum í samræmi við birtingu á nefndri vísitölu.

5. gr.

Breytingar á vatnsgjöldum samkvæmt 2. gr. skulu háðar samþykktum bæjarstjórnar Blönduóss, að fengnum tillögum frá veitunefnd. Breytingar á gjaldskrá þessari skulu staðfestar í iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

6. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

Gjaldskrá þessi sem samín er og samþykkt af veitunefnd Hitaveitu Blönduóss og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. mars 1990 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 549, 21. nóvember 1989.

Iðnaðarráðuneytið, 16. febrúar 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Brautarholts á Skeiðum 1988–2008.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 14. febrúar 1990 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Brautarholts á Skeiðum 1988–2008.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Hreppsnefnd Skeiðahrepps í Arnassýslu hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðuneytisins.

Félagsmálaráðuneytið, 16. febrúar 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólfríður Snæbjörnsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningar- og framfarasjóð Dalasýslu – Dalasjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningar- og framfarasjóður Dalasýslu – Dalasjóður – og er stofnaður af félagi áhugamanna um menningar- og framfaramál í Dalasýslu sem ábyrgðarmenn Sparisjóðs Dalasýslu stofnuðu.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Skulu tveir þeirra kjörnir á aðalfundi félagsins til tveggja ára í senn, en einn tilnefndur af héraðsnefnd Dalasýslu. Héraðsnefnd skipar tvo endurskoðendur sjóðsins.

Heimili Dalasjóðs og varnarþing er í Dalasýslu.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er varasjóður Sparisjóðs Dalasýslu, sem stofnaður var 2. október 1891 og starfaði þar til Búnaðarbanki Íslands tók að sér að annast reksturinn frá 1. október 1965, svo og önnur framlög stofnenda alls að fjárhæð ein milljón króna hinn 31. desember 1989.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins, eins og hann er á hverjum tíma, má aldrei skerða. Skal sjóðurinn ávaxtaður í útibúi Búnaðarbanka Íslands í Búdardal, Dalasýslu. Útibússtjóri bankans skal annast reikningshald sjóðsins og fjárvörslu.

5. gr.

Árlega skal bæta við höfuðstólinn eigi lægri fjárhæð en fjórðungi ársvaxta. – Auk þess skal stjórn sjóðsins vinna að því að auka hann og efla með þeim ráðum, sem hún telur heppileg.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja framfara- og menningamál í Dalahéraði.

7. gr.

Sjóðstjórnin gerir ákveðnar tillögur um styrkveitingu úr sjóðnum hverju sinni og má ráðstafa til þess allt að $\frac{3}{4}$ og skulu styrkir til menningar- og heilbrigðismála sitja í fyrirrúmi. Stjórnin getur gert tillögu um að allir ársvextir leggist við höfuðstólinn eða úthlutun frestist um eitt ár, ef henta þykir. Tillögur þessar skulu lagðar fyrir árlegan aðalfund félagsins til samþykktar.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta með samþykki stjórnar og meiri hluta fundarmanna á aðalfundi félagsins.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. febrúar 1990.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

**um ríkisábyrgð skv. heimild í lögum nr. 112/1989,
um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar.**

1. gr.

Til tryggingar áhættu ríkissjóðs vegna sjálfskuldarábyrgðar, er hann kann að gangast undir á lán, sem loðdýrabændur taka í stað lausaskulda sem myndast hafa vegna loðdýrabúskapar þeirra á árunum 1986–1989, samtals allt að 300 m.kr., skv. lögum um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar nr. 112/1989, skal ríkissjóður taka veð í þeim verðmætum sem tiltæk eru. Skal ábyrgð ríkissjóðs við það miðuð, að skuld sú er ríkissjóður tekur ábyrgð á, að meðtöldum þeim skuldum er hvíla á fyrri veðréttum viðkomandi eigna, nemi aldrei meiru en heildarmatsverði stofnlánadeildar landbúnaðarins á viðkomandi eignum, eða því matsverði öðru sem Ríkisábyrgðasjóður miðar við.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimildum í 12. gr. laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, sbr. lög nr. 65/1988, um breyting á þeim lögum, 8. gr. laga nr. 49/1962, um Ríkisábyrgðasjóð, og með vísan til laga nr. 112/1989, um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 22. febrúar 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Þórhallur Arason.

STJÓRNARTÍÐINDI B 13 – 1990

24. febrúar 1990

189

Nr. 98

REGLUGERÐ

um sérkennslu.

I. KAFLI

Markmið og skilgreining.

1. gr.

Grunnskólinn er fyrir öll börn og unglinga á skólaskyldualdri og skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins. Nemendur skulu eiga kost á að stunda nám í almennum grunnskóla í sínu skólahverfi.

2. gr.

Grunnskólinn skal laga starf sitt að þroska og getu allra nemenda sinna, þannig að hver nemandi fái kennslu við hæfi. Því ber að skipuleggja skólastarfið í heild út frá þörfum allra nemenda og skapa námsumhverfi sem hæfir hverjum og einum. Með markvissu þróunarstarfi skal stefnt að samskipan fatlaðra og ófatlaðra nemenda í heimaskóla.

3. gr.

Sérkennsla felur í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluaðferðum miðað við það sem öðrum nemendum á sama aldri er boðið upp á. Sérkennsla er skipulögð til lengri eða skemmri tíma eftir þörfum nemandans, jafnvel alla skólagöngu hans.

Sérkennsla einstakra nemenda eða nemendahópa fer fram innan eða utan almennra bekkjardeilda, í dagdeildum, sérskólum eða annars staðar.

Í sérkennslu felst m.a.:

- a) Gerð rökstuddrar námsáætlunar fyrir hvern einstakling eða nemendahóp sem byggð er á upplýsingum um heildaraðstæður nemandans og á athugun og mati á stöðu hans í námi og þroska. Tilgreind skulu langtíma- og skammtímamarkmið með kennslunni.
- b) Kennsla samkvæmt námsáætlun.
- c) Skipuleg skráning og regluleg endurskoðun á námsáætlun og kennslu.

II. KAFLI

Athugun á þörf fyrir sérkennslu.

4. gr.

Starfsmenn fræðsluskrifstofu kanna í samvinnu við skólastjóra, skólalækni og með aðstoð annarra hlutadeigandi aðila, hvort í fræðsluumdæminu séu nemendur, sem vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum þurfa á sérkennslu að halda.

5. gr.

Skólastjóri metur þörf fyrir sérkennslu í skólanum í samráði við kennara.

6. gr.

Ef foreldrar og/eða forráðamenn, umsjónarkennari eða sérfræðingar telja að nemandi þurfi á sérkennslu að halda skal málinu vísað til skólastjóra.

III. KAFLI

Réttindi nemenda og foreldra og/eða forráðamanna.

7. gr.

Ef foreldrar og/eða forráðamenn, kennarar og sérfræðingar fræðsluskrifstofu eru sammála um að nemandi þurfi á sérstöku námstilboði að halda skal hann eiga rétt á sérkennslu. Um sérkennsluúrræði og gerð námsáætlunar fyrir einstaka nemendur skal haft samráð við foreldra og/eða forráðamenn og leitað samþykkis þeirra.

8. gr.

Allar athuganir og rannsóknir sem varða einstaka nemendur skulu gerðar í samráði við og með samþykki foreldra og/eða forráðamanna.

9. gr.

Foreldrar og/eða forráðamenn skulu hafa aðgang að persónulegum upplýsingum sem eru í vörslu skóla og fræðslufyrivalda og varða skólagöngu barna þeirra.

Með allar slíkar upplýsingar skal farið sem trúnaðarmál.

10. gr.

Ágreiningsmálum má vísa til fræðslustjóra til úrskurðar.

IV. KAFLI

Sérkennsla í almennum grunnskólum.

11. gr.

Fræðslustjóri skal sjá til þess að börn á grunnskólaaldri sem þurfa á sérkennslu að halda fái kennslu við sitt hæfi. Slík kennsla getur tengst störfum í atvinnulífinu ef henta þykir. Sérkennsla fer m.a. fram með eftirfarandi hætti:

- a) Með sérkennslu inni í bekkjardeild.
- b) Með skiptitímum í bekkjardeild.
- c) Með einstaklingskennslu utan bekkjardeilda eða í sérstöku námshópum að hluta eða öllu leyti.
- d) Í sérdeild fræðsluumdæmis.
- e) Annars staðar þar sem henta þykir.

12. gr.

Í grunnskólum er heimilt að starfrækja nemendaverndarrád þar sem teknar eru sameiginlegar ákvarðanir um málefni einstakra nemenda eða nemendahópa. Þar sem slíkt nemendaverndarrád er sett á stofn skal það m.a. fjalla um skipulag og framkvæmd sérkennslu innan skólans.

13. gr.

Stefnt skal að því að nemendaverndarrád starfi í þeim grunnskólum sem eiga rétt á 10 kennurum eða fleiri í fullu starfi auk skólastjóra. Þar sem slíkt ráð er stofnað skal það starfa í samvinnu við kennara, foreldra, heilsugæslu og sérfræðinga fræðsluskrifstofu. Í ráðinu skulu eiga sæti skólastjóri og/eða yfirkennari, umsjónarmaður sérkennslu í skólanum, fulltrúi kennara, sem tilnefndur er af kennarafundi og fulltrúi ráðgjafar- og sálfræðipjónustu þar sem því verður við komið. Menntamálaráðuneytið setur nemendaverndarráði starfsreglur.

14. gr.

Umsjónarkennari skal fylgjast með námi og þroska nemenda sinna, leiðbeina þeim og hafa reglulegt samband við forráðamenn þeirra. Umsjónarkennari skal einnig fylgjast með námi nemenda sinna hjá öðrum kennurum, þ.m.t. í sérkennslu.

15. gr.

Sérkennsla í grunnskólum skal unnin eftir áætlun sem samin er ár hvert og samþykkt er af fræðslustjóra áður en til framkvæmda kemur.

Áætlun um sérkennslu í grunnskóla skal samin af viðkomandi skólastjóra í samvinnu við nemendaverndarráð og sérkennslufulltrúa fræðsluskrifstofu. Áætlunin skal taka til námskráargerðar (námsáætlunar) fyrir námshópa og einstaka nemendur eftir því sem við á. Ennfremur skal áætlunin taka til annarra tengdra starfa vegna fatlaðra nemenda.

16. gr.

Til að þjóna alvarlega fötludum nemendum og til að stuðla að samskipan fatlaðra og ófatlaðra nemenda í grunnskóla er fræðslustjóra heimilt með samþykki menntamálaráðuneytisins að stofna sérdeildir fræðsluumdæmis við grunnskóla fyrir þá nemendur sem ekki fá náms- og kennslutilboð við hæfi með öðrum hætti.

Slíkar deildir skulu að jafnaði starfa tímabundið og við það miðað að kennslukostnaður rúmist innan sérkennslukvóta fræðsluumdæmisins og að fjárheimild sé fyrir hendi til greiðslu annars kostnaðar.

17. gr.

Í sérdeild verði nemendum gefinn kostur á kennslu, máltíðum, frístundastörfum, gæslu, þjálfun og annarri umönnun undir umsjón kennara, uppeldisfulltrúa og annarra starfsmanna eftir því sem við á.

Haga ber störfum þannig að nemendur sérdeilda tengist öðrum nemendum í námi og félagslífi eftir því sem unnt er.

18. gr.

Heimilt er að sérdeildir starfi allt að 8 klukkustundir á dag alla virka daga frá skólabyrjun til skólaloka. Miða skal við að dvöl nemenda í sérdeild verði ekki lengri en þörf krefur að mati foreldra og/eða forráðamanna, kennara, ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu umdæmisins og annarra sérfræðinga.

19. gr.

Þegar kennsla er felld niður í sérdeild vegna annarra starfa kennara, svo og á sérstöðukum leyfisdögum á starfstíma skóla skulu aðrir starfsmenn sérdeilda annast nemendur sé þess þörf.

20. gr.

Sérdeildir fræðsluumdæmis skulu starfa samkvæmt sérstakri starfsáætlun sem tekur til kennslu og annarra starfa.

Um gerð starfsáætlunar skal haft samráð við sérkennslufulltrúa fræðsluskrifstofu. Áætlun um kennslu skal byggð á aðalnámskrá grunnskóla og skal við það miðað að gerð sé námsáætlun fyrir hvern nemanda í deildinni.

Umsjónarkennari sérdeildar sér til þess að kennsluáætlun fyrir deildina og námsáætlanir fyrir einstaklinga séu gerðar.

21. gr.

Sérdeild við grunnskóla telst vera skipulags- og stjórnunarlegur hluti viðkomandi skóla og lýtur stjórn skólastjóra.

Um stofnun og rekstur sérdeildar skal gerður sérstakur samningur við viðkomandi sveitarfélag/sveitarfélög með samþykki menntamálaráðuneytisins.

Setja skal sérdeildum starfsreglur sem menntamálaráðuneytið samþykkir.

V. KAFLI

Sjúkrakennsla.

22. gr.

Sjúkrakennsla getur ýmist farið fram í heimahúsum eða á sjúkrastofnunum. Umsjón með framkvæmd sjúkrakennslu er í höndum fræðslustjóra og skal hann árlega gera sérstaka áætlun til fjárlaga um þörf fyrir sjúkrakennslu í viðkomandi fræðsluumdæmi.

23. gr.

Skólastjóri fylgist með skólasókn nemenda í skóla sínum og tilkynnir fræðslustjóra, að höfðu samráði við foreldra og/eða forráðamenn og viðkomandi lækni, ef nemandi þarf á sjúkrakennslu að halda vegna lengri veikindaforfalla. Tilkynningu skal fylgja læknisvottorð.

Þegar fræðslustjóri hefur heimilað sjúkrakennslu skal skólastjóri útvega kennara í samvinnu við fræðslustjóra. Skólastjóri sendir fræðslustjóra skýrslu um kennsluna.

VI. KAFLI

Starfsmenn.

24. gr.

Sérkennsla skal innt af hendi af sérkennara eftir því sem við verður komið, eða undir umsjón sérkennara ef betur þykir henta að nemandi fái sérkennslu hjá umsjónarkennara eða öðrum kennurum.

25. gr.

Heimilt er að ráða uppeldisfulltrúa til að aðstoða fatlaða nemendur í grunnskóla. Uppeldisfulltrúar skulu ráðnir tímabundið með sérstökum ráðningarsamningi. Launakostnaður vegna ráðningar uppeldisfulltrúa skal rúmast innan sérkennslukvóta fræðsluumdæmis.

26. gr.

Heimilt er að fela kennara sérkennslu (t.d.talkennslu) í fleiri en einum skóla í fræðsluumdæminu. Launakostnaður skal rúmast innan sérkennslukvóta fræðsluumdæmis.

VII. KAFLI

Kennslumagn.

27. gr.

Fræðslustjóra er heimilt að ráðstafa á viku til sérkennslu allt að 0,25 kennslustundum á fyrstu 1.700 nemendur í fræðsluumdæmi og 0,23 kennslustundum á hvern nemanda umfram 1.700. Þessu kennslumagni skal varið til sérkennslu í grunnskólum, sérdeildum og til annarra starfa á þessu sviði eftir nánari ákvörðun fræðslustjóra.

28. gr.

Auk kennslumagns skv. 27. gr. er fræðslustjóra heimilt að ráðstafa kennslustundum til sjúkrakennslu sbr. 23. grein. Kennslumagn á hvern einstakan nemanda sem fær sjúkrakennslu miðast við allt að 5 stundir á viku.

VIII. KAFLI

Sérskólar og sérdeildir á vegum ríkisins.

29. gr.

Á vegum ríkisins starfa sérskólar skv. 52. gr. laga um grunnskóla og sérdeildir á vegum ríkisins í tengslum við almennan grunnskóla. Um rekstur slíkra deilda skal gerður samningur milli ríkisins og viðkomandi sveitarfélags. Sérskólar og sérdeildir ríkisins skulu veita þeim börnum uppeldi og kennslu sem að mati sérfræðinga og foreldra og/eða forráðamanna eru þannig fötluð að þeim nýtist ekki námstilboð í almennum grunnskóla í sínu skólahverfi eða í sérdeildum fræðsluumdæmis.

30. gr.

Fræðslustjóri hefur umjón og eftirlit með kennslu og starfskipan sérskóla og sérdeilda ríkisins í sínu umdæmi. Hann samræmir ráðgjafarstörf og tengsl þeirra við almenna grunnskóla, sbr. 34. gr. þessarar reglugerðar.

31. gr.

Fræðslustjóri hefur umsjón með innritun nemenda í alla sérskóla og sérdeildir ríkisins í viðkomandi fræðsluumdæmi. Verði ágreiningur um innritun nemenda sker menntamálaráðuneytið úr.

32. gr.

Í sérskólum og sérdeildum ríkisins skulu nemendur fá kennslu samkvæmt 44. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla. Heimilt er að sérskólar og sérdeildir ríkisins veiti nemendum samfellda þjónustu allan daginn alla virka daga skólaársins, enda sé fjárheimild fyrir hendi.

33. gr.

Sérskólar og sérdeildir ríkisins starfa eftir meginmarkmiðum aðalnámskrár grunnskóla og skulu setja sér skólanámskrá þar sem fram kemur skilgreining á hlutverki þeirra. Skólanámskráin skal staðfest af menntamálaráðuneytinu áður en til framkvæmda kemur. Auk þess skal samin námsáætlun fyrir hvern nemanda skólans eða deildarinnar.

34. gr.

Menntamálaráðuneytið getur falið einstökum sérskólum og sérdeildum ríkisins að veita leiðbeiningar og ráðgjöf til foreldra og kennara hvarvetna á landinu í náinni samvinnu við fræðslustjóra og í samræmi við reglur sem ráðuneytið setur. Sérfræðingar sérskóla og sérdeilda ríkisins og sérfræðingar fræðsluskrifstofu skulu hafa náíð samstarf um þá ráðgjöf sem hér um ræðir.

35. gr.

Áður en nemandi er innritaður í sérskóla eða sérdeild ríkisins skal meta stöðu hans í námi og þroska. Við slíkt mat skal tekið tillit til heildaraðstæðna nemandans. Allar slíkar athuganir skulu gerðar í fullu samráði og með samþykki foreldra og/eða forráðamanna. Foreldrar og/eða forráðamenn eiga rétt á að kynna sér niðurstöður úr slíku mati áður en þeir ákveða hvort sótt verði um innritun nemandans í sérskóla. Allar umsóknir um innritun nemenda í sérskóla og sérdeildir ríkisins skulu sendar til viðkomandi fræðslustjóra ásamt umsögnum viðkomandi sérfræðinga.

36. gr.

Ríkissjóður greiðir alla kennslu í sérskólum og sérdeildum ríkisins í samræmi við áætlun sem menntamálaráðuneytið samþykkir svo og önnur störf s.s. ráðgjafa, annarra sérfræðinga og annarra starfsmanna samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðuneytisins, enda sé fjárheimild fyrir hendi.

37. gr.

Skólastjórar sérskóla ríkisins skulu gera áætlun fyrir skóla sinn um fyrirkomulag kennslu, sbr. 34. gr., fjölda námshópa, kennslustundafjölda og annan rekstrarkostnað ríkissjóðs. Áætlunina skal miða við komandi skólaár og senda fræðslustjóra fyrir 15. apríl ár hvert eða annan þann dag sem menntamálaráðuneytið ákveður.

Áætlun þessa skal endurskoða við upphaf skólaárs, ef þörf krefur.

IX. KAFLI

Fjármál.

38. gr.

Launakostnaður við sérkennslu innan almenns grunnskóla greiðist úr ríkissjóði. Annar rekstrarkostnaður greiðist í samræmi við grunnskólalög og reglugerð um rekstrarkostnað grunnskóla eftir því sem við á.

Allur stofn- og rekstrarkostnaður sérstofnana skv. 52. gr. grunnskólalaga greiðist úr ríkissjóði þ.m.t. vistun nemenda að því leyti sem bætur almannatrygginga hrökkva ekki til.

X. KAFLI

Gildistaka.

39. gr.

Reglugerð þessi tekur einnig til forskóla, sbr. 74. gr. laga nr. 63/1974, eftir því sem við á.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 52. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla og lögum nr. 13/1962 um heyrnleysingjaskóla, öðlast gildi frá og með 1. ágúst n.k. og gildir skólaárið 1990 til 1991. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 270/1977 um sérkennslu.

Menntamálaráðuneytið, 24. febrúar 1990.

Svarar Gestsson.

Örlygur Geirsson.

REGLUGERÐ**um hækkun bóta almannatrygginga.**

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. febrúar 1990 að telja um 1,5% frá því, sem þær voru í janúar 1990.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. febrúar 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu söluskatts af óseldu byggingarefni.

1. gr.

Endurgreiða skal virðisaukaskattskyldum aðilum, sem hafa húsbyggingar eða aðra mannvirkjagerð með höndum í atvinnuskyni, söluskatt sem hvílir á birgðum þeirra af óseldu byggingarefni 31. desember 1989 eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð þessari.

2. gr.

Endurgreiðsla samkvæmt reglugerð þessari tekur til þess byggingarefnis sem keypt var með söluskatti til nota í starfsemi byggingaraðila skv. 1. gr. og sannanlega var í birgðum hans 31. desember 1989 samkvæmt vörutalningu í ársuppgjöri hans. Skilyrði er að efnið hafi ekki sætt neins konar úrvinnslu af hálfu viðkomandi byggingaraðila eða annarra aðila eftir innkaupin.

Til grundvallar endurgreiðslu skal liggja vörutalning, undirrituð og staðfest af talningar-
mönnum.

Söluskattur sem til endurgreiðslu kemur er 20% af innkaupsverði byggingarefnanna með söluskatti. Við endursölu á þessu efni eða úttekt til eigin byggingarframkvæmda skal greiða virðisaukaskatt samkvæmt lögum nr. 50/1988 af þeirri fjárhæð sem eftir stendur.

3. gr.

Aðilar sem um ræðir í 1. gr. skulu eigi síðar en 17. apríl 1990 senda viðkomandi skattstjóra greinargerð um birgðir sínar af byggingarefni sem óskað er að endurgreiðsla taki til. Greinargerð þessi skal vera á sérstöku eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Endurgreiðslubeiðnum sem berast eftir lok skilafrests skv. 1. mgr. verður ekki sinnt.

4. gr.

Skattstjóri skal athuga endurgreiðslubeiðni og leiðrétta hana ef hún er í ósamræmi við reglugerð þessa eða önnur fyrirmæli skattyfirvalda. Fallist skattstjóri á endurgreiðslubeiðni tilkynnir hann um það til innheimtumanns ríkissjóðs sem annast endurgreiðslu.

Endurgreiðsla skal fara fram innan fimmtán daga frá því endurgreiðslubeiðni barst skattstjóra. Frestur þessi framlengist þó ef skattstjóri getur, vegna atvika sem rekja má til umsækjanda, ekki gert nauðsynlegar athuganir á gögnum þeim sem beiðnin byggist á.

Komi í ljós að endurgreiðsla samkvæmt reglugerð þessari hafi verið of há skal skattstjóri þegar í stað tilkynna aðila og innheimtumanni ríkissjóðs þar um. Um álag og dráttarvexti vegna of hárrar endurgreiðslu fer samkvæmt 27. og 28. gr. laga nr. 50/1988, um virðisauka-
skatt.

5. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna, svo og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá endurgreiðslu á söluskatti samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, varðar við 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 26. febrúar 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 593/1987, um þungaskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 636/1989, orðist svo:

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

- a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
Allt að 1000	63.036	2800-2999	103.624
1000-1999	80.574	3000-3199	108.234
2000-2199	85.184	3200-3399	112.844
2200-2399	89.794	3400-3599	117.454
2400-2599	94.404	3600-3799	122.064
2600-2799	99.014	3800-3999	126.674

- b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum.

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
Allt að 1000	81.946	2800-2999	134.711
1000-1999	104.746	3000-3199	140.704
2000-2199	110.739	3200-3399	146.697
2200-2399	116.662	3400-3599	152.690
2400-2599	122.725	3600-3799	158.683
2600-2799	128.718	3800-3999	164.676

2. gr.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 636/1989, orðist svo: Kílómetragjald skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0- 4,9	4,32	15,0-15,9	9,19
5,0- 5,9	4,60	16,0-16,9	9,92
6,0- 6,9	4,97	17,0-17,9	10,64
7,0- 7,9	5,21	18,0-18,9	11,29
8,0- 8,9	5,44	19,0-19,9	12,15
9,0- 9,9	5,69	20,0-20,9	12,79
10,0-10,9	6,04	21,0-21,9	13,53
11,0-11,9	6,26	22,0-22,9	14,39
12,0-12,9	7,05	23,0-23,9	15,07
13,0-13,9	7,72	24,0-24,9	15,75
14,0-14,9	8,54	25,0 og þyngri	16,52

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. lögum nr. 3/1987 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 5/1987, gildir frá og með 1. janúar 1990.

Fjármálaráðuneytið, 19. febrúar 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

REGLUGERÐ

um löggiltar iðngreinar, námssamninga, sveinspróf og meistararéttindi.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi fjallar um löggiltar iðngreinar og starfsþjálfun, gerð námssamninga, skipulag og framkvæmd iðnnáms skv. samningi, réttindi og skyldur iðnnema, sveinspróf og meistararéttindi.

Um aðra þætti iðnnáms vísast til reglugerðar nr. 105/1990 um framhaldsskóla.

II. KAFLI

Löggiltar iðngreinar.

2. gr.

Löggiltum iðngreinum er skipað í iðngreinaflokkka sem hér segir:

<i>Bókiðngreinar (grafísk fög)</i>	<i>Málmiðngreinar</i>	<i>Fámennar iðngreinar *</i>
bókband	bifreiðasmíði	a) listgreinar
prentsmíð	bifvélavirkjun	glerslípun og speglagerð ¹⁾
prentun	bílamálun	gull- og silfursmíði
<i>Bygginga- og trúðngreinar</i>	blikksmíði	leirkerasmíði ¹⁾
húasamíði	flugvélavirkjun ¹⁾	leturgröftur
húsgagnabólstrun	járnsmíði	myndskurður ¹⁾
húsgagnasmíði	málmsteypa ²⁾	steinsmíði ¹⁾
málaraiðn	rennismíði	tágariðun ¹⁾
múraraiðn	skipa- og bátasmíði stálsmíði:	b) aðrar iðngreinar
pípulagnir	stálskipasmíði	beykisiðn ¹⁾
skrúðgarðyrkja	stálvirkjasmíði	eirsmíði ¹⁾
veggfóðrun	rafsuða, sérgrein	hattasaumur
<i>Fata-, skinna- og leðuriðngreinar</i>	vélsmíði:	hljóðfærasmíði ¹⁾
kjólasmútur	iðnvélavirkjun	mótasmíði ²⁾
klæðskurður karla	aflvélar	reiða- og seglasaumur ¹⁾
klæðskurður kvenna	frystivélar	sútaraiðn
reiðtygja- og aktygjasmíði	loft- og vökvastýringar	vagnasmíði ¹⁾
skósmíðaiðn:	<i>Rafiðngreinar</i>	<i>Iðngreinar sem ekki er skipað</i>
skósmíði	rafeindavirkjun	<i>í framangreinda flokka eru:</i>
skóviðgerð	rafveituvirkjun	mjólkuridn ²⁾
feldskurður	rafvélavirkjun	netagerð
<i>Matvælaíðngreinar</i>	rafvirkjun	ljósmyndun
bakaraiðn	úrsmíði ²⁾	tannsmíði
kjötiðn	<i>Snyrtigreinar</i>	
kökugerð	hárgreiðsla	
matreiðsla	hárskurður	
framreiðsluðn	snyrtifræði	

* Menntamálaráðuneytinu er ekki skylt að halda uppi stöðugri kennslu í iðngreinum sem falla undir þennan flokk.

¹⁾ Því aðeins er heimilt að taka nema til náms í greininu að menntamálaráðuneytið leyfi að gerður sé námssamningur og ákveði námstíma hverju sinni.

²⁾ Í gildi eru sérreglur um námsfyrirkomulag sem geta skal um í námssamningi.

3. gr.

Kveðið skal á um námstíma iðnnáms í námskrá. Námstímanum er skipt samkvæmt námskrá í nám í skóla og starfsnám í atvinnulífínu sem fram fer skv. námssamningi eða samningi um starfsþjálfun á vegum skóla.

Meistari og iðnfyrirtæki skulu láta nemendur sína ganga í framhaldsskóla jöfnum höndum á námstímanum.

4. gr.

Komi til álita að starfsgrein, sem ekki er talin upp í 2. gr. í þessari reglugerð, verði löggilt iðngrein skulu hlutaðeigendur, sem starfsgreinina stunda, senda ráðuneytinu beiðni þar um og leggja jafnframt fyrir það tillögur um nafn iðngreinarinnar, starfssvið, námstíma og kunnáttu- og prófkröfur.

Ráðuneytið leitar umsagnar iðnfræðsluráðs um erindið.

Fallist ráðuneytið á að löggilda greinina breytir það þessari reglugerð til samræmis og setur reglur um veitingu starfsréttinda í hinni nýju iðngrein. Samsvarandi vinnubrögð skal viðhafa þegar eldri iðngreinum er skipt eða þær eru sameinaðar, svo og þegar sérgreinar eru stofnaðar, þ.e. þegar sérsvið iðngreinar er viðurkennt.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið getur viðurkennt iðnmenntun sem aflað er erlendis gegn framvísun prófvottorðs og veitt starfsleyfi hér á landi án þess að viðkomandi gangi undir sveinspróf, enda séu kröfur til námsins sambærilegar við þær sem gerðar eru til viðkomandi starfsréttinda hér á landi. Einnig er heimilt að veita einstaklingi með starfmenntapróf erlendis frá að sanna kunnáttu sína með sveinsprófi ef erfitt reynist að fá fram nægilega örugg gögn.

Einnig getur ráðuneytið veitt manni heimild til tiltekinna starfa sem hann hefur hlotið menntun til, þótt þau teljist til starfssviðs löggiltrar iðngreinar, sé iðngreinin svo lítið stunduð hér á landi að skortur sé á verkunnáttu og þekkingu til viðkomandi starfa.

Áður en menntamálaráðuneytið veitir starfsleyfi skal það leita álits fræðslunefndar viðkomandi iðngreinaflokks.

III. KAFLI

Gerð iðnnáms- og starfspjálfunarsamninga.

6. gr.

Þegar meistari eða iðnfyrirtæki tekur iðnnema skal gera um það iðnnámssamning í samræmi við 24. gr. laga um framhaldsskóla og ákvæði reglugerðar þessarar. Iðnnemar, sem lokið hafa grunndeild eða framhaldsdeild iðnfræðsluskóla og þurfa að fá verknám í atvinnulífinu undir sveinspróf, gera sams konar samning.

7. gr.

Enginn má gera iðnnámssamning yngri en 16 ára sbr. 41. gr. laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna. Í iðngreinum þar sem vinnuhættir, vinnuskilyrði, vinnutími eða önnur atriði gera slíkt nauðsynlegt getur menntamálaráðuneytið áskilið hærra aldursmark eða ef önnur lög kveða svo á um. Menntamálaráðuneytinu er heimilt að gera próf af verknámsbraut að skilyrði fyrir því að iðnnámssamningur sé gerður ef fyrir liggur samþykki um slíkt frá aðilum vinnumarkaðarins í iðngreininni.

8. gr.

Meistari eða iðnfyrirtæki, sem óskar heimildar til að taka iðnnema, skal senda skriflega umsókn til menntamálaráðuneytisins ásamt þeim gögnum sem áskilin eru á hverjum tíma.

Menntamálaráðuneytið skal, að lokinni athugun, gefa út heimild til iðnmeistara sem það telur hæfan til að taka iðnnema. Skal þar skilgreint hversu marga iðnnema viðkomandi megi hafa í námi á sama tíma og á sama námsári. Á sama hátt skal iðnfyrirtæki, sem hefur iðnmeistara í þjónustu sinni, veitt heimild til að taka iðnnema.

Meistari eða iðnfyrirtæki getur ekki tekið iðnnema til reynslu fyrr en að fenginni heimild.

Heimild til að taka iðnnema gildir að hámarki í 5 ár og skal þá sótt um að nýju.

Menntamálaráðuneytið getur felld heimild til að taka iðnnema fyrirvaralaust úr gildi ef það telur brostnar forsendur þær sem um ræðir í þessari grein.

Ráðuneytið getur sett sérstakar reglur um heimild til nematöku fyrir einstakar iðngreinar í samráði við fræðslunefnd viðkomandi iðngreinaflokks.

9. gr.

Óski meistari eða iðnfyrirtæki að gera iðnnámssamning í sérgrein innan löggiltrar iðngreinar getur menntamálaráðuneytið heimilað staðfestingu slíks samnings ef fyrir liggur álit fræðslunefndar iðngreinarinnar um að eðli sérgreinarinnar leyfi sjálfstætt nám og próftöku og nefndin mælir með að slíkt sérnám eigi sér stað.

Menntamálaráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum fræðslunefndar, lengd námstíma.

10. gr.

Til að meistari eða iðnfyrirtæki fái heimild til iðnnematöku skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Meistari skal hafa fullgild meistararéttindi samkvæmt iðnaðarlögum nr. 42/1978 og/eða hafa staðist meistarapróf í þeirri iðngrein sem hann hyggst kenna. Á sama hátt skal iðnfyrirtæki hafa meistara í þjónustu sinni með þau réttindi er að framan greinir.
2. Meistari og/eða iðnfyrirtæki skal hafa með höndum nægilega fjölbætt verkefni í iðn sinni til að geta látið í té fullnægjandi kennslu samkvæmt námsreglum iðngreinarinnar eða að mati fræðslunefndar séu slíkar reglur ekki fyrir hendi.
3. Ef iðnfyrirtæki eða meistari hefur ekki nægilega fjölbætt verkefni svo að unnt sé að kenna iðnina fullkomlega getur menntamálaráðuneytið, samkvæmt tillögu fræðslunefndar, heimilað frávík þannig að iðnnemi hljóti þjálfun að hluta hjá öðru iðnfyrirtæki eða meistara. Geta skal slíks frávíks í samningi og leggja fram með námssamningi samþykki allra aðila um hvernig iðnnemi fái þjálfun hjá hvorum meistara. Hið sama gildir ef í ljós kemur á samningstíma að iðnnemi fær ekki að kynnast öllum verkþáttum iðngreinarinnar.
4. Meistari og/eða iðnfyrirtæki skal hafa yfir að ráða vinnustað eða verkstæði með fullnægjandi aðstöðu ásamt vélum, tækjum, áhöldum og búnaði sem iðngreinin útheimtir.

11. gr.

Iðnfulltrúi leiðbeinir um gerð námssamninga, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 105/1990 um framhaldsskóla, staðfestir þá og sér um að þeir séu sendir menntamálaráðuneytinu til skráningar. Námstími telst frá því að námssamningur, sem staðfestingu hlýtur, er dagsettur, enda hafi iðnnemi þá byrjað nám sitt. Tilgreina skal áætluð námslok í samningi.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið leggur til eyðublöð undir námssamninginn og ræður gerð hans og eru námssamningar gerðir á önnur eyðublöð ógildir.

Námssamning skal senda menntamálaráðuneytinu eða iðnfulltrúa til staðfestingar innan eins mánaðar frá dagsetningu og er við áritun menntamálaráðuneytis eða iðnfulltrúa heimilt að breyta byrjunartíma námsins ef samningur berst eigi innan þess tíma.

13. gr.

Í iðngreinum, þar sem 3/4 hlutar iðnnáms eða meira fara fram í iðnfræðsluskóla og nemendur þurfa einungis að fá 12 mánaða eða skemmri starfsþjálfun, getur menntamálaráðuneytið veitt iðnfræðsluskólum heimild til að gera samning við meistara/iðnfyrirtæki um að

taka að sér ákveðna starfsþjálfun iðnnema. Samningur þessi skal staðfestur af iðnfulltrúa. Samningurinn skal vera í samræmi við iðnnámssamning skv. 6. gr. þessarar reglugerðar eftir því sem við á. Þessa nema skráir skóli til sveinsprófs.

Fyrstu 6 mánuðir námstíma samkvæmt iðnnámssamningi skoðast sem reynslutími. Menntamálaráðuneytið getur ákveðið skemmri reynslutíma að fengnum tillögum fræðslunefnda viðkomandi greina. Hvenær sem er á reynslutímanum getur hvor samningsaðila um sig slitið námssamningi án þess að tilgreina ástæður.

14. gr.

Við gerð námssamnings skal meta til styttingar á námstíma iðnnema það nám sem hann hefur lokið áður en samningurinn er gerður og fellur inn í iðnnámið. Þá er heimilt að meta starfsreynslu sem iðnnemi hefur sannanlega aflað sér í iðngrein þeirri sem hann hyggst leggja stund á ef meistari metur kunnáttu og hæfni nema gefa tilefni til þess.

Við ákvörðun um styttingu á verklegum námstíma skal miðað við matsreglur fræðslunefndar, sem hlotið hafa samþykki menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðuneytið skal gefa út leiðbeiningar um styttingarreglur á námstíma. Um ágreining, sem upp kann að koma varðandi styttingu á námstíma, skal menntamálaráðuneytið úrskurða að fengnu áliti viðkomandi fræðslunefndar.

15. gr.

Hafi iðnnemi áður stundað nám hjá öðrum meistara í sömu iðngrein, en slitið námssamningi við hann á löglegan hátt, skal sá tími, er hann vann hjá honum, dragast frá fullum námstíma hjá hinum síðari.

16. gr.

Uppfylli meistari eða iðnfyrirtæki ekki lengur ákvæði 10. greinar þessarar reglugerðar, þá ber meistara/iðnfyrirtæki að sjá nema fyrir öðrum hæfum lærimeistara í iðninni.

Meistari eða iðnfyrirtæki skal þegar tilkynna menntamálaráðuneytinu meistaraskipti sem skráir þau á samninginn.

17. gr.

Hafi meistari eða iðnfyrirtæki rofið námssamning tvisvar, vanrækt kennslu eða brotið á annan hátt gegn lögum og reglugerðum um framhaldsskóla í verulegum atriðum er menntamálaráðuneytinu heimilt að svipta hlutaðeigandi, tímabundið eða að fullu, rétti til að hafa iðnnema.

Úrskurð menntamálaráðuneytis má þó bera undir dómstóla, enda sé það gert innan 30 daga frá því að úrskurðurinn var birtur aðilum.

18. gr.

Meistari eða iðnfyrirtæki getur slitið námssamningi:

- a) ef iðnnemi vanrækir nám sitt, verklegt eða bóklegt, eða gerir sig sekan um brot gegn öðrum samningsskyldum sínum,
- b) ef iðnnemi hefur, að áliti trúnaðarlæknis, ekki heilsu til að stunda iðnina.
Iðnnemi getur slitið námssamningi:
- c) ef komið er ósæmilega fram við hann á vinnustað,
- d) ef meistari eða iðnfyrirtæki brýtur samningsskyldur sínar,
- e) ef meistari eða iðnfyrirtæki verður gjaldþrota eða hættir að reka iðn sína af öðrum ástæðum,
- f) verði iðnnemi sakir sjúkleika eða af öðrum orsökum óhæfur til að starfa að iðninni eða hættulegt er fyrir líf hans eða heilsu að stunda iðnina að áliti trúnaðarlæknis.

Ef svo er ástatt, sem greinir í staflíðum a, c og d, en meistari eða iðnnemi slíta ekki námssamningi, getur iðnfulltrúi slitið samningi að undangenginni rannsókn. Skjóta má þeirri ákvörðun iðnfulltrúa til menntamálaráðuneytisins.

Aðilum er heimilt að slíta námssamningi ef þeir koma sér saman um það. Þegar námssamningi er slitið skal það jafnan tilkynnt iðnfulltrúa.

Iðnnemi á rétt á skaðabótum ef námssamningi er slitið af þeim sökum sem greinir í staflíðum c-e.

Ágreining milli iðnnema og meistara eða iðnfyrirtækis út af námssamningi skal leggja í gerð nema aðilar komi sér saman um annað.

Í gerðinni skal sitja sýslumaður eða bæjarfógeti/borgarfógeti í því umdæmi þar sem námið er stundað, og er hann oddviti gerðardómsins, og tveir menn aðrir, einn tilnefndur af hvorum málsaðila.

19. gr.

Menntamálaráðuneytið skal halda skrá um þá námssamninga sem í gildi eru á hverjum tíma og eiga iðnaðarmenn og aðrir rétt á að fá upplýsingar um þá ef óskað er.

Menntamálaráðuneytið skal senda upplýsingar reglulega til viðkomandi skóla um hverjir hafi tilgreint skólann í námssamningi.

IV. KAFLI

Réttindi og skyldur sammingsaðila.

20. gr.

Meistari eða iðnfyrirtæki skal veita iðnnema sínum kennslu í iðngreininni og sjá svo um að hann hafi að námstíma loknum hlotið hæfilega þjálfun í öllum störfum er iðngreinin tekur til og hafi tileinkað sér meðferð, hirðingu og beitingu þeirra áhaldna og tækja sem notuð eru í iðngreininni. Þetta skal staðfest með færslu vinnubókar.

21. gr.

Iðnnemi skal færa vinnubók reglulega yfir verknám og verkþjálfun í atvinnulífinu og skal hún staðfest af meistara eða fulltrúa hans.

Menntamálaráðuneytið annast hönnun og útgáfu vinnubóka í samræmi við námskrá og að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og fræðslunefnda. Ákvæði um vinnubók og færslu hennar skal tilgreina í námskrá. Iðnnemi skal framvísa vinnubók í mars og október ár hvert í þeim skóla sem hann sækir. Deildarstjóri eða kennari í iðngreininni, sem skólameistari tilnefnir, skal fara yfir vinnubókina og ganga úr skugga um að störf iðnnemans séu í samræmi við námskrá og verkþætti skv. vinnubók. Ef misbrestur reynist á færslu vinnubókar eða störf iðnnemans eru ekki í samræmi við námskrá hlutast þeir til um að úr verði bætt.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að setja sérstakar reglur um eftirlit með verklegu námi á vinnustöðum í einstökum greinum ef iðnfræðsluráð eða fræðslunefnd mælir með því.

22. gr.

Um kaup og kjör og orlof iðnnema skal fara skv. kjarasamningum eftir því sem við á í hverri starfsgrein og lagaákvæðum þar um.

Reikna skal með í námstíma fjarveru vegna slysa og veikinda allt að 6 mánuði á samningstímanum miðað við fjögurra ára námssamning og hlutfallslega styttri tíma í skemmra námi. Hið sama gildir um barnsburðarleyfi.

Vari fjarvera iðnnema frá námi vegna slysa, veikinda eða barnsburðarleyfis lengur en 6 mánuði samtals framlengist námstími sem þeim tíma nemur sem er umfram 6 mánaða fjarveru.

23. gr.

Dagvinnutími iðnnema skal vera hinn sami og sveina í hlutaðeigandi iðngrein samkvæmt kjarasamningi, sbr. þó 24. gr. þessarar reglugerðar. Iðnnemar skulu ætíð starfa undir umsjón meistara eða sveina í umboði hans.

Iðnnemum er ekki skylt að inna af hendi eftirvinnu eða helgidagavinnu og ekki má setja þá til neinnar þeirrar vinnu sem ekki lýtur að námi þeirra, er þeim um megn eða skaðleg getur talist heilsu þeirra.

Ef svo er ástatt í einhverri iðngrein að ekki er fyrir hendi samningur um vinnutíma sveina getur menntamálaráðuneytið ákveðið hámarksvinnutíma iðnnema í iðngreininni með hlíðsjón af vinnutíma í skyldum iðngreinum.

Iðnnemi skal hefja nám í skóla við upphaf námsannar og störf hjá meistara eða fyrirtæki að loknu síðasta prófi á námsönn.

24. gr.

Pegar nám fer fram í dagskóla með fullum kennslustundafjölda skal iðnnemi að öðru jöfnu halda kaupí sínu, en mæta ekki til vinnu. Verði samkomulag um að kaup sé ekki greitt meðan á skólatíma stendur greiðist samsvarandi hærra kaup þann tíma sem unnið er.

Sé iðnnemi samkvæmt samningi á þeim kjörum að hann haldi kaupí sínu í skóla skal meistari eða iðnfyrirtæki greiða skólagjöld fyrir hann, pappír, bækur og áhöld sem námið útheimtir.

Fari kennsla í iðnfræðsluskóla að hluta eða öllu leyti fram í kvöldskóla með samþykki menntamálaráðuneytisins skal iðnnemi, þá daga sem skóli stendur, ljúka störfum á vinnustað tveimur stundum áður en skóli hefst.

Ef iðnnemi stundar nám í iðnfræðsluskóla utan samningsbundins dagvinnutíma getur iðnfulltrúi stytt námstíma samkvæmt samningi er svarar til þess tíma sem ella hefði dregist frá vinnutíma vegna skólanáms.

25. gr.

Í slysa- og sjúkdómstilfellum skal iðnnemi hjá meistara eða iðnfyrirtæki njóta sömu réttinda og gert er ráð fyrir í lögum sem gilda á hverjum tíma, svo og þeirra fríðinda umfram lög sem felast í kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags.

Grunnréttur iðnnema til launa í slysa- og sjúkdómstilfellum er 6 mánuðir yfir námstímann miðað við fjögurra ára iðnnám, en hlutfallslega styttri í skemmra námi. Skylt er iðnnema að leggja fram læknisvottorð í slysa- og sjúkdómstilfellum og getur meistari eða iðnfyrirtæki vísað á sérstakan trúnaðarlækni í þessu sambandi.

26. gr.

Um barnsburðarleyfi iðnnema skal fara samkvæmt lögum þar að lútandi og er fjarvera vegna þessa ekki grundvöllur samningsslita.

V. KAFLI

Sveinspróf.

27. gr.

Sveinspróf skal halda að jafnaði tvisvar á ári í eðlilegu framhaldi af brautskráningu í iðnfræðsluskólum í janúar og júní. Sveinspróf skulu fara fram á viðurkenndum prófstað.

Umsóknir um sveinspróf skulu sendast menntamálaráðuneytinu og skal ráðuneytið auglýsa umsóknarfrest með nægum fyrirvara.

Iðnmeistari getur sótt um heimild til að senda iðnnema til prófs ef hann telur færni hans og þekkingu næga þótt samningstíma sé ekki lokið.

28. gr.

Menntamálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum fræðslunefndar, reglur um prófverkfni og tilhögun sveinsprófs í hverri iðngrein og sérgrein um sig.

29. gr.

Heimilt er að taka hvern þann til sveinsprófs sem lokið hefur burtfararprófi frá iðnfræðsluskóla og verknámssamningi hjá meistara eða starfsþjálfunarsamningi á vegum iðnfræðsluskóla.

Hafi einstaklingur unnið a.m.k. 6 ár eftir 18 ára aldur í iðngrein undir stjórn meistara og lokið tilskildu bóknámi getur hann sótt um heimild til menntamálaráðuneytisins til að fara á eigin vegum í sveinspróf.

Þá er heimilt að taka til verklegs sveinsprófs án réttar til inngöngu í meistaraskóla:

- a) iðnnema sem fatlast hefur andlega eða líkamlega á námstíma eða áður þannig að hann telst ekki fær um að ljúka burtfararprófi úr skóla og menntamálaráðuneytið hefur að fengnum tillögum fulltrúa viðkomandi iðngreinar og áliti trúnaðarlæknis heimilað próftöku,
- b) þá sem menntamálaráðuneytið hefur veitt heimild til próftöku skv. 3. málsgrein 24. gr. laga nr. 57/1988.

30. gr.

Þegar verklegt iðnnám fer að mestu eða öllu leyti fram í skóla getur menntamálaráðuneytið heimilað að lokapróf námsbrautar jafngildi sveinsprófi. Til þess að svo geti orðið þarf að liggja fyrir samþykki iðnfræðsluráðs, fræðslunefndar viðkomandi iðngreinaflokks eða iðngreinar og samtaka launþega og vinnuveitenda. Menntamálaráðuneytið gefur út reglur um slík próf að höfðu samráði við sveinsprófsnefnd.

31. gr.

Meistari sækir um til menntamálaráðuneytisins að iðnnemi verði tekinn til sveinsprófs. Umsóknin skal vera á þar til gerðum eyðublöðum og henni skal fylgja:

- 1) námssamningur iðnnema eða skýrsla skóla um námsferil,
- 2) vinnubók,
- 3) burtfararprófsskírteini frá skóla eða vottorð um að iðnnemi sé á lokaönn,
- 4) sveinsbréfsgjald.

Sá sem hefur heimild menntamálaráðuneytisins, sbr. a- og b-lið 29. gr., til að þreyta verklegt sveinspróf eingöngu skal leggja fram bréf ráðuneytisins þar að lútandi ásamt:

- 1) umsókn um próftöku,
- 2) sveinsbréfsgjaldi.

Sá sem hefur heimild menntamálaráðuneytisins til iðnnáms skv. 3. mgr. 27. gr. skal leggja fram bréf ráðuneytisins þar að lútandi ásamt burtfararprófsskírteini frá skóla og sveinsbréfsgjaldi.

32. gr.

Sá sem óskar eftir sveinsprófi fyrir próftaka skal greiða fyrir hann þann kostnað sem greiðist ekki af opinberu fé, svo sem efnisgjald og kaup próftaka meðan á prófi stendur þegar það á við samkvæmt samningi.

Þeir sem hafa leyfi menntamálaráðuneytisins til verklegs sveinsprófs eingöngu, svo og þeir sem þreyta prófið í annað eða þriðja skipti, skulu greiða þennan kostnað sjálfir.

33. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar eina prófnefnd í hverri iðngrein fyrir allt landið til að sjá um framkvæmd sveinsprófa. Það setur prófnefndum starfsreglur samkvæmt tillögum fræðslu-

nefnda. Í starfsreglum skal kveðið á um framkvæmd prófa, aðstöðu á prófstað, einkunnagjöf fyrir sveinspróf og samræmingu prófa. Þá skal ráðuneytið koma upp safni sveinsprófa (prófbanka) þar sem fræðslunefndir geta fengið fullgerð sveinspróf.

Menntamálaráðuneytið skal veita skólum upplýsingar um árangur iðnnema á sveinsprófi sem frá þeim fóru í prófið.

34. gr.

Í prófnefnd skulu vera þrír menn og jafnmargir til vara og skulu þeir skipaðir af menntamálaráðuneytinu til þriggja ára í senn. Tveir prófnefndarmenn skulu skipaðir að fengnum tillögum félagasamtaka í löggiltum iðngreinum og skulu það að jafnaði vera bæði meistari og sveinn. Hinn þriðja skipar menntamálaráðuneytið án tilnefningar og skal hann vera formaður prófnefndar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Menntamálaráðuneytið skal halda námskeið fyrir prófnefndarmenn til þess að tryggja sem best framkvæmd og samræmingu prófa.

35. gr.

Prófnefndarmaður vÍkur úr sæti í prófnefnd ef hann er eða hefur verið meistari iðnnema eða kennari hans í verknámi, náskyldur honum eða tengdur.

Menntamálaráðuneytið getur vikið prófnefndarmanni úr starfi ef hann vanrækir starf sitt eða brýtur af sér á annan hátt að mati menntamálaráðuneytisins. Verði ágreiningur milli prófnefndar og próftaka eða mestara hans skal honum vísað til úrskurðar menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðuneytið getur tilnefnt sérstaka trúnaðarmenn til að fjalla um ágreininginn. Skylt er prófnefnd að varðveita öll gögn er ágreininginn varða og afhenda þau menntamálaráðuneytinu eða fulltrúum þess, þar með talið prófverkið sjálft eins og próftaki skilaði því, eftir því sem við verður komið.

Leitað skal álits viðkomandi fræðslunefndar um ágreiningsatriðin áður en menntamálaráðuneytið sker úr ágreiningnum. Úrskurður menntamálaráðuneytisins er lokaúrskurður.

36. gr.

Ef prófstaður er ákveðinn í öðru byggðarlagi en próftaki starfar í skal meistari eða iðnfyrirtæki greiða þann kostnað er hlýst af ferðum og dvöl próftaka á prófstað.

37. gr.

Viðkomandi fræðslunefnd skal hafa eftirlit með störfum prófnefnda í iðngreinum innan iðngreinaflokksins. Fræðslunefndin getur falið eftirlitsmönnum að fylgjast með prófunum og meta hvort aðstaða sé fullnægjandi.

38. gr.

Ef prófverk er smíði hlutar sem próftaki vill sjálfur eiga er honum það heimilt, enda standi hann sjálfur straum af kostnaði við prófið að undanskildu sveinsprófsgjaldi.

Þegar prófverkið er hluti af verkframkvæmd og greitt er fyrir það sem slíkt skal sú launagreiðsla renna til próftaka, enda greiðir meistari þá ekki laun hans á meðan á prófi stendur.

39. gr.

Hafi iðnnemi ekki staðist sveinspróf í iðninni á hann rétt á að ganga undir það á ný þegar það er næst haldið, enda sé hann sjálfráður um það hvar og á hvern hátt hann heldur náminu áfram.

Hafi próftaki ekki staðist prófið getur hann sjálfur snúið sér til menntamálaráðuneytisins með beiðni um að fá að ganga undir sveinspróf á ný.

40. gr.

Þegar próftaki hefur lokið prófi og niðurstöður sveinsprófs liggja fyrir skal prófnefnd gefa honum kost á að sjá þær. Sé próftaki ósáttur við niðurstöður prófanefndar getur hann áfrýjað þeim til menntamálaráðuneytis, sbr. 35. gr. Þegar prófi er lokið skal prófnefndin þegar gefa viðkomandi lögreglustjóra skýrslu um prófið á frumriti sveinsprófsbókar.

41. gr.

Standist iðnnemi sveinspróf ber lögreglustjóra að gefa út honum til handa sveinsbréf, undirritað af formanni prófnefndar og lögreglustjóra.

Lögreglustjóri heldur skrá yfir öll sveinsbréf, útgefin í umdæmi hans. Menntamálaráðuneytið leggur til eyðublöð undir sveinsbréf.

VI. KAFLI

Meistararéttindi.

42. gr.

Meistarabréf fyrir iðnsveina eru gefin út af lögreglustjórum, sýslumönnum og bæjarfógetum að fullnægðum skilyrðum um rétt til meistarabréfs. Umsókn skal senda til viðkomandi aðila í því umdæmi sem umsækjandi á lögheimili.

43. gr.

Sá sem lokið hefur fullgildu sveinsprófi og hefur unnið undir stjórn meistara í a.m.k. eitt ár getur hafið nám í meistaraskóla, en meistaraskóli veitir rétt til meistarabréfs, sbr 10. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978.

44. gr.

Sá sem lokið hefur sveinsprófi fyrir 1. janúar 1989 þarf ekki að stunda nám við meistaraskóla til þess að fá útgefið meistarabréf, sbr. 10. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978. Honum er þó heimill aðgangur að meistaraskóla. Sá sem lýkur sveinsprófi 1. janúar 1989 eða síðar skal stunda nám við meistaraskóla með fullnægjandi árangri til þess að fá útgefið meistarabréf. Á meistarabréf skal skrá hvort meistaraskóla sé lokið.

45. gr.

Iðnráð, sem skipuð eru skv. iðnaðarlögum nr. 42/1978, skulu athuga hverja umsókn um meistarabréf vandlega og gæta þess að uppfyllt séu ákvæði námskrár fyrir meistaraskóla sem sett er samkvæmt 55. gr. reglugerðar um framhaldsskóla nr. og skilyrði iðnaðarlaga nr. 42/1978 um veitingu bréfsins. Þau skulu gefa lögreglustjórum, sýslumönnum og bæjarfógetum umsögn um umsóknina, en útgáfa meistarabréfa er í höndum þeirra embætta.

46. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 57/1988 um framhaldsskóla samanber breytingu með lögum nr. 72/1989 og tekur gildi frá og með 1. mars 1990.

Menntamálaráðuneytið, 26. febrúar 1990.

Svavar Gestsson.

Sólrún Jensdóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Siglufjarðar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Siglufjarðar selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Siglufjarðar eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð fyrir Hitaveitu Siglufjarðar nr. 244 8. júní 1977.

2. gr.

Hitaveita Siglufjarðar lætur hverju húsi sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemilsins og sér um viðhald og endurnýjun hans.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils samkvæmt ósk húseiganda, fyrstu þrjá mánuðina eftir að húsið hefur verið tengt við hitunarkerfið, en síðan verður hemlastillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert.

Hámarksstilling hemilis gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera einn mínútulítri.

II. KAFLI

4. gr.

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er:

Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils kr. 2 143,00

Til hliðsjónar við ákvörðun verðsins er miðað við að kyndingarkostnaður sé sem næst 80% af kyndingarkostnaði með olíu.

Vatnsgjald skv. vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 105,37

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. gr. verða krafín mánaðarlega og skulu þau greiddast á bæjarskrifstofunni, Siglufirði eða á þeim greiðslustöðum sem tilgreindir eru á reikningi. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöld eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjaldldaga.

III. KAFLI

6. gr.

a. Fyrir hverja hemlagrind skal greiða kr. 18 087,00

b. Fyrir hvern rúmmetra húss miðað við utanmál skal greiða kr. 83,03

Gjöld samkvæmt a. lið skulu greiddast eftir eignahlutfalli, sé um sameiginlegan hemil að ræða.

Gjöld samkvæmt b. lið skulu greiddast eftir eignahlutfalli.

Gjöld samkvæmt liðum a. og b. skulu þó aldrei vera lægri en kr. 36 174,00

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við fasteignamatsskrá og fyrir hús, sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðað við teikningar húsa. Þegar um er að ræða hús, sem nýtt er til íbúðar- og atvinnurekstrar, skal telja húsnæði, sem nýtt er til sérstaks atvinnurekstrar, sem eina íbúð.

Ekki skal greiða rúmmálgjald af óupphituðu húsnæði í hluta af húsi, svo sem vöruskemum og öðru óupphituðu rými fram yfir stærð, sem nemur 200 m³.

Gjaldendum skal gefinn kostur á að greiða heimæðargjaldið í þrennu lagi.

1/3 hl. greiðist strax við tengingu

1/3 hl. eftir eitt ár og

1/3 hl. eftir tvö ár

Af lánsupphæðinni greiðast útlánsvextir eins og þeir eru á hverjum tíma.

7. gr.

Gjöld samkvæmt 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar og breytast í samræmi við þá vísitölu eins og hún er þegar gjöldin eru greidd. Tengigjöldin skulu vera að fullu greidd áður en vatni er hleypt á hitunarkerfi.

IV. KAFLI

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annarra nota en til húshitunar og er þá hitaveitinni heimilt að ákveða gjald fyrir slík afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

10. gr.

Hitaveita Siglufjarðar hefur rétt til þess að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er.

Eftirlitsmaður hitaveitunnar skal eiga greiðan aðgang að öllum hitakerfum, sem tengd eru hitaveitinni. Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samþykkt er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. mars 1990, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 447, 22. september 1989.

Íðnaðarráðuneytið, 26. febrúar 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Eyra.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Vatnsrennsli að húsinu verður takmarkað um hemla eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu þeirra.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli, fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 76,75

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkunina innheimtist fyrir hvern mæli á mánuði eftirfarandi fastagjald.

- a) fyrir mæla til og með ½“–1“ kr. 791,00
b) fyrir mæla 1¼“–2“ kr. 1 580,00

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, samkvæmt mælaálestri eða áætlun.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og/eða fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé af mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það kr. 483,00.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

7. gr.

Heimædagjöld skal reikna af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar byggingar aðrar en bifreiðageymslur.

Heimædagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Rúmmál húsa (utanmál)	Heimæðargjald	
Allt að 500 m ³	kr. 62 203,00	+ 123,20 kr/m ³
500–2 000 m ³	kr. 122 241,00	fyrir 500m ³ + 82,30 kr/m ³ þar yfir
2 000–6 000 m ³	kr. 246 448,00	fyrir 2 000m ³ + 61,60 kr/m ³ þar yfir
Meira en 6 000 m ³	kr. 492 896,00	fyrir 6 000m ³ + 47,50 kr/m ³ þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 9 761,00
í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum, sem á nefndri vísitölu verða, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðar-ráðuneytinu hverju sinni.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný, greiðir sá sem vanskilum veldur kr. 880,00 hverju sinni.

Þó ekki komi til stöðvunar orkuafhendingar, er hitaveitunni heimilt að krefja notandann um innheimtugjald vegna undirbúnings að stöðvun og innheimtuaðgerða kr. 456,00.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Eyra er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. mars 1990. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 469, 3. október 1990.

Iðnaðarráðuneytið, 26. febrúar 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um framhaldsskóla.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til náms á framhaldsskólastigi er fer fram í menntaskólum, fjölbrautaskólum, iðnfræðsluskólum, framhaldsdeildum grunnskóla og sérskólum sem ekki starfa samkvæmt sérstökum lögum.

Setja skal reglugerð um sérskóla þar sem kveðið er á um hlutverk, starf og starfssvið þeirra ef starfsemin fellur ekki að almennum ákvæðum þessarar reglugerðar.

II. KAFLI

Hlutverk.

2. gr.

Hlutverk framhaldsskóla er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðissamfélagi og veita þeim almenna menntun sem nýtist bæði í starfi og tómstundum. Skólinn skal því m.a.:

- stuðla að alhliða þroska nemenda með því að veita þeim viðfangsefni við hæfi hvers og eins,
- búa nemendur undir sérhæfð og/eða almenn störf í atvinnulífinu,
- búa nemendur undir áframhaldandi nám í sérskólum eða háskólum,
- þjálfar nemendur í að vinna með öðrum og taka tillit til annarra,
- veita nemendum þekkingu og þjálfun sem auðveldar þeim að taka sjálfstæða afstöðu til manna og málefna,
- þjálfar nemendur í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum,
- stuðla að því að nemendur öðlist skilning á samfélagi í sífelldri þróun og veita þeim þjálfun og þekkingu til virkrar þátttöku í því,
- leitast við að kenna nemendum að njóta menningarlegra verðmæta og meta þau.

III. KAFLI

Stofnun og bygging framhaldsskóla.

3. gr.

Um stofnun og byggingu framhaldsskóla gildir sérstök reglugerð, sem sett verður síðar.

IV. KAFLI

Stjórnun.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn framhaldsskóla.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið gefur út námskrá fyrir framhaldsskóla og er hún meginviðmiðun skóla við skipulagningu náms og kennslu.

Í námskrá eru skilgreind almenn markmið náms í framhaldsskóla, markmið einstakra námsbrauta, svo og markmið einstakra námsgreina, auk ákvæða um námsmat.

Sérhver skóli skal gefa út námsvísi/skólanámskrá á grundvelli þessarar námskrár þar sem gerð er grein fyrir námsframboði og kennsluháttum hlutaðeigandi skóla. Námsvísa/skólanámskrá skal leggja fyrir ráðuneytið til staðfestingar.

Skólar ákveða sjálfir hvort þeir skipuleggja námið í áfangakerfi eða bekkjarkerfi.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið fylgist með starfi skóla og sér um að þeir starfi í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og námskrá. Það hefur eftirlit með inntaki náms og fylgist með kennslu og árangri hennar. Þetta tekur einnig til almenns eftirlits með námi og starfsþjálfun sem fram fer á vinnustöðum á vegum skóla.

Skólaflokkun verður að uppfylla lágmarkskröfur hvað varðar húsnæði og aðbúnað svo heimilt sé að setja á stofn námsbraut. Ráðuneytið skal á hverju ári láta fylgjast með því að skólar uppfylli kröfur um húsnæði og aðbúnað.

7. gr.

Heildarmat á starfi einstakra skóla eða afmarkaðra þátta þess getur farið fram í samvinnu skóla og menntamálaráðuneytis. Slíkt mat getur verið að frumkvæði skóla eða ráðuneytisins.

Menntamálaráðuneytið ræður tímabundið sérfróða starfsmenn í tilteknum greinum eða greinaflokkum sem skulu aðstoða og leiðbeina kennurum eftir því sem þörf krefur og/eða meta kennslu hver í sinni grein eða greinaflokki.

Í lok hvers starfsárs skulu þeir gera skýrslu um starfið og setja fram tillögur um úrbætur eða sérstakar aðgerðir til eflingar skólastarfi ef þeir telja þörf á.

Nánar skal kveðið á um störf þessi í verksamningi sem menntamálaráðuneytið gerir.

8. gr.

Menntamálaráðuneytinu ber að stuðla að þróun skólastarfs og hafa forgöngu um rannsóknir.

Skólar, aðrar menntastofnanir, félagasamtök og einstaklingar geta haft forgöngu um slík verkefni og sótt um styrki til þeirra í samræmi við framkvæmdaáætlun sem þeir leggja fram. Styrkirnir geta t.d. verið fólgirnir í kennsluafslætti. Ráðuneytið lætur aðilum í té faglega aðstoð eftir því sem tæk eru á. Þeir sem hljóta slíka styrki skulu skila skýrslu um starfið til menntamálaráðuneytisins við lok styrktímabils.

Menntamálaráðuneytið stuðlar einnig að útgáfu náms- og kennsluefnis fyrir framhaldsskóla og veitir styrki til slíkra verkefna eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

9. gr.

Samstarfsnefnd framhaldsskóla er skipuð skólameisturum (rektorum) undir forsæti menntamálaráðherra eða staðgengils hans.

Nefndin skipuleggur samstarf framhaldsskólanna og fjallar m.a. um verkaskiptingu, samvinnu um fagstjórn, skipulag, skólaþróun og önnur þau mál sem varða samstarf skóla.

Menntamálaráðherra getur skipt nefndinni í hópa til að fjalla um einstaka málaflökka.

Menntamálaráðherra er heimilt að skipta landinu í samstarfssvæði, að höfðu samráði við skólanefndir og skólastjórnir framhaldsskóla.

Samstarfsnefnd framhaldsskóla eða undirnefndir hennar skulu halda fundi eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

10. gr.

Menntamálaráðherra skipar iðnfræðsluráð til 4ra ára í senn. sbr. 22. gr. laga nr. 57/1988.

Formaður iðnfræðsluráðs skal kveðja ráðið saman til fundar eigi sjaldnar en á 2ja mánaða fresti og oftast ef þörf krefur.

Iðnfræðsluráð er sameiginlegur vettvangur atvinnulífs, skóla og menntamálaráðuneytisins þar sem fjallað er um ýmis mál sem tengjast iðnfræðslu. Iðnfræðsluráð setur sér sjálft starfsreglur.

Hlutverk iðnfræðsluráðs er að vera til ráðuneytis um mótun heildarstefnu í iðnfræðslu bæði að því er tekur til löggilttra iðngreina og annarra starfa í iðnaði.

Ennfremur skal iðnfræðsluráð:

- fylgjast með þróun iðnaðar og gera tillögur um breytingar á iðnmenntun í samræmi við hana,
- veita umsögn um tillögur um búnað og aðstöðu til kennslu í iðngreininni,
- gera tillögur um skipulag kennslueftirlits,
- veita umsögn um tillögur að námskrá í verklegum og bóklegum faggreinum,
- gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um löggiltar iðngreinar,
- gera tillögur að reglum um framkvæmd námssamninga,
- sinna öðrum verkefnum sem ráðið sjálft eða menntamálaráðuneytið telja að falli undir verksvið þess.

11. gr.

Menntamálaráðherra skipar fræðslunefnd skv. 23. grein laganna fyrir iðngreinaflokk eða iðngrein, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 102/1990 um löggiltar iðngreinar, námssamninga, sveinspróf og meistarártíndi. Af þeim fulltrúum, sem iðnfræðsluráð tilnefnir, skulu tveir vera frá aðilum vinnumarkaðarins og einn verkmenntakennari. Heimilt er að skipa með sama hætti fræðslunefndir fyrir menntun til starfa í öðrum iðnaði.

Hlutverk fræðslunefnda er m.a. að:

- greina þörf fyrir menntun í einstökum iðngreinum,
- gera tillögur um námsskipan, námskrá, námsgagnagerð og sveinspróf,
- skilgreina lágmarkskröfur sem meistari eða iðnfyrirtæki þarf að uppfylla til að taka nema á samning,
- fylgjast með því að kennsla og starfsþjálfun á vinnustað sé í samræmi við námskrá og reglugerð,
- veita umsögn um beiðnir frá iðnmeisturum eða iðnfyrirtækjum um að gera námssamninga,
- veita fyrirtækjum leiðbeiningar um verklega þjálfun iðnnema.

Nefndirnar skulu hafa samvinnu og samráð við fagnefndir félagasamtaka iðnaðarmanna hver á sínu sviði.

Menntamálaráðuneytið setur fræðslunefndum starfsreglur.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar iðnfulltrúa til 4ra ára í senn og ákveður umdæmi þeirra að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs.

Hlutverk iðnfulltrúa er að leiðbeina um gerð iðnnámssamninga, staðfesta þá og sjá um að þeir séu skráðir hjá menntamálaráðuneytinu. Þeir skulu einnig veita hlutaðeigandi upplýsingar um framkvæmd samninganna og vera tengiliður skóla og atvinnulífs.

Æskilegt er að iðnfulltrúar hafi aðsetur í framhaldsskólum. Menntamálaráðuneytið setur iðnfulltrúum erindisbréf.

13. gr.

Menntamálaráðherra skipar fræðsluráð sjávarútvegs til fjögurra ára í senn, sbr. 26. gr. laganna. Þegar fræðsluráð sjávarútvegs hefur verið skipað skal fulltrúi menntamálaráðuneytisins kveðja það saman til fyrsta fundar. Á þeim fundi skal kosinn formaður, varaformaður og ritari ráðsins.

Fræðsluráð sjávarútvegs skal boðað til funda eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Ráðið setur sér starfsreglur.

Fræðsluráð sjávarútvegs er sameiginlegur vettvangur atvinnulífs, skóla og menntamála-ráðuneytisins þar sem fjallað er um ýmis mál sem tengjast fræðslu í sjávarútvegi.

Fræðsluráð sjávarútvegs mótar í samvinnu við menntamálaráðuneytið heildarstefnu og fræðsluskipulag í sjávarútvegs- og fiskeldisgreinum.

Ennfremur skal ráðið:

- greina þörf fyrir menntun á sviði sjávarútvegs,
- fylgjast með þróun menntunar í sjávarútvegi, fiskvinnslu og fiskeldi í öðrum löndum, svo og samþykktum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um menntun og þjálfun sjómanna,
- veita umsögn um námskrár, námsgögn, búnað og aðstöðu til kennslu,
- gera tillögur um endurmenntun starfsmanna í sjávarútvegi,
- sinna öðrum verkefnum sem ráðið sjálft eða menntamálaráðuneytið telja að falli undir verksvið þess.

14. gr.

Í ráðgjafarnefndum, sem skipaðar eru skv. 27. gr. laganna til að stuðla að samráði atvinnulífs og menntamálaráðuneytis, skulu sitja 5 – 7 fulltrúar. Skulu þeir tilnefndir af samtökum vinnumarkaðarins þar sem a.m.k. einn skal vera úr samtökum kennara og stofnunum sem tengjast viðkomandi sviði skv. nánari ákvörðun menntamálaráðuneytis. Menntamálaráðherra skipar formann án tilnefningar.

Ráðgjafarnefndirnar skulu gera tillögur um stefnu og skipulag fræðslu og námsbrautir í viðkomandi starfsgreinum.

Menntamálaráðuneytið setur ráðgjafarnefndum erindisbréf.

15. gr.

Menntamálaráðherra skipar skólanefnd við hvern framhaldsskóla til fjögurra ára í senn og skal miðað við kjörtímabil sveitarstjórna. Í skólanefndum skulu sitja sjö menn: tveir fulltrúar starfsmanna kosnir á fundi allra starfsmanna skólans, einn fulltrúi kosinn af nemendum skólans, þrír fulltrúar tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða samtökum sveitarfélaga í viðkomandi landshluta og einn fulltrúa skipar ráðherra án tilnefningar. Fulltrúi nemenda skal þó kosinn til eins árs. Varamenn skulu valdir með sama hætti. Nefndin velur sér formann til tveggja ára í senn, en fulltrúi ráðuneytisins kallar nýja nefnd saman til fyrsta fundar. Fráfarandi nefnd heldur fullu starfsumboði þar til ný nefnd hefur verið skipuð. Miða skal við að skólanefndir framhaldsskóla séu að jafnaði fullskipaðar fyrir júlilok að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Fulltrúar nemenda og starfsmanna skulu þó tilnefndir áður en skólaári lýkur.

Tveir skólar eða fleiri í sama kjördæmi eða landshluta geta sameinast um eina skólanefnd. Tilnefning starfsmanna og nemenda fer eftir samkomulagi aðila.

Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt og er framkvæmdastjóri hennar. Skólameistari undirbýr fundi skólanefndar í samráði við formann.

Skólanefnd skal m.a.:

- stuðla að því að skólinn þróist þannig að hann hafi sem mest gildi fyrir skólasvæðið og sem mest tengsl við aðra starfsemi sem þar fer fram, einkum á sviði menningar- og atvinnulífs,
- ákveða ásamt skólameistara námsframboð skóla. Ákvörðunin er háð samþykki menntamálaráðuneytisins,
- undirbúa ásamt skólameistara tillögur til fjárlaga og senda þær menntamálaráðuneytinu,
- gera fjárhagsáætlun fyrir skólann að fengnum tillögum skólameistara vegna komandi rekstrarárs og fylgjast með að henni sé framfylgt. Raskist fjárhagsáætlun skóla vegna verðlagsbreytinga eða af öðrum gildum ástæðum skulu skólameistari og skólanefnd taka málið upp við stjórnvöld og leita úrræða,

- ákveða að fengnum tillögum skólameistara upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfangi, svo sem innritunargjalda, efnisgjalda, pappírsgjalda og nemendasjóðsgjalda og sjá um bókhald yfir gjöldin og endurskoðun. Gjöld til nemendasjóðs skulu ákveðin að fengnum tillögum nemendaráðs,
- hafa ásamt skólameistara umsjón með rekstri heimavistar þar sem hún er rekin í tengslum við framhaldsskóla, svo og rekstri mötuneytis nemenda,
- ákveða að fengnum tillögum skólameistara upphæð gjalda er nemendur skulu greiða vegna sérgreinds kostnaðar við rekstur mötuneytis, skipulagðan akstur, efniskaup til verklegrar kennslu, vegna leigu í heimavist o.fl. Menntamálaráðuneytið setur reglur um hvaða kostnaðarliðir koma hér til greina,
- gera tillögur til skólameistara um ráðningu kennara, námsráðgjafa og skólasafnvarða og veita umsögn um ráðningu aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, kennslustjóra og deildarstjóra,
- gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um ráðningu í stöðu skólameistara og gera ásamt skólameistara tillögur um skipun kennara, námsráðgjafa og skólasafnvarða,
- setja reglur um notkun húsnæðis skólans utan skólatíma og ákveða upphæð gjalds er tekið skal fyrir slík afnot. Þó skulu samtök nemenda, foreldra, kennara og annarra starfsmanna skólans hafa forgang um afnot húsnæðisins til félagslegra starfa og skal það vera án endurgjalds,
- ráðstafa hagnaði af leigu húsnæðis framhaldsskóla til viðhalds og endurnýjunar á húsnæði og búnaði skólans.

Skólanefnd er ásamt skólameistara heimilt að semja við iðnmeistara, fyrirtæki og stofnanir og aðra skóla um að annast tiltekna þætti í verklegri og faglegri kennslu þegar þörf er á sérstökum búnaði eða sérhæfingu. Slíkir samningar skulu staðfestir af menntamálaráðuneytinu og hefur ráðuneytið yfirumsjón með framkvæmd þeirra.

Skólanefnd getur stofnað sjóði við skólann með sérgreindum fjárhag, en háð skal slík sjóðstofnun opinberri skipulagsskrá.

Rísi ágreiningur í skólanefnd skal leitast við að jafna hann og reyna að ná niðurstöðu án þess að greiða þurfi atkvæði. Komi til atkvæðagreiðslu um mál ræður afl atkvæða.

Halda skal gerðabók um skólanefndarfundi og senda skólastjórn afrit fundagerða nema þegar um trúnaðarmál er að ræða.

16. gr.

Skólastjórn er kosin til eins árs við upphaf skólaárs. Skólameistari er oddviti skólastjórnar sem auk hans skal skipuð tveimur fulltrúum kennara, kjörnum á fyrsta almenna kennarafundi á skólaárinu, tveimur fulltrúum nemenda, kjörnum af nemendaráði, aðstoðarskólameistara og áfangastjóra, starfi þeir við skólann. Ef öldungadeild starfar við skólann skal koma einn fulltrúi til viðbótar úr hópi öldungadeildarnema. Skólameistari skal skipa menn í stað aðstoðarskólameistara eða áfangastjóra ef þeir starfa ekki við skólann. Endurkjör fulltrúa kennara og nemenda er heimilt.

Skólastjórn skal m.a.:

- vera skólameistara til aðstoðar og ráðgjafar um stjórn skólans og daglegan rekstur,
- fjalla um starfsáætlun skólans og framkvæmd hennar,
- fjalla um skólareglur, vinnuáðstöðu starfslíðs og nemenda, svo og félagsaðstöðu nemenda og kennara,
- veita umsögn um erindi frá skólanefnd, almennum kennarafundi, nemendaráði, einstaklingum, skólameistara og menntamálaráðuneytinu sé þess óskað.
- fjalla um mál sem upp kunna að koma og varða einstaka nemendur og kennara.

Umsagnir skólastjórnar, er varða rekstur skólans, skulu sendar skólanefnd.

Skólastjórn getur vísað erindum, sem hún hefur fjallað um, ásamt umsögn, til skólanefndar, kennarafundar eða nemendaráðs.

Rísi ágreiningur í skólastjórn skal leitast við að jafna hann og reyna að ná niðurstöðu án þess að greiða þurfi atkvæði. Komi til atkvæðagreiðslu um mál ræður afl atkvæða. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði skólameistara.

Skólastjórn starfar á starfstíma skóla, en heimilt er að kalla hana saman þess utan beri brýna nauðsyn til. Hún heldur fundi a.m.k. mánaðarlega. Skólameistari boðar til funda. Skytt er að kalla saman fund ef tveir eða fleiri skólastjórnamenn óska þess.

Halda skal gerðabók um skólastjórnarfund og senda skólanefnd afrit fundargerða nema þegar um trúnaðarmál er að ræða.

17. gr.

Halda skal kennarafund eigi sjaldnar en tvisvar á önn. Skólameistari boðar til fundarins. Skytt er skólameistara að halda kennarafund ef fulltrúar kennara í skólastjórn eða þriðjungur fastra kennara óska þess.

Kennarafundi skal halda innan dagvinnumarka á starfstíma skólans og til þeirra boðað með tveggja daga fyrirvara og dagskrá. Fastir kennarar skulu sækja kennarafundi að forfallalaus. Stundakennurum er skytt að sækja kennarafundi ef skólameistari óskar þess og hafa þeir þá atkvæðisrétt. Skólameistari undirbýr mál er fyrir kennarafund koma, en öllum, sem þar eiga seturétt, er heimilt að bera þar fram mál.

Almennir kennarafundir skulu fjalla um stefnumörkun í starfi skólans, m.a. námsskipan, kennsluhætti, skipulag vinnutíma kennara á önn/hverju ári, tilhögun prófa og námsmat.

Kennarafundur hefur umsagnarrétt um ráðningu/skipun skólameistara og annarra stjórnenda skólans.

Kennarafundur kýs við upphaf haustannar tvo fulltrúa í skólastjórn og er kjörtímabil eitt ár. Endurkjör er heimilt.

Skólameistari, skólanefnd og skólastjórn geta ákveðið að skjóta öðrum málum til umsagnar kennarafundar. Kennarafundur getur haft frumkvæði að því að mál komi til meðferðar skólanefndar og/eða skólastjórnar.

Skólameistari sér um að samþykktum kennarafunda sé komið á framfæri við rétta aðila nema fundurinn ákveði að hafa annan hátt á. Halda skal gerðabók um kennarafundi.

18. gr.

Almenn samtök nemenda í hverjum skóla setja reglur um skipun, starfssvið og starfshætti nemendaráðs. Þar skal tryggt eftir föngum jafnrétti nemenda til áhrifa á val fulltrúa í nemendaráð.

Nemendaráð er fulltrúi nemenda gagnvart skólastjórn, skólameistara og skólanefnd.

Hlutverk þess er m.a.:

- að standa vörð um hagsmuni nemenda, efla félagsþroska þeirra, tengsl þeirra innbyrðis og við nemendur annarra skóla,
- að tilnefna fulltrúa nemenda í skólanefnd og skólastjórn. Kjörtímabil er eitt ár. Fulltrúinn er kosinn fyrir próf á vorin og er starfstími hans til jafnlengdar næsta ár. Endurkjör er heimilt,
- að gera tillögu til skólanefndar um nemendasjóðsgjöld,
- að tilnefna fulltrúa úr hópi nemenda til þess að koma á framfæri við stjórnendur skólans tillögum og umsögnum um markmið náms, námsefni og kennslutilhögun.

19. gr.

Gerðabækur skólanefnda, skólastjórna, kennarafunda og nemendaráða skal varðveita í skólunum sjálfum eða hjá formanni viðkomandi nefndar í tíu ár en síðan skulu bækurnar sendar Þjóðskjalasafni Íslands til varðveislu.

V. KAFLI

Starfslið.

20. gr.

Tryggt skal að framhaldsskólar hafi því starfsliði á að skipa, að þeir geti rækt þær skyldur er lög og reglugerð þessi mæla fyrir um.

Starfslið skóla starfar samkvæmt lögum, reglugerðum, erindisbréfi, kjarasamningi eða sérstökum reglum sem settar eru.

Prátt fyrir verkaskiptingu skv. 21.–37. grein getur skólameistari skipað störfum með öðrum hætti ef hann telur það henta og samkomulag verður um það meðal hlutaðeigandi starfsmanna, sbr. einnig 27. grein.

21. gr.

Auglýsa skal öll laus störf innan framhaldsskólans.

Um skilyrði til þess að vera settur eða skipaður skólameistari eða ráðinn eða skipaður framhaldsskólakennari fer eftir ákvæðum laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, nr. 48/1986.

Pegar kennari, námsráðgjafi eða skólasafnvörður, hefur verið ráðinn með ráðningarsamningi við framhaldsskóla í a. m. k. eitt ár getur skólanefnd og skólameistari óskað eftir því við ráðuneytið að það skipi hann í stöðu.

Kennari, sem skólameistari ræður með ráðningarsamningi, nýtur sömu réttinda og kennari sem settur er af menntamálaráðuneytinu.

Við ráðningu alls starfsfólks framhaldsskóla og val á milli umsækjenda er skylt að taka tillit til menntunar og starfsreynslu auk annarra verðleika.

22. gr.

Menntamálaráðherra setur eða skipar skólameistara við framhaldsskóla að fengnum tillögum skólanefndar.

Skólameistari skal m.a.:

- bera ábyrgð á starfsemi skólans, innritun nemenda, menntunar- og uppeldishlutverki skólans, þróunarstarfi innan hans, eignum, fjárreiðum og öllum rekstri,
- hafa yfirumsjón með allri áætlanagerð um kennslu, námsframboð og aðra starfsemi skólans, rekstur og eignakaup og bera ábyrgð á því að samþykktum áætlunum sé fylgt,
- sjá um að lögum, reglugerðum og námskrá sé framfylgt,
- sjá um að auglýsa öll laus störf innan skólans,
- ráða, að fengnum tillögum skólanefndar, kennara, námsráðgjafa og skólasafnverði eftir því sem gildandi lög segja til um og skipta með þeim verkum,
- ráða stundakennara í samráði við deildarstjóra og ráða aðra starfsmenn,
- hafa yfirumsjón með starfi kennara, nemenda og annarra starfsmanna skólans og fylgjast með því að þeir ræki skyldur sínar og njóti þeirra réttinda sem þeim ber,
- sjá um tengsl skólans við þá er láta sig störf hans varða, t.d. aðstandendur nemenda, yfirvöld og aðila á öðrum sviðum atvinnulífsins,
- gera ásamt skólanefnd tillögur til menntamálaráðuneytisins um skipun kennara.

23. gr.

Skólameistari ræður aðstoðarskólameistara að höfðu samráði við skólaneftnd. Hann skal ráðinn til fimm ára í senn úr hópi framhaldsskólakennara og skal starfið áður hafa verið auglýst. Endurráðning er heimil að undangenginni auglýsingu.

Aðstoðarskólameistari er staðgengill skólameistara og vinnur með honum við daglega stjórn skólans og rekstur, sjá þó 27. gr. reglugerðar þessarar.

24. gr.

Skólameistari ræður áfangastjóra að höfðu samráði við skólaneftnd til allt að fjögurra ára í senn úr hópi framhaldsskólakennara við skólann eftir að starfið hefur verið auglýst innan skólans. Endurráðning er heimil að undangenginni auglýsingu.

Áfangastjóri skal m.a.:

- hafa umsjón með rekstri áfangakerfis við skólann,
- sjá um skráningu upplýsinga um nemendur er innritast í skólann, mat á námi frá öðrum skólum, færslu námsferilsskrár og miðlun slíkra upplýsinga til kennara og skólástjórnenda,
- hafa umsjón með fjarvistaskráningu,
- hafa yfirumsjón með námsvali nemenda í samráði við námsráðgjafa skólans og umsjónarkennara,
- hafa umsjón með gerð stundaskrár, prófstjórn og úrvinnslu einkunna.

25. gr.

Heimilt er, þar sem henta þykir, að ráða kennslustjóra (sviðsstjóra), einn eða fleiri til þriggja ára úr hópi framhaldsskólakennara við skólann og skal starfið áður hafa verið auglýst innan skólans. Endurráðning er heimil að undangenginni auglýsingu. Skólameistari ræður kennslustjóra að höfðu samráði við skólaneftnd.

Kennslustjóri skal m.a.:

- hafa umsjón með skipulagningu og kennslu á ákveðnum starfssviðum skólans, svo og mati á námi og kennslu,
- gera áætlanir um rekstur og tækjabúnað á sínu sviði og hafa umsjón með því að vel sé farið með efni og búnað og að aðstaða sé vel nýtt,
- leiðbeina kennurum og deildarstjórum er starfa á hans sviði, samhæfa störf þeirra og hlutast til um samstarf þeirra á milli,
- vera áfangastjóra til fulltingis um skipulagsmál,
- hafa umsjón með þróunarstarfi á sínu sviði.

26. gr.

Deildarstjóra skal ráða í kennslugreinum eða greinaflokkum þannig að allar greinar séu á verksviði ákveðins deildarstjóra. Deildarstjóri er ráðinn úr hópi framhaldsskólakennara skólans til tveggja ára í senn og skal starfið áður hafa verið auglýst innan skólans. Endurráðning er heimil að undangenginni auglýsingu. Skólameistari ræður deildarstjóra úr hópi umsækjenda að fenginni umsögn fagkennarafundar viðkomandi greina(r).

Deildarstjóri skal m.a.:

- hafa umsjón með kennsluáætlunum, kennslu, vali á námsefni, námsmati og samvinnu kennara í sinni grein eða greinum,
- gera áætlanir um störf deildarinnar ásamt kennurum og skrifa skýrslur um starfsemina í lok skólaárs,
- veita upplýsingar um nám, kennsluefni og kennsluhætti og aðstoða nemendur varðandi nám í greinum sem eru undir hans stjórn,

- halda fundi með kennurum um mál viðkomandi greina(r), setja nýja kennara inn í störf og vera til ráðuneytis um kennsluhætti,
- hafa samstarf við aðra deildarstjóra skólans um námsefni, kennsluhætti og tillögur til ráðuneytis um breytingar á námskrá. Þá skal deildarstjóri eftir föngum hafa samstarf við deildarstjóra í sinni grein (sínur greinum) við aðra framhaldsskóla eftir því sem tók eru á,
- hafa umsjón með kennslugögnum og tækjum og fylgjast með því að vel sé farið með efni og tæki í sinni deild,
- vera skólameistara til ráðuneytis um ráðningu kennara í viðkomandi grein (greinum).

Deildarstjóri í verklegum greinum skal ennfremur hafa umsjón með samstarfi við vinnustaði sem hafa nemendur deildarinnar í starfsþjálfun.

27. gr.

Í skólum, sem eru svo fámennir að það fjármagn, sem ætlað er til stjórnunar, nægir ekki til að ráða í stöðu deildarstjóra, áfangastjóra, kennslustjóra eða aðstoðarskólameistara, skal skólameistari í samráði við skólanefnd ákveða hvernig þessum störfum skuli skipt milli kennara innan þess ramma sem fjárlagaheimildir marka.

28. gr.

Menntamálaráðherra skipar kennara við framhaldsskóla að fengnum tillögum skólameistara og skólanefndar. Skólameistari ræður kennara, sbr. 22. gr.

Öllum kennararáðningum skal lokið eftir því sem kostur er fyrir 1. júlí ár hvert.

Kennari skal m.a.:

- kenna og meta nám í kennslugrein sinni. Hann skal skipuleggja kennsluna með hliðsjón af markmiðum námsins, þroska og þörfum nemenda og gera kennsluáætlanir í samráði við samkennara og deildarstjóra,
- veita viðkomandi aðilum innan skólans upplýsingar um námsgengi nemenda,
- veita upplýsingar um námsefni og námsskipan í sinni grein,
- fylgjast með í kennslugrein sinni, stuðla að þróun hennar og huga að tengslum við aðrar greinar,
- taka þátt í samstarfi um starf og stefnu eigin skóla,
- starfa með öðrum kennurum skólans að sameiginlegum viðfangsefnum,
- hafa samskipti við aðila utan skólans sem tengjast eða hafa áhrif á nám og kennslu í viðkomandi kennslugrein.

29. gr.

Kennara er skylt að hafa umsjón með hópi nemenda eftir því sem skólameistari ákveður í upphafi skólaárs. Nefnist hann þá umsjónarkennari.

Umsjónarkennari skal m.a.:

- fylgjast með ástundun og námi nemendahópsins og koma ábendingum um námsvanda á framfæri við námsráðgjafa og skólameistara eða staðgengil hans,
- vera nemendum til ráðuneytis um mál er tengjast skólavist þeirra,
- aðstoða nemendur við námsval og vinna námsáætlanir með þeim,
- vera talsmaður nemenda sinna gagnvart skólayfirvöldum og öðrum kennurum,
- leiðbeina nemendum um vinnubrögð í námi,
- leitast við að virkja nemendur til þátttöku og samábyrgðar í mótun þroskavænlegs, skapandi skólastarfs,
- miðla upplýsingum frá stjórnendum skóla til umsjónarnemenda sinna.

30. gr.

Sérhver framhaldsskóli skal njóta starfa sérkennara í samræmi við þarfir nemenda skólans fyrir sérkennslu. Sérkennari getur annast sérkennslu í fleiri en einum skóla.

Sérkennari skal m.a.:

- aðstoða stjórnendur skóla við gerð áætlunar fyrir sérkennslu, svo og framkvæmd hennar,
- annast kennslu þeirra nemenda sem fötlunar sinnar vegna þurfa á sérkennslu að halda,
- hafa umsjón með kennslu á ákveðnum, sérhæfðum námsbrautum,
- annast kennslu og ráðgjöf nemenda vegna sértækra lestrar- og skriftarörðugleika.

31. gr.

Nemendur framhaldsskóla eiga rétt á sálfræðiþjónustu. Þjónustuna skal miða við aðstæður í hverjum skóla. Þar sem því verður við komið gera framhaldsskólar, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins, samning við fræðsluskrifstofu um sálfræðiþjónustu.

Heimilt er að ráða sálfræðing við framhaldsskóla ef stærð hans og aðstæður gefa tilefni til.

Einnig er framhaldsskólum heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis, að semja við aðrar stofnanir, s.s. sérskóla á grunnskólastigi, um kennslufræðilega ráðgjöf vegna fatlaðra nemenda þegar námsráðgjafi og/eða sérkennari telja það nauðsynlegt.

32. gr.

Við hvern framhaldsskóla skal starfa námsráðgjafi/ráðgjafar. Þeir sem hlotið hafa sérmenntun í námsráðgjöf við háskóla og hafa kennsluréttindi á framhaldsskólastigi auk kennslureynslu skulu sitja fyrir um störf við námsráðgjöf. Skólameistari ræður námsráðgjafa að fengnum tillögum skólanefndar. Menntamálaráðherra skipar námsráðgjafa.

Námsráðgjafi liðsinnir nemendum í einkamálum er snerta skólavist þeirra, veitir þeim ráðgjöf um náms- og starfsval og liðsinnir kennurum vegna námsvanda nemenda. Hann skal vera skólastjórn til ráðuneytis um málaflokka er tengjast starfi hans.

Hann skal ennfremur:

- hafa samband við forráðamenn nemenda þegar þörf er á,
- hafa samvinnu við umsjónarkennara, sérkennara, sálfræðinga, geðlækna, félagsráðgjafa og starfsfólk heilsugæslu vegna nemenda þegar þörf krefur og vísa málum til annarra sérfræðinga þegar ástæða er til,
- aðstoða umsjónarkennara við að skipuleggja störf sín og meta þau,
- hafa umsjón með námskynningu í skólanum og á vegum skólans,
- sitja fundi skólastjórnar þegar fjallað er um málefni einstakra nemenda og hafa þar málfrelsi og tillögurétt,
- fylgjast með og taka þátt í að þróa og samræma námsráðgjöf og starfa með námsráðgjöfum í framhaldsskólum og öðrum skólum að því marki,
- safna og halda við upplýsingum um námsleiðir, störf og ástand og horfur í íslensku atvinnulífi,
- afla eftir þörfum upplýsinga um nám nemenda í grunnskólum,
- fylgjast með námsgengi nemenda,
- skila skýrslu til skólameistara og skólanefndar um helstu viðfangsefni sín á skólaárinu.

33. gr.

Yfirmaður skólasafns skal vera bókasafnsfræðingur og hafa að öðru jöfnu kennsluréttindi á framhaldsskólastigi. Skólameistari ræður skólasafnvörð að fengnum tillögum skólanefndar. Menntamálaráðherra skipar skólasafnvörð.

Yfirmaður skólasafns skal m.a.:

- gera áætlanir um starfsemi safnsins og hafa umsjón með daglegum rekstri þess, bókakosti og öðrum eignum svo og lestrarsölum,
- annast skráningu bókasafnsins og sjá um að halda því í röð og reglu,
- annast innkaup bóka og annarra gagna til safnsins í umboði skólameistara,
- sitja fundi skólanefndar og skólastjórnar, með málfrelsi og tillögurétt þegar fjallað er um málefni tengd starfssviði hans,
- fylgjast með nýjungum á sviði bókasafns- og upplýsingafræði og annast kynningarstarfsemi innan skólans,
- kenna nemendum og kennurum safnnotkun og veita þeim bókfræðilega aðstoð,
- starfa með kennurum og nemendum að því að undirbúa og vinna verkefni sem krefjast sérstakrar þjónustu skólasafnsins,
- skila skýrslu til skólameistara um rekstur og notkun safnsins í lok skólaárs.

34. gr.

Skólameistari ræður félagsráðunaut/félagsráðunauta úr hópi kennara hlutaðeigandi skóla til a.m.k. einnar annar í senn.

Félagsráðunautur skal m.a.:

- vera nemendum til ráðuneytis um félagsstörf og skipulag þeirra,
- skipuleggja umsjón og eftirlit með samkomum nemenda er fram fara í húsnæði skólans eða á hans vegum,
- aðstoða nemendur eftir þörfum við gerð fjárhagsáætlana og fjárreiður vegna félagslífs þeirra.

35. gr.

Skólameistari ræður tækjavörð og/eða umsjónarmenn með sérstofum til a.m.k. einnar annar í senn til að hafa umsjón með kennslutækjum skólans, nýtingu þeirra, varðveislu og viðhaldi, svo og öðrum búnaði og efnum sem notuð eru við kennslu eftir því sem nánar er ákveðið í hverjum skóla.

36. gr.

Skólameistari ræður húsbændur eða húsfreyjur til eins skólaárs í senn. Þau annast í umboði skólameistara daglegt eftirlit með nemendum á heimavist og sjá til þess að reglum heimavistar sé framfylgt.

37. gr.

Um störf annars starfsfólks skólanna, s.s. fjármálastjóra, skrifstofumanna, aðstoðarfólks fatlaðra, húsvarda, ræstingarfólks og starfsfólks í mótuneytum skólanna skal kveða á í starfslýsingum sem skólastjórn setur.

38. gr.

Um heilsugæslu í framhaldsskólum fer eftir reglum er heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setur.

39. gr.

Um kaup og kjör starfslíðs framhaldsskóla fer eftir ákvæðum kjarasamnings.

40. gr.

Þegar skipaður kennari, námsráðgjafi eða skólasafnvörður lætur af störfum sökum aldurs eða að eigin ósk skal hann tilkynna skólameistara það skriflega með lögboðnum fyrirvara, sbr. 15. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Starfslok fylgi annaskiptum eða skólaári.

41. gr.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, námsráðgjafa eða skólasafnverði leyfi án launa í allt að eitt ár að fenginni umsögn skólameistara og skólanefndar. Umsókn um slíkt leyfi ber að senda til skólameistara þremur mánuðum fyrir lok næstu námsannar á undan og sendir hann málið áfram til ráðuneytisins ásamt með umsögn skólanefndar. Heimilt er að framlengja slíkt leyfi ef sérstakar ástæður mæla með því.

Þegar sótt er um skemmra leyfi en að ofan greinir skal kennari sækja um það til skólameistara með eins löngum fyrirvara og unnt er.

VI. KAFLI

Eftirmenntun og orlof starfsmanna.

42. gr.

Þeir starfsmenn framhaldsskóla, sem gegna kennslu- og uppeldisstörfum, skulu eiga kost á reglubundinni þjálfun, námskeiðum eða annars konar menntun til að viðhalda og auka þekkingu sína og færni í kennslugrein og efla sig sem fagmenn á sviði kennslu- og skólamála. Þeir skulu ennfremur hafa aðgang að kennslufræðilegri ráðgjafarþjónustu á starfstíma skóla.

43. gr.

Kennari eða skólastjórnandi, sem starfað hefur a.m.k. fimm ár sem settur, skipaður eða ráðinn, getur sótt um orlof á launum til að efla þekkingu sína og kennsluhæfni.

Umsókn um orlof skal vera á eyðublaði sem menntamálaráðuneytið lætur gera. Umsókn um orlof á næsta skólaári skal senda skólanefnd og ráðuneyti fyrir 1. nóvember. Í umsókn skal m.a. taka fram eftirfarandi:

- menntastofnun og námsgrein eða námsgreinar þegar um er að ræða reglulegt nám. Sé ekki um reglulegt nám að ræða, heldur styttri námskeið eða annars konar námsdöl, skal gera ýtarlega grein fyrir tilhögun námsins,
- hvort umsækjandi hefur sótt um eða fengið styrk til fararinnar frá öðrum en menntamálaráðuneytinu,
- hvort umsækjandi hefur áður fengið orlof eða styrk frá menntamálaráðuneytinu eða fyrir milligöngu þess,
- aðrar upplýsingar sem umsækjandi telur skipta máli.

44. gr.

- Umsækjandi, sem æskir orlofs, skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum og skuldbindingum:
- hafa starfað sem ráðinn, settur eða skipaður skólastjórnandi eða kennari eða gegnt uppeldisstörfum í skóla í a.m.k. 5 ár. Gegni kennari tímabundinni námsstjórn á vegum menntamálaráðuneytisins eða hliðstæðum störfum í þágu skólakerfisins telst sá tími jafngilda starfstíma við kennslu,
 - skuldbinda sig til að starfa að skólamáli eða kennslu á vegum ríkisins a.m.k. þrjú ár að orlofi loknu.

Afgreiðsla orlofsúmsókna vegna næsta skólaárs skal fara fram fyrir lok desembermánaðar ár hvert.

Innan 6 mánaða frá því að orlofi lauk skal orlofsþegi senda menntamálaráðuneytinu skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum. Skýrslan skal miðuð við að unnt sé að birta hana og hefur ráðuneytið til þess heimild.

45. gr.

Menntamálaráðuneytið veitir styrki þeim sem orlof hafa fengið ef fé er veitt til í fjárlögum. Ráðuneytið kynnir orlofsþegum styrkmöguleika og skulu umsóknir hafa borist ráðuneytinu fyrir 1. september vegna haustannar og fyrir 1. janúar vegna vorannar og skal þar greina ástæður fyrir umsókninni, t.d. kostnað vegna ferðalaga, skólagjöld, húsnæðiskostnað o.fl. Menntamálaráðuneytið lýkur afgreiðslu styrkumsókna fyrir 1. október og 1. febrúar.

46. gr.

Vanræki orlofsþegi að skila skýrslu um nám sitt og starf á orlofstímanum, sbr. 44. gr., getur menntamálaráðuneytið krafist endurgreiðslu launa fyrir orlofstímabilið, svo og endurgreiðslu styrkja. Ef menntamálaráðuneytið ákveður að endurheimta laun og/eða styrk orlofsþega skal krafa um það gerð innan 1 1/2 árs frá lokum orlofstímabils.

Hætti orlofsþegi störfum að kennslu eða öðrum skólamálum áður en 3 ár eru liðin frá lokum orlofs án þess að knýjandi ástæður séu fyrir hendi getur menntamálaráðuneytið krafist endurgreiðslu á orlofslaunum og/eða styrkjum í hlutfalli við þann tíma sem orlofsþeginn hefur starfað að orlofi loknu. Áður en ákvæði þessu er beitt leitar ráðuneytið eftir rökstuddri greinargerð orlofsþega um ástæður fyrir því að hann hætti störfum og einnig skal leita umsagnar nefndar þeirrar er starfar samkvæmt 47. gr. þessarar reglugerðar.

Réttur ráðuneytisins til endurheimtu fyrnist á einu ári frá því að ráðuneytinu var tilkynnt um brottför úr starfi.

Ef sá, sem veitt hefur verið orlof, hættir við að nýta orlofið eftir að lokið er tilkynningarfræsti, sem ráðuneytið setur, og gildum forföllum, að mati ráðuneytisins, er ekki til að dreifa getur það varðað hann missi orlofsréttar allt að fimm næstu árum.

47. gr.

Fimm manna nefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar, gerir tillögur til ráðuneytisins um úthlutun orlofs og styrkja. Nefndin skal þannig skipuð: Tveir skulu skipaðir af ráðuneytinu án tilnefningar og skal annar jafnframt vera formaður nefndarinnar, tveir skulu skipaðir skv. tilnefningu Hins íslenska kennarafélags og einn samkvæmt tilnefningu Kennarasambands Íslands. Skipunartímabil nefndarinnar er fjögur ár. Nefndin skal m.a. taka tillit til eftirfarandi atriða:

- a) Hvers konar nám umsækjendur hyggjast stunda og hversu það muni nýtast viðkomandi stofnun eða skólakerfinu í heild. Orlof skal fyrst og fremst veitt til náms sem tengist starfssviði umsækjenda.
- b) Hvort starfsaldur skuli ráða röð annars jafngilda umsókna. Ennfremur hvort tekið skuli tillit til stundakennslu sem viðkomandi kann að hafa innt af hendi áður en hann hlaut fastráðningu.

Stefnt skal að því að orlof dreifist eðlilega milli skólastofnana, námsgreina, skólasvæða og kynja.

48. gr.

Að loknu hverju orlofsári sendir menntamálaráðuneytið skólameisturum framhaldsskóla og samtökum framhaldsskólakennara skýrslu um orlofsveitingar. Í skýrslunni skulu m.a. koma fram upplýsingar um ramma heildarfjárveitinga til orlofs og styrkja og fjölda umsækjenda. Þá skal tilgreina nöfn þeirra er hlutu orlof, viðfangsefni þeirra á orlofstímanum, sérsvið þeirra eða kennslugrein, starfsreynslu og vinnustað.

VII. KAFLI
Inntökuskilyrði.

49. gr.

Nemendur, sem lokið hafa námi í grunnskóla eða hlotið aðra jafngilda menntun, eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla.

Nemendur skulu eiga kost á námi, bóklegu eða verklegu, sem er við þeirra hæfi.

Fatlaðir skulu að jafnaði stunda nám við hlið annarra nemenda.

Ákvæði til inngöngu í einstaka áfanga skulu sett í námskrá. Frávik eru ekki heimil nema með samþykki menntamálaráðuneytisins.

Sé um að ræða nám þar sem krafist er tiltekinnar starfsreynslu til inntöku verður nemandinn að fullnægja þeim skilyrðum.

Nemendur, sem orðnir eru átján ára, geta hafið nám í framhaldsskóla án þess að fullnægja framangreindum skilyrðum nema að því er varðar starfsþjálfun.

50. gr.

Nemendum skal tryggður aðgangur að framhaldsskóla og skal að jafnaði miðað við eftirfarandi skiptingu landsins í umdæmi:

Reykjavíkurumdæmi sem tekur yfir Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfellsbæ og Kjósarsýslu,

Reykjanesumdæmi sem tekur yfir Gullbringusýslu, Hafnarfjörð, Keflavík, Grindavík, Garðabæ, Kópavog og Njarðvík,

Vesturlandsumdæmi sem tekur yfir Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Akranes, Borgarnes, Ólafsvík og Stykkishólm,

Vestfjarðaumdæmi sem tekur yfir Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslur, Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslur, Strandasýslu, Ísafjörð og Bolungarvík,

Norðurlandsumdæmi vestra sem tekur yfir Vestur- og Austur-Húnavatnssýslur, Skagafjarðarsýslu, Blönduós, Sauðárkrók og Siglufjörð,

Norðurlandsumdæmi eystra sem tekur yfir Eyjafjarðarsýslu, Suður- og Norður-Þingeyjarsýslur, Akureyri, Dalvík, Húsavík og Ólafsfjörð,

Austurlandsumdæmi sem tekur yfir Norður- og Suður-Múlasýslur, Austur-Skaftafellssýslu, Egilsstaði, Eskifjörð, Höfn í Hornafirði, Neskaupstað og Seyðisfjörð,

Suðurlandsumdæmi sem tekur yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu, Árnes-sýslu, Hveragerði, Selfoss og Vestmannaeyjar.

Þessi umdæmaskipting gildir ekki um nám sem í boði er á fáum stöðum.

Þar sem fleiri en einn skóli eru í umdæmi má skipta því í skólahverfi. Skólar í hverju skólaumdæmi/skólahverfi skulu hafa náð samstarf um inntöku nemenda.

51. gr.

Samkvæmt skiptingu í 50. grein skal hver nemandi eiga forgangsrétt til að sækja skóla í því umdæmi (skólahverfi) þar sem hann á lögheimili ef það nám, sem hann hyggst stunda, er þar í boði.

Nemendur, sem óska að stunda nám í sérskólum eða á sérhæfðum brautum, sem ekki er boðið upp á í þeirra umdæmi, hafa sama rétt og aðrir til innritunar á þessar brautir þar sem þær eru í boði.

Sé aðsókn að námsbraut, sem aðeins er í boði á fáum stöðum, meiri en hún fær borið skal þess gætt við innritun að umsækjendur hafi sem jafnastan rétt hvar sem þeir búa á landinu.

VIII. KAFLI

Námsskipan.

52. gr.

Námsframboð og starf í framhaldsskólum skal vera þannig að sérhver nemandi eigi vól á námi og kennslu í sem bestu samræmi við óskir hans, þarfir og þroska. Í þessu skyni skal innan framhaldsskólans skipulagt mislangt nám, bóklegt og verklegt, sem farið getur fram í skóla eingöngu eða bæði í skóla og atvinnulífi. Námi er lokið þegar fullnægt er skilgreindum kröfum þess. Nemandi er þá brautskráður og honum afhent prófskírteini. Námið veitir undirbúning fyrir daglegt líf, til starfa í atvinnulífinu og/eða til áframhaldandi náms. Í námskrá skal nánar kveðið á um markmið og lok náms, þar á meðal um einingafjölda til lokaprófa. Þar skulu og vera upplýsingar um réttindi sem þau veita.

53. gr.

Nám í framhaldsskóla skal að öllu jöfnu byggt upp af tveimur meginþáttum, þ. e. brautarkjarna og vali. Í brautarkjarna eru námsgreinar sem nemandanum er skylt að leggja stund á og eru bundnar þeirri námsbraut sem hann velur. Valgreinar ákvarðar nemandi sjálfur.

Við skipulagningu náms í framhaldsskóla skal á öllum brautum leitast við að tryggja tengsl við atvinnulíf í landinu og daglegt líf í umhverfi skólans.

54. gr.

Iðnnám í einstökum iðngreinum skiptist samkvæmt námskrá í nám í skóla og starfsnám í atvinnulífi og getur farið fram skv. námssamningi eða starfsþjálfun á vegum skóla. Um námssamninga við iðnmeistara eða fyrirtæki vísast til reglugerðar nr. 102/1990 um löggiltar iðngreinar, námssamninga og sveinspróf.

Menntamálaráðuneytið gefur iðnmeistara heimild til að taka nema til iðnnáms að fenginni umsögn fræðslunefndar um hæfni hans og sér um skráningu námssamninga.

Til þess að iðnnemi teljist hafa lokið iðnnámi skal hann hafa lokið burtfararprófi frá framhaldsskóla og tilskildum starfstíma í atvinnulífinu og staðist sveinspróf.

55. gr.

Meistaránám fer fram í framhaldsskólum eða annars staðar að fenginni heimild ráðherra. Nám þetta skal skipuleggja sem eðlilegt framhald iðnnáms og skal það, eftir því sem við verður komið, tengt iðnfræði- og tæknifræðinámi.

Markmið meistaránáms er að veita fræðslu og þjálfun þeim sem lokið hafa sveinsprófi svo að þeir geti fengið meistarabréf skv. 10. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978 og staðið fyrir sjálfstæðum rekstri í iðngrein sinni, stjórnað verkum og kennt nýliðum vinnubrögð, öryggisreglur og iðnfræði.

Menntamálaráðuneytið setur námskrá fyrir meistaraskóla. Leitað skal umsagnar fræðslunefnda um námskrá.

56. gr.

Sérkennsla fyrir einstaklinga eða nemendahópa fer fram innan almennra námshópa (bekkjardeilda), í sérstökum námshópum eða með öðrum hætti. Um getur verið að ræða tímabundna aðstoð eða samfelldan stuðning um lengri tíma, jafnvel alla skólagöngu nemandans.

Sérkennsla tekur til nemenda sem vegna fötlunar sinnar þurfa á að halda breytingu á námsmarkmiðum, innihaldi náms, breyttum kennsluaðferðum eða námsaðstæðum, miðað við það sem nemendum er almennt boðið upp á. Gera skal námsáætlun fyrir námshópa og/eða einstaka nemendur eftir því sem við á.

Skólameistari gerir ásamt námsráðgjafa og sérkennara sérstaka áætlun um þörf fyrir sérkennslu í skólanum sem fylgja skal tillögum til fjárlaga ár hvert.

Í þessari áætlun skal gera ráð fyrir ráðningu sérhæfðs starfslíðs og sérstökum búnaði, námsefni og breytingu á húsnæði ef fötlun nemanda krefst þess.

Nemendur, sem ekki geta sótt skóla vegna langvarandi veikinda, skulu eiga kost á aðstoð kennara við nám sitt.

Meta skal árangur sérkennslunnar a.m.k. árlega með tilliti til áframhaldandi kennslu og senda menntamálaráðuneyti greinargerð.

57. gr.

Námsefni framhaldsskóla er skipað í námsáfanga sem skilgreindir eru í námskrá. Í áfangalýsingu skal koma fram markmið, inntak í megindráttum og hvaða kröfur nemandinn þarf að uppfylla til þess að hann teljist hafa lokið áfanganum með fullnægjandi árangri. Einnig skal tilgreina einingafjölda áfangans og auðkenni.

58. gr.

Námseining skal skilgreind í námskrá og skal skilgreiningin miðast við áætlaða námsvinnu nemenda í skóla og/eða utan skóla í ákveðinn tíma.

59. gr.

Pegar nemandi lýkur skilgreindu námi skal hann fá skírteini sem vottar að hann hafi lokið því með fullnægjandi árangri. Þar skal einnig tilgreina hver staða nemandans er til áframhaldandi náms eða starfa í atvinnulífinu.

Menntamálaráðuneytið gefur út staðal fyrir slík skírteini.

60. gr.

Tilgangur námsmats í framhaldsskóla er að:

- veita nemendum upplýsingar um gengi þeirra í náminu og örva þá til að leggja sig fram við námið,
- veita kennurum og nemendum upplýsingar um ýmsa þætti kennslunnar sem hafa má að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms og kennslu,
- veita upplýsingar um árangur nemenda við lok náms í framhaldsskóla.

61. gr.

Meginábyrgð á námsmati hvílir á hlutaðeigandi skóla og byggir á markmiðum náms og kennslu. Námsmat getur einnig farið fram á vegum fræðsluyfirvalda og byggir þá á markmiðum námskrár nema annað hafi verið tilkynnt fyrirfram. Sveinspróf fer fram á vegum prófnefnda iðngreina og á ábyrgð þeirra.

62. gr.

Öll gögn, sem veita upplýsingar um námsárangur og gengi einstaklinga í skóla, eru trúnaðarmál yfirstjórnar skóla og fræðsluyfirvalda og er þeim óheimilt að veita öðrum en nemendum sjálfum og umboðsmönnum þeirra upplýsingar þar um nema nauðsyn beri til:

- vegna flutnings nemenda milli skóla,
- vegna athugana sem gerðar eru innan skóla eða af fræðsluyfirvöldum,
- vegna fræðilegra rannsókna, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu um einstaklinga. Menntamálaráðuneytið eitt getur veitt leyfi til slíkra rannsókna.

Um varðveislu þessara upplýsinga fer skv. lögum nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands.

63. gr.

Nemendur, sem þess óska og uppfylla sett skilyrði, skulu eiga þess kost að sanna getu sína í ákveðinni námsgrein með stöðuprófi. Stöðupróf skulu haldin að jafnaði tvisvar á ári. Menntamálaráðuneytið setur reglur um stöðupróf.

64. gr.

Að loknu prófi skulu nemendur eiga þess kost að skoða prófúrlausnir sínar í viðurvist kennara í síðasta lagi innan 3ja daga frá afhendingu einkunna.

Komi upp ágreiningur milli nemanda og kennara um mat úrlausnar skal hlutaðeigandi skólameistari kveðja til prófdómara til þess að fara yfir úrlausnina að höfðu samráði við deildarstjóra.

Skólameistari getur óskað eftir því að ráðuneytið skipi prófdómara við lokapróf eða til aðstoðar við úrlausn alvarlegra ágreiningsefna sem upp kunna að koma á milli nemenda og kennara.

65. gr.

Árlegur starfstími framhaldsskóla skal eigi vera skemmri en 9 mánuðir. Menntamálaráðuneytið setur árlega nánari reglur um skiptingu starfstíma skóla.

IX. KAFLI

Rekstur framhaldsskóla.

66. gr.

Hver framhaldsskóli er sjálfstæð rekstrareining og hefur sérgreinda fjárveitingu á fjárlögum. Skólameistari og skólanefnd, eftir því sem við á, bera ábyrgð gagnvart menntamálaráðuneyti á rekstri skóla, eignum og öllum fjárreiðum, gerð fjárhagsáætlana og reikningsskilum.

67. gr.

Hver framhaldsskóli skal árlega gera tillögur um fjárveitingar á fjárlögum næsta árs. Í tillögum skóla skal gerð sérstök grein fyrir nýjungum eða breytingum á starfsemi hans. Tillögur þessar skulu sendar menntamálaráðuneytinu á þar til gerðum eyðublöðum, fyrir tilgreindan skiladag hverju sinni.

Menntamálaráðuneytið sendir skólum skilagrein um frekari afgreiðslu og afstöðu þess til skólahaldsins, tímanlega fyrir upphaf haustannar.

68. gr.

Rekstrarumfang skóla ræðst af fjárveitingu á fjárlögum hverju sinni. Hverjum skóla skal ætluð fjárveiting á fjárlögum til kennslu og stjórnunarstarfa, í sem fyllstu samræmi við þann nemendafjölda, sem ætla má að sitji í skólanum það ár.

Ríkissjóður greiðir allan launakostnað við kennslu sem fram fer og skipulögð er í samræmi við áætlun sem samþykkt er af menntamálaráðuneytinu.

69. gr.

Við ákvörðun fjárveitinga til kennslu skal miða við grunntöluna 1,7 kennslustundir á viku á hvern nemanda í fullu bóknámi.

Um frávik vegna sérstakra aðstæðna og til þess að mæta umfrænkostnaði vegna skiptingar í smáa námshópa svo og vegna verknámskennslu skal standa að gerð áætlunar til fjárlaga sem hér segir: Í fjárhagsáætlun skal skóli gera grein fyrir áætluðum nemendafjölda, áætluðum vikustundafjölda og stærð námshópa.

Heimilað kennslumagn tekur mið af eftirfarandi reiknireglu:

$$\text{Kennslumagn} = \frac{\text{nemendafjöldi} \times \text{meðalvikustundafjöldi nemenda}}{\text{meðalnemendafjöldi í kennslustund}}$$

Fjárveiting til kennslu miðast við launaflokka kennara í viðkomandi skóla og það hlutfall kennslufirvinnu sem metið er nauðsynlegt á hverjum stað.

Stærð skóla, kennslumagn og skipulag er háð samþykki menntamálaráðuneytisins.

70. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað sem stafar af lækkun kennsluskyldu vegna stjórnunar skóla sem hér segir:

1. Lækkun kennsluskyldu skólameistara ræðst af kjarasamningum á hverjum tíma.
2. Aðstoð við skólastjórn, áfangastjórn, kennslustjórn og deildarstjórn skal samsvara a.m.k. 6,5% af kennslumagni. Skólar með 200–999 nemendur fá auk þess viðbót samkvæmt viðmiðunarreglum sem menntamálaráðuneytið setur og sendar eru skólum árlega. Stjórnunaraflátt í minni skólum ákvarðar ráðuneytið sérstaklega.

71. gr.

Ríkissjóður greiðir annan þann kostnað er leiðir af lækkun kennsluskyldu samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytis, laun prófdómara, forfallakennslu, orlof, svo og annan þann kostnað sem leiðir af kjarasamningum ríkisins og starfsmanna þess.

72. gr.

Til námsráðgjafar skal í hverjum skóla varið a.m.k. 20% ársstarfs fyrir fyrstu 50 nemendur, síðan bætast við 11,5% ársstarfs fyrir hvert 100 nemenda að 750. Eftir það bætist við 5,75% starfs fyrir hverja 100 nemendur.

Heimilt er að ráða námsráðgjafa úr hópi kennara gegn afslætti af kennsluskyldu.

Verði framlag til námsráðgjafar aukið skal það tilgreint í árlögum viðmiðunarreglum.

73. gr.

Í hverjum framhaldsskóla með 200 nemendur eða fleiri skal gert ráð fyrir skólasafnverði. Í smærri skólum skal starfshlutfall skólasafnvarða ákvarðast sérstaklega hverju sinni.

Um annað starfsfólk á skólasöfnum fer eftir viðmiðunarreglum er menntamálaráðuneytið setur við gerð fjárlaga.

74. gr.

Fjárveitingar vegna félagsstarfa nemenda, starfa félagsráðunauts (sbr. 34. gr.) og framlög vegna menningar- og listastarfsemi í framhaldsskólum fara eftir viðmiðunarreglum er menntamálaráðuneytið setur.

75. gr.

Við alla skóla skal starfa skrifstofufólk, þar á meðal fjármálafulltrúi. Fjöldi stöðugilda fer eftir stærð skóla og rekstrarumfangi samkvæmt viðmiðunarreglum, sem menntamálaráðuneytið setur.

Um störf fjármálafulltrúa skal samið í samningi um fyrirkomulag á fjárreiðum skóla.

76. gr.

Þar sem starfrækt er heimavist við framhaldsskóla skal ráða starfsfólk til umsjónar og eftirlits (húsbændur eða húsfreyjur).

Heimild þessi samsvari a.m.k. einu stöðugildi þar sem heimavist er ætluð fyrir 100 nemendur eða fleiri.

77. gr.

Í hverjum skóla skal að jafnaði starfa húsvörður í heilli stöðu. Umfang vörslu húsnæðis og tækja ræðst af stærð og gerð húsnæðis og af rekstrarumfangi og ákvarðast fyrir hvern skóla fyrir sig. Heimilt er að fela húsverði eða umsjónarmanni tiltekin viðhaldsverkefni ef henta þykir. Tækjavarsla getur að hluta til verið í umsjá einstakra kennara, eða annarra sérfróðra aðila.

Fjárveitingar til ræstingar húsnæðis framhaldsskóla skal miða við staðfesta uppmælingu húsnæðis annars vegar og hins vegar við sannanlegan ræstingarkostnað næstliðin tvö skólaár.

78. gr.

Menntamálaráðuneytið skal setja nánari viðmiðunarreglur um vinnumagn fyrir störf í framhaldsskólum er lagðar verði til grundvallar árlegum fjárveitingum, og skulu þær kynntar fjármálaráðuneyti, samtökum kennara og samstarfsnefnd framhaldsskólanna.

79. gr.

Annar rekstrarkostnað þ.m.t. minni háttar viðhaldskostnað sem af skólahaldi hlýst, greiðir ríkissjóður í samræmi við fjárveitingu til skólans.

Framlag ríkissjóðs tekur mið af rekstrarkostnaði skóla undanfarin ár, fjölda nemenda, tegund náms, aldri húsnæðis, stærð þess, gerð og staðsetningu.

Að öllum stærri viðhaldsverkefnum skal staðið skv. þeim reglum sem gilda um framkvæmdir á vegum ríkisins.

80. gr.

Skólanefnd ákveður í samráði við skólameistara þau gjöld sem nemendum er gert að greiða.

Sérgreindur kostnaður, er nemendur bera sjálfir, telst m.a. vera:

- a) hráfnis- og launakostnaður í mötuneyti,
- b) leigugjöld í heimavist. Gjaldtaka miðast að hámarki við rekstrarkostnað heimavista á skólatíma,
- c) hluti kostnaðar í skipulögðum skólaakstri sem miðast við að nemendur greiði hliðstæð fargjöld og með almenningsvögnum.

Kynna skal stjórn nemendafélags skólans og menntamálaráðuneyti ákvörðun um skólagjöld.

81. gr.

Gjöld nemenda í öldungadeildum og meistaraskólum skulu nema sem næst þriðjungi kennslukostnaðar og skulu þau greidd áður en kennsla hefst. Innheimta kennslugjalda og skipting þeirra á einstaka nemendur og námshópa er í höndum skóla og skulu þau að jafnaði miðast við eðli og umfang námsins. Kennslugjöld nemenda öldungadeilda skv. 35. gr. laganna og meistaraskóla skv. 25. gr. laganna skulu renna til ríkissjóðs.

82. gr.

Gjaldtaka fyrir skólahúsnæði utan reglulegs skólatíma skal aldrei vera lægri en sem nemur kostnaði við orku, ræstingu og vörslu á leigutíma.

Hagnaði af leigu skólahúsnæðis og tækja utan skólatíma skal varið til viðhalds og endurnýjunar húsnæðis og búnaðar.

83. gr.

Ríkissjóður greiðir fulltrúum í skólanefnd og skólastjórn þóknun fyrir fundarsetur samkvæmt ákvörðun þóknunarnefndar. svo og kostnað sem leiðir af störfum samstarfsnefndar framhaldsskólastigsins og undirnefnda hennar og annarra þeirra nefnda sem skipaðar eru samkvæmt lögnum.

84. gr.

Kostnaður vegna sérkennslu og annarrar þjónustu fyrir fatlaða skal áætlaður árlega fyrir framhaldsskólana í heild. Greiðslur til hvers skóla ákvarðast af umfangi þjónustunnar og samþykktum áætlunum.

85. gr.

Kostnaður við skipulagðan skólaakstur, svo og annar kostnaður við að jafna aðstöðu nemenda, skal áætlaður árlega fyrir framhaldsskóla í heild.

86. gr.

Ríkissjóður greiðir rekstrarkostnað framhaldsdeilda í samræmi við reglugerð þessa. Skal við það miðað að framlag á hvern nemanda vegna kennslu og almennra rekstrargjalda verði sem næst jafnhátt framlagi til þess skóla er hefur faglega stjórn námsins á hendi.

Rekstrarkostnaður framhaldsdeilda skal áætlaður sem hluti af kostnaði móðurskóla, þ.e. skóla sem hefur faglega stjórn námsins á hendi.

87. gr.

Kostnaður við endur- og eftirmenntunarnámskeið sbr. 36. gr. laganna skal áætlaður í heild. Greiðslur til einstakra skóla ráðast af fjárveitingum og umfangi þeirra námskeiða sem þar eru heimilud hverju sinni.

88. gr.

Gerður skal samningur milli menntamálaráðuneytis og hvers skóla um tilhögun á greiðslum til skólanna. Framlag vegna almenns rekstrar og annarra þeirra rekstrarliða er samkomulag verður um skal greitt fyrirfram til allt að þriggja mánaða í senn.

Samningur þessi skal staðfestur af fjármálaráðuneytinu.

89. gr.

Bókhaldi framhaldsskóla skal haga í samráði við ríkisbókhald og í samræmi við reglur og fyriræli um bókhald ríkisins.

Rekstraráætlanir og reikningsuppgjör fyrir alla starfspætti skal miða við þær reglur sem almennt gilda um stofnanir A-hluta ríkissjóðs.

X. KAFLI

Fullorðinsfræðsla og endurmenntun.

90. gr.

Framhaldsskólum er heimilt með samþykki menntamálaráðuneytisins að stofna til sérstakra námskeiða, þar á meðal kvöldskóla (öldungadeilda) fyrir þá sem komnir eru af venjulegum skólaaldri og hentar ekki að sækja reglulega kennslu í dagskóla, en æskja að stunda nám hliðstætt því sem þar er í boði.

91. gr.

Nemendur, sem stunda nám skv. 1. málsg. 90. greinar, skulu að jafnaði vera orðnir 20 ára þegar þeir hefja námið. Ekki er krafist sérstakrar undirbúningsmenntunar, en heimilt er að meta fyrri nám sem hluta af náminu. Skólastjórn er heimilt að veita undanþágu frá aldursákvæði þessu.

Gera skal sömu námskröfur til þessara nemenda og annarra nemenda skólans. Fjöldi kennslustunda í hverjum námsáfangi skal vera sem næst helmingur þess sem annars er í skólanum. Sé að mati skóla nauðsynlegt að víkja verulega frá þeirri reglu skal leita samþykkis menntamálaráðuneytisins.

Skertan kennslutíma má meðal annars vega upp með því að skipuleggja sjálfsnám og nýta fjarkennslu.

Nemendur ráða sjálfir námshraða sínum innan þess ramma sem viðkomandi skóli setur.

Allar námsgreinar, sem kenndar eru, skulu heyra undir deildarstjóra og/eða kennslustjóra eftir því sem við á í viðkomandi skóla. Leitast skal við að sömu kennarar kenni og annist deildarstjórn í dagskóla og kvöldskóla.

Nemendur skulu njóta námsráðgjafar og almennrar þjónustu eins og aðrir nemendur skólans, en skólasóknarreglur taka ekki til þeirra.

Annamörk kvöldskóla skulu vera hin sömu og dagskóla.

92. gr.

Framhaldsskólum er heimilt að bjóða upp á námskeið, s.s. endur- og eftirmenntunarnámskeið, einum sér eða í samráði og samvinnu við samtök atvinnulífsins, fyrirtæki, sérskóla og hagsmuna- og áhugahópa. Námið getur farið fram í skólanum, úti í atvinnulífinu eða annars staðar sem henta þykir og með fjarkennslu.

Húsnæði og tækjabúnaður skólanna skulu jafnan vera til reiðu til námskeiðahalds og endurmenntunar samkvæmt reglum sem skólanefnd setur.

Hver skóli hefur frjálssar hendur um ráðstöfun fjárveitinga til þessarar starfsemi innan þess ramma sem kjarasamningar og reglur stjórnvalda marka á hverjum tíma.

Menntamálaráðherra skipar átta manna starfshóp til að fjalla um nám af þessu tagi. Formaður er skipaður án tilnefningar, en hinir samkvæmt tilnefningu frá Samtökum sveitarfélaga, Bandalagi kennarafélaga, Skólameistarafélagi Íslands, Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands. Hlutverk starfshópsins er m.a. að afla upplýsinga um endurmenntunarbörf og miðla þeim upplýsingum til þeirra sem málið varðar.

93. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 57/1988 um framhaldsskóla samanber breytingu með lögum nr. 72/1989 og auk þess er gefin út sérstök reglugerð um löggiltar iðngreinar, námssamninga, sveinspróf og meistaráréttindi og sérstök reglugerð um byggingar og búnað skóla.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. mars 1990.

Menntamálaráðuneytið, 26. febrúar 1990.

Svavar Gestsson.

Sólrún Jensdóttir.

AUGLÝSING**um umferð á Ísafirði.**

Að fenginni tillögu bæjarstjórnar Ísafjarðar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er hér með ákveðið, að hámarkspungi ökutækja með farmi skuli vera 20 tonn á Kristjánsgötu norðan Hafnarhúss.

Lögglustjórinn á Ísafirði, 16. febrúar 1990.

Pétur Kr. Hafstein.

AUGLÝSING

um ábyrgðartryggingu ökutækja o. fl.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 91. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987 er ákveðið að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækja samkvæmt 2. mgr. 91. gr. skuli vera 350 000 000 kr. vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda og 75 000 000 kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga er ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns samkvæmt 1. mgr. 92. gr. skuli vera 14 000 000 kr.

3. gr.

Eigin áhætta váttryggingartaka sem almennt má áskilja í ábyrgðartryggingu ökutækis, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar um ábyrgðartryggingu ökutækja o.fl., nr. 307 15. júní 1988, skal vera allt að 21 000 kr. ef tjónið nemur þeirri fjárhæð en ella að fullu.

4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. mars 1990.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um sama efni, nr. 65 27. febrúar 1989.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. febrúar 1990.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 530/1989,
um frádrátt virðisaukaskatts.

1. gr.

6. tölul. 1. gr. orðist svo:

6. Öflun, rekstur og leigu fólksbifreiða, þ.m.t. skutbifreiða (station) og jeppabifreiða, fyrir færri en níu menn, enda hafi aðili ekki með höndum sölu eða leigu þessara bifreiða. Það telst fólksbifreið í þessu sambandi þegar leyfð heildarþyngd bifreiðar er 3500 kg eða minna og hún fellur ekki undir skilgreiningu 2. mgr. þessa töluliðar.

Bifreið með leyfðri heildarþyngd 3500 kg eða minna, sem aðallega er ætluð til vöruflutninga, telst vöruflutninga- eða sendiferðabifreið. Um frádrátt virðisaukaskatts vegna þessara bifreiða fer skv. 9. gr. Öll eftirtalin atriði þurfa að eiga við bifreið svo hún teljist aðallega ætluð til vöruflutninga:

- a. Skráð þyngd í fólksrými skal vera minni en helmingur af skráðri burðargetu bifreiðar. Miða skal við að hver maður vegi 75 kg.
- b. Farmrými, opið (pallur) eða lokað, aftan við öftustu brún sætis eða millipils skal vera a.m.k. 1700 mm. Sé það styttra skal það vera lengra en fólksrýmið mælt frá miðri framrúðu.
- c. Í farmrými mega hvorki vera sæti, sætisfestingar né annar búnaður til farþegaflutninga. Sé bifreið breytt úr fólksbifreið í vöruflutninga- eða sendiferðabifreið skulu sæti í farmrými fjarlægð með varanlegum hætti, t.d. þannig að sætisfestingar séu einnig fjarlægðar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 2. mars 1990.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Snorri Olsen.

REGLUGERÐ

um meðferð, frágang, geymslu og flutning á ferskum fiski.

1. gr.

Óheimilt er að hausa, fletja eða flaka fisk nema hann fari tafarlaust til frekari verkunar. Þannig unninn fisk er þó heimilt að selja ferskan á markað innanlands og flytja með flugvél til sölu á erlendan markað.

2. gr.

Ferskur fiskur, er samkvæmt reglugerð þessari fiskur sem enga aðra meðhöndlun hefur hlotið sem lengir geymsluþol hans en kælingu.

Fiskur telst vera frystur ef hitastig hans er -20°C eða lægra.

Með verkun er átt við aðgerð sem veldur efna- eða eðlisfræðilegri breytingu á fiskholdinu svo sem hitameðferð, frystingu, söltun eða þurrkun.

3. gr.

Óheimilt er að flytja fisk eða geyma við þannig aðstæður að hitastig hans í geymslu sé á bilinu -1°C til -20°C .

4. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið úrskurðar ef ágreiningur rís um skilning á reglugerð þessari.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 53, 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53, 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða og öðlast gildi 8. mars 1990.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. mars 1990.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 15 – 1990

6. mars 1990

235

Nr. 110

REGLUGERÐ

um bann við veiðum vestan Vestmannaeyja.

1. gr.

Frá kl. 10:00 árdegis 7. mars 1990 eru allar tog-, dragnóta- og línuveiðar bannaðar á svæði, sem markast að vestan af 20°34'V og að austan af 20°14'30'V. Að utan markast svæðið af línu, sem dregin er milli 63°35'40' N – 20°34' V og 63°30' N – 20°14'30' V.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. mars 1990.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

6. mars 1990

Nr. 111

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir heitt vatn,
nr. 553 27. nóvember 1989.**

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir heitt vatn, sem öðlast þegar gildi:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 1,5%

Iðnaðarráðuneytið, 6. mars 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir raforku,
nr. 438 22. september 1989, með síðari breytingum.**

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir raforku, sem öðlast þegar gildi:

Liðir D1 og D4 hækki um 1,5%

Iðnaðarráðuneytið, 6. mars 1990.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 113

27. febrúar 1990

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 100/1973, um eyðingu svartbaks og
hrafns, með áorðnum breytingum.**

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Prátt fyrir ákvæði 1., 2., og 3. gr. reglugerðarinnar er heimilt að fela veiðistjóra og allt að 8 trúnaðarmönnum hans að nota í tilraunaskyni fenemal og tríbrómetanól til fækkunar hrafni og öðrum skaðlegum mávategundum, þó ekki í Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrarsýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslum, Ísafjarðarsýslum, Strandasýslu, í Mosfellsbæ, á Akranesi, í Borgarnesi, í Ólafsvík, í Stykkishólmi, á Ísafirði og í Bolungarvík. Aðgerðir þessar skulu miðaðar við að koma í veg fyrir beint tjón af völdum fugla. Veiðistjóri skal hafa samráð um þessar aðgerðir við menntamálaráðuneytið eða sérfræðing sem það tilnefni að fenginni tillögu fuglafriðunarnefndar. Veiðistjóri og trúnaðarmenn hans sækja um leyfisskríteini til hlutaðeigandi lögreglustjóra og skulu trúnaðarmennirnir láta fylgja umsókn sinni meðmæli frá veiðistjóra. Lyfin skulu þeir kaupa hjá Lyfjaverslun ríkisins. Fyrir lok janúarmánaðar ársins 1991 skulu veiðistjóri og trúnaðarmenn hans gefa ráðuneytinu skýrslu um framkvæmd fækkunarinnar og árangur.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi og gildir til 31. janúar 1991.

Menntamálaráðuneytið, 27. febrúar 1990.

F. h. r.
Árni Gunnarsson.

Stefán Stefánsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 16 – 1990

5. mars 1990

237

Nr. 114

REGLUGERÐ

um bann við netaveiðum um páskahelgi 1990.

1. gr.

Á tímabilinu frá kl. 20:00 10. apríl 1990 til kl. 10:00 árdegis 17. apríl 1990 er óheimilt að hafa þorskfisknet í sjó.

2. gr.

Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. mars 1990.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

5. mars 1990

Nr. 115

REGLUGERÐ

um bann við veiðum smábáta 1990.

1. gr.

Á eftirgreindum tímabilum eru allar fiskveiðar, aðrar en grásleppuveiðar, bannaðar á bátum minni en 10 brl., sem ekki hafa sérstök botnfiskveiðileyfi skv. 5. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990:

1. Frá og með 7. apríl til og með 16. apríl 1990.
2. Frá og með 4. júní til og með 10. júní 1990.
3. Frá og með 1. ágúst til og með 10. ágúst 1990.
4. Frá og með 3. október til og með 9. október 1990.
5. Frá og með 10. desember til og með 31. desember 1990.

Veiðibönn þessi taka ekki til báta minni en 10 brl. sem fengið hafa veiðileyfi með aflahámarki skv. 2. mgr. B. liðar, C. lið og D. lið 10. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 10. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. mars 1990.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um raforkuvirki nr. 264/1971,
sbr. breytingu nr. 185/1984.**

Grein 1.6 hljóði svo:

1.6 Eftirlitsgjöld:

1.6.1 Eigendur raforkuvera og rafveitna skulu greiða Rafmagnseftirliti ríkisins rafveitueftirlitsgjald, allt að 1,2% af heildarandvirði raforkusölu þeirra og heildarendurgjaldi fyrir leigu mælitækja að frádragnu andvirði aðkeyptrar raforku, virðisaukaskatti og öðrum sambærilegum gjöldum sem á kynnu að verða lögð.

Sérhver gjaldskyldur aðili skal ótilkvaddur skila skýrslu til Rafmagnseftirlits ríkisins mánaðarlega ásamt greiðslu. Í skýrslunni komi fram fjárhæð raforkusölu til kaupenda í síðasta almanaxmánuði, mælaleiga, aðkeypt raforka, virðisaukaskattur, endurgreiðsla fyrir ofgreidda raforku eftir atvikum, önnur gjöld skv. ofansögðu, svo og rafveitueftirlitsgjald það sem inna ber af hendi. Skýrslan skal undirrituð af þeim aðila, manni eða mönnum, sem heimild hafa til að skuldbinda gjaldskylda aðila, eða öðrum þeim sem til þess hafa sérstakt umboð samkvæmt stöðu sinni. Skýrslunni skal skilað í þríriti og áritar Rafmagnseftirlitið eitt afritið um móttöku skýrslunnar og dagsetningu móttöku. Skili gjaldskyldur aðili ekki skýrslu á réttum tíma skal Rafmagnseftirlitið áætla orkusölu þess aðila á grundvelli raforkusölu síðustu 12 mánaða og annarra atriða er máli skipta.

Nú notar eigandi raforkuvers sjálfur alla þá orku sem þar er unnin eða verulegan hluta hennar og hún er ekki mæld eða verðlögð eða ekki er vitað um tekjur af raforkusölu og má þá miða gjaldið við áætlaða orkunotkun, málafl rafala í raforkuveri eða við kostnað af eftirlitinu og greiðist Rafmagnseftirliti ríkisins samkvæmt reikningi þess.

1.6.2 Greiða skal Rafmagnseftirliti ríkisins gjald fyrir eftirlit þess með uppsetningu nýrra raforkuvirkja og raforkuvirkja á byggingarsvæðum. Skal miða gjaldið við kostnað af eftirlitinu og greiðast Rafmagnseftirlitinu samkvæmt reikningi þess.

1.6.3 Þeir sem flytja inn til landsins eftirlitsskyld rafföng og hluta þeirra eða framleiða þau innanlands, greiði til Rafmagnseftirlitsins gjald sem af innfluttum rafföngum og hlutum greiðist af tollverði viðkomandi raffangs, en af innlendri framleiðslu af verksmiðjuverði raffangsins. Má gjald þetta nema allt að ¼% af viðkomandi verði.

1.6.4 Þeir sem flytja inn til landsins eftirlitsskyld rafföng og hluta þeirra eða framleiða þau innanlands, greiði til Rafmagnseftirlitsins gjöld fyrir prófun, viðurkenningu og skrásetningu viðkomandi raffanga samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem Rafmagnseftirlitið gefur út hér að lútandi.

1.6.5 Gjalddagi rafveitueftirlitsgjalds er 15. dagur næsta mánaðar eftir sölumánuð. Gjalddagi reikninga fyrir önnur eftirlitsgjöld skv. þessari grein eru 20 dagar eftir dagsetningu reikninga. Eindagi er 10 dögum síðar. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir. Rafmagnseftirlitinu eru þó heimilt að krefjast fyrirframgreiðslu vegna eftirlitsgjalda í lið 1.6.4. Séu eftirlitsgjöld skv. þessari grein eigi greidd á eindaga falla á hæstu leyfilegir dráttarvextir á hverjum tíma fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá gjalddaga. Eftirlitsgjöld og dráttarvexti má taka lögtaki skv. l. nr. 29/1985.

Ágreining um gjaldskyldu eða gjaldstofna skv. þessari grein má bera undir ráðherra orkumála.

Reglugerðarbreyting þessi gildir frá og með 1. janúar 1990.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1990.

Jón Sigurðsson.

Páll Flygenring.

AUGLÝSING

um varúðarráðstafanir vegna innflutnings á rotmassa til svepparæktar.

Að tillögu yfirdýralæknis og samkvæmt heimild í 3. mgr. 7. gr. laga um dýralækna nr. 77/1981 og til að tryggja að heilahrörnun í nautgripum (Bovine spongiform encephalopathy) eða aðrir búfjárjúkdómar berist ekki til landsins, eru hér með settar svofelldar reglur um varúðarráðstafanir vegna innflutnings á rotmassa til svepparæktar.

1. Innflutningur á rotmassa er hverju sinni háður sérstöku samþykki yfirdýralæknis með áritun á innflutningsskýrslur. Slíka áritun er ekki unnt að framkvæma nema fyrir liggi heilbrigðisvottorð frá upprunalandi um að ekki sé blandað í rotmassann húsdýraáburði, afurðum eða úrgangi dýra.
2. Svepparæktarbúi (stöðvar) skulu varin á tryggilegan hátt þannig að gripir komist ekki að búinu. Búin skulu girt gripaheldri girðingu og hlið jafnan höfð lokuð. Ekki skal leyft að halda dýr á búinu nema til að vinna á meindýrum.
3. Umgangur óviðkomandi aðila skal takmarkaður sem mest að búinu. Jafnframt skal gera hverjar þær ráðstafanir sem koma í veg fyrir smitdreifingu.
4. Við flutning á notuðum rotmassa skal þannig búið um hann á flutningatæki, að engin smitdreifing geti átt sér stað. Flutningatæki skal hreinsað og þvegið að flutningi loknum.
5. Eftir notkun innflutts rotmassa skal hann grafinn á tryggilegan hátt, þannig að gripir og fuglar komist ekki í hann og valdi smitdreifingu. Óheimilt er að flytja notaðan innfluttan rotmassa af svepparæktarbúi, nema til eyðingar með greftrun.
6. Auglýsing þessi öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um einkennisbúninga, merki og búnað lögreglumanna.

1. GERÐ EINKENNISFATNAÐAR

1.1 Einkennisfatnaður almennra lögreglumanna.

1.1.1 HÚFA skal vera úr hvítu efni með 5 sm breiðri uppistandandi gjörð, 5 sm breiðri reisu, kringlóttum, hvítum, flötum kolti, gljáleðursskyggni og hökuól, er fest sé á gjörðina með tveimur litlum einkennishnöppum. Á gjörðinni skal vera svartur borði úr upphleyptu efni.

Framan á reisininni skal vera gyllt lögreglumerki úr málmí eða ísaumað (lögregluskjöldur). Undir merkinu skal vera jafnstór hringur úr mjúku plastefni, eða svörtu tauí.

Á húfum aðstoðaryfirlögregluþjóna skal vera gyllt hökuól.

Á húfum yfirlögregluþjóna skal vera ísaumaður gylltur laufborði á skyggninu, 5 sm breiður, og gyllt hökuól.

1.1.2 LOÐHÚFA skal vera úr svörtu loðskinni, og skal lögregluskjöldur, úr málmí eða ísaumaður, vera framan á henni.

1.1.3 JAKKI I skal vera úr svörtu klæðisefni af vandaðri gerð með venjulegum kraga, einhnepptur, með fjórum einkennishnöppum af stærri gerð, og axlarsprotum úr mjúku plastefni. Sprotarnir eru klæddir sama efni og er í jakkanum, og eru að ofan með gylltum borðum, 1 sm breiðum, á jöðrunum báðum megin. Þeir eru festir við axlarbrún með stórum einkennishnappi, en litlum einkennishnappi nær kraga.

Á hvorri ermi skulu vera 3 einkennishnappar af minni gerð, fremst meðfram ermasaum.

Á jakkanum skulu vera tveir brjóstvasar með hnepptu loki sem hneppest með litlum einkennishnöppum einnig tveir innri brjóstvasar.

Jakkalöf skulu fest með þversaum að framan og á hliðum, en bakstykki heil niður, með tveimur fellingum og klauf.

Um mitti skal vera svart leðurbelti, 4 sm breitt, spennt með koparsylgju að framan, en á hliðum gengur það í gegnum smeyga úr jakkaefni, 25 mm breiða, sinn á hvorri hlið.

1.1.4 VESTI skal vera úr sama klæðisefni og jakkinn, með fjórum vösum, hneppt að framan með 5–7 einkennishnöppum af minni gerð í einfaldri röð.

1.1.5 BUXUR skulu vera úr sama efni, og jakki I, síðar, án uppbrota, með fjórum vösum og vasa fyrir kylfu innan á hliðarvasa öðru hvoru megin.

1.1.6 SKYRTA skal vera heilerma með venjulegum kraga. Á henni eru axlarsprotar með tilheyrandi merkingum, sbr. kafla um stöðumerkingar. Á skyrtunni skulu vera tveir brjóstvasar með loki og hneppast með litlum einkennishnappi. Armmmerki er sett á vinstri ermi 7 sm neðan við axlarsaum.

1.1.7 PEYSA skal vera svört með V-hálmáli og notuð undir jakka eða yfirhöfn.

1.1.8 JAKKI II skal vera úr svörtu efni, af vandaðri gerð og skal hann ná vel niður fyrir mitti. Hann lokast að framan með sterkum rennilás. Stykki fellur yfir rennilásinn og hneppest með 4 stórum einkennishnöppum. Jakkinn skal vera með kraga. Utan á jakkanum eru tveir brjóstvasar með litlum einkennishnappi. Hann skal vera með tveimur innri vösum. Leður-bryddingar eru fremst á ermum. Jakkinn skal vera fóðraður með stroff í ermum.

Axlarsprotar, klæddir sama efni og er í jakkanum, eru saumaðir við axlarbrún, en hnepptir á tölu nær kraga eða festir með smellu.

Endurskinsborði, 2,5 sm breiður, skal vera neðst á jakkanum á milli fellinga að aftan og undir vösum að framan. Einnig skal vera endurskinsborði, 2,5 x 4 sm, undir kraga. Fremst á ermum skulu vera endurskinsborðar, 1,5 sm breiðir.

1.1.9 FRAKKI skal vera úr svörtu frakkaklæði. Hann skal ná niður á miðjan kálfa. Frakkinn er vasalaus að utan, en innan á honum eru tveir brjóstvasar og einn vasi neðanvert við mitti.

Frakkinn skal vera með venjulegum kraga, tvíhnepptur með stærri gerð einkennis-hnappa, 5 í hvorri röð og þannig fyrir komið að hneppa megi upp í háls.

Á baki skulu vera tvær fellingar niður frá mitti, teknar saman með spæl í mittið. Spællinn er festur saman með einum stórum einkennishnappi, og þrjár stórir einkennishnappar skulu vera niður eftir hvorri fellingu. Í klauf að aftan koma þrjár litlir einkennishnappar.

Á ermum frakkans koma uppslög án hnappa.

1.1.10 KULDAÚLPA skal vera úr svörtu efni af vandaðri gerð, og aðeins síðari en einkennisjakki I. Úlpan lokast að framan með sterkum rennilás niður í mitti. Stykki fellur yfir rennilásinn og hneppist með 5 stórum einkennishnöppum. Snúra skal vera um mitti innan á úlpunni og smellt teygjubelti í fódri til að herpa hana saman.

Á úlpunni skal vera svartur loðkragi. Hún skal vera fódruð með hlýju efni af viður-kenndri tegund. Utan á úlpunni eru tveir brjóstvasar með loki, sem á er einn lítill einkennishnappur. Á sama hátt koma tveir hliðarvasar neðan við brjóstvasana. Þeir eru með loki með einum stórum einkennishnappi, en lokast með frönskum rennilás.

Axlarsprotar, klæddir sama efni og er í úlpunni, eru saumaðir við axlarbrúnir og festir nær kraga með lítilli tölu eða smellu. Hægt er að fá með úlpunni lausa hettu, sem festist við úlpuna með smellum.

Endurskinsborði, 2,5 sm breiður, skal koma neðst á fald úlpunnar og enn fremur 1,5 sm breiður borði fremst á ermar, og skulu borðarnir ná allan hringinn.

1.1.11 REGNFATNAÐUR er jakki og buxur og skal vera úr svörtu vatnsheldu efni og allir saumar soðnir. Sídd jakkans miðast við þumalfingursgóm þegar staðið er í réttstöðu. Jakkinn skal vera með hettu sem brjóta má inn í kragann. Hann skal vera með tveimur ytri vösum og einum innri brjóstvasa. Jakkinn lokast að framan með rennilás að innanverðu, en er hnepptur að utan með 5 stórum einkennishnöppum í einfaldri röð. Hann er tekinn saman í bakið, um mitti, með teygju milli hliðarsauma.

Endurskinsborðar, 2,5 sm breiðir, skulu koma þvert yfir brjóst og bak. Neðst á jakkafaldi og fremst á ermar koma 2 sm breiðir endurskinsborðar sem ná allan hringinn.

Axlarsprotar skulu ganga gegnum lykkjur yst á öxl og hneppast við kraga. Einkennis-smeygar eru dregnir upp á axlarsprotu.

Buxur skulu ná upp á brjóst og bak ef axlabönd eru notuð. Annars ná þær upp í mitti og eru með sterkri teygju. Endurskinsborðar, 2 sm breiðir, fylgja báðum hliðarsaumum alla leið. Einnig koma 2 endurskinsborðar með nokkru millibili aftan á hvorn kálfa.

1.2 Einkennisfatnaður lögreglumanna á bifhjólum.

1.2.1 EINKENNISJAKKI skal vera svartur mittisjakki úr leðri, sem lokast með rennilás að framan. Á jakkanum eru tveir ytri brjóstvasar með smelltum lokum og tveir innri vasar. Ermar eru þröngar að framan með rennilás. Utanvert á ermum skal vera 3 sm breiður endurskinsborði frá líningu að olnboga. Við jakkann skal bera flautu á sama hátt og við jakka I.

1.2.2 BUXUR skulu annars vegar vera uppháar (smekkbuxur) úr svörtu leðri, hins vegar með reiðbuxnasniði úr sterku, svörtu efni. Tveir endurskinsborðar, 3 sm breiðir, skulu vera með 1 sm millibili utanvert á báðum skálmum skáhallt niður undir hné.

1.2.3 ÖRYGGISHJÁLMUR skal vera úr hvítu trefjaplasi og smelltur undir höku. Löreglu-skjöldur álímdur skal vera framan á hjálminum.

1.2.4 HANSKAR skulu vera svartir úr leðri. Þeir skulu fódraðir og með hvítum uppslögum.

1.2.5 LEÐURSTÍGVÉL skulu vera svört með reiðstígvélasniði.

1.2.6 KULDAÚLPA er hin sama og almennrar lögreglu.

1.2.7 REGNFATNAÐUR er hinn sami og almennrar lögreglu.

1.2.8 GÚMSTÍGVÉL skulu vera svört með reiðstígvélasniði.

1.2.9 TREFILL skal vera hvítur eða svartur.

1.2.10 BELTI skal vera hvítt, úr leðri, með axlaról yfir hægri öxl. Hanki skal vera vinstra megin á belti fyrir hvíta umferðarstjórnarkylfu eða ljós. Hylki fyrir handjárn skal vera á beltinu. Endurskinsborðar eru á belti og axlaról.

1.2.11 ÚTHLUTUN EINKENNISFATNAÐAR LÖGREGLUMANNA Á BIFHJÓLUM

1.2.11.1 Þegar lögreglumenn hefja störf á bifhjólum lögreglu er þeim úthlutað fyrrgreindum fatnaði, öðrum en kuldaúlpu, reiðbuxum og regnfatnaði. Endurnýjun fatnaðar fer síðan eftir þörfum að mati yfirmanna.

Þegar lögreglumaður lætur af störfum á bifhjóli lögreglu ber honum að skila öllum sérbúnaði og fatnaði öðrum en reiðbuxum.

1.3 Einkennisfatnaður sérsveitar lögreglunnar.

1.3.1 EINKENNISHÚFA skal vera svört alpahúfa með ísaumuðum lögregluskildi að framan.

1.3.2 SAMFESTINGUR skal vera úr sterku, svörtu efni með axlarsprotum úr sama efni. Þeir eru saumaðir við axlarsaum og festir nær háls máli með litlum hnappi eða smellu.

1.3.3 SKJÓLKLÆDNAÐUR skal vera grænblár jakki og buxur, dökkblá eða svört rúllu-kragapeysa, svartir leðurhanskar og lambhússhetta.

1.3.4 SKÓFATNAÐUR skal vera svartir, uppháir, reimaðir leðurklossar og svört gúmstígvél.

1.3.5 BELTI skal vera 4 sm breitt úr svörtu leðri, með venjulegri sylgju.

1.3.6 REGNFATNAÐUR skal vera samskonar og almenna lögreglan notar, en án einkennis-hnappa og endurskinsborða.

1.3.7 ÚTHLUTUN EINKENNISFATNAÐAR SÉRSVEITAR

1.3.7.1 Þegar lögreglumenn hefja störf í sérsveit lögreglunnar er þeim úthlutað tveimur samfestingum, einum leðurklossum, einni húfu, einu leðurbelti, einum skjólklaðnaði, einni peysu, einum hönskum, einni lambhússhettu, einum regngalla og einum gúmstígvélum. Endurnýjun fatnaðar fer síðan eftir þörfum að mati yfirmanna.

Þegar lögreglumaður lætur af störfum í sérsveit ber honum að skila öllum sérbúnaði og fatnaði.

1.3.8 EINKENNISMERKI

1.3.8.1 Klaðnaður sérsveitar skal merktur með saumuðu lögreglumerki (lögreglustjörnu), á vinstri ermi 7 sm neðan við axlarsaum, og videigandi merkingum á axlarsprotum.

Aðrar merkingar eru óheimilar nema með sérstöku leyfi dómismálaráðuneytisins.

1.4 Einkennisfatnaður í Lögregluskóla ríkisins.

1.4.1 SKÓLASTJÓRI OG KENNARAR

1.4.1.1 Einkennisfatnaður skólastjóra er hinn sami og yfirlöggluþjóns.

1.4.1.2 Einkennisfatnaður lögreglumanna, sem eru fastráðnir kennarar við skólann, er hinn sami og aðalvarðstjóra og lögreglufulltrúa.

1.4.1.3 Lögregluskólinn ber kostnað af fatnaði skólastjóra og fastráðinna kennara og gefur út fatabeiðnir til þeirra.

1.4.1.4 Öðrum kennurum er ekki lagður til einkennisfatnaður.

1.4.5 KLÆÐABURÐUR VIÐ KENNSLU

1.4.5.1 Skólastjóri og lögreglumenn, sem eru fastráðnir kennarar við skólann, skulu við kennslu vera í einkennisfötum. Að jafnaði er þeim ekki gert skylt að ganga í einkennisjakka.

1.4.5.2 Klæðnaður þeirra skal ávallt vera hreinn og snyrtilegur og skór vel burstaðir.

1.4.5.3 Á skyrtu skal skólamerkið vera saumað á vinstri ermi 7 sm neðan við axlarsaum.

1.4.5.4 Lögreglumenn, sem annast stundakennslu við skólann, skulu vera einkennisklæddir samkvæmt stöðu sinni.

1.4.5.5 Frávik frá þessum reglum eru óheimil nema meðsamþykki skólastjóra í samráði við skólanefnd.

1.4.6 NEMENDUR

1.4.6.1 Skólafatnaður nemenda er venjulegur einkennisfatnaður. Að jafnaði er þeim ekki gert skylt að ganga í einkennisjakka eða með einkennishúfu.

1.4.6.2 Hafi nemandi ekki verið starfandi löggluþjónn fyrir skólagöngu og honum ekki verið úthlutað einkennisfatnaði, þá sér skólinn um, í samráði við hlutadeigandi löggluþjóra, að nemandi fái einkennisfatnað.

1.4.6.3 Skólinn leggur nemanda til bláan kakísamfesting með skólamerki á vinstri ermi, 7 sm neðan við axlarsaum. Endurskinsborðum, 2,5 sm á breidd, skal komið fyrir bæði framan og aftan á samfestingnum. Einnig leggur skólinn til bláar húfur með saumað eða prentað skólamerki að framan, til nota utanhúss með samfestingnum.

1.4.6.4 Skólinn útvegar bláa æfingabúninga sem nemendur greiða. Búningurinn er ljósgrár yfir öxlum. Endurskinsborðar eru bæði á treyju og buxum.

1.4.6.5 Yfirmenn skólans skulu fylgjast reglubundið með því að klæðaburður nemenda sé í samræmi við þessar reglur. Ef út af er brugðið eða snyrtimennsku er áfátt ber að láta nemanda lagfæra það þegar í stað.

1.4.6.6 Nú nær nemandi ekki tilskildum árangri í prófi á fyrri önn eða á burtfararprófi í Löggluskóla ríkisins, og ber honum þá að afhenda skólanum þann einkennis- og skólafatnað sem honum var látinn í té.

1.4.6.7 Nemendum er óheimilt að nota fatnað, sem um getur í þessum reglum, til annarra nota en í Löggluskóla ríkisins eða við lögglustörf. Þó er undanskilinn æfingabúningur sem um getur í 4. tl. hér á undan og telst vera eign nemenda.

1.5 Annar einkennisfatnaður og búnaður lögreglumanna.

1.5.1 SKYRTUR Lögreglumenn sem bera númer, skulu vera í bláum skyrtum við skyldustörf sín, en aðrir einkennisklæddir lögreglumenn í hvítum skyrtum. Á skyrtunum skulu vera axlarsprotar með viðeigandi merkingum. Þær skulu vera með tveimur brjóstvösum með loki og hneppast með litlum einkennishöppum. Blái liturinn skal vera skv. fyrirbyggjandi sýnishorni.

1.5.2 HÁLSBINDI skulu vera úr svörtu taufni.

1.5.3 TREFLAR skulu vera hvítir eða svartir.

1.5.4 HANSKAR skulu vera hvítir nælonhanskar eða svartir fóðraðir leðurhanskar.

1.5.5 BELTI vegna umferðarstjórnar skal vera hvítt, með axlaról og hanka vinstra megin fyrir hvíta umferðarstjórnarkylfu eða ljós. Endurskinsborðar eru á belti og axlaról.

1.5.6 SOKKAR skulu vera svartir og ná upp á kálfa þegar gengið er í lágum skóm.

1.5.7 SKÓR skulu vera svartir götu- og/eða kuldaskór.

1.5.8 SKÓHLÍFAR OG STÍGVÉL skulu vera svört.

1.5.9 ANNAR FATNAÐUR. Til afnota fyrir lögreglumenn lætur lögreglustjóri þeim í té öryggishjalma, sloppa, samfestinga, kuldasmfesting, vettlinga og gúmstígvél, þegar þörf krefur að mati yfirstjórnar.

1.5.10 HANDJÁRN Í HYLKI OG KYLFA skal ætíð borin með einkennisfatnaði.

1.5.11 FLAUTA. Lögreglumenn í einkennisjakka I skulu ætíð bera flautu sem hneppist í vinstri brjóstvasa og festist með gylltri festi í ytri hnapp á vinstri axlarsprotu jakkans.

2. KLÆÐABURÐUR LÖGREGLUMANNA

2.1 Lögreglumenn skulu ganga í einkennisfatnaði við störf sín samkvæmt þessari reglugerð.

2.2 Lögreglumenn skulu ávallt vera snyrtilegir til fara. Fatnaði, sem þeim er lagður til, ber þeim að halda vel við og sjá um að hann sé hreinn og snyrtilegur. Lögreglustjóri og aðrir yfirmenn skulu fylgjast með klæðaburði lögreglumanna, og ber þeim að sjá til þess að klæðnaður sé í samræmi við gildandi reglur. Þess skal jafnan gætt að samræmi sé í klæðaburði þegar tveir eða fleiri eru saman að störfum.

2.3 Einkennisklæddur lögreglumaður skal vera með einkennishúfu á almannafæri.

2.4 Með samþykki lögreglustjóra er lögreglumönnum heimilt að vera án einkennisjakka, og húfu, t.d. við störf innan lögreglustöðvar, við akstur bifreiða og önnur sérstök tækifæri.

2.5 Lögreglumenn á bifhjólum mega bera hvíta eða svarta trefla við leðurjakka, en aðrir lögreglumenn mega einungis bera þá undir hlífðarfatnaði sínum.

2.6 Yfirlögregluþjónar og aðstoðaryfirlögregluþjónar mega vera óeinkennisklæddir við störf sín, enda sé það ákveðið í samráði við lögreglustjóra.

2.7 Þegar lögreglumenn sinna sérstökum verkefnum, mega þeir í samráði við yfirmenn sína, vera óeinkennisklæddir, en þá er þeim skylt að bera á sér lögregluskilríki.

2.8 Rannsóknarlögreglumenn og útlendingaeftirlitsmenn ganga ekki að jafnaði í einkennisfatnaði, en þeim er skylt að eiga einkennisfatnað lögreglu samkvæmt þessari reglugerð, og getur lögreglustjóri, í samráði við ráðuneyti, kallað þá til starfa í einkennisfötum við sérstakar aðstæður.

2.9 Við opinberar móttökur og önnur hliðstæð tækifæri skulu lögreglumenn klæðast einkennisbúningi I, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Ef þörf er á að yfirhöfn sé notuð við slíkar aðstæður ber stjórnendum að sjá til þess að samræmi sé í klæðaburði lögreglumanna. Lögreglustjóri getur við slíkar aðstæður ákveðið að allir lögreglumenn séu í hvítum skyrtum.

Í heiðursverði skal hver lögreglamaður bera hvíta hátíðarsnúru á vinstri öxl. Lögreglustjóri getur ákveðið notkun slíkrar snúru við önnur sérstök hátíðleg tækifæri.

2.10 Aðstoðarmenn lögreglu skulu nota sérstakan einkennisfatnað, einkennishúfu eða lögreglumerki, sem lögreglustjóri lætur þeim í té í sérstökum tilvikum. Þeim fatnaði og merkjum, sem þeim voru afhent, ber þeim að skila til lögreglustjóra þegar aðstoð er lokið eða lögreglustjóri ákveður.

2.11 Lögreglustjórar geta gefið lögreglumönnum nánari fyrirmæli um klæðaburð, búnað o.fl., en gæta skulu þeir þess að slík fyrirmæli séu í fullu samræmi við þessa reglugerð.

3. LÖGREGLUMERKI. LÖGREGLUSKILRÍKI. EINKENNISHNAPPAR

3.1 Lögreglumerkið er gyllt sex arma stjarna úr málmi (lögregluskjöldur) 55 mm í þvermál, með áletruninni *Með lögum skal land byggja*, og á hringfleti í miðju merkisins er greyptur skjöldur framan við tvö sverð.

3.2 Lögregluskilríki. Lögreglumenn og útlendingaeftirlitsmenn bera skilríki í plasti, þar sem fram kemur nafn, kennitala, staða og ljósmynd í litum. Myndina skal endurnýja á 7 ára fresti og oftast ef þörf þykir að mati lögreglustjóra. Skilríkin skulu vera með stimpli embættisins og undirrituð af lögreglustjóra.

3.2.1 Rannsóknarlögreglumenn, útlendingaeftirlitsmenn og aðrir lögreglumenn, sem ekki eru einkennisklæddir við skyldustörf, skulu bera skilríki í sérstöku leðurveski. Veskið er þannig gert að í öðrum vasa þess er komið fyrir lögreglumerki, 5 sm í þvermál, en í hinn vasa veskisins skal vera unnt að smeygja skilríkiskortinu sem lýst er hér á undan.

3.2.2 Rannsóknarlögreglumenn hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins skulu bera samskonar persónuskilríki og aðrir rannsóknarlögreglumenn, að öðru leyti en því að merkið er 7 arma stjarna með skjaldarmerki lýðveldisins í miðju. Í hringnum utan við skjaldarmerkið er lettrað *Rannsóknarlögregla ríkisins*.

3.2.3 Lögreglumönnum eru afhent skilríki þegar þeir hefja störf, og er þeim skylt að bera þau á sér við skyldustörf. Þeim ber að afhenda lögreglustjóra lögregluskilríki sín þegar þeir láta af störfum.

3.3 Einkennishnappar lögreglunnar eru hringlaga, gylltir með upphleyptri mynd af merkinu „Hönd og auga“. Hnapparnir eru í tveimur stærðum. Minni gerðin er 16 mm, en hin stærri 21 mm í þvermál.

3.4 Armmerkin eru hringlaga úr svörtu klæðisefni, 8,2 sm í þvermál. Lögregluskjöldurinn er ísaumaður með gylltum þræði. Yst á merkinu, allan hringinn, er ísaumuð gyllt rönd og önnur eins rönd er einum sm innar, utan við horn lögreglustjörunnar. Efst á merkinu, á milli hringjanna, er ísaumað með gylltum þræði nafnið *Lögreglan* en að neðan tilheyrandi staðarheiti.

3.4.1 Armmerkin eru sett á vinstri ermi, 7 sm neðan við axlarsaum, á jakka II, kuldaúlpu, skyrtu og samfestingi.

3.5 Merki lögregluskóla ríkisins er eins og armmerkið að lögun og gerð að ofan er ísaumað nafnið *Lögreglan* en að neðan *Lögregluskólinn*.

3.5.1 Merkið er notað á einkennisfatnað nemenda og kennara, að undanskildum jakka I.

4. STÖÐUEINKENNI LÖGREGLUMANNA

4.1 Óbreyttir lögreglumenn skulu bera númer til auðkenningar. Númerin skulu vera úr gylltum málmum eða ísaumuð með gylltum þræði. Þau skulu vera 19 mm á hæð og sitja rétt fyrir ofan vinstri brjóstvasa.

4.1.1 Starfsaldur í lögreglu skal ráða númeraröð þannig að sá lögreglumaður, sem hefur lengstan starfsaldur, skal bera lægsta númerið. Þegar starfsaldur er jafn skal lífaldur ráða þannig að sá sem eldri er ber lægra númer.

4.1.2 Við sérhvert lögreglustjóraembætti skal aðeins vera ein númeraröð lögreglumanna þannig að aldrei séu tveir lögreglumenn með sama númer innan lögregluliðsins. Endurskoðað skal númeraröð lögreglumanna í upphafi hvers árs.

4.2 Aðstoðarvarðstjórar og aðrir lögreglumenn með hærra starfsstig bera eitt lítið lögreglumerki, 22 mm í þvermál, á hvoru kragahorni á jakka I. Auk þess bera þeir eftirfarandi einkenni:

4.2.1 AÐSTOÐARVARÐSTJÓRI, RANNSÓKNARLÖGREGLUMAÐUR II OG ÚTLENDINGAEFTIRLITSMÆÐUR II bera eina slétta, gylta plötu, 24 x 10 mm að stærð, á hvorum axlarsprota.

4.2.2 VARÐSTJÓRI, RANNSÓKNARLÖGREGLUMAÐUR I OG ÚTLENDINGAEFTIRLITSMÆÐUR I bera tvær sléttar, gyltar plötur, 24 x 10 mm að stærð, á hvorum axlarsprota.

4.2.3 AÐALVARÐSTJÓRI OG LÖGREGLUFULLTRÚI bera eina litla lögreglustjörnu, 16 mm í þvermál, á hvorum axlarsprota.

4.2.4 AÐSTOÐARYFIRLÖGREGLUÞJÓNN OG DEILDARFULLTRÚI bera tvær litlar lögreglustjörnur, 16 mm í þvermál, á hvorum axlarsprota.

4.2.5 Tveir 10 mm jafnbreiðir gylltir borðar skulu vera á hvorri jakkaermi ofan við ermahnappa, með 5 mm millibili og ná milli ermasauma.

4.2.6 YFIRLÖGREGLUÞJÓNN, SKÓLASTJÓRI LÖGREGLUSKÓLANS OG FORSTÖÐUMAÐUR ÚTLENDINGAEFTIRLITSINS bera þrjár litlar lögreglustjörnur, 16 mm í þvermál, á hvorum axlarsprota.

Þrjár 10 mm jafnbreiðir gylltir borðar skulu vera á hvorri jakkaermi ofan við ermahnappa, með 5 mm millibili og ná milli ermasauma.

4.3 Án sérstaks leyfis lögreglustjóra er lögreglumönnum óheimilt að bera með einkennisfatnaði bindisnælur, barmmerki eða merki, önnur en hér greinir:

4.3.1 HEIÐURSMERKI, ÞJÓNUSTUMERKI EÐA TÁKNRÆNA BORÐA ÞEIRRA.

4.3.2 FÉLAGSMERKI LÖGREGLUMANNA OG SAMTAKA ÞEIRRA.

4.3.3 Merki samkvæmt 4.3.1 skulu borin samkvæmt merkjareglum, en merki samkvæmt

4.3.2 skulu einungis borin við sérstök tækifæri.

4.3.4 Aðeins er heimilt að bera eitt merki í senn, og skal það fest vinstra megin í jakkahorni.

4.4. Merkingar á axlarsprotum öðrum en jakka I.

4.4.1 Smeygar með einkennum skulu dregnir upp á axlarsprotu á einkennisfatnaði lögreglumanna, nema á jakka I. Einkennin eru gylltir borðar, saumaðir á smeygana að ofanverðu. Á hverjum smeyg eru a.m.k. tveir slíkir borðar, sinn á hvorum jaðri, ytri jaðri (nær axlarbrún) og innri jaðri (nær hálsmáli). Borðarnir eru 3 mm og 6 mm á breidd. Einkenni skulu vera sem hér segir:

4.4.1.1 Lögreglumaður 4, héraðslögreglumaður og aðstoðarmaður lögreglu.

Einn borði (3 mm) á hvorum jaðri.

4.4.1.2 Lögreglumaður 2-3.

Tveir borðar (3 mm) með 2 mm millibili yst á smeygnum og einn borði jafnbreiður á innri jaðri.

4.4.1.3 Lögreglumaður 1.

Einn borði (6 mm) á ytri jaðri. Einn borði (3 mm) á innri jaðri.

4.4.1.4 Flokkstjóri og lögreglumaður í sérhæfðu starfi.

Einn borði (6 mm) á ytri jaðri og annar borði (3 mm) 2 mm innar. Einn borði (3 mm) á innri jaðri.

4.4.1.5 Aðstoðarvarðstjóri, rannsóknarlögreglumaður 2 og útlendingaeftirlitsmaður 2.

Einn borði (6 mm) á ytri jaðri og annar borði (3 mm) 2 mm innar. Einn borði (3 mm) á innri jaðri.

4.4.1.6 Varðstjóri, rannsóknarlögreglumaður 1 og útlendingaeftirlitsmaður 1.

Einn borði (6 mm) á ytri jaðri og annar borði (3 mm) 2 mm innar. Einn borði (3 mm) á innri jaðri.

4.4.1.7 Aðalvarðstjóri og lögreglufulltrúi.

Tveir borðar (6 mm) með 2 mm millibili yst á smeygnum og einn borði (3 mm) á innri jaðri.

4.4.1.8 Aðstoðaryfirlögregluþjónn og deildarfulltrúi.

Tveir borðar (6 mm) með 2 mm millibili yst á smeygnum og einn borði (3 mm) á innri jaðri.

4.4.1.9 Yfirlögregluþjónn, skólastjóri lögregluskólans og forstöðumaður útlendingaeftirlits.

Tveir borðar (6 mm) með 2 mm millibili yst á smeygnum og einn borði (3 mm) á innri jaðri.

4.4.1.10 Til nánari glöggvunar fylgja myndir og skýringar af einkennum smeyga sem smeygt er upp á axlarsprotu.

4.4.1.11 Önnur einkenni á smeygum eru í samræmi við merkingar á axlarsprotum eins og lýst er framar í þessum kafla, um stöðueinkenni lögreglumanna.

STÖÐUEINKENNI LÖGREGLUMANNA

Stöðuheit:	Einkennis- húfa:	Sproti: Jakki I -	Smeygur: Annar fatmaður:	Boðungur/ Brióst:	Ermi:
Lögreglumaður 4 Héraðslögreglumaður Aðstoðarmaður lögreglu				Númer	
Lögreglumaður 2-3				Númer	
Lögreglumaður 1				Númer	
Flokkstjóri Lögreglumaður í sérhæfðu starfi				Númer	
Aðstoðarvarðstjóri Rannsóknarlögreglumaður 2					
Varðstjóri Rannsóknarlögreglumaður 1					
Aðalvarðstjóri Lögreglufulltrúi					
Aðstoðaryfir lögregluþjónn Deildarfulltrúi					
Yfir lögregluþjónn Skólastjóri Lögregluskóla ríkisins Fulltrúi lögreglustjóra yfir útlendingaeftirliti					

5. ÚTHLUTUN EINKENNISFATNAÐAR TIL LÖGREGLUMANNA

5.1 Lögreglumenn í fullu starfi skulu fá afhentan einkennisfatnað sem hér segir:

5.1.1 Á fyrsta starfsári fá þeir einn jakka I, einn jakka II, eina kuldaúlpu, einn regngalla, fernar buxur, eitt vesti, eina peysu, þrjár skyrtur, eitt hálsbindi, eina einkennishúfu, einn húfukoll, eina kuldahúfu, eina lága götuskó, eina kuldaskó, einn trefil, eina leðurhanska, eina nælonhanska og ferna sokka.

5.1.2 Einkenni fylgja fatnaðinum samkvæmt reglugerð og eftir þörfum að mati yfirmanns.

5.1.3 Lögreglumönnum, sem aka bifhjólum lögreglunnar er úthlutað sérstökum einkennisfatnaði samkv. lið 1.2 um lögreglumenn á bifhjólum.

5.1.4 Lögreglumönnum í sérsveit lögreglunnar, er úthlutað sérstökum einkennisfatnaði samkv. lið 1.3.

5.1.5 Kvenlögreglumenn eiga þess kost að fá skokk og síðbuxur sér að kostnaðarlausu á meðgöngutíma. Fer þessi úthlutun eftir mati viðkomandi lögreglustjóra í samráði við dómsmálaráðuneyti.

5.1.6 Um úthlutun og endingartíma einkennisfatnaðar lögreglumanna vísast að öðru leyti til eftirfarandi töflu:

5.1.7

Úthlutun einkennisfatnaðar:

1. JAKKI I	einn þriðja hvert ár
2. BELTI ÁN SYLGJU	eitt þriðja hvert ár
3. JAKKI II	einn á fyrsta ári, einn á öðru ári og síðan eitt ár án úthlutunar, fyrst '90
4. KULDAÚLPA	ein fjórða hvert ár
5. REGNFATNAÐUR	einn þriðja hvert ár
6. BUXUR	tvennar á hverju ári
7. VESTI	eitt þriðja hvert ár
8. PEYSA	ein annað hvert ár, fyrst '90
9. SKYRTA	þrennar á hverju ári, fyrst '90
10. HÁLSBINDI	eitt á hverju ári
11. EINKENNISHÚFA ÁSAMT AUKAKOLLI	ein á hverju ári
12. KULDAHÚFA	ein fjórða hvert ár
13. GÖTUSKÓR	einir á hverju ári
14. KULDASKÓR	einir annað hvert ár
15. TREFILL	einn þriðja hvert ár, fyrst '90
16. LEÐURHANSKAR	einir þriðja hvert ár, fyrst '90
17. NÆLONHANSKAR	eitt par á hverju ári, fyrst '90
18. SOKKAR	fern pör á hverju ári, fyrst '90

Eftirfarandi tafla skýrir enn frekar hvernig úthlutunin verður í framkvæmd. *Hafa ber í huga að úthlutunin á kuldaúlpu og kuldahúfu fer fram á 4 ára fresti og er talið frá því þeim fatnaði var síðast úthlutað til viðkomandi lögreglumanns. Hið sama er að segja um úthlutun á regnfatnaði nema honum verður úthlutað þriðja hvert ár.

ÚTHLUTUNAR ÁR:	'89	'90	'91	'92	'93	'94	'95	'96	'97	'98	'99
1. JAKKI I	1			1			1			1	
2. BELTI	1			1			1			1	
3. JAKKI II		1	1		1	1		1			1
4. KULDAÚLPA	1*				1				1		
5. REGNFATNAÐUR	1*			1			1			1	
6. BUXUR	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2
7. VESTI	1			1			1			1	
8. PEYSA		1		1		1		1		1	
9. SKYRTA	2	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3
10. HÁLSBINDI	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
11. EINK.HÚFA + KOLLUR	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
12. KULDAHÚFA	1*				1				1		
13. GÖTUSKÓR	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
14. KULDASKÓR	1		1		1		1		1		1
15. TREFILL		1			1			1			1
16. LEÐURHANSKAR		1			1			1			1
17. NÆLONHANSKAR		1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
18. SOKKAR		4	4	4	4	4	4	4	4	4	4

5.2 Héraðslögglumenn, sem starfa samkvæmt samningi, fá afhent einkennisföt sem hér segir:

- Einn jakka II.
- Eina kuldaúlpu.
- Tvennar einkennisbuxur.
- Eina húfu og koll.
- Tvær skyrtur.
- Eitt bindi.
- Eina skó.

Endurnýjun fatnaðarins fá þeir samkvæmt mati lögreglustjóra.

5.3 Viðhald fatnaðar o.fl.

5.3.1 Venjulegt viðhald einkennisfatnaðar greiða lögreglumenn sjálfir. Þeir skulu þó fá greiddar tvær fatahreinsanir á ári, svo og aðrar hreinsanir á fötum sem yfirmaður telur þörf á. Meiriháttar tjón á einkennisfatnaði, sem rekja má til starfsins, skal lögreglumönnum bætt að mati yfirmanns.

5.3.2 Þegar lögreglumenn láta af störfum ber þeim að skila síðasta einkennisfatnaði sem þeir fengu, þar með húfu, belti með tilheyrandi sylgju, búnaði og einkennum.

5.3.3 Einkennisfatnaður, sem fastráðinn lögreglumaður hefur fengið afhentan samkvæmt reglugerð og notað lengur en tvö ár, skal teljast hans eign. Tilheyrandi einkennum ber honum þó að skila til yfirmanns.

5.3.4 Lögreglumönnum er óheimilt að nota einkennisfatnaðinn utan lögreglustarfsins. Þeim er óheimilt að afhenda hann óviðkomandi aðilum.

5.3.5 Lögreglumönnum, sem láta af störfum á reynslutíma, hafa starfað skemur en tvö ár og hafa ekki útskrifast úr Lögregluskóla ríkisins, ber að skila öllum einkennisfatnaði, búnaði og einkennum, sem þeir hafa fengið afhentan vegna skólagöngu eða lögreglustarfs.

5.3.6 Lögreglustjórar útvega einkennisfatnað og annan búnað handa lögreglumönnum. Þeim ber að halda skrá yfir afhenta einkennisbúninga, lögreglueinkenni og lögregluskilríki. Lögreglumönnum ber að gæta þess að lögreglumerki og lögregluskilríki, sem þeim eru afhent vegna lögreglustarfs, lendi ekki í höndum óviðkomandi aðila.

5.3.7 Einkennisfatnaður lögreglu skal á hverjum tíma keyptur hjá þeim, sem ríkið gerir samning við um fataviðskipti lögreglunnar. Fatnaðurinn skal einvörðungu afhentur gegn tilvísun lögreglustjóra.

5.3.8 Ráðuneytið getur falið tiltekinni stofnun að annast afhendingu fatnaðarins.

6. ÝMIS ÁKVÆÐI

6.1 Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga um lögreglumenn nr. 56 29. maí 1972, sbr. og 24. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni nr. 255/1980.

6.2 Dómsmálaráðuneytið sker úr ágreiningi sem rísa kann vegna túlkunar á reglugerð þessari.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. febrúar 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Hjalti Zóphóníasson.

9. mars 1990

Nr. 119

REGLUGERÐ

um bréfaskipti, símtöl og heimsóknir til afplánunarfanga.

I. KAFLI

Bréfaskipti.

A. Almennar reglur um bréfaskipti.

1. gr.

Fanga er heimilt að senda bréf og taka við bréfum.

Forstöðumaður fangelsis getur ákveðið takmarkanir á bréfaskiptum fanga við tilgreinda aðila ef það í einstökum tilvikum telst nauðsynlegt:

a. Til að halda góðri reglu í fangelsinu eða vegna öryggis.

b. Til að fyrirbyggja refsiverðan verknað.

c. Í þeim tilgangi að verja þann er afleiðingar af broti fanga hafa bitnað á.

Ákvarðanir um takmarkanir á bréfaskiptum samkvæmt þessari grein skulu bókaðar og ástæður tilgreindar.

2. gr.

Þegar fangelsi útvegar bréfsefni eða umslög má það ekki bera með sér stimpil eða önnur einkenni sem af má ráða að sendandi sé vistaður í fangelsi.

3. gr.

Bréf til og frá fanga skulu afhent eða send á ástæðulauss dráttar. Ef bréf tilgreinds fanga eru almennt lesin skal honum skýrt frá því að umfangsmikil bréfaskipti geti haft í för með sér seinkun á afgreiðslu á bréfum hans.

4. gr.

Fangi skal sjálfur bera kostnað af bréfum er hann sendir.

5. gr.

Bréf til eða frá fanga skulu ekki lesin nema forstöðumaður fangelsis telji það nauðsynlegt í einstökum tilvikum til að halda góðri reglu og öryggi í fangelsinu eða til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur forstöðumaður fangelsis þó ákveðið tilviljunarkendan lestur á bréfum til að hafa eftirlit með að óskodaður póstur sé ekki misnotaður.

Ákvörðun um lestur á bréfi skal bókuð og ástæða tilgreind.

Til að koma í veg fyrir að bréf séu ekki notuð til að fá eða senda efni, muni eða annað sem fanga er óheimilt að hafa í fangelsi skulu eftirfarandi reglur gilda um þau bréf sem ekki eru lesin:

- a. Bréf til fanga skal opnað að honum viðstöddum.
- b. Bréf frá fanga skal afhent starfsmanni fangelsis opið og því lokað í hans auglýning eftir að innihald umslags hefur verið athugað.

Forstöðumaður fangelsis getur ákveðið að bréf skuli ekki opnað eða heimilað að sent sé bréf er afhent hefur verið lokað.

6. gr.

Þegar er bréf er lesið gilda eftirfarandi reglur:

a. Forstöðumaður fangelsis getur ákveðið að lagt sé hald á bréf ef það er talið óhæft til sendingar vegna þess að efni þess geti haft áhrif á góða reglu og öryggi í fangelsinu, að það sé nauðsynlegt til að koma í veg fyrir eða upplýsa refsiverðan verknað, til þess að vernda þann sem afleiðingar af broti fanga hefur bitnað á eða að bréfið innihaldi upplýsingar um aðra fanga.

b. Aðsent bréf sem vegna sambærilegra ástæðna telst óhæft til afhendingar skal endursent. Ef það er talið nauðsynlegt vegna öryggis eða til að fyrirbyggja eða upplýsa refsiverðan verknað skal lagt hald á aðsent bréf.

c. Ef nauðsynlegt er talið að leggja hald á bréf til eða frá gæsluvarðhaldsfanga sem vistaður er í afplánunarfangelsi, vegna þess að innihald þess geti haft áhrif á góða reglu eða öryggi í fangelsinu eða til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað skal bréfið þegar afhent lögreglu eða ríkissaksóknara. Þessir aðilar skulu svo fljótt sem unnt er ákveða hvort bréf skuli afhent gæsluvarðhaldsfanga eða það endursent. Ef innihald þess er talið geta skaðað rannsókn á broti gæsluvarðhaldsfangans eða haft áhrif á að góð regla og öryggi haldist í fangelsinu skal bréf ekki afhent eða endursent, en um ákvörðun um að leggja hald á það skal farið samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

Bréf sem lagt er hald á samkvæmt a eða b lið 1. mgr. skal varðveitt í fangelsinu. Ef ætla má að innihald bréfs, sem lagt hefur verið hald á, gefi lögreglu eða öðrum aðilum réttarvörslu-kerfisins tilefni til aðgerða skal það afhent hlutadeigandi yfirvaldi.

Ef lagt er hald á bréf skal það skráð og ástæða tilgreind. Sendanda skal tilkynnt um að hald hafi verið lagt á bréf og ástæðu þess nema það spilli tilgangi haldsins.

7. gr.

Bréf sem afhent hefur verið fanga eða annað bréf er hann hefur undir höndum, er heimilt að lesa og leggja hald á, ef forstöðumaður fangelsis telur það nauðsynlegt í einstökum tilvikum til að viðhalda góðri reglu og öryggi í fangelsinu eða til að fyrirbyggja eða upplýsa refsiverðan verknað.

Ef bréf er lesið eða hald lagt á það samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal ákvörðun um það bókuð og ástæða tilgreind. Þegar hald er lagt á bréfið skal fanga gerð grein fyrir ástæðu þess.

B. Sérreglur um bréfaskipti við yfirvöld og lögmenn.

8. gr.

Bréf til og frá þeim aðilum er taldir eru upp í 9. og 10. gr. mega fangelsisyfirvöld ekki lesa.

9. gr.

Með bréf til og frá eftirtöldum aðilum skal farið eftir ákvæðum 2. og 3. gr.:

1. Dómsmálaráðherra og dómsmálaráðuneyti.
2. Fangelsismálastofnun ríkisins.
3. Dómstólum.

4. Ríkissaksóknara.
5. Lögreglu.
6. Umboðsmanni Alþingis.
7. Mannréttindanefnd Evrópu.
8. Verjanda vegna sakamáls sem er til meðferðar.
9. Verjanda í því sakamáli sem leiddi til þess dóms sem fangi afplánar.

Fanga er heimilt að afhenda bréf til framangreindra aðila lokuð og þau mega starfsmenn fangelsis ekki opna.

Bréf sem skýrt ber með sér að það sé frá framangreindum aðilum má ekki opna, ef telja má öruggt að það sé frá hinum tilgreinda sendanda. Ef opna þarf slíkt bréf skal það gert í auglýsni viðkomandi fanga.

10. gr.

Með bréf til og frá eftirtöldum aðilum skal farið eftir ákvæðum 2. og 3. gr.:

1. Öðrum yfirvöldum en talin eru upp í 9. gr.
2. Alþingismönnum.
3. Stjórnarereindrekum eða ræðismönnum ef fangi er ríkisborgari viðkomandi ríkis.

Bréf til framangreindra aðila skal fangi afhenda opið og skal því lokað í auglýsni hans eftir að umslag hefur verið athugað. Bréf sem skýrt ber með sér að það sé frá framangreindum aðilum má ekki opna, ef telja má öruggt að það sé frá hinum tilgreinda sendanda. Ef opna þarf slíkt bréf skal það gert í auglýsni viðkomandi fanga.

Forstöðumanni fangelsis er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. mgr. og taka við lokuðu bréfi til sendingar.

11. gr.

Viðkomandi fangelsi greiðir póstkostnað bréfa til þeirra aðila sem taldir eru upp í 9. gr.

Ef sérstakar ástæður mæla með getur forstöðumaður fangelsis ákveðið að fangelsið greiði póstkostnað í öðrum tilfellum.

II. KAFLI

Heimsóknir.

C. Almennar reglur um heimsóknir.

12. gr.

Fangi hefur rétt til að þiggja heimsókn af nánustu vandamönnum sínum.

Forstöðumaður fangelsis getur leyft frekari heimsóknir.

Forstöðumaður getur bannað tilteknum einstaklingum að heimsækja fanga ef tilgangur heimsóknar er að halda við sambandi er til hefur verið stofnað í kynnisferð viðkomandi í fangelsið eða í sambærilegum tilvikum. Forstöðumaður getur einnig bannað fyrirverandi fanga að koma í heimsókn.

Forstöðumaður getur að öðru leyti bannað tilteknum einstaklingum að koma í heimsókn, einnig vandamönnum fanga, ef það telst nauðsynlegt til að halda góðri reglu og öryggi í fangelsinu eða til að koma í veg fyrir refsiverðan verknáð.

Ef einstaklingi er bannað að heimsækja fanga skal ákvörðun um það skráð og ástæða tilgreind.

13. gr.

Forstöðumaður fangelsis ákveður hvenær heimsóknir eru leyfðar í viðkomandi fangelsi.

Fangi hefur rétt til að fá heimsókn eigi sjaldnar en vikulega.

Forstöðumaður getur leyft frekari heimsóknir eða heimsóknir utan reglulegs heimsóknartíma, ef sérstakar ástæður mæla með. Hann ákveður jafnframt tímalengd og annað fyrirkomulag slíkra heimsókna.

14. gr.

Ef fangi óskar skal tímalengd heimsóknar vera eigi skemmri en ein klst. Forstöðumaður fangelsis getur ákveðið að heimsóknartími sé lengri, bæði almennt og í einstökum tilfellum.

15. gr.

Fangi tekur á móti heimsóknum í klefa sínum eða herbergi. Í sérstökum tilvikum getur forstöðumaður fangelsis ákveðið að fangi hitti þann er kemur í heimsókn í öðrum vistarverum fangelsisins, en ákvörðun um það skal bókuð og ástæða tilgreind.

16. gr.

Í upphafi afplánunar skal fangi skýra starfsmönnum fangelsis frá því hverjir séu nánustu vandamenn hans. Fangi skal tilkynna starfsmönnum fangelsisins um heimsókn slíkra aðila. Til að fá heimsókn frá öðrum en nánustu vandamönnum þarf leyfi viðkomandi fangelsis. Heimilt er að krefja þann er heimsækir fanga um persónuskilríki.

17. gr.

Til að hafa eftirlit með því að heimsóknir séu ekki notaðar til að afhenda eða flytja frá fanga efni, muni eða annað sem honum er óheimilt að hafa í fangelsinu er heimilt að leita á þeim er heimsækir fanga.

Heimilt er að leita á fanga og í klefa hans eða herbergi eftir að hann hefur fengið heimsókn, sem farið hefur fram án eftirlits.

Leit á fanga eða á þeim er heimsækir hann skal framkvæmd af fangaverði sama kyns og sá er, sem leitað er á.

18. gr.

Heimsóknir til fanga skulu almennt vera án eftirlits. Ef nauðsynlegt er talið, til að viðhalda góðri reglu og öryggi í fangelsinu eða til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað er heimilt að ákveða að heimsókn fari fram undir eftirliti fangavardar.

Heimsókn verjanda fanga vegna sakamáls sem er til meðferðar hjá lögreglu eða dómstólum skal ávallt vera án eftirlits.

19. gr.

Pegar heimsókn fer fram undir eftirliti fangavardar er heimilt að setja það skilyrði að samtal fari fram á tungumáli er fangavörðurinn skilur. Ef aðstæður krefja skal fá túlk til aðstoðar.

20. gr.

Heimilt er að rjúfa heimsókn ef það er talið nauðsynlegt til að viðhalda góðri reglu og öryggi í fangelsinu eða til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað.

21. gr.

Forstöðumaður fangelsis getur sett reglur um hvaða hluti sá, sem kemur í heimsókn til fanga, má hafa með sér. Heimilt er að setja það skilyrði að það sem farið er með til fanga sé skoðað. Hlutir sem sá, sem kemur í heimsókn, hefur með sér, en ekki er leyft að farið sé með til fanga, skulu varðveittir tryggilega á meðan á heimsókn stendur.

22. gr.

Forstöðumaður fangelsis ákveður hvort fleiri en einn einstaklingur má heimsækja fanga hverju sinni.

Almennt skal ekki leyfa börnum eða ungmennum yngri en 16 ára að heimsækja fanga nema í fylgd forráðamanns eða annars aðstandanda.

23. gr.

Fangi getur neitað að þiggja heimsókn annarra en þeirra sem eiga við hann opinber erindi eða heimsækja hann að tilmælum forstöðumanns fangelsis.

24. gr.

Forstöðumaður fangelsis setur að öðru leyti nánari reglur um fyrirkomulag heimsókna. Upplýsa skal þann sem kemur í heimsókn til fanga um þær reglur er gilda um heimsóknir.

D. Sérreglur um reglubundnar heimsóknir.

25. gr.

Dómsmálaráðuneytið eða Fangelsismálastofnun ríkisins geta leyft reglubundnar heimsóknir tilgreindra einstaklinga til eins eða fleiri fanga án þess að það skerði rétt fanga til almennra heimsókna. Slíkar heimsóknir mega fara fram utan reglubundinna heimsóknartíma.

Sá sem heimild hefur til heimsóknar í fangelsi samkvæmt þessarri grein skal tilkynna fangelsinu um hvenær hann hyggst koma í heimsókn.

Forstöðumaður fangelsis getur bannað þeim, sem leyfi hefur til heimsóknar samkvæmt þessarri grein, að koma í fangelsi eða að heimsækja tilgreinda einstaklinga eða rofið heimsókn sem þegar er hafin, ef sérstakar ástæður mæla gegn heimsókn. Slíkt bann skal þegar tilkynnt þeim er leyfi hefur veitt til heimsóknar og ástæður tilgreindar.

26. gr.

Sá sem heimsækir fangelsi samkvæmt heimild sem veitt hefur verið samkvæmt 25. gr. má ekki án leyfis forstöðumanns fangelsis taka við nokkru frá fanga til að fara með út úr fangelsinu eða hafa milligöngu um kaup, sölu eða leigu eða hafa milligöngu í öðrum sambærilegum tilvikum.

Að öðru leyti gilda almennar reglur um heimsóknir í þessum tilfellum.

III. KAFLI.

Símtöl.

27. gr.

Fangi hefur rétt á að hringja a.m.k. þrjú símtöl í viku hverri til aðila utan fangelsis. Hann hefur jafnframt rétt til að hringt sé til hans þrisvar í viku. Ef fangi óskar má tímalengd hvers símtals vera allt að fimm mínútur.

Forstöðumaður getur leyft frekari símtöl og setur að öðru leyti nánari reglur um fyrirkomulag á símtölum fanga.

28. gr.

Forstöðumaður fangelsis getur ákveðið að hlustað sé á símtal fanga, ef það telst nauðsynlegt til að viðhalda góðri reglu og öryggi í fangelsinu eða til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað. Til eftirlits getur hann jafnframt ákveðið að hlustað sé á símtöl fanga samkvæmt tilviljunarkenndu úrtaki.

Forstöðumaður getur bannað símtöl við fanga í öðrum fangelsum.

Ef hlustað er á símtal fanga skal það gert með vitneskju hans.

Óheimilt er að hlusta á símtöl fanga við þá aðila sem tilgreindir eru í 1. mgr. 9. gr.

29. gr.

Fangi greiðir sjálfur kostnað vegna eigin símtala.

IV. KAFLI
Gildistaka o.fl.

30. gr.

Misnoti fangi rétt eða heimildir samkvæmt reglugerð þessari getur það varðað hann agaviðurlögum samkvæmt 26. gr. laga um fangelsi og fangavist nr. 48 19. maí 1988.

31. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 30. gr. laga um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988, og öðlast gildi 1. apríl 1990.

Jafnframt er felld brott reglugerð um fangavist nr. 206 9. september 1957, reglugerð um Vinnuhælið á Litla-Hrauni nr. 150 1. maí 1968 og reglugerð um Skilorðseftirlit ríkisins nr. 20 21. janúar 1974.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. mars 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Porsteinn A. Jónsson.

AUGLÝSING

**um sameiningu Auðkúluhrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu
við Þingeyrarhrepp í sömu sýslu.**

Á grundvelli 2. mgr. 5. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að sameina Auðkúluhrepp í Vestur-Ísafjarðarsýslu og Þingeyrarhrepp í sömu sýslu í eitt sveitarfélag.

Ákvörðun þessi er í samræmi við tillögur nefndar, sem skipuð var samkvæmt 107. gr. sveitarstjórnarlaga.

Vegna sameiningar þessarar hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

1. Nafn hins nýja sveitarfélags verður Þingeyrarhreppur.
2. Þingeyrarhreppur hinn nýi skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir Auðkúluhreppi og Þingeyrarhreppi.
3. Íbúar Auðkúluhrepps og Þingeyrarhrepps skulu vera þegnar hins nýja Þingeyrarhrepps.
4. Eignir, skuldir, skyldur og réttindi sem tilheyra hvoru sveitarfélagi, Auðkúluhreppi og Þingeyrarhreppi, skulu falla til hins nýja sveitarfélags.
5. Skjöl og bókhaldsgögn Auðkúluhrepps skulu afhendast Þingeyrarhreppi til varðveislu.
6. Sveitarstjórn sú, sem kjörin var í Þingeyrarhreppi í kosningum þeim, er fram fóru 31. maí 1986, skal vera löglega kjörin sveitarstjórn hins nýja Þingeyrarhrepps. Kjörtími hennar er til næstu almennu sveitarstjórnarkosninga.
7. Sameiningin skal taka gildi 1. apríl 1990.

Félagsmálaráðuneytið, 2. mars 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 77/1989 um leigubifreiðar og gildir um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs.

Leiguakstur vörubifreiða og sendibifreiða telst það þegar slík bifreið er seld á leigu ásamt öikumanni til flutnings á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar sem flutt er. Þegar nauðsyn krefur er heimilt að flytja í vörubifreið eða sendibifreið umsjónarmenn þeirrar vöru sem flutt er.

2. gr.

Auðkenni.

Allar vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og aka frá bifreiðastöð, skulu greinilega auðkenndar með merki stöðvarinnar.

3. gr.

Gjaldmælar.

Ákvæði um gjaldmæla í reglugerð um fólksbifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs gilda einnig um sendibifreiðar.

II. KAFLI

Takmarkanir á fjölda bifreiða.

4. gr.

Við takmörkun á fjölda vörubifreiða og sendibifreiða til leiguaksturs skal miða við tilgreinda hámarkstölu fyrir hvert félagssvæði. Samgönguráðuneytið ákveður þessa hámarksstölu.

Þegar hámarkstala er tekin upp eða lækkuð er óheimilt að skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leiguakstur og eru fullgildir félagar í hlutadeigandi stéttarfélagi. Áður en hámarkstölu er breytt skal ráðuneytið leita umsagnar stéttarfélags, bæjarstjórna og héraðsnefnda, sem í hlut eiga.

5. gr.

Verði vörubifreiðar og sendibifreiðar færri en sem nemur hámarkstölu skal þeim fjölgað í þá tölu aftur. Innan þriggja mánaða frá því fækkun á sér stað skal stéttarfélagið, sem í hlut á, auglýsa eftir nýjum umsóknum um félagsréttindi til þess að fylla töluna á ný.

Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd, en án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir.

6. gr.

Stéttarfélag, sem nýtur takmörkunar, skal hafa umsjón með því að jafnan séu til staðar í eigu félagsmanna og í rekstri nægar gjaldgengar bifreiðar í samræmi við hámarkstöluna.

Ennfremur skal stéttarfélagið fylgjast með því að félagsmenn þess fari eftir lögum og reglugerðum um leigubifreiðar. Gerist félagsmaður brotlegur við lög og reglugerðir um leigubifreiðar getur viðkomandi félagsstjórn beitt hann viðurlögum.

7. gr.

Vörubifreiðar.

Takmarkanir á fjölda vörubifreiða gilda á eftirtöldum félagssvæðum:

1. Á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Þróttar, sem er Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Kjalarne- og Kjósarhreppur. Hámarkstala er 150 vörubifreiðar.
2. Á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Þjóts, sem er Borgarfjarðarsýsla og Akranes. Hámarkstala er 15 vörubifreiðar.
3. Á félagssvæði Vörubílstjórafélags Mýrasýslu, sem er Mýrasýsla. Hámarkstala er 12 vörubifreiðar.
4. Á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Öxuls, sem er Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla og Ólafsvík. Hámarkstala er 27 vörubifreiðar.
5. Á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Fáks, sem er Austur- og Vestur-Barðastrandasýsla. Hámarkstala er 17 vörubifreiðar.
6. Á félagssvæði Vörubílstjórafélags Ísfirðinga, sem er Norður-Ísafjarðarsýsla, Ísafjörður og Bolungarvík. Hámarkstala er 20 vörubifreiðar.
7. Á félagssvæði Vörubifreiðastjórafélags Strandasýslu, sem er Strandasýsla og Staðarhreppur í Vestur - Húnavatnssýslu. Hámarkstala er 15 vörubifreiðar.
8. Á félagssvæði Vörubílstjórafélags Vestur-Húnavatnssýslu, sem er Vestur-Húnavatnssýsla að Staðarhreppi undanskildum. Hámarkstala er 10 vörubifreiðar.
9. Á félagssvæði Vörubifreiðastjórafélagsins Neista, sem er Austur-Húnavatnssýsla og Blönduós. Hámarkstala er 23 vörubifreiðar.
10. Á félagssvæði Vörubílstjórafélags Skagafjarðar, sem er Skagafjarðarsýsla og Sauðárkrókur. Hámarkstala er 25 vörubifreiðar.
11. Á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Múla, sem er Dalvík, Ólafsfjörður, Svarfaðardals- og Árskógshreppur. Hámarkstala er 15 vörubifreiðar.
12. Á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Vals, sem er Akureyri og Öngulstaða-, Saurbæjar-, Hrafnagils-, Glæsibæjar-, Öxnadals-, Skriðu- og Arnarneshreppur allir í Eyjafjarðarsýslu. Hámarkstala er 35 vörubifreiðar.
13. Á félagssvæði Vörubílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu, sem er Suður-Þingeyjarsýsla. Hámarkstala er 15 vörubifreiðar.
14. Á félagssvæði Vörubifreiðastjórafélagsins Drífanda, sem er Keldunes-, Öxarfjarðar-, Presthóla-, Raufarhafnar- og Fjallahreppur, allir í Norður-Þingeyjarsýslu. Hámarkstala er 15 vörubifreiðar.
15. Á félagssvæði Vörubifreiðastjórafélagsins Þórs, sem er Þórshafnar-, Sauðanes- og Svalbarðshreppur, allir í Norður-Þingeyjarsýslu. Hámarkstala er 8 vörubifreiðar.
16. Á félagssvæði Vörubílstjórafélags Norðmýlinga, sem er Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppur í Norður - Múlasýslu. Hámarkstala er 12 vörubifreiðar.
17. Á félagssvæði Vörubílstjórafélags Eskifjarðar, sem er Eskifjörður. Hámarkstala er 9 vörubifreiðar.

18. Á félagssvæði Vörubílstjórafélags Fljótsdalshéraðs og Reyðarfjarðar, sem er Jökuldals-Hlíðar-, Fljótsdals-, Fella-, Tungu- og Hjaltastaðarhreppur, allir í Norður-Múlasýslu og Egilstaðir, Eiða-, Valla-, Skriðdals- og Reyðarfjarðarhreppur, allir í Suður-Múlasýslu. Hámarkstala er 50 vörubifreiðar.
19. Á félagssvæði Vörubílstjórafélags Norðfjarðar, sem er Neskaupstaður og Norðfjarðarhreppur. Hámarkstala er 8 vörubifreiðar.
20. Á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Vémundar, sem er Búða-, Fáskrúðsfjarðar-, Breiðdals- og Stöðvarhreppur, allir í Suður-Múlasýslu. Hámarkstala er 15 vörubifreiðar.
21. Á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Ökuþórs, sem er Búlands- og Geithellnahreppur í Suður-Múlasýslu. Hámarkstala er 6 vörubifreiðar.
22. Á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Neista, sem er Vestur-Skaftafellssýsla. Hámarkstala er 8 vörubifreiðar.
23. Á félagssvæði Sjálfseignarvörubifreiðastjórafélagsins Ekils, sem er Vestmannaeyjar. Hámarkstala er 10 vörubifreiðar.
24. Á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Fylkis, sem er Rangárvallasýsla. Hámarkstala er 20 vörubifreiðar.
25. Á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Mjólnis, sem er Árnessýsla og Selfoss. Hámarkstala er 37 vörubifreiðar.
26. Á félagssvæði Vörubílstjórafélags Grindavíkur, sem er Grindavík. Hámarkstala er 10 vörubifreiðar.
27. Á félagssvæði Vörubílstjórafélags Suðurnesja, sem er Keflavík, Njarðvík, Vatnsleysustrandar-, Gerða-, Miðnes- og Hafnahreppur. Hámarkstala er 30 vörubifreiðar.
28. Á félagssvæði Félags vörubílaeigenda, sem er Hafnarfjörður, Garðabær og Bessastaðahreppur. Hámarkstala er 23 vörubifreiðar.

8. gr.

Sendibifreiðar.

Takmarkanir á fjölda sendibifreiða gilda á eftirtöldum félagssvæðum:

1. Á félagssvæði Trausta félags sendibifreiðastjóra, sem er Reykjavík, Kópavogur, Garðabær, Seltjarnarnes og Mosfellsbær. Hámarkstala er 540 sendibifreiðar.
2. Á félagssvæði Bílstjórafélags Akureyrar, sem er Akureyri. Hámarkstala er 8 sendibifreiðar.
3. Á félagssvæði Jaka, sem er Vestmannaeyjar. Hámarkstala er 4 sendibifreiðar.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum samkvæmt 13. gr. laga nr. 77/1989 um leigubifreiðar.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 307/1989 um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra.

Samgönguráðuneytið, 20. mars 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Helgi Jóhannesson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um fólksbifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 308/1989.

1. gr.

2. gr. reglugerðar nr. 308/1989 orðist svo:

Leiguakstur telst það þegar fólksbifreið er seld á leigu ásamt öikumanni fyrir tiltekið gjald til flutnings á farþegum og farangri þeirra. Farangur skal flytja í farangursgeymslu bifreiðar, en þó má setja ferðatöskur inn í bifreiðina, ef farþegi krefst þess. Eigi er heimilt að flytja farangur án farþega nema í undantekningartilfellum, enda sé um að ræða flutning bréfa, skjala, blóma eða neyðarsendinga fyrir sjúkrahús. Félög sendibifreiðastjóra og fólksbifreiðastjóra skulu gera með sér nánara samkomulag um verkaskiptingu, sem samgönguráðuneytið staðfestir.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 77/1989 um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 20. mars 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Helgi Jóhannesson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Kópavogi árið 1990.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund skv. samþykkt um hundahald í lögsagnarumdæmi Kópavogs nr. 257/1988 verður kr. 6 000,00 á ári fyrir árið 1990. Skal gjaldið greitt í einu lagi með gjalddaga 1. mars.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að gilda á árinu 1990.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. mars 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 18 – 1990

14. mars 1990

261

Nr. 124

GJALDSKRÁ Rafmagnsveitu Hveragerðis.

1. gr.

Orkuveitusvæði.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Hveragerðis.

2. gr.

Raforkugjöld.

A. ALMENNIR TAXTAR	Án VSK	Með VSK
A.1 Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:		
Orkugjald	6,60	(8,22) kr/kWh
Fast gjald 1-fasa	2 500,00	(3 112,50) kr/ár
Fast gjald 2-fasa	5 000,00	(6 225,00) kr/ár
A.2 Verð á rafmagni við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:		
Orkugjald	7,80	(9,71) kr/kWh
Fast gjald	5 000,00	(6 225,00) kr/ár
A.3 Verð á rafmagni til notkunar á heimilum:		
Orkugjald	6,00	(7,47) kr/kWh
Fast gjald 1-fasa	2 500,00	(3 112,50) kr/ár
Fast gjald 3-fasa	5 000,00	(6 225,00) kr/ár
 B. AFLTAXTAR		
B.1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:		
Orkugjald	2,10	(2,61) kr/kWh
Aflgjald	7 500,00	(9 337,50) kr/kW/ár
Fast gjald	40 000,00	(49 800,00) kr/ár
Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafl 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Einnig er notendum, sem greiða fyrir 50 kW afl eða meira, heimilt að kaupa alla raforku sína samkvæmt þessum taxa.		
B.2 Uppsett afl (götulýsing):		
Aflgjald	9 500,00	(11 827,50) kr/kW/ár
Viðhaldsgjald	12 500,00	(15 562,50) kr/kW/ár
Samtals	22 000,00	(27 390,00) kr/kW/ár

C. HITUNARTAXTAR

Án VSK

Með VSK

C.1 Verð á rafmagni til órofinnar hitunar:

Orkugjald	5,60	(6,97) kr/kWh
Fast gjald	10 000,00	(12 450,00) kr/ár

C.2 Verð á rafmagni til rofinnar daghitunar:

Orkugjald	2,00	(2,49) kr/kWh
Fast gjald	2 500,00	(3 112,50) kr/ár

Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn tvisvar á sólarhring, allt að tveimur stundum í hvort skipti.

C.3 Verð á rafmagni til næturhitunar:

Lágmark 1800 klst. notkun á uppsett kW á ári.

Orkugjald	1,50	(1,87) kr/kWh
Fast gjald	2 500,00	(3 112,50) kr/ár

Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn allt að 12 klukkustundum á sólarhring á tímabilinu kl. 09.00 til 21.00.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

A) Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafmagnsveitunnar.

B) Að vélaafl, línur og spennir þoli álagið.

C) Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafmagnsveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.

D) Að hitatæki, lagnir og búnaður séu samkvæmt fyrirmælum rafmagnsveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

D. AÐRIR TAXTAR

D.1 Sumartaxti fyrir meiri háttar véla- og iðnaðar-notkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi. Lágmarksgjald miðast við 50 kW á mánuði.

Orkugjald	5,50	(6,85) kr/kWh/ár
Aflgjald	400,00	(498,00) kr/kW/mán

Ekki er heimilt að selja raforku á þessum taxta frá 1. nóv. til 31. mars.

D.2 Garðyrkjutaxti fyrir ræktunarlýsingu í gróðurhúsum:

Orkugjald	2,20	(2,74) kr/kWh
Fast gjald	2 500,00	(3 112,50) kr/ár

Uppsett afl samkvæmt þessum lið skal minnst vera 15 kW og minnsta ársnotkun skal vera minnst 1000 kWh/uppsett kW.

Straum til lýsingar samkvæmt þessum lið má rjúfa fyrirvaralaust þegar rafmagnsveitan telur það nauðsynlegt til þess að komast hjá afltoppi í veitukerfinu. Um lýsingartíma er samið sérstaklega við hvern einstakan notanda.

3. gr.

Mælaleiga.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns. Mælaleiga fyrir þessi tæki er innifalin í gjöldum samkvæmt 2. gr.

Fyrir mælitæki til annarra nota en að framan greinir skal ársleiga vera sem hér segir:

Orkumælir einfasa	625,00	(778,13) kr/ár
Orkumælir þrífasa	2 500,00	(3 112,50) kr/ár
Orkumælir þrífasa með straumspennum	5 000,00	(6 225,00) kr/ár
Orkumælir þrífasa með klukkurofa	5 000,00	(6 225,00) kr/ár
Aflmælir	5 000,00	(6 225,00) kr/ár
Aflmælir með straumspennum	7 500,00	(9 337,50) kr/ár

Ársleiga fyrir önnur tæki en framan greinir skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafmagnsveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

4. gr.

Heimtaugagjald.

4.1 Heimtaugagjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Hveragerðis.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

4.2 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

4.3 Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur (A)	Stofngjald		Yfirlengdargjald Jarðstrengur	
	(kr.)	Með VSK (kr.)	(kr/m)	Með VSK (kr/m)
1 × 63	50 000,00	(62.250,00)	1 290,00	(1 606,05)
3 × 63	55 000,00	(68 475,00)	1 290,00	(1 606,05)
3 × 100	85 000,00	(105 825,00)	1 690,00	(2 104,05)
3 × 200	170 000,00	(211 650,00)	3 200,00	(3 984,00)
3 × 315	270 000,00	(336 150,00)	3 800,00	(4 731,00)
3 × 400	340 000,00	(423 300,00)	Skv. kostn.	
3 × 630	530 000,00	(659 850,00)	Skv. kostn.	
3 × 710	600 000,00	(747 000,00)	Skv. kostn.	
3 × 1200	1 000 000,00	(1 245 000,00)	Skv. kostn.	

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

4.4 Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur (A)	Stofngjald		Yfirlengdargjald Jarðstrengur	
	(kr.)	Með VSK (kr.)	(kr/m)	Með VSK (kr/m)
1 × 63	11 000,00	(13.695,00)	1 290,00	(1 606,05)
3 × 63	15 000,00	(18 675,00)	1 290,00	(1 606,05)
3 × 100	16 000,00	(19 920,00)	1 690,00	(2 104,05)

Málstraumur (A)	Yfirlengdargjald	
	Loftlína (kr.)	(kr/Stólpi) Með VSK (kr.)
1 × 63	16 500,00	(20.542,50)
3 × 63	55 000,00	(68 475,00)
3 × 100	85 000,00	(105 825,00)

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitingiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarskassa í húsveitu.

- Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrenghheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.
- 4.5 Sé fyrirsjánlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitunnar.
- 4.6 Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögd, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitunnar.
- 4.7 Þegar stækka þarf spennu eða heimtaug vegna tiltekinnar húsveitu, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádrögnum hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja skal miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.
- 4.8 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og spennistöðin að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnæði, rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar eða gerð húsnæðis.

5. gr.

Ýmis ákvæði.

- 5.1 Heimilt er með samþykki bæjarstjórnar að selja háspennt rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.
- 5.2 Heimilt er að selja raforku til meiri háttar véla- og iðnaðarnota á sérstökum sumartaxta. Gera þarf sérstakan samning þar um í hverju tilviki. Sumartaxti gildir aðeins á tímabilinu 1. apríl til 31. október. Utan tímabilisins er framangreind notkun ekki leyfð um viðkomandi kW/kWh-mæli né aðra mæla rafmagnsveitunnar á öðrum gjaldskrárlíðum. Aflgjald sé samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls. Álestur fari fram að jafnaði 1. hvers mánaðar.
- 5.3 Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 1 700,00 (2 116,50) kr.
- 5.4 Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 getur rafmagnsveitan krafist þess að hann sé hækkaður upp í það gildi.
- 5.5 Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.
- 5.6 Virðisaukaskattur (VSK) 24,5% bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema húshitun. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd innan sviga.
- 5.7 Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafmagnsveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis.
- 5.8 Rafmagnsveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með, samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. apríl 1990 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 435, 22. september 1989.

Iðnaðarráðuneytið, 14. mars 1990.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um Rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands.

1. gr.

Rannsóknastofa í kvennafræðum við Háskóla Íslands fæst við rannsóknir og miðlun þekkingar á sviði kvennafræða. Rannsóknastofan lýtur yfirstjórn háskólaráðs.

2. gr.

Hlutverk rannsóknastofu í kvennafræðum er að:

- a) efla og samhæfa rannsóknir í kvennafræðum,
- b) hafa samstarf við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviði kvennafræða,
- c) koma á fót gagnabanka um kvennarannsóknir,
- d) vinna að og kynna niðurstöður rannsókna í kvennafræðum,
- e) veita upplýsingar og ráðgjöf varðandi rannsóknir í kvennafræðum,
- f) leita samstarfs við deildir háskólans um að auka þátt kvennafræða í kennslu fræðigreina,
- g) gangast fyrir námskeiðum og fyrirlestrum um kvennafræði og kvennarannsóknir.

3. gr.

Háskólaráð skipar sex manna stjórn til tveggja ára. Félagsvísindadeild og heimspekideild tilnefna einn fulltrúa hvor; tveir fulltrúar eru tilnefndir til skiptis af tveim eftirtöldum deildum í þeirra röð sem þær eru hér taldar: guðfræðideild, lagadeild, raunvísindadeild, viðskipta- og hagfræðideild, og læknaeild (þar með taldar námsbrautir í hjúkrunarfræði og sjúkráþjálfun). Háskólaráð skipar tvo án tilnefningar.

4. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum og setur sér vinnureglur. Stjórnin ákveður m.a. rannsóknastofnu stofunnar og veitir fé til einstakra rannsóknaverkefna.

5. gr.

Stjórnin ræður forstöðumann rannsóknastofunnar til tveggja ára í senn og setur honum erindisbréf. Forstöðumaður hefur umsjón með daglegum rekstri, annast áætlanagerð og hefur umsjón með fjármálum stofunnar. Forstöðumaður er í starfi sínu ábyrgur gagnvart stjórn. Hann situr stjórnarfundum með tillögurétt en án atkvæðisréttar.

6. gr.

Tekjur rannsóknastofu í kvennafræðum eru:

- a) fjárveitingar á fjárlögum,
- b) styrkir til einstakra verkefna,
- c) greiðslur fyrir umbeðin verkefni,
- d) gjafir.

Reikningshald stofunnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárlagatillögur stofunnar skulu vera hluti af fjárlagatillögum háskólans.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett sbr. heimild í 9. gr. laga nr. 77/1979 um Háskóla Íslands, sbr. háskóla­reglugerð nr. 78/1979, 66. gr., og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 7. mars 1990.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

STARFSLEYFI

fyrir fiskeldisstöð Dyrhólalax hf., Dyrhólaós, Mýrdalshreppi.

1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir framleiðslu á allt að 5 tonnum af laxi og 5 tonnum af bleikju í matfiskastærð. Samtals allt að 10 tonna ársframleiðslu í eldiskvíum. Ennfremur til aðstöðu til hafbeitar með seltuaðlögum fyrir 30.000 laxaseiði, 20.000 sjóbirtingsseiði og 20.000 bleikjuseiði á ári.
- 1.2. Eigi má breyta eða auka þennan atvinnurekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.
- 1.3. Á öllu athafnarsvæði stöðvarinnar skal gæta fyllsta hreinlætis og skal öllum úrgangi komið fyrir samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisnefndar. Stöðinni ber að halda útliti sínu og umhverfi snyrtilegu og staðsetning, litaval og frágangur mannvirkja verði ákvarðað í samráði við fulltrúa Náttúruverndarráðs.
- 1.4. Um umgengisreglur, sótthreinsun og meðferð sýktra og sjálf dauðra fiska fer samkvæmt reglugerð nr. 403/1986, um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum.
- 1.5. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.6. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós kemur hætta á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, heilbrigði eða tilveru náttúrulegra fiskstofna, vegna röskunar á lífríki eða að hætta verði á að náttúruminum verði spillt. Sama gildir ef almennar kröfur, ráð og tæki koma til aukinna mengunarvarna.
- 1.9. Stöðinni er skylt að gefa Hollustuvernd ríkisins árlega skýrslu um eftirfarandi atriði sé þess óskað: Framleiðslumagn, fóðurnotkun og fóðurgerð, magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja sem notað var á árinu.

2. Varnir gegn mengun umhverfis.

- 2.1. Stöðinni er skylt að sjá um að vegna eldsins verði ekki í umhverfinu:
 - a) Set eða útfellingar
 - b) Áberandi þekjur af rotverum
 - c) Sorp eða aðrir aðskotahlutir eða efni sem valdi óþægilegri lykt, lit, gruggi eða geta valdið smithættu.
- 2.2. Frágangur vegna hreinlætisaðstöðu skal vera samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisfulltrúa.

- 2.3. Stöðin framkvæmi reglulega mælingar á umhverfisþáttum í Dyrhólaós. Miðað er við eftirfarandi þætti: hitastig, seltu, súrefni og æskilega einnig grugg. Niðurstöður þessara mælinga verði sendar Hollustuvernd ríkisins.
- 2.4. Ef í ljós koma óæskileg mengunarhrif vegna stöðvarinnar er stöðinni skylt að gera ráðstafanir til úrbóta þ.m.t. draga úr framleiðslu. Ráðstafanir stöðvarinnar verða að vera samþykktar og fullnægjandi að mati mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins.

3. Varnir gegn umhverfisspjöllum.

- 3.1. Sanddæling fari þannig fram að ekki skerðist grjóturðin undir hömrum. Dyrhólaeyjar, sem er mikilvægt fyrir varp æðarfugls. Dyrhólalax hf. jafni úr því efni sem kemur upp við dælingu ef sýnt þykir að á því sé þörf. Samráð verði haft við eftirlitsmann Náttúruverndarráðs með Dyrhólaey áður en dælt er.
- 3.2. Hlið verði sett á veginn sem lagður verður vegna fiskeldisins og girt að því til að hindra óviðkomandi umferð.
- 3.3. Framkvæmdaaðilar taki tillit til varpsins í Dyrhólaey, umgengni við það og tenging kvía við land verði í fullu samráði við landeigendur.

4. Gjaldskrá.

- 4.1. Stöðin skal árlega greiða eftirlitsgjald í samræmi við gildandi gjaldskrár eins og þær eru á hverjum tíma sbr. reglugerð nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og gjaldskrár sem settar eru samkvæmt reglugerðinni og lögum nr. 109/1984 ásamt síðari breytingum, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Gjaldið skal standa undir kostnaði við reglubundið sérhæft eftirlit Hollustuverndar ríkisins, þar með talinni starfleyfisvinnslu.
- 4.2. Eftirlit þetta er með tvennum hætti: Annars vegar beint eftirlit sjálfs fyrirtækisins, sem Hollustuvernd ríkisins fær sendar niðurstöður úr og flokkar og metur (sbr. lið 2.3.) og hins vegar eftirlit mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins í samræmi við gjaldskrá vegna starfsleyfisskyldra fyrirtækja. Eftirlitsskyldum fyrirtækjum er skipt í fjóra flokka samkvæmt gjaldskránni. Dyrhólalax hf. flokkast í 4. flokk. Eftirlit mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins verður samkvæmt 3. grein gjaldskrár vegna starfsleyfisskyldra fyrirtækja nr. 355/1986.

5. Gildistaka.

- 5.1. Starfsleyfi þetta sem veitt er í samræmi við mengunarvarnarreglugerð nr. 386/1989 sbr. lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. mars 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

STARFSLEYFI

fyrir fiskeldisstöð Silfurstjörnunnar hf., í landi Núps, Öxarfjarðarhreppi.

1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir framleiðslu á allt að 800 tonnum af eldisfiski á ári.
- 1.2. Eigi má breyta eða auka þennan atvinnurekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.
- 1.3. Á öllu athafnarsvæði stöðvarinnar skal gæta fyllsta hreinlætis og skal öllum úrgangi komið fyrir samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisnefndar.
- 1.4. Um fyrirkomulag og staðsetningu rotþróa skal fara samkvæmt fyrirmælum byggingar- nefndar og heilbrigðisnefndar.
- 1.5. Girða skal lóð fyrirtækisins af. Frágangur lóðarinnar skal vera snyrtilegur og í samræmi við kröfur heilbrigðisnefndar.
- 1.6. Um umgengnisreglur, sóttgreinsun og meðferð sýktra og sjálf dauðra fiska fer samkvæmt reglugerð nr. 403/1986, um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum.
- 1.7. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.8. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós kemur hættu á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, heilbrigði eða tilveru náttúrulegra fiskistofna eða vegna röskunar á lífríki. Sama gildir ef almennar kröfur, ráð og tæki koma til aukinna mengunarvarna.
- 1.9. Stöðinni er skylt að gefa Hollustuvernd ríkisins árlega skýrslu um eftirfarandi atriði sé þess óskað: Framleiðslumagn, fóðurnotkun og fóðurgerð, meðalvatnsnotkun, magn og gerð hreinsiefna, sóttgreinsiefna og lyfja sem notað var á árinu.

2. Varnir gegn mengun umhverfis.

- 2.1. Til að draga úr hugsanlegri smithættu sjúkdóma og vegna hættu á erfðablöndun milli náttúrulegra stofna og eldisstofna skal þannig gengið frá frárennsli að samgangur fiska í umhverfinu og fiska í stöðinni verði útilokaður og að sjálf dauður fiskur berist ekki með frárennslinu.
- 2.2. Stöðinni er skylt að sjá um að frágangur við útrás frárennslisins sé þannig að ekki sjáist:
 - a) Set eða útfellingar
 - b) Þekjur af rotverumEnnfremur að ekki berist með frárennslinu í opna móttöku: sorp eða aðrir aðskotahlutir eða efni sem valdi óþægilegri lykt, lit, gruggi eða geta valdið smithættu.
- 2.3. Skólp frá salernum og hreinlætisaðstöðu skal leitt í rotþró samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisfulltrúa.

- 2.4. Frárennislögn frá eldiskerjum sé leidd setþró. Rúmmál setþróarinnar skal vera nægilegt til að taka við sem næst 10 mín. rennsli frá stöðinni. Setþróin er skeifulaga u.þ.b. 566 m² að flatarmáli og 1.5 m á dýpt. Við inntak og við útfall er þróin úr steinsteypu og þannig gerð að hægt er að hleypa frárennsli stöðvarinnar framhjá þrónni við hreinsun.
- 2.5. Frágangur frárennisléiðslu frá setþrónni í Brunná skal vera snyrtilegur og útrás ekki vera til lýta eða mengunar (sbr. 2.2.).
- 2.6. Stöðinni er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið eða berist í grunnvatn. Mengunarvarnabúnaður skal vera samþykktur af Hollustuvernd ríkisins.
- 2.7. Stöðinni er skylt að sjá um að hindraður sé aðgangur vargfugls að úrgangi stöðvarinnar.

3. Gjaldskrá.

- 3.1. Fyrirtækið skal árlega greiða eftirlitsgjald í samræmi við gjaldskrá nr. 355/1986 með síðari breytingum. Gjaldið skal standa undir kostnaði við reglubundið sérhæft eftirlit Hollustuverndar ríkisins, þar með talinni starfsleyfisvinnslu.
- 3.2. Eftirlit þetta er með tvennum hætti: Annars vegar beint eftirlit sjálfs fyrirtækisins, sem Hollustuvernd ríkisins fær sendar niðurstöður úr og flokkar og metur og hins vegar eftirlit Mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins í samræmi við gjaldskrá vegna starfsleyfis skyldra fyrirtækja. Eftirlitsskyldum fyrirtækjum er skipt í fjóra flokka samkvæmt gjaldskránni.
Fiskeldisstöð Silfurstjörnnunnar hf., í landi Núps, flokkast í 2. flokk frá árinu 1990. Eftirlit mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins verður samkvæmt 3. grein gjaldskrár vegna starfsleyfis skyldra fyrirtækja nr. 355/1986.

4. Gildistaka.

- 4.1. Starfsleyfi þetta sem veitt er í samræmi við mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989 sbr. lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. mars 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin lokun miðeyju á Snorrabraut við Njálsgötu.
Ákvörðun þessi tekur gildi 20. mars 1980.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 15. mars 1990.

Böðvar Bragason.

REGLUGERÐ

um búfjárhald í lögsagnarumdæmi Akureyrar.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Búfjárhald (nautgripa, hrossa, svína, sauðfjár, geita og alifugla) er óheimilt innan lögsagnarumdæmis Akureyrar, nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar. Tilgangurinn er að vernda gróðurlendi bæjarins.

2. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 1. gr. skal senda um það umsókn til umhverfisnefndar. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda þess búfjár, sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess verði háttað og öðru, er máli kann að skipta.

3. gr.

Nú telur umhverfisnefnd að skilyrði til búfjárhalds séu fyrir hendi og getur hún þá lagt til við bæjarstjórn að leyfi verði veitt, sem bundið er við tiltekinn hámarksfjölda búfjár. Veitt leyfi til búfjárhalds skuldbindur Akureyrarbæ þó ekki til þess að sjá leyfishöfum fyrir beutilandi handa búfé né veita þeim aðra aðstöðu til búfjárhaldsins. Leyfið er veitt til óákveðins tíma en er uppsegjanlegt með árs fyrirvara miðað við 1. júní ár hvert. Leyfið er háð gildandi reglugerð um búfjárhald á hverjum tíma og er gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt.

4. gr.

Greiða skal gjald fyrir veitt leyfi til búfjárhalds. Má ákveða gjald fyrir hvern grip, sem leyfi er veitt fyrir, eða ákveða upphæð fyrir hvert leyfi. Umhverfisnefnd gerir árlega tillögu til bæjarráðs um upphæð leyfisgjalds vegna búfjárhalds.

5. gr.

Sá sem fær leyfi til búfjárhaldsins samkvæmt reglugerð þessari skal hafa búféð í öruggri vörslu og ber hann ábyrgð á öllu því tjóni, sem það kann að valda.

6. gr.

Ef leyfishafi brýtur reglugerð þessa um meðferð búfjárins, má afturkalla leyfið og getur þá umsjónarmaður jardeigna og dýraeftirlits hlutast til um að búféð sé tekið úr vörslu eiganda og er heimilt að selja það á opinberu uppbóði eða slátra því. Þannig má og fara með búfé, sem ekki hefur verið fengið leyfi fyrir.

7. gr.

Enginn má hafa búfé, nema hann hafi yfir það hús, sem samræmist kröfum opinberra yfirvalda. Leyfishafi ber einn ábyrgð á því að hann hafi beutiland handa búfé sínu á sumrum og fóður að vetri svo og allri meðferð búfjárins. Ef búfjáreigandi vill láta búpening ganga úti að vetri eða beita búfé skal það því aðeins heimilt að búféð sé í öruggri vörslu.

8. gr.

Eigendur sauðfjár skulu greiða hagagöngugjald ár hvert fyrir beit á Glerárdal. Á sama hátt skulu eigendur hesta greiða hagagöngugjald fyrir beit á Glerárdal.

Umhverfisnefnd gerir árlega tillögu til bæjarráðs um upphæð hagagöngugjalds. Hagagöngugjald fellur í gjalddaga í nóvember ár hvert og skal það fyrir sauðfé reiknað eftir skýrslum forðagæslumanns. Hagagöngugjald reiknast fyrir liðið sumar.

Um upprekstur og beit sauðfjár og hesta á Glerárdal nyrðri ofan fjallgirðingar og hagagöngugjald fyrir beitarréttindi vísast til samkomulags milli eigenda landsins.

II. KAFLI.

Um nautgripahald, svína, geitfjár og alifugla.

9. gr.

Nautgripi skal hafa neðan fjallgirðingar á afgirtum túnum eða löndum og bera eigendur alla ábyrgð á að þeir sleppi ekki út af löndum þeirra.

10. gr.

Utanhúss skulu svín og alifuglar vera í stíum eða á vel afgirtum svæðum.

11. gr.

Vörslu geitfjár utanhúss skal hverju sinni hagað í samráði við umsjónarmann jarðeigna og dýraeftirlits.

III. KAFLI.

Um sauðfjárhald.

12. gr.

Félagssamtök fjáreigenda tilnefna trúnaðarmann, sem í samvinnu við umsjónarmann jarðeigna og dýraeftirlits skal fylgjast með, að leyfður fjöldi sauðfjár fari ekki yfir sett hámark og umsækjendur hafi hús og möguleika til fóduröflunar og aðra nauðsynlega aðstöðu.

13. gr.

Óheimilt er að hafa sauðfé neðan afréttargirðingar á tímabilinu 15. júní til 1. september nema með sérstöku leyfi umsjónarmanns jarðeigna og dýraeftirlits og skal slíkt leyfi vera skriflegt. Nauðsynleg skilyrði má setja í leyfið.

14. gr.

Leyfður fjöldi á afrétti (ítala) skal ákveðinn að hausti ár hvert eftir að umhverfisnefnd hefur látið kanna ástand gróðurlendis á Glerárdal. Reynist nauðsynlegt að fækka sauðfé (lækka ítölu) á afrétti, skal að jafnaði fækka sauðfé þeirra einstaklinga, sem eiga fleiri en 10 vetrarfóðraðar kindur og/eða þeirra fjölskyldna, sem eiga fleiri en 20. Ákvæði þetta tekur þó ekki til lögbýlisjarða innan lögsagnarumdæmisins.

IV. KAFLI.

Um hestahald.

15. gr.

Félagssamtök hestamanna tilnefna trúnaðarmann, sem í samvinnu við umsjónarmann jarðeigna og dýraeftirlits skal fylgjast með því að leyfður fjöldi hesta fari ekki yfir sett hámark og umsækjendur hafi hús, möguleika til fóduröflunar og aðra nauðsynlega aðstöðu svo sem beitiland.

16. gr.

Með tilvísun til samkomulags milli eigenda jarðanna Glerár, Hlíðarenda, Hesjuvalla og Lögmanshlíðar, getur bæjarstjórn heimilað hestamannafélagi að beita hestum á afrétt

Akureyrar eftir 1. göngur ár hvert (um 15. september). Leyfður fjöldi er nú takmarkaður við 60 hesta á norðurdalnum en 40 hesta á suðurdalnum og er heimilt að endurskoða þann fjölda ef þurfa þykir. Reynist nauðsynlegt að fækka hestum á afrétti, skal að jafnaði fyrst fækka hestum þeirra einstaklinga sem eiga fleiri en 4 hesta á og/eða þeirra fjölskyldna sem eiga fleiri en 7 á afrétti.

V. KAFLI.

Um byggingar peningshúsa, leigu á löndum til grasnytja o.fl.

17. gr.

Byggingar peningshúsa eru aðeins leyfðar á skipulögðum svæðum fyrir búfjárhald. Undantekning þar frá eru peningshúsabyggingar á lögbýlisjörðum og býlum í bæjarlandinu.

18. gr.

Bygginganefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um veitingu byggingalóða og byggingaleyfa fyrir peningshús á skipulögðum svæðum fyrir búfjárhald og veitingu byggingaleyfa fyrir peningshús á lögbýlisjörðum og býlum í bæjarlandinu, enda hafi umsækjendur leyfi til búfjárhalds.

19. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið bann við öllu búfjárhaldi innan ákveðins svæðis bæjarlandsins, er nái út fyrir hin skipulögðu byggingarsvæði ef þurfa þykir. Geymsla búfjár á erfðafestulöndum þar sem leyft er skv. framansögðu skal því aðeins heimil, að girðingar umhverfis þau séu örugglega fjárheldar. Sama gildir um býli og lögbýlisjarðir.

20. gr.

Umhverfisnefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu erinda um leigu á löndum til beitar og ræktunar. Leitast skal við að taka til greina tillögur stjórna hestamanna- og fjáreigendafélaganna um leigu á löndum sem miða að því að jafna aðstöðu félagsmanna. Samráð skal haft við yfirmann skráningardeildar fasteigna varðandi afgreiðslu erinda um lönd og leigur á löndum.

Yfirmaður skráningardeildar fasteigna heldur skrá um lönd og leigur á löndum og varðveitir öll frumgögn þar að lútandi.

Umhverfisnefnd gerir árlega tillögu til bæjarráðs um bráðabirgðaleygu á löndum til grasnytja svo og bætur fyrir ræktun á erfðafestulöndum í samráði við yfirmann skráningardeildar fasteigna.

21. gr.

Einstaklingar og félög hesta- og fjáreigenda, sem hafa lönd á leigu til grasnytja, skulu leitast við að viðhalda gróðri landsins og efla hann m.a. með því að bera á löndin eftir þörfum. Leigutaki skal gæta þess, að löndin verði aldrei ofbeitt. Umsjónarmaður jarðeigna og dýraeftirlits skal fylgjast með ástandi leigulanda, en getur einnig kvatt til óvilhalla menn, ef ástæða þykir til.

22. gr.

Umsjónarmaður jarðeigna og dýraeftirlits skal gegna starfi forðagæslumanns og hefur daglegt eftirlit með jarðeignum bæjarins og vörslu bæjarlandsins í samráði við umhverfisstjóra. Umsjónarmaður jarðeigna og dýraeftirlits skal halda skrá um leyfishafa búfjárleyfa og leyfðan fjölda búfjár.

VI. KAFLI.

Ýmis ákvæði.

23. gr.

Umsjónarmaður jarðeigna og dýraeftirlits skal láta handsama og taka í vörslu bæjarins búfé svo sem hesta, nautgripi og sauðfé, sem látið er ganga laust í bænum, gagnstætt fyrirmælum samþykktar þessarar. Ennfremur geta þeir, sem fyrir ágangi verða látið handsama ágangsfénað en þeir skulu skýra umsjónarmanni jarðeigna og dýraeftirlits frá því tafarlaust. Eigendum slíks fénaðar ber að greiða allan kostnað af handsömun þess, fóðrun og annan kostnað, sem af slíku leiðir og má láta selja búfénaðinn á opinberu uppboði til lúkningar kostnaðinum verði fénaðurinn ekki leystur út innan sólarhrings frá því eigandinn fékk vitnesku um handsömunina eða ef eigi er vitað um eiganda innan hæfilegs tíma eftir að auglýsing um fénaðinn hefur verið birt. Einnig skal eigandi slíks búfjár bæta það tjón, er búféð hefur valdið. Ef um ítrekað brot verður að ræða á lausagöngu fjár varðar það sektum og leyfissviptingu. Umhverfisnefnd gerir árlega tillögu til bæjarráðs um handsömunargjald vegna lausagöngu búfjár.

24. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð um búfjárhald í lögsagnaumdæmi Akureyrar nr. 141/1977.

Félagsmálaráðuneytið, 13. mars 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Líndal.

28. febrúar 1990

Nr. 130

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa nr. 325/1985, sbr. 171/1987.

1. gr.

Grein 5.2. orðist svo:

Björgunarbúninga skal staðsetja ofan við aðalþilfar. Þegar það er eigi unnt án meiri háttar breytinga á skipinu er Siglingamálastofnun ríkisins heimilt að samþykkja aðra staðsetningu í skipum minni en 24 metrar mesta lengd.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 51/1987 um eftirlit með skipum staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 28. febrúar 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B 20

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Hofsóshrepps, Hofshrepps og Fellshrepps í Skagafjarðarsýslu.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 16. mars 1990 staðfest sameiningu Hofsóshrepps, Hofshrepps og Fellshrepps í Skagafjarðarsýslu í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Nafn hins nýja sveitarfélags skal vera Hofshreppur.

Kosning sveitarstjórnar hins nýja Hofshrepps skal fara fram laugardaginn 26. maí 1990, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal fimm fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja Hofshrepps, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Hreppsnefndir Hofsóshrepps, Hofshrepps og Fellshrepps skulu hver um sig kjósa einn aðalmann og annan til vara í kjörstjórn, sbr. 1. mgr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga. Skal sú kjörstjórn ein gegna störfum við framangreindar sveitarstjórnarkosningar, þar eð umboð þeirra kjörstjórna, sem fyrrgreindar hreppsnefndir kusu vorið 1986, fellur niður.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 10. júní 1990.

Félagsmálaráðuneytið, 16. mars 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Hörgslandshrepps, Kirkjubæjarhrepps, Skaftártunguhrepps, Leiðvallarhrepps og Álftavershrepps í Vestur-Skaftafellssýslu.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 16. mars 1990 staðfest sameiningu Hörgslandshrepps, Kirkjubæjarhrepps, Skaftártunguhrepps, Leiðvallarhrepps og Álftavershrepps í Vestur-Skaftafellssýslu í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Nafn hins nýja sveitarfélags skal vera Skaftárhreppur.

Kosning sveitarstjórnar hins nýja Skaftárhrepps skal fara fram laugardaginn 26. maí 1990, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja Skaftárhrepps, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndirnar skulu koma sér saman um kosningu 3ja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 10. júní 1990.

Félagsmálaráðuneytið, 16. mars 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um sameiningu Fróðárhrepps í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu við Ólafsvíkurkaupstað.

Á grundvelli 2. mgr. 5. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að sameina Fróðárhrepp í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Ólafsvíkurkaupstað í eitt sveitarfélag. Ákvörðun þessi er í samræmi við tillögur nefndar, sem skipuð var samkvæmt 107. gr. sveitarstjórnarlaga. Vegna sameiningar þessarar hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

1. Nafn hins nýja sveitarfélags verður Ólafsvíkurkaupstaður.
2. Ólafsvíkurkaupstaður hinn nýi skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir Fróðárhreppi og Ólafsvíkurkaupstað.
3. Íbúar Fróðárhrepps og Ólafsvíkurkaupstaðar skulu vera þegnar hins nýja Ólafsvíkurkaupstaðar.
4. Eignir, skuldir, skyldur og réttindi sem tilheyra hvoru sveitarfélagi, Fróðárhreppi og Ólafsvíkurkaupstað, skulu falla til hins nýja sveitarfélags.
5. Skjöl og bókhaldsgögn Fróðárhrepps skulu afhent Ólafsvíkurkaupstað til varðveislu.
6. Sveitarstjórn sú, sem kjörin var í Ólafsvíkurkaupstað í kosningum þeim, er fram fóru 31. maí 1986, skal vera löglega kjörin sveitarstjórn hins nýja Ólafsvíkurkaupstaðar. Kjörtími hennar er til næstu almennu sveitarstjórnarkosninga.
7. Sameiningin skal taka gildi 1. apríl 1990.

Félagsmálaráðuneytið, 16. mars 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um sameiningu Seyðisfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu við Seyðisfjarðarkaupstað.

Á grundvelli 2. mgr. 5. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að sameina Seyðisfjarðarhrepp í Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað í eitt sveitarfélag. Ákvörðun þessi byggir á tillögum nefndar, sem skipuð var samkvæmt 107. gr. sveitarstjórnarlaga. Vegna sameiningar þessarar hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

1. Nafn hins nýja sveitarfélags verður Seyðisfjarðarkaupstaður.
2. Hið nýja sveitarfélag skal taka yfir allt það land, sem nú tilheyrir Seyðisfjarðarhreppi og Seyðisfjarðarkaupstað.
3. Íbúar Seyðisfjarðarhrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar skulu vera þegnar hins nýja sveitarfélags.
4. Eignir, skuldir, skyldur og réttindi sem tilheyra hvoru sveitarfélagi, Seyðisfjarðarhreppi og Seyðisfjarðarkaupstað, skulu falla til hins nýja sveitarfélags.
5. Skjöl og bókhaldsgögn skulu afhent Seyðisfjarðarkaupstað til varðveislu.

6. Sveitarstjórn sú, sem kjörin var í Seyðisfjarðarkaupstað í kosningum þeim sem fram fóru 31. maí 1986, skal vera löglega kjörin sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags. Kjörtími hennar er til næstu almennu sveitarstjórnarkosninga.
7. Sameiningin skal taka gildi 1. apríl 1990.

Félagsmálaráðuneytið, 16. mars 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

Nr. 135

ÁRSREIKNINGUR

Verðbréfafélags Íslands 1989.

Rekstursyfirlit 14. mars – 31. desember 1989.

	Tekjur:	Kr.
Árgjöld		103 500
Sölugjöld		477 690
	<u>Tekjur alls</u>	<u>581 190</u>

	Gjöld:	
Laun og launatengd gjöld		69 010
Ýmis rekstrargjöld		13 171
Vaxtagjöld		249 384
Afskriftir		396 800
	<u>Gjöld alls</u>	<u>728 365</u>
	<u>Gjöld umfram tekjur</u>	<u>147 175</u>

Efnahagsyfirlit pr. 31. desember 1989.

	Eignir:	
Innstæða í Seðlabankanum		101 400
Vélbúnaður		685 650
Hugbúnaður		1 739 025
Inneign hjá þingaðilum		183 893
	<u>Eignir alls</u>	<u>2 709 968</u>

	Skuldir og eigið fé:	
Skuldabréfalán		1 600 000
Höfuðstóll:		
Stofnframlög	1 257 143	
Tap á árinu	-147 175	1 109 968
	<u>Skuldir og eigið fé alls</u>	<u>2 709 968</u>

Áritun endurskoðenda:

Ársreikning þennan fyrir Verðbréfabing Íslands höfum við endurskoðað. Í því sambandi gerðum við þær kannanir á bókhaldi og öðrum gögnum, sem við töldum nauðsynlegar.

Að okkar áliti gefur ársreikningurinn skýra mynd af afkomu og efnahag Verðbréfabingsins í samræmi við viðurkenndar reikningsskilavenjur.

Reykjavík, 21. febrúar 1990.

Jónína Kristjánsdóttir.

Gunnlaugur Arnórsson.

Áritun stjórnar:

Reykjavík, 21. febrúar 1990.

Eiríkur Guðnason.

Gunnar Óskarsson.

Árni Vilhjálmsson.

Vilborg Lofts.

Pétur H. Blöndal.

19. mars 1990

Nr. 136

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Húsnæðisfélag SEM, samtök endurhæfðra mænuskaddaðra.

Samtök endurhæfðra mænuskaddaðra (skammstafað SEM) setja hér með á fót sjálfseignarstofnun sem heitir Húsnæðisfélag SEM. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. SEM ber enga fjárhagslega ábyrgð á sjálfseignarstofnuninni nema með stofnfé hennar. Samkvæmt framangreindu er stofnun þessari sett eftirfarandi:

SKIPULAGSSKRÁ

1. gr.

Samtök endurhæfðra mænuskaddaðra leggja fram sem stofnfé húsnæðisfélags SEM rúmar 9 mkr. ásamt vinnulofordum og húshlutum að áætluðu verðmæti 5 mkr.

2. gr.

Langtímamarkmið stofnunarinnar eru eftirfarandi:

a) Að byggja og reka félagslegt íbúðarhúsnæði sem taki tillit til sérþarfa hreyfihamlaðra, handa (1) félögum SEM, (2) öðrum þverlömuðum.

b) Að safna, taka við og ráðstafa fé til byggingar og reksturs félagslegra íbúða, sameignar íbúðarhúsa, nauðsynlegrar aðstoðar við íbúana eða annarrar skyldrar þjónustustarfsemi.

c) Markmiðum þessum hyggst stofnunin ná með því að koma upp og reka félagslegar kaupleiguíbúðir.

3. gr.

Þeir einir koma til greina við úthlutun íbúða á vegum stofnunarinnar sem uppfylla skilyrði laga um Húsnæðisstofnun ríkisins um rétt til kaupa á félagslegri íbúð. Þeir sem fá úthlutað félagslegri kaupleiguíbúð á vegum stofnunarinnar skulu geta valið eftirfarandi:

a) Leigu með kauprétti.

b) Leigu með kaupum á eignarhlut í íbúð.

c) Kaup á íbúð á kostnaðarverði.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um úthlutun skal senda Húsnæðisstofnun lista yfir nöfn og heimilisföng þeirra er fengið hafa úthlutað.

4. gr.

Stofnunin rekur sjálf alla sameign íbúðarhúsa sinna ásamt félagsaðstöðu, nema hún fái þriðja aðila í hendur hluta þess verkefnis. Þetta felur m.a. í sér að stofnunin sér um allt viðhald og umhirðu húsa að utan, lóðar, sameignar innanhúss og félagsaðstöðu. Stofnunin sér um að húseign í heild sé vel við haldið.

Hver húseining/framkvæmd verður rekin sem sjálfstæð rekstrareining.

5. gr.

Stofnunin setur reglur um réttindi og skyldur íbúa. Hún gerir samning við hvern íbúa þar sem fram koma skyldur og réttindi stofnunarinnar annars vegar og íbúa hins vegar og skulu báðir aðilar undirrita samninginn áður en íbúð er afhent.

6. gr.

Stofnunin hefur fimm manna stjórn og þrjá varamenn í stjórn. Kjörtímabil stjórnarmanna og varamanna er tvö ár. Þó er kjörtímabil fyrstu stjórnar stofnunarinnar einungis eitt ár. Á þeim tíma liðnum skal stjórnin kosin til tveggja ára, þó þannig að í fyrsta skipti verði tveir stjórnarmanna kosnir til eins árs og síðan ávallt tveir og þrír stjórnarmenn sitt hvort árið. Hlutkesti ræður hvaða stjórnarmenn eru kosnir til eins árs. Stjórn stofnunarinnar er kosin á aðalfundi SEM.

7. gr.

Aðalfund skal halda fyrir 30. júní ár hvert. Stjórn stofnunarinnar hefur ein atkvæðisrétt á aðalfundi. Á aðalfundi hafa auk stjórnar stofnunarinnar rétt til setu 3 fulltrúar frá SEM, tilnefndir af stjórn SEM, og einn fulltrúi húsfélags sem rekið er á vegum stofnunarinnar.

Formaður stjórnar boðar til aðalfundar með 14 daga fyrirvara hið minnsta. Endurskoðaðir ársreikningar skulu lagðir fyrir aðalfund til afgreiðslu. Hætti stjórnarmaður setu í stjórn á kjörtímabilinu skal nýr stjórnarmaður tekinn í stjórn á næsta aðalfundi. Ákvarðanir aðalfundar eru því aðeins lögmætari að meirihluti stjórnar sé á fundi eða varamenn í þeirra stað.

8. gr.

Stjórnin skiptir með sér störfum. Hún fer með öll fjármál og framkvæmdir. Til að skuldbinda stofnunina þarf samþykki meirihluta stjórnar og undirritun a.m.k. 2ja stjórnarmanna. Stjórnin getur ráðið sér framkvæmdastjóra og veitt honum eða þeim öðrum sem hún ákveður prókúruumboð.

Stjórnin skal árlega láta gera reikning yfir rekstur og efnahag stofnunarinnar. Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Ársreikningur skal yfirfarinn af löggiltum endurskoðanda áður en hann er lagður fyrir aðalfund. Eigi síðar en 30. júní ár hvert skal stjórnin senda Ríkisendurskoðun og Húsnæðisstofnun ríkisins reiknings stofnunarinnar fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar var ráðstafað á því ári.

Stjórnarfundi skal halda svo oft sem þurfa þykir til að sinna verkefnum stofnunarinnar. Formaður boðar stjórnarfundi. Meirihluti stjórnar getur krafist stjórnarfundar ef þurfa þykir. Ákvarðanir stjórnarfunda eru því aðeins lögmætari að meirihluti stjórnar sé á fundi eða varamenn í þeirra stað. Að jafnaði skal boða til stjórnarfunda með viku fyrirvara.

9. gr.

Stjórn stofnunarinnar getur ráðið sér starfsfólk eftir því sem þurfa þykir til að ná markmiðum hennar á sem hagkvæmastan hátt. Stjórnin getur ákveðið að starfsmaður fái prókúruumboð til að sinna ákveðnum verkefnum, en hefur að öðru leyti yfirstjórn fjármála.

Verði ráðinn framkvæmdastjóri sér hann þó um daglegan rekstur stofnunarinnar og skal gerður við hann sérstakur skriflegur ráðningarsamningur.

Stjórnin getur skipað nefndir (ss. byggingarnefnd) til að vinna að sérstökum verkefnum fyrir stofnunina. Stjórn stofnunarinnar er ábyrg fyrir ákvörðunum og gjörðum starfsmanna sinna og þeim nefndum er hún skipar.

10. gr.

Peningar þeir, sem stofnunin kann að eignast skulu jafnóðum ávaxtaðir í bönkum, sparisjóðum eða ríkistryggðum skuldabréfum. Verði einhver dráttur á framkvæmdum skal verðtryggja sjóði stofnunarinnar eftir því sem unnt er.

11. gr.

Hætti stofnandi (SEM) starfsemi, skal stjórn stofnunarinnar endurnýja sig sjálf. Verði sjálfseignarstofnunin lögð niður skal stjórn hennar bjóða öðrum félagasamtökum með sambærileg markmið að yfirtaka eignir og rekstur stofnunarinnar, enda hljóti viðkomandi samþykki dómamálaráðuneytis og ráðuneytis húsnæðismála til yfirtökunnar. Að öðrum kosti ákvæði ráðuneyti húsnæðismála, með samþykki dómsmálaráðuneytis, hvernig fara skuli með eigur stofnunarinnar og áframhaldandi rekstur eignanna.

Verði starfsemi sjálfseignarstofnunarinnar lögð niður, eru þeir styrkir, sem veittir hafa verið til hennar úr framkvæmdasjóði fatlaðra, endurkræfir.

12. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari þurfa að hljóta samþykki bæði stjórnar stofnunarinnar og aðalfundar SEM. Þá fundi sem fjalla um tillögur til breytinga skal auglýsa sérstaklega og boða bréflaga með a.m.k. 14 daga fyrirvara. Tillögur til breytinga skulu koma fram í fundarboði. Breytingartillögurnar teljast því aðeins samþykktar að $\frac{2}{3}$ hlutar fundarmanna á báðum fundum greiði þeim atkvæði sitt. Breytingar ná því aðeins fram að ganga að ráðherra dómsmála og húsnæðismála staðfesti þær.

13. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins og reglugerð um kaupleiguíbúðir nr. 86/1989 um félagslegar íbúðabyggingar á vegum stofnunarinnar.

14. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á aðalfundi Samtaka endurhæfðra mænuskaddaðra 3. og 4. mars 1990.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. mars 1990.

F. h. r.

Ólafur Walter Stefánsson.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 233 10. maí 1989 um fullvirðisrétt til framleiðslu mjólkur verðlagsárið 1989–1990.

1. gr.

Í stað orðanna „að nýta af fullvirðisrétti sínum verðlagsárið 1990–1991 jafngildir allt að 5%“ í 1. mgr. 14. gr. komi orðin „að nýta af fullvirðisrétti sínum verðlagsárið 1990–1991 jafngildir allt að 15%.“

2. gr.

3. málslíður, 2. málsgreinar, 14. gr. orðist svo:

Ónotaður fullvirðisréttur umfram það sem að framan greinir fellur fyrst til viðkomandi búmarkssvæðis og skal þar ráðstafa honum til annarra framleiðenda hlutfallslega eftir því sem þörf krefur, fyrst til þeirra sem hafa fullvirðisrétt minni en 80% af búmarki, að 80% markinu, síðan á framleiðslu að búmarki viðkomandi býla og síðast á framleiðslu yfir búmark á svæðinu. Því sem þá kann að vera óráðstafað skal ráðstafa til annarra búmarkssvæða og skiptast þar eins og að ofan greinir.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. mars 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Eskifjarðar nr. 797/1982 með síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Bæjarráð hefur umsjón með vatnsveitunni og gerir tillögur til bæjarstjórnar um úrbætur og framkvæmdir. Ráða skal sérstakan umsjónarmann til daglegs reksturs vatnsveitunnar.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Eskifjarðar, staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923, til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 20. mars 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Þórhildur Líndal.

REGLUGERÐ

um Reiknistofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Reiknistofnun Háskóla Íslands lýtur yfirstjórn háskólaráðs.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er að:

- a) vera háskólaráði og einstökum deildum til ráðuneytis um upplýsinga- og tölvutækni og leggja reglulega fram tillögur um skipulag og framkvæmd upplýsingamála;
- b) byggja upp og reka upplýsinga- og gagnanet fyrir Háskóla Íslands, og annast þjónustu við notendur;
- c) koma upp og reka, í nánu samráði við deildir, aðstöðu fyrir nemendur allra deilda til kennslu og náms í greinum þar sem notkunar tölva er þörf;
- d) annast rekstur reiknimiðstöðvar við Háskóla Íslands til úrvinnslu verkefna kennara, nemenda og annarra starfsmanna háskólans og stofnana hans;
- e) annast hugbúnaðar- og reikniþjónustu fyrir aðila utan háskólans, þó hafi þarfir háskólans forgang við val verkefna;
- f) fylgjast með alhliða þróun í tölvutækni og gangast fyrir námskeiðum og fyrirlestrum til kynningar á nýjungum og stöðlum;
- g) hafa yfirsýn yfir eign, notkun og þekkingu Háskóla Íslands á tölvubúnaði og stuðla að hagstæðum og samræmdum innkaupum;
- h) tryggja vitneskju starfsmanna og nemenda um þá þjónustu sem stofnunin veitir og kunnáttu þeirra til að nota hana.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann stofnunarinnar til fjögurra ára í senn, að fengnum tillögum háskólaráðs, sem setur forstöðumanninum erindisbréf. Háskólaráð skipar fimm manna stjórn stofnunarinnar til tveggja ára að fenginni einni tilnefningu frá hverri deild háskólans, auk sjálfstæðra tilnefninga frá tölvunarfræðiskor og háskólarektor. Forstöðumaður og einn fulltrúi starfsmanna Reiknistofnunar skulu sitja stjórnarfundum án atkvæðisréttar en með málfrelsi og tillögurétt.

4. gr.

Stjórnin kýs úr sínum hópi formann og varaformann. Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns. Stjórnin markar stefnu og fjallar um öll meiriháttar mál, samþykkir ráðningu starfslíðs, rekstraráætlanir og gjaldskrá fyrir selda þjónustu.

5. gr.

Forstöðumaður stofnunarinnar stjórnar daglegum rekstri hennar, ræður starfslíð og sér um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum. Forstöðumaður er í starfi sínu ábyrgur gagnvart stjórn.

6. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru:

- a) Fjárveitingar á fjárlögum, sem miðað er við að standi undir rekstri samkvæmt liðum a, b og c í 2. gr.;
- b) fjárveitingar á fjárlögum til ákveðinna tímabundinna verkefna sem stofnuninni er falið að annast;

- c) tekjur af þjónustu sem seld er utan og innan skólans;
- d) styrkir sem stofnunin og starfsmenn hennar afla úr rannsóknasjóðum til rannsóknaverkefna;
- e) gjafir.

Fjárveitingar og tekjur af þjónustu skulu standa undir fjárþörf stofnunarinnar til reksturs og tækjakaupa miðað við eðlilegan endingartíma. Stofnunin getur þó í samkeppni við aðrar þarfir háskólans sótt um að Happdrætti háskólans, fjármagni meiriháttar tækjakaup. Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárlagatillögur stofnunarinnar skulu vera hluti af fjárlagatillögum háskólans.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 62/1976, um Reiknistofnun Háskólans. Ákvæði 3. gr. þessarar reglugerðar um skipun forstöðumanns og stjórnar koma þó ekki til framkvæmda fyrir en við lok núverandi skipunartíma.

Menntamálaráðuneytið, 14. mars 1990.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 100/1973, um eyðingu svartbaks og hrafns, með áorðnum breytingum.

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1., og 2., og 3. gr. reglugerðarinnar er heimilt að fela veiðistjóra og allt að 8 trúnaðarmönnum hans að nota í tilraunaskyni fenemal og tríbrómetanól til fækkunar hrafni og svartbaki og öðrum skadlegum mávategundum, þó ekki í Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrarsýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslum, Ísafjarðarsýslum, Strandasýslu, í Mosfellsbæ, á Akranesi, í Borgarnesi, í Ólafsvík, í Stykkishólmi, á Ísafirði og í Bolungarvík. Aðgerðir þessar skulu miðaðar við að koma í veg fyrir beint tjón af völdum fugla. Veiðistjóri skal hafa samráð um þessar aðgerðir við menntamálaráðuneytið eða sérfræðing sem það tilnefndir af fenginni tillögu fuglafriðunarnefndar. Veiðistjóri og trúnaðarmenn hans sækja um leyfisskírteini til hlutaðeigandi lögreglustjóra og skulu trúnaðarmennirnir láta fylgja umsókn sinni meðmæli frá veiðistjóra. Lyfin skulu þeir kaupa hjá Lyfjaverslun ríkisins. Fyrir lok janúarmánaðar ársins 1990 skulu veiðistjóri og trúnaðarmenn hans gefa ráðuneytinu skýrslu um framkvæmd fækkunarinnar og árangur.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi er birt til leiðréttingar reglugerð nr. 113/1990, sem jafnframt er felld úr gildi. Reglugerðarbreytingin öðlast þegar gildi og gildir til 31. janúar 1991.

Menntamálaráðuneytið, 13. mars 1990.

F. h. r.
Árni Gunnarsson.

Pórunn J. Hafstein.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar er taki gildi 1. apríl 1990:

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 38, 23. janúar 1990.

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 1,52%

Iðnaðarráðuneytið, 23. mars 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

vegna greiðslna sjúkratrygginga fyrir rannsóknir og meðferð veitta á heilsugæslustöð, aðra en læknishjálp.

1. gr.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiðir heilsugæslustöðvum fyrir rannsóknir og slysamóttöku, sem hér segir:

- a) Fyrir hverja röntgenrannsókn gjald sem er 15% af A-lið röntgentaxta sjúkrahúsa.
- b) Fyrir hverja slysamóttöku gjald sem er 30% af B-lið slystaxta sjúkrahúsa.
- c) Fyrir hverja blóðmeina- og meinefnarannsókn gjald sem er 60% af umsaminni sérfræðigjaldskrá Læknafélags Reykjavíkur fyrir utansjúkrahússjúklinga, enda sé rannsókn framkvæmd af starfsfólki sem sérstaklega er til þess ráðið.

Á reikningi skal taka fram nafn og kennitölu sjúklings, hvaða dag verkið var unnið, hver vann það og hvert verkið var.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. a) og b) tekur þeim breytingum sem verða á tilvitnuðum töxtum, samkvæmt ákvörðun daggjaldanefndar. Gjald skv. 1. gr. c) tekur breytingum í samræmi við umsamda sérfræðingagjaldskrá Læknafélags Reykjavíkur.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er skv. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu með síðari breytingum öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 63/1985 vegna greiðslna sjúkrasamlaga fyrir rannsóknir og meðferð veitta á heilsugæslustöð, aðra en læknishjálp.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. mars 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingar á reglugerð nr. 533 16. nóvember 1989, um bann við tog- og dragnótaveiðum á svæðum fyrir Suðurlandi.

1. gr.

1. tl. 1. gr. reglugerðarinnar nr. 533/1989 er felldur niður.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. mars 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Gylfi Gautur Pétursson.

REGLUGERÐ

um breytingu á bráðabirgðareglugerð fyrir Selfossveitur, nr. 57, 9. febrúar 1989, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna: „og gildir til 31. mars 1989“ í niðurlagi 51. gr. komi orðin: „og gildir til 31. desember 1990.“

2. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Selfoss, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 26. mars 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 19 – 1990

29. mars 1990

285

Nr. 145

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins.

I. SMÁSALA.

Gjaldskrárlíðir.

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. 1. Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

	Án VSK	Með VSK
Orkugjald	5,74	7,15 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1	2 936,00	3 655,30 kr/á

A. 2. Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

	Án VSK	Með VSK
Orkugjald	8,62	10,73 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1	2 936,00	3 655,30 kr/á

A. 3. Utanhússlýsing.

Öll sérmæld utanhússlýsing.

	Án VSK	Með VSK
Orkugjald	5,26	6,55 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1	2 936,00	3 655,30 kr/á

A. 4. Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

	Án VSK	Með VSK
Orkugjald		3,55 kr/kWh
Fastagjald 4 × F1	11 744,00	14 621,30 kr/á

Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A.1 ef hagkvæmara þykir.

A. 5. Markmæling.

Allur almennur búrekstur. Heimilt er að selja raforku til búreksturs samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir. Lágmarksafl 4 kW. Hámark 50 kW.

	Án VSK	Með VSK
Orkugjald kr/kWh	2,10	2,61
Orkugjald v. húshitunar kr/kWh	2,10	
Aflgjald kr/kWh/ári	5 056,00	6 294,70
Fastagjald 3 × F1 kr/ári	8 808,00	10 966,00
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu kr/kWh	5,74	7,15

B 22

Prentsmíðjan Gutenberg hf.

B. 1. Aflmæling.

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun.

Lágmarksafl 15 kW.

Aflgjald	8 240,00	10 259,00 kr/kW/ári
Aflgjald v. húshitunar	8 240,00	kr/kW/ári
Orkugjald	1,82	2,27 kr/kWh
Orkugjald v. húshitunar	1,82	kr/kWh

B. 2. Súgurrkun.

Til súgurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. október.

Aflgjald	2 384,00	2 968,00 kr/kW/a
Orkugjald	1,42	1,77 kr/kWh

B. 3. Aflmæling – hitun.

Varmadætur og önnur notkun til hitunar í iðnaði o.fl.

Lágmarksafl 15 kW

Aflgjald	8 240,00	kr/kW/a
Orkugjald	1,82	kr/kWh

C. 1. / D. 1. Rofin daghitun.

Rafhitun með roftíma allt að 2×1,5 klukkustund á dag.

	Án VSK	Með VSK
Orkugjald	2,86 kr/kWh	3,56
Orkugjald v. húshitunar	2,86 kr/kWh	
Fastagjald F3	11 010,00 kr/ári	13 707,45 kr/a
Fastagjald F3 v. húshitunar	11 010,00 kr/ári	

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt. Orkugjald vegna húshitunar er undanþegin virðisaukaskatti.

C. 2 / D. 2. Næturrhitun.

Rafhitun með roftíma allt að 15 klukkustundum á dag, á tímabilinu frá kl. 07:00 til 23:00.

Orkugjald	1,93	2,40 kr/kWh
Orkugjald v. húshitunar	1,93	

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt. Hitun húsnæðis er undanþegin virðisaukaskatti.

D. 3. Órofin hitun.

Fyrir órofna rafhitun, varmadætur o. fl.

Hámark uppsetts afls er 200 kW

Orkugjald 1. maí til og með 30. september	2,86	3,56 kr/kWh
Orkugjald maí–sept. v. húshitunar	2,86	kr/kWh
Orkugjald 1. október til og með 30. apríl	3,99	4,97 kr/kWh
Orkugjald okt.–apríl v. húshitunar	3,99	kr/kWh
Fastagjald F3	11 010,00	13 707,45 kr/ári
Fastagjald F3 v. húshitunar	11 010,00	kr/ári

S. 1. Sumartaxti.

Fyrir meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi.

Lágmarksafl 75 kW á mánuði

Orkugjald	1,02	1,27 kr/kWh
Aflgjald	458,00	570,20 kr/kW/mán

Engin orkuafhending er heimil frá 1. nóvember til 31. mars.

MÆLALEIGA.

Notendum er gefinn kostur á að leigja mælitæki til innra uppgjörs og skal leiga fyrir mælitækin vera sem hér segir:

Einfasa mælar kr/ári	560,00	697,20
Prífasa mælar kr/ári	2 200,00	2 739,00

Gjald fyrir önnur mælitæki en að framan greinir, tekur mið af ofangreindu verði, þó aldrei lægra en sem nemur 15% af verðmæti þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun RARIK hverju sinni.

INNHEIMTA OG LOKUN.

Innheimtugjald:

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu og undirbúning að lokun er	715,00	890,20 kr.
---	--------	------------

Lokunargjald:

Gjald fyrir lokun og enduropnun veitu vegna vanskila er	1 430,00	1 780,40 kr.
---	----------	--------------

SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI.**1. Utanhússlýsing.**

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Rafmagnsveitur ríkisins á sinn kostnað.

2. Markmæling.

Liður A.5. er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárlíðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun.

3. Aflgjaldsmæling.

Liður B.1 er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir líðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega.

Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarksaflgjald sé miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

4. Sumartaxti.

Heimilt er að selja raforku til meiriháttar véla- og iðnaðarnota á sérstökum sumartaxta. Gera þarf sérstakan samning þar um í hverju tilviki. Sumartaxti gildir aðeins á tímabilinu 1. apríl til 31. október og er engin notkun leyfð á sama rafbúnaði eftir öðrum gjaldskrárlíðum utan þess tímabils. Aflgjald sé samkvæmt mælingu við 15. mín. meðalgildi afls. Álestur fari fram að jafnaði 1. hvers mánaðar.

5. Véla- og tækjanotkun.

1. Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Rafmagnsveiturnar geta krafist notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (Cos Q undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt. Gjald þetta skal vera allt að 2% af orkukostnaði fyrir hvert hundraðshlutastig eða meira úr stigi, sem meðal fasviksstuðull fer niður fyrir slíkt lágmark.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverjum sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárlíða o.fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, eða notkun einstakra affrekra raftækja, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárlíði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eda spennaafl er takmarkað, áskilja rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárlíðum, þar sem orkugjald er lágt og/eda orkunotkun mikil.

7. Annað.

Virðisaukaskattur 24,5% leggst á alla gjaldskrárlíði nema orkugjöld til húshitunar í líðum A.4, A.5, B.3, C.1, C.2, D.1, D.2, D.3 og fastagjald F.3 og aflgjald B.3 þar sem það á við.

Gjaldskrárverð breytist til samræmis við þær breytingar, sem kunna að verða gerðar á virðisaukaskatti.

II. HEILDSALA.

1. Skilgreining.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað í nánd við mörk orkuveitusvæðis þeirra.

Í gjaldskrá þessari eru tilgreindir mánuðir og ár – almanaksmánuðir og almanaksár.

2. Rafmagnsgjald.

Aflgjald	6 848,00 kr. á árskW
+ Orkugjald fyrir fyrstu notkun allt að 2 500 klst.	
nýtingartíma á árskW	218,2 aurar á kWh
Fyrir notkun milli 2 500 og 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	126,9 aurar á kWh
Fyrir notkun umfram 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	60,1 aurar á kWh

3. Málspenna.

Gjöld samkvæmt 2. gr. miðast við að rafmagnið sé afhent á 33 eða 66 kV málspennu. Sé afhendingarspennan lægri hækka öll gjöld samkvæmt 2. gr. um 5%.

4. Aflmæling.

Með ársKW í gjaldskrá þessari er átt við meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálagstoppa ársins, mældra sem 30 mínútna meðalálág á afhendingarstað.

5. Ársnýting.

Ársnýting, – árstími í klukkustundum – er raforkunotkun eins almanaksárs í kWh deilt með þeim álagstoppi í kW sem greiða skal fyrir.

6. Ákvörðun aflgjalds.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda aflnotkun komandi árs, og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun verða minni, skal þó kaupandi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu affli.

7. Fasviksstuðull.

Gjaldskráin miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi, skal kílóvattstundarverð skv. 2. gr. umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundradshlutastig eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins fer niður fyrir slíkt lágmark.

8. Greiðsluskilmálar.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda ársgreiðslu hans miðað við umsamið afl og áætlaða orku og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur. Mánaðargreiðslurnar falla í gjalddaga fyrsta dag hvers mánaðar eftir á, og eindagi er í lok þess mánaðar. Lánavextir greiðast af fyrsta mánuði skuldar en vanskilavextir eftir eindaga, hvort tveggja samkvæmt almennum reglum Seðlabanka Íslands um hæstu leyfilega vexti á hverjum tíma. Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga, en tilkynnt skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda, sbr. 76. gr. orkulaga nr. 58/1967.

Ath! Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts. Virðisaukaskattur, 24,5%, leggst á heildsöluverð.

Gildir frá 1. janúar 1990.

III. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI.

Heimtaugargjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, í þéttbýli með fasta íbúatölu 50 eða fleiri samkvæmt skrá Hagstofu Íslands, er sem hér segir:

- 1.1 Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.
- 1.2 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins. Heimtaugargjaldið skal greitt áður en tenging fer fram.
- 1.3 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.
- 1.4 Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

	Án VSK	Með VSK
Málstraumur		Heimtaugargjöld
63 A einfasa	48 600,00	(60 507,00) kr.
63 A þrífasa	54 000,00	(67 230,00) kr.
100 A þrífasa	82 100,00	(102 214,50) kr.
200 A þrífasa	198 700,00	(247 381,50) kr.
315 A þrífasa	314 300,00	(391 303,50) kr.
400 A þrífasa	432 000,00	(537 840,00) kr.
710 A þrífasa	772 200,00	(961 389,00) kr.
1200 A þrífasa	1 296 000,00	(1 613 520,00) kr.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

1.5 Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Stofngjald	Yfirlengdargjald	
		Jarðstrengur	Loftlína
63 A einfasa	9 180,00 kr.	1 015,00 kr/m	14 500,00 kr/stólpa
63 A þrífasa	12 850,00 kr.	1 015,00 kr/m	16 500,00 kr/stólpa
100 A þrífasa	14 040,00 kr.	1 270,00 kr/m	19 100,00 kr/stólpa

Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum sem tengdur er í loftlínustaur greiðist kr. 11 700,00.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Yfirlengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug að stofnvarkassa í húsveitu og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

- Leita skal samþykkis rafmagnsveitnanna um staðsetningu inntaks heimtaugar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.
- Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.
- Sé nauðsynlegt að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnaði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Húsnaðisaðstaðan skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnaði til þessara nota. Húsnaðið – uppsteypt – er lagt til rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnaðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

1.9 Breyting á heimtaug.

Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Heimilt er þó að lækka eða fella niður þetta gjald þegar sérstakar aðstæður mæla með því að mati rafmagnsveitnanna.

2.0 Frávik.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum í þéttbýli. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða heimtaugar stærri en 1200 A, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af þessari gjaldskrá. Gjald fyrir aðrar heimtaugabreytingar en um getur í þessari gjaldskrá er samkvæmt kostnaðarreikningi eða eftir nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.

Virðisaukaskattur leggst á öll heimtaugagjöld.

Gildir frá 1. janúar 1990.

IV. HEIMTAUGARGJALD Í DREIFBÝLI.

Almennt.

Hver sá, er óskar að fá heimtaug frá Rafmagnsveitum ríkisins, utan þéttbýlis, skal hafa greitt heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins, áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.

Öll gjöld sem tilgreind eru hér á eftir miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 1990, sem er 159,6 stig og breytast í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar gjöldum almanaksársins.

1. Heimtaugargjald fyrir íbúðarhús, kirkjur, skóla, atvinnuhúsnæði og þ. h.

1.1 Heimtaugargjaldið skal vera grunngjald kr. 82 600,00 á hvern notanda og er þá miðað við að heildarkostnaður við heimtaugarlögnina fari ekki fram yfir kostnað við lagningu 80 m heimtaugar og uppsetningu 25 kVA spennistöðvar.

Framangreint grunngjald kr. 82 600,00
miðast við, að Orkusjóður greiði það sem á vantar í heildarkostnað við lagningu 80 m heimtaugar og 25 kVA spennistöðvar.

1.2 Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðva fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem heimtaugarlengd og stærð spennistöðvar fer fram úr því, sem tilgreint er í lið 1.1, skulu heimtaugagjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitustjóra, með hliðsjón af áætluðum umframkostnaði.

2. Heimtaugagjöld fyrir skipulögð sumarhúsahverfi.

Heimtaugargjaldið fyrir hvert hús er að lágmarki kr. 162 000,00 miðað við 5 kVA afl í spennistöð. Sé um meira afl að ræða bætist við gjald samkvæmt kostnaði.

Þetta heimtaugargjald gildir innan hverfisins, sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

- 2.1 Um sé að ræða skipulögð hverfi. Með skipulögðu hverfi er átt við afmarkað svæði, þar sem fyrir liggur uppdráttur af staðsetningu húsa og lóða hverfisins í mælikvarða 1:2000, staðfestur af Skipulagi ríkisins.
- 2.2 Á staðfestum uppdrætti skulu koma fram akbrautir, stígar, stærð lóða og staðsetning húsa á lóðum.
- 2.3 Sveitarfélag, landeigandi eða félag sumarhúsaeygenda viðkomandi hverfis, eftir því sem við á, tryggi í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins heimild til lagningar dreifikerfis, hvort heldur er háspennukerfis eða uppsetningar nauðsynlegs búnaðar og allan eðlilegan umgengnisrétt til eftirlits, rekstrar og viðhalds kerfisins.
- 2.4 Í upphafi þurfa a.m.k. 5 bústaðir að tengjast hverri spennistöð sem sett er upp.
- 2.5 Meðallengd heimtauga frá stofndreifikerfi fari ekki yfir 120 m. Umframlengd greiðist samkvæmt kostnaði.

- 2.6 Lega heimtaugar frá lágspennudreifikerfi að bústað skal ákveðin í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins, en umsækjandi sér um gröft fyrir heimtaug innan sinna lóðamarka og annast frágang í samræmi við teikningu frá Rafmagnsveitum ríkisins nr. 4.3207.46.
- 2.7 Lengd háspennulínu sem leggja þarf að sumarhúshverfi, má ekki fara yfir 100 metra á hverja lóð.

Sé fyrirjánlegt að mati Rafmagnsveitna ríkisins, að hverfi sem skipulagt hefur verið komi til með að byggjast seint upp, þá geta rafmagnsveiturnar krafist þess, að fyrir allt að 35% af lóðafjölda hverfisins verði greitt heimtaugargjald, áður en ráðist er í framkvæmdir.

3. Aðrar heimtaugar.

Heimtaugargjald fyrir annað, en að framan greinir, svo sem einstök sumarhús, veiðihús, o.fl., er ávallt samkvæmt kostnaði, þó aldrei lægra en lágmarksgjaldið . . . kr. 162 000,00
Bráðabirgðaheimtaugar eru undanþegnar lágmarksgjaldinu. Fyrir þær skal ávallt greiða samkvæmt kostnaði.

Virðisaukaskattur, 24,5%, bætist við ofangreind gjöld.

Gildir frá 1. janúar 1990.

V. GJALD VEGNA VARATENGINGAR.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um kostnað við varatengingu þar sem önnur orkuöflun er fyrir hendi. Gjaldtaka miðast við 20 kW aflúttekt.

- 1.1 Í hverju tilviki fyrir sig skal gera skriflegan samning um tenginguna og frágang hennar. Þann kostnað sem af henni hlýst greiðir notandinn að fullu.
- 1.2 Hafi viðkomandi ekki verið tengdur við dreifikerfi rafmagnsveitanna þegar varatengingar er óskað greiðir hann allan kostnað við tenginguna, þ. e. af línulögn, spennu, strengjum o. s. frv.
- 1.3 Notandi greiðir fyrir varatenginguna fast gjald 29,03 kr/ári, sem er það sama og lágmarksgjald á marktaxta fyrir 4 kW, óháð orkunotkun. Fyrir hverja kWh sem notuð er skal notandinn greiða samkvæmt almenna taxtanum A1.

VI. NIÐURGREIÐSLUR OG SÉRSTAKUR AFSLÁTTUR.

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við rafhitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá hitaveitu sem rekin er á viðkomandi stað.

Rafmagnsveitur ríkisins veita ennfremur fyrst um sinn sérstakan afslátt til sömu aðila og njóta niðurgreiðslna. Um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 40 000 kWh á ári samkvæmt lið C 1 og 56 000 kWh samkvæmt lið A 5, en er skipt hlutfallslega niður á reikningstímabilið. Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C 1 rofin daghitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 110 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 0,63 kr á kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,16 kr/kWh.

Liður A 5 markmæling:

Niðurgreidd orka sem er allt að 153 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 0,45 kr á kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,11 kr/kWh.

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C 2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur 0,38 kr/kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,16 kr/kWh.

Gildir frá 1. febrúar 1990, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 58, 30. janúar 1990.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 430, 22. september 1989, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 29. mars 1990.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 146

REIKNINGUR

Tryggingarsjóðs viðskiptabanka 1989.

Rekstrarreikningur 1. janúar – 31. desember 1989

Tekjur:

Árgjöld viðskiptabanka	107 559 263
Verðbætur og vextir af verðbréfum	128 221 924
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	896 508
	<hr/>
Tekjur alls	236 677 695

Gjöld:

Stjórnarlaun	1 136 908
Annar rekstrarkostnaður	197 760
Verðbreytingagjöld	64 963 797
	<hr/>
Gjöld alls	66 298 645

Hreinar tekjur 170 379 230

Efnahagsreikningur 31. desember 1989

Eignir:

Innstæða í Seðlabanka Íslands	1 091 597
Áfallnir vextir	1 179 086
Verðbréf	533 997 842
	<hr/>
	536 268 525

Eigið fé:

Frá fyrra ári	300 925 498
Hreinar tekjur skv. rekstrarreikningi	170 379 230
Verðbreytingagjöld	64 963 797
	<hr/>
Eigið fé alls	536 268 525

Áritun endurskoðenda

Ársreikningurinn þennan fyrir Tryggingarsjóð viðskiptabanka höfum við endurskoðað. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi 1989, efnahagsreikningi 31. des. 1989, ásamt skýringum. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og voru í því sambandi gerðar þær kannanir sem nauðsynlegar þóttu.

Að okkar álit gefur ársreikningurinn skýra mynd af afkomu og efnahag sjóðsins fyrir árið 1989.

Reykjavík, 13. febrúar 1990.

Stefán Svavarsson,
lögg. endurskoðandi

Gunnlaugur Arnórsson,
aðalendurskoðandi
Seðlabanka Íslands

Áritun stjórnar

Reykjavík, 26. febrúar 1990,

Ólafur Örn Ingólfsson

Arnljótur Björnsson

Valur Valsson

Staðfesting viðskiptaráðherra

Viðskiptaráðuneytið, 27. mars 1990.

Jón Sigurðsson.

Nr. 147

30. mars 1990

AUGLÝSING**um flutningsjöfnunargjald á sementi.**

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 1030 frá 1. apríl 1990 þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt við tollafgreiðslu. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytið, 30. mars 1990.

F. h. r.

Atli Freyr Guðmundsson.

Tryggvi Axelsson.

REGLUGERÐ

um meðferð, frágang, geymslu og flutning á unnum ferskum fiski.

1. gr.

Sé fiskur hausaður, flattur, flakaður eða unninn á annan hátt og ætlaður ferskur til sölu eða verkunar sem ekki er í beinu framhaldi af fyrri vinnslu, skal þess gætt að hann sé vel ísaður eða kældur á annan viðurkenndan hátt frá því hann er veiddur og þar til hann er kominn í hendur kaupanda eða viðtakanda. Þannig unninn fiskur verður að komast í hendur kaupanda eða viðtakanda á vinnslu- eða dreifingarstað eigi síðar en 7 dögum frá því að fiskurinn var veiddur.

Aðeins er heimilt að flytja ferskan unninn fisk í umbúðum sem verja hann mengun og tryggja að fyllstu hollustuhátta sé gætt. Við frágang og meðferð skal gæta viðurkenndra vinnubragða.

2. gr.

Ríkismat sjávarafurða hefur eftirlit með vinnslu og meðferð á ferskum unnum fiski og skal tilkynna skrifstofu stofnunarinnar um útflutning með hæfilegum fyrirvara. Í tilkynningunni skal m.a. koma fram hvaða dag fiskurinn var veiddur, hvar hann sé unninn og hvernig honum verði komið til kaupanda eða viðtakanda innan settra tímamarka, sbr. 1. gr. Ríkismat sjávarafurða gefur út útflutningsvottorð fyrir fiskinn m.a. á grundvelli mats á því hvort hann nái til viðtakanda eða kaupanda innan ofangeindra tímamarka.

3. gr.

Unninn ferskur fiskur er samkvæmt reglugerð þessari fiskur sem ekki hefur verið verkaður en einungis verið kældur til að lengja geymsluþol hans.

Með verkun er átt við aðgerð sem veldur efna- eða eðlisfræðilegri breytingu á fiskholdinu svo sem hitameðferð, frystingu, söltun eða þurrkun.

Fiskur telst vera frystur ef hitastig hans er -20°C eða lægra.

4. gr.

Óheimilt er að flytja eða geyma fisk eða fiskafurðir við þannig aðstæður að hitastig þeirra í geymslu sé á bilinu -1°C til -20°C .

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 53, 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 23. gr. laga nr. 53, 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða. Reglugerð þessi öðlast gildi 9. apríl 1990. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 109, 2. mars 1990.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. apríl 1990.

Haldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 21 – 1990

23. febrúar 1990

297

Nr. 149

HEILBRIGÐISREGLUGERÐ

Efnisyfirlit:

I. KAFLI:	Bls.
A. Um heilbrigðisnefndir og verksvið þeirra, 1.-8. gr.	299
B. Ýmis ákvæði og leyfisveitingar, 9.-12. gr.	301
II. KAFLI:	
Um hreinlæti og þrifnað utanhúss, 13.-21. gr.	303
III. KAFLI:	
Um vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra, brunna og sjó, 22.-30. gr.	304
IV. KAFLI:	
Um salerni og fráveitur, 31.-39. gr.	308
V. KAFLI:	
Um hreinsun og meðferð sorps og annars úrgangs, 40.-48. gr.	310
VI. KAFLI:	
Um meindýr, ónytjadýr og vargfugla, 49.-55. gr.	311
VII. KAFLI:	
Um íbúðarhúsnæði, 56.-63. gr.	312
VIII. KAFLI:	
Um gististaði, veitingastaði og aðra matsölustaði, 64.-71. gr.	314
IX. KAFLI:	
Tjald- og hjólhýsasvæði, 72.-81. gr.	315
X. KAFLI:	
Um meðferð og sölu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara	317
A. Almenn ákvæði, 82. gr.	317
B. Starfsfólk, 83. gr.	319
C. Húsakynni, 84. gr.	319
D. Tæki og áhöld, 85. gr.	321
E. Meðferð matvæla, 86. gr.	321
F. Flutningar, 87.-88. gr.	322

XI. KAFLI:

Um skóla, kennslustaði og barnaheimili, þar með talin sumardvalarheimili, dagvistarheimili og gæsluvellir, 89.-98. gr. 323

XII. KAFLI:

Um rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrtistofur og sólbaðsstofur, 99.-103. gr. 324

XIII. KAFLI:

Um heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaði, 104.-108. gr. 325

XIV. KAFLI:

Um fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna, 109.-112. gr. 326

XV. KAFLI:

Um samkomuhús, 113.-116. gr. 327

XVI. KAFLI:

Um kirkjugarða, bálstofur, líkhús, líkgeymslur og líkflutninga, 117.-124. gr. 327

XVII. KAFLI:

Um almenn samgöngutæki, 125.-133. gr. 328

XVIII. KAFLI:

Um fugla- og gripahús, búrekstur og skepnuhald, 134.-138. gr. 329

XIX. KAFLI:

Um fyrirtæki, stofnanir og hverskonar annan atvinnurekstur, 139.-142. gr. 330

XX. KAFLI:

Um afgreiðslustöðvar eldsneytis og olúgeyma, 143.-144. gr. 331

XXI. KAFLI:

Um reyk, mengaðar gufur, eittraðar lofttegundir og ekki jónandi geislun, 145.-147. gr. 331

XXII. KAFLI:

Um hávaða og titring, 148.-152. gr. 332

XXIII. KAFLI:

Ýmis eiturefni, 153.-154. gr. 333

XXIV. KAFLI:

Um aðstoð heilbrigðisnefnda við sóttvarnir, 155.-156. gr. 333

XXV. KAFLI:

Lokaákvæði, 157.-159. gr. 333

XXVI. KAFLI:

Gildistaka, 160. gr. 334

I. KAFLI

A. Um heilbrigðisnefndir og verksvið þeirra.

1. gr.

- 1.1. Heilbrigðisnefndir skulu halda fundi eigi sjaldnar en ársfjórðungslega og oftast þurfa þykir. Þess á milli skulu fundir haldnir þegar formaður heilbrigðisnefndar, heilbrigðisfulltrúi (framkvæmdastjóri), héraðslæknir, heilsugæslulæknir (yfirlæknir), héraðsdýralæknir eða meirihluti nefndarmanna telja þess þörf.
- 1.2. Afgreiðsla máls í heilbrigðisnefnd er lögleg sé meirihluti nefndarmanna viðstaddur afgreiðsluna.

2. gr.

- 2.1. Formaður heilbrigðisnefndar sér um að haldin sé fundargerðarbók og bréfabók.
- 2.2. Í fundargerð skal ætíð koma fram hverjir heilbrigðisnefndarmenn voru viðstaddir afgreiðslu einstakra mála, sem meðferð hlutu á fundinum.
- 2.3. Í fundargerð skal gera stutta grein fyrir hverju máli og tillögum þeim, sem fram koma um afgreiðslu þess. Komi til atkvæðagreiðslu um mál skal getið fjölda atkvæða með og á móti.
- 2.4. Skyld er að bóka stutta greinargerð fyrir einstökum atkvæðum, sé þess óskað.
- 2.5. Fundargerð skal undirrita að loknum fundi og hið síðasta tveimur dögum eftir fund.
- 2.6. Formaður sér um að heilbrigðisnefndarfundir séu boðaðir nefndarmönnum, heilbrigðisfulltrúum (framkvæmdastjórum), heilsugæslulæknum (yfirlæknum) og eftir atvikum héraðsdýralæknum.
- 2.7. Við boðun fundar skal tilkynna dagskrá fundarins.
- 2.8. Nefndarmenn skulu tilkynna formanni eða heilbrigðisfulltrúa (framkvæmdastjóra), geti þeir eigi sótt fund þannig að hægt sé að boða varamenn í þeirra stað.
- 2.9. Varamenn heilbrigðisnefndar skulu eiga þess kost að sitja fundi nefndarinnar án málfrelsis og tillöguréttar.

3. gr.

- 3.1. Heilbrigðisnefnd sér um, að haldin séu ákvæði þessarar reglugerðar svo og annarra reglugerða, samþykta og laga er að heilbrigðiseftirliti lúta.
- 3.2. Nefndin hefur eftirlit með öllu því er varðar þrifnað, heilbrigði og hollustuhætti í umdæminu og gefur um það fyrirmæli í samræmi við lög og reglur, sem öllum hlutaðeigandi er skylt að hlíta.
- 3.3. Nefndinni er heimilt að láta rannsaka allt það er þessi reglugerð fjallar um, svo og annað, er að þrifnaði og hollustuháttum lýtur, utan húss og innan.
- 3.4. Nefndin hefur eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utan húss og lætur fara fram almenna hreinsun á lóðum og lendum á hverju vori og endranær eftir þörfum.
- 3.5. Nefndin getur krafist lagfæringar og viðgerðar á lóðum og girðingum, ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar.
- 3.6. Nefndin hefur eftirlit með vatnsveitum, sjóveitum, vatnsbólum og verndarsvæðum þeirra, auk einstakra brunna, sem nýttir eru til vatnstöku, sömuleiðis með vatni á sjó, sund- og baðstöðum og lætur taka sýni til rannsóknar samkvæmt reglum þar að lútandi og þegar ástæða þykir til.
- 3.7. Nefndin getur bannað notkun vatns úr sjóveitum, vatnsveitum, brunnum og öðrum vatnsbólum og látið loka sund og baðstöðum, ef hún telur þess þörf.

- 3.8. Nefndin hefur eftirlit með almenningssalernum, fráveitum og meðferð á sorpi úr húsum og ennfremur sorprenum í húsum.
- 3.9. Nefndin getur bannað notkun á fráveitum og sorprenum eða krafist breytingar á þeim, ef hún telur þess þörf.
- 3.10. Nefndin gerir ráðstafanir til útrýmingar hvers konar meindýra úr húsum, vörugeymslum, verslunum og hífylum og getur bannað afnot húsnæðis, uns meindýrunum hefur verið útrýmt.
- 3.11. Nefndin getur krafist þess, að hús séu gerð músa- og rottuheld.
- 3.12. Nefndin getur gert ráðstafanir til útrýmingar hvers konar ónytja- og óskiladýra, þar eru meðtaldir fuglar, t.d. dúfur og mávar, sem spillt gætu vatnsbólum eða valdið óþrifnaði eða óþægindum.
- 3.13. Nefndin hefur eftirlit með öllum lélegum íbúðum og gengst fyrir skoðun á þeim og leiguíbúðum eftir því sem þörf krefur.
- 3.14. Nefndin getur bannað notkun íbúða, ef hún telur þær hættulegar heilsu manna.
- 3.15. Nefndin hefur eftirlit með öllum stofnunum, fyrirtækjum og rekstri sem fjallað er um í þessari reglugerð, með þeim undantekningum sem gerðar eru í 3. kafla og viðauka 7 og 8 í mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989. Nefndin getur krafist endurbóta og lagfæringa á húsnæði, tækjum, aðbúnaði og frágangi, svo og hreinsunar eða bannað afnot húsnæðis, ef hún telur þess þörf.
- 3.16. Við nýbyggingar og breytingar sbr. gr. 3.15 skal leita samþykkis heilbrigðisnefndar og leggja fyrir hana fullgilda teikningu af fyrirhuguðum framkvæmdum og lýsingu á umhverfi staðarins.
- 3.17. Nefndin heldur skrá yfir allar þær stofnanir, fyrirtæki og rekstur, sem um er fjallað í reglugerð þessari. Hollustuvernd ríkisins er heimilt að gefa út viðmiðunarreglur varðandi fjölda eftirlitsferða og tókur sýna á eftirlitsskyldum stöðum, samanber þó þær undantekningar sem gerðar eru í 3. kafla og viðauka 8 í mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989.
- 3.18. Nefndin og heilsugæslulæknir (yfirlæknir) skulu hafa samráð um sóttvarnir, ef þess gerist þörf.
- 3.19. Ef nauðsyn ber til, er nefndinni heimilt að ráða starfsfólk til bráðabirgða til aðstoðar við eftirlit, en leita skal hún þá samþykkis sveitarstjórnar/svæðisnefndar svo fljótt sem auðið er.
- 3.20. Nefndin hefur heimild til að gera ríkari kröfur til tryggingar þrifnaði og hollustuháttum en beinlínis er fyrir mælt í reglugerð þessari, að því er varðar hvert einstakt atriði, en jafnan skulu þær kröfur vera í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar um hliðstæð atriði eða almennt viðurkenndar þrifnaðar- og heilbrigðisreglur.
- 3.21. Nefndin kynnir hlutadeigendum þau ákvæði þessarar reglugerðar, annarra reglugerða og almennra laga, er að heilbrigðismálum lúta og þá varða. Sama máli gegnir um fyrirmæli er hún gefur.

4. gr.

- 4.1. Það er skylda heilbrigðisnefnda á hverju starfssvæði að:
 - 4.1.1. fylgjast með þróun og horfum á þeim sviðum, sem snerta hollustuhætti,
 - 4.1.2. vinna að bættum hollustuháttum. Í því skyni skal heilbrigðisnefnd gera tillögur og birta álit sitt um hvaðeina, sem hún telur þörf á í því sambandi,
 - 4.1.3. vinna með öðrum þeim opinberum aðilum, sem hafa með höndum mál, sem snerta heilbrigði og hollustuhætti eða áhrif kunna að hafa í sambandi við framkvæmd mála, sem snerta verksvið heilbrigðisnefndar,
 - 4.1.4. láta almenningi í té upplýsingar og fræðslu um hollustuhætti,
 - 4.1.5. stuðla að heilbrigðisfræðslu í þeim fyrirtækjum eða starfshópum, sem þörf er á, þeirra vegna eða almennings. Ennfremur í skólum eftir því sem tók eru á.

5. gr.

- 5.1. Heilbrigðisnefnd skal árlega láta gera skýrslu um almenna hollustuhætti á starfssvæðinu og um störf nefndarinnar á næstliðnu ári. Skýrslu þessa skal senda formanni svæðisnefndar fyrir marslok.

6. gr.

- 6.1. Heilbrigðisfulltrúar eru starfsmenn sveitarfélaga og starfa í umboði heilbrigðisnefnda að heilbrigðiseftirliti á sínu svæði og undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins.
- 6.2. Þar sem ekki er starfandi heilbrigðisfulltrúi gerir Hollustuvernd ríkisins tillögu til bráðabirgðalausnar í samráði við formenn viðkomandi heilbrigðisnefnda og svæðisnefnda. Skal sú lausn lögð fyrir ráðherra til synjunar eða staðfestingar.

7. gr.

- 7.1. Hollustuvernd ríkisins skal, ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga vinna með svæðisnefndum að samstarfi heilbrigðisnefnda innan svæða og jafnframt milli svæða.

8. gr.

- 8.1. Rísi ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og/eða svæðisnefndar annars vegar og sveitarstjórnar hins vegar um tilhögun eða framkvæmd heilbrigðisráðstöfunar skal málsmeðferð vera samkv. gr. 31.3 í lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

B. Ýmis ákvæði og leyfisveitingar.

9. gr.

- 9.1. Ekki má setja á fót neina þá stofnun eða fyrirtæki né hefja neinn þann rekstur, sem um er fjallað í III.-V. og VIII.-XIX. kafla þessarar reglugerðar nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi af sinni hálfu og farið sé að fyrirmælum hennar, samanber þó þær undantekningar sem gerðar eru í 8. kafla og viðauka 7 í mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989. Afla ber leyfis fyrir hverja slíka starfsemi í byrjun og ef eigendaskipti verða, en annars fjórða hvert ár, nema heilbrigðisnefnd ákveði skemmri tíma.
- 9.2. Hver sá, sem vill búa til og/eða dreifa manna á meðal hvers kyns matvælum eða neysluvörum skal sækja um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar, enda fullnægi hann ákvæðum laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, lögum nr. 24 frá 1. febrúar 1936 og reglugerðum settum samkvæmt þeim.
- 9.3. Hverjum þeim sem hefur fengið starfsleyfi heilbrigðisnefndar er óheimilt að hefja starfsemina fyrir en lokaúttekt heilbrigðiseftirlits viðkomandi svæðis hefur farið fram.
- 9.4. Við nýbyggingar og breytingar stofnana og fyrirtækja sbr. gr. 9.1., skal leita samþykkis heilbrigðisnefndar og leggja fyrir hana fullgilda teikningu af fyrirhuguðum framkvæmdum og lýsingu á umhverfi staðarins.
- 9.5. Öllum hlutadeigandi er skylt að veita heilbrigðiseftirliti og heilbrigðisnefndarmönnum nauðsynlegan aðgang til eftirlits að stofnun þeirri, fyrirtæki eða rekstri, er þeir stjórnar.

10. gr.

- 10.1. Forráðamenn þeirra stofnana og fyrirtækja sem um er fjallað í VIII.-XVII. kafla þessarar reglugerðar skulu við ráðningar starfsfólks bera ábyrgð á að það framvísi læknisvottorðum (ekki eldri en 7 daga) og síðan árlega eða oftár ef þurfa þykir.

Læknisvottorðin skulu sýna að starfsfólkið sé ekki haldið neinum þeim sjúkdómum, kvillum eða óþrifum, sem öðrum getur stafað hætta af eða vakið geta ógeð þeirra er við það eiga skipti. Heilbrigðiseftirlitið skal hafa aðgang að slíkum læknisvottorðum á vinnustað.

- 10.2. Telji starfsfólk, sem um getur í gr. 10.1 sig haldið einhverjum næmum sjúkdómi eða kvilla, skal það gera vinnuveitanda strax viðvart. Vinnuveitanda er þá skylt að sjá um að hlutadeigandi leiti lækni, sem votti heilbrigðisástand með tilliti til smithættu. Vinnuveitandi getur hvenær sem er krafist læknisskoðunar telji hann einhvern starfsmann haldinn næmum sjúkdómi eða kvilla.
- 10.3. Starfsfólk sem um getur í gr. 10.1 skal í starfi sínu gæta rækilega persónulegs hreinlætis, vera snyrtilegt og hreinlegt til fara, sápuþvo sér um hendur hverju sinni eftir að það hefur gengið til salernis, eftir tóbaksnotkun, kaffi- og matarhlé og endranær eftir þörfum.
- 10.4. Starfsfólk í heilbrigðisstofnunum, barnaheimilum, rakara-, hárgreiðslu-, ljósa- og snyrtistofum, baðhúsum og sundlaugum skal klæðast sérstökum hreinum hlífðarfötum við störf.
- 10.5. Starfsfólk sem starfar við matvæla- og neysluvöruverslanir, matargerð og hvers konar matvælaíðnað skal klæðast sérstökum ljósleitum hreinum hlífðarfatnaði, þar með er talinn höfuðbúnaður (t.d. húfur, hárnét) og skófatnaður eftir eðli starfsemiinnar. Ekki má reykja við matargerð né í nánd við óvarin matvæli. Sjá enn fremur gildandi reglur um tóbaksvarnir.

11. gr.

- 11.1. Húsakynni þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í VIII.-XVII. kafla þessarar reglugerðar, skulu í samræmi við eðli starfsemiinnar fullnægja þeim almennu skilyrðum að vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 11.2. Í húsakynnum þeim, sem um er fjallað í III.-IV. og VIII.-XVII. kafla þessarar reglugerðar skulu, eftir því sem við getur átt, gólf, veggir og loft þakin haldgóðum efnum og þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.
- 11.3. Í stofnunum þeim og fyrirtækjum sem um er fjallað í VIII.-XVII. kafla þessarar reglugerðar skal starfsfólk eiga greiðan aðgang að fatageymslum, heitu og köldu rennandi vatni, hæfilega mörgum salernum og þvagstæðum, handlaugum, einnota pappírspurrkum, fljótandi handsápu og öðrum nauðsynlegum hreinlætisgögnum að dómi heilbrigðisnefndar. Karlar og konur skulu vera sér um salerni ef minnst 8 af hvoru kyni starfa saman.

12. gr.

- 12.1. Húsakynnum þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í VIII.-XVII. kafla þessarar reglugerðar, skal haldið hreinum og snyrtilegum. Þar sem einhvers konar starfsemi fer fram að staðaldri og þar sem það á við, skulu gólf þvegin daglega og oftár, ef þurfa þykir, en ekki sópuð.
 - 12.1.1. Áhöld og innanstokksmuni, lausa og fasta, skal þvo eða hreinsa á viðeigandi hátt.
 - 12.1.2. Allsherjar hreingerning eða málun skal fara fram a.m.k. einu sinni á ári.
 - 12.1.3. Sérstakt loftræst rými skal vera fyrir ræstiefni og ræstiahöld og ræstilaug, þar sem það á við.
- 12.2.1. Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsakynni þau, sem um ræðir í III.-V., VIII. og XI. -XVII. kafla.
- 12.2.2. Þar sem við á skal auglýsa þetta bann með sérstöku auglýsingaskilti, sem hengt er upp á áberandi stað við inngöngudyr. Hollustuvernd ríkisins skal útbúa slík skilti og skal heilbrigðisnefnd hafa þau til afhendingar.

II. KAFLI

Um hreinlæti og þrífnað utanhúss.

13. gr.

- 13.1. Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með almennum þrífnaði og hreinlæti utanhúss og hlutast til um að fram fari almenn hreinsun á lóðum og lendum á hverju vori og endranær eftir þörfum, í þrífnaðarskygni eða til að forða slysum.
- 13.2. Nefndin getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum, ef nauðsynlegt þykir til þrífnaðar eða ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið eða til að forða slysum.
- 13.3. Ennfremur er nefndinni heimilt að fyrirskipa hreinsun lóða og lendna (dreifbýli /þéttbýli) á kostnað eigenda, ennfremur niðurrif húsa og girðinga í niðurníðslu og ef sérstök ástæða er til.

14. gr.

- 14.1. Bannað er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaðað, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti svo sem kerrur, bílhuta, bílflök, skipsskrokka o.s.frv. Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja númerslaugar bifreiðar og bílflök að undangenginni viðvörun t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum.
- 14.2. Sveitarstjórn skal sjá um, að komið sé fyrir ílátum undir rusl á götum í þéttbýli, torgum og öðrum stöðum, þar sem þörf er á. Þá skal og séð fyrir reglubundinni tæmingu þessara íláta. Sjá ennfremur þær undantekningar sem gerðar eru í 6. kafla í mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989.

15. gr.

- 15.1. Umráðamönnum lóða er skylt að halda þeim hreinum og snyrtilegum.
- 15.2. Heilbrigðisnefnd getur, ef þurfa þykir krafist að lóðir séu girtar og lagfærðar á viðunandi hátt. Sveitarstjórn skal sjá um að hreinsun fari fram á opinberum stöðum, t.d. görðum og torgum. Sveitarstjórn og/eða heilbrigðisnefnd getur látið hreinsa einkalóðir á kostnað eigenda ef þess gerist þörf, sbr. gr. 14.1.

16. gr.

- 16.1. Eigi má fleygja rusli, úrgangi þ.á m. olíusora eða öðru því er valdið getur óþrífnaði, óheilnæmi eða óþrýði á lóðir, hafnir, flóa og firði, fjörur eða yfirleitt á almannafæri, né skilja slíkt þar eftir eða valda því að það berist þangað. Sama máli gegnir um verndarsvæði vatnsbóla.
- 16.2. Þeir, sem annast flutninga á almannafæri, skulu haga þeim þannig, að ekki valdi óþrífnaði.

17. gr.

- 17.1. Eigi má haga hreinsun húsa, verslana eða búshluta þannig að leitt geti til óþrífnaðar umhverfisins.

18. gr.

- 18.1. Eigi má hafa á almannafæri fiskifang eða neitt það sem óþef eða óþrífnaði getur valdið.
- 18.2. Um staðsetningu fiskhjalla til þurrkunar á fiski og hákarli fer eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar, sbr. ennfremur gr. 82.20 og 82.21.

19. gr.

- 19.1. Áburðarhauga, safngryfjur, forir, rotþrær og því um líkt, ber að staðsetja samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisnefndar. Skal haft samráð við nefndina eða fulltrúa hennar um allt fyrirkomulag.

20. gr.

- 20.1. Á skipulagsskyldum svæðum ber sveitarstjórn að hlutast til um reglubundna hreinsun akbrauta, gangstétta og gangbrauta.
- 20.2. Þeim aðilum, sem sjá um viðhald þjóðvega, ber að sjá um að þjóðvegir og næsta umhverfi þeirra sé hreinsað a.m.k. árlega.

21. gr.

- 21.1. Að öðru leiti skal gætt ákvæða 3. gr. svo og ákvæða lögreglusamþykktu og annarra laga og reglna sem um þetta efni fjalla og gilda fyrir sveitarfélagið eða landið allt.

III. KAFLI

Um vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra, brunna og sjó.

22. gr.

- 22.1. Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með vatnsveitukerfum að því er varðar hollustu vatnsins og öryggisráðstöfunum til þess að koma í veg fyrir mengun vatnsins. Sérstaklega skal eftirlitið beinast að vatnsbólum og verndarsvæðum þeirra, hreinsi- og dælustöðvum, dreifikerfum og tengingum þeirra. Nefndin hefur eftirlit með vatni til notkunar um borð í skipum og öðrum farartækjum. Heilbrigðisnefnd lætur taka sýni af vatninu til rannsóknar þegar ástæða þykir til sbr. 27. gr.
- 22.2. Heilbrigðisnefnd skal séð fyrir fullnægjandi aðstöðu til sýnatöku úr vatnsveitum og dreifikerfum þeirra, eftir því sem hún metur nauðsynlegt.
- 22.3. Heilbrigðisnefnd getur bannað notkun vatns úr vatnsveitum eða vatnsbólum, gert kröfur um lagfæringar, endurbætur og hreinsunaraðgerðir eða látið loka þeim, ef hún telur þess þörf eða sett varúðarreglur um notkun vatnsins.
- 22.4. Ef vart verður við örverumengun í neysluvatni getur heilbrigðisnefnd fyrirskipað að vatn sé klórblandað eða meðhöndlað á annan viðurkenndan hátt.
- 22.5. Sé vatn flúorblandað skal hlíta fyrirmælum heilbrigðisnefndar um tæki, flúormagn og eftirlit með því.

23. gr.

- 23.1.1. Brunnar og vatnsból skulu vera í öruggri fjarlægð frá mannvirkjum, hvers konar starfsemi eða öðru sem ætla má að spillt geti vatninu, ef vatn úr þeim er notað til drykkjar, matargerðar eða á annan hátt til meðferðar og geymslu matar, sem og til hreinsunar á tækjum og búnaði til matargerðar. Gæta skal þess að slík mannvirki eða starfsemi séu þannig staðsett að grunnvatnsborð halli ætíð frá vatnsbóli og sama máli gegnir um straumstefnu yfirborðsvatns. Sjá ennfremur gr. 117.1. um kirkjugarða og gr. 137.2. um gripahús o.fl.
- 23.1.2. Brunnar og vatnsból skulu yfirbyggð, afgirt og þannig frá þeim gengið að yfirborðsvatn og önnur óhreinindi berist ekki í þau. Nefndin getur einnig, í sama tilgangi, takmarkað eða bannað umferð húsdýra á verndarsvæðum vatnsbóla og krafist gripaheldra girðinga ef hún metur það nauðsynlegt.
- 23.1.3. Leiðslur, dælur, geymar og annað, sem notað er við vatnsveitu, skal vera þannig gert og þannig viðhaldið að vatn spillist ekki. Heilbrigðisnefnd getur bannað notkun ofangreinds búnaðar ef ætla má að hann sé varhugaverður heilbrigði manna.

23.2.1. Umhverfis hvert vatnsból skal ákvarða verndarsvæði sem háð er takmörkunum viðvíkjandi umferð, landnýtingu, meðferð og geymslu hættulegra efna, sem spillt gætu neysluvatni. Stærð, lögun og fjöldi verndarsvæðanna skal ákvarðast með tilliti til land- og jarðfræðilegra aðstæðna á áhrifasvæði vatnsbólans innan viðkomandi vatnasviðs.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með verndarsvæðunum og skal setja þær hömlur á notkun og umferð sem nauðsynlegar geta talist til að koma í veg fyrir mengun grunnvatnsins. Verndarsvæðin skulu flokkast eins og fram kemur í greinum 23.2.2.-23.2.4.

23.2.2. I. flokkur - brunnsvæði.

Hér er um að ræða næsta nágrenni vatnsbólans og skal það vera algjörlega fríðað fyrir allri óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.

23.2.3. II. flokkur - grannsvæði.

Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólans og við ákvörðun stærðar þess og lögunar, skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólinu. Á þessu svæði skal ekki leyft að hafa birgðir af eftirtöldum tegundum efna: olíu, bensíni eða skyldum efnum, vegsalti, eiturefnum til útrýmingar á skordýrum eða gróðri, áburði (tilbúnum eða af öðrum toga), né öðrum efnum sem mengað geta grunnvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þ.h. á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og yfirleitt öll starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.

23.2.4. III. flokkur - fjarsvæði.

Svæði þetta er á vatnasvæði vatnsbólans, en liggur utan þess lands sem telst til 1. og 2. flokks verndarsvæðanna.

Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð þeirra efna sem nefnd eru í gr. 23.2.3. og meiri háttar geymslur fyrir slík efni séu ekki leyfðar á svæðinu.

Nefndin getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja þar.

24. gr.

24.1. Heilbrigðisnefnd er heimilt að setja reglur til verndar ónýttum vatnslindum, hvort sem um grunnvatn eða yfirborðsvatn er að ræða, ef nefndin telur brýna nauðsyn bera til og að undangenginni sérfræðilegri rannsókn á viðkomandi vatnasvæði.

25. gr.

25.1. Bannað er að spilla vatnsbólum.

Heilbrigðisnefnd ber að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að vatnsból, vötn og grunnvatn spillist. Sama gildir um aðra staði s.s. ár, læki eða vötn þar sem vatn er tekið til notkunar t.d. neyslu.

26. gr.

26.1. Heilbrigðisnefnd getur bannað olíu- og efnaflutninga í nágrenni vatnsbóla þar sem hætta getur verið á mengun vatnsins. Verði þó ekki hjá slíkum flutningum komist skulu þeir fara fram á þeim tíma sólarhrings þegar umferð er minnst og ekki gerðir nema með fullu samþykki viðkomandi heilbrigðisnefndar/ heilbrigðisnefnda.

26.2. Skylt er að tilkynna heilbrigðisnefnd tafarlaust, ef vitað er um óhreinun á vatnsveituvatni. Vatnsveitum er skylt að tilkynna hlutaðeigandi heilbrigðisnefndum þegar fyrirhugaðar eru breytingar eða lagfæringar á dreifikerfi veitunnar.

Að þeim loknum getur heilbrigðisnefnd látið rannsaka vatnið til að ákvarða neyslufærni þess.

27. gr.

- 27.1. Vatn, sem notað er til vatnsveitu, ber að taka reglulega til örverurannsókna og efnagreininga eða annarra rannsókna ef ástæða þykir til. Sama gildir um vatn sem haft er til almennra nota við framleiðslu, geymslu eða dreifingu matvæla, eða veitt til opinberra stofnana, svo sem skóla, barnaheimila eða heilbrigðisstofnana utan þess svæðis. Þegar sjór er notaður við fiskeldi, hvort sem um sjó- eða landkvíar er að ræða, þá skal miða við að sjórinn sé ekki lakari að gæðum en kveðið er á um í viðauka 2 í mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989.
- 27.2. Um tíðni rannsókna, svo og gæðakröfur vatnsins fer eftir ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, eins og þær eru á hverjum tíma.
- 27.3. Samkvæmt þessu skal nú taka vatnssýni til rannsóknar úr vatnsbólum eins og hér segir:
- 27.3.1. Þar sem íbúar eru innan við 1000 skal heilbrigðisnefnd ákvarða tíðni töku vatnssýna.
- 27.3.2. Íbúar 1000 - 5000, 1 sýni á mánuði.
- 27.3.3. Íbúar 5001 - 10.000, 2 sýni á mánuði.
- 27.3.4. Íbúar fleiri en 10 þúsund, 2 sýni á mánuði fyrir fyrstu 10 þúsund íbúana og 1 sýni á mánuði fyrir hverja 10 þúsund íbúa umfram það.
- 27.3.5. Ennfremur skal taka vatnssýni til rannsóknar úr dreifikerfum samkvæmt gr. 27.3.1.-4. Heilbrigðisnefnd getur þó ákveðið aðra tíðni sýnatöku úr dreifikerfum.
- 27.3.6. Hollustuvernd ríkisins getur ákveðið aðra tíðni sýnatöku til samræmis við íslenskar aðstæður. Ennfremur getur stofnunin óskað aukinna rannsókna á neysluvatni ef þörf krefur.
- 27.4. Eftirfarandi ákvæði gilda um gerlagróður í vatni sem ætlað er til neyslu og meðferðar matvæla:
- 27.4.1. Lokuð vatnsból (vatnsveitur, borholur o.fl.)
 Vatnið telst nothæft ef:
- Kólígerlar eru ekki finnanlegir í 100 ml (MPN<0)
 - Gerlafjöldi við 37°C ræktun er 0-50/ml
 - Gerlafjöldi við 22°C ræktun er 0-100/ml
- Vatnið telst gallað ef:
- Kólígerlafjöldinn í 100 ml er 1-3 (MPN)
 - Gerlafjöldi við 37°C ræktun er 51-100/ml
 - Gerlafjöldi við 22°C ræktun er 101-500/ml
- Vatnið telst ónothæft ef:
- Kólígerlafjöldinn í 100 ml er ≥ 4 (MPN)
 - Gerlafjöldi við 37°C ræktun er meiri en 100/ml
 - Gerlafjöldi við 22°C ræktun er meiri en 500/ml
 - Saurkólígerlar finnast í 100 ml ≥ 1 (MPN).
- 27.4.2. Opin vatnsból (yfirborðsvatn, opinn brunnur o.fl.), meðan enn hafa ekki verið tekin í notkun lokuð vatnsból og þar sem færri en 50 íbúar neyta vatnsins.
 Vatnið telst nothæft ef:
- Kólígerlar eru ekki finnanlegir í 100 ml (MPN<0)
 - Gerlafjöldi við 37°C ræktun er 0-100/ml
 - Gerlafjöldi við 22°C ræktun er 0-500/ml

Vatnið telst gallað ef:

- a) Kólígerlafjöldinn í 100 ml er 1-9 (MPN)
- b) Gerlafjöldi við 37°C ræktun er 101-500/ml
- c) Gerlafjöldi við 22°C ræktun er 501-1000/ml

Vatnið telst ónothæft ef:

- a) Kólígerlafjöldinn í 100 ml er ≥ 10 (MPN)
- b) Gerlafjöldi við 37°C ræktun er meiri en 500/ml
- c) Gerlafjöldi við 22°C ræktun er meiri en 1000/ml
- d) Saurkólígerlar finnast í 100 ml ≥ 1 (MPN).

- 27.4.3. Reynist neysluvatnssýni gallað eða ónothæft, skal þegar í stað taka nýtt sýni. Heilbrigðisnefnd og/eða hlutaðeigandi heilbrigðiseftirliti er skylt að knýja á skriflega um viðhlítandi aðgerðir.
- 27.5. Heilbrigðisnefnd getur látið framkvæma rannsóknir á tilteknum vatnsveitum, vatnsbólum eða brunnnum umfram það, sem áður hefur verið fyrir mælt í þessari grein, enda sé full ástæða til.
- 27.6. Hollustuvernd ríkisins gefur út leiðbeiningar um töku sýna, flutning þeirra og rannsókn, sem og mat á niðurstöðum rannsóknarinnar.
- 27.7. Sýni rannsóknir möguleika á örverumengun eða bendi efnarannsókn til þess að vatn geti talist miður hæft til notkunar, getur heilbrigðisnefnd látið framkvæma tíðari rannsóknir umfram það, sem áður hefur verið sagt og haldið þeim rannsóknum áfram þar til tvær rannsóknir í röð, með sólarhrings bili, hafa sýnt að vatnið sé hæft til notkunar.
- 27.8. Vatnsrannsóknir sem gerðar eru vegna eftirlits samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, skal framkvæma á rannsóknarstofum sem nota aðferðir sem Hollustuvernd ríkisins viðurkennir.

28. gr.

- 28.1. Enginn sem ætla má að haldinn sé sjúkdómi, sem borist getur með vatni, má gegna störfum við neysluvatnsveitu, ef varasamt getur talist með tilliti til sýkingarhættu.
- 28.2. Ef ástæða þykir til að ætla að sýkingarhætta stafi af starfsmanni við vatnsveitu, verður hinn grunaði starfsmaður að gangast undir læknisrannsókn á kostnað vatnsveitunnar og skal hann eigi annast slík störf meðan rannsókn fer fram.

29. gr.

- 29.1. Leyfi heilbrigðisnefndar þarf til áður en tekin eru í notkun ný vatnsból eða vatnsveitur eða nýr búnaður tilheyrandi þeim, enda hafi rannsókn skorið úr um neysluhæfni vatnsins. Samráð skal haft við heilbrigðisnefnd varðandi breytingar á eldri vatnsbólum eða vatnsveitum.
- 29.2. Við staðsetningu og byggingu geyma afgreiðslustöðva fyrir eldsneyti og aðrar brennsluolíur og olíur skal fyllsta tillit tekið til að ekki sé hætta á mengun vatnsbóla eða vatnsfalla og skal hlíta fyrirmælum heilbrigðisnefndar um allt fyrirkomulag. Sjá enn fremur þær undantekningar sem gerðar eru í 8. kafla og viðauka 7 í mengunaryrnareglugerð 386/1989 varðandi stærri olíubirgðastöðvar.
- 29.3. Gengið skal svo tryggilega frá geymum fyrir eldsneyti og olíur að ekki sé hætta á að vatnsból né önnur vatnsföll mengist, þó leki komi að geymunum.

30. gr.

- 30.1. Að öðru leyti skal gætt ákvæða 3. gr. þessarar reglugerðar svo og ákvæða byggingasamþykktta og annarra laga og reglugerða, sem um þetta efni fjalla og gilda fyrir sveitarfélagið eða landið allt.

IV. KAFLI

Um salerni og fráveitur.

31. gr.

- 31.1. Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með öllum fráveitum.
- 31.2. Nefndin skal vinna að því að koma í veg fyrir og draga úr óhreinun vatns, sjávar og stranda af völdum hvers konar fráveituvatns í umdæminu, í þeim tilgangi að koma í veg fyrir óhollustu, náttúruspjöll og óþægindi.
- 31.3. Heilbrigðisnefnd getur bannað notkun ófullnægjandi fráveitulagna og krafist endurbóta og endurnýjunar þeirra.
- 31.4. Nefndin getur krafist að fyrirtæki eða starfsemi, sem valdið getur mengun í fráveitu, komi fyrir viðeigandi hreinsibúnaði á eigið fráveituvatn. Þetta getur átt við almenningskólpeitur, en þó einkum eiturmengað, olíumengað, mjög próteinríkt (hvíturíkt), fituríkt eða blóðblandað fráveituvatn frá verksmiðjum eða hvers konar annarri starfsemi. Sjá þó þær undantekningar sem gerðar eru í 4. og 8. kafla og viðauka 7 í mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989.
- 31.5. Óheimilt er að láta hvers kyns olíur, bensín, lífræn leysiefni eða önnur mengandi efni í fráveitur íbúðar- og atvinnuhúsnæðis, sem telst hættulegur efnaúrgangur, samanber viðauka 4 í mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989.

32. gr.

- 32.1. Þegar skólpi, önnur fljótandi óhreinindi eða yfirborðsvatn er leitt brott, sem og við hvers konar hreinsun fráveituvatns, skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengun eða óhollustu. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að yfirborðsvatn og afrennsli hitaveitu sé leitt í sérstakar fráveitulagnir.

33. gr.

- 33.1. Fráveitulögnum skal vera þannig fyrir komið og þær þannig gerðar og viðhaldið, að óhollusta eða óþægindi hljóti ekki af.
- 33.2. Hollustuvernd ríkisins skal setja sérstakar reglur um meðferð fráveituvatns frá sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum. Skal þar sérstaklega kveðið á um hvernig hreinsun fráveituvatns frá þessum stofnunum skuli hagað.

34. gr.

- 34.1. Þar sem skólpi og öðru fráveituvatni verður ekki veitt í göturæsi eða aðra almenna skólpeitu (t.d. frá sumarbústöðum), skal veita því eftir vatnsheldum holræsum í rotþrær, sbr. gr. 4.3.5. í mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989 og skal afla fyrirmæla og leyfis heilbrigðisnefnda hverju sinni.
- 34.2. Þar sem skólpi er leitt út í sjó, skal miða kröfur við mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989.
- 34.3. Óheimilt er að leiða skólpi þannig að frárennslisop opnast innan hafna.

35. gr.

- 35.1. Í eða við sérhverja byggingu, þar sem fólk hefst við nokkrar stundir dag hvern, skal komið fyrir nægilegum fjölda vatnssalerna og eftir atvikum þvagskálum. Um fjölda salerna, þvagsstæða og annarra hreinlætistækja gilda reglur eftirfarandi greinar.

35.2.1. Í skólum skal vera 1 salerni fyrir hverja 25 pilta og 1 salerni fyrir hverjar 25 stúlkur. Þvagskálar geta komið í stað salerna að 1/3 hluta á piltasalernum.

Í skólum þar sem fjöldi nemenda er samtímis 200 eða fleiri getur heilbrigðisnefnd veitt heimild til að fleiri en 25 nemendur séu um hvert salerni, þó skal miða við að ekki séu gerðar lægri kröfur en samkvæmt eftirfarandi:

Bæði kynin samtals:

100 nemendur	4 salerni	500 nemendur	14 salerni
200 nemendur	7 salerni	600 nemendur	16 salerni
300 nemendur	10 salerni	700 nemendur	18 salerni
400 nemendur	12 salerni		

35.2.2. Í almennum veitinga- og samkomuhúsum, þar sem gestir almennt dveljast í einu um 3 klst. eða lengur skal fjöldi salerna vera þannig:

Á hverja 100 gesti komi eigi færri en 2 salerni eða 1 salerni og 2 þvagstæði á karla og 2 salerni fyrir konur.

Koma skal a.m.k. eitt salerni á hverja 50 karla og eitt salerni á hverjar 50 konur sem umfram eru 100 gesti, en heilbrigðisnefnd er heimilt að ákvarða annan fjölda salerna og að gera ríkari kröfur um fjölda þvagstæða, en sem segir í þessari málsgrein.

35.2.3. Á tjaldsvæðum skal fjöldi salerna miðast við það, að jafnaði komi ekki færri en 2 salerni fyrir hverja 200 gesti, enda sé gert ráð fyrir jafnri skiptingu salerna milli kynja.

35.2.4. Á stórum mótssvæðum og útisamkomum skal fjöldi salerna miðast við það, að jafnaði komi ekki færri salerni en 10 fyrir hverja 1500 mótsgesti, enda sé gert ráð fyrir jafnri skiptingu milli kynja.

Fyrir karla mega þvagstæði koma í stað salerna að 1/3 hluta. Salerni skulu þannig staðsett á svæðinu að þau komi að sem bestum notum.

35.2.5. Fjöldi handlauga skal vera í samræmi við fjölda salerna og þvagstæða. Við hverja handlaug skal vera tilheyrandi hreinlætisbúnaður.

36. gr.

36.1. Sækja skal um leyfi til heilbrigðisnefndar fyrir útisalerni og hlíta fyrir mælum hennar um allan frágang.

36.2. Útisalernum skal komið þannig fyrir, að óhollusta og óþrifnaður hljótist ekki af. Skulu þau vera í hæfilegri fjarlægð frá þeim stöðum þar sem matvæli og aðrar neysluvörur eru framleiddar eða seldar. Sama gildir um vatnsból, brunna eða aðra þá staði þar sem vatn er tekið til notkunar.

37. gr.

37.1. Sveitarstjórn skal sjá um að almenningssalernum sé komið fyrir í þéttbýlisstöðum. Á fjölmennari svæðum ber að miða við að eitt almenningssalerni fyrir konur og eitt fyrir karla komi á hverja 10 þús. íbúa. Hlíta ber fyrir mælum heilbrigðisnefndar um gerð þeirra, staðsetningu og starfrækslu.

38. gr.

- 38.1. Salernisklefi skal vera hæfilega stór, 1,2 m² að gólfrymi hið minnsta, hafa nægilega birtu eða lýsingu og fullnægjandi loftræstingu. Gólf, veggir og loft skal þannig gert, að auðvelt sé að halda því hreinu. Í klefanum eða við hann skal vera handlaug og tilheyrandi hreinlætisbúnaður.
- 38.2. Ekki má vera beint samband milli salernisklefa og rýmis þar sem matvæli eða neysluvörur eru um hönd hafðar, heldur skal þar vera anddyri.
- 38.3. Salernisklefum með tilheyrandi búnaði og anddyri skal halda hreinum og þrifalegum.

39. gr.

- 39.1. Að öðru leyti skal gætt ákvæða 3. gr. þessarar reglugerðar svo og ákvæða byggingasamþykktá og annarra laga og reglugerða, sem um þetta efni gilda fyrir sveitarfélagið eða landið allt.

V. KAFLI

Um hreinsun og meðferð sorps og annars úrgangs.

40. gr.

- 40.1. Úrgangi og sorpi í sambandi við byggingar, opin svæði, útisamkomur, sölutjöld og tjaldsvæði skal safna saman og flytja brott þegar í stað eða geyma með þeim hætti að óhollusta eða óþrifnaður stafi ekki af.

41. gr.

- 41.1. Sorp og úrgang frá eldhúsum, sem ekki verður við komið að flytja á brott þegar í stað, skal flytja a.m.k. daglega í fullnægjandi sorpgeymslu.

42. gr.

- 42.1. Húseiganda/rekstraradila ber að sjá um, að húsi hans fylgi nægilega mörg sorpílát, sem séu lagfærð eða endurnýjuð eftir þörfum. Ekki skal veita fyrirtæki starfsleyfi samkvæmt þessari reglugerð nema fullnægjandi sorpgeymsla sé fyrir hendi.
- 42.2. Ekki má geyma sorp á annan hátt en í hentugum og heilum ílátum, og þannig gerðum að auðvelt sé að tæma þau.
- 42.3. Sorpílát, sem geymd eru utan húss, skulu standa á fastri undirstöðu og vera þannig staðsett að aðgangur að þeim sé greiður og af þeim geti eigi stafað óþægindi eða óþrifnaður fyrir umhverfið.
- 42.4. Heilbrigðisnefnd getur gefið fyrirmæli um fjölda, staðsetningu og gerð sorpíláta.
- 42.5. Forráðamenn samkomustaða, verslana, skyndibitastaða, söluturna, söluvagna, sölutjalda, bensinstöðva, tjald- og hjólhýsasvæða, sumarbústaðasvæða o.s.frv. skulu í samráði við heilbrigðisnefnd koma fyrir nægilegum fjölda íláta undir rusl og sjá um viðhald og tæmingu þeirra. Forráðamenn skulu einnig sjá um nauðsynlega hreinsun næsta umhverfis.
- 42.6. Þar sem gámar eru notaðir undir sorp skal hlíta fyrirmælum heilbrigðisnefndar um allt er varðar gerð þeirra, staðsetningu og þrif.

43. gr.

- 43.1. Ganga skal þannig frá sorprennum, sorpílátum og sorpgeymslum að þær valdi ekki óþrifum eða óþægindum. Skal þeim haldið við eftir þörfum og hreinsun framkvæmd reglulega. Hvíllir slíkt á húseiganda eins og aðrar skyldur hans varðandi húseignina.
- 43.2. Sorpgeymslu má eingöngu nota til geymslu sorps.

44. gr.

- 44.1. Sveitarstjórn á þéttbýlissvæðum er ábyrg fyrir reglubundinni tæmingu og flutningi sorps frá öllum húsum á viðkomandi svæðum.
- 44.2. Sorp skal flytja til móttökustöðva, sem sveitarstjórn kemur fyrir í samráði við heilbrigðisnefnd, sbr. einnig 8. kafla í mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989.
- 44.3. Flutningur sorps skal fara fram með þeim hætti, að óþrifnaður stafi ekki af.

45. gr.

- 45.1. Móttökustöðvar skulu vera þannig staðsettar og reknar, að óþrifnaður og mengun hljótist ekki af og skal hafa með þeim eftirlit.
- 45.2. Móttökustöðvar skulu vera í a.m.k. 500 m fjarlægð frá íbúðarhverfum, skólum, matvælaframleiðslu- og sölustöðum, heilbrigðisstofnunum eða öðrum dvalarstöðum fólks.

46. gr.

- 46.1. Bannað er að fleygja rusli og úrgangi á fjörur, í sjó, ár og læki eða annars staðar, þar sem landspjöll eða mengun hlýst af. Sama gildir um gangstéttir, götur og vegi.

47. gr.

- 47.1. Utan þéttbýlis, þar sem ekki fer fram reglubundin sorphirða, skal koma úrgangi fyrir á þann hátt, að hvorki hljótist af óþrifnaður, sýkingarhætta, útlitsspjöll né önnur mengun. Sama gildir um urðun dauðra dýra og sláturúrgangs.

48. gr.

- 48.1. Að öðru leyti skal gætt ákvæða 3. gr. þessarar reglugerðar svo og annarra laga, reglugerða og samþykktu um sorp og sorphirðingu, sem gilda fyrir sveitarfélagið eða landið allt.

VI. KAFLI

Um meindýr, ónytjadýr og vargfugla.

49. gr.

- 49.1. Heilbrigðisnefnd skal mæla fyrir um aðgerðir til upprætingar á rottum, músum, vargfugli, dúfum og öðrum fuglum, einnig skordýrum og öðrum hryggleysingjum, sem valdið geta tjóni eða óþrifnaði eða sýkingarhættu eða eru til ama í eða við híbýli manna í gripahúsum, vöruskemmum, farartækjum og víðar ef þörf krefur.
- 49.2. Nefndin getur bannað afnot húsakynna og farartækja uns dýrin hafa verið upprætt, sbr. gr. 49.1.
- 49.3. Þá getur nefndin krafist þess að hús séu gerð músa- og rottuheld.

50. gr.

- 50.1. Húsráðendur og umráðamenn lóða skulu eftir föngum halda húsum sínum og eignum lausum við meindýr, m.a. með því að gera húsin rottuheld.
- 50.2. Verði meindýra vart skal tilkynna það heilbrigðisnefnd, sem gerir viðeigandi ráðstafanir til útrýmingar dýrunum.
Undantekningarlaust ber að tilkynna um rottugang.

51. gr.

- 51.1. Þegar þurfa þykir skal heilbrigðisnefnd gera sérstakar ráðstafanir til útrýmingar á rottum og músum í einstökum sveitarfélögum eða hluta þeirra.

52. gr.

- 52.1. Enginn má flytja búföng sín eða annan varning úr eða í húsnæði, þar sem meindýra hefur orðið vart, nema fullnægjandi ráðstafanir hafi verið gerðar til að útrýma þeim.
- 52.2. Þeir sem vilja selja notaðan fatnað, sængurföt, húsgögn og annan varning skulu ganga úr skugga um að þessi varningur sé laus við meindýr. Verði þeirra vart skal útrýma þeim í samráði við heilbrigðisnefnd.

53. gr.

- 53.1. Þegar notuð eru eiturefni til útrýmingar á refum, minkum og/eða vargfugli skal hafa um það samráð við heilbrigðisnefnd.
- 53.2. Heilbrigðisnefnd getur fyrirskipað, að eitruð hræ séu fjarlægð og þeim fyrirkomid á viðunandi hátt innan tiltekins tíma.

54. gr.

- 54.1. Sveitarstjórn/heilbrigðisnefnd skal gera ráðstafanir til útrýmingar á villiköttum, flækingshundum og öðrum ónytjadýrum.
- 54.2. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða með samþykkt, er heilbrigðismálaráðuneytið staðfestir, að takmarka eða banna hundahald og annað gæludýrahald í lögsagnarum-dæminu.

55. gr.

- 55.1. Að öðru leyti skal gæta ákvæða 3. gr. þessarar reglugerðar, ákvæða laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 52/1988, ákvæða laga um eyðingu á refum og minkum svo og annarra laga, reglugerða og samþykktu um meindýr og ónytjadýr, sem gilda fyrir sveitarfélagið eða landið allt.

VII. KAFLI

Um íbúðarhúsnæði.

56. gr.

- 56.1. Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með leiguíbúðum, kjallaraíbúðum og öllum íbúðum, sem ætla má, að teljist heilsuspillandi eða lélegar og gengst fyrir skoðun á þeim reglulega.
- 56.2. Ekki má nota húsnæði sem íbúð ef það getur talist heilsuspillandi á einn eða annan hátt að mati heilbrigðisnefndar.
Nefndin getur bannað afnot íbúða ef hún telur þær hættulegar heilsu íbúanna, sama gildir um endurútleigu slíkra íbúða. Skal þar ekki síst tekið tillit til velferðar barna og gamalmenna. Þinglýsa skal slíku banni.
- 56.3. Sérhver bygging með íbúðarhúsnæði skal vera þannig gerð og við haldið að hvorki þeir sem í henni dveljast né nálægir íbúar hljóti heilsutjón eða óþægindi af.

57. gr.

- 57.1. Eigendum er skylt að halda leiguíbúðum vel við, enda skulu þær fullnægja eftirtöldum lágmarkskröfum:
- 57.1.1. Hæfileg forstofa skal fylgja íbúðinni og sé þar rými fyrir geymslu yfirhafna.
- 57.1.2. Greiður aðgangur skal vera að salerni og baðklefa, með baðtækjum, sem fylgja íbúðinni.
- 57.1.3. Nægilegt neysluhæft heitt og kalt vatn skal vera tiltækt í íbúðinni, svo og fullnægjandi fráveita frá henni.
- 57.1.4. Aðgangur skal vera að fullnægjandi þvottaaðstöðu.
- 57.1.5. Hæfileg geymsla skal fylgja íbúðinni og skal hún vera vel loftræst.

57.1.6. Aðstaða skal vera í íbúðinni til að matreiða.

57.2. Sérhverjum húseiganda skal ennfremur skylt að sjá um að:

- 57.2.1. haldið sé við skolpræsnum, salernisskálum, handlaugum, baðtækjum og eldhúsvöskum í húsinu,
 57.2.2. allar innanhúslagnir séu í góðu lagi,
 57.2.3. hæfileg birta fáist um glugga sem hægt sé að opna beint út, enda sé stærð rúduflatar eigi minna en 1/10 af gólflatararmáli herbergis þess, sem þeim er ætlað að lýsa,
 57.2.4. fullnægjandi loftræsting sé út úr hverju salerni,
 57.2.5. fullnægjandi loftræsting og birta sé í hverju baði, eldunarplássi, gangi og stiga,
 57.2.6. stigum sé haldið vel við og á þeim séu örugg handrið,
 57.2.7. herbergi séu vel rakavarin, hæfilega hlý og laus við hávaða og önnur óþægindi frá nærliggjandi húsnæði eða rekstri.

58. gr.

58.1. Hafa skal til viðmiðunar að lágmarksfjöldi íbúðarherbergja miðað við íbúa sé sem hér segir:

1 herbergi	2 íbúar	4 herbergi	7½ íbúar
2 herbergi	3 íbúar	5 herbergi	10 íbúar

58.2. Herbergi sem er minna en 7 fermetrar að gólflatararmáli eða mjórra en 2.20 m telst ekki íbúðarherbergi.

58.3. Hafa skal til viðmiðunar að lágmarks herbergjastærð miðað við íbúafjölda sé sem hér segir:

12 fermetrar	2 íbúar	7 fermetrar	½ íbúi
10 fermetrar	1½ íbúi		

58.4. Barn á aldrinum 1-10 ára telst hálfur íbúi. Ekki er hér tekið tillit til yngri barna en 1 árs.

59. gr.

59.1. Húseigendum er skylt að halda húsum sínum hreinum utan sem innan.

Ennfremur er þeim skylt að halda húsum sínum við að utan og innan á fullnægjandi hátt.

60. gr.

60.1. Hollustuvernd ríkisins getur sett reglur um fyrirkomulag fráveitna, meðferð sorps og annars úrgangs frá sumarbústöðum og öðrum þess konar húsum sem að jafnaði eru notuð hluta úr ári. Ennfremur ber að gæta ákvæða 34.1 og 47.gr. þessarar reglugerðar.

61. gr.

61.1. Þar sem holræsi er ekki fyrir hendi, sem hægt er að leiða í skólþ frá húsi, skal veita skólþinu í rotþró og ganga þannig frá henni, að ekki valdi óþrifnaði eða óhollustu, sbr. einnig gr. 34.1.

61.2. Rotþró skal sýnd á holræseiteikningu hússins.

62. gr.

- 62.1. Olíugeymar, leiðslur og tilheyrandi búnaður við hús, skulu þannig gerðir og staðsettir að ekki valdi hættu, óþrifnaði og náttúruspjöllum.
- 62.2. Olíugeymar skulu gerðir úr varanlegu efni og þannig staðsettir að ekki geti runnið frá þeim í vatnsból, fjær eða nær.

63. gr.

- 63.1. Að öðru leyti ber að gæta ákvæða byggingarsamþykktá og annarra laga og reglugerða, sem um þetta efni fjalla og gilda fyrir sveitarfélagið eða landið allt.

VIII. KAFLI

Um gististaði, veitingastaði og aðra matsölustaði.

64. gr.

- 64.1. Gististaður er hvert það hús eða húshluti, þar sem menn dveljast næturlangt fyrir borgun.
- 64.2. Gólfflötur eins manns svefnherbergis skal vera a.m.k. 7 m² og tveggja manna svefnherbergis 12 m².
- 64.3. Sængurfatnaður skal ætíð vera þokkalegur, heill, hreinn og laus við ólykt.
- 64.4. Ávallt skal skipt á rúmfatnaði áður en nýjum gesti er vísað til sængur.
- 64.5. Gestir skulu hafa aðgang að salerni og baði, sbr. gr. 35 enda sé það aðskilið frá sambærilegri aðstöðu starfsfólks.

65. gr.

- 65.1. Lofthæð veitinga- og samkomustaða skal vera a.m.k. 2,5 m og hverjum gesti skal ætla a.m.k. 0,9 m² gólfflöt. Gólfflötur veitingastaðar ætlaður gestum, að salernisaðstöðu frátalinni, skal vera a.m.k. 30 m².
- 65.2. Ekki má vera innangengt milli veitingastaðar og herbergja, sem rekstrinum eru óviðkomandi.
- 65.3. Gestir skulu hafa aðgang að snyrtingu sbr. gr. 35.

66. gr.

- 66.1. Á veitingastöðum, þar sem heitir eða kaldir réttir og drykkir eru framreiddir, skal vera sérstakt eldhús með fullkomnum tækjum til matreiðslu, þvotta á tækjum uppþvotta og handþvotta. Að öðru leyti vísast til ákvæða X. kafla þessarar reglugerðar eftir því sem við getur átt.
- 66.2. Í eldhúsum skulu vera vélknúin loftræstitæki, með fullnægjandi búnaði ef þurfa þykir.
- 66.3. Rétti, sem ekki er neytt strax, skal geyma í kælum, þar sem hitastig er við 0–4°C. Þetta gildir þó ekki um heita rétti, sem geyma á minnst við 60°C hita uns þeirra er neytt.
- 66.4. Kalda rétti, smurt brauð, hrásalat og aðrar slíkar viðkvæmar neysluvörur, skal ætíð geyma í kælrými þar sem hitastig er 0–4°C.
- 66.5. Hreinsa skal a.m.k. daglega og eftir þörfum öll tæki og áhöld á fullnægjandi hátt.
- 66.6. Kjötsagir, hakkavélar, áleggsskurðarvélar og önnur vélknúin vinnutæki skulu tekin í sundur og hver hluti þeirra vandlega þrifinn daglega og oftast ef þurfa þykir.
- 66.7. Þar sem meðhöndlun matvæla fer fram skulu gólf þvegin en ekki þurrstöpuð.

67. gr.

- 67.1. Ekki má bera gestum skörðótt eða sprungin matar- eða drykkjarílát. Matreiðslu-áhöld, uppþvottatæki og vinnuborð skulu vera heil og gerð úr efni sem auðvelt er að þrifa.
- 67.2. Borðbúnað ílát, áhöld og vinnuborð skal þvo á fullnægjandi hátt og sótthreinsa með virkum og viðurkenndum sótthreinsunarlegi hverju sinni eftir notkun. Purrkur og þvottaklútar skulu yfirleitt vera úr einnota efni, en að öðrum kosti skulu þeir þvegnir og soðnir nægilega oft til að mengun hljótist ekki af.
- 67.3. Borðdúkar skulu vera hreinir og heilir.
- 67.4. Dúklaus borð skal þvo hverju sinni eftir notkun.
- 67.5. Búr, hillur og þess konar ber að þvo eftir þörfum.
- 67.6. Á veitingastað má ekkert geyma sem ekki er ætlað til daglegra nota og er rekstrinum óviðkomandi.

68. gr.

- 68.1. Herbergi sem maður haldinn næmum smitandi sjúkdómi hefur gist í, ber að sótthreinsa áður en það er notað að nýju, nema lækni telji óþarft.
- 68.2. Einnig ber að hreinsa og sótthreinsa rúmfatnað og aðra muni sem hinn sjúki hefur notað.

69. gr.

- 69.1. Gistiskálar skulu hafa baðaðstöðu fyrir gesti svo og salerni sér fyrir karla og sér fyrir konur.
- 69.2. Í svefnrymum gistiskála skal miða við að ekki komi minna rými en 6 m³ á hvern gest. Telji heilbrigðisnefnd að aðstaður leyfi má miða við 5 m³ á hvern gest.
- 69.3. Í orlofshúsum sem ætluð eru til útleigu skal vera bað- og salernisaðstaða.

70. gr.

- 70.1. Sækja skal um leyfi heilbrigðisnefndar fyrir veitinga- og gististöðum og orlofshúsum samkvæmt þessum kafla og jafnframt skal gæta ákvæða laga og reglna um veitinga- og gististaði.

71. gr.

- 71.1. Að öðru leyti skal gætt ákvæða 3. og 9. gr. þessarar reglugerðar, ákvæða gildandi laga nr. 67/1985 og reglugerðar um veitinga- og gististaði nr. 288/1987, svo og annarra laga og reglugerða um þetta efni, sem gilda fyrir sveitarfélagið eða landið allt.

IX. KAFLI

Tjald- og hjólhýsasvæði.

72. gr.

- 72.1. Að fenginni heimild sveitarstjórnar skulu þeir, sem ætla að starfrækja tjald- og hjólhýsasvæði fyrir ferðafólk, leita leyfis viðkomandi heilbrigðisnefndar.
- 72.2. Áður en heilbrigðisnefnd samþykkir leyfisveitinguna, ber henni að leita umsagnar hjá Skipulagi ríkisins.
- 72.3. Í umsókn um tjaldsvæðisleyfi skal gerð grein fyrir staðarvali, stærð svæðis og aðstöðu til vatnsöflunar, hreinlætisaðstöðu og frárennsli. Uppdráttur fylgi umsókn.
- 72.4. Í leyfi til reksturs eða stækkunar tjaldsvæða, skal taka fram um hámarksfjölda leyfðra tjalda og hjólhýsa.

73. gr.

- 73.1. Ekki má leyfa tjaldsvæði, þar sem búast má við ónæði frá nálægri umferð, atvinnurekstri eða annarri starfsemi, ekki heldur þar sem hætta er á ónæði frá tjaldsvæðinu. Ennfremur skal forðast þá staði þar sem hætta er á óþægindum vegna óþrifa, ólyktar, sóts, ryks og þess háttar.
- 73.2. Við skipulagningu tjaldsvæða og bílastæða, skal þess gætt að fyrirbyggja hugsanlega mengun vatnsbólá.

74. gr.

- 74.1. Staði fyrir hjólhýsi, tjöld og bíla skulu hvert um sig vera á sérstökum svæðum.
- 74.2. Ætla skal hæfilegt svæði undir hvert tjald eða hjólhýsi.

75. gr.

- 75.1. Alla akvegi til og frá tjaldsvæði, akstursbrautir innan svæðis og bílastæði, skal skipuleggja með umferðaröryggi í huga. Skal þá sérstaklega höfð í huga sú hætta, er börnum að leik getur stafað af. Rykbinda skal þessa vegi ef nauðsyn krefur.
- 75.2. Girða skal tjaldsvæði af svo framarlega sem það er ekki afmarkað af náttúrunnar hendi t.d. af læk eða öðru. Tjaldsvæði skal vera skepnuhelt.

76. gr.

- 76.1. Á tjaldsvæðum skal séð fyrir nægilegu magni vatns, sem uppfyllir kröfur um neysluvatn. Koma skal í veg fyrir sírennsli vatns með sérstökum búnaði.
- 76.2. Á tjaldsvæðum skal vera sérstakur staður til uppþvotta og skal þar vera nægilegt nothæft vatn og ekki hætta á að skólþ mengi neysluvatn.

77. gr.

- 77.1. Vatnssalerni skulu notuð þar sem hægt er að koma við frárennislögnum í sameiginlega skólþveitu eða rotþró. Verði því ekki við komið skal skólþi og öðrum fljótandi úrgangi safnað saman og leitt burt á þann hátt að ekki hljótist af óþægindi, óþrif eða smithætta.
- 77.2. Fjarlægð frá salernisbyggingu til næsta tjaldstæðis eða hjólhýsis skal vera minnst 20 m.
- 77.3. Tæming þurrsalerna skal fara fram svo oft sem nauðsyn krefur. Umhirða og viðhald salerna skal við það miðast að ekki verði um óþægindi, óþrif eða smithættu að ræða. Fyrir hjólhýsi þarf að vera aðstaða til þess að unnt sé á hreinlegan hátt að tæma og hreinsa kemísk/þurr salerni.
- 77.4. Fjöldi salerna og handlauga skal vera í samræmi við fjölda svæðisgesta sbr. 35. gr. í reglugerð þessari.

78. gr.

- 78.1. Dýraheld sorpílát skulu vera til staðar undir rusl, matarleifar og annan úrgang. Tæming skal fara svo oft fram að ekki valdi óþægindum eða óþrifnaði.

79. gr.

- 79.1. Þeir sem leyfi hafa til reksturs tjaldsvæðis, skulu setja nánari reglur þar sem kveðið er á um skyldur gesta varðandi t.d. snyrtimennsku, háreysti, umferð, meðferð elds og annað er máli skiptir svo sem dýrahalds.
- 79.2. Öll tjaldsvæði skulu háð gæslu. Á tjaldsvæðum sem í notkun eru yfir allt sumarið skal vera gæslumaður sem sér um að öllum settum reglum sé fylgt.
- 79.3. Gæslumanni er heimilt að vísa þeim á brott, sem gerast brotlegir við settar reglur.
- 79.4. Á sérhverju tjaldsvæði skal vera sjúkrakassi og sjúkrabörur í vörslu gæslumanns.

80 gr.

- 80.1. Leyfishafa er heimilt að taka gjald af gestum, sem tjaldsvæði nota, til þess að standa straum af kostnaði m.a. við sorphirðu, þrif, hreinsun, gæslu og rekstur. Upphæð gjalds skal miða við þjónustu og aðstæður hverju sinni.

81. gr.

- 81.1. Að öðru leyti skal gæta 3. gr., 9. gr. og 15. gr. þessarar reglugerðar, lögreglusamþykktá, ákvæða laga og reglugerða um náttúruvernd svo og annarra laga og reglugerða sem um þetta efni gilda fyrir sveitarfélagið eða landið allt.

X. KAFLI

Um meðferð og sölu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.

A. Almenn ákvæði.

82. gr.

- 82.1. Öll framleiðsla og meðferð matvæla og annarra neysluvara, sem ætlaðar eru til sölu eða dreifingar, þar með talin upphitun á matvælum, skal háð leyfi heilbrigðisnefndar sem getur gert ákveðnar kröfur um hreinlæti og aðra aðstöðu, til þess að tryggja að matvæli verði ekki fyrir mengun eða skemmist á annan hátt.
Við tilbúning og dreifingu á matvælum, neyslu- og nauðsynjavörum, skal gæta þess hreinlætis og þeirrar varkárni, að varan óhreinkest ekki til skemmda eða spillist á annan hátt.
- 82.2. Matvæli, neyslu- og nauðsynjavörur má ekki hafa á boðstólum né dreifa manna á meðal, þegar þær geta talist miður hæfar til neyslu eða notkunar vegna hættulegra breytinga, skemmda, óhreininda eða af öðrum ástæðum.
- 82.3.1. Rannsóknir á matvælum sem gerðar eru vegna eftirlits samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit skal framkvæma á rannsóknastofum, sem nota aðferðir, sem Hollustuvernd ríkisins viðurkennir.
- 82.3.2. Heilbrigðisnefnd getur ákveðið að matvæli og aðrar neysluvörur, sem samkv. 82. gr. eru óhæfar eða miður hæfar til neyslu, verði eyðilagðar eða á annan hátt gerðar óskadlegar á kostnað eiganda eða framleiðanda.
- 82.4.1. Heilbrigðisnefnd getur einnig fyrirskipað, að matvæli og aðrar neysluvörur skuli seljast innan tiltekins tíma, t.d. eftir sérstaka meðferð og með sérstakri yfirlýsingu eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar.
- 82.4.2. Framleiðendum viðkvæmra matvæla er óheimilt að taka við slíkum vörum, sem sölu- og dreifingaraðili óskar að endursenda til framleiðanda.
- 82.5.1. Matvæli og aðrar neyslu- og nauðsynjavörur, teljast hafðar á boðstólum á dreifingarstað, sé þær þar að finna.
- 82.5.2. Matvæli, neyslu- og nauðsynjavörur, sem finnast kunna á framleiðslustað eða í húsakynnum viðkomandi framleiðslustaðar, sem slíkar vörur framleiðir, skulu taldar framleiddar þar nema annað sé sannað.
- 82.5.3. Bannað er að geyma ónothæf tæki eða áhöld á framleiðslu-, dreifingar- eða sölustöðum og matvælageymslum fyrirtækja eða annað sem ekki tilheyrir starfsemi.
- 82.6. Við tilbúning á matvælum og öðrum neysluvörum, sem bjóða á til sölu eða hafa á boðstólum eða dreifa manna á meðal má ekki nota önnur aukefni en þau, sem leyfð eru í gildandi lögum og reglugerðum, eða auglýsingum ráðherra.
- 82.7. Heilbrigðisnefnd getur bannað sölu og neyslu matvæla og annarra neysluvara, sem reynast vera falsaðar, svo sem vegna merkinga, auglýsinga, útlits eða umbúða og þess háttar eða illa gerðar, jafnvel þótt þær séu í sjálfu sér hæfar til neyslu.

- 82.8. Matvæli, neyslu- og nauðsynjavörur má ekki hafa á boðstólum eða dreifa manna á meðal á nokkurn þann hátt, sem fallinn er til að blekkja kaupanda eða móttakanda á uppruna þeirra, tegund, samsetningu, eðli, áhrifum, magni eða öðru þess háttar. Þegar dæmt er um þessi atriði, skal sérstaklega tekið tillit til þess nafns, sem vörinni er gefið og þeirra upplýsinga, sem um hana eru birtar í auglýsingum, hvort heldur er í orðum eða myndum, sem festar eru á vöruna sjálfa eða á umbúðir hennar eða á annan hátt.
- 82.9. Nafn á matvælum, neyslu- og nauðsynjavörum telst blekkjandi þegar:
- a) í vöruna vantar að nokkru eða öllu leyti einhver þau efni eða vöruna skortir þá eiginleika sem varan eftir tíðkanlegri merkingu nafnsins á að innihalda eða hafa til að bera,
 - b) þegar aðskotaefni eru í vörinni,
 - c) í vörunum eru leifar af hráefnum eða öðrum efnum, sem bætt er í þær meðan á framleiðslu stendur í herra hlutfalli en vera ber eftir tíðkanlegri merkingu nafnsins.
- 82.10.1. Matvæli og aðrar neysluvörur má ekki selja á götum úti nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til þess.
- 82.10.2. Heilbrigðisnefnd skal einungis leyfa götuverslun með matvæli og aðra neysluvöru, ef slíkur verslunarmáti hefur ekki í för með sér óþægindi og/eða óhollustu í sambandi við geymslu, flutninga eða sölu þeirra sérstöku matvæla og neysluvöru, sem um er að ræða hverju sinni.
- 82.10.3. Nú er um að ræða götuverslun úr vögnum, og skal þá vagninn vera greinilega merktur með nafni og heimilisfangi eigandans.
- 82.11. Ákvæði 83. gr. skulu einnig gilda um götuverslun eftir því sem við getur átt.
- 82.12.1. Framleiðsla neysluvöru á heimilum til sölu er óheimil. Heilbrigðisnefnd getur þó veitt heimild til þess í sérstökum tilvikum.
- 82.12.2. Ekki má vera innangegt milli framleiðslustaða, neysluvörubúða eða neysluvörugeymsla og íbúðarherbergja eða annarra herbergja sem rekstrinum eru óviðkomandi.
- 82.13.1. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu kjöt og kjötvöru, nema að kjötið hafi verið heilbrigðissskodað og stimplað í viðurkenndu sláturhúsi.
- 82.13.2. Þegar villibráð og egg villtra fugla eru boðin almenningi, skal þannig um vöruna bóúid að ekki valdi óþrifnaði, smíthættu og annarri mengun.
- 82.14. Í kaupstöðum og kaптúnum er óheimilt að slátra búfé utan sláturhúsa, enda þótt afurðir séu ætlaðar til heimilisnota eingöngu.
- 82.15. Öll heimaslátrun utan kaupstaða og kaптúna er óheimil. Ábúandi lögbýlis í strjálbýli má þó slátra hæfilegum fjölda af eigin búfé, heima á lögbýlinu, sé það eingöngu ætlað til heimilisnota á lögbýlinu. Með öllu er óheimilt að selja slíkt kjöt eða á annan hátt dreifa því frá lögbýlinu, t.d. til gjafa, vinnslu eða frystingar.
- 82.16.1. Óheimilt er að selja í fiskbúðum eða öðrum verslunum óslægðan fisk. Fjarlægja skal tálkn og nýru (blóðrönd) úr laxi og silungi. Allur neyslufiskur skal vera hreinn, óskemmdur, ómarinn og að öllu leyti óaðfínnanlegur. Allar tegundir neyslufisks skulu hafa verið lifandi blóðgaðar. Þó eru undanþegnar þessu ákvæði þær tegundir sem ekki eru almennt lifandi blóðgaðar svo sem síld, karfi og loðna.
- 82.16.2. Ekki má láta fisk liggja á gólfi í búð eða geymslu.
- 82.17. Neyslufisk, sjó- eða vatnafisk, ferskan, reyktan og saltaðan, skal selja í sérstökum fiskverslunum. Þó getur heilbrigðisnefnd veitt heimild til að slíkur fiskur sé seldur í öðrum verslunum, enda sé fiskurinn geymdur í og afgreiddur úr sérstökum kæli.
- 82.18. Heilbrigðisnefnd getur heimilað sölu á annarri vöru en fiskafurðum í fiskverslunum.
- 82.19. Sjómönnum sem annast sjálfir sölu á nýjum fiski úr báti eða á lendingarstað er heimil

slík starfsemi. Heilbrigðisnefnd getur, ef ástæða þykir til, gefið út sérstök fyrirmæli varðandi sölu á fiski og fiskmeti utan venjulegra dreifingastaða.

82.20. Fiskhjallar (skreiðarhjallar) til þurrkunar á fiski mega ekki vera nær íbúðarhúsum en 500 m.

82.21. Fiskhjalla má eigi reisa nær móttöku sorps eða annarri mengandi starfsemi en 500 m.

B. Starfsfólk.

83. gr.

83.1. Starfsfólk, sem vinnur við fyrirtæki, sem eru leyfisskyld samkvæmt 9. gr. þessarar reglugerðar og sem er við afgreiðslu, býr til, sýslar með eða kemur á annan hátt í snertingu við matvæli og aðrar neyslu- og nauðsynjavörur, skal ástunda strangasta persónulegt hreinlæti og þrifnað í meðferð vörunnar og taka af sér hringa og annað skraut við störf sín. Hendur skal ávallt þvo áður en vinna hefst, eftir matar- og kaffihlé og strax eftir að þær hafa komist í snertingu við eitthvað sem óhreinkar þær, m.a. eftir notkun salernis, eftir tóbaksnotkun og annars svo oft sem þurfa þykir.

83.2. Starfsfólk, sem fæst við viðkvæmar mat- og drykkjarvörur, skal klætt hreinum og heilum vinnufötum og hafa höfuðfat (hettu, skýlklút, hárnét eða húfu). Heilbrigðisnefnd getur ákveðið að vinnuföt, höfuðbúnaður og skófatnaður skuli vera hvítur og getur krafist notkunar einnota búnaðar s.s. hanska og annarra hlífðarfata. Óheimilt er að fara í vinnufatnaði út fyrir vinnustað. Skal hann skilinn eftir í fatageymslu starfsfólks.

83.3. Starfsfólk skal hafa aðgang að matar- og/eða kaffistofu og ennfremur greiðan aðgang að sér salerni með handlaug, sápuskammtara, naglabursta og einnota handþurrkum. Í fyrirtækjum þar sem starfa 8 manns eða fleiri á vakt í einu, skulu karlar og konur hafa sér fataskiptarými. Heilbrigðisnefnd getur krafist steypibaða fyrir starfsfólk, þar sem þess er þörf að mati nefndarinnar.

83.4. Fólk, sem er með húðsjúkdóma á háu stigi eða smitandi húðsjúkdóma eða er með óhrein sár eða óhreinar umbúðir á höndum og handleggjum, má ekki vinna við framleiðslu, flutning eða sölu matvæla eða annarrar neysluvöru. Sama gildir um fólk með smitandi sjúkdóma eða sem vitað er eða grunur leikur á, að séu smitberar slíkra sjúkdóma, nema fyrir liggi læknisvottorð um að ekki sé nein hætta á að vörurnar mengist af þessum sökum.

83.5. Heilbrigðisnefndir geta krafist læknisskoðunar þegar starfsfólk er ráðið til starfa við leyfisskyld fyrirtæki samkvæmt 9. gr þessarar reglugerðar. Ennfremur getur heilbrigðisnefnd krafist reglulegra heilsufarsskoðana starfsfólks, sem vinnur í fyrirtækjum, sem framleiða, matbúa og/eða sýsla með mat og drykkjarföng, sem ætluð eru til sölu.

C. Húsakynni.

84. gr.

84.1.1. Í fyrirtækjum, þar sem matvæli og aðrar neysluvörur eru framleiddar, geymdar eða seldar, skulu húsakynni vera rúmgóð, björt og með fullnægjandi loftræstingu. Þar skal ennfremur gætt góðrar umgengni og fullkomins hreinlætis bæði hvað snertir húsakynni og tæki til framleiðslu, geymslu og flutninga. Þá skal þess einnig gætt að matvælafyrirtæki séu eigi staðsett nálægt atvinnurekstri sem getur haft mengandi áhrif á starfsemina.

84.1.2. Húsakynninn mega ekki vera í beinu sambandi við óskyldan atvinnurekstur eða íbúð.

84.2.1. Söluskálar eru sölustaðir þar sem hvorki eru borð né stólar fyrir viðskiptavinum.

84.2.2. Í öllum slíkum söluskálum, hvar sem staðsettir eru skal vera salerni, handlaug og pappírþurrkur fyrir starfsfólk.

- 84.2.3. Þar sem söluskálar eru einnig biðskýli, getur heilbrigðisnefnd krafist þess að þvagstæði og salerni séu fyrir gesti.
- 84.2.4. Séu matvæli ætluð til neyslu á staðnum, með því að hafa stóla og borð í afgreiðslurými skal gestum séð fyrir sér salernisaðstöðu og skal a.m.k. 1 salerni vera fyrir hvort kyn.
- 84.3. Heilbrigðisnefnd getur, ef ástæða er til, gefið út sérstök fyrirmæli um innréttingu og rekstur fyrirtækja, þar sem framleidd eru, geymd eða seld matvæli og aðrar neysluvörur.
- 84.4. Ekki má nota það húsnæði, sem viðurkennt hefur verið til sérstakra nota, til annars en það var upphaflega ætlað nema með sérstöku leyfi heilbrigðisnefndar.
- 84.5. Uppfylli húsakynni ekki ákvæði þessarar greinar um fyrirkomulag, góða umgengni og hreinlæti eða séu húsakynnin að öðru leyti talin óheppileg eða óhæf fyrir starfsemina, þá getur heilbrigðisnefnd bannað starfsemina og fyrirskipað lokun fyrirtækisins, uns umræddum kröfum eða ákvæðum hefur verið fullnægt.
- 84.6. Ennfremur getur heilbrigðisnefnd gefið út bráðabirgða fyrirskipanir um bann gegn notkun hlutadeigandi húsakynna, þegar hætta er álitin vera á útbreiðslu næmra sjúkdóma, óþrifa eða annars sem hætta getur stafað af í sambandi við þau.
- 84.7. Lofthæð húsakynna, þar sem til meðferðar eru matvæli og aðrar neysluvörur skal vera a.m.k. 2,5 m.
- 84.8. Vélknúnum loftræstingartækjum með fullnægjandi búnaði skal komið fyrir þar, sem heilbrigðisnefnd telur þörf á.
- 84.9. Sérstakt loftræst rými skal vera fyrir ræstiefni, ræstiáhöld og ræstilaug. Slíkt rými skal vera á hverri hæð eða í hverri rekstrareiningu.
- 84.10.1. Húsakynni skulu vera rottu- og músaheld.
- 84.10.2. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfur um sérstakan útbúnað í þessum húsakynnum til þess að útiloka skordýr (flugur og aðra hryggleysingja).
- 84.11.1. Gólf kjötvinnslu, kjötverslunar, kjötafgreiðslu eða annarrar viðkvæmrar matvælaframleiðslu skal vera vatnshelt og lagt haldgöðu og varanlegu efni, veggir skulu lagðir haldgöðu og varanlegu efni og loft skulu frágengin á fullnægjandi hátt. Gólf, veggir og loft skulu þannig gerð að auðvelt sé að þrifa þau. Að öðru leyti skulu húsakynni frágengin á viðhlítandi hátt.
- 84.11.2. Afgreiðsluborð í kjötdeild verslunar skal vera kæliborð (0-4°C), þar sem kjötvörurnar eru vel varðar. Önnur kjötuð matvæli er óheimilt að hafa á boðstólum ofan á kjötafgreiðsluborðum. Fullnægjandi aðskilnaður skal vera á milli soðinna og hrárrar önnupakkaðrar vöru.
- 84.11.3. Kæliklefi/kæliskápur og/eða frystiklefi/frystiskápur skal vera í hverri kjötvinnslu, kjötverslun og kjötafgreiðslu.
- 84.11.4. Óheimilt er að hlaða vörum í kæli- og frystitæki nema í samræmi við mörk þau sem framleiðendur þessara tækja setja. Geymsla kælivöru ofan á opnum frystikistum er óheimil.
- 84.11.5. Stærð kæli- og frystigeymslu á sölustað skal miðast við, að þær rými a.m.k. það magn kæli- og frystivöru, sem selst á söluhæsta degi vikunnar.
- 84.12.1. Kæli- eða frystiaðstaða í fiskverslunum og fiskafgreiðslum, skal vera sambærileg þeirri er um getur í gr. 84.11.2-5.
- 84.12.2. Búðarborð skulu vera skúffalaus og klædd ryðfríum stálplötum eða öðru jafngildu. Skal þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að hreinsa þau og undir þeim. Fiskafgreiðsluborð skal jafnframt vera kæliborð (0-4°C).
- 84.12.3. Í verslun eða vinnslurými fyrir fisk skal vera aðstaða til fiskþvottar þar sem við á. Þar skulu einnig vera lokuð og þétt ílát undir fiskúrgang og ber að tæma þau og hreinsa daglega.

- 84.13.1. Jafnan skal þess gætt að hitastig í vinnusölum, þar sem unnið er við kjöt, fisk og önnur viðkvæm matvæli, sé sem næst 12°C.
- 84.13.2. Sérstök upphitun aðstaða skal ætluð starfsfólki til fataskipta og skemmri dvalar sbr. gr. 84.13.1.
- 84.14. Hæfilegur fjöldi handlauga með heitu og köldu vatni ásamt skammtara með sóttþreinsandi sápulegi og einnota pappírspurrkum skal vera þar sem unnið er við eða afgreidd eru óinnpökkuð viðkvæm matvæli.

D. Tæki og áhöld.

85. gr.

- 85.1. Ílát, áhöld, vélar og umbúðir, sem geta komist í snertingu við matvæli, neyslu- og nauðsynjavörur, sem dreift er manna á meðal, skulu vera þannig úr garði gerð að þau skaði ekki né mengi matvælin, neyslu- og nauðsynjavöruna.
- 85.2. Áhöld og tæki sem notuð eru í kjötvinnslu, kjötdeild verslunar og kjötafgreiðslu og koma í snertingu við kjöt, skulu eingöngu notuð fyrir kjöt og vera úr efnum sem ekki geta valdið mengun í því og þannig gerð að auðvelt sé að þrifa þau og sóttþreinsa.
- 85.3. Áhöld og tæki sem notuð eru í fiskverslun eða fiskdeild verslunar og koma í snertingu við fisk, skulu eingöngu notuð fyrir fisk og vera úr efnum sem ekki geta valdið mengun í honum og þannig gerð að auðvelt sé að þrifa þau og sóttþreinsa.
- 85.4. Áhöld og tæki sem notuð eru við framleiðslu og sölu annarra viðkvæmra matvæla, en sem um getur í gr. 85.2 og 85.3, skulu vera úr efnum sem ekki geta valdið mengun í matvælunum og þannig gerð að auðvelt sé að þrifa þau og sóttþreinsa.
- 85.5. Notkun glerhúðaðra (emeleraðra) íláta og áhalda og svonefndra „patent“ tappa (flöskuloka með gúmmíþéttingu) er bönnuð. Ekki má búa um matvæli, neyslu- og nauðsynjavöru í pappír, plast eða aðrar umbúðir, sem eru litáðar, málaðar, gljáðar eða prentaðar með eitruðum litum eða í eru önnur eiturefni t.d. arsen, baríum, króm, nikkell, blý, kadmíum og kvikasílfur, sem gætu borist í vöruna. Eingöngu má nota í umbúðir matvæla og annarra neysluvara efni og efnasambönd sem ekki skaða heilbrigði manna.

E. Meðferð matvæla.

86. gr.

- 86.1. Heilbrigðisnefnd er heimilt að hafa til sýnis á áberandi stað í fyrirtækjum og öðrum eftirlitsskyldum stöðum fyrirmæli, sem hún lætur í té og fela í sér einstök atriði sem henni þykja ástæður til að leggja áherslu á í sambandi við framleiðslu, geymslu, sölu og dreifingu matvæla og annarra neysluvara.
- 86.2. Ekki má handfjatla óinnpökkaða vöru sem ætluð er til neyslu eins og hún kemur fyrir fullframleidd, heldur skal við afgreiðslu á henni nota tengur, spaða, skeiðar, gaffla eða annað, sem til þess er ætlað. Heimilt er þó að haga afgreiðslu grænmetis og ávaxta á annan hátt.
- 86.3. Til innpökkunar má einungis nota hreinan umbúðapappír eða annað jafngilt.
- 86.4. Heilbrigðisnefnd getur bannað notkun hættulegra efna og aðferða við framleiðslu matvæla og annarra neysluvara.
- 86.5. Einnig getur heilbrigðisnefnd bannað geymslu á eitruðum eða hættulegum efnum þar sem matvæli neyslu- og nauðsynjavörur eru búnar til, geymdar eða hafðar á boðstólum.
- 86.6. Ekki má rjúfa umbúðir, vega í sundur, blanda eða umhella eiturefnum og hættulegum efnum í matvæla- eða neysluvöruverslunum eða þar sem unnið er við framleiðslu neysluvara.
- 86.7.1. Í verslunum þar sem á boðstólum eru neyslu- og nauðsynjavörur skal vera hæfilegur

aðskilnaður milli neysluvöru og þeirrar nauðsynjavöru sem inniheldur lyktarsterk og/eða hættuleg efni.

- 86.7.2. Neysluvöru er óheimilt að selja á olíu- og bensínafgreiðslustöðvum nema að fullnægjandi aðskilnaður sé á milli neysluvara og annars söluvarnings á stöðvunum að mati heilbrigðisnefndar.
- 86.8. Umbúðir fyrir matvæli og aðrar neysluvörur skulu merktar samkvæmt gildandi reglugerð um merkingu umbúða fyrir matvæli og aðrar neysluvörur.
- 86.9. Bannað er að geyma súrmat í málmhúðudum flátum.
- 86.10. Um framleiðslu og dreifingu á mjólk og mjólkurvörum fer samkvæmt gildandi mjólkurreglugerð.
- 86.11. Mjólk og mjólkurvörur má ekki selja á götum úti nema að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar.
- 86.12. Hverskonar blanda, sem notuð er í ísvörur skal gerilsneydd.
- 86.13. Vara sem seld er í brauðbúðum, má ekki neyta þar inni nema húsakynni og annar búnaður sé til þess gerður og heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til.
- 86.14. Neysluvörur sem seldar eru úr sjálfsala, skulu vera í neytendaumbúðum og sjálfsalinn þannig útbúinn og viðhaldið að neysluvaran geymist þar á óaðfinn-anlegan hátt. Afla ber leyfis heilbrigðisnefndar áður en sjálfsali er tekinn í notkun.

F. Flutningar.

87. gr.

- 87.1.1. Við flutning matvæla og annarra neysluvara skal þess gætt að varan óhreinkest ekki eða spillist á neinn hátt. Öllum farartækjum sem ætluð eru til flutninga á matvælum og öðrum neysluvörum skal haldið vel hreinum. Flutningarými þeirra skal vera lokað, hreinlegt, þrífalegt og vel við haldið og ávallt þrifið sérstaklega áður en það er notað til matvælaflutninga.
- 87.1.2. Sérstakar grindur og aðrar umbúðir sem notaðar eru oftast en einu sinni til flutnings matvæla og annarra neysluvara, skal haldið hreinum og þær geymdar á þann hátt að þær óhreinkest ekki.
- 87.2. Flutningur á fiski til fiskverslana eða annarra verslana skal fara fram í kössum í lokaðri bifreið. Við flutning á fiski skal ætíð gæta fyllsta hreinlætis og nota kassa sem auðvelt er að þrifa.
- 87.3.1. Rými fyrir flutning viðkvæmra matvæla í bifreiðum skal vera gluggalaust og ávallt aðskilið frá rými bifreiðastjóra.
- 87.3.2. Öll matvæli sem geymast eiga í kæli skulu flutt á milli staða í þar til gerðum kælum við 0-4°C.
Öll matvæli sem geymast eiga í frysti skulu flutt á milli staða í þar til gerðum frystum við -20°C.
- 87.4. Verði þessum ákvæðum greinar 87.3.2. sannanlega ekki við komið getur heilbrigðisnefnd veitt heimild til að haga flutningum á annan hátt, enda sé tryggt að matvælin spillist ekki.

88. gr.

- 88.1. Ennfremur skal gæta ákvæða 3. og 9. gr. þessarar reglugerðar, svo og annarra laga og reglugerða, sem fjalla um framleiðslu, sölu og meðferð hverskonar matvæla og annarrar neysluvöru og gilda fyrir sveitarfélagið eða landið allt.

XI. KAFLI

**Um skóla, kennslustaði og barnaheimili, þar með talin
sumardvalarheimili, dagvistarheimili og gæsluvellir.**

89. gr.

- 89.1. Eigi má setja á fót stofnun skv. þessum kafla, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi af sinni hálfu.
- 89.2. Jafnan skal farið að fyrirmælum heilbrigðisnefndar um allt er varðar hreinlæti, heilbrigðishætti og slyshættu.
- 89.3. Einnig þarf leyfi heilbrigðisnefndar, ef húsakynnum eða starfsemi er breytt og ef eigendaskipti verða.
- 89.4. Með umsókn skal fylgja teikning og nákvæm lýsing á starfseminni.
- 89.5. Þá skal leita samþykkis heilbrigðisnefndar, áður en skólahúsnæði er tekið til annarra nota en í leyfi heilbrigðisnefndar greinir.
- 89.6. Undanþegnir umsóknarskyldu eru kennslustaðir, þar sem nemendur eru ekki fleiri en 6 og kennslan stendur ekki lengur en eina klukkustund í senn, svo og heimili sem taka fimm börn eða færri til gæslu daglangt.

90. gr.

- 90.1. Húsnæði, sem um er rætt í þessum kafla, skal fullnægja lágmarkskröfum um íbúðarhúsnæði, sbr. VII. kafla.
- 90.2. Húsnæði, sem um er rætt í þessum kafla skal ekki vera í beinu sambandi við neina þá starfsemi, sem hætta eða óþægindi geta stafað af.

91. gr.

- 91.1. Áður en heilbrigðisnefnd veitir leyfi til starfrækslu, skal hún hafa gengið úr skugga um, að eftirfarandi kröfum sé fullnægt:
 - 91.1.1. Stofnunin skal þannig staðsett, að hún verði ekki fyrir óþægindum vegna hávaða frá umferð, atvinnurekstri eða annarri starfsemi.
 - 91.1.2. Lóð stofnunarinnar skal vera hæfilega stór og hús vel staðsett á lóðinni og leikvöllur þannig gerður, að hann gefi hæfilega athafnamöguleika án slyshættu. Lóð skal afgirt þar sem það á við.
 - 91.1.3. Góð aðstaða skal vera til lækniseftirlits.
 - 91.1.4. Loftræsting skal vera í góðu lagi.
 - 91.1.5. Dagsbirta og lýsing skal vera góð. Góð dagsbirta miðast við gluggastærð í hlutfalli við gólflöt (1/6 í skólum). Gott ljós af lampa telst fyrir skólastofur 500-1000 lux. Heimilt er að hafa lýsingu á göngum í skólum breytilega, þannig að möguleiki sé á góðri lýsingu við ræstingu, en minni þess utan.
 - 91.1.6. Innanstokksmunir skulu vera þeirrar gerðar, að hæfi nemendum.
 - 91.1.7. Í skólum skal vera greiður aðgangur að sértækjum með drykkjarvatni.
 - 91.1.8. Í skólanum skal vera hæfilegur fjöldi góðra snyrtiherbergja (sbr. grein 35.2.1.).
 - 91.1.9. Hljóðeinangrun og hljómburður skal vera góður.
 - 91.1.10. Hæfileg aðstaða skal vera til leikfimiðkana (í skólum m.a.) með fullnægjandi baðaðstöðu.
 - 91.1.11. Leiktæki skuli ávallt þannig gerð og við haldið að ekki hljótist af slysi við eðlilega notkun þeirra.

92. gr.

- 92.1. Sérstaklega skal sótt um leyfi heilbrigðisnefndar, ef matur eða aðrar neysluvörur eru látnar börnum og unglingum í té í stofnuninni. Skal í umsókn getið um, hvers konar neysluvara verði á boðstólum.

- 92.2. Í þeim stofnunum þar sem matur er í té látinn skal þess gætt að næringarþörf barna, unglinga og annarra sé fullnægt og matargerð framkvæmd af þar til hæfu starfsfólki, enda búi yfirmaður í eldhúsi yfir fullnægjandi menntun til þess starfs.
- 92.3. Að öðru leyti fer um tilbúning, geymslu og sölu neysluvöru í þessum stofnunum eftir þeim reglum, sem í gildi eru á hverjum tíma.

93. gr.

- 93.1. Aðstaða starfsfólks varðandi heilbrigðishætti skal vera fullnægjandi að dómi heilbrigðisnefndar.

94. gr.

- 94.1. Skólalæknir/trúnaðarlæknir semur skýrslu um slys er orðið hafa í stofnunum, sem um er rætt í þessum kafla og sendir heilbrigðisnefnd afrit af henni svo fljótt sem auðið er.

95. gr.

- 95.1. Í húsakynnum skal vandleg ræsting fara fram minnst einu sinni á dag og almenn hreingerning á öllu húsnæði a.m.k. einu sinni á ári.

96. gr.

- 96.1. Ávallt skal meira en 1,4 m² gólfflatar koma á hvern nemanda í kennslustofu í skóla, en meira en 3-4,5 m² gólfflatar á barn í leikstofum í barnaheimilum.
- 96.2. Fer það eftir aldri barna og tilgangi stofnunarinnar, hvers gólfflatar skal krafist.

97. gr.

- 97.1. Í skólum og dagvistarheimilum gilda ákvæði löggjafar um heilsuvernd í skólum eins og hún er á hverjum tíma.
- 97.2. Verði læknir eða annað hjúkrunarfólk við störf sín í þessum stofnunum vart við að heilbrigðishættir séu ófullnægjandi skal það koma ábendingum á framfæri við heilbrigðisnefnd.

98. gr.

- 98.3 Að öðru leyti ber að gæta ákvæða þessarar reglugerðar, svo og ákvæða annarra laga og reglna um þetta efni, sem gilda fyrir sveitarfélagið eða landið allt.

XII. KAFLI

Um rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrtistofur og sólbaðsstofur.

99. gr.

- 99.1. Eigi má hefja rekstur stofnana eða fyrirtækja samkvæmt þessum kafla nema heilbrigðisnefnd hafi áður veitt samþykki sitt til starfseminnar og farið hafi verið eftir fyrirmælum nefndarinnar um hreinlæti og hollustuhætti. Sama gildir um meiri háttar breytingar á húsnæði eða rekstri, sem og þegar eigendaskipti verða.

100. gr.

- 100.1. Tilkynna skal heilbrigðisnefnd, ef upp kemur næmur eða grunsamlegur sjúkdómur meðal starfsfólks eða viðskiptamanna fyrirtækisins, sem ætla mætti að tengist fyrirtækinu. Skal fara eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar um viðeigandi aðgerðir.
- 100.2. Starfsfólk skal gæta fyllsta þrífnaðar, vera snyrtilegt til fara og klæðast sérstökum hlífðarfötum við störf.

101. gr.

- 101.1. Húsakynni skulu fullnægja ákvæðum VII. kafla þessarar reglugerðar eftir því sem við á.
- 101.2. Starfsfólk og gestir skulu eiga greiðan aðgang að snyrtiherbergjum. Um fjölda salerna, sem og fjölda og tilhögun handlauga og þvottalauga, fer eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar.
- 101.3. Húsakynni og innanstokksmunir skulu jafnan vera hrein og snyrtileg og vel við haldið.
- 101.4. Húsakynnin mega ekki vera í beinu sambandi við óskyldan atvinnurekstur eða íbúð.

102. gr.

- 102.1. Við hvern viðskiptavin á rakarastofum, hárgreiðslustofum og hvers kyns snyrtistofum skal nota hreina hlífðardúka og handklæði.
- 102.2. Áhöld og tæki skulu þvegin og sótthreinsuð með viðeigandi aðferðum að lokinni notkun við hvern viðskiptavin.
- 102.3. Starfsfólk fyrirtækis skal þrifa og sótthreinsa sólbekki eftir hverja notkun.
- 102.4. Á hvern aðgerðarstól eða bekk má ekki koma minna en 5 m² gólfrými að salernis- og starfsmannaaðstöðu frátalinni.
- 102.5. Einungis er heimilt að nota sólbekki og perur sem viðurkenndar eru af Geislavörnum ríkisins til notkunar í viðkomandi bekkjum.

103. gr.

- 103.1. Að öðru leyti ber að gæta ákvæða 3. og 9. gr. þessarar reglugerðar svo og annarra laga og reglugerða, sem gilda um þetta efni fyrir sveitarfélagið eða landið allt.

XIII. KAFLI

Um heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaðir.

104. gr.

- 104.1. Þegar heilbrigðisnefnd veitir leyfi til rekstrar heilsuræktar- og íþróttastöðva og baðstaða, skal hún sérstaklega taka afstöðu til hæfilegs fjölda gesta eða þeirra sem samtímis mega dvelja þar.
- 104.2. Eigi má hefja rekstur stofnana eða fyrirtækja samkvæmt þessum kafla nema heilbrigðisnefnd hafi áður veitt samþykki sitt til starfseminnar og farið hafi verið eftir fyrirmælum nefndarinnar um hreinlæti og hollustuhætti. Sama gildir um meiri háttar breytingar á húsnæði eða rekstri, sem og þegar eigendaskipti verða.
- 104.3. Reglulegt heilbrigðiseftirlit skal vera með sjúkrastofnunum, heilsugæslu- og heilsuverndarstöðvum, sjúkranudd- og þjálfunarstofum, meðferðar- og endurhæfingarstofnunum, stofnunum fyrir aldraða, stofnunum fyrir fatlaða og öðrum tilsvarendi stofnunum, lyfjabúðum, lækna- og heilsuræktar- og íþróttastöðvum, íþróttahúsum, sundlaugum, almennum baðhúsum, gufubaðstofum, almennum baðstöðum og öðrum hliðstæðum stofnunum, sem heilbrigðisnefnd kann að ákveða.

105. gr.

- 105.1. Um stofnanir þessar gilda ákvæði VII. kafla eftir því sem við á. Húsnæðið skal ekki vera í beinu sambandi við óskyldan atvinnurekstur eða íbúð.
- 105.2. Rekstri stofnana skal háttað á þann veg, að heilsa þeirra, sem þangað koma eða sem þar þurfa að dveljast, sé sem best tryggð.
- 105.3. Í þeim stofnunum þar sem matur er í té látinn skal þess gætt að næringarþörf matargesta sé fullnægt og matargerð framkvæmd af þar til hæfu starfsfólki, enda búi yfirmaður í eldhúsi yfir fullnægjandi menntun til þess starfs.

- 105.4. Sérstaklega skal þess gætt, að stofnanir þessar verði ekki útbreiðslustaðir sjúkdóma. Leiki grunur á, að um slíkt geti verið að ræða, skal þegar í stað tilkynna það heilbrigðisnefnd og heilsugæslulækni (yfirlækni) sem hafa samráð um málið og hlíta fyrir mælum hans um allar aðgerðir.
- 105.5. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að starfsfólk þessara stofnana hafi sér salernis- og baðaðstöðu.

106. gr.

- 106.1. Hollustuvernd ríkisins gefur út fyrir mæli um sótthreinsun vatns í sund- og baðlaugum, um hreinsun tækja, innanstokksmuna og húsnæðis og því um líkt.
- 106.2. Frítt klór í sundlaugavatni skal vera 0.8-1.2 mg/l og pH ekki lægra en 7.2 og skal starfsmaður sundlaugar mæla það a.m.k. tvisvar á dag og skrá niðurstöður á þar til gerð eyðublöð. Allar stærri sundlaugar skulu hafa sírita til að mæla frítt klór, sbr. hér að ofan og tæki til að stilla pH vatnsins þannig að gildin verði milli 7,2-8,0.
- 106.3. Eftirfarandi ákvæði gilda um gerlagróður í sundlaugavatni:
- 106.3.1. Baðvatnið telst nothæft ef:
- a) Kólígerlar eru ekki finnanlegir í 100 ml (MPN<0)
 - b) Saurkólígerlar eru ekki finnanlegir í 100 ml (MPN<0)
 - c) Gerlar við 37°C ræktun eru færri en 100/ml.
- 106.3.2. Baðvatnið telst gallað ef:
- a) Kólígerlar í 100 ml eru 1-9 (MPN)
 - b) Saurkólígerlar í 100 ml eru 1-4 (MPN)
 - c) Gerlar við 37°C ræktun eru 100-500/ml.
- 106.3.3. Baðvatnið telst ónothæft ef:
- a) Kólígerlar í 100 ml eru 10 eða fleiri (MPN)
 - b) Saurkólígerlar í 100 ml eru 5 eða fleiri (MPN)
 - c) Gerlar við 37°C ræktun eru 500 eða fleiri í ml.

107. gr.

- 107.1. Á sundstöðum og baðstöðum skal gera ráðstafanir til að forðast slysaþættu. Þar skulu og jafnan vera gæslumenn, sem kunnáttu hafa í björgun og skyndihjálp.

108. gr.

- 108.1. Að öðru leyti ber að gæta ákvæða 3., 9. og 35. gr. þessarar reglugerðar, svo og ákvæða annarra laga og reglugerða, sem um þetta efni gilda fyrir sveitarfélagið eða landið allt.

XIV. KAFLI

Um fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.

109. gr.

- 109.1. Í fangelsum skal vera reglubundið heilbrigðiseftirlit eigi sjaldnar en tvisvar á ári.
- 109.2. Ef uppvíst verður eða grunur leikur á, að vistmaður sé haldinn næmum sjúkdómi eða óþrifakvilla, skal einangra hann og leita ráða heilsugæslulæknis (yfirlæknis) og fara að fyrir mælum hans um meðferð.

110. gr.

- 110.1. Um fangaklefa í afplánunar- og gæsluvarðhaldsfangelsum gilda ákvæði VII. kafla.
- 110.2. Bráðabirgða vistarverur handtekinna manna skulu þannig gerðar, að þær valdi ekki þeim sem þar kunna að dveljast, heilsutjóni eða hættu á einn eða annan hátt.

111. gr.

- 111.1. Stofnanir þær, sem kafli þessi fjallar um, skulu fastráða lækni til eftirlits og skal hann gefa heilbrigðisnefnd árlega skýrslu um það, sem ábótavant er að hans dómi.

112. gr.

- 112.1. Að öðru leyti ber að gæta ákvæða 3. og 9. gr. þessarar reglugerðar, svo og ákvæða annarra laga og reglugerða, sem um þetta efni fjalla og gilda fyrir sveitarfélagið eða landið allt.

XV. KAFLI

Um samkomuhús.

113. gr.

- 113.1. Kirkjur, biðsalir, leikhús, kvikmyndahús, skemmtistaðir og önnur samkomuhús skulu þannig útbúin og starfrækt að ekki valdi heilsutjóni þeim er þar dvelja.

114. gr.

- 114.1. Veggir, gólf og loft samkomuhúsa skulu þannig gerð að auðvelt sé að halda þeim hreinum og skal þeim ávallt vel við haldið. Farið skal að fyrirmælum heilbrigðisnefndar um þrif húsakynna og innanstokksmuna.

115. gr.

- 115.1. Möguleikar skulu vera til hæfilegrar upphitunar og loftræstingar í samkomuhúsum og í þeim skulu vera salerni, þvagstæði og handlaugar við hæfi, sbr. 35. gr.

116. gr.

- 116.1. Að öðru leyti skal gæta ákvæða 3., 9. og 149. greinar þessarar reglugerðar, byggingarsamþykktá og annarra laga og reglugerða, sem um þessi efni gilda fyrir sveitarfélagið eða landið allt.

XVI. KAFLI

Um kirkjugarða, bálstofur, líkhús, líkgeymslur og líkflutninga.

117. gr.

- 117.1. Kirkjugarðar mega ekki vera nær vatnsbóli en 200 m og því aðeins svo nærri, að landi halli frá vatnsbóli og ekki sé hætta á mengun grunnvatns.
 117.2. Líkkistur má ekki grafa grynna en svo, að a.m.k. 1.0 m sé ofan á kistulok.
 117.3. Leyfa má, að grafir séu úr steinsteypu, en þó skulu þær vera neðanjarðar og a.m.k. 1.0 m þykkt jarðvegslag ofan á. Í botni slíkra grafa skal vera sandur eða mól eða þannig frá honum gengið á annan hátt, að gröf haldist þurr.

118. gr.

- 118.1. Líkhús skulu vera úr steinsteypu og þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Gluggar skulu vita í norður. Fullnægjandi niðurfali skal vera í gólfi.
 118.2. Í líkhúsum skal vera kælibúnaður svo og rennandi vatn og handlaugar með viðeigandi hreinlætisbúnaði.

119. gr.

- 119.1. Líkhús skulu þriffin svo oft sem þurfa þykir og ávallt þegar í stað, eftir að þar hafa verið geymd ókistulögð lík.
 119.2. Leita skal fyrirmæla heilsugæslulæknis (yfirlæknis) um sóttþreinsun, ef í líkhúsi hefur verið geymt lík manns, sem dáðið hefur úr næmum sjúkdómi.

120. gr.

- 120.1. Heilsugæslulæknir (yfirlæknir) getur mælt svo fyrir, að lík manns, er dáðið hefur úr næmum sjúkdómi, skuli kistulagt þegar í stað og flutt í líkhús.

121. gr.

- 121.1. Eigi má grafa upp lík, né opna steinsteypur grafir nema með leyfi ráðherra, enda sé farið að fyrirmælum heilsugæslulæknis (yfirlæknis) í hvítvetna.

122. gr.

- 122.1. Fundin eða sjórekin lík skal ætíð flytja í líkhús þegar í stað.

123. gr.

- 123.1. Bálstofur mega ekki vera nær íbúðarhúsum en 200 m, og eigi nær aðalbraut en 50 m.

124. gr.

- 124.1. Að öðru leyti ber að gæta ákvæða 3. og 9. svo og 23. gr. þessarar reglugerðar, svo og ákvæða annarra laga og reglugerða, sem um þetta efni gilda fyrir sveitarfélagið eða landið allt.

XVII. KAFLI

Um almenn samgöngutæki.

125. gr.

- 125.1. Vistarverum skipshafna svo og rými atlað farþegum í skipum, bifreiðum og flugvélum, skal haldið eins hreinum og auðið er. Sama skal gilda um farartæki sem ætluð eru til sjúkraflutninga.
- 125.2. Um meðferð matvæla, neysluvatns og útbúnaðar hreinlætistækja í skipum, bátum og flugvélum gilda sömu reglur sem á veitingahúsum, eftir því sem við verður komið. Fylgst skal með gæðum neysluvatns í skipum, bátum og flugvélum.

126. gr.

- 126.1. Ekki má flytja með farþegaskipum og bátum, almenningsvögnum eða flugvélum sjúklinga með næma sjúkdóma, sem sóttvörnum er beitt gegn, nema með leyfi heilsugæslulæknis (yfirlæknis).

127. gr.

- 127.1. Skipstjórar og útgerðarmenn, bifreiðastjórar og eigendur bifreiða, flugstjórar og eigendur flugvéla, þar með taldar bifreiðar og flugvélar til sjúkraflutninga, bera ábyrgð á að farið sé að fyrirmælum heilsugæslulæknis (yfirlæknis) og heilbrigðisnefndar um allt er lýtur að þrifnaði, sóttvörnum og heilsugæslu í skipum, bátum, bifreiðum og flugvélum.
- 127.2. Heilbrigðisnefnd getur kyrrsett skip, bifreið og flugvél, ef heilsa farþega og/eða áhafnar er í hættu (t.d. matareitranir, sjúkdómar) og/eða brotið er í bága við fyrirmæli nefndarinnar eða heilsugæslulæknis (yfirlæknis), enda tilkynni nefndin viðkomandi héraðslækni um kyrrsetninguna.

128. gr.

- 128.1. Öll skip og bátar í íslenskri eigu eða leigu skulu háð heilbrigðisefirliti.
- 128.2. Heilbrigðisfulltrúa ber að skoða vistarverur skipverja í fiskibátum, öðrum en dagróðrabátum, ennfremur þeim skipum sem eiga heimahöfn á svæði hans eða hafa þar reglulega viðkomu. Hann skal halda skrá yfir skipin.

129. gr.

- 129.1. Skráningarstjóri skal eigi skrá mann í skipsrúm ef hann telur líkur á að hann sé haldinn næmum sjúkdómi eða óþrifakvilla, nema gegn framvísun heilbrigðisvottorðs frá lækni.
- 129.2. Heilbrigðisnefnd getur krafist samskonar heilbrigðisvottorðs af stjórnendum bifreiða til mannflutninga.

130. gr.

- 130.1. Ef í bát eða skipi verður vart veikinda, sem vera kynni næmur sjúkdómur, skal skipstjóri þegar í stað tilkynna það heilsugæslulækni (yfirlækni) eða tollþjóni eða hafnarskrifstofu, er tilkynni það þá tafarlaust heilsugæslulækni (yfirlækni) í komuhöfn. Sama gildir um óþrifakvilla, svo sem kláða og lús, og ráðstafanir til útrýmingar þeim.

131. gr.

- 131.1. Nú verður vart við meindýr, t.d. veggjalýs, rottur eða kakkalakka, í skipi eða öðru samgöngutæki og skal þá stjórnandi eða eigandi flutningatækis tafarlaust tilkynna það heilbrigðisnefnd og heilsugæslulækni (yfirlækni) eða tollþjóni eða hafnarskrifstofu, sem þegar tilkynnir það heilbrigðisnefnd og heilsugæslulækni (yfirlækni), sem gera nauðsynlegar ráðstafanir.

132. gr.

- 132.1. Hafnsögumenn, tollþjónar, skipaskoðunarmenn, bifreiðaeftirlitsmenn, flugvélaeftirlitsmenn og aðrir eftirlitsmenn með samgöngutækjum skulu tilkynna heilbrigðisnefnd og heilsugæslulækni (yfirlækni) tafarlaust allt, sem þeir telja að brjóti í bága við hreinlæti og aðra hollustuhætti í samgöngutækjum.

133. gr.

- 133.1. Að öðru leyti ber að gæta ákvæða 3., 9., 153. og 155. gr. þessarar reglugerðar, svo og ákvæða annarra laga og reglugerða, sem um þetta efni gilda fyrir sveitarfélagið eða landið allt.

XVIII. KAFLI

Um fugla- og gripahús, búrekstur og skepnuhald.

134. gr.

- 134.1. Búpeningur og önnur dýr, sem höfð eru í húsum, skulu þannig haldin að ekki valdi óhollustu eða óþrifnaði.
- 134.2. Búpeningur má ekki ganga laus á þéttbýlissvæðum.

135. gr.

- 135.1. Við gripahús þar með talin loðdýra- og alifuglahús skulu vera haughús eða safnþrær fyrir úrgang og fódurleifar. Skal þannig gengið frá þeim að hvorki stafi af þeim mengun til nánasta umhverfis né borist geti til mannabyggða ódaunn eða óþrif og mönnum eða skepnum stafi hætta af. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að haughús og safnþrær séu yfirbyggðar eða lokaðar.
- 135.2. Við loðdýrabú skal ávallt vera brennsluofn af viðurkenndri gerð til eyðingar dýrahreja og annars úrgangs.

136. gr.

- 136.1. Rottum og öðrum meindýrum skal útrýmt tafarlaust úr gripahúsum.
- 136.2. Heilbrigðisnefnd getur bannað mjólkursölu frá fjósi, þar sem rottugangur er eða annar óþrifnaður.

137. gr.

- 137.1. Búpening má ekki hafa í sama húsi og mannaþúbúðir né í öðrum húsum en þeim sem til þess eru ætluð og skulu gripahús hafa hlotið viðurkenningu byggingarnefndar annars vegar og héraðsdýralæknis eða heilbrigðisnefndar hins vegar.
- 137.2. Gripahús, þar með talin loðdýrabú, alifuglabú, svínabú og áburðargeymslur mega aldrei standa nær vatnsbóli en 100 metra og ætíð svo að landi halli frá vatnsbóli og að ekki sé hætt á mengun grunnvatns.
- 137.3. Óheimilt er að reisa loðdýrabú, alifuglabú og svínabú nær mannabústöðum eða vinnustöðum annarra en sjálfs búsin en sem nemur 500 m. Í strjálbýli er heimilt að reisa slík bú nær mannabústöðum þar með töldum sumarbústöðum á aðliggjandi bújörðum með samþykki hlutadeigandi ábúenda og eigenda. Að öðru leyti skal farið að fyrirmælum heilbrigðisnefndar um staðsetningu.
- 137.4. Óheimilt er að halda svín, hænsn, endur, gæsir eða annað fiðurfé í þéttbýli. Leyfi heilbrigðisnefndar þarf til að mega halda kanínur og dúfur í þéttbýli.

138. gr.

- 138.1. Að öðru leyti skal gæta ákvæða 3. og 9. gr. þessarar reglugerðar, lögreglusamþykktu og annarra laga og reglugerða, sem fjalla um þetta efni og gilda fyrir sveitarfélagið eða landið allt.

XIX. KAFLI

Um fyrirtæki, stofnanir og hverskonar annan atvinnurekstur.

139. gr.

- 139.1. Húsnæði, umhverfi og geymslusvæði fyrirtækja, stofnana og hverskonar atvinnureksturs skal þannig útbúið og um það gengið að ekki valdi óþrifum, óþarfa ónæði, óhollustu og óþrýði. Heilbrigðisnefnd getur krafist þess af þeim aðilum, sem ekki falla undir viðauka 7 í mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989, að komið verði fyrir mengunarvarnabúnaði, gerist þess þörf.

140. gr.

- 140.1. Fyrirtæki og hverskonar annar atvinnurekstur, skal sækja um leyfi til heilbrigðisnefndar og hlíta fyrirmælum hennar um hverskonar rekstur sem ætla má að valdi óþrifnaði fyrir umhverfi sitt eða kunni að vera óþægilegur eða heilsuspillandi m.a. vegna ólyktar, hávaða, titrings eða annarrar mengunar. Sjá þó þær undantekningar sem gerðar eru í mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989. Ennfremur skal sótt um leyfi til nefndar vegna endurnýjunar geyma, tilheyrandi búnaðar og annarra breytinga.
- 140.2. Umsóknur skulu fylgja upplýsingar um starfsemina og þau efni sem notuð eru við reksturinn og um ráðstafanir til að koma í veg fyrir hugsanlega mengun eða tjón af rekstrinum.
- 140.3. Ávallt skal meðferð og geymsla eiturefna og hættulegra efna vera með þeim hætti að ekki valdi mengun eða slysum og í samræmi við gildandi löggjöf um eiturefni og hættuleg efni. Séu slík efni á geymum, skal um þá búið í þró úr viðurkenndu varanlegu efni, sem tekið getur við hugsanlegum leka úr geymunum.

141. gr.

- 141.1. Þar sem ákvæði þessarar heilbrigðisreglugerðar ná ekki til, en heilbrigðisnefnd telur að lögum og reglugerðum annarra eftirlitsaðila sé ekki fylgt, ber nefndinni eigi að síður að gera viðkomandi aðilum advart.

142. gr.

- 142.1. Að öðru leyti ber að gæta ákvæða byggingarsamþykktá og annarra laga og reglugerða, sem um þetta efni fjalla og gilda fyrir sveitarfélagið eða landið allt, sbr. 35. gr. og XX. og XXI. kafla þessarar reglugerðar.

XX. KAFLI

Um afgreiðslustöðvar eldsneytis og oliugeyma.

143. gr.

- 143.1. Leyfi heilbrigðisnefndar þarf til að starfrækja afgreiðslustöðvar og oliugeyma fyrir gas, bensín og aðrar olíur, samanber þó þær undantekningar sem gerðar eru í 8. kafla og viðauka 7 í mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989. Ennfremur skal sótt um leyfi til nefndarinnar vegna endurnýjunar geyma, tilheyrandi búnaðar og annarra breytinga.
- 143.2. Hlíta skal fyrirælum heilbrigðisnefndar um allan frágang á aðstöðu, afgreiðslu og geymum ásamt tilheyrandi búnaði þar með töldum tækjum til að fylgjast með hugsanlegum leka frá geymunum og öðrum búnaði.

144. gr.

- 144.1. Að öðru leyti ber að gæta ákvæða byggingasamþykktá og annarra laga og reglugerða sem um þetta efni fjalla og gilda fyrir sveitarfélagið eða landið allt.

XXI. KAFLI

Um reyk, mengaðar gufur, eitradar lofttegundir og ekki jónandi geislun.

145. gr.

- 145.1. Húseigendum er skylt að halda kynditækjum sínum í því lagi, að þau reyki ekki eða valdi sötmyndun.
- 145.2. Bifreiðaeigendum og eigendum annarra vélknúinna ökutækja er skylt að hafa vélbúnað tækjanna vel stilltan og viðhaldið, svo að þau valdi ekki óþarfa reyk eða sötmyndun og hávaða.
- 145.3. Óheimilt er að láta vélar kyrrstæðra ökutækja vera í gangi lengur en 5 mínútur þar sem þær geta valdið mengun í nærliggjandi húsakynnum, þar sem matvæli eru staðsett eða í vistarverum manna.

146. gr.

- 146.1. Eigendum og forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að sjá um, eftir því sem við verður komið að andrúmsloft sé ómengað og hóflega rakt á þessum stöðum, svo það valdi ekki vistmönnum, starfsmönnum eða þeim sem þangað leita, óþægindum eða heilsutjóni. Hér ber sérstaklega að hafa í huga eiturefni og önnur varhugaverð efni.
- 146.2. Í sambandi við hættu af ekki jónandi geislun getur heilbrigðisnefnd bannað tiltekin tæki eða fyrirskipað sérstakar varnaraðgerðir.

147. gr.

- 147.1. Að öðru leyti ber að gæta ákvæða 3. og 9. gr. þessarar reglugerðar, lögreglu-samþykktá, byggingasamþykktá og annarra laga og reglugerða sem um þetta efni fjalla og gilda fyrir sveitarfélagið eða landið allt.

XXII. KAFLI

Um hávaða og titring.

148. gr.

- 148.1. Forráðamönnum stofnana eða annarra fyrirtækja er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur, til þess að draga úr eða koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða eða hávaða sem veldur óþægindum. Sjá ennfremur 7. kafla og viðauka 5 í mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989.

149. gr.

- 149.1. Þegar meta skal heilsuspillandi áhrif hávaða, skal sérstaklega hafa í huga:
- a. Styrk hávaðans mældan í decibel(A).
 - b. Tónhæð hávaðans.
 - c. Hvort hávaðinn er stöðugur eða breytilegur.
 - d. Daglega tímalengd hávaðans.
 - e. Tíma sólarhringsins er hávaðinn varir.
 - f. Heildartímabil, sem ætla má að hávaðinn vari (dagar vikur).
- 149.2. Líta ber á 85 decibel(A) sem hámark leyfilegs viðvarandi hávaða, en þó ber að meta hvert tilvik í samræmi við gr. 149.1.
Heilbrigðisnefnd getur krafist sérstaks útbúnaðar á veitinga- og samkomuhúsum til að fyrirbyggja að gestir verði fyrir óþægindum/heyrnarskaða af völdum hávaða.

150. gr.

- 150.1. Heilbrigðisnefnd getur bannað mjög hávaðasömum flutninga- og farartækjum umferð um tiltekna götur í íbúðahverfum og í nágrenni sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana að kvöldlagi, um nætur eða allan sólarhringinn eftir atvikum. Sjá ennfremur ákvæði greinar 7.3. í mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989.
- 150.2. Heilbrigðisnefnd getur gefið fyrirmæli varðandi hljómflytningstæki og önnur tæki á almannafæri, sem valdið geta hávaða og ónæði.

151. gr.

- 151.1. Flugvelli má ekki staðsetja eða breyta þeim þannig, að heilsuspillandi hávaði hljótist af eða truflun á einkalífi manna, vinnufriði eða næturro.
- 151.2. Sérstakt tillit ber hér að taka til sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana.
- 151.3. Bannað er að byggja íbúðarhús í nágrenni flugvalla í aðflugsstefnu flugbrauta þar sem hættu er á slysum og að hávaði fari yfir leyfileg mörk.
- 151.4.1. Sveitarstjórn getur, að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar, takmarkað flugtök og landingar flugvéla við ákveðna tíma sólarhrings á flugvöllum nálægt byggð og bannað alveg landingar og flugtök þeirra flugvélagarða, sem eru sérstaklega hávaðasamar.
- 151.4.2. Við flugvelli skulu gilda hávaðatakmarkanir vegna flugumferðar og sé flugi jafnan hagað svo að sem minnstri truflun valdi íbúum nærliggjandi byggða.
Sjá nánar ákvæði 7. kafla og viðauka 5 í mengunarvarnareglugerð 386/1989.

152. gr.

- 152.1. Að öðru leyti ber að gæta ákvæða 3. og 9. gr. þessarar reglugerðar, annarra laga, reglugerða og samþykpta, sem um þetta efni fjalla og gilda fyrir sveitarfélagið eða landið allt.

XXIII. KAFLI**Ýmis eiturefni.**

153. gr.

- 153.1. Hollustuvernd ríkisins gefur, í samráði við eiturefnanevnd, leiðbeiningar um meðferð og notkun skordýraeiturs og sveppaeiturs, við garðrækt, skepnuhöld, matvælaframleiðslu og í hýbýlum manna.
- 153.2. Leyfisskyld eiturefni mega þeir einir fara með og nota sem til þess hafa tilskilin leyfi.
- 153.3. Skytt er að tilkynna heilbrigðisnevnd um óleyfilega notkun eiturefna sem notuð eru til að eyða skaðlegum skordýrum á húsdýrum, á jurtum, í hýbýlum manna, eða sem notuð eru í öðrum tilgangi.
- 153.4. Aðilum ber að haga framkvæmdum og aðgerðum og meðferð slíkra eiturefna eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar, sem hefur samráð við Hollustuvernd ríkisins og eiturefnanevnd í slíkum málum.
- 153.5. Sérstaklega ber að sýna varkárni í notkun eiturefna, þar sem einhvers konar matvælaframleiðsla eða meðferð matvæla fer fram eða matvæli eru geymd.

154. gr.

- 154.1. Að öðru leyti ber að gæta ákvæða 3. gr. og VI. kafla þessarar reglugerðar, svo og annarra laga og reglugerða, sem um þetta efni fjalla og gilda fyrir sveitarfélagið eða landið allt, sbr. einkum ákvæði laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 52/1988 og reglugerðum settum samkvæmt þeim lögum svo sem reglugerð nr. 222/1984 um garðaúðun og reglugerð um meindýraeyða nr. 149/1989.

XXIV. KAFLI**Um aðstoð heilbrigðisnefnda við sóttvarnir.**

155. gr.

- 155.1. Heilbrigðisnevnd, héraðslæknir og/eða heilsugæslulæknir (yfirlæknir) skulu hafa samráð um sóttvarnir eftir því sem nauðsyn krefur.
- 155.2. Nú kemur hættuleg farsótt upp, sem borist getur með matvælum, er þá heilbrigðisnevnd heimilt að setja um stundarsakir sérstök fyrirmæli í samráði við héraðslækni og/eða heilsugæslulækni (yfirlækni):
- Um hreinlæti utanhúss og innan.
 - Um meðferð og dreifingu matvæla.
 - Um annað, er að hollustuháttum lýtur.
 - Um bráðabirgðaráðningu fólks til sóttgæslu og eftirlits.

156. gr.

- 156.1. Að öðru leyti skal gætt ákvæða laga og reglugerða, sem um þetta efni fjalla og gilda fyrir sveitarfélagið eða landið allt, þ. á. m. alþjóðlegra reglugerða um sóttvarnir í millilandaflutningum og á ferðalögum.

XXV. KAFLI**Lokaákvæði.**

157. gr.

- 157.1. Fyrir brot gegn heilbrigðisreglugerð þessari og fyrirmælum gefnum samkvæmt henni, skal farið samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
- 157.2. Ef aðili sinnir ekki innan tiltekens frests fyrirmælum heilbrigðisnefndar, getur hún ákveðið honum sektir allt að 100 000 krónum á dag, þar til úr er bætt, sbr. 4. tl. 27. gr. laga nr. 81/1988.

- 157.3. Ef aðili vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur fyrirskipað í samræmi við þessa reglugerð og lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er nefndinni heimilt að láta vinna verkið á kostnað hins vinnuskylda, sbr. 5. og 7. tl. 27. gr. laga nr. 81/1988.
- 157.4. Fyrir reglugerðarbrot, sem rekja má til starfsmanna sjálfra, eru eigi aðeins þeir ábyrgir, heldur einnig viðkomandi fyrirtæki, ef telja má, að vanræksla af hálfu stjórnanda þess sé ástæða brotsins.
- 157.5. Heilbrigðisnefnd má birta almenningi nafn þess, sem brotið hefur gróflega af sér í sambandi við ákvæði reglugerðar þessarar, en þó skal þeim brotlega áður hafa verið kynnt þessi viðurlög.

158. gr.

- 158.1. Heilbrigðisnefnd getur með samþykki sveitarstjórnar veitt undanþágur frá einstökum ákvæðum þessarar reglugerðar, en þá ber henni að leita umsagnar Hollustuverndar ríkisins um málið.
- 158.2. Komi upp ágreiningur á milli Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefndar, má vísa málinu til heilbrigðismálaráðherra, sem sker úr um ágreininginn.

159. gr.

- 159.1. Með mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari eða heilbrigðissamþykktum, skal farið að hætti opinberra mála.

XXVI. KAFLI

Gildistaka.

160. gr.

- 160.1. Heilbrigðisreglugerð þessi er sett með stöð í 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi þegar í stað.
- 160.2. Með heilbrigðisreglugerð þessari fellur úr gildi heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972 með síðari breytingum. Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 140/1974 um tjald- og hjólhýsasvæði og reglugerð nr. 250/1976 um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara með síðari breytingum nema hvað varðar nánar tiltekin aukefni, sbr. ákvæði til bráðabirgða í reglugerð nr. 409/1988 um aukefni í matvælum og öðrum nauðsynjavörum.
- 160.3. Jafnframt falla úr gildi þau ákvæði eftirtalinna heilbrigðissamþykktu sem héldu gildi eftir gildistöku heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972:
- Hbs. nr. 108/1947 fyrir Akraneskaupstað.
 - Hbs. nr. 57/1955 fyrir Akureyrarkaupstað.
 - Hbs. nr. 57/1908 fyrir Bíldudal, Litlu-Eyri, Hól.
 - Hbs. nr. 91/1936 fyrir Blönduóshrepp.
 - Hbs. nr. 60/1927 fyrir Borgarneshrepp.
 - Hbs. nr. 107/1904 fyrir Breiðdalshrepp í Suður-Múlasýslu.
 - Hbs. nr. 94/1910 fyrir Búðahrepp í Suður-Múlasýslu.
 - Hbs. nr. 44/1935 fyrir Dalvíkurkaupþún.
 - Hbs. nr. 30/1964 fyrir Eskifjarðarhrepp í Suður-Múlasýslu.
 - Hbs. nr. 12/1908 fyrir Eyrarbyggðahrepp í Árnassýslu.
 - Hbs. nr. 79/1906 fyrir Eyrarhrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu.
 - Hbs. nr. 71/1928 fyrir Flatey á Breiðafirði.
 - Hbs. nr. 137/1961 fyrir Flateyrarhrepp í V.-Ísafjarðarsýslu.
 - Hbs. nr. 121/1916 fyrir Fljótsdalshrepp í Norður-Múlasýslu.
 - Hbs. nr. 17/1960 fyrir Gardahrepp.

- Hbs. nr. 137/1908 fyrir Geithellnahrepp í Suður-Múlasýslu.
 Hbs. nr. 127/1955 fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.
 Hbs. nr. 24/1949 fyrir Hafnarhrepp í Austur-Skaftafellssýslu.
 Hbs. nr. 68/1908 fyrir kaptúnið Haukadal í Vestur-Ísafjarðarsýslu.
 Hbs. nr. 89/1914 fyrir kaptúnið Hellissand og sjóþorpið Keflavík í Snæfellsnes-sýslu.
 Hbs. nr. 62/1914 fyrir Hjalteyrarkauptún.
 Hbs. nr. 93/1961 fyrir Hofsóshrepp.
 Hbs. nr. 78/1906 fyrir Hólshrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu.
 Hbs. nr. 116/1934 fyrir Hríseyjarhrepp.
 Hbs. nr. 97/1913 fyrir Hrófbergshrepp í Strandasýslu.
 Hbs. nr. 223/1952 fyrir Húsavíkurkaupstað.
 Hbs. nr. 56/1907 fyrir Hvammshrepp í Skaftafellssýslu.
 Hbs. nr. 90/1954 fyrir Ísafjarðarkaupstað.
 Hbs. nr. 77/1932 fyrir Kaldrananeshrepp í Strandasýslu.
 Hbs. nr. 132/1954 fyrir Keflavíkurkaupstað.
 Hbs. nr. 95/1910 fyrir Kirkjuhvammshrepp í Vestur-Húnavatnssýslu.
 Hbs. nr. 16/1958 fyrir Kópavogskaupstað með br. nr. 108/1965.
 Hbs. nr. 99/1960 fyrir Laxárdalshrepp í Dalasýslu.
 Hbs. nr. 80/1904 fyrir Litla-Árskógssandssjóþorp í Eyjafjarðarsýslu.
 Hbs. nr. 162/1965 fyrir Miðneshrepp.
 Hbs. nr. 150/1963 fyrir Mosfellshrepp með br. nr. 8/1966.
 Hbs. nr. 8/1928 fyrir Neskaupún í Norðfirði.
 Hbs. nr. 177/1966 fyrir Njarðvíkurhrepp í Gullbringusýslu.
 Hbs. nr. 105/1904 fyrir Norðfjarðarhrepp í Suður-Múlasýslu.
 Hbs. nr. 34/1954 fyrir Ólafsfjarðarkaupstað.
 Hbs. nr. 70/1903 fyrir Ólafsvíkursjóþorp.
 Hbs. nr. 9/1928 fyrir Patreksfjarðarkauptún.
 Hbs. nr. 106/1904 fyrir Reyðarfjarðarhrepp í Suður-Múlasýslu.
 Hbs. nr. 11/1950 fyrir Reykjavík með br. nr. 140/1951 og nr. 220/1963.
 Hbs. nr. 106/1951 fyrir Sauðárkrókskaupstað.
 Hbs. nr. 59/1961 fyrir Seltjarnarneshrepp.
 Hbs. nr. 22/1966 fyrir Seyðisfjarðarkaupstað.
 Hbs. nr. 83/1929 fyrir Siglufjarðarkaupstað, með br. nr. 106/1936 og viðauka nr. 71/1945.
 Hbs. nr. 90/1936 fyrir Skagastrandarkauptún.
 Hbs. nr. 86/1912 fyrir Stokkseyrarkauptún í Árnessýslu.
 Hbs. nr. 69/1903 fyrir Stykkishólmskaupún.
 Hbs. nr. 215/1962 fyrir Suðureyrarhrepp.
 Hbs. nr. 80/1906 fyrir Súðavíkurhrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu.
 Hbs. nr. 21/1960 fyrir Vestmannaeyjakaupstað.
 Hbs. nr. 104/1904 fyrir Vopnafjarðarkauptún.
 Hbs. nr. 69/1908 fyrir Þingeyri í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Ákvæði greina: 23.2.1., 23.2.2., 23.2.3., 23.2.4., taki gildi 1. janúar 1992.
2. Ákvæði greinar 35.2.2. taki gildi 1. janúar 1992.
3. Ákvæði greinar 45.2. taki gildi 1. janúar 1993.
4. Ákvæði greinar 82.16.1. taki gildi 1. janúar 1992.

5. Ákvæði greinar 82.20. taki gildi 1. janúar 1992.
 6. Ákvæði greinar 87.3.1. og 87.3.2. taki gildi 1. janúar 1992.
 7. Ákvæði greinar 91.1.7. taki gildi 1. janúar 1992.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. febrúar 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 150

REIKNINGUR

Grænlandssjóðs fyrir árið 1989.

Rekstraryfirlit fyrir 1989.

Tekjur:

	DKK	ISK
Vaxtatekjur	188 962,78	1 751 364
Gjöld:		
Styrkveitingar	117 276,50	1 086 954
Tekjur umfram gjöld	71 686,28	664 410
	188 962,78	1 751 364

Efnahagsyfirlit 31. desember 1989.

Eignir:

	DKK	ISK
Innstæða í Seðlabanka	2 155 380,63	19 976 714
Eigið fé:		
Stofnfé	1 250 000,00	11 585 375
Höfuðstóll 1/1 '89	833 694,35	7 726 929
Tekjuafgangur ársins	71 686,28	664 410
	2 155 380,63	19 976 714

Framanritað efnahags- og rekstraryfirlit hefur verið endurskoðað og reyndist rétt.

Gunnlaugur Arnórsson,
 aðalendurskoðandi
 Seðlabanka Íslands.

Reykjavík, 19. febrúar 1990.

Stjórn Grænlandssjóðs.

Matthías Bjarnasson.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.
Haraldur Ólafsson.

Eggert G. Þorsteinsson.
Árni Johnsen.

GJALDSKRÁ**fyrir hundahald í Bolungarvík árið 1990.**

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Bolungarvík skal vera kr. 585 á mánuði frá og með 1. mars 1990.

2. gr.

Handsömunargjald skal vera kr. 4 400 í fyrsta skipti, kr. 8 800 í annað skipti og kr. 13 200 í þriðja skipti frá og með 1. mars 1990.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með stöð í stl. c, 2. gr. sbr. og 6. gr. samþykktar nr. 425/1986 um hundahald í Bolungarvíkurkaupstað og sem samþykkt er af bæjarstjórn Bolungarvíkur, staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. mars 1990.

Guðmundur Bjarnason.*Dögg Pálsdóttir.*

Nr. 152

REIKNINGUR**Líknarsjóðs Margrétar Árnadóttur, Alviðru.****Rekstrarreikningur 1989**

	Gjöld	Tekjur
Vextir af sparisjóðsbók nr. 12445		4 245 98
Vextir af kjörbók nr. 260286		7 482,19
Tekjuafgangur	11 728,17	
	<hr/>	
	Kr. 11 728,17	11 728,17

Efnahagsreikningur 31. desember 1989

	Eignir	Skuldir
Höfuðstóll		10 000,00
Tekjuafgangur frá fyrri árum kr. 56 223,49		
Tekjuafgangur 1989 - 11 728,17		67 951,66
Sparisjóðsbók nr. 12445	42 943,50	
Kjörbók nr. 260286	35 008,16	
	<hr/>	
	Kr. 77 951,66	77 951,66

Selfossi, 20. febrúar 1990.

f.h. Kvenfélags Selfoss.

Guðrún Bárðardóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð gigtsjúkra.

1. gr.

Styrktarsjóður gigtsjúkra er eign Gigtarfélags Íslands, settur á fót að frumkvæði fjögurra kvenna (L.K. klúbbsins). Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja gigtsjúka, einkum unga gigtsjúklinga.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er minningargjöf L.K. klúbbsins til Gigtarfélags Íslands að fjárhæð kr. 500 000,00 til minningar um látinn félagi klúbbsins, Þorbjörgu Björnsdóttur, sem bjó að Hvassaleiti 38 í Reykjavík, en Þorbjörg starfaði að líknar- og mannúðarmálum í fjölmörg ár.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins, auk verðbóta, má aldrei skerða, en vöxtum, gjöfum, áheitum og öðrum tekjum, sem sjóðnum kann að áskotnast, skal varið í samræmi við tilgang sjóðsins, sbr. 2. gr. hér að framan.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn og þrír til vara, svo sem hér segir: Formaður stjórnar sjóðsins og varamaður hans skulu tilnefndir af stjórn Gigtarfélags Íslands að fenginni umsögn L.K. klúbbsins til fimm ára í senn. Í aðalstjórn sitja einnig formenn Gigtarfélags Íslands og Gigtarsjúkdómafélags íslenskra lækna á hverjum tíma og til vara varaformenn Gigtarfélags Íslands og Gigtarsjúkdómafélags íslenskra lækna, sem taka sæti í stjórninni í forföllum formanna í félögum sínum.

Aðalfundur Gigtarfélags Íslands hefur æðsta vald í málefnum sjóðsins. Stjórn Gigtarfélags Íslands ber ábyrgð á fjárvörslu.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal auglýsa styrki úr sjóðnum, þegar hún telur að styrkur þaðan geti numið þeirri fjárhæð að líklegt sé að hann geti orðið væntanlegum styrkþega eða styrkþegum til nokkurs velfarnaðar.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Reikninga sjóðsins skal endurskoða af löggiltum endurskoðanda og leggja þá fyrir aðalfund Gigtarfélags Íslands til afgreiðslu.

8. gr.

Sjóðurinn verður ekki lagður niður né skipulagsskrá hans breytt nema með samþykki aðalfundar Gigtarfélags Íslands og skulu tillögur þar að lútandi sæta sömu meðferð og tillögur til breytinga á lögum Gigtarfélags Íslands. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans ganga til Gigtarfélags Íslands.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. mars 1990.

F. h. r.

Borsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989

1. gr.

1.1. verði svohljóðandi:

Reglugerð þessi nær til allrar mengunar ytra umhverfis, svo og allrar starfsemi og framkvæmda, sem haft geta í för með sér slíka mengun. Undanþegin er þó starfsemi og framkvæmd sem fellur undir lög um varnir gegn mengun sjávar nr. 32/1986, reglur um varnir gegn óhreinun sjávar af völdum olíu nr. 8/1971, reglur um varnir gegn olíumengun sjávar við olfubirgðastöðvar nr. 560/1982, reglugerð um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun nr. 356/1986 og lög um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum nr. 46/1980.

2. gr.

9.3. verði svohljóðandi:

Ef aðili sinnir ekki fyrirætlum heilbrigðisnefndar innan tiltekins frests, getur hún ákveðið honum dagsektir allt að kr. 100 000 á dag þar til úr er bætt.

3. gr.

Við 1. tl. í ákvæði til bráðabirgða bætist svohljóðandi málsliður:

Sama gildir um atvinnurekstur skv. viðauka 9, sem heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi.

4. gr.

2. tl. í viðauka 7 verði svohljóðandi:

2. Olíumalar- og malbikunarstöðvar.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. mars 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

STARFSLEYFI

fyrir fiskimjölsverksmiðju Hraðfrystihúss Fáskrúðsfjarðar, Fáskrúðsfirði.

1.0 | Almenn ákvæði.

- 1.1. Verksmiðjunni er heimilt að framleiða fiskimjöl og búklýsi úr fiski og fiskúrgangi. Hámarksafköst verksmiðjunnar skulu við það miðast, að ekki verði um sérstaka mengun umhverfis að ræða vegna of mikils álags á tækjakost.
- 1.2. Verksmiðjunni er skylt að sjá um, að á öllu athafnasviði verksmiðjunnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Svæðið skal lagt bundnu slitlagi eftir því sem þurfa þykir að mati heilbrigðisnefndar Fáskrúðsfjarðar. Verksmiðjunni ber að halda útliti sínu og umhverfi snyrtilegu.
- 1.3. Verksmiðjunni er skylt að ganga þannig frá mannvirkjum og búnaði og haga allri starfsemi svo, að hætta á gerlamengun í hráefni og mjöli verði sem minnst.
- 1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.5. Áformi verksmiðjan að gera umtalsverðar breytingar á rekstri eða stækka verksmiðjuna, skal greina Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd Fáskrúðsfjarðar skriflega frá því áður en framkvæmdir hefjast.
- 1.6. Hollustuvernd ríkisins getur, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós koma skaðleg áhrif á umhverfið, sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef almennar kröfur, ráð og tæki koma til aukinna mengunarvarna.

2.0 | Varnir gegn mengun ytra umhverfis.

- 2.1. Allt löndunarvatn sem til fellur, skal tekið til vinnslu í verksmiðju.
- 2.2. Verksmiðjan skal hafa aðstöðu til að taka við vatni frá grófskolun lesta til vinnslu, enda sé vatnsmagninu haldið í lágmarki t.d. með notkun á háprýstidælum. Aldrei skal nota meira vatn en sem nemur 1% af lönduðu hráefni.
- 2.3. Flutningstæki sem notuð eru til flutnings á hráefni til verksmiðju skulu vera vökvaheld og viðurkennd af heilbrigðisnefnd Fáskrúðsfjarðar.
- 2.4. Allt hráefni skal geymt í yfirbyggðum þróm eða geymum. Hráefnisþrær skulu vera þéttar og skal allt blöðvatn og annar vökvi frá hráefni tekinn til vinnslu. Strax og hráefnisgeymsla hefur verið tæmd, skal skola hana með vatni. Vatni frá fyrstu skolun skal halda í lágmarki, t.d. með háprýstidælum og taka til vinnslu í verksmiðju.
- 2.5. Tæming hráefnisgeymslna skal vera sem mest sjálfvirk. Reynist nauðsynlegt að nota moksturstæki, skal þrifa þau vel að verki loknu.
- 2.6. Fiskúrgang skal að jafnaði ekki geyma lengur en fjóra sólarhringa áður en hann er tekinn til vinnslu. Hafi hitastig verið undir 4°C meðan á geymslu stóð er heimilt að geyma úrgang í allt að eina viku. Heilbrigðisnefnd Fáskrúðsfjarðar getur veitt undanþágu frá þessari kröfu, ef ástæða þykir til.
- 2.7. Við rotvörn bræðslufisks skal nota viðurkenndan skömmtunar- og blöndunarbúnað. Um styrk og meðferð rotvarnarefna fer samkvæmt reglugerð um notkun rotvarnarefna til geymslu á bræðslufiski, eins og hún er hverju sinni.
- 2.8. Loftræsta skal frá verulegum lyktaruppsprettum í verksmiðju og ræstilofið flutt til lyktheydingar. Loftræsting skal hönnuð á þann hátt, að sem minnst af ómengdu lofti sé dregið með.
- 2.9. Loft frá þurrkurum skal leiða í gegnum rykskiljur með góða skiljunarhæfni og síðan til lyktheydingar.

- 2.10. Lyktheyðing skal framkvæmd með þvotta- og þéttiturni, sem kælir útblásturinn niður, í a.m.k. 20°C og/eða með brennslu lyktarefnanna. Lyktheyðing við brennslu skal vera jafngóð og eftir hitun í lofti í 700°C í 1/3 úr sekúndu. Við hönnun lyktheyðingarbúnaðarins skal tillit taka til orkuendurvinnslusjónarmiða.
- 2.11. Innan eins árs frá því að lofthreinsibúnaðurinn er tekinn í notkun, skal fara fram athugun á hæfni hans í samráði við Hollustuvernd ríkisins. Niðurstöður þeirrar athugunar skal hafa til viðmiðunar varðandi kröfur um viðbótarhreinsun og/eða enn frekari dreifingu útblásturslofts frá verksmiðjunni.
- 2.12. Sodkjarnatæki skulu útbúin fullkomnum dropagildrum. Fylgjast skal vel með því að sodtæki séu ekki ofhlaðin. Allt sodvatn skal nýta.
- 2.13. Framkvæmd skal hreinsun á tækjabúnaði og mannvirkjum þannig að hreinsivökvanum sé safnað saman og hann endurnýttur eins oft og hægt er. Þegar hreinsivökvanum er veitt til sjávar, skal sýrustig (pH) frárennslisstraumsins vera á bilinu 5-10.
- 2.14. Frárennslu úr hráefnisþróum og innan úr verksmiðju skal tengjast í fitugildru og þaðan ásamt öðru frárennslu leitt niður fyrir stórstraumsfjöruborð. Fitugildru skal hreinsa eins oft og nauðsyn krefur. Fitu og úrgang, sem safnast fyrir í fitugildru, skal nýta eða farga á viðeigandi hátt með mati heilbrigðisnefndar Fáskrúðsfjarðar. Fiskimjölsverksmiðjan skal leita samþykkis Hollustuverndar ríkisins um stærð og gerð fitugildru.
- 2.15. Framkvæma skal reglulega athugun á lífrænum efnum í frárennslu. Skal það gert í samráði við Hollustuvernd ríkisins. Niðurstöður skulu hafðar til hliðsjónar varðandi frekari kröfur um hreinsibúnað á frárennslu.
- 2.16. Gengið skal frá frárennslu frá snyrtingum með viðurkenndum hætti að mati heilbrigðisnefndar Fáskrúðsfjarðar.
- 2.17. Lýsisgeymar skulu vera í lýsisheldri þró að rúmtaki minnst 20% af rúmtaki geymisins í þrónni. Séu fleiri en einn geymir í sömu þró skal rúmtakið vera minnst 20% af rúmtaki stærsta geymisins.
Lokunarþúnaður skal vera af viðurkenndri gerð og þannig staðsettur að ekki sé hættu á því að hann verði fyrir hnjaski. Einn loki skal staðsettur innan þróar.
- 2.18. Um frágang olíugeyma og varnir gegn mengun af völdum olíu fer samkvæmt heilbrigðisreglugerð frá 23. febrúar 1990 og reglum nr. 560/1982 um varnir gegn olíumengun sjávar við olúbirgðastöðvar.
- 2.19. Verksmiðjan skal sjá um, að mengunarvarnarþúnaður sé ávallt í sem fullkomnustu lagi. Skal hafa reglulegt eftirlit með búnaði og ástandi hráefnis hverju sinni. Niðurstöður og athuganir skal skrá niður í sérstaka dagbók og skal fulltrúum Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnd Fáskrúðsfjarðar heimill aðgangur að henni hvenær sem er.

3.0 Eftirlitsgjöld.

- 3.1. Fyrirtækið greiðir árlega eftirlitsgjald í samræmi við þriðja flokk gjaldskrár nr. 355/1986 með síðari breytingum.
Gjaldið skal standa undir hluta af kostnaði við reglubundið sérhæft eftirlit Hollustuverndar ríkisins, þar með talin vinna við starfsleyfi.
- 3.2. Eftirlitið skal vera með tvennum hætti: Beint eftirlit mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins annars vegar og hins vegar eftirlit fyrirtækisins sjálfs, sem Hollustuvernd ríkisins fær sendar niðurstöður úr og flokkar og metur.

4.0 Gildistaka.

- 4.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989 sbr. lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

5.0 Ákvæði til bráðabirgða.

- 5.1. Framkvæmdum við mjölgeymslu, þannig að hún fullnægi ákvæðum gr. 1.3., þ.e. lagfæringu á gólfí geyslunnar skal vera lokið innan eins árs frá útgáfu leyfis þessa.
- 5.2. Framkvæmdum til þess að hráefni sé eingöngu geymt í lokuðum geyslum, sbr. gr. skal lokið innan 18 mánaða frá útgáfu leyfis þessa. Eftir þann tíma skal allt hráefni geymt í lokuðum geymum eða þróm.
- 5.3. Uppsetningu loftræstikerfis frá helstu lyktaruppsprettum í verksmiðjunni sbr. gr. 2.8. skal lokið innan 36 mánaða frá útgáfu leyfis þessa.
- 5.4. Ákvörðun og áætlanir um lyktheyðingarbúnað sbr. gr. 2.10. skulu liggja fyrir innan árs frá útgáfu leyfis þessa.
- 5.5. Lyktheyðingarbúnaður sbr. gr. 2.10. skal tekinn í notkun,
 - a) ef eingöngu verður um þvotta- og þéttiturn að ræða, innan 24 mánaða frá útgáfu leyfis þessa.
 - b) ef um brennslu lyktarefnanna verður að ræða, innan 36 mánaða frá útgáfu leyfis þessa.
- 5.6. Byggingu fitugildru fyrir frárennsli sbr. gr. 2.14. skal lokið innan 12 mánaða frá útgáfu leyfis þessa.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. mars 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 501/1989, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattskyldra aðila.

1. gr.

Við 3. mgr. 3. gr. bætist þrír nýir málslíðir, svohljóðandi:

Sama gildir, með hliðsjón af viðskiptavenjum, við sölu á vöru til endurseljenda, enda fái kaupandi með vörunni í stað reiknings afgreiðsluseðil með upplýsingum um tegund sölu og magn. Óheimilt er að tilgreina virðisaukaskatt á afgreiðsluseðli. Seljandi skal varðveita afrit afgreiðsluseðils með viðkomandi sölureikningi.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 4. gr.:

- a. 1. mgr. orðist svo:
Reikningseyðublöð, sbr. 3. gr., skulu vera fyrirfram tölusett (áprentuð númer) í samfelldri töluröð og með áprentuðu nafni, kennitölu og skráningarnúmeri seljanda.
- b. Í stað 2. másl. 2. tölul. 2. mgr. komi þrír nýir málslíðir, svohljóðandi:
Við staðgreiðslusölu smásöluverslana og þjónustusala, sem nær eingöngu selja til endanlegra neytenda, sbr. 8. gr., er heimilt að víkja frá þessu skilyrði við sölu til óskattskylds aðila. Við sölu til skattskylds aðila er þó heimilt að víkja frá skilyrðinu ef reikningur er að fjárhæð 3 000 kr. eða minna. Kassakvittun, sbr. a-lið 1. gr. reglugerðar nr. 531/1989, um sjóðvélar, skal heft við reikninginn.
- c. Í stað „18,03%“ í 5. tölul. 2. mgr. komi: 19,68%.

3. gr.

Við 6. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Auk skráningarnúmers kaupanda (útgefanda) skal skráningarnúmer seljanda koma fram á afreikningi við útgáfu hans.

4. gr.

2. másl. 2. mgr. 7. gr. falli brott.

5. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 8. gr.:

a. 3. másl. 1. mgr. orðist svo:

Í fylgiskjali við reglugerð þessa eru taldar upp verslanir þær og þjónustusalar sem falla undir ákvæði þessarar greinar.

b. Í stað 3.–4. másl. 2. mgr. komi fjórir nýir málslíðir, svohljóðandi:

Reikningur sem gefinn er út í slíkum viðskiptum skal vera í a.m.k. tvíriti. Að öðru leyti skal hann fullnægja ákvæðum 4. og 5. gr. Þó má víkja frá skilyrði 1. mgr. 4. gr. um að reikningseyðublöð séu fyrirfram númeruð. Seljandi skal varðveita samrit í rétttri útgáfuröð og hefta kassakvittun, sbr. a-lið 1. gr. reglugerðar nr. 531/1989, um sjóðvélar, við eintak kaupanda.

6. gr.

2. mgr. 9. gr. orðist svo:

Ef sérstakar ástæður gera aðila ómögulegt að skrá sölu sína í sjóðvél eða á fyrirfram tölusetta sölureikninga getur ríkisskattstjóri heimilað honum að nota annað söluskráningarkefni en kveðið er á um í 3.–8. gr. Meðal annars getur ríkisskattstjóri heimilað aðila að færa staðgreiðslusölu sína á staðgreiðslusölulista eða staðgreiðslusöluyfirlit, sbr. nánar 3.–4. mgr. Þá getur ríkisskattstjóri heimilað aðila að víkja frá einstökum ákvæðum 3.–8. gr. ef aðstæður krefjast þess, enda sýni aðili fram á öruggt skráningar- og eftirlitskerfi með sölureikningum eða gefi út reglur, sem ríkisskattstjóri telur fullnægjandi, um skráningu sölureikninga. Heimild ríkisskattstjóra getur verið tímabundin og háð öðrum skilyrðum sem hann setur.

7. gr.

Síðari málslíður 16. gr. orðist svo:

Innborganir, sbr. 3. mgr. 13. gr. laganna, skal telja til skattskyldrar veltu þess tímabils þegar þær eru móttæknar.

8. gr.

Í stað „18,03%“ í 2. mgr. 24. gr. komi: 19,68%.

9. gr.

29. gr. ásamt kaflafyrirsögn falli niður.

10. gr.

Fyrri málslíður 33. gr. orðist svo:

Fjárhæð sú sem um ræðir í 2. tölul. 2. mgr. 4. gr. tekur árlega sömu hlutfallslegu breytingu og byggingarvísitala sú er öðlast gildi 1. janúar ár hvert, sbr. lög nr. 42/1987.

11. gr.

Í stað 7. gr. í 1. málslíð fylgiskjals komi: 8. gr.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 23. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 22. mars 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Rangárvallasýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Rangárvallasýsla er eitt fjallskilaumdæmi og hefur héraðsnefnd yfirstjórn allra fjallskilamála samkvæmt lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., en hreppsnefndir annast stjórn og framkvæmd þeirra í hverjum hreppi, eða í sameiningu þar sem svo hagar til.

2. gr.

Hver hreppsnefnd getur valið einn mann til þess að hafa á hendi stjórn og umsjón fjallskilamála hreppsins og nefnist hann fjallskilastjóri. Þá má hreppsnefnd einnig kjósa fjallskilanefnd, 3–5 menn, sem síðan kjósa formann nefndarinnar, fjallskilastjóra, sem sér um framkvæmd fjallskilamála í viðkomandi hreppi.

3. gr.

Þar sem tveir hreppar eru sameiginlegir eigendur að afrétti, telst hvor þeirra um sig sjálfstæð fjallskiladeild.

II. KAFLI

Um afrétti og notkun þeirra.

4. gr.

Allt land, sem fjallskilaframkvæmd tekur til, skiptist í afrétti og heimalönd. Það skulu vera afréttir, sem áður hafa verið. Þó geta hreppsnefndir tekið upp nýja afrétti, breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra heimalönd eða landshluta einstakra jarða með samþykki landeiganda, umráðamanns og héraðsnefndar.

5. gr.

Stjórnnum fjallskiladeilda og sveitarstjórnnum er skylt að hafa í samráði við gróðurverndarnefnd og Landgræðslu ríkisins eftirlit með því, að gróðurlendi í heimahögum og afréttum sé ekki íþyngt um of.

6. gr.

Þar sem upprekstrarfélag á eitt aðild að afrétti, er hreppsnefndinni heimilt að leigja hann um tiltekinn árafjöld, og gera um það sérstakan, bindandi samning, enda liggi fyrir meirihlutasamþykkt félagsins. Óheimilt er að gera slíka samninga við utansveitarmenn.

7. gr.

Enginn má lána utansveitarmanni ítölu sína í afrétti, nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar, enda sé afréttarland viðurkennt nægilegt.

Enginn má heldur leyfa öðrum sumarreit fyrir búfé í heimalandi sínu, þar sem hætta er á að þyngt yrði óréttilega öðrum samveitarmönnum eða nágrönnum, án leyfis þeirra og hreppsnefndar.

8. gr.

Hreppsnefnd getur, í samráði við Landgræðslu og/eða gróðurverndarnefnd, sett reglur um hvenær reka má fé til afréttar, ennfremur á hvaða svæði í afrétti fjallféð skuli rekið eða flutt, og hve margt á hvert svæði. Ekki skal upprekstur leyfður fyrr en gróður er nægur að mati sveitarstjórnar, en henni er heimilt að leita álits gróðurverndarnefndar áður en leyfi er veitt.

Hreppsnefnd hefur heimild til að skipa eða samþykkja eftirlitsmann með flutningi eða rekstri fjár í afrétt. Ber honum að sjá um að reglum sé hlýtt, og vel með féð farið. Sérstaklega skal hann gæta þess að fénu sé haganlega dreift og ærnar látnar taka lömb sín.

Eftir fyrstu leit að hausti, er óheimilt að reka eða flytja fé í afrétt og lönd sem að afrétti liggja og notuð eru sem sumarreitilönd eða stuðla að því á nokkurn hátt að fénaður renni þangað.

9. gr.

Nú þykir einhverjum ofsett í afrétt nágrannahrepps, og verður af þessum ástæðum fyrir tilfinnanlegum ágangi af afréttarfé, þá er hinum sama heimilt að krefjast þess, að héraðsnefnd hlutist til um, að ítölunefnd ákveði tölu fjár í afréttinn. Ber afréttareiganda að haga tölu fjár í afréttinn eftir mati ítölunefndar.

10. gr.

Hreppsnefnd er heimilt, ef eigendur eða ábúendur jarða í hreppnum telja sig verða fyrir tilfinnanlegum ágangi innansveitar eða utansveitar búpenings í heimalandi eða löndum og ekkert leyfi eða heimild er fyrir, að fyrirskipa smölun á stærra eða minna svæði í sveitinni, þegar henni þykir þurfa, og reka til almenningrétta. Þar er eigendum skylt að hirða fénað sinn.

Þegar hreppsnefnd fyrirskipar smölun slíka og þá, er hér um ræðir, skal henni skylt, áður en smölun fer fram, að birta ráðstöfun sína í nágrannahreppnum, svo að búendum þar gefist kostur á að hirða fé sitt.

Skepnur sem sérstaklega eru áleitnar við girðingar, matjurtagarða og skrúðgarða, skal eigandi hirða, þegar tilsagðar eru, setja í örugga vörslu eða farga þeim. Sýni hann hirðuleysi í því efni, ber honum að bæta allt það tjón, er skepna þessi eða skepnur hafa valdið eða valda.

Eigendum búfjár í þéttbýli er skylt að hafa fénað sinn í öruggri girðingu, sé hann innan þess svæðis, sem skipulagt er.

11. gr.

Enginn má reka fénað sinn í annarra lönd, án leyfis þeirra eða skilja þar eftir af rekstrum sínum eða flutningum. Annarra fé mega menn heldur eigi láta fara í rekstra sína til og frá afrétti og rétta.

12. gr.

Telji einhver ábúandi jarðar sig verða fyrir óhæfilegum ágangi búfjár nágranna síns, vegna þess að sá síðarnefndi hafi girt stærra eða minna svæði af beitolandi sínu og verji það að meira eða minna leyti, með því að sleppa hlutfallslega of miklu af fénaði sínum utan girðingar í þann hluta landsins, sem liggur ógirt að landi eða löndum nágranna hans, getur sá, sem telur sig verða fyrir áganginum, kært málið til hreppstjóra.

Hreppsnefnd er þá skylt að rannsaka málið. Þyki henni ástæða til, getur hún fyrirskipað þeim, sem hefur nokkuð af landi sínu afgirt, að hafa ákveðinn hluta búfjárins í hinu afgirta landi.

Heimilt er hlutadeigendum að skjóta úrskurði hreppsnefndar til héraðsnefndar, sem fellir úrskurð um slík mál, en skylt er hlutadeigendum að hlýða úrskurði hreppsnefndar, þótt málinu hafi verið vísað til héraðsnefndar, uns hún hefur fellt úrskurð sinn.

III. KAFLI

Um ágang afréttarpenings o.fl.

13. gr.

Nú verða mikil brögð að ágangi búfjár úr afrétti í heimahaga og getur þá sá, er fyrir honum verður, gert sveitarstjórn viðvart. Skal hún þá, ef um óeðlilegan ágang er að ræða, skipa fyrir um smölun og rekstur til skilarétta. Þar er eigendum skylt að hirða, eða láta hirða fénað sinn, þegar tilkynnt hefur verið.

IV. KAFLI

Um göngur og réttir.

14. gr.

Hreppsnefnd reiknar fjallskilakostnaðinn ár hvert, með því að leggja í dagsverk og meta til verðs vinnu þá og annan kostnað er til þess þarf að afréttur sé fullsmalaður og það annað innt af hendi tilheyrandi fjallskilum, sem hún telur nauðsynlegt. Þessari heildarfjárhæð jafnar hún svo niður á hlutadeigendur, þannig að 1/3 hluti komi á landverð jarða og eyðijarða að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda, og 2/3 hlutar komi á fjallskilaskyld fé.

Heimilt er þó hreppsnefnd að viðhafa þessa skiptingu að jöfnu milli landverðs og fénaðar. Heimilt er upprekstrarfélagi að leggja aukagjald á allt fé, lömb og fullorðið, sem til afréttar er rekið eða flutt og í heimalönd sem að afrétti liggja og eru nýtt sem afréttur, allt að 100% miðað við grunnjald á hverja fjallskilaskylda kind. Þar sem ítala er í afrétti, þannig að hverju býli er heimilt að reka til afréttar ákveðinn fjölda fjár, skal heimilt að jafna niður fjallskilakostnaði í samræmi við upprekstrarréttinn.

Hafi hreppskipta- og/eða fjallskilaskiptasamningar verið gerðir um hlutskipti fjallskilakostnaðar, fellur aukagjald þetta í hlut þess upprekstrarfélags, sem á hið flutta eða rekna fé.

Niðurlögnun á landverð skal miðast við gildandi fasteignamat á hverjum tíma. Þar sem meirihluti lands á sumum jörðum er ræktaður og óræktað land því í mjög lágu mati, er hreppsnefnd heimilt að taka tillit til þess við niðurlögnun fjallskila. Hverjum hlutadeiganda er skylt að inna af hendi fjallskil þau, er á hann hafa verið lögð á þeim tíma og með þeim hætti, sem hreppsnefnd hefur ákveðið, hvort sem um fjallferðir, vinnuframlag eða peningagreiðslur er að ræða. Heimilt er honum þó að bera upp við hreppsnefndina aðfinnslur um hvernig fjallskilum er jafnað á aðra eða sjálfan hann eða einhverjum hafi ranglega verið sleppt. Skal kæra sú koma til hreppsnefndar bréflaga áður en fjórar vikur eru liðnar frá niðurlögnun. Hreppsnefnd leggur síðan úrskurð á kærana. Úrskurði hreppsnefndarinnar um fjallskilakærana, má skjóta til héraðsnefndar og skal gera það skriflega fyrir árslok.

Enginn sá sem fjallskil eru lögð á, getur komist hjá því að inna þau af hendi, þótt hann hafi kært yfir þeim og lagt það mál undir úrskurð.

15. gr.

Hreppsnefnd skal tilkynna hvenær göngur eiga að hefjast og láta þá sem gert er að senda í göngur vita með nægum fyrirvara.

Fyrsta leit skal við það miðuð, að fjallsafnsréttir séu haldnar í síðasta lagi fimmtudag í 23. viku sumars, nema óviðráðanlegar tafir verði við smölun. Fjallsafni verði réttað strax að loknum göngum.

Í aðra leit skal farið viku til tíu dögum eftir fjallrétt.

Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur oddviti héraðsnefndar leyft að fjallferðir séu færðar aftur um nokkra daga.

16. gr.

Hreppsnefnd ræður hæfilega marga menn til fjallleita hverju sinni. Hún tilnefnir umsjónarmann með leitinni, sem hefur umsjón með smölun og skilum á fénu til rétta.

17. gr.

Sérhver fjallmaður skal vera 15 ára eða eldri, vel útbúinn að fötum og öðrum búnaði. Hreppsnefnd skal sjá fjallleitarmönnum fyrir viðhlítandi húsnæði á afrétti.

18. gr.

Séu færðar líkur fyrir því að fé leynist í afréttinum að lokinni annarri leit, skal það sótt á kostnað fjallskilasjóðs. Sé um fleiri leitir að ræða, skal hreppsnefnd sjá um að féð sé sótt á kostnað eiganda. Þó skal mönnum gefinn kostur á að leita, ef þeir óska þess. Semja þeir þá um greiðslu fyrir við þá sem eiga kindur þær sem kunna að finnast.

19. gr.

Hreppsnefnd er skylt að sjá um að fjallleitarmenn séu slysatryggðir meðan á smölun og skilum stendur.

Kostnaður sem af því leiðir greiðist úr fjallskilasjóði.

20. gr.

Þar sem svo háttar til, að afréttarfé rennur í lönd eyðijarða, sem liggja að afrétti, skulu fjallmenn smala þau sem afréttir væru. Heimilt er þó eigendum eða umráðamönnum að smala landið ef þeir óska þess, og þá að höfðu samráði við hreppsnefnd þess hrepps, sem mestra hagsmuna hefur að gæta.

21. gr.

Haga skal svo fjallgöngum, þar sem því verður við komið, að ekki verði misgöngur afrétta á milli. Skulu hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, bera ráð sín saman um það.

V. KAFLI

Um byggingu og viðhald almenningsréttar og réttarstjórn.

22. gr.

Hreppsnefnd sér um að almenningsréttum hreppsins með tilheyrandi dilkum sé vel við haldið og að þær séu í góðu ástandi til notkunar. Byggingar- og viðhaldskostnaður almenningsréttar greiðist úr fjallskila- eða sveitarsjóði.

23. gr.

Aðalréttir og aukaréttir skulu vera þær sömu og nú eru. Pyki þörf á því að færa réttir þær úr stað, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd leggja það fyrir almennan bændafund, og ræður meirihluti atkvæða úrslitum. Jafnframt þarf samþykki héraðsnefndar til breytingarinnar.

24. gr.

Sérhver landeigandi er skyldur að leggja til land undir almenningsréttir og fjárgeymsluhólf við þær eða í næsta nágrenni, valdi það ekki skemmdum á yrktu landi. Sanngjarna þóknun úr fjallskilasjóði ber að greiða hlutaðeigandi fyrir jarðrask og átroðning eftir mati tveggja óvilhallra manna, er sýslumaður útnefnir, hafi samkomulag ekki náðst.

25. gr.

Hreppsnefnd skipar réttarstjóra er sér um innrekstur við réttahöld, kveður á um hvenær réttum sé lokið og gætir þess að allt fari fram í sem bestri röð og reglu. Réttarstjóri úthlutar dilkum eftir því sem honum sýnist best henta hverju sinni.

Hlutaðeigandi hreppstjórar skulu vera til staðar við réttahöld og gæta almennrar reglu.

VI. KAFLI.

Um byggðasmölun og byggðasafnsréttir.

26. gr.

Auk fjallsafnsréttta skal í hverjum hreppi halda byggðasafnsréttir eftir því sem hreppsnefnd telur ástæðu til. Þó skal minnst ein byggðasafnsrétt haldin hvert haust og ekki síðar en þriðjudag síðastan í októbermánuði.

Þeir hreppar sem ekki eiga afrétt, rétti á sama tíma, eftir því sem við verður komið, að boði hreppsnefnda í viðkomandi hreppum.

27. gr.

Byggðasmölun (smölun heimalanda) skal fara fram næsta dag á undan hverri byggðasafnsrétt.

Við byggðasmölun er hver og einn skyldur til að smala allt heimaland sitt og hlýðnast þeim fyrirskipunum hreppsnefndar, sem miða að því að vel sé smalað, og almenningur sé samtaka í smölun bæði innbyrðis og sveita á milli.

Síðan skal varðveita vel allt óskilafé og koma því til skilarétta í tæka tíð næsta dag.

Gefa skal eigendum kost á að hirða sitt fé í heimaréttum, áður en það er flutt til skilarétta. Sé fyrirmælum um smölun heimalands ekki hlýtt og sterkur grunur leikur á að í viðkomandi landi sé um óskil að ræða, getur hreppsnefnd fyrirskipað smölun á kostnað umráðamanns viðkomandi jarðar.

28. gr.

Við niðurjöfnun fjallskilanna gæti hreppsnefnd þess í hvert sinn, að ákveða hverjir skuli, sveitar sinnar vegna, vera sendir í réttir nágrannasveita, til þess að hirða það óskilafé úr sveit sinni sem þar kann að koma fyrir. Mega aldrei vera færri en tveir saman slíkra erinda í fyrstu byggðasafnsréttum. Telst þetta til fjallskila. Skulu þeir látnir vita með svo góðum fyrirvara sem hægt er, hvenær viðkomandi réttir verði haldnar.

29. gr.

Skilarétt á hrossum skal haldin í hverjum hreppi þriðjudaginn í 25. viku sumars, eftir að fram hefur farið smölun á þeim, er búendur skulu leysa vel af hendi.

Hver einstakur eigandi ber ábyrgð á að hross hans séu hirt í skilarétt.

30. gr.

Utansveitarfé sem ekki er hirt í réttum tekur réttarstjóri í sína vörslu og lætur eigendur eða forráðamenn viðkomandi hrepps vita um það, enda sé leyfilegt að flytja féð heim, annars sendi réttarstjóri það til slátrunar.

Allir flutningar úr réttum sveita á milli eru háðir fyrirmælum og leyfi Sauðfjarveikivarna.

31. gr.

Skylt er réttarstjóra ef sjáanlega eru sjúkar kindur í réttum, að sjá til þess að þær verði teknar og hafðar sér og gerðar víðeigandi ráðstafanir.

VII. KAFLI.

Um meðferð ómerkinga og óskilafjár.

32. gr.

Kalineyrt, eyrnalaust fé, ómerkinga og með ólásilegum mörkum, sem lambsmæður ekki helga sér í heimaréttum, skal reka til almenningsréttta, bæði í fjallsöfnum og byggðasöfnum, og skal réttarstjóri sjá um að slíkt fé sé dregið í sérstakan dilk. Síðan skal leiða ær í dilkana og leyfa mönnum með því eða öðru móti að reyna að sanna eignarrétt sinn. Fjárbragð eitt sker þó ei úr um eignarétt. Ómerkingar þeir, er enginn helgar sér í lok hverrar réttar, eru eign fjallskilasjóðs.

33. gr.

Allar óskilakindur (aðrar), sem ekki tekst að finna að eiganda, skulu færðar til slátrunar í slátruhús. Skulu hreppstjórar, að loknum öllum haustréttum, senda í hvern hrepp sýslunnar skýrslu um mörk á hinu slátraða fé, og mega eigendur þess ganga eftir andvirðinu er tveir mánuðir eru liðnir frá söluþegi, til septemberloka árið eftir, að frádregnum öllum kostnaði.

Sölu á óskilahrossum skal hreppstjóri jafnan auglýsa innanhrepps, nema þegar um lögskipaða hrossarétt er að ræða, þá skal hann senda skýrslu í hvern hrepp, eins og um annað óskilafé.

Förgun óskilafjár og sala óskilahrossa og nautgripa skal tilkynnt af hreppstjórum til birtingar í Lögbirtingablaði fyrir árslok. Greina skal frá marki og audkenni hverrar skepnu eftir því sem kostur er.

34. gr.

Til þess að geta sannað eignarrétt sinn á sauðfé, ber eiganda að hafa lögheimilt og auglýst mark.

35. gr.

Hross sem eigandi þekkist ekki að, eða eigandi er utanhrepps og á engan þann að, er hirða vill gripinn eða gripina fyrir hans hönd, skulu jafnan talin í óskilum á hvaða tíma árs sem er.

Vakta skal þau í viku og fara síðan með sem annað óskilafé. Hreppstjóri auglýsir óskilahross og selur sem óskilafénað á opinberu uppboði með þriggja mánaða innlausnarfresti, ef enginn finnst eigandinn. Eigandi greiðir allan áfallinn kostnað, svo sem uppboðs-, fóður- og beitarkostnað. Eigendur geta vitjað andvirðis seldra óskilahrossa innan árs frá söluþegi, en að öðrum kosti færist það viðkomandi fjallskilasjóði til tekna.

36. gr.

Nú kemur fyrir kind eða hross með réttu marki ákveðins manns, en sá hinn sami veit sig ekki eiganda að, skal þá með fara sem óskilafé.

VIII. KAFLI.

Um búfjármörk.

37. gr.

Búfjármörk eru: eyrnamörk, brennimörk, frostmerkingar og plötumerki í eyra.

Sá sem tekur upp mark eða flytur inn í sveit með mark, sem er náð öðrum í sama sveitarfélagi, skal breyta marki sínu ef þess er óskað. Erfðamark og mark sem áður hefur verið notað í viðkomandi hreppi er rétthærra en nýupptekið mark að öðru jöfnu.

Óheimilt er að nota gróf særingamörk, hverju nafni sem nefnast.

38. gr.

Allir fjáreigendur skulu hafa sýslu- og hrepps Brennimark á fé sínu, eftir því sem héraðsnefnd segir fyrir um, eða plötu með merki í eyra af viðurkenndri gerð. Merki þessi verði komin á allar kindur er þeim er sleppt eftir fyrsta vetur.

39. gr.

Óheimilt er að draga sér búpening sem eigi ber hið rétta mark viðkomandi. Við sönnun á eign á búpeningi er frostmerking rétt hæst, þá brennimark, plötumerki og síðast eyrnamark. Skytt er eiganda rétt herra marks að gera grein fyrir eignarrétti sínum, krefjist eigandi réttlægra marks þess.

40. gr.

Héraðsnefnd skal láta prenta markaskrá fyrir sýsluna áttunda hvert ár, og oftast ef þurfa þykir. Hver markeigandi skal koma marki sínu í skrána og greiða fyrir það gjald, er héraðsnefnd ákveður. Hvert heimili, sem á eitt eða fleiri mörk í skránni, fær eitt eintak af henni, og skal það fylgja jörðinni eða býlinu, þegar búendaskipti verða. Þá skal formaður héraðsnefndar sjá um, að nægilega mörg eintök verði send ókeypis til allra hreppa utan sýslu, þar sem búast má við samgangi fjár, svo og til Búnaðarfélags Íslands, sauðfjársjúkdómanefndar, markanefndar og sláturhúsa á Suðurlandi.

41. gr.

Héraðsnefnd skal fela ákveðnum manni, markaverði, umsjón með söfnun og upptöku marka og undirbúning prentunar markaskrár. Kosning markavarðar fer fram að lokinni útgáfu hvernar markaskrár. Héraðsnefnd ákveður markaverði þóknun fyrir störf hans. Við útgáfu markaskráa og auglýsingu marka í Lögbirtingablaði skal markavörður fara eftir gildandi lögum og reglugerð.

42. gr.

Hreppsnefndir skulu, hver í sínum hreppi, samkvæmt ákvæðum héraðsnefndar eða markavarðar, safna mörkum í hreppnum og innheimta gjöld fyrir þau. Heimilt er að fela markaverði einum söfnun marka, ef hagkvæmara þykir.

43. gr.

Þegar markavörður hefur fengið markaskýrslur allra hreppa ber hann þær saman sín á milli, og þær allar saman við gildandi markaskrár innan sýslu og utan, þar sem búast má við fjársamgöngum.

Heimilt er honum að fella niður nýupptekin mörk, sem of lík eru eldri mörkum og þau sem bannað er að taka upp, ef nokkur eru á skýrslu.

Ákveði markavörður að fella niður mark eða breyta því, skal hann tilkynna það hlutaðeigandi og benda þeim á önnur mörk eða breytingar á marki, er geti komið í staðinn. Að öðru leyti ber honum að taka til greina óskir eða kröfur markeigenda, geti þær samrýmst ákvæðum afréttalaga nr. 6/1986 og reglugerðar nr. 579/1989 um mörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár. Vilji einhver taka upp mark milli þess að markaskrá er samin, ber honum fyrst að fá til þess samþykki markavarðar sem síðan skal auglýsa það í Lögbirtingablaði og jafnframt tilkynna það bréflaga öllum hreppstjórum í sýslunni. Hreppstjórar sjái um að markið sé ritað inn í markaskrá. Þeir sem í sýsluna flytjast, fari eins að til þess að fá lögheimild fyrir marki sínum innan fjallskilaumdæmisins.

IX. KAFLI.
Um fjallskilasjóði.

44. gr.

Hreppsnefnd er skylt að stofna og reka fjallskilasjóð í þeim hreppum sem afréttarlönd eiga og renna þá til hans þessar tekjur:

1. Andvirði óskilafjár.
2. Niðurjöfnun fjallskila.
3. Sektir fyrir brot á samþykkt þessari.
4. Aðrar tekjur, er hreppsnefnd eða almennur sveitarfundur samþykkir að renni í sjóðinn.

Tekjum fjallskilasjóðs má hreppsnefnd aðeins verja til þeirra verkefna, er heyra undir framkvæmd ákvæða samþykktar þessarar. Sjóðurinn er í ábyrgð hreppsnefndar, sem gerir reikning hans árlega og lætur fylgja sveitarreikningum.

X. KAFLI.
Ýmis ákvæði.

45. gr.

Rétt er sláturleyfishöfum að láta fara fram markaskoðun á öllu fé, sem þar er leitt til slátrunar, að sjá til þess að í húsum þar sem sláturfé er geymt þar til því er slátrað, sé loft gott, trekklaut og drykkjarvatn eftir þörfum.

46. gr.

Það er stranglega bannað að svelta fénað, frekar en minnst verður hjá komist, hundbeita hann að óþörfu eða misþyrma honum á nokkurn hátt við fjárréttir, í rekstrum eða gæslu, fjallgöngum eða við smölum heimalanda. Slík brot varða skaðabótum og hegningu að lögum.

47. gr.

Héraðsnefnd sker úr öllum ágreiningi hreppsnefnda út af fjallskilamálum, nema það sem lög ákveða að falla skuli undir ítölunefnd. Sömuleiðis heyra undir hana allar kærur og kröfur á hendur hreppsnefndum og hreppstjórum varðandi fjallskilamál. Ennfremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja slík ágreiningsmál undir úrskurð héraðsnefndar.

48. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum refsheimildum og renna sektir í fjallskilasjóð þess upprekstrarfélags sem brot er framið í.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara með að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem héraðsnefnd Rangárvallasýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilareglugerð fyrir Rangárvallasýslu nr. 239 25. júlí 1974.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. mars 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um sérfræðileyfi sálfræðinga.

1. gr.

Rétt til að kalla sig sérfræðing á sérsviði innan sálfræði hafa þeir sálfræðingar einir, er til þess hafa fengið leyfi menntamálaráðuneytisins.

2. gr.

Til þess að sálfræðingur geti átt rétt á að öðlast sérfræðileyfi, skal hann hafa fullnægt þeim kröfum, er hér greinir.

Hann skal hafa:

- a) hlotið leyfi menntamálaráðuneytisins til að kalla sig sálfræðing, sbr. 1. gr. laga nr. 40/1976, um sálfræðinga,
- b) hlotið starfsþjálfun skv. 3. og 5. gr.,
- c) hlotið handleiðslu skv. 6. gr.,
- d) lokið fræðilegu námi skv. 7. gr.,
- e) samið ritgerð skv. 8. gr.,
- f) sótt námskeið Sálfræðingafélags Íslands skv. 9. gr.

3. gr.

Starfsþjálfun í sérnámi samkvæmt 4. gr. má einungis fara fram á þeim stofnunum, sem viðurkenndar eru til slíks sérnáms. Menntamálaráðuneytið veitir stofnunum hér á landi slíka viðurkenningu samkvæmt tillögum sérfræðinefndar (sbr. 13. gr.), sem metur starfsemi stofnananna. Nefndin endurskoðar mat sitt á tveggja ára fresti.

Sálfræðingar þeir, sem sérnám stunda, skulu að jafnaði vera í fullu starfi á þeim stofnunum, þar sem þeir nema, en þó aldrei minna en í 50% starfi, og lengist þá starfsþjálfunartíminn til samræmis. Nám á sérfræðinámskeiði má viðurkenna í stað takmarkaðs hluta tilskilins starfstíma á stofnun.

Heimilt er að veita sérfræðileyfi sálfræðingum, sem hafa fengið sérfræðileyfi eða lokið sérfræðiþrófi í löndum, sem gera sambærilegar kröfur um sérfræðinámskeið, enda þótt námstilhögun sé frábrugðin ákvæðum 5. greinar. Sérnámið má þó ekki standa skemur en 4 ár.

4. gr.

Sálfræðingur getur sótt um sérfræðiviðurkenningu á einu af fjórum sérsviðum sálfræði:

- a) Klínísk sálfræði.
- b) Fötlunarsálfræði.
- c) Uppeldissálfræði.
- d) Félags- og skipulagssálfræði.

Auk þess er heimilt að veita sérfræðiviðurkenningu í undirgrein skv. 5. gr., og fer það eftir mati sérfræðinefndar hvað telja megi undirgrein.

5. gr.

Sérfræðileyfi má veita að lokinni starfsþjálfun samkvæmt eftirfarandi tölulíðum. Heildarstarfsþjálfun skal eigi vera skemmri en 4 1/2 ár í aðalgrein. Veita má sérfræðingi í sálfræði sérfræðileyfi í einni undirgrein þess sérsviðs sem hann er sérfræðingur á. Til að hljóta sérfræðileyfi í undirgrein skal umsækjandi hafa lokið tveggja ára viðurkenndri starfsþjálfun í undirgreininni. Sérfræðingar í undirgreinum skulu uppfylla ákvæði í lið c) í neðantöldum starfsþjálfunarákvæðum með starfi á stofnun eða deild tengdri undirgreininni.

Endurprentað blað.

I. Klínísk sálfræði:

- a) 30 mánuðir á deildum eða stofnunum sem fást við geðræn vandamál eða geðsjúkdóma, þar af minnst 12 mánuðir á almennum geðdeildum fyrir fullorðna, 6 mánuðir á barna- og unglíngageðdeild og 4 mánuðir á áfengisdeild, í öllum tilvikum samhliða göngudeildarþjónustu.
- b) 12 mánuðir á stofnun/deild fyrir fatlaða, aðra en þá sem einkum eiga við geðræn vandamál að stríða, eða stofnun/deild, sem fæst við uppeldis- og skólavandamál barna og unglínga.
- c) 12 mánuðir á deildum eða stofnunum, sem tengjast greininni.

II. Fötlunarsálfræði:

- a) 30 mánuðir á sérdeild fyrir greinina, svo sem greiningardeild og/eða stofnun fyrir fatlaða.
- b) 12 mánuðir á öðrum stofnunum eða deildum, sem fást við geðræn vandamál og geðsjúkdóma eða uppeldis- og skólavandamál barna og unglínga.
- c) 12 mánuðir á deildum eða stofnunum, sem tengjast greininni.

III. Uppeldissálfræði:

- a) 30 mánuðir við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fræðsluskrifstofu, í skólum eða á uppeldis- eða meðferðarstofnunum fyrir börn og/eða unglínga.
- b) 12 mánuðir á stofnunum eða deildum fyrir fatlaða eða þá sem eiga við geðræn vandamál að stríða. Þar af 6 mánuðir á barna- og unglíngageðdeild.
- c) 12 mánuðir á deildum eða stofnunum, sem tengjast greininni.

IV. Félags- og skipulagssálfræði:

- a) 30 mánuðir á stofnun eða fyrirtæki á sviði stjórnunar og skipulagningar, sem sérfræðinefnd viðurkennir.
- b) 12 mánuðir á stofnunum eða deildum við hagnýt sálfræðileg störf.
- c) 12 mánuðir á deildum eða stofnunum, sem tengjast greininni.

Hafi maður starfað í meira en 10 ár sem sálfræðingur við gildistöku þessarar reglugerðar má fella niður skilyrði um skiptingu starfsþjálfunar nema hvað snertir a-liði þessarar greinar.

6. gr.

Til þess að fá viðurkenningu sem sérfræðingur þarf sálfræðingur að hafa fengið handleiðslu á starfsþjálfunartímanum sem hér segir:

Einstaklingshandleiðsla minnst 120 skipti (miðað við 1 klst. í senn). Handleiðendur skulu vera a.m.k. tveir á námstímanum og minnst 40 skipti hjá hvorum. Hóphandleiðsla 40 skipti (miðað við 1 1/2 klst. í senn). Veita má undanþágu frá hóphandleiðslu, ef ekki hefur verið hægt að koma henni við, og skal þá krafa um einstaklingshandleiðslu aukast í 150 skipti. Í einstaklingshandleiðslu skal handleiðandi vera sálfræðingur með sérfræðiviðurkenningu eða sálfræðingur, sem sérfræðinefnd viðurkennir. Þó má viðurkenna allt að þriðjungi tímans frá sérfræðingi í annarri grein en sálfræði sem hefur handleiðsluviðurkenningu í veigamiklum þáttum er snerta viðkomandi grein sálfræði. Heimilt er að minnka kröfur um handleiðslu um 10% af heildartímafjölda fyrir hvert ár sem menn hafa við gildistöku þessarar reglugerðar starfað sem sálfræðingar á því sviði sem sótt er um sérfræðingsviðurkenningu á.

7. gr.

Til þess að fá viðurkenningu sem sérfræðingur þarf umsækjandi að hafa lokið sem svarar 300 stundum í fræðilegu námi, og skal námsefnið vera að meirihluta á höfuðsviði sérgreinarinnar. Það skal vera svo viðtækt að enginn afmarkaður þáttur viðurkennist sem meira en þriðjungur námskránnar. Skólar, námskeið og námsstefnur, sem sérfræðinefnd viðurkennir, eru að jafnaði vettvangur þess fræðilega náms sem metið er.

8. gr.

Til þess að fá viðurkenningu sem sérfræðingur þarf umsækjandi að hafa samið ritgerð um sálfræðilegt efni, sem reist er á eigin rannsóknum innan sérsviðs hans. Ritgerðin skal hafa birst á prenti, annað hvort sem sérstakt rit eða sem grein í viðurkenndu vísindarit.

9. gr.

Til þess að fá viðurkenningu sem sérfræðingur skal umsækjandi hafa sótt námskeið Sálfræðifélags Íslands, þar sem m.a. er fjallað um lög um sálfræðinga, hlutverk þeirra og siðareglur, og skipan fræðslumála, félagsmála, heilbrigðismála og dómsmála á Íslandi.

10. gr.

Veita má sérfræðileyfi á öðrum sviðum en þeim sem talin eru í 4. og 5. gr., ef fullnægt er kröfum um sérmenntun að mati sérfræðinefndar. Sérfræðinefnd úrskurðar á sama hátt um veitingu sérfræðileyfa í undirgreinum.

Ekki má veita sérfræðiviðurkenningu nema í einni aðalgrein í senn, þótt umsækjandi uppfylli kröfur um fleiri svið. Kjósi sérfræðingur að fá viðurkenningu á öðru sviði en hann hefur fyrir, afsalar hann sér um leið sérfræðiviðurkenningu á hinu fyrra sviði.

11. gr.

Sérfræðingur skal skyldur að viðhalda menntun sinni.

12. gr.

Heimilt er að synja sálfræðingi um sérfræðingsviðurkenningu, þótt hann fullnægi ákvæðum þessarar reglugerðar, ef óeðlilega langur tími telst liðinn frá því hann lauk samfelldu sérnámi þar til umsókn berst, eða ef aðrar gildar ástæður mæla gegn.

13. gr.

Umsóknir um sérfræðileyfi í sálfræði ásamt staðfestum vottorðum yfirmanna og öðrum nauðsynlegum fylgiskjölum skal stíla til menntamálaráðuneytisins. Umsókninni skal fylgja eintak af þeirri ritgerð, sem umsækjandi vill láta meta til sérfræðiviðurkenningar.

Menntamálaráðuneytið veitir sérfræðileyfi í sálfræði að fenginni umsögn þriggja manna sérfræðinefndar, sem ráðherra skipar. Einn nefndarmanna skal skipaður án tilnefningar og skal hann gegna formennsku í nefndinni. Annar skal vera prófessor í sálfræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, og sá þriðji skal vera formaður námsmatsnefndar Sálfræðingafélags Íslands. Námsmatsnefnd Sálfræðingafélags Íslands er sérfræðinefndinni til ráðuneytis.

Áður en sérfræðileyfi í klínískri sálfræði er veitt, skal leita umsagnar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðuneytið gefur árlega út skrá yfir þá sem hafa sérfræðileyfi hverju sinni.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 1. gr. laga nr. 68/1988 um breyting á lögum nr. 40/1976, um sálfræðinga, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 3. apríl 1990.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Elínar Rannveigar Briem Jónsson,
skólaforstöðukonu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Elínar Rannveigar Briem Jónsson, skólaforstöðukonu og er stofnaður á 90. fæðingardegi frá Elínar, 19. október 1946, af nánustu ættingjum hennar, venslafólki og vinum.

2. gr.

Sjóðurinn nam hinn 25. janúar 1990 kr. 150 000,00 (eitt hundrað og fimmtíu þúsund krónur). Í eigu sjóðsins eru enn fremur þrjár verðlaunapeningar úr bronsi með upphleyptri mynd af Elínu.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja til framhaldsnáms eða sérstakra verkefna:

1. kennara, sem lokið hafa námi frá Hússtjórnarkennaraskóla Íslands eða sambærilegum skólum.
2. kennara sem lokið hafa B.ed. prófi frá Kennaraháskóla Íslands með hússtjórn sem valgrein eða sambærilega menntun.
3. kennaranema, sem stunda nám á síðasta námsári með hússtjórn sem valgrein.

4. gr.

Sjóðurinn er sjálfeignarstofnun í vörslu þriggja manna sjóðsstjórnar. Hana skipa formaður Hússtjórnarkennarafélags Íslands, fulltrúi kosinn á aðalfundi félagsins til fjögurra ára og einhver af nánustu ættingjum Elínar R. Briem.

5. gr.

Sjóðinn skal efla með þeim ráðum sem sjóðsstjórn telur heppileg hverju sinni.

6. gr.

Styrkinn skal auglýsa í fréttabréfi Hússtjórnarkennarafélags Íslands að hausti ár hvert. Sjóðsstjórn sér um úthlutun styrkja.

7. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Einn tíunda hluta vaxta skal ávallt leggja við höfuðstólinn, en hinum hlutanum má úthlutunarnefnd ráðstafa til framhaldsnáms eða sérstakra verkefna sbr. 3. gr.

8. gr.

Stjórn sjóðsins annast reikninga hans og skal gerð grein fyrir endurskoðuðum reikningum á aðalfundi Hússtjórnarkennarafélags Íslands.

9. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari, enda sé hún einhuga um breytinguna.

10. gr.

Telji sjóðsstjórn æskilegt að leggja sjóðinn niður skal ráðstafa eigum hans í samráði við ættingja Elínar Rannveigar Briem Jónsson.

11. gr.

Verði Hússtjórnarkennarafélag Íslands lagt niður getur stjórn sjóðsins ákveðið hvernig sjóðnum skuli varið. Ráðstöfun sjóðsins skal þó jafnan við það miðuð að hann stuðli að því að efla hússtjórnarfræðsluna í landinu.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagssrá þessari.

13. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað óstaðfestrar skipulagsskrár fyrir Minningarsjóð Elínar Rannveigar Briem Jónsson, skólaforstöðukonu, frá 19. október 1956.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. apríl 1990.

F. h. r.

Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um tímabundinn tollfrjálsan innflutning bifreiða og bifhjóla.

I. KAFLI

Skilyrði tollfrelsis o.fl.

1. gr.

Tollstjóra er heimilt að veita leyfi til tollfrjáls innflutnings bifreiða og bifhjóla í allt að einn mánuð talið frá komu flutningsfars ökutækis til landsins að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Innflytjandi ökutækisins hafi verið búsettur erlendis í a.m.k. eitt næstliðið ár og ekki jafnframt átt lögheimili hér á landi.
2. Ökutækið sé skráð erlendis og innflytjandi þess sé skráður eigandi þess eða umráðmaður.
3. Innflutningur ökutækisins eigi sér stað við komu hlutadeigandi til landsins, í beinu framhaldi af komu hans til landsins og ekki síðar en einum mánuði frá komu hans til landsins.
4. Ökutækið sé vátryggt lögboðinni ábyrgðartryggingu samkvæmt íslenskum umferðarlögum til aksturs hér á landi. Ef hún er ekki fyrir hendi skal umráðmaður ökutækis leggja fram við innflutning þess „grænt skírteini“ (Green card), sbr. reglur settar af dómsmálaráðuneytinu samkvæmt 94. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Tollfrjáls innflutningur ökutækis samkvæmt reglugerð þessari er að öðru leyti háður því að innflytjandi skuldbindi sig til að hlíta eftirtöldum skilyrðum:

1. Hann noti ökutækið sjálfur, maki hans eða launaðir starfsmenn hans.
2. Ökutækið verði ekki selt, lánað, leigt eða notað til neins konar flutnings gegn greiðslu eða endurgjaldi né á annan hátt notað sem atvinnutæki hér á landi.
3. Að loknum leyfistíma hafi hann annað hvort endurútflutt ökutækið eða greitt af því lögboðin aðflutningsgjöld.

2. gr.

Tollstjóri getur ákveðið, að höfðu samráði við ríkistollstjóra, að ákvæði þessarar reglugerðar skuli gilda um önnur farartæki en um getur í 1. gr. eftir því sem við getur átt.

3. gr.

Þegar leyfi er veitt til tímabundins tollfrjáls innflutnings ökutækis samkvæmt reglugerð þessari skal heimilt að flytja eldsneyti með ökutækjum í innbyggðum eldsneytisgeymum þeirra án greiðslu aðflutningsgjalda.

Þegar um er að ræða innflutning bifreiðar, má magn eldsneytis að hámarki vera 200 lítrar.

II. KAFLI

Umsókn um leyfi og leyfisveiting.

4. gr.

Innflytjandi skal sækja um leyfi til undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt reglugerð þessari á þar til gerðu eyðublaði og gera þar m.a. grein fyrir nafni, þjóðerni, heimilisfangi, vegabréfsnúmeri, áætluðum dvalartíma hér á landi, tegund og gerð ökutækis, árgerð þess, verksmiðjunúmeri og skrásetningarnúmeri, auk annars þess sem eyðublaðið gefur tilefni til. Jafnframt skal hann gefa á eyðublaðinu yfirlýsingu þess efnis, að hann hafi kynnt sér þau skilyrði sem sett eru fyrir tollfrjálsum innflutningi ökutækis, sbr. I. kafla, og að hann skuldbindi sig til að hlíta þeim.

5. gr.

Leyfi til tollfrjáls innflutnings ökutækis skal gefið út af tollstjóra í því tollumdæmi þar sem ökutæki er affermt úr flutningsfari. Þar skal ökutækið jafnframt hljóta endanlega tollafgreiðslu, sbr. þó 2. málsg. þessarar greinar og 11. gr.

Tollstjóra á innflutningsstað er þó heimilt að veita mönnum sem flytja búferlum hingað til lands og fyrirhuga að taka upp búsetu í öðru tollumdæmi, sérstakt leyfi í allt að eina viku til tollfrjáls innflutnings ökutækis að uppfylltum skilyrðum I. kafla. Sama gildir um farangur viðkomandi, enda hafi hann verið skoðaður af tollstarfsmönnum og tollskoðunarskýrsla gerð um hann ef nauðsyn þykir. Tollstjóri á innflutningsstað skal í því tilviki senda tollstjóra í hinu tollumdæminu afrit af útgefnu leyfi, ásamt tollskoðunarskýrslu hafi hún verið gerð. Leyfishafi skal innan nefnds frests gefa sig fram við viðkomandi tollstjóra sem annast frekari leyfisveitingu samkvæmt reglugerð þessari.

Um flutning ökutækis á milli tollumdæma, sem um ræðir í 2. málsg., skulu gilda ákvæði VII. kafla tollalaga nr. 55/1987 eftir því sem við getur átt.

6. gr.

Ökutæki sem leyfður hefur verið á tímabundinn tollfrjáls innflutningur skal auðkennt með sérstökum límmiða sem ríkistollstjóri lætur gera í því skyni og límdur skal á framrúðu ökutækis, eða það auðkennt með öðrum hætti sem ríkistollstjóri telur fullnægjandi.

III. KAFLI

Framlenging leyfis.

7. gr.

Tollstjóra er heimilt að framlengja leyfi sem veitt hefur verið samkvæmt I. kafla um allt að þrjá mánuði í senn, allt að tólf mánuðum alls, enda færi viðkomandi fyrir tollstjóra fullgildar sönnur á að hann fullnægi eftirtöldum skilyrðum.

Hann hafi:

1. hvorki launaða atvinnu hér á landi né reki hér atvinnufyrirtæki,
2. ekki tekið sér fasta búsetu hér á landi,
3. ekki flutt búslóð sína hingað til lands.

8. gr.

Nú uppfyllir viðkomandi ekki ákvæði 1. tölul. 7. gr. til framlengingar undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda án þess þó að hafa tekið sér fasta búsetu hér á landi eða flutt búslóð sína hingað til lands og er þá heimilt að framlengja hana um allt að þrjá mánuði í senn, allt að tólf mánuðum alls frá komu ökutækis til landsins, gegn greiðslu fyrirfram á sérstöku gjaldi sem skal vera 1/60 hluti af reiknuðum aðflutningsgjöldum viðkomandi ökutækis fyrir hvern byrjaðan mánuð sem framlengt er.

Aðili sem óskar framlengingar leyfis samkvæmt 1. málsg. skal gera tollstjóra grein fyrir ástæðum beiðninnar, áætluðum brottfarartíma og öðru því sem tollstjóri telur ástæður til.

Þegar sérstaklega stendur á má tollstjóri, að höfðu samráði við ríkistollstjóra, heimila framlengingu undanþágu samkvæmt þessum kafla án greiðslu hins sérstaka gjalds af tollverði viðkomandi ökutækis.

IV. KAFLI Uppgjör gjalda.

9. gr.

Tollstjóri getur heimilað innflytjanda ökutækis sem leyfi fékk til tímabundins tollfrjáls innflutnings þess samkvæmt I. kafla að greiða aðflutningsgjöld með skuldabréfi sem greiðist með þremur jöfnum afborgunum ásamt vegnum meðaltalsvöxtum af þeim eins og þeir eru á hverjum tíma auglýstir samkvæmt 2. málsg. 8. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, í fyrsta sinn að liðnum sex mánuðum talið frá komudegi flutningsfars til landsins og hina síðustu að liðnum tólf mánuðum frá sama tíma.

Sjálfskuldarábyrgð banka eða sparisjóðs fyrir greiðslu skuldar, vaxta og dráttarvaxta, skal fylgja og skal hún gilda a.m.k. einum mánuði fram yfir gjalddaga skuldabréfsins sem hún tryggir.

Vextir samkvæmt 1. málsg. skulu reiknaðir frá því að leyfi var veitt til tímabundins tollfrjáls innflutnings ökutækis.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda eftir því sem við getur átt um greiðslu aðflutningsgjalda af ökutækjum sem tekin eru til tollmeðferðar að loknu framlengdu leyfi til tollfrjáls innflutnings eða óskað er endanlegrar tollafgreiðslu hér á landi fyrir þann tíma. Vextir, sem reiknaðir skulu frá því að leyfi var upphaflega veitt til tímabundins tollfrjáls innflutnings ökutækis, skulu reiknaðir af áföllnum aðflutningsgjöldum að frádregnum greiðslum samkvæmt 8. gr.

10. gr.

Gjald sem greitt hefur verið samkvæmt 8. gr. skal koma til frádráttar álögðum aðflutningsgjöldum við endanlega tollafgreiðslu ökutækis hér á landi.

Hið sérstaka gjald verður hins vegar ekki endurgreitt við endurútflytning ökutækis. Þó skal heimilt, ef einn mánuður eða meira er eftir af framlengdri heimild til tímabundins tollfrjáls innflutnings ökutækis, að endurgreiða gjaldið miðað við þann tíma.

11. gr.

Ef endurútflytningur ökutækis er fyrirhugaður í öðru tollumdæmi en þar sem leyfi var veitt samkvæmt reglugerð þessari, skal tollstjóri í því tollumdæmi annast uppgjör gjaldsins og endurgreiðslu samkvæmt 2. másl. 2. málsg. 10. gr., að höfðu samráði við tollstjóra þann sem leyfið veitti og senda honum afrit greiðslukvittunar.

V. KAFLI Viðurlög og málsmeðferð.

12. gr.

Ef skilyrði fyrir undanþágu gjalda samkvæmt reglugerð þessari eru rofin eða forsendur fyrir henni falla niður að dómi tollstjóra eða lögreglustjóra mega þeir taka viðkomandi ökutæki þegar í stað úr umferð og tollstjóri láta selja ökutækið á opinberu uppboði til lúknings á aðflutningsgjöldum, kostnaði, vöxtum samkvæmt 9. gr., sem þá skulu reiknast frá og með komudegi flutningsfars ökutækis til landsins og dráttarvöxtum, eða hlutast til um endurútflytning þess á kostnað innflytjanda.

13. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá ívilnun á aðflutningsgjöldum samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, svo og misnotkun ívilnunar sem veitt hefur verið samkvæmt þeim, getur m.a. varðað við 126. gr. og 130. gr. tollalaga nr. 55/1987.

Um meðferð mála vegna brota á reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar skulu gilda eftir því sem við getur átt um nýjar óskráðar bifreiðar og bifhjól sem keypt eru hér á landi. Ökutæki þessi skulu skráð sérstaklega og frekari skilyrði uppfyllt sem dómsmálaráðuneytið kann að setja. Undanþága frá greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt þessari grein miðast við skráningardag ökutækis.

15. gr.

Ökutæki sem tímabundinn tollfrjáls innflutningur hefur verið leyfður á og aðflutningsgjöld hafa ekki verið greidd af skulu vera að veði fyrir aðflutningsgjöldum til lúkningar gjöldum, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði, sbr. 111. gr. tollalaga nr. 55/1987.

16. gr.

Farmflytjendum er óheimilt að taka til flutnings úr landi ökutæki sem flutt voru inn með tímabundinni undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt reglugerð þessari, nema uppgjör hafi áður farið fram á hinu sérstaka gjaldi sem greiða ber samkvæmt ákvæðum 8. gr., svo og öðrum opinberum gjöldum vegna ökutækisins enda liggja fyrir leyfi viðkomandi tollstjóra til endurútlutnings.

17. gr.

Verði hækkun á aðflutningsgjöldum, t.d. vegna ákvarðana um breytingu á tollafgreiðslugengi eða af öðrum ástæðum, undanþiggja ákvæði þessarar reglugerðar viðkomandi innflytjanda ekki frá greiðslu hækkaðra gjalda við endanlega tollafgreiðslu ökutækis, nema annað sé tekið fram í lögum eða öðrum fyrirmælum.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. tölul. 1. málsg. , sbr. 2. málsg. 6. gr. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru reglur nr. 93/1987, um sama efni, felldar úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 30. mars 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um póstpjónustu.

1.1. PÓSTÞJÓNUSTAN, SKILGREINING OG VERKSVIÐ.

1.1.1. Verksvið.

1.1.1.1. Verksvið póstpjónustunnar er fyrst og fremst að annast viðtöku, flutning og skil á póstsendingum, en þeim má skipta í eftirtalda þrjá höfuðflokka:

- a) Bréfapóstsendingar (bréf, póstkort, prent, smápakkar og innrituð blöð og tímarit).
- b) Bögglapóstsendingar.
- c) Fjármunapóstsendingar (póstávísanir, þar með taldar póströfuávísanir og símapóstávísanir, giróinnborganir, -útborganir og -færslur).

1.1.1.2. Tilgreina má verð á bréfum og böggjum (verðsendingar) og ábyrgð má kaupa á bréfapóstsendingar (ábyrgðarsendingar). Verðsendingar, ábyrgðarsendingar, böggjar og fjármunapóstsendingar eru ævinlega bókfærðar og nefnast því einu nafni bókfærðar sendingar.

1.1.1.3. Auk flutnings og skila á póstsendingum, tekur póstpjónustan að sér ýmis samrýmanleg störf, ákvörðuð með lögum, reglugerðum eða samningum, svo sem:

- a) Innheimtu tolla af tollskyldum póstsendingum.
- b) Inn- og útborgun orlofsfjár.
- c) Útborganir úr erlendum póstsparibankabókum eftir nánara samkomulagi.
- d) Sölu spariskírteina ríkissjóðs, verðbréfa, farseðla, trygginga o. fl.

1.2. UTANÁSKRIFT OG UMBÚNAÐUR BRÉFAPÓSTSENDINGA

1.2.1. Utanáskrift

1.2.1.1. Utanáskrift skal haga sem hér segir:

- a) Hægri helming framhliðarinnar skal nota fyrir utanáskriftina og fyrir frímerki og áprentanir um greitt burðargjald (í efra hægra horn).
- b) Utanáskriftin skal vera greinilega skrifuð, hægra megin á framhlið sendingarinnar og á langveginn, með latneskum bókstöfum og arabískum tölum. Ef aðrir bókstafir og tölustafir eru notaðir í ákvörðunarlandinu er æskilegt að rita utanáskriftina jafnframt í þeim bók- og tölustöfum.
- c) Ákvörðunarstað skal rita með upphafsstöfum, á eftir eða undan póstnúmeri, ef svo ber undir, svo og nafn ákvörðunarlands eigi sendingin að fara til útlanda.
- d) Utanáskriftin verður að vera svo skýr og nákvæm að flytja megi sendinguna og afhenda hana réttum viðtakanda án eftirgrennslana og tvímæla.
- e) Nafn og pósthfang sendanda, skal tilgreina annaðhvort aftan á sendingunni eða í efra vinstra horni á framhliðinni þannig, að það hvorki geri utanáskriftina óskýra, né skerði rúm fyrir þjónustuáletranir og merkimiða.
- f) Á bréfasendingar, sem vegna stærðar sinnar og lögunar, kynnu að vera taldar til prentsendinga, skal rita orðið „bréf“ („lettre“ eigi þær að fara til útlanda).
- g) Á sama hátt skal rita á prentsendingar orðið „prent“ („imprimé“ eigi þær að fara til útlanda).
- h) Innan í sendingum skal tilgreina nafn og heimili sendanda og viðtakanda, annaðhvort á innihaldið sjálft eða á merkimiða, sem festa ber tryggilega við það.
- i) Á bréfum með tilgreindu verði og ábyrgðarbréfum, sem hafa peninga að innihaldi, skal utanáskrift ævinlega sett á sjálfar umbúðirnar, en ekki á miða límdan á sendinguna.

1.2.1.2. Séu umbúðir eða innihald þess eðlis, að torvelt sé að setja á sendinguna utanáskrift, áletranir, dagstimpil, frímerki o. s. frv. má nota merkispjald er sé vandlega fest við sendinguna. Það má þó ekki vera minna en 90 x 140 mm.

1.2.1.3. Að undanskildum þeim tilvikum, þar sem öðru vísi er kveðið á í reglugerð þessari, skulu þjónustuáletranir og -merkimiðar sett við hliðina á áritun sendingarinnar og eftir því sem unnt er í efra vinstra horn, fyrir neðan nafn og pósthfang sendanda, ef svo ber undir.

1.2.1.4. Sendingar, hværrar tegundir sem eru, þar sem framhliðinni, sem ætluð er utanáskriftinni, er skipt í reiti, einn eða fleiri, undir áframhaldandi utanáskriftir, eru ekki leyfðar.

1.2.1.5. Þegar sending er umbúin með pappírsmu, verður utanáskrift viðtakanda í öllum tilvikum að vera á henni, að undanteknum munum sendum samkvæmt grein 1.2.6.3.

1.2.1.6. Frímerki og frímerkingarstimplar eiga að vera sett á utanáskriftarmegin og að svo miklu leyti, sem hægt er í efra hægra horn.

1.2.1.7. Merkimiðar, sem ekki eru pósthþjónustunnar, góðgerðarmerki eða önnur merki, sem og teikningar, sem rugla má saman við frímerki eða þjónustumiða, má ekki setja eða prenta utanáskriftarmegin. Sama gildir um stimplanir, sem rugla má saman við frímerkingarstimplanir.

1.2.1.8. Umslög, þar sem jaðrarnir eru með lituðum röndum má aðeins nota fyrir flugpóstsendingar.

1.2.2. Umbúnaður. Umbúðir.


1.2.2.1. Búa skal tryggilega um bréfaþóstsendingar og á þann hátt, að ekki sé hætt á að aðrar sendingar slæðist inn í þær. Umbúðirnar skulu fara eftir lögum og eðli innihaldsins og flutningsskilyrðum. Sérhver sending verður að vera útbúin á þann hátt, að heilsu póstmanna stafi ekki hætt á og að engin hætt sé á, ef hún hefur að innihaldi muni þess eðlis, að póstmenn, sem eiga að meðhöndla hana, geti særst, aðrar sendingar og póstbúnaður óhreinkast eða skemmst.

1.2.2.2. Sendingar með að innihaldi hluti úr gleri, eða öðru brothættu efni, fljótandi efni, fituefni, þurr duft, með eða án litarefnis, lifandi býflugur, blóðsugur, silkiormægg, sníkjur og ánamaðka (aðeins leyft innanlands), skulu útbúnar sem hér segir:

- a) Hlutir úr gleri eða aðrir brothættir hlutir, skulu vera umbúnir í málmöskjum, öskjum úr viði, sterku plastefni eða pappa úr sterku efni, fylltum með pappír, sagi eða sérhverju öðru líku efni til verndar þeim, sem útiloki allan núning eða árekstur milli sjálfra hlutanna eða milli þeirra og hliðanna á öskjunni meðan á flutningi stendur.
- b) Fljótandi efni og efni, sem auðveldlega verða fljótandi, skulu lokuð í algerlega vökvaheldum ílátum. Skal hvert ílát látið í sérstaka öskju úr málmí, viði, sterku plasti eða bárupappa úr sterku efni, og stoppað með sagi, eða öðru hentugu hlífðarefni, nægilega miklu til þess að drekka í sig vökvann, ef ílátið skyldi brotna. Lok öskjunnar skal vera þannig fest á, að það geti ekki auðveldlega losnað af.
- c) Fituefni, sem verða síður fljótandi, svo sem áburður, blaut sápa, harpíks o. s. frv., svo og silkiormægg, sem minni óþægindi stafa af við flutninginn, skulu fyrst látin í innri umbúðir (öskju, léreftspoka, plast o. s. frv.), er síðan skal látið í ytri umbúðir (öskju úr viði, málmí eða öðru nægilega sterku efni til þess að hindra leka).
- d) Þurr litarefni, svo sem anilínblátt o. s. frv., er ekki leyft að flytja, nema í algerlega vökvaheldum öskjum úr málmí er aftur skulu settar í öskjur úr viði, sterku plastefni eða vönduðum bárupappa með sagi eða öðru heppilegu vökvasogandi hlífðandi efni á milli.
- e) Þurr duft, sem ekki hafa litarefni í sér, skal láta í ílát (öskju, poka) úr málmí, viði, sterku plastefni eða pappa; þessi ílát skulu sjálf lokuð í sterkri öskju úr einhverju framangreindra efna.
- f) Lifandi býflugur, blóðsugur, sníkjur og ánamaðkar, skulu lokaðar í öskjum, er sé þannig frá gengið, að engin hætt stafi af.

1.2.2.3. Sendingar með áriðandi lyfjum, skulu þeim megin, sem utanáskrift viðtakanda er, vera búin merkimiða, ljósgrænum og með eftirfarandi táknmyndum:

Táknmynd og letur svart.



1.2.2.4. Umbúða er ekki krafist um sendingar í einu heilu stykki, svo sem muni úr tré, málmum o. s. frv., sem ekki er verslunarvenja að setja í umbúðir. Þegar svo er, skal utanáskrift viðtakanda tilgreind á hlutum sjálfum.

1.2.3. Umbúnaður. Líffræðileg auðskemmd, smitandi efni.

1.2.3.1. Líffræðileg auðskemmd efni, sem bera smit eða rökstuddur grunur leikur á að geti smitað menn eða skepnur skulu lýst „Smitandi efni“ (Substances infectieuses). Um bréfasendingar sem hafa efni þessi að innihaldi, gilda sérstakar reglur um umbúnað, tilgreindar nánar í eftirfarandi liðum.

1.2.3.2. Sendendur smitandi efna skulu fullvissa sig um, að sendingarnar hafa verið útbúnar þannig, að þær nái ákvörðunarstað í góðu ásigkomulagi og séu ekki meðan á flutningi stendur hættulegar mönnum eða skepnum. Umbúðirnar skulu í meginatriðum samanstanda af:

a) Vökvaheldu aðalíláti.

b) Vökvaheldum aukaumbúðum.

c) Vökvasogandi efni, er látið sé milli aðalílátsins og aukaumbúðanna. Séu fleiri en eitt aðalílát látin í einar aukaumbúðir, skal vefja um hvert þeirra fyrir sig til þess að koma í veg fyrir að þau snerti hvert annað. Hið vökvasogandi efni, t. d. vatt, verður að vera nægilegt fyrir allt innihaldið. Bæta má við efni, sem ekki tekur í sig raka, gufar ekki upp í flutningi og er í reynd ekki eiturvekandi fyrir fólk.

d) Ytri umbúðum, nægilega sterkum til þess að standast viðnámsprófanir jafngildar þeim, sem reglur alþjóðastofnana þeirra, er þar til eru bærar í þessum efnum mæla fyrir um.

1.2.3.3. Útheimti óvanalegir hlutir, svo sem heil líffæri, sérstakar umbúðir, má og skal búa um meginhluta hinna smitandi efna samkvæmt eftirfarandi leiðbeiningum:


a) Þegar um er að ræða efni, flutt við eðlilegt hitastig eða hærra, mega aðalílátin vera úr gleri, málmí eða plasti. Til þess að tryggja, að þau séu vökvaheld, skal nota tryggar aðferðir, svo sem að innsigla við hita, umlykjandi hettur eða málmlok. Séu skrúfuð lok notuð, skal styrkja þau með límbandi.

b) Þegar um er að ræða efni flutt kæld eða fryst (blautan ís, „frysta stauta“, þurrís), skal ekki nota aðalílát lokuð með skrúfuðu loki. Ísinn eða þurrísinn skal látinn utan á aukaumbúðirnar. Gera skal ráð fyrir innri stöðum til þess að halda aukaumbúðunum í upprunalegri stöðu eftir að ísinn eða froðan hafa bráðnað. Sé ís notaður, skulu umbúðirnar vera vökvaheldar og sé froða notuð, skulu þær vera þannig að þær hleypi út kolefnisgasinu.

1.2.3.4. Á ytri öskju og ytri umbúðum, ef svo ber undir, skal þeim megin sem utanáskriftir viðurkenndrar sendi- rannsóknarstofu og ákvörðunar-rannsóknarstofu eru, setja ferningslagaðan merkimiða, 10 x 10 cm eða 5 x 5 cm með svörtum stöfum á hvítum grunni. Í efri helmingi skal vera hið viðurkennda tákn fyrir smitandi efni og í neðri helmingi orðin „Substance infectieuse. En cas de dommage ou de fuite, avertir immédiatement les autorités de santé publique.“ (Smitandi efni. Verði skemmdir eða leki, skal þegar í stað gera heilbrigðisyfirlöndum viðvart). Merkimiðinn er að útliti sem hér segir:

Hvítur grunnur.

Merki og áletranir svartar.



1.2.4. **Umbúnaður. Líffræðileg auðskemmd smitlaus efni.**

- 1.2.4.1. Um bréf, sem hafa að innihaldi líffræðileg auðskemmd smitlaus efni gilda eftirfarandi sérreglur um umbúnað: líffræðileg auðskemmd efni, sem hvorki hafa að innihaldi lifandi sjúkdómsvaldandi smáverur né lifandi sjúkdómsvaldandi veirur, skulu látin í vökvahelt innra ílát og það síðan látið í ytra ílát til varnar ásamt vökvasogandi efni, er látið sé, annaðhvort í innra ílátið eða milli innra og ytra íláts; efni þetta verður að vera nægilega mikið til að drekka í sig allan vökvann, sem er í innra ílátinu eða kann að myndast í því, ef það brotnar. Auk þess skal búið þannig um innihald innra og ytra íláts að það geti ekki hreyfst. Gera skal sérstakar ráðstafanir, svo sem þurrfrystingu og ísumbúnaði, til þess að tryggja varðveislu efna, sem viðkvæm eru fyrir háu hitastigi. Flutningur með flugi, þar sem breytingar verða á loftþrýstingi útheimtir að ílátin séu nægilega sterk til að þola breytingar á loftþrýstingi, ef efnið er í innsigliðum glerhylkjum eða í flöskum með vel festum töppum. Á ytra ílátið og ytri umbúðir sendingarinnar skal þeim megin sem utanáskriftir sendi-rannsóknarstofu og ákvörðunar-rannsóknarstofu eru, festa merkimiða, fjólubláan að lit með eftirfarandi áletrun og tákni;



1.2.5. **Umbúnaður. Geislavirk efni.**

- 1.2.5.1. Sendingar með geislavirku efni, þar sem innihald og útbúnaður eru í samræmi við meðmæli hinnar alþjóðlegu kjarnorkumálanefndar, sem gerir ráð fyrir sérstökum undanþágum um tilteknar sendingar, eru leyfðar til flutnings í pósti að fyrirframgefinni heimild heilbrigðisyfirvalda.
- 1.2.5.2. Ytri umbúðir sendinga, sem hafa geislavirk efni að innihaldi, skulu af sendanda útbúnar með greinilegri áletrun og endingargóðri „Matières radioactives“ (geislavirk efni), „Quantités admises au transport par la poste“ (magn leyft til póstflutnings), áletrun sem er yfirstrikuð í embættisnafni, sé um að ræða endursendingu umbúða til upprunalands. Þar að auki skal hún auk póstfangs sendanda og viðtakanda bera greinilega áletrun um endursendingu þeirra, verði þeim ekki komið til skila.
- 1.2.5.3. Sendanda ber að tilgreina á innri umbúðum nafn sitt og póstfang svo og hvert innihald sendingarinnar sé.

1.2.6. **Umbúnaður. Athugun á innihaldi.**

- 1.2.6.1. Prent og blindaprent skal útbúið þannig, að innihald sendinganna sé nægilega varið án þess það þó hindri fljóta og auðvelda athugun á innihaldinu. Þær skulu vera í pappírsmu, í sívalning, milli pappaspjalda, í opnum umslögum eða hylkjum, umslögum eða hylkjum, sem ekki eru innsiglið, en lokuð þannig, að auðvelt sé að opna þau og loka þeim og hafi enga hættu í för með sér eða þá vafðar seglgarni, sem auðvelt sé að leysa. Viðtökupóststöðin ákveður hvort lokun þessara sendinga leyfi fljóta og auðvelda athugun á innihaldinu. Taka má við prentsendingum, sem hafa bæklinga að innihaldi, í lokuðum, gagnsæjum frumumbúðum. Engin sérstök skilyrði eru sett um lokun prentsendinga með bækur að innihaldi; sendingar þessar má opna til athugunar á innihaldi þeirra. Krefjast má þess, að sendandi eða viðtakandi auðveldi könnun á innihaldinu,

annað hvort með því að opna einhverjar sendingar tiltekna af póstafréttslu-
manni eða á annan fullnægjandi hátt.

- 1.2.6.2. Heimila má lokun prentsendinga, sem póstlagðar eru margar saman og er þá gefið út leyfi þar að lútandi til þeirra notenda sem þess óska. Til þess að vera teknar til flutnings gegn prentburðargjaldi, skulu sendingar, sem lokaðar eru á þennan hátt hafa utanáskriftarmegin skýrum stöfum letraða athugasemdirina „Prent“ eða tilsvandi á máli, sem þekkt er í ákvörðunarlandinu, ásamt videigandi leyfisnúmeri. Þessar athugasemdir tákna að réttilega hafi verið heimiluð könnun á innihaldinu.
- 1.2.6.3. Prentsendingar, póstlagðar margar saman á þann hátt, sem segir í 1.2.6.2., má sem undantekningu frá 1.2.6.1., búa um í lokuðu plastefni, gagnsæju eða ógagnsæju. Utanáskrift viðtakanda, komið fyrir samhliða langhlið, utanáskrift sendanda og áprentun frímerkingarvélarrinnar eða frímerkingaráprentun, má láta undir plastfilmuna, þannig að það sé vel læsilegt gegnum gagnsæja gluggann eða gagnsæju gluggana, sem til þess eru ætlaðir. Á umbúðunum skal vera rúm utanáskriftarmegin, nægilega stórt til þess að tilgreina eins og á pappír, annað hvort með handskrift eða með merkimiða eða á hvern annan hátt, þjónustuathugasemdir, hugsanlegar ástæður vanskila, eða ef svo ber undir um nýja utanáskrift viðtakanda; nægilega stór hluti umbúðanna við hliðina á utanáskriftinni verður að hafa sömu gæði og pappír. Sendingar í plastumbúðum má líka frímerkja með ástimplunum frímerkingarvéla á sjálfhlímandi miða eða á óafmáanlegan hátt á umbúðirnar sjálfar.
- 1.2.6.4. Engin sérstök skilyrði eru sett um lokun smápakka. Slíkar sendingar má opna til athugunar á innihaldinu. Hliðstætt skilyrðunum í 1.2.6.2. um prent, má takmarka lokun smápakka við sendingar, póstlagðar margar saman. Leyfa má flutning í lokuðum loftheldum umbúðum á hlutum, sem gætu skemmst, ef búið væri um þá eftir venjulegum reglum svo og vörusendingar í gagnsæjum umbúðum sem gera kleift að kanna innihaldið. Sama gildir um iðnaðarvörur og vörur úr jurtaríkinu, sem póstlagðar eru í lokuðum umbúðum frá verksmiðjunni sjálfri eða innsigliðum umbúðum frá rannsóknaryfirvaldi. Ef slíkt kemur fyrir, má krefjast þess, að sendandi eða viðtakandi létti undir við rannsóknina á innihaldinu, annaðhvort með því að opna einhverjar tiltekna sendingar, eða á einhvern annan fullnægjandi hátt.
- 1.2.6.5. Sendingar þær, sem frá er greint í 1.2.6.1. má taka til flutnings, ef þær eru lokaðar með sérstökum límmiða, sem taka má af og láta aftur á. Á miðann skal eftirfarandi athugasemd prentuð: „Opin sending. Má skoðast af pósthjónustunni. Miðann má taka af og láta á aftur“. Sé miði þessi notaður á sendingar til útlanda, þarf auk þess að vera eftirfarandi þýðing á frönsku: „Envoi non clos. Peut être contrôlé par le service postal. Soulever l'étiquette et la remplacer“.
- 1.2.7. **Sendingar með tollskyldu innihaldi.**
- 1.2.7.1. Sendingar þær, sem setja á undir tolfleitt, skulu á framhlið bera grænan límborinn miða ebl. C 1 eða samskonar viðbundinn merkimiða. Límmiðinn C 1 er festur utanáskriftarmegin í efra vinstra horn eftir því sem unnt er og fyrir neðan utanáskrift sendanda, ef svo ber undir. Nota má umslög eða umbúðir með áprentaðri eftirlíkingu miðans á þeim stað, sem ætlaður er miðanum C 1 og skal litur og stærð vera eins og miðinn C 1. Ef verðmæti það, sem sendandi tilgreinir er meira en 918,30 gullfrankar (300 SDR) eða sendandinn vill það heldur, eru sérstakar tollskýrslur, ebl. C 2/CP 3 einnig látnar fylgja í tilskildum fjölda. Er þá aðeins efri hluti miðans C 1 límdur á sendinguna.

- 1.2.7.2. Tollskýrslurnar C 2/CP 3 eru festar vandlega utan á sendinguna með krossbrugðnu bandi eða láttnar innan í sjálfa sendinguna.
- 1.2.7.3. Að því er varðar smápakka, eru formsatriði þau, sem gert er ráð fyrir í 1.2.7.1. skylda í öllum tilvikum.
- 1.2.7.4. Að því er tekur til prents, serum, bóluafna og líffræðilegra, auðskemmdra efna, geislavirkra efna svo og lyfja, sem lífsnauðsyn er á og örðugt að ná í, þá verða slíkar sendingar ekki sendursendar til upprunastaðar af þeirri orsök, að á þær vanti merkimiðann C 1.
- 1.2.7.5. Innihald sendingar skal greina í öllum atriðum á tollskýrslunni. Almenn orðatiltæki eru ekki leyfð.
- 1.2.8. **Sendingar í umslagi með gagnsærri rúðu.**
- 1.2.8.1. Sendingar í umslagi með gagnsærri rúðu eru leyfðar með eftirfarandi skilyrðum:
- Glugginn verður að vera á heilu hlið umslagsins, sem ekki er með loku.
 - Glugginn verður að vera gerður úr þannig efni og á þann hátt, að utanáskriftin sé auðlæs í gegnum hann.
 - Glugginn verður að vera ferhyrndur og lengri hlið hans samsíða lengri hlið umslagsins þannig að utanáskrift viðtakandans sjáist í sömu stefnu og stimplun með dagstimpli verði ekki torvelduð.
 - Allir jaðrar gluggans verða að vera óaðfinnanlega límdir innan á jaðrana á umslaginu, þar sem tekið var úr því fyrir glugganum. Nægilegt rúm verður því að vera milli hliðar- og neðri jaðra umslagsins og gluggans.
 - Aðeins utanáskrift viðtakanda má sjást gegnum gluggann eða þá að minnsta kosti skera sig greinilega úr öðrum áletrunum, sem hugsanlega kunna að sjást í gegnum gluggann.
 - Glugganum skal hagað þannig, að ekki sé torvelduð notkun dagstimpils.
 - Innihald sendingarinnar skal brotið þannig að jafn vel þótt það skríði til innan í umslaginu, verði utanáskriftin fullkomlega sýnileg gegnum gluggann.
- 1.2.8.2. Sendingar í algerlega gagnsæju umslagi jafnvel þótt með utanáskriftarmiða séu og sendingar í umslagi með opnum glugga eru ekki leyfðar.
- 1.2.8.3. Heimilt er að nota umslög með tveimur eða fleiri gagnsæjum gluggum. Glugginn fyrir utanáskrift viðtakanda verður að uppfylla skilyrðin, sem sett eru í 1.2.8.1. Um hina gluggana gilda skilyrðin, sem sett eru í 1.2.8.1., stafliðum b), d), f) og g) hliðstætt.

1.3. **BRÉFAPÓSTSENDINGAR, SÉRÁKVÆÐI UM HVERJA SENDINGARTEGUND.**

1.3.1. **Bréf.**

1.3.1.1. Með fyrirvara um, að fylgt sé ákvæðum um umbúnað sendinga, er engra skilyrða krafist fyrir lögum eða lokun bréfa. Bréf í umslögum skulu þó vera ferhyrnd, svo ekki skapist erfiðleikar við meðhöndlun þeirra. Einnig skulu sett í ferhyrnd umslög þau bréf, sem hafa stinnleika póstkorta en ekki lögum. Rúm það, sem nauðsynlegt er utanáskriftarmegin fyrir utanáskrift, frímerkingu og þjónustuathugasemdir eða -miða, skal vera alveg autt.

1.3.1.2. Með fyrirvara um ákvæði í kafla 4.2.5. um forboð eru engar takmarkanir á því hvað bréfapóstsendingar mega hafa að innihaldi. Bréfapóstsendingar aðrar en bréf (loftbréf) og póstkort (þar sem það á við) mega þó ekki bera utan á sér orðsendingar eða hafa að innihaldi neitt það, er talist geti hreinar persónulegar bréfaskriftir, né heldur innihalda frímerki, hvorki stimpluð né óstimpluð, né nokkurt skjal er vísi til verðs, svo sem happdrættismiða.

1.3.2. **Loftbréf.**

1.3.2.1. Loftbréf, eru flugpóstbréf og má senda þau með flugpósti til allra staða í heiminum ef flugsamgöngur leyfa án þess að greitt sé sérstakt flugpóstgjald.

1.3.2.2. Loftbréf skal vera þunn pappírsörk, sem sé samanbrotin og límd saman með límbornum flípum þannig, að lokuð líti hún út eins og bréf sem er lokað á öllum hliðum. Loftbréf má ekki vera lengra en 220 mm og ekki breiðara en 110 mm og ekki minna en 140 mm á lengd og 90 mm á breidd. Lengdin má ekki vera minni en breiddin margfölduð með $\sqrt{2}$ (sem næst 1,4). Á vinstri helmingi framhliðar skal vera prentuð áletrun með orðunum

„AÉROGRAMME“ — „LOFTBRÉF“, og „FLUGPÓSTUR“ —

PAR AVION“ sem sé eins og flugpóstmiðinn (ebl. 638). Hið álfmda frímerki eða áprentun um greitt burðargjald skal jafngilda burðargjaldi fyrir almennt bréf af 1. þyngdarflokki til annarra landa samkvæmt gjaldskrá hverju sinni. Ekki má líma meira en tvö frímerki á hvert loftbréf. Ekki má láta neitt inn í loftbréf en sé það gert verður það ekki flugflutt. Á loftbréf má ekki líma neina aðra miða en þá sem viðkoma póstpjónustunni.

1.3.2.3. Póststjórnin lætur búa til og selur loftbréf, sem eru með sérstakri áprentun um greitt burðargjald.

Einkaaðilum er ekki heimilt að búa til né selja loftbréf nema þeir hafi áður fengið til þess leyfi hjá póststjórninni. Auk þess að uppfylla öll skilyrði sem að framan eru nefnd verða slík loftbréf að bera sérstaka áletrun: „Viðurkennt af póststjórninni“ í smáu letri neðst í vinstra horni framhliðar. Loftbréf búin til af einkaaðilum á framangreindan hátt skulu ekki bera áletrun um greitt burðargjald heldur skulu þau frímerkjast.

1.3.2.4. Loftbréf sem búin eru til af einkaaðilum á Norðurlöndunum og bera prentaða áletrun um að þau séu viðurkennd af póststjórn viðkomandi lands mega póstleggjast á Íslandi frímerkt með íslensku frímerki. Áprentun um viðurkenningu getur verið á bakhlið slíkra loftbréfa.

1.3.2.5. Loftbréf má senda sem ábyrgðarsendingu, hraðboðasendingu og með þeim má fylgja móttökukvittun.

1.3.3. **Póstkort.**

- 1.3.3.1. Póstkort skulu vera ferhyrnd og búin til úr pappa eða pappír, er sé úr svo haldgóðu efni, að það hamli ekki meðferð póstsins, helst ekki undir 150 grömmum/m². Engir hlutar þeirra mega vera oddhvassir eða upphleyptir.
- 1.3.3.2. Póstkort skulu efst á framhliðinni hafa áletrunina „Póstkort“ og þar fyrir neðan „Carte postale“ á frönsku. Póstkort með myndum, þurfa ekki að bera þessa yfirskrift.
- 1.3.3.3. Póstkort skulu send opin, þ. e. a. s. án umbúða eða umslaga.
- 1.3.3.4. Hægri helmingur framhliðar að minnsta kosti skal geymdur utanáskrift viðtakanda, frímerkingu og upplýsingum eða miðum í þarfir póstpjónustunnar. Sendandi hefur ráð yfir bakhliðinni og vinstri helming framhliðar, þó með þeim skilyrðum, er tekin eru fram í 1.3.3.5. hér á eftir.
- 1.3.3.5. Bannað er að sameina eða festa við póstkort, sýnishorn af vöru eða líka hluti, ljósmyndir, hvers konar úrklippur og blöð til að brjóta saman. Einnig er bannað að prýða þau með vefnaði, útsaumi, glitperlum eða svipuðu efni. Slík kort sem og kort, sem ekki eru rétthyrnd að lögun má aðeins senda í lokuðu umslagi og frímerkt fyrir bréfaburðargjaldi. Þó má festa við þau skrautmyndir, ljósmyndir, alls konar merki, miða og hvers konar úrklippur úr pappír eða öðru mjög þunnu efni, svo og pappírsræmur eða samanbrotin blöð fyrir utanáskrift, með þeim skilyrðum, að hlutir þessir séu þess eðlis, að þeir breyti ekki eðli póstkortsins og séu algerlega áfastir við það. Að undanteknum utanáskriftarræmunum eða miðunum, sem mega ná út yfir alla framhliðina, má ekki líma hluti þessa annars staðar á póstkortið en á bakhliðina eða vinstri helming framhliðar.
- 1.3.3.6. Póstkort, sem ekki uppfylla skilyrði þau, sem sett eru um slíka tegund sendinga, skal farið með sem bréf, að þeim undanteknum þó, sem aðeins eru óregluleg að því leyti, að þau eru frímerkt á bakhlið. Skulu slík póstkort ævinlega talin ófrímerkt og farið með þau samkvæmt því.

1.3.4. **Prent.**

- 1.3.4.1. Senda má sem prentað mál eftirprentanir fengnar á pappír, pappa eða önnur efni, sem venja er að nota við prentið, í mörgum algerlega eins útlitandi eintökum með vélrænni eða ljósmyndunarlegri aðferð og útheimtir notkun myndamóts, prentmóts eða filmu.
- 1.3.4.2. Gegn prentburðargjaldi má senda:
Handskrifað eða vélritað mál, sem fjölfaldað hefur verið vélrænt, t. d. fjölritað, ef skilað er við afgreiðsluborð póststöðvar minnst 20 samhljóða eintökum.
- 1.3.4.3. Prentsendingar skulu utanáskriftarmegin með mjög skýru lettri og eftir því sem unnt er í efra vinstra horni og ef svo ber undir fyrir neðan nafn og póstfang sendanda bera áletrun „Prent“, eða „Imprimé“ ef sendingin á að fara til útlanda.
- 1.3.4.4. Sem prentað mál er ekki hægt að senda:
- Texta fenginn með ritvél, hvernar tegundar sem er.
 - Afrit fengin með kalkeringu, afrit gerð með hendinni eða með ritvél, hvernar tegundar sem er.
 - Eftirprentanir gerðar með stimplum með föstu eða lausu lettri.
 - Áprentaðar pappírsvörur, þegar augljóst er, að hinn prentaði hluti er ekki höfuðatriði sendingarinnar.
 - Filmur, hljóm- og myndaupptökur.
 - Gataðar pappírsræmur og rafreiknisþjöld með götum, strikum eða merkjum, sem gætu verið athugasemdir.

- 1.3.4.5. Heimilt er að setja saman í eina prentsendingu margs konar eftirprentanir gerðar með leyfilegum hætti. Ekki mega þær bera nöfn og heimilisföng mismunandi sendenda eða viðtakenda.
- 1.3.4.6. Kort með áletrun „Póstkort“ eða tilsvarendi á einhverju öðru máli eru tekin til flutnings gegn prentburðargjaldi að því tilskildu, að þau fullnægi almennum skilyrðum um prentsendingar. Þau, sem ekki fullnægja nefndum skilyrðum skal farið með sem póstkort eða bréf, ef svo ber undir, með beitingu ákvæðis í grein 1.3.3.6.
- 1.3.5. **Prent. Leyfðar athugasemdir og viðaukar.**
- 1.3.5.1. Á allar prentsendingar má tilgreina með hvaða hætti sem er:
- Nafn og póstfang sendanda og viðtakanda með eða án tilgreiningar titils, stöðu og firmanafns.
 - Sendidag og -stað sendingarinnar.
 - Raðnúmer eða innritunarnúmer.
- 1.3.5.2. Auk þessara tilgreininga er leyfilegt:
- Að strika út, merkja eða strika undir viss orð eða vissa staði í hinum prentaða texta.
 - Að leiðrétta prentvillur.
- 1.3.5.3. Viðbætur þær og leiðréttingar, sem nefndar eru í 1.3.5.1. og 1.3.5.2., verða að vera í beinu sambandi við efni eftirprentunarinnar, og þær mega ekki vera þess eðlis að þær myndi dulmál.
- 1.3.5.4. Auk þess er leyft að tilgreina eða bæta við:
- Á pöntunar-, áskriftar- eða tilboðslista, er snerta bókaverslunarvörur, bækur, bæklinga, blöð, kopar- og stálstungur og nótnahefti: hinum umbeðnu eða útboðnu verkum og tölu eintaka, verði þeirra, sem og athugasemdum og sundurlíðun á verðinu, greiðsluaðferð, útgáfu, nafni höfunda og útgefanda, svo og númeri úr verðlistanum og orðunum „broché“ (heft), „cartonné“ (pappabundin), „relié“ (innbundin).
 - Á eyðublöð undir útlánsbeiðnir frá bókasöfnum: heitum verkanna, tölu eintaka, sem um er beðið eða send eru, nafni höfunda og útgefanda, númeri í bókaskrá, tölu daga, sem heimiluð er til lesturs, nafn þess, sem óskar að fá bókina.
 - Á myndskreytt kort, prentuð nafnspjöld, prentuð heillaóska- eða samúðar-kort: venjulegum kurteisiskveðjum, með fimm orðum eða fimm algengum skammstöfunum mest.
 - Á prentaða bókmennta- og listaframleiðslu: einfaldri venjulegri tileinkun.
 - Á úrklippur úr blöðum og tímaritum: heiti, dagsetningu, tölublaði og heimilisfangi blaðsins eða tímaritsins, sem greinin er tekin úr.
 - Á prófarkir: breytingum og viðbótum, sem snerta prófarkalesturinn, brotið eða prentunina, og enn fremur athugasemdum, svo sem: „Má prenta“, „Séð, má prenta“ eða öðrum líkum, er lúta að tilbúningi verksins. Vanti pláss, má setja viðbætur á sérstök blöð.
 - Á tilkynningar um bústaðaskipti: hið gamla og hið nýja heimilisfang og dagsetningu, þegar breytingin verður.
- 1.3.5.5. Enn fremur er leyfilegt að láta fylgja:
- Öllu prenti: spjald, umslag eða pappírsmu með prentaðri utanáskrift sendanda sendingarinnar eða umboðsmanns hans í landi því, sem fyrri sendingin var póstlögð í; þetta má frímerkja til endursendingar með frímerkjum ákvörðunarlands fyrri sendingarinnar.

- b) Prentaðri bókmennta- og listaframleiðslu: opinn vörureikning, er snertir sjálfan hlutinn, sem stendur er, svo og afrit af reikningnum og innborgunareyðublað, eða póstháttarreyðublað og er heimilt, að tilgreina á hvaða hátt sem er upphæðina, sem greiða á og póstháttarreyðublað eða póstháttarreyðublað ávísunarinnar.
- c) Tískublöðum: útklippt snið, er mynda eina heild með blaðinu, sem þau eru send með samkvæmt upplýsingum, sem í því eru.

1.3.6. **Blindraprent.**

1.3.6.1. Sem blindraprent má senda bréf með blindralettri, sem látin eru opin í póst, og myndamót með blindraletursmerkjum. Sama gildir og um hljómupptökur og sérstakan pappír eingöngu ætlaðan blindu fólki, enda séu þær sendingar annaðhvort sendar frá eða til opinberlega viðurkenndrar stofnunar fyrir blinda.

1.3.7. **Smápakkar.**

1.3.7.1. Smápakkar skulu utanáskriftarmegin með mjög greinilegu lettri og eftir því sem hægt er í efra vinstra horni og ef svo ber undir fyrir neðan nafn og póstháttar sendanda, sem er skylt að tilgreina utan á sendingunni, bera áletrunina „Smápakki“, „Petit paquet“ eða tilsvareandi áletrun á máli, sem skilst í ákvörðunarlandinu.

1.3.7.2. Leyfilegt er að láta í þá opna vöruskrá, er aðeins innihaldi nauðsynlegustu atriði og tilgreina utan á eða innan á sendingunum, í síðarnefnda tilvikinu á hlutum sjálfum eða á sérstöku blaði, utanáskrift viðtakanda og sendanda ásamt áletrunum, sem notaðar eru í viðskiptum, verksmiðjumerkjum eða kaupmanns, tilvísun í bréfaskriftir milli sendanda og viðtakanda, stuttorða athugasemdir varðandi framleiðanda og seljanda vörunnar eða um aðila þann, sem hún er til, og rað- eða innritunarnúmer, verð og allar aðrar athugasemdir, sem snerta verðmyndunina, tilgreiningar á þyngd, máli, stærð, fánlegt magn og þær sem nauðsynlegar eru til þess að ákvarða eðli vörunnar og hvaðan hún kemur.

1.3.7.3. Einnig er heimilt að láta með hvert annað skjal, sem ekki sé í eðli sínu persónulegar bréfaskriftir, svo framarlega sem það er ekki áritað til annars viðtakanda en viðtakanda þakans og sé ekki frá öðrum sendanda en sendanda þakans. Sama gildir um hljómplötur, bönd, þræði með eða án hljóm- eða myndupptöku, rafreiknisþjöld, segulbönd eða aðra svipaða hluti, sem og radíóáhugamannakort.

1.3.7.4. Smápakkar, sem eiga að fara til útlanda skulu í öllum tilfellum bera grænan límborinn miða (ebl. C1) á framhlið sendingarinnar. Límmiðinn (C1) er festur utanáskriftarmegin í efra vinstra horn eftir því sem unnt er og fyrir neðan utanáskrift sendanda, ef svo ber undir. Nota má umslög eða umbúðir með áprentaðri eftirlíkingu miðans á þeim stað, sem ætlaður er miðanum C1 og skal litur og stærð vera eins og miðinn. Ef verðmæti það, sem sendandi tilgreinir er meira en 918,30 gullfrankar (300 SDR) eða sendandinn vill það heldur, eru sérstakar tollskýrslur (ebl. C2/CP3) einnig látnar fylgja í tilskildum fjölda. Er þá aðeins efri hluti miðans C1 límdur á sendinguna.

1.3.8. **Fjöldasendingar með utanáskrift.**

1.3.8.1. Heimilt er að gefa afslátt af venjulegu burðargjaldi bréfaþóstsendinga, sem bera á út innanlands, ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- a) Sendingarnar séu allar eins í lögun, allar jafnþungar og ekki stærri en 229 × 324 × 10 millimetrar.

- b) Sendingarnar þurfi ekki að bera út þegar í stað, heldur megi gera það á allt að 10 næstu dögum eftir póstlagningu, eftir því sem henta kann hverju sinni.
- c) Sendingarnar séu póstlagðar allar í einu við afgreiðsluborð póststöðvar, flokkaðar og búntaðar eftir póstnúmerum og götum.

1.3.8.2. Afsláttur fyrir fjöldasendingar með utanáskrift má mestur vera sem hér segir:

1001 – 5000 sendingar í einu	20% afsláttur
5001 –10000 sendingar í einu	30% afsláttur
10001–20000 sendingar í einu	35% afsláttur
20001–30000 sendingar í einu	40% afsláttur
30001– sendingar og fleiri í einu	45% afsláttur

1.3.8.3. Þeir sem fá afslátt skv. 1.3.8.2. skulu láta prenta sérstaka áletrun í efra hægra horn utanáskriftarmegin um, að burðargjald sé greitt, ásamt sérstöku leyfisnúmeri og nafni viðtökupóststöðvar þar fyrir neðan. Áletrun þessi skal vera eins og eftirfarandi mynd sýnir:



(Helti viðtökupóststöðvar)

Leyfi nr.

1.3.8.4. Þeir sem óska eftir að fá afslátt skv. þessum reglum, skulu sækja um það til hlutaðeigandi viðtökupóststöðvar. Leyfi skv. 1.3.8.3. og 4 gildir aðeins í eitt skipti, nema sérstaklega sé um annað samið.

1.3.9. Fjöldasendingar án utanáskriftar.

1.3.9.1. Heimilt er að gefa afslátt af venjulegu burðargjaldi bréfaþóstsendinga, sem bera á út án utanáskriftar innanlands. Sendingar þessar lúta sömu skilyrðum og greint er frá í 1.3.8.1. a, b og c nema hvað sendendur skulu flokka þær og búnta í þeim fjölda sem nægilegur er til dreifingar eftir nánari fyrirmælum.

1.3.9.2. Afsláttur fyrir fjöldasendingar án utanáskriftar má mestur vera sem hér segir:

Fyrir sendingu að þyngd

allt að 10 grömm	75% afsláttur
allt að 20 grömm	65% afsláttur
allt að 50 grömm	60% afsláttur
allt að 100 grömm	55% afsláttur
allt að 250 grömm	50% afsláttur

1.3.9.3. Sendingar þær, sem greint er frá 1.3.8. og 1.3.9. þarf hvorki að frímerkja né dagstimpla, en burðargjaldið staðgreiðist gegn kvittun. Á kvittuninni skal sundurliða sendingarfjölda og burðargjald.

1.3.9.4. Lágmarksfjöldi fjöldasendinga án utanáskriftar sem póstleggja má í hvert sinn er 100.

1.3.9.5. Kvittun fyrir burðargjaldi fjöldasendinga skal vera úr sérstakri frumbók, Reikningur fyrir ófrímerktar póstsendingar (ebl. 574). Er kvittunin í þríriti, frumritið fær sendandi, eitt eintak fylgir mánaðarreikningi og eitt eintak verður eftir í bókinni.

1.3.10. **Blöð og tímarit. Almenn skilyrði.**

- 1.3.10.1. Til þess að njóta sérstakra kjara um burðargjald, umfram það, sem gildir um almennar prentsendingar, verða blöð og tímarit að uppfylla eftirfarandi skilyrði:
- Vera gefin út á Íslandi.
 - Vera til sölu og áskriftar á almennum markaði.
 - Koma út nokkurn veginn reglulega og eigi sjaldnar en einu sinni á ári.
 - Vera prentuð í a. m. k. 1000 eintökum hverju sinni.
 - Hvert eintak vegi eigi meira en 500 grömm.
 - Efni blaðsins eða tímaritsins sé almennt, fjölbreytilegt lesefni, eins og tíðkast í blöðum og tímaritum, þ. e. fréttir, greinar, ljóð, ritgerðir, sögur o. s. frv., en ekki t. d. ein saga, ein grein o. s. frv.
 - Auglýsingar taki eigi meira en helming af rúmi blaðsins eða tímaritsins.
 - Á fyrstu síðu sé prentað áberandi og stóru letri, heiti blaðsins eða tímaritsins, árgangur og tölublað.
 - Í blaðinu eða tímaritinu sé birt nafn og heimili útgefanda, ábyrgðarmanns og ritstjóra, svo og hvar það sé prentað.
- 1.3.10.2. Ekkert fylgiblað, sem eigi er beinlínis tilheyrandi blaðinu eða tímaritinu, t.d. sérprentaðar auglýsingar má senda með blaðinu eða tímaritinu, jafnvel þótt á sé prentað eða stimplað nafn þess nema greitt sé undir það sérstaklega. Þó er heimilt að láta fylgja prentaða svarsendingu áritaða til útgefanda. Slíkar svarsendingar skulu uppfylla sömu skilyrði og póstkort að því er varðar stærð, stinnleika og lögun, sbr. einnig 5.1.4.
- 1.3.10.3. Rit, gefin út í þeim tilgangi eingöngu að auglýsa eða kynna sérstakar vörur, þjónustu eða viðskiptafyrirtæki, svo sem verðlistar, skrár, kynningarrit o. s. frv. varðandi vörur og þjónustu eins eða fleiri fyrirtækja verða ekki send sem blöð og tímarit.
- 1.3.10.4. Blaða- og tímaritssendingar til umboðsmanna mega veða allt að 20 kg.
- 1.3.10.5. Alþingistíðindi, Lögbirtingablað og Stjórnartíðindi má taka til póstflutnings skv. þessum reglum þótt þau fullnægi ekki að öllu leyti ákvæðum þeirra.

1.3.11. **Blöð og tímarit. Innritun.**

- 1.3.11.1. Blað eða tímarit, sem óskast flutt í pósti gegn hinum sérstöku kjörum um burðargjald, skal innritað hjá póststjórninni. Útgefandi skal um það rita umsókn á sérstöku eyðublaði, þar sem tilgreint skal eftirfarandi:
- Nafn blaðsins eða tímaritisins.
 - Nafn og heimili útgefanda.
 - Nafn og heimili ábyrgðarmanns.
 - Útgáfustaður.
 - Upplag blaðsins eða tímaritsins.
 - Póststöð, þar sem blaðið eða tímaritið óskast póstlagt.
 - Útgáfutíðni blaðsins eða tímaritsins.
 - Áskriftargjald.
 - Lausasöluverð.
 - Þyngd hvers eintaks.
 - Upplýsingar um það hvort blaðið eða tímaritið óskast flutt:
 - beint til áskrifenda eða,
 - til umboðsmanna, og hve mörg eintök til hvors.
- Sýnishorn af blaðinu eða tímaritinu skal fylgja með.
- 1.3.11.2. Innritunargjald skv. gjaldskrá fyrir pósthjónustu skal greiða á viðkomandi póststöð.

- 1.3.12. **Blöð og tímarit. Flutningur og dreifing.**
- 1.3.12.1. Blöð og tímarit, sem koma út oftar en einu sinni í viku eru ekki borin út á útgáfustað.
- 1.3.12.2. Blöð og tímarit, sem koma út oftar en tvisvar í viku skulu flutt á sama hátt og bréfaþóstur, þ. e. eftir fljótustu leið. Önnur blöð og tímarit skulu flutt þannig að kostnaður við flutninginn verði í hófi.
- 1.3.13. **Blöð og tímarit. Burðargjöld.**
- 1.3.13.1. Burðargjöld fyrir blöð og tímarit eru ákveðin í gjaldskrá fyrir pósthjónustu. Heimilt er að veita helmingsafslátt af burðargjaldi fyrir dagblöð, fréttablöð í landshlutum, blöð, sem landssamtök stéttarféлага gefa út og blöð, sem fjalla almennt um stjórnmál, en fjórðungsaflátt fyrir tímarit og blöð, sem fjalla sérstaklega um bókmenntir og listir eða trúmál.
- 1.3.14. **Blöð og tímarit. Viðtaka. Umbúnaður.**
- 1.3.14.1. Blöðum og tímaritum skal skilað á pósthöð röðuðum eftir pósthjónuðum, götum í þéttbýli og sveitabæjum eftir nánari ákvörðun.
- 1.3.14.2. Burðargjald skal staðgreitt. Sendandi fær kvittun úr pósthjónuðarbók fyrir blöð og tímarit. Sendingarnar eru ekki frímerktar og ekki dagstimplaðar.
- 1.3.14.3. Blað eða tímarit skal einvörðungu látið í pósthjónuð, sem tilgreind var í umsókninni. Vilji útgefandi skipta um viðtökupósthjónuð, skal hann sækja um það sérstaklega.
- 1.3.14.4. Blaða og tímaritssendingar skulu útbúnar eftir sömu reglum og gilda um umbúdir prentsendinga. Á umbúdir skal prenta eða stimpla nafn blaðsins eða tímaritsins, ásamt áletruninni, „Innritað til pósthjónuðs“.
- 1.3.14.5. Með sérstöku samkomulagi má senda blöð og tímarit án utanáskriftar, ýmist til áskrifenda, skv. sérstakri áskrifendaskrá eða á hvert heimili á tilteknu svæði til kynningar.
- 1.3.15. **Ábyrgðarsendingar.**
- 1.3.15.1. Sendandi bréfaþóstsendingar getur gegn sérstöku gjaldi, auk hins almenna burðargjalds, fengið tekna ábyrgð á sendingunni. Ábyrgðin takmarkast við ákveðna upphæð, skv. gjaldskrá hverju sinni. Ábyrgðarsendingar skulu bera áritunina „Ábyrgð“ eða „Recommandé“ á vinstri hlið utanáskriftarmegin.
- 1.3.15.2. Að því undanteknu, sem hér fer á eftir, er ekki krafist neinna sérstakra skilyrða um lögun, lokun eða utanáskrift ábyrgðarsendinga.
- 1.3.15.3. Sendingar, sem skrifað er utan á með blýanti, eða með fangamarki sem utanáskrift, verða ekki teknar sem ábyrgðarsendingar. Þó má utanáskrift annarra sendinga en þeirra, sem sendar eru í umslagi með gagnsærri rúðu, vera með blekblýanti.
- 1.3.15.4. Ábyrgðarsendingar skulu búnar miða, (ebl. C 4), sem festa verður tryggilega við sendinguna.
- 1.3.15.5. Miðann sem og áletrunina „Ábyrgð“ eða „Recommandé“ skal setja utanáskriftarmegin, eftir því sem unnt er í efra vinstra horn, fyrir neðan nafn og pósthjónuð sendanda, ef svo ber undir eða, ef um er að ræða sendingar í spjaldformi, fyrir ofan utanáskriftina á þann hátt, að hún verði ekki ógreinileg.
- 1.3.15.6. Með sérstöku leyfi má nota fyrir ábyrgðarsendingar umslög, með forprentaðri eftirmynd miðans á stað þeim, sem ætlaður er honum og má hún ekki vera minni en miðinn C 4. Raðnúmerið má tilgreina þar á hvaða hátt sem vill, svo fremi það

sé gert á hreinan, skýran og óafmáanlegan hátt. Einnig má prenta eftirmynd miðans C 4 á utanáskriftarmerkimiða eða beint á innihald sendinga, sem sendar eru í umslagi með gagnsærri rúðu, enda sé eftirmynd þessari undir öllum kringumstæðum fundinn staður yst til vinstri í glugganum.

- 1.3.15.7. Skylda er að kaupa ábyrgð á bréf, sem hafa að innihaldi peninga, handhafa-skuldabréf eða aðrar skuldajátningar, sem eru nýtar handhafa, eða yfirleitt hvers konar skjöl, er vísa til verðs, ferðatékka, platínu, gull eða silfur, unnið eða óunnið, dýra steina og skartgripí. Einnig er skylda að kaupa ábyrgð á sendingar með líffræðileg auðskemmd, smitandi efni og sendingar með geislavirk efni að innihaldi. Ekki mega aðrar bréfastöðsendingar en bréf innihalda þessa hluti.
- 1.3.15.8. Límbönd, sem kunna að vera notuð til lokunar ábyrgðarsendinga skulu bera nafn, einkenni, stimpil eða undirskrift sendanda. Sé ábyrgðarsendingu lokað með límbandi án einstaklingsbundins merkis má viðtökupóststöð gera ráð fyrir merki eða ástimplun dagstimpils, er sett sé bæði á límbandið og umbúðir.
- 1.3.15.9. Sendandi ábyrgðarsendingar á rétt á að fá ókeypis kvittun, viðtökukvittun (ebl. 540), fyrir viðtöku hennar í póst. Heimilt er að láta sendanda útfylla hana.
- 1.3.15.10. Beri ábyrgðarsending merki þess að hafa verið opnuð og síðan lokað á ný, áður en hún er látin í póst, verður sendandi eða sendimaður hans að staðfesta þetta með undirskrift sinni.
- 1.3.16. **Verðbréf.**
- 1.3.16.1. Verðbréf nefnast svo, af því að tilgreina skal verðmæti innihaldsins utan á sendingunni. Auk almenna burðargjaldsins og sérstaks skrásetningargjalds, skal greiða fyrir slíkar sendingar sérstakt tryggingargjald, í hlutfalli við hið tilgreinda verð. Innanlands eru engin takmörk fyrir upphæð hins tilgreinda verðs, en fyrir sendingar til útlanda gilda mismunandi takmörk, sem pósthöfðvarnar veita upplýsingar um.
- 1.3.16.2. Til þess að bréf með tilgreindu verði séu tekin til flutnings, verða þau að hlíta þessum skilyrðum:
- a) Þeim skal vera lokað annað hvort með nákvæmlega eins lakkinnsiglum, með blýinnsiglum eða með öðrum tryggum hætti, með áprentun eða sérstöku eins útlítandi merki sendanda.
 - b) Umslög eða umbúðirnar skulu vera sterk og efni þannig, að lakkinnsiglin loði eða festist algerlega við þau eftir því sem við á; umslög skulu gerð úr einum og sama hlut; bannað er að nota algerlega gagnsæ umslög eða með gagnsærri rúðu.
 - c) Þau skulu vera þannig útbúin, að ekki verði farið í innihaldið, án þess að glögg merki um skemmdir sjáist á umslaginu, á umbúðunum eða innsiglunum.
 - d) Innsiglin, frímerkin fyrir burðargjaldinu, og miðar er snerta pósthjónustuna og aðra opinbera þjónustu, skulu sett á með bili á milli, svo að þau verði ekki höfð til að hylja skemmdir á umslaginu eða umbúðunum; ekki má heldur beygja frímerkin eða miðana yfir hliðar umslagsins eða umbúðanna, þannig að þau hylji jaðarinn. Bannað er að líma á bréf með tilgreindu verði aðra miða en þá, sem koma pósthjónustunni við eða opinberri þjónustu, sem kynni að þurfa að hafa afskipti af sendingunni vegna ákvæða innanlandslög-gjafar upprunalds.
 - e) Ef um þær er bundið með snæri og lakkað eins og segir í staflíð a., þarf ekki að lakka snærið sjálft.

- 1.3.16.3. Bréf með tilgreindu verði, sem að ytra útliti eru eins og öskjur, skulu hlíta þessum viðbótarskilyrðum:
- Vera úr tré, málmí eða plastefni og nægilega sterkar.
 - Hliðar í tréöskjum skulu vera minnst 8 millimetra þykkar.
 - Hliðarnar, sem vita upp og niður, skulu klæddar hvítum pappír undir utanáskrift til viðtakanda, tilgreiningu á verðinu og þjónustustimpla: öskjur þessar skulu innsiglaðar á hinum fjórum hliðarflötum eins og segir í 1.3.16.2. staflið a); ef nauðsyn krefur til þess að tryggja að ekki verði farið í þær skal utan um öskjurnar krossbundið sterku seglgarni, óhnýttu og skal yfir báða endana setja lakkinnsigli með sérstöku merki sendanda.
- 1.3.16.4. Auk þess gilda eftirfarandi ákvæði:
- Frímerkingu má sýna með áletrun, er gefi til kynna að burðargjald hafi verið greitt t. d. „PP Burðargjald greitt“ eða „Taxe perçue“; áletrun þessi skal sett í efra hægra horn sendingarinnar utanáskriftarmegin og vera staðfest með dagstimpli upprunapóststöðvar.
 - Sendingar, sem skrifað er utan á með fangamarki eingöngu, eða með blýanti, svo og þær, er hafa eitthvað útpurkað eða yfirstrikað í utanáskriftinni, verða ekki teknar til flutnings; hafi slíkar sendingar ranglega verið teknar til flutnings, er skylt að endursenda þær til upprunapóststöðvar.
- 1.3.16.5. Ekki er leyfilegt að tilgreina herra verð á sendingu en sem svarar til hins raunverulega innihalds. Leiki grunur á, að hið tilgreinda verð sé herra en vera ber eftir innihaldi, má krefjast þess, að sendandi opni sendinguna. Sé því neitað, má ekki taka við sendingunni til flutnings. Komi í ljós, að innihaldið sé mun minna virði en tilgreint var, má því aðeins taka hana til flutnings, að hið tilgreinda verð sé fært til samræmis. Þegar sending er gerð afturreka af þessum ástæðum, á sendandi rétt á að fá ókeypis skriflega yfirlýsingu póstmanns um, hvers vegna henni hafi verið neitað.
- 1.3.16.6. Verðupphæð skal tilgreina í íslenskum krónum, efst utanáskriftarmegin. Krónutalan skal tilfærð bæði í tölum og bókstöfum og aurar sem brot úr 100. Verðupphæð má hvorki breyta né strika út, nema hún sé alveg strikuð út og skrifuð að nýju staðfest með undirskrift sendanda. Ef í verðbréfi er bæði útlend mynt og innlend, skal útlenda myntin talin til verðs eftir lögskráðu bankagengi. Útlenda mynt, sem ekki er lögskráð, er ekki hægt að senda með tilgreindu verði. Eigi verðbréf að fara til útlanda, skal póstmaður breyta hinni tilgreindu upphæð í SDR eða gullfranka eftir atvikum og eftir gildandi gengi hverju sinni og rita þá tölu í tölustöfum.
- 1.3.16.7. Jafnskjótt og upprunapóststöð hefur viðurkennt verðbréf hæft til viðtöku, fer það að sem hér segir:
- Það límir á það ljósrauðan miða (ebl. VD 2) og áprentaðan með latnesku lettri, stafnum „V“, heiti upprunapóststöðvar og raðnúmeri sendingarinnar. Á sendinguna ritar það nákvæmlega þyngd hennar í grömmum. Miðinn VD 2 og þyngdareiningin er látið utanáskriftarmegin og eftir því sem auðið er í efra vinstra horn og fyrir neðan nafn og póstfang sendanda, ef svo ber undir.
 - Það setur utanáskriftarmegin stimpil, er gefi til kynna viðtökupóststöð og viðtökudag.

1.3.17. Hraðboðasendingar.

- 1.3.17.1. Þar sem daglegum útburði bréfapóstsendinga hefur verið komið á, fást sendingar eða tilkynningar um komu þeirrar bornar út til viðtakanda þegar í stað eftir komu þeirra á ákvörðunarpóststöð. Fyrir slíkan útburð með hraðboða greiðir sendandi sérstakt gjald, hraðboðagjald, auk venjulegs burðargjalds. Innrituð blöð og tímarit og fjöldasendingar fást þó ekki bornar út með hraðboða.
- 1.3.17.2. Á hraðboðasendingu skal líma rauðan miða með áletruninni „Hraðboðasendingi“ eða „Exprès“ vinstra megin við nafn ákvörðunarstaðar. Þegar um er að ræða böggul, skal líma miðann bæði á böggul og fylgibréf.

1.4. **PÓSTBÖGGLAR.**

1.4.1. **Þyngd, stærð og innihald böggla.**

1.4.1.1. Sendingar þær, sem fara að einhverju leyti yfir takmörk þau, sem sett eru um stærð og þyngd bréfastöpsendinga, teljast bögglaþöpsendingar. Þyngd þeirra, og stærð skal vera í samræmi við það, sem á hverjum tíma er tilgreint í gjaldskrá fyrir þöpsþjónustu.

1.4.1.2. Böggla, sem eru þyngri eða stærri en leyfilegt er eða þannig í laginu, að þeir samlagist ekki öðrum bögglum í flutningi (komast ekki í poka), nefnast „rúmfreikir böggla“. Fyrir þá skal taka 50% viðbótarburðargjald. Sama viðbótarburðargjald verður að greiða fyrir brothætta böggla og böggla, sem fara verður sérstaklega varlega með.

1.4.1.3. Í böggla má ekki láta lokað bréf eða innsiglið, né neina aðra sendingu með áritun til annars en viðtakanda sjálfs. Leiki grunur á, að í bögglinum sé lokað bréf eða orðsending í lokaðu umslagi til annars en viðtakanda, skal skorad á sendanda eða viðtakanda að opna böggulinn til rannsóknar. Leiði rannsókn í ljós, að slíkar sendingar séu í bögglinum, skal borga undir þær sérstaklega eftir burðargjaldi því, sem um þær gilda. Fari rannsókn fram við viðtöku, skal burðargjaldið greitt einfalt, en fari hún fram við afhendingu, ber að greiða hið vangreidda gjald samkvæmt ákvæðum í grein 5.1.3.2. og 5.1.3.3. Neiti viðtakandi að greiða burðargjaldið, skal fara með sendingarnar sem óskilasendingar.

1.4.2. **Utanáskrift sendanda og viðtakanda.**

1.4.2.1. Til þess að verða tekinn í þöps, verður sérhver böggull að bera greinilega og nákvæma utanáskrift viðtakanda og sendanda með latneskum bókstöfum og arabískum tölum á bögglinum sjálfum eða vandlega viðfestum merkimiða. Ef aðrir bókstafir eða tölustafir eru notaðir í ákvörðunarlandinu, er æskilegt að rita utanáskriftina einnig í þeim tölustöfum og bókstöfum. Utanáskriftir skrifaðar með blýanti eru ekki leyfðar; þó skal taka við bögglum, ef utanáskriftin er gerð með blekblýanti á grunn, sem hefur verið gerður rakur áður.

1.4.2.2. Ekki má tilgreina nema einn einstakling eða fyrirtæki, sem viðtakanda. Þó má leyfa áritanir svo sem „Hr. A. fyrir hr. Z. ...“ eða „Banki A. ... fyrir hr. Z. ...“, enda þá gengið út frá því að aðeins A. sé viðtakandi. Enn fremur verða heimilisföng A. og Z. að vera í sama landi.

1.4.2.3. Viðtökupöpsstöðin skal ennfremur ráða sendanda til að láta inn í böggulinn afrit af utanáskrift sinni svo og utanáskrift viðtakanda.

1.4.3. **Umbúðir. Almenn ákvæði.**

1.4.3.1. Sérhver böggull skal vera umbúinn og lokaður þannig að svari til þyngdar hans, lögunar og eðlis innihaldsins svo og til flutningsaðferðar og leiðarlengdar. Umbúðir og lokun eiga að vernda innihaldið, svo að það geti ekki skemmst, hvorki við þrýsting né handfjatlanir á leiðinni. Þær skulu einnig vera svo úr garði gerðar, að ómögulegt sé að fara í innihaldið án þess að glögg merki sjáist um verknadinn.

1.4.3.2. Sérhver böggull skal vera sérstaklega sterklega útbúinn, ef hann á að:

a) Flytjast langa leið.

b) Sæta mörgum umskipunum og mikilli handfjötun.

c) Vera varinn fyrir miklum breytingum á loftslagi og hitastigi, eða ef um flugflutning er að ræða, fyrir breytingu á loftþrýstingi.

1.4.3.3. Hann skal vera þannig umbúinn og lokaður, að hann geti ekki ógnað heilsu póstmanna né heldur, ef innihald hans er þess eðlis, geti skaðað póstmennina, sem þurfa að handleika hann, svo og, að hann geti hvorki óhreinkað né skemmt aðra böggla, né heldur búnað póstpjónustunnar.

1.4.3.4. Hann skal hafa á umbúðunum eða umslaginu nægilegt rúm til áritunar þjónustuupplýsinga svo og fyrir stimpla og merkimiða.

1.4.3.5. Án umbúða má taka við:

- a) Hlutum, sem láta má hvern innan í annan eða hluti, sem halda má saman með sterku bandi, með plombum eða lakki fyrir, þannig að úr verði einn böggull, sem getur ekki dottið í sundur.
- b) Bögglum, sem eru úr einu heilu efni, svo sem tré- eða málmstykki o. s. frv., sem ekki er verslunarvenja að setja í umbúðir.


1.4.4. Umbúðir. Sérstök ákvæði.

1.4.4.1. Sérhver böggull, sem hefur að innihaldi einhverja neðangreinda hluti, skal umbúinn eins og hér segir:

- a) Dýrir málmar: Umbúðirnar skulu vera öskjur úr sterkum málmum eða viðarkassi að minnsta kosti 1 sentimetri á þykkt séu böggglarnir allt að 10 kílógrömm að þyngd og 1½ sentimetri á þykkt séu böggglarnir yfir 10 kílógrömm að þyngd eða þá tveir pokar án sauma sem mynda tvöfaldar umbúðir. Séu notaðir kassar úr krossviði, þarf þykktin ekki að vera nema 5 millimetrar, enda séu þá kassahornin styrkt með spöngum.
- b) Hlutir úr gleri eða aðrir brothættir hlutir: um þá skal búið í öskju úr málmum, viði, stinnu plasti, eða sterkum pappa, fyllt með pappír, hálmum eða einhverju öðru heppilegu varnarefni, sem komi í veg fyrir allan núning eða högg meðan á flutningi stendur annaðhvort milli sjálfra hlutanna eða milli þeirra og hliðanna í öskjunni.
- c) Lagarkenndar vörur og efni, sem auðveldlega verða lagarkennd: þau skulu lokað í ílátum algjörlega þéttum. Hvert ílát um sig skal látið í sérstaka öskju úr málmum, viði, stinnu plasti eða vönduðum bylgjupappa og fyllt með sagi, baðmull eða einhverju öðru heppilegu varnarefni, nægjanlega miklu til þess að drekka í sig vökvann, ef ílátið brotnar. Lokið á öskjunni skal fest þannig, að það geti ekki auðveldlega losnað.
- d) Fituefni, sem ekki er hætt við að verði lagarkennd svo sem: húdábúður, blautsápa, trjákvöða o. s. frv. sem og silkiormaeegg, þar sem flutningur þeirra er minni erfiðleikum bundinn: þeir skulu lokaðir í innri umbúðum (öskju, léreftspoka, plasti o. s. frv.) sem því næst skulu látin í öskju úr málmum, viði eða einhverju öðru efni, nægilega haldgóðu til þess að koma í veg fyrir að innihaldið leki úr.
- e) Purrduft, sem lita, svo og anílínblátt o. s. frv.: þessir hlutir eru ekki leyfðir nema í öskjum, algjörlega þéttum, sem því næst skulu látin í öskju úr viði, haldgóðu plasti eða vönduðum bylgjupappa með sagi eða öðru heppilegu efni til varnar, sem drekkur í sig, milli hinna tveggja umbúða:
- f) Purrduft, sem lita ekki: slík efni skulu látin í ílát (öskju, poka) úr málmum, viði, haldgóðu plasti eða pappa; þessi ílát skulu sjálf látin í öskju úr einhverju áður nefndra efna.
- g) Lifandi dýr: Á umbúðir böggulsins og fylgibréf skal límdur merkimiði með mjög greinilegri áritun: „Animaux vivants (lifandi dýr).

- h) Geislavirk efni: Bökkjar með geislavirk efni að innihaldi skulu af sendanda útbúnir með greinilegri og varanlegri áletrun „Matières radioactives. Quantités admises au transport par la poste“ (Geislavirk efni. Magn leyft til flutnings í pósti). Áletrunin er yfirstrikuð í embættisnafni, ef um endursendingu umbúða til upprunastaðar er að ræða. Auk þess skulu þær, auk nafns og utanáskriftar sendanda og viðtakanda bera greinilega áletrun um endursendingu þeirra verði þeim ekki komið til skila. Sendandi skal á innri umbúðum tilgreina nafn sitt og utanáskrift og innihald böggulsins.
- i) Áríðandi lyf: böggjar með áríðandi lyf að innihaldi skulu sömu megin og utanáskrift viðtakanda er útbúnir með ljósgrænum merkimiða með eftirfarandi áletrun og tákni:

Tákn og letur svart.



- 1.4.4.2. Bökkjum, sem hafa að innihaldi hluti, sem nefndir eru í 1.4.4.1. staflíð h) er ekki veitt viðtaka nema umræddir hlutir séu leyfðir til flutnings af öllum póststjórnunum, sem taka þátt í flutningi böggulsins.
- 1.4.4.3. Áfengissendingar frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (aðalverslun og útibúum) skulu, sem undantekning frá 1.4.4.1. c teknar til flutnings í þeim umbúðum, sem verslunin leggur til, greinilega merktar „Brothætt. Varlega“.
- 1.4.4.4. Fjárskot má senda í böggjapósti innanlands þar sem flutningurinn fer eingöngu fram með bifreiðum eða skipum og þá með þeim umbúnaði sem hér segir: Fyrst skal vafið utan um þau 2 mm þykkum pappa, svo þétt, að skothylkin geti ekki runnið til. Þar utanum skal vafið 2 sm þykku lagi af víðarull eða öðru samskonar efni. Þá skal aftur koma þykkt pappalag svo þétt vafið, að innihaldið hristist ekki eða skrölti laust, en yst skulu notaðar sterkar umbúðir úr haldgöðu efni. Á bögglinum skal vera greinileg áritun „Fjárskot. Varlega“.

1.4.5. Umbúðir. Verðböggjar.

- 1.4.5.1. Sérhver böggull með tilgreindu verði er háður neðangreindum sérstökum reglum, að því er tekur til umbúnaðar:
- a) Hann á að vera innsiglaður með einu eða fleiri eins gerðum lakkinnsiglum, blýinnsiglum eða á annan tryggilegan hátt, með sérstakri áprentun eða merki sendanda; á einum og sama böggli má aðeins nota samskonar áprentun eða eitt samskonar merki; sé um böggul lokaðan með snæri að ræða, má loka honum með einu blýinnsigli eða lakkinnsigli, er sé komið þannig fyrir, að hvorki sé unnt að leysa seglgarnið né nema brott án þess að ummerki um spjöllin sjáist.
- b) Lakkinnsigli eða önnur innsigli, svo og alls konar merkimiðar og frímerkin, ef svo ber undir, sem límd eru á böggjana, skulu sett á með millibili innbyrðis, til þess, að ekki sé hægt að nota þau til þess að hylja skemmdir á umbúðunum. Merkimiðarnir og frímerkin mega heldur ekki límast yfir tvær

- hliðar á bögglinum þannig að þau þeki brún hans. Miða með utanáskrift má líma á umbúðirnar sjálfar, svo fremi hið tilgreinda verð fari ekki fram úr 1000 gullfrónkum (326,69 SDR) og stærð miðans sé ekki meiri en 15x10,7 sm.
- c) Hann skal ásamt fylgibréfi sínu bera ljósrauðan miða, (ebl. CP7) með áletrudum bókstafnum „V“, nafni upprunapóststöðvar, og raðnúmeri böggulsins. Merkimiðinn skal límdur á böggulinn utanáskriftarmegin og í námunda við hana. Heimilt er þó að útbúa böggla með tilgreindu verði og fylgibréf þeirra með merkimiðanum CP 8, og með litlum, ljósrauðum merkimiða, sem á standi með feitu letri orðin „Valeur déclarée“.
 - d) Verðupphæðin skal tilgreind í íslenskri mynt og skrifuð af sendanda á böggulinn og fylgibréfið með latnesku letri, í bókstöfum og arabískum tölum, án úþurrkunar eða yfstríkurunar, jafnvel þó að staðfest sé. Upphæð hins tilgreinda verðs má ekki rita með blýanti eða blekblýanti.
 - e) Upphæð hins tilgreinda verðs skal breytt í gullfranka eða SDR af sendanda eða upprunapóststöð. Skal breytingin, hækkuð upp í heilan gullfranka ef með þarf, skrifuð í tölum við hliðina á eða undir þeim tölum, er sýna upphæð hins tilgreinda verðs í íslenskri mynt. Upphæðin í gullfrónkum eða SDR skal vera undirstrikuð með feitu striki með litblýanti.
 - f) Upprunapóststöðinni ber að tilgreina þyngdina nákvæmlega í kílógrömmum og grammatugum á bögglinum við hlið utanáskriftarinnar og á fylgibréfinu á þar til ætlaðan stað, þannig að brot úr grammatug sé hækkað upp í næsta tug.
 - g) Milliliggjandi pósthöndvar mega ekki setja neitt númer á framhlið böggla með tilgreindu verði.

1.4.6. **Aðrar tegundir böggla.**

- 1.4.6.1. Flugbögglar. Sérhver flugböggull til útlanda og fylgibréf honum tilheyrandi, skulu við brottför, bera sérstakan merkimiða, bláan að lit með orðunum „Flugpóstur“, „Par avion“ (ebl. 638).
- 1.4.6.2. Hraðboðabögglar. Sérhver hraðboðaböggull og fylgibréf hans skulu útbúin með dimmrauðum merkimiða, er sé áprentað með áberandi letri „Exprès“ „Hraðboðasending“ (ebl. 635). Miða þennan skal líma við hliðina á nafni ákvörðunarstaðarins, að svo miklu leyti, sem því verður við komið.
- 1.4.6.3. Gjaldfrjálsir bögglar:
 - a) Sérhver gjaldfrjáls böggull (eingöngu til útlanda) skal ásamt fylgibréfi sínu bera.
 - 1) mjög áberandi áletrun „Franc de taxes et de droits“.
 - 2) gulan merkimiða, sem einnig standi á með skýru letri orðin „Franc de taxes et de droits“.
 - b) Bögglinum skal fylgja tilskilin tala tollskýrslna svo og frankóseðill ebl (315 C 3/CP 4,) búinn til úr pappír, gulum að lit. Sendandi og sendipóststöðin skulu, að því er tekur til þjónustuupplýsinga, fylla út textann á framhliðinni, hægri hlið á hlutunum A og B. Áritanir sendanda má gera með kalkipappír.
 - c) Fylgibréf, tollskýrslur og frankóseðlar skulu öll vandlega fest saman.
- 1.4.6.4. Brothættir bögglar:
 - a) Innanlands og í viðskiptum við þau lönd, sem leyfa brothætta böggla, og að því tilskildu, að þeir uppfylli skilyrðin um ytri frágang og sérstakar umbúðir, skal hver brothættur böggull vera útbúinn annaðhvort af sendanda eða upprunapóststöð, með sérstökum miða, er sýni mynd af glasi, prentað með rauðum lit á hvítan grunn. Sérhvern böggul, sem sendandi hefur gefið til kynna með

einhvers konar ytra merki að innihald sé brothætt, er upprunapóstöðin skyldug að merkja með sama miða og taka viðbótargjald fyrir. Óski sendandi, að með böggulinn sé ekki farið sem brothættan, skal strika yfir merki, sem sendandi hefur sett á hann.

- b) Hlutadeigandi fylgibréf skulu á framhlið bera greinilega áletrun „Brothætt“ „Colis fragile“, handkrifaða eða prentaða á límmiða.
- 1.4.6.5. Rúmfrekir böggjar. Sérhver rúmfrekur böggull, svo og framhliðin á fylgibréfi hans, skal vera með álímdum merkimiða, er beri greinilega áletrunina „Rúmfrekur“ „Encombrant“.
- 1.4.6.6. Þjónustuböggjar. Sérhver þjónustuböggull og fylgibréf hans skulu bera áletrunina „Service des postes“ (póstþjónusta) eða tilsvareandi athugasemd á framhlið bæði bögguls og fylgibréfs.
- 1.4.6.7. Böggjar, sem innihalda lifandi dýr. Böggjarnir ásamt fylgibréfum þeirra skulu bera áletraða athugasemd þá, sem greind er 1.4.4.1. g.
- 1.4.6.8. Böggjar með geislavirku efni. Böggjar með geislavirku efni, þar sem innihald og útbúnaður eru í samræmi við meðmæli hinnar alþjóðlegu kjarnorkustofnunar, sem gerir ráð fyrir sérstökum undanþágum um tilteknar sendingar, eru leyfðir til flutnings í pósti að fyrirfram gefinni heimild heilbrigðisyfirvalda.
- 1.4.6.9. Böggjar, sem móttökukvittun er beðin um fyrir um leið og þeim er skilað til flutnings:
- a) Sérhver böggull, sem sendandi biður um móttökukvittun fyrir um leið og hann skilar honum til flutnings, skal bera greinilega áletrunina „Móttökukvittun“, „Avis de réception“ eða stimplaða stafina „A. R.“. Hið sama skal standa á fylgibréfinu.
- b) Bögglinum skal fylgja útfyllt, eitt eintak af eyðublaði C 5, (ebl. 556), sem getur í grein 4.7.1.6. og skal fest við fylgibréfið.
- 1.4.7. **Reglur, sem sendanda ber að fylgja.**
- 1.4.7.1. Hverjum böggli skulu fylgja:
- a) Fylgibréf (ebl. 506 innanlands, og ebl. CP2 til útlanda).
- b) Tollskýrsla ebl. C 2/CP 3 skal fylgja böggjum til útlanda og skal hún útfyllt í eins mörgum eintökum og krafist er, og þau fest vandlega við fylgibréfið.
- 1.4.7.2. Sendandi getur einnig fest við fylgibréfið hvers konar skjal (vörureikning, útflutningsleyfi, innflutningsleyfi, upprunaskírteini, heilbrigðisvottorð o. s. frv.), sem nauðsynlegt er fyrir tollmeðferð í ákvörðunarlandi.
- 1.4.7.3. Utanáskrift sendanda og viðtakanda sem og allar aðrar upplýsingar, sem sendanda ber að gefa, eiga að vera eins á bögglinum og fylgibréfinu. Ef ósamræmi er, gilda upplýsingarnar á bögglinum.
- 1.4.7.4. Nema um sé að ræða böggla með tilgreindu verði, gjaldfrjálsa böggla og póströfuböggla, mega einu fylgibréfi, fylgja þrjú böggjar mest, með því skilyrði að þeir séu settir samtímis í póst á sömu pósthöð af sama sendanda, séu háðir sama burðargjaldi og eiga að fara til sama viðtakanda.
- 1.4.7.5. Innihald böggulsins skal talið upp nákvæmlega á tollskýrslunni; almenn orðatiltæki eru ekki leyfð.
- 1.4.7.6. Enda þótt pósthjóninn taki ekki á sig neina ábyrgð vegna tollskýrslanna, ber afgreiðslufólki að gera sitt ýtrasta til að upplýsa sendanda um, hvernig skuli fylla skýrslurnar rétt út.
- 1.4.7.7. Á fylgibréf og böggla til útlanda ber sendanda að tilgreina á hvern hátt skuli farið með böggul hans, sé ekki hægt að koma honum til skila. Í því skyni dregur

hann kross (X) aftan á fylgibréfið, þar sem prentuð eru fyrirmæli þau, sem leyfð eru, í reitinn útundan þeim fyrirmælum, sem hann kýs. Krossinn má draga með hendinni, skrifa með ritvél eða prenta. Þá er sendanda enn fremur heimilt að láta aðeins setja eða prenta ein hina leyfðu fyrirmæla á fylgibréfið. Fyrirmæli þau, sem krossað er við á fylgibréfinu skulu endurtekin á sjálfum bögglinum. Þau skal rita á frönsku eða einhverju öðru máli kunnu í ákvörðunarlandinu. Nota skal eyðublað CP 2 bis í þessu skyni; að útfyllingu lokinni er það vandlega fest við böggulinn.

1.4.7.8. Vilji sendandi banna hvers konar áframsendingu, skal á böggul og fylgibréf tilgreina áletrun „Áframsendist ekki“ (Ne pas réexpédier) á frönsku eða tungumáli, sem þekkt er í ákvörðunarlandinu.

1.4.8. **Reglur, sem upprunapóststöð ber að fylgja.**

1.4.8.1. Um leið og póstlagt er, ber upprunapóststöð að greina eða festa:

- a) Á böggulinn utanáskriftarmegin og á fylgibréfið á þar til ætlaðan stað, merkimiða er greini á áberandi hátt raðtölu böggulsins og nafn upprunapóststöðvarinnar.
- b) Á fylgibréfið eingöngu: afstimplun dagstimpils;
- c) Fylgibréfið: frímerki eða tilgreiningu um að burðargjald sé greitt samkvæmt ákvæðum í grein 5.1.10.

1.4.8.2. Fylgibréfið er eign póststjórnarinnar.

1.4.8.3. Sama upprunapóststöð, eða sama sendiviðskiptapóststöð, má ekki samtímis nota tvo eða fleiri merkimiða, nema þeir séu aðgreindir með sérstöku merki.

1.5. FJÁRMUNAPÓSTSENDINGAR.**1.5.1. Skilgreining.**

1.5.1.1. Fjármunapóstsendingar nefnast einu nafni eftirtaldar sendingar:

- a) Póstávisanir, þ. m. t. póströfuávisanir og símapóstávisanir.
- b) Póströfur.
- c) Póstgírófærslur, inn- og útborganir. Pósttækkar.
- d) Aðrar inn- og útborganir skv. sérstökum samningum svo sem útborganir úr póstsparibókum o. fl.

1.5.2. Innendar póstávisanir. Almenn ákvæði.

1.5.2.1. Milli póststöðva innanlands má senda póstávisanir póstleiðis (almennar póstávisanir) eða símleiðis (símapóstávisanir). Bréfhirðingar geta ekki gefið út póstávisanir, heldur verða þær að senda þær ásamt peningunum til póstafgreiðslu þeirrar, er þær heyra undir. Símapóstávisanir má ekki senda til eða frá bréfhirðingum.

1.5.2.2. Innanlands skal senda póstávisanir og símapóstávisanir beint milli innborgunar- og útborgunarpóststöðvar.

1.5.2.3. Hámarksupphæð póstávisana innanlands er tilgreind í gjaldskrá fyrir póstpjónustu.

1.5.2.4. Undir póstávisanir og símapóstávisanir má eingöngu nota eyðublöð þau, sem póst- og símamálastofnunin gefur út eða hún kann að heimila einstaklingum að útbúa. Fyrir almennar póstávisanir skal nota ebl. 501 en fyrir símapóstávisanir skal innborgunarpóststöð nota ebl. 508a og útborgunarpóststöð ebl. 508b.

1.5.2.5. Upphæðir innlendra póstávisana ber að rita á íslensku bæði í tölum og bókstöfum. Aurar skulu færðir sem brot úr hundraði og með tveim tölustöfum þannig, að núll standi á undan tölum upp að tíu. Á afklipping mega sendendur rita orðsendingar til viðtakenda.

1.5.2.6. Frímerki fyrir burðargjaldi almennra póstávisana skulu sett á póstávisunareyðublaðið en frímerki fyrir burðargjaldi símapóstávisana á tilkynninguna (ebl. 508a).

1.5.3. Innendar póstávisanir. Útgáfa.

1.5.3.1. Þegar póstávisun hefur verið innborguð gefur afgreiðslumaðurinn hana út. Hann tölusetur hana með raðtölu, undirritar hana fullu nafni og dagstimplar. Einnig ógildir hann með póststimpli öll frímerki sem á henni eru og á póströfuávisunareyðublað stimplar hann með póststimpli í reitinn „Fararstimpill“.

1.5.3.2. Póstávisanir (póströfuávisanir, tilkynningar um útgáfu símapóstávisana) eru sendar útborgunarpóststöð með fyrstu póstferð og skal nota hin sérstöku umslög sem til þess eru ætluð (ebl. 535). Áður skulu þær færðar á lista yfir innborgaðar innendar póstávisanir (ebl. 570).

1.5.4. Innendar póstávisanir. Útborgun.

1.5.4.1. Áður en póstávisun er borguð út, skal póstmaður aðgæta, hvort hún er útfyllt og útgefin samkvæmt settum reglum. Sé einhvers ábótavant í þeim efnum, skal undantekningarlaust endursenda hana ásamt orðsendingu á sérstöku eyðublaði (MP 14) um hvað sé að.

- 1.5.4.2. Sé ekki nægilegt fé fyrir hendi til útborgunar, má fresta útborgun þar til það er fengið.
- 1.5.4.3. Að útborgun lokinni eru ávísanirnar skráðar á lista yfir útborgaðar innlendar póstávísanir (ebl. 534b) og þær síðan sendar Endurskoðun póstávísana ásamt listanum. Skal það gert eigi sjaldnar en á 10 daga fresti. Símapóstávísanir eru þó geymdar þar til útgáfutilkynning hefur borist í pósti, svo samanburður geti farið fram.
- 1.5.5. **Útborgunargildi póstávísana.**
- 1.5.5.1. Póstávísanir, erlendar jafnt sem innlendar, gilda til loka fyrsta mánaðar eftir útgáfumánuðinn. Að þessum tíma liðnum má alls ekki borga slíkar ávísanir út, hvorki sendanda né viðtakanda, nema gildi þeirra hafi verið framlengt af Endurskoðun póstávísana.
- 1.5.6. **Innlendar póströfur.**
- 1.5.6.1. Póströfur mega innanlands fylgja öllum bréfa- og bögglapóstsendingum (ekki Forgangspósti). Þær má senda með tvennum hætti; annarsvegar á þann hátt að póstávísun er gefin út við innlausn (ebl. 505 bréfaþóstkrafa, ebl. 507 bögglapóstkrafa) og hinsvegar þannig, að hin innleysta póströfuupphæð er lögð inn á gíróreikning sendanda hjá Póstgíróstofunni (ebl. 503 bréfaþóstkrafa og ebl. 504 bögglapóstkrafa).
- 1.5.6.2. Hámarksupphæð póströfu innanlands má vera hin sama og póstávísunar sé póstávísun gefin út við innlausn (ebl. 505 og 507) en er ótakmörkuð sé hin innleysta upphæð lögð inn á gíróreikning hjá Póstgíróstofunni (ebl. 503 og 504). Innheimtur á póströfum annast allar póststöðvar.
- 1.5.6.3. Efst á framhlið sendingar, sem send er gegn póströfu, skal sendandi rita orðin „Póstkrafa kr. og upphæðina“. Síðan skal líma á sendinguna sérstakan þríhyrndan miða, appelsínugulan að lit, sem póststöðvarnar láta í té. Útstrikanir eða yfirstrikanir á upphæðinni eru ekki leyfðar.



- 1.5.6.4. Sérhverri póströfusendingu skal fylgja póströfueyðublað (ebl. 505 eða 503 fyrir bréfaþóst og ebl. 507 eða 504 fyrir bögglapóst). Gæta skal þess að póströfuupphæðin sé nákvæmlega samhljóða við upphæðina á sendingunni, og engar breytingar né útstrikanir má gera á henni.
- 1.5.6.5. Meðan póströfusending er í vörslu pósthjónustunnar, getur sendandi beðið um, að sending sé afhent viðtakanda án greiðslu póströfuupphæðar eða gegn greiðslu annarrar upphæðar (hærrí eða lægri) en á sendingunni stendur. Beiðni um slíka breytingu eða afnám á póströfuupphæð skal sendandi leggja fram skriflega (ebl. C7) á viðtökupóststöðinni sem sendir beiðnina póst- og símleiðis til ákvörðunarpóststöðvar. Sé beiðni send símleiðis skal skrifleg beiðni sendanda á ebl. C7 jafnframt póstlögð til staðfestingar ásamt nýju póströfueyðublaði. Gjald fyrir slíka beiðni er ákveðið í gjaldskrá fyrir pósthjónustu.

- 1.5.6.6. Póstkröfur skulu innleystar innan 15 daga frá því þær koma á ákvörðunarpóststöðina. Sendandi getur þó ákveðið lengri innlausnarfrést, allt að 30 dögum, en þá skal þess getið sérstaklega á póströfueyðublaðinu og á sendingunni.
- 1.5.6.7. Þegar póstkrafa fylgir sendingu, skal aldrei líma frímerki á póströfueyðublaðið, heldur á sendinguna eða fylgibréf hennar ef um böggul er að ræða.
- 1.5.6.8. Póstkröfur skal afhenda til flutnings á póststöð, en finnist póströfusending í póstkassa, réttilega útbúin, skal taka hana til meðferðar sem slíka.
- 1.5.6.9. Við komu á ákvörðunarpóststöð skal færa allar kröfur í póströfubók (ebl. 572). Þegar póströfur eru innleystar eða endursendar skal rita dagsetninguna í bókina. Þegar póstkrafa fylgir bókfærðri sendingu (verðsendingu, ábyrgðarsendingu eða böggli) skal þar að auki færa sjálfa sendinguna í viðeigandi innfærslubók (ebl. 568).
- 1.5.6.10. Að innlausn lokinni skulu póströfuávisanir (ebl. 505 og 507) gefnar út, færðar á lista yfir innborgaðar innlendar póstávisanir og sendar útborgunarpóststöð á sama hátt og venjulegar póstávisanir, sbr. grein 1.5.3., en póströfuinnborgunarseðlar (ebl. 503 og 504) sendir Póstgíróstofunni með bunkablaði á sama hátt og venjulegir innborgunarseðlar (gíróseðlar eða færsluseðlar).
- 1.5.7. **Erlendar póstávisanir.**
- 1.5.7.1. Póststöðvar, aðrar en bréfhirðingar taka við póstávisunum og símapóstávisunum til þeirra landa sem slík viðskipti eru við og innan þeirrar hámarksupphæðar sem í gildi er hverju sinni. Upplýsingar um framangreint er að finna í Pósttaxtabók I.
- 1.5.7.2. Frá þeim löndum, sem senda má til póstávisanir eða símapóstávisanir útgefnar á Íslandi, má einnig senda póstávisanir til viðtakenda á Íslandi. Allar póststöðvar, aðrar en bréfhirðingar, mega borga út póstávisanir frá útlöndum.
- 1.5.7.3. Póstávisanir til útlanda og frá útlöndum mega einungis vera á eyðublöðum sem gerð eru í samræmi við Alþjóðasamninginn um póstávisanir og ferðapóstávisanir.
- 1.5.7.4. Póstávisanir skulu vera í mynt ákvörðunarlands nema um annað sé sérstaklega samið og er upplýsingar um það að finna í Pósttaxtabók. Póstávisunina skal fylla út eins og form hennar segir til um. Upphæð hennar skal rita í arabískum tölum en heiti myntarinnar og upphæð í bókstöfum með latnesku lettri á máli ákvörðunarlands eða frönsku. Í viðskiptum við Norðurlöndin má þó nota dönsku. Ávisanirnar skulu útfylltar með penna eða ritvél og vera án útþurrkunar eða yfirstrikunar jafnvel þótt staðfest sé. Frímerki fyrir burðargjaldinu skal líma í þar til gerðan reit og póststimpla á innborgunarpóststöð.
- 1.5.7.5. Jafnframt því að fylla út ávisunareyðublaðið skal sendandi útfylla umsókn um gjaldeyrisyfirfærslu (ebl. 509). Fari upphæð póstávisunarinnar sem senda skal ekki fram úr þeirri upphæð sem leyfð er hverju sinni án áritunar gjaldeyrisyfirvalda (greiðsluheimildar), skal innborgunarpóststöðin senda póstávisunina þegar í stað að innfærslu og útgáfu lokinni í þar til gerðu umslagi (ebl. 535) til Póstgíróstofunnar ásamt útfylltri umsókninni. Fari upphæð póstávisunarinnar hinsvegar fram úr leyfðri upphæð skal innborgunarpóststöðin aðeins senda umsóknina til Póstgíróstofunnar, sem sér um að afla heimildarinnar. Póstgíróstofan tilkynnir innborgunarpóststöðinni síðan hvort heimild hafi fengist og skal þá fyrst gefa út ávisunina.
- 1.5.7.6. Innborgunarpóststöðin reiknar út jafnvirði upphæðarinnar í íslenskum krónum eftir gildandi póstávisanagengi, gefur ávisunina út, tölusetur hana og undirritar samkvæmt settum reglum, færir á lista yfir innborgaðar útlendar póstávisanir

(ebl. 598) og sendir síðan með fyrstu pósthæð ásamt gjaldeyrisumsókninni til Póstgíróstofunnar, sem að athugun lokinni sendir hana til ákvörðunarpóststöðvar, sem spjaldávisun eða listaávisun eftir því sem við á.

1.5.7.7. Þegar erlend pósthæð berst til pósthæðvar frá útlöndum skal tilkynna viðtakanda þegar í stað um komu hennar en sjálfa ávisunina skal að jafnaði ekki afhenda. Að útborgun lokinni skal færa ávisunina á lista yfir útborgaðar útlendar pósthæðanir (ebl. 534a).

Afkliipping ávisunarinnar má viðtakandi greiðslunnar fá til eigin afnota.

1.5.8. **Erlendar símapósthæðanir.**

1.5.8.1. Símapósthæðanir má senda til viðtakanda og borga út frá sendendum í þeim löndum sem slíkt samkomulag hefur verið gert við samanber upplýsingar í Pósthæðabók I.

1.5.8.2. Viðtökupósthæðin útbýr pósthæðunarsímskeyti og sendir til næstu ritsímsæðvar, sem sendir skeytið áfram til útborgunarpósthæðvar eftir reglum þar að lútandi.

1.5.8.3. Pósthæðunarsímskeytið skal undantekningarlaust vera á frönsku, nema til Norðurlandanna á dönsku, og útfyllast undantekningarlaust í eftirfarandi röð: Utanáskriftarhluti skal útfylltur eins og hér segir:

— POSTFIN (ásamt ritsímapjónustuupplýsingum URGENT eða LT á undan, ef svo ber undir).

— pósthæðjónustuupplýsingar, ef svo ber undir (AVIS PAIEMENT og PAIEMENT MAIN PROPRES).

Textahlutinn skal útfylltur eins og hér segir:

— MANDAT, ásamt útgáfunúmeri pósthæðvarinnar;

— nafn útgáfupósthæðvar og einkennisnúmer, (ef svo ber undir) ásamt nafni útgáfulands;

— nafn sendanda;

— upphæðin, sem á að borga út;

— nákvæm skilgreining viðtakanda, aðsetursstaðar hans og ef hægt er, heimili hans, svo að ekki leiki vafi á hver sé viðtakandi;

— sérstök orðsending (ef svo ber undir).

1.5.8.4. Nafni viðtakanda er breytt í einn hóp blandaðan tölustöfum, táknum og bókstöfum á eftirfarandi hátt:

a) Tölustafurinn 1 ásamt sviga skal notaður til að auðkenna hópinn.

b) Allir hlutar í nafni viðtakanda skulu aðskildir með skástriki eins og eftirfarandi dæmi sýnir:

Áritunin „M. Jean de Biase“ breytist í „1) MONSIEUR/JEAN/DE/BIASE“.

1.5.8.5. Á undan eigin nafni viðtakanda skal, jafnvel þótt skírnarnafn fari á undan, tilfæra orðin „Monsieur,“ (Herra), „Madame,“ (frú) eða „Mademoiselle“ (ungfrú), nema það sé óþarfa endurtekning á stöðu, titli, starfi eða atvinnu, er segi greinilega til um viðtakanda. Hvorki má tilgreina sendanda né viðtakanda með skammstöfun né umsömdu orði.

1.5.8.6. Upphæðin skal tilgreind á þann hátt að mynteiningu skal rita að fullu í tölustöfum, brot úr mynteiningu (ef svo ber undir) einnig í tölustöfum og þar á eftir heiti myntarinnar.

1.5.8.7. Við útgáfu símapósthæðunar til útlanda skal tölusetja ávisunina og færa á lista yfir innborgaðar pósthæðanir til útlanda (ebl. 598). Auk þess færast símskeytið á skrá yfir afgreidd gjaldskyld símskeyti.

- 1.5.8.8. Burðargjald fyrir símapóstávisanir til útlanda samanstendur annarsvegar af burðargjaldi fyrir póstaðvisanir eins og það er í gjaldskrá fyrir póstaðþjónustu og hinsvegar af gjaldi fyrir símskeyti til viðkomandi lands. Frímerki fyrir burðargjaldinu, sem greint er frá í gjaldskrá fyrir póstaðþjónustu, skal líma á afrit tilkynningar um útgáfu (ebl. MP3) og dagstimpla, en gjald fyrir símskeytið færast sem tekjur fyrir símskeyti á mánaðarreikning póstaðstöðvarinnar.
- 1.5.8.9. Við útgáfu símapóstávisunar til útlanda fyllir póstaðgreiðslumaður út Tilkynningu um útgáfu símapóstávisunar (ebl. MP3) í tvíriti. Frumritið sendist til Póstaðgíróstofunnar sem eftir athugun sendir það með fyrstu póstaðferð til útborgunarpóstaðstöðvar. Afritið, með frímerkjunum fyrir burðargjaldinu sendist til Endurskoðunar póstaðvísana.
- 1.5.8.10. Umsókn um gjaldeyrisyfifærslu (ebl. 509) skal fylla út og afgreiða á sama hátt og um almenna póstaðvísun til útlanda væri að ræða sbr. 1.5.7.5.
- 1.5.8.11. Að öðru leyti en greinir í þessari reglugerð gilda ákvæði í alþjóðasamningnum um póstaðvísanir og ferðapóstaðvísanir og starfsreglugerð hans um póstaðvísanaviðskipti milli landa.
- 1.5.9. **Póstaðkröfur til útlanda.**
- 1.5.9.1. Póstaðkröfur mega fylgja bréfa- og/eða bögglaðpóstaðsendingum til þeirra landa sem slík viðskipti eru við og innan þeirrar hámarksupphæðar sem í gildi er hverju sinni. Upplýsingar um framangreint er að finna í Póstaðtaxtabók 1 (bréfa-póstaðsendingar) og Póstaðtaxtabók II (bögglaðpóstaðsendingar).
- 1.5.9.2. Sendingar sem fylgja póstaðkröfum til útlanda skulu sem aðalregla vera bókfærðar (verðsendingar, ábyrgðarsendingar eða bögglað). Heimilt er þó að senda gegn póstaðkröfu almennar bréfaðpóstaðsendingar ef upphæðin fer ekki yfir jafnvirði 32,67 SDR, til Norðurlandanna þó allt að 65 SDR.
- 1.5.9.3. Póstaðkröfur til útlanda mega einungis vera á eyðublöðum þeim sem póstað- og símamálastofnunin gefur út og eru í samræmi við ákvæði alþjóðasamningsins um póstaðkröfusendingar og starfsreglugerð við sama samning. Heimilt er þó innan Norðurlandanna að nota innlend eyðublöð þegar um er að ræða póstaðkröfur með innborgun á póstaðgíröreikning.
- 1.5.9.4. Bréfaðpóstaðsendingar og bögglað með póstaðkröfu, ásamt fylgibréfum sínum, skulu utanáskriftarmegin bera á greinilegan hátt áletrunina „Remboursement“ ásamt upphæð póstaðkröfunnar í latneskum bókaðstöfum og arabískum tölum án yfirstrika-ana eða útpurrkana, jafnvel þótt staðfest sé. Upphæð póstaðkröfu má hvorki skrifa með blýanti né blekblýanti.
- 1.5.9.5. Póstaðkröfur skulu vera í íslenskum krónum nema annað sé tekið fram í póstaðtaxtabókum. Upphæðina og heitið á mynteiningunni (ISK) skal tilgreina í tölustöfum og bókaðstöfum. Upphæðina í bókaðstöfum skal rita á máli ákvörðunarlands eða frönsku. Í viðskiptum við Norðurlönd má þó nota dönsku. Póstaðkröfueyðublaðið skal útfylla með penna eða ritvél og vera án útpurrkunar eða yfirstrikunar jafnvel þótt staðfest sé.
- 1.5.9.6. Bréfaðpóstaðsendingar og bögglað sem póstaðkrafa hvílir á, skulu ásamt bögglaðfylgibréfum bera appelsínugulan miða (ebl. 637), sem póstaðstöðvarnar láta í té. Miðinn skal látinn á sendingarnar utanáskriftarmegin í efra vinstra horn undir nafn og póstaðfang sendanda eftir því sem við verður komið.



- 1.5.9.7. Meðan póströfusending er í vörslu póstpjónustunnar, getur sendandi beðið um, að sendingin sé afhent viðtakanda án greiðslu póströfuupphæðar eða gegn greiðslu annarrar upphæðar (hæri eða lægri) en á sendingunni stendur. Með slíka beiðni skal fara samkvæmt ákvæðum í grein 1.5.6.5.
- 1.5.10. **Póströfur frá útlöndum.**
- 1.5.10.1. Póströfur frá útlöndum skulu innleystar innan 7 daga frá því þær koma á ákvörðunarpóststöðina. Frest þennan má þó lengja í 30 daga að ósk sendanda.
- 1.5.10.2. Við komu á ákvörðunarpóststöð skal færa allar kröfur í póströfubók (ebl. 572). Þegar póströfur eru innleystar eða endursendar skal rita dagsetningu í bókina. Þegar póstkrafa fylgir bókfærðri sendingu (ábyrgðarsendingu, verðsendingu eða böggli) skal þar að auki færa sjálfa sendinguna í viðkomandi innfærslubók.
- 1.5.10.3. Við innlausn póstkrafna á eyðublöðum R3, R4, R8 og R9 færast innborganirnar á lista yfir innborgaðar útlendar póstávisanir og póströfuávisanir (ebl. 598). Listinn sendist til Endurskoðunar póstávisana en hinar útgefnu póstávisanir sendast í umslagi til Póstgíróstofunnar sem áframsendir til ákvörðunarlands.
- 1.5.10.4. Við innlausn póstkrafna á eyðublöðum R6 og R7 auk innlendra eyðublaða frá Norðurlöndum (Indbetalingskort) færast kröfurnar ekki á lista yfir innborgaðar útlendar póstávisanir og póströfuávisanir heldur sendast þær með bunkablaði til Póstgíróstofunnar eins og aðrar innborganir á póstgíróreikninga.
- 1.5.10.5. Að öðru leyti en greinir í þessari reglugerð gilda ákvæði í alþjóðasamningnum um póströfusendingar og starfsreglugerð hans um póströfuvíðskipti milli landa.
- 1.5.11. **Gíröþjónusta. Almenn ákvæði.**
- 1.5.11.1. Gíröþjónusta Póst og símamálastofnunarinnar er einfaldað form á peningamiðlun, þ. e. póstávisanaþjónustunni og verðbréfaþjónustunni. Starfsemin er byggð á reikningum, póstgíróreikningum, sem stofnaðir eru við Póstgíróstofuna í Reykjavík, þar sem bókhaldið fer fram.
- 1.5.11.2. Þegar um innborganir eða úttektir af póstgíróreikningi er að ræða eru notuð eyðublöð, sem Póst og símamálastofnunin lætur í té, einnig um færslu milli milli póstgíróreikninga er að ræða. Við innborgun á reikning nefnist hann innborgunarseðill, en útborgunarseðill við útborgun úr reikningi. Sé um að ræða færslu úr einum reikningi í annan nefnist hann færsluseðill.
- 1.5.11.3. Samkvæmt samstarfssamningi um gíröþjónustu milli banka, Pósts- og síma og sparisjóða annast samstarfsaðilar inn- og útborganir af gíróreikningum. Eyðublöð, sem notuð eru í samstarfinu nefnast gírósedlar. Við innborganir og færslur eru notaðir A, B, C og D gírósedlar, en til útborgunar gíróávisun. (gírósedill Ú).
- 1.5.12. **Póstgíróreikningur. Stofnun.**
- 1.5.12.1. Póstgíróreikning geta einstaklingar, stjórnvöld, stofnanir, fyrirtæki, félagsamtök o. fl. opnað samkvæmt nánari reglum. Sá, sem óskar að opna reikning

verður að skrifa umsókn á sérstöku eyðublaði (nr. 940), sem pósthöfundur ber að hafa fyrirbyggjandi. Óski einhver að opna marga reikninga verður að fylla út sérstakt eyðublað fyrir hvern reikning. Fjárræði umsækjanda verður að vera óskert.

- 1.5.12.2. Umsóknareyðublöð skal fylla út með ritvél eða bleki eins nákvæmlega og unnt er. Skal því helst skilað á pósthöfund þá, sem hlutaðeigandi fær póst sinn frá, eða beint til Póstgíróstofunnar. Ef nauðsyn krefur er starfsmaður sá, sem við eyðublaðinu tekur, skyldur að hjálpa til við útfyllingu þess.

Um undirritun umsóknarinnar gilda eftirfarandi reglur:

- a) Sé opnaður reikningur fyrir einstakling skal eyðublaðið undirritað af honum sjálfum eða með fullgildu umboði hans. Þyki ástæða til, má krefjast þess, að viðkomandi sýni persónuskilríki, nafnskírteini eða annað jafngilt.
- b) Sé opnaður reikningur fyrir fyrirtæki, stofnun, félagasamtök o. s. frv. skal eyðublað undirritað af þeim manni eða mönnum, sem hafa heimild til undirskrifa samkvæmt firmaskrá, eða fundarbókum ef um félög er að ræða. Sýna verður staðfesta útskrift þyki þörf vera á.
- c) Stjórnvald undirritar eyðublaðið með sama hætti og venja þess er að undirrita.
- d) Sé opnaður reikningur fyrir ómynduga, verður að tilgreina nafn fjárhaldsmanns á umsókninni.

Viðkomandi starfsmaður skal rannsaka umboðsheimild og undirskrift nákvæmlega áður en hann stimplar og undirritar umsóknina. Leiki af einhverjum ástæðum vafi á, að eyðublaðið sé tilhlýðilega útfyllt, má þó ekki neita að taka við því. Ef slíkt kemur fyrir ber starfsmanni að skrifa nauðsynlegar upplýsingar fyrir Póstgíróstofuna á eyðublaðið.

Á eyðublaðið skal einnig setja sýnishorn af undirskrift þess eða þeirra, sem mega nota reikninginn.

- 1.5.12.3. Pósthöfundur senda umsóknir um opnun pósthóreikninga þegar í stað til Póstgíróstofu ásamt hugsanlegum fylgiskjölum, svo sem útskriftum úr firmaskrá o. s. frv.
- 1.5.12.4. Þegar pósthórestofan hefur samþykkt opnun reiknings fær hinn nýi reikningshafi tilkynningu beint frá Póstgíróstofunni um númerið á reikningi sínum. Gíróseðla sem reikningshafi hefur pantað, fær hann senda jafnskjótt og búið er að prenta á þá nafn hans, heimilisfang, viðskiptastofnun og reikningsnúmer.
- 1.5.12.5. Allar breytingar, sem verða kunna á umboðsveitingum varðandi pósthóreikninginn, ber reikningshafa að tilkynna þegar í stað skriflega til Póstgíróstofunnar og láta fylgja sýnishorn af hinni nýju undirskrift. Breytingar sem verða kunna á réttarstöðu reikningshafa og hafa áhrif á umráðarétt yfir reikningi hans, ber honum eða þeim, sem kemur fram fyrir hans hönd, að tilkynna Póstgíróstofunni skriflega þegar í stað. Nauðsynleg sönnunargögn skulu fylgja slíkri tilkynningu.

1.5.13. **Skrá um reikningshafa.**

- 1.5.13.1. Pósthórestofan gefur út, helst árlega, skrá yfir reikningshafa og skulu vera í henni nöfn þeirra, heimilisföng og reikningsnúmer. Í skrá þessari geta reikningshafar fengið birtar upplýsingar til viðbótar um stöðu einstaklings, sérgrein fyrirtækis o. þ. h., þó venjulega aðeins eitt orð, sér að kostnaðarlausu.

- 1.5.13.2. Sérhver reikningshafi fær eitt eintak af skránni ókeypis. Fyrir viðbótareintök er hægt að taka greiðslu. Á hverri pósthöð skal eintak af síðustu útgáfu skrárinnar liggja frammi. Verði pósthöðvar varar við villu í skránni, skal tilkynning um það send Pósthöðstofunni.
- 1.5.14. **Pósthöðseðill. Innborganir.**
- 1.5.14.1. Hver sem er getur greitt inn á pósthöðreikning með reiðufé. Til þess er notaður pósthöðseðill (í þríriti, færsluseðill, ebl. 921) sem pósthöðvar skulu hafa nægar birgðir af. Upphæð innborgunar er ótakmörkuð. Við innborganir inn á reikninga hjá samstarfsaðilum (bönkum og sparisjóðum) skal nota A, B og C höðseðla. Um meðferð þeirra vísast til „Handbókar um höðþjónustu“.
- 1.5.14.2. (Innborgunarseðil) færsluseðil ber sendanda/viðtakanda að fylla út með prenti, stimpli, ritvél eða bleki eins og textinn segir til um. Á eyðublöðin má skrifa orðsendingu varðandi greiðsluna eða annað eftir þörfum.
- 1.5.14.3. Þegar höðseðli er skilað til flutnings ber pósthöðgreiðslumanni að fylgjast vel með því að eyðublaðið sé útfyllt eftir settum reglum. Einkum skal aðgæta að upphæð og reikningsnúmer séu greinilega rituð.
- 1.5.14.4. Við innborgun á eigin pósthöðreikning er notað eyðublað í þríriti (nr. 921). Frumritið er kvittun til reikningshafa, en afritin sendast Pósthöðstofunni með öðrum innborgunarseðlum. Öll eintökin skal stimpla með greiðslustimpli.
- 1.5.14.5. Pósthöðseðla og aðra höðseðla sem reikningshafa kunna að berast má senda til færslu af viðkomandi reikningum á Pósthöðstofunni, eða færslu á reikninga í stað þess að inna greiðslur af hendi á pósthöðvum. Er þá sett nafn viðskiptastofnunar (Pósthöðstofunnar), reikningsnúmer viðkomandi á pósthöðseðilinn og undirskrift.
- 1.5.15. **Bunkablað. Reikningsfærsla.**
- 1.5.15.1. Pósthöðseðla/höðseðla hvort sem er um innborganir eða útborganir að ræða skal dagstimpla við afgreiðslu. Senda ber þá daglega eða með fyrstu pósthöð frá pósthöð til Pósthöðstofu. Pósthöð útbýr í tíma bunkablað samkv. innborgunarseðlum (ebl. 942) og/eða útborgunarseðlum (ebl. 943). Á bunkablöð skulu færðar þessar upplýsingar:
- 1) Númer gjaldkera.
 - 2) Númer bunka. Útborganir 01—49. Innborganir 59—99.
 - 3) Fjöldi skjala í bunka. (Hámark 50 OCR skjöl í bunka).
 - 4) Númer pósthöðvar.
 - 5) Afgreiðsludagur. Dagur—mánuður—ár.
- 1.5.15.2. Bunkablað skal dagstimpla og leggja frumrit þess framan við seðlana. Er bunkinn síðan settur í umslag (ebl. 931/931a) og sendur beint til Pósthöðstofu. Þess skal vandlega gætt að upphæð á bunkablaði beri saman við heildarupphæð skjala. Bunkablað er í tvíriti og heldur pósthöð afriti. Á bunkablað má aðeins færa seðla, sem tilheyra sama degi. Þegar innborgunar/útborgunarseðlar, sem koma inn milli tveggja pósthöðra tilheyra tveimur dögum, skal gera tvö bunkablöð, sitt fyrir hvorn dag. Ekki skal senda autt bunkablað.
- 1.5.15.3. Samkvæmt afriti bunkablaðs færir pósthöð í mánaðarlok heildarlista yfir bunkablöð mánaðarins á ebl. 941, sem er í þríriti. Frumrit sendist með mánaðarreikningi pósthöðvar, eintak nr. 2 til Pósthöðstofu og eintaki nr. 3 er haldið eftir.

- 1.5.15.4. Sé innborgunarseðli ábótavant í útfyllingu, þannig að ekki sé hægt að færa upphæðina á réttan reikning flyst hann á skekkjureikning hjá Póstgíróstofu. Reynt er að koma upphæð slíkra innborgunarseðla á rétta reikninga með því að afla upplýsinga hjá innborgunarpóststöð/banka/sparisjóði eða viðtakanda. Annars endurgreiðist upphæð sendanda.
- 1.5.16. **Útborganir. Gíróávisun.**
- 1.5.16.1. Með útborgunarseðli (færsluseðli) getur reikningseigandi sent Póstgíróstofunni fyrir máli um útborganir af pósthíróreikningi sínum. Reikningshafi eða aðrir, sem umboð hafa samkv. undirskriftarblaðinu, verða að skrifa nafn sitt á eyðublaðið og skal undirskriftin vera í samræmi við sýnishorn af undirskrift sbr. 1.5.12.2.
- 1.5.16.2. Útborgunarseðla verður að fylla út með prenti, stimpli, ritvél eða bleki eins og texti eyðublaðsins segir til um.
- 1.5.16.3. Við úttekt af eigin pósthíróreikningi má nota eyðublað nr. 921, sem liggur frammi á öllum pósthíróstöðvum. Úttekt af eigin pósthíróreikningi annast pósthíróstöðvar auk Póstgíróstofu. Reikningshafi fyllir út eyðublað á venjulegan hátt og framvísar því á pósthíróstöð, sem síðan hefur símasamband við Póstgíróstofuna til athugunar á innistæðu.
- 1.5.16.4. Úttekt af eigin pósthíróreikningi getur einnig farið fram með úttektarseðlum (og á það eingöngu við um reikninga starfsfólks Póst og símamálastofnunarinnar, sem laun eru greidd inn á).
Úttektin má fara fram án þess að innistæða sé könnuð. Úttekt má ekki fara fram úr hámarki því, sem hver seðill segir til um á hverjum tíma.
Útborganir annast, auk Póstgíróstofunnar, allar pósthíróstöðvar nema bréfhírðingar.
- 1.5.16.5. Pósthíróstöð verður að athuga vandlega hvort gíróávisanir (Ú—seðlar) séu rétt frágengnir, t. d. hvort á þeim sé stimpill Póstgíróstofu, pósthíróstöðvar, banka eða sparisjóðs.
Gíróávisun, sem á vantar útgáfustimpil viðskiptastofnunar, má ekki borga út, heldur skal pósthíróstöð hafa samband við Póstgíróstofuna varðandi frekari meðferð.
- 1.5.16.6. Sé um misræmi að ræða milli upphæðar í tölum og bókstöfum skal gera fyrirspurn til Póstgíróstofu, hafi ávisunin verið gefin út af henni, annars til viðkomandi viðskiptastofnunar.
- 1.5.16.7. Um stimplun, afhendingu og kvittun gíróávisana gilda, eftir því sem við á, sömu reglur og í póstaðvísanapjónustunni.
- 1.5.16.8. Þess skal vandlega gætt, að seðillinn sé útfylltur eins og form hans segir til um. Að útborgun lokinni skal afgreiðslumaður dagstimpla og undirrita seðilinn.
- 1.5.16.9. Ef afgreiðslumaður þekkir ekki viðkomandi ber honum að krefjast persónuskilríkja eins og vð aðrar útborganir. Varðandi reikningsfærslu úttektarseðla og sendingu þeirra til Póstgíróstofunnar vísast til 1.5.12.2.
- 1.5.16.10. Nú hefur gíróávisun ekki verið borguð út vegna ófullkominnar eða rangrar áritunar og skal pósthíróstöðin þá senda hana ásamt upplýsingum til Póstgíróstofunnar í þjónustuumslagi.
Ástæður fyrir endursendingu skal þá rita á seðilinn.
- 1.5.16.11. Gíróávisun gildir í tvo mánuði frá útgáfudegi viðskiptastofnunar. Þegar gildistími gíróávisunar er runninn út, má ekki borga hana út. Hafa skal samband við Póstgíróstofu eða viðkomandi viðskiptastofnun varðandi endurnýjunarleyfi.
Gildir það jafnlangan tíma — eða tvo mánuði.

- 1.5.16.12. Glatist gíróávisun áður en útborgun hefur farið fram, vísast til starfsreglna í handbók um gíróþjónustu.
- 1.5.16.13. Reikningsfærsla útborgunarseðla og færsla þeirra á bunkablað er hliðstæð færslu innborgunarseðla, nema hvað notað er sérstakt eyðublað (nr. 943). Að öðru leyti vísast til 1.5.15.1.-3.

1.5.17. **Millifærsla.**

- 1.5.17.1. Færsla — yfirfærsla á upphæð frá einum póstgíróreikningi til annars — er kjarni póstgíróþjónustunnar. Færsla fer aðeins fram í Póstgíróstofunni. Færsluseðlar eru ekki teknar til meðferðar á póststöðvum. Afhendi reikningshafi af tilviljun færsluseðil á póststöð, skal póststöðin senda hann til Póstgíróstofu.
- 1.5.17.2. Við færslu milli Póstgíróreikninga er notað sérstakt eyðublað (nr. 943). Að öðru leyti vísast til 1.5.15.1.-3.
- 1.5.17.3. Þegar færsluseðill hefur borist Póstgíróstofunni yfirfærir hún upphæðina frá reikningi sendanda til reiknings viðtakanda, svo fljótt sem því verður við komið. Önnur tímasetning um yfirfærsluna er ógild. Sé færsluseðill dagsettur fram í tímann, reiknast hann eigi að síður útgefinn þann dag, sem hann barst Póstgíróstofunni.
- 1.5.17.4. Reikningshafi getur afturkallað færsluseðil meðan yfirfærsla hefur ekki farið fram. Ber honum þá að snúa sér til Póstgíróstofunnar, helst símleiðis.
- 1.5.17.5. Útgefandi færsluseðils getur óskað eftir því, að Póstgíróstofan geri viðtakanda aðvart um yfirfærsluna með símskeyti og skal hann þá skrifa orðið „símatilkynning“ greinilega á eyðublaðið. Póstgíróstofan færir þá símskeytagjaldið sendanda til gjalda.
- 1.5.17.6. Færsluseðla, sem ekki er næg innistæða fyrir á reikningi, endursendir Póstgíróstofan reikningshafa, eða geymir þar til innborgun hefir borist.
- 1.5.17.7. Póstávisanir, sem reikningshafi fær, getur hann sent til innfærslu á reikning sinn. Sama gildir um gíróávisanir sem reikningshafi kann að fá frá öðrum reikningshöfum. Á framhlið póstávisunar eða gíróávisunar skal hann skrifa greinilega „færist á nr. ...“ og senda síðan til Póstgíróstofunnar í gíróumslagi.
- 1.5.17.8. Um reikningshafa hjá Póstgíróstofunni gilda þær sérreglur að þeir geta sent tékka beint til Póstgíróstofunnar til innfærslu á reikninga sína. Verður þá tékkinn að vera útgefinn á Póstgíróstofuna (eða framseldur Póstgíróstofunni, ef um er að ræða tékka, sem útgefinn er af ríkisstofnunum, bönkum, Reykjavíkurborg eða stofnunum hennar). Á tékkann skal tilgreina númer póstgíróreiknings og mælt er með því að hann sé strikaður. Útfylltur innborgunarseðil (ebl. 921), er hljóði á sömu upphæð, skal fylgja.

1.5.18. **Gíróumslag.**

- 1.5.18.1. Reikningshafar nota gíróumslag (ebl. 930), er þeir senda færsluseðla, mótteknar póstávisanir eða gíróávisanir og ef svo ber undir tékka til innfærslu á eigin reikning. Umslagið er hægt að panta beint frá Póstgíróstofu.

1.5.19. **Bókunartilkynning.**

- 1.5.19.1. Póstgíróstofan sendir reikningshafa að jafnaði strax að lokinni bókun tilkynningu í formi reikningsútskriftar um allar færslur á reikningi hans. Hægt er að velja um tíðni reikningsútskrifta, þ. e. eftir hverja hreyfingu, mánaðarlega árstjórnungslega eða árlega. Ef reikningshafi verður var við skekkju óskast athugasemdir gerðar í stað.

Reikningshafi getur fyrirfram ekki útilokað upphæðir frá að vera færðar á reikning sinn og heldur ekki neitað upphæðum, sem þegar er búið að færa á hann.

1.5.20. **Skjalavarsla.**

1.5.20.1. Póstgíróstofan geymir innborgunarseðla, útborgunarseðla og færsluseðla í 4 ár. Bunkablöð og reikningsyfirlit m.m. eru geymd í a. m. k. 7 ár.

1.5.21. **Gíróþjónusta við útlönd.**

1.5.21.1. Póststöðvar, aðrar en bréfhirðingar taka við innborgunum á póstgíróreikninga í þeim löndum sem slík viðskipti eru við og innan þeirrar hámarksupphæðar sem í gildi er hverju sinni. Á sama hátt geta reikningshafar hjá Póstgíróstofunni látið millifæra fjárhæðir af reikningi sínum á póstgíróreikninga í þessum löndum eða til útborgunar í þessum löndum.

1.5.21.2. Frá þeim löndum, sem póstgíróviðskipti eru við má á sama hátt senda millifærslur eða innborganir til reikningshafa hjá Póstgíróstofunni.

1.5.21.3. Í póstgíróviðskiptum milli landa má einungis nota eyðublöð, sem gerð eru í samræmi við Alþjóðasamninginn um póstgíróþjónustu og aðra milliríkjasamninga um slíkt.

1.5.21.4. Póstgírófærslur- og innborganir skulu vera í mynt ákvörðunarlands. Upphæðina skal rita í arabískum tölum en heiti myntarinnar í bókstöfum með latnesku lettri. Eyðublöðin skulu útfyllt með penna eða ritvél og vera án útpurrkunar eða yfirsatrikana jafnvel þó staðfest sé.

1.5.21.5. Millifærslur milli tveggja póstgíróreikninga eru ókeypis en gjald fyrir innborganir og útborganir er að finna í gjaldskrá fyrir póstþjónustu.

1.5.22. **Pósttækkar.**

1.5.22.1. Póstgíróstofan gefur út pósttækka til notkunar fyrir reikningshafa við Póstgíróstofuna. Með pósttækka má taka út fjárhæðir af eigin reikningi hjá Póstgíróstofunni á öllum póststöðvum öðrum en bréfhirðingum.

1.5.22.2. Með sérstöku samkomulagi við póststjórnir annarra landa má nota pósttækka til að taka út á póststöðvum erlendis.

1.5.22.3. Erlendir pósttækkar eru borgaðir út á íslenskum póststöðvum hafi samkomulag verið gert við viðkomandi póststjórn um slíkt.

1.5.22.4. Erlenda pósttækka má borga út að ákveðinni hámarksupphæð sem auglýst er í umburðarbréfi hverju sinni. Þegar pósttækka er framvísað á póststöð skal reikningshafi tilgreina upphæðina á tækkanum í íslenskrí mynt án útsatrikana eða yfirsatrikana og í arabískum tölustöfum eingöngu. Fyrir framan upphæðina skal vera skammstöfunin ISK. Upphæðina má ekki tilgreina með blýanti. Reikningshafi undirritar seðilinn.

1.5.22.5. Pósttökkann skal borga út gegn framvísun hans og gegn framvísun staðfests kennisþjalds. Sé slíkt spjald ekki fyrir hendi getur engin útborgun farið fram. Póstafgreiðslumaður sem borgar út skal fullvissa sig um að samræmi sé á milli hinna þriggja höfuðþátta þessara gagna, þ. e. tilgreiningar reikningshafa, reikningsnúmers og undirskriftar. Póstafgreiðslumaðurinn skal einnig rita númer kennisþjaldsins á framhlið pósttökkans á þar til ætlaðan stað og á framhlið pósttökkans setur hann einnig dagstimpil og undirskrift sína.

1.6. PÓSTFAXÞJÓNUSTA.

1.6.1. Póstfax-sendingar.

1.6.1.1. Póstfax-sending nefnist póstsending, sem send er frá eða til póst- og símstöðvar með notkun sérstaks tækis, myndsendis, sem tengdur er ákveðnu símanúmeri á sendi- og ákvörðunarstöð. Sending frá slíku tæki í einkaeign til tækis á póst- og símstöð svo og sending með slíku tæki frá póst- og símstöð til tækis í einkaeign nefnist einnig póstfax-sending.

1.6.1.2. Á þeim póst- og símstöðvum, þar sem slíkum tækjum hefur verið komið fyrir er hægt að senda hverskonar myndir og ritað mál, séu gæði þess fullnægjandi að mati afgreiðslumanns, ef stærð hvernar síðu fer ekki yfir 210×297 mm. Fjöldi síðna í hverri sendingu er ótakmarkaður.

1.6.2. Viðtaka.

1.6.2.1. Við viðtöku sendingar skal afgreiðslumaður láta sendanda útfylla sérstakan fylgiseðil með póstfaxsendingu, ebl. 542, sem sendist á undan henni. Á fylgiseðlinum skal tilgreina nafn, póstfang og símanúmer sendanda og viðtakanda, nafn sendi- og ákvörðunarpóststöðvar og póstfaxsíma, fjölda blaðsíðna, sem sendur er svo og fyrirmæli um hvernig meðhöndla beri sendinguna á ákvörðunarpóststöð þ. e. „verður sótt“, „almennur útburður“ eða „hraðboða-útburður“.

1.6.2.2. Afgreiðslumaður, sem tekur við sendingunni, innheimtir burðargjald samkvæmt gjaldskrá og gefur sendanda kvittun fyrir. Eyðublaðið skal vera úr sérstakri frumbók, ebl. 574. Er kvittunin í þríriti, frumritið fær sendandi, eitt eintak fylgir mánaðarreikningi og eitt eintak verður eftir í bókinni. Afgreiðslumaður sér síðan um að sendingin sé send tafarlaust til ákvörðunarpóststöðvar.

1.6.3. Meðferð á ákvörðunarpóststöð.

1.6.3.1. Afgreiðslumaður á ákvörðunarpóststöð ber saman upplýsingar á fylgiseðli um fjölda síðna og gengur úr skugga um, að öll sendingin sé komin. Séu gæði sendingarinnar eða hluti hennar ekki fullnægjandi að mati afgreiðslumanns skal hann þegar í stað hafa samband við sendistöðina sem endurtekur sendingu á viðkomandi síðu. Hann athugar einnig fyrirmæli um meðferð sendingarinnar og afgreiðir hana þegar í stað í samræmi við þau.

1.6.3.2. Eigi samkvæmt fyrirmælum sendanda að sækja sendinguna skal afgreiðslumaður hringja til viðtakanda og tilkynna um komu hennar. Póstfax-sendingin er látin í sérstakt umslag með áprentuninni „Burðargjald greitt“ og nafn og póstfang viðtakanda ritað á hana. Ef sendandi hefur óskað eftir útburði með hraðboða er límdur á umslagid þar til gerður rauður miði með áletruninni „Exprés, hraðboðasending“ og sendingin meðhöndluð í samræmi við það. Um afhendingarhætti fer að öðru leyti eftir grein 4.5.1.1.-5.

1.6.4. Póstfax til útlanda.

1.6.4.1. Póstfax má senda til allra einstaklinga í þeim löndum sem samningur um póstfax (Bureaufax) þjónustu hefur verið gerður við. Þegar um er að ræða póstfax til viðtakanda á Norðurlöndunum, mega póstfaxstöðvarnar á Íslandi senda beint til viðskiptastöðva í framangreindum löndum en póstfax til póststöðva í öðrum löndum verður að sendast fyrst til viðskiptapóststöðvar sem áframsendir til ákvörðunarlands.

- 1.6.4.2. Þegar póstfax er sent frá póst- og símstöð innanlands til tækis í eigu einkaaðila erlendis verður sendandi að tilgreina símanúmer viðtökutækis eiganda í ákvörðunarlandi. Póstfax til einkatækja erlendis mega stöðvarnar senda beint til viðkomandi tækis án milligöngu viðskiptapóststöðvar.
- 1.6.4.3. Við viðtöku póstfaxsendingar til útlanda skal afgreiðslumaður láta sendanda útfylla sérstakan fylgiseðil (Bureaufax Transmittal Sheet) ebl. 542a sem sendist á undan sjálfri sendingunni. Fylgiseðilinn skal útfylla nákvæmlega eins og form hans segir til um. Gjald fyrir póstfaxþjónustu til útlanda er birt í umburðarbréfum.
- 1.6.5. **Póstfax frá útlöndum.**
- 1.6.5.1. Um meðferð póstfax-sendinga frá póst- og símstöðvum erlendis fer að öllu leyti eftir grein 1.6.3.1.-2. hér að framan. Ekki er hægt að taka við slíkri sendingu nema samið hafi verið um póstfax-þjónustu milli viðkomandi póst- og síma-stjórna. Ekkert gjald innheimtist hjá viðtakanda, þegar um er að ræða póstfax-sendingu frá póst- og símstöð.
- 1.6.5.2. Einkaaðilar erlendis, sem hafa yfir að ráða tæki til myndsendinga geta sent til póst- og símstöðva hér á landi til afhendingar til viðtakanda. Um meðferð slíkra sendinga fer samkvæmt grein 1.6.2.1.-2. hér að framan. Afgreiðslumaður innheimtir í því tilfalli gjald skv. gjaldskrá fyrir póstþjónustu hjá viðtakanda.
- 1.6.6. **Póstfax frá einkaaðilum innanlands.**
- 1.6.6.1. Einkaaðilar innanlands, sem hafa yfir að ráða myndsendi geta sent póstfax til póst- og símstöðvar til afhendingar til viðtakanda enda fylgi sendingunni útfylltur fylgiseðill og staðfesting á þjónustubeiðni ebl. 541 með samskonar upplýsingum og getur í kafla 1.6.2.1.-2. Afgreiðslumaður á ákvörðunarpóststöð fer að samkvæmt grein 1.6.3.1.-2. og færir auk þess gjaldið fyrir póstfax-þjónustuna á símareikning sendanda ebl. 213.

1.7. FORGANGSPÓSTUR – EMS.**1.7.1. Almenn ákvæði.**

- 1.7.1.1. Innanlands og til þeirra landa, sem samkomulag þess efnis hefur verið gert við má senda hvers konar skjöl og varning sem forgangspóst – EMS (Express Mail Service).
- 1.7.1.2. Forgangspóstur EMS nýtur eins og nafnið bendir til forgangs um flutning og aðra meðferð eftir nánari reglum þar um. Undantekningarlaust eru þær fluttar heim til viðtakanda.

1.8. SAMSENDING (CONSIGNMENT).**1.8.1. Almenn ákvæði.**

- 1.8.1.1. Á milli þeirra landa sem um það hafa samið má flytja saman margar sendingar, bréfaþóstsendingar eða böggla, frá einum sendanda til eins viðtakanda eða einum sendanda til margra viðtakenda.
- 1.8.1.2. Skilyrði fyrir samsendingum milli landa er að sérstakt samkomulag hafi verið gert um það við hlutaðeigandi póststjórn.
- 1.8.1.3. Sérstakan samning skal gera um samsendingu við sendanda samkvæmt nánari reglum.

2.1. EINKARÉTTUR.**2.1.1. Einkaréttur til flutnings og dreifingar.**

2.1.1.1. Póst- og símamálastofnunin hefur einkarétt á að safna saman, flytja og bera út eftirtaldar sendingar:

- a) Lokaðar bréfaþóstsendingar hvert svo sem innihald þeirra kann að vera.
- b) Aðrar lokaðar sendingar sem uppfylla skilyrði til þess að vera veitt viðtaka í pósti, að svo miklu leyti sem innihald þeirra er ritaðar orðsendingar eða prentaðar tilkynningar, útfylltar með skrift, að undanskildum vörureikningum, fylgiseðlum, farmskrám og svipuðum fylgiskjólum með sendingum sem heimilt er að flytja án atbeina pósthjónustunnar.

2.1.1.2. Póstsendingar skv. 2.1.1.1. sem koma frá útlöndum og eiga að fara til viðtakenda hér á landi eða flytjast áfram með íslensku flutningafyrirtæki eða um íslenskt póstsæði, skulu þegar í stað afhentar starfsmönnum pósthjónustunnar.

2.1.1.3. Á þeim stöðum, þar sem pósti- og símamálastofnunin hefur komið á daglegum pósthjónustu a. m. k. fimm sinnum í viku, má enginn hafa atvinnu af að safna saman, flytja eða bera út sendingar þar sem greinir í 2.1.1.1.

2.1.2. Skyldur pósthjónustugjafa.

2.1.2.1. Pósthjónustugjafi, hvort heldur sem þeir eru starfsmenn pósti- og símamálastofnunarinnar eða flutningaáðila sem á hennar vegum annast pósthjónustu, er óheimilt að flytja sjálfir eða hafa meðferðis sendingar utan pósthjónustunnar. Flutningafyrirtækjum sem halda uppi reglubundnum farþegaflutningum, er þó heimilt að flytja slíkar sendingar utan pósthjónustunnar með flutningatækjum sínum milli starfsstöðva fyrirtækisins enda varði þær starfsemi þess.

Enn fremur má flytja fyrrnefndar sendingar utan pósts ef þær eru frímerktaðar skv. gildandi gjaldskrá fyrir pósthjónustu og frímerkin síðan gerð ógild eða þegar einhver flytur sendingar fyrir sjálfan sig eða áðila sem hann starfar fyrir.

2.1.3. Merki pósthjónustunnar.

2.1.3.1. Óheimilt er óviðkomandi aðilum að nota merki pósthjónustunnar sem er pósthjónustumerki með stjörnum og örvum í gegn.

Enn fremur er óheimilt að setja upp á almannafæri neitt það er að lit, lögun og gerð líkist pósthjónustumerki pósthjónustunnar.

3.1. PÓSTLEYND.**3.1.1. Þagnarskylda.**

3.1.1.1. Starfsmönnum póst- og símamálastofnunarinnar er óheimilt að gefa óviðkomandi aðilum upplýsingar um það hverjir nota póstinn eða á hvern hátt hann er notaður, né heldur gefa neinum tækifæri til þess að verða sér úti um slíka vitneskju. Enn fremur er óheimilt að opna eða lesa það sem látið er í póst til flutnings. Þagnarskyldan helst þótt starfsmaður láti af störfum.

3.1.2. Sérákvæði um óskilasendingar.

3.1.2.1. Heimilt er þrátt fyrir ákvæði í 3.1.1.1. að opna þær póstsendingar sem ekki er hægt að koma til skila, til að freista þess að komast að því hverjir sendendur séu svo að unnt sé að endursenda þær. Slíkar sendingar skulu opnaðar í viðurvist votts af þeim starfsmanni sem póst- og símamálastjóri tilnefni.

3.1.2.2. Verði hægt að komast að því hver sendandi sé, með því að opna sendingu, er hún send honum í sérstöku umslagi þar sem þess er m. a. getið af hverju sendingin hefur verið opnuð. Fáist engar upplýsingar um sendanda með því að opna sendinguna, eða reynist ógerlegt að ná til hans, eru sendingar, sem geyma reiðufé eða aðra muni er meta má til verðs, teknar í geymslu, en aðrar sendingar eyðilagðar undir umsjón þeirra er hafa opnað þær.

3.1.2.3. Auk þess sem greint er í 3.1.2.1. er í undantekningartilfellum heimilt að opna sendingar þegar það er óhjákvæmilegt vegna flutnings þeirra eða til að kanna hugsanlegar skemmdir á innihaldi. Að athugun lokinni skal ganga frá sendingunni á ný og eftirfarandi athugasemd rituð á hana „Opnað í embættisnafni“ ásamt dagsetningu og undirskrift viðkomandi yfirmanns og eins votts.

3.1.2.4. Einungis er heimilt að veita upplýsingar um notkun póst að undangengnum dómsúrskurði eða skv. heimild í öðrum lögum. Ráðherra ákveður hvort dómsúrskurði skuli áfrýja.

3.1.2.5. Hafi sendinga þeirra, sem getið er í 3.1.2.2. og hafa verið teknar í geymslu, ekki verið vitjað innan árs frá þeim tíma er þær voru póstagðar, skal auglýsa þær í Lögbirtingablaðinu. Vitji þeirra enginn innan þriggja mánaða frá auglýsingu skal selja þær til hagnaðar fyrir póst- og símamálastofnunina.

4.1. **PÓSTMEÐFERÐ.**

4.1.1. **Póststöðvar.**

- 4.1.1.1. Póststöðvum landsins er skipt í fjóra flokka, póstmíðstöðvar, póstafréiðslur, póstútíbú og bréfhirðingar.
- 4.1.1.2. Póstmíðstöðvar hafa einkum með höndum verkefni er lúta að söfnun, flokkun, beiningu og afgreiðslu pósts til annarra póststöðva innanlands eða til viðskipta-póststöðva erlendis.
- 4.1.1.3. Póstafréiðslur hafa með höndum öll almenn póststörf. Það hafa póstútíbú og bréfhirðingar einnig, þó með vissum undantekningum. Þá geta bréfhirðingar ekki sjálfar gefið út póstávísanir, heldur verða þær að senda þær ásamt peningunum til póstafréiðslu þeirrar, sem þær heyra undir. Símapóstávísanir verða ekki sendar frá bréfhirðingu eða til hennar.
- 4.1.1.4. Póststöðvar skal jafnan kenna við staði þá þar sem þær eru. Séu fleiri en ein póststöð á sama stað, skal í dagstimpil hverrar um sig setja tölustaf eða annað auðkenni.

4.1.2. **Afgreiðslutími fyrir almenning.**

- 4.1.2.1. Póst- og símamálastofnunin ákveður hver vera skuli afgreiðslutími fyrir almenning á hverri póststöð. Á póstafréiðslum og póstútíbúum skal birt auglýsing um hann á staðnum.
- 4.1.2.2. Póstsendingum er veitt viðtaka allan þann tíma, sem póststöð er opin, en sé óskað eftir því, að sending fari með ákveðinni póstferð, verður að skila henni svo löngu á undan burtfarartíma póstsins sem viðkomandi póststöð krefst.
- 4.1.2.3. Á póststöðvum, öðrum en bréfhirðingum, skal almenningurinn vera vandlega aðgreindur frá öðrum hluta húsrýmisins með afgreiðsluborði eða slíku.
- 4.1.2.4. Óviðkomandi er stranglega bannaður aðgangur að húsrými því þar sem unnið er við póst.

4.1.3. **Póstkassar.**

- 4.1.3.1. Á öllum póststöðvum, öðrum en bréfhirðingum, skal vera póstkassi, sem tæma ber stuttu áður en póstur fer. Í þéttbýli, skal þar að auki setja upp póstkassa eftir þörfum og skulu þeir tæmdir eigi sjaldnar en tvisvar á dag á virkum dögum. Að jafnaði skal auglýsa á póstkössum, hvenær þeir eru tæmdir.
- 4.1.3.2. Einstaklingum og stofnunum er óheimilt að setja upp á almannafæri póstkassa, sem að lit, lögun og gerð eru áberandi líkir póstkössum póstþjónustunnar.

4.1.4. **Viðskipti við almenning. Afgreiðsla.**

- 4.1.4.1. Póstmönnum ber að sýna almenningi lipurð og kurteisi og veita fúslega allar upplýsingar um burðargjöld, forboð, hvernig búa skal um póstsendingar, um útfyllingu eyðublaða, póstferðir o. s. frv. eftir því sem þeim er unnt og svo fremi það brjóti ekki í bága við þagnarskyldu þeirra.
- 4.1.4.2. Póstmönnum ber að sjá um, að í afgreiðslurými sé öllu sem haganlegast fyrir komið.
- 4.1.4.3. Hirslum, sem í eru peningar, frímerki eða önnur verðmæti, skal afgreiðslumaðurinn ætíð læsa, ef hann þarf að bregða sér frá.

4.1.5. Viðskipti við almenning. Eyðublöð.

- 4.1.5.1. Eyðublöð þau, sem almenningur þarf að nota, skulu jafnan vera fyrirbyggjandi á póststöðvunum. Póst- og símamálastofnunin ákveður verð eyðublaðanna, svo og hvort þau skuli látin í té ókeypis.
- 4.1.5.2. Á póstafréiðslum og póstuþibúum skal að jafnaði liggja frammi, almenningi til afnota, eitt eintak af póstlögum, reglugerð fyrir póstpjónustu, póststöðvaskrá, gjaldskrá, bæjatali, póstnúmeraskrá og póstáætlunabók. Forstöðumönnum þessara póststöðva ber að sjá um, að bækur þessar séu jafnan leiðréttar í samræmi við tilkynningu póst- og símamálastofnunarinnar á hverjum tíma.

4.2. MEÐFERÐ PÓSTS Á VIÐTÖKUPÓSTSTÖÐ.

4.2.1. Tölusetningarmiðar.

- 4.2.1.1. Á ábyrgðarsendingar, skal líma hvítan miða með nafni viðtökupóststöðvar, stafnum „R“ og raðtölu. Á verðbréf ljósrauðan miða með stafnum „V“ nafni viðtökupóststöðvar og raðtölu. Miðarnir skulu ekki vera minni en 37x13 mm og eigi stærri en 50x20 mm. Sendandanum er heimilt með sérstöku leyfi að prenta þessa miða sjálfir eða fyrirmynd þeirra beint á sendinguna.
- 4.2.1.2. Á almenna böggla og fylgibréf þeirra skal líma hvítan miða með svörtum stöfum og á verðböggla auk þess merkimiðann „Valeur déclarée“.
- 4.2.1.3. Miða þessa fá pósthöndvar eftir þörfum. Þar sem því verður viðkomið skal afgreiðslumaður líma tölusetningarmiðana á sendingarnar þegar í stað við viðtöku þeirra.
- 4.2.1.4. Á ábyrgðarsendingar og verðsendingar skal miðinn settur á sendinguna utanáskriftarmegin til vinstri. Miðann má ekki líma yfir frímerki eða aðra álímda miða, og ekki má hann heldur vera beygður yfir brún sendingarinnar.
- 4.2.1.5. Böggلاميðinn er í tveimur hlutum, minni hluta, sem líma skal á fylgibréfið á þar til ætlaðan stað, og stærri hluta, sem líma skal á sjálfan böggulinn, vinstra megin út undan nafni ákvörðunarpósthöndvar. Sé utanáskrift á viðbundnum merkiseðli, skal miðinn settur sem næst þeim stað á bögglinum, sem merkiseðillinn er bundinn við. Á merkiseðilinn má ekki líma miðann, nema ekki sé unnt að líma hann tryggilega á sjálfan böggulinn.
- 4.2.1.6. Séu fleiri en einn böggull látinn fylgja sama fylgibréfi, sbr. grein 1.4.7.4. skulu miðarnir límdir á fylgibréfið, hver niður undir öðrum í réttu töluröð.
- 4.2.1.7. Þess skal gætt, að þeir sendendur, sem tölusetja ábyrgðarsendingar og böggla sjálfir, noti eigi lægra númer en 4000, en númer þar fyrir neðan séu eingöngu til notkunar á pósthöndvunum sjálfum. Á tölusetningarmiða, sem bankar eða aðrar stofnanir nota skv. heimild pósthöndvar til að tölusetja sjálfir sendingar sínar, má fyrir neðan nafn pósthöndvar prenta smáu lettri nafn þeirrar stofnunar eða fyrirtækis, sem í hlut á.
- 4.2.1.8. Eftirmynd framangreindra miða má með sérstöku leyfi prenta á umslag eða umbúðir.
- 4.2.2. **Aðrir miðar.**
- 4.2.2.1. Miða sem pósthöndvar kunna að líma á fylgibréf eða önnur eyðublöð má ekki líma á afklippinginn. Gæta þarf þess, að líma þá ekki yfir áletranir á fylgibréfi eða sendingu.
- 4.2.2.2. Á hraðboðasendingar skal líma rauðan miða með áletruninni „Hraðboðasending — Exprès“. Sé um böggul að ræða, verður að líma sinn miðann á hvort, böggul og fylgibréf.
- 4.2.2.3. Á flugpósthöndvar skal líma bláan miða með áletruninni „Flugpóstur — Par avion“. Sé um böggla að ræða, verður að líma sinn miðann á hvort, böggul og fylgibréf.
- 4.2.2.4. Á pósthöndfusendingar skal líma appelsínugulan miða, þríhyrndan. Þá láta pósthöndvar einnig í té miða til að líma á brothætta böggla og rúmfreka, sem og sendingar í skipspósti.
- 4.2.2.5. Á bréfaþósthöndvar með tollskyldu innihaldi til útlanda skal líma grænan tollmiða (ebl. C 1) og á alla smápakka þar að auki gráan miða með áletruninni „petit paquet — smápakki“.
- 4.2.2.6. Eftirmynd framangreindra miða má með sérstöku leyfi prenta á umslög eða umbúðir.

4.2.3. **Bókfærsla.**

- 4.2.3.1. Í innfærslubók (ebl. 567) skal skrá jafnóðum og í töluröð allar ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggla.
- 4.2.3.2. Sendendur, sem nota póstkvittunarbækur í tvíriti (ebl. 567 b) og tölusetja sjálfir sendingar sínar, skulu letra raðtölu hvernar sendingar um sig í viðeigandi línu ásamt nafni viðtakanda og póststöð (ákvörðunarstað). Slíkar sendingar eru ekki færðar inn í innfærslubókina, en frumrit viðeigandi blaðsíðu úr póstkvittunarbókinni er síðan geymt, flokkað eftir sendendum.
- 4.2.3.3. Bókina skal færa eins og form hennar segir til um, og í hana má einungis skrifa með bleki.
- 4.2.3.4. Innborgaðar póstávísanir skal færa á lista yfir innborgaðar póstávísanir (ebl. 570), eins og form hans segir til um. Lista þessa skal senda endurskoðuninni á 10 daga fresti. Sérstök bók er fyrir innlendar póstávísanir og sérstök fyrir útlendar.
- 4.2.3.5. Innborgaðar póstávísanir skal senda útborgunarpóststöð með fyrstu ferð sem fellur. Nota skal hin sérstöku umslög, sem til þess eru ætluð (ebl. 535).

4.2.4. **Notkun dagstimpils.**

- 4.2.4.1. Allar póstsendingar, að undanskildum innrituðum blöðum og tímaritum, fjöldasendingum, og utanáskriftarlausum sendingum skal stimpla á viðtökupóststöð með dagstimpli, er sýni nafn póststöðvar og viðtökudag sendingarinnar. Sendingar, frímerktar með frímerkingarvél, þarf þó ekki að dagstimpla, nema hin áprentaða dagsetning sé röng.
- 4.2.4.2. Stimpla skal með dagstimpli öll íslensk frímerki, sem á sendingunni kunna að vera, nema ógild séu, hvort sem til þess þarf eina stimplun eða fleiri. Stimpillinn þarf ekki að þekja nema um þriðja hluta hvers frímerkis.
- 4.2.4.3. Eftirtaldar aðkomnar póstsendingar skal dagstimpla á bakhlið (póstkort á framhlið hægra megin): Sendingar skakkt sendar og sendar áfram, óskilasendingar, hraðboðasendingar, poste restante sendingar, ábyrgðarsendingar og verðsendingar. Auk þess skal stimpla á póstkröfueyðublað við komu í viðeigandi reit, (komustimpill).
- 4.2.4.4. Gæta skal þess að stimplar séu hreinir og sýni réttan dag.
- 4.2.4.5. Skipsbréf, þ. e. bréf, sem póstlögð hafa verið um borð á skipi í rúmsjó, skal dagstimpla á því pósthúsi, sem bréfin fær til áframflutnings. Jafnframt skal letra eða stimpla á bréfin orðið „paquebot“.

4.2.5. **Forboð.**

- 4.2.5.1. Ekki eru leyfðar þær póstsendingar, sem með umbúnaði sínum geta verið hættulegar fyrir póstmenn, óhreinkað eða skemmt aðrar sendingar eða búnað póstsins. Málmkrækjur til þess að loka sendingum mega ekki vera beittar. Þær mega heldur ekki torvela póststörfin.
- 4.2.5.2. Sendingar, aðrar en ábyrgðarbréf í lokuðu umslagi verðbréf, og verðbögglar mega ekki innihalda mótaða peninga, bankaseðla, peningaseðla eða neins konar verðskjöl á handhafa, ferðatékka, platínu, gull eða silfur, unnið eða óunnið, dýra steina, skartgrip og aðra dýrgrip.
- 4.2.5.3. Að því undanteknu, er segir í gr. 1.3.4., 1.3.5., 1.3.6. og 1.3.7. skulu prent, blindaprent og smápakkar:
- Ekki bera utan á sér neina orðsendingu né innihalda neitt skjal, er talist geti hreinar persónulegar bréfaskriftir.
 - Ekki innihalda neitt frímerki né neinn póstgjaldsmíða, stimplaðan eða óstimplaðan, né neitt skjal, er vísi til verðs.

- 4.2.5.4. Óheimilt er að láta eftirtalda hluti í póstsendingar:
- a) Hluti, sem samkvæmt eðli sínu geta skapað hættu eða valdið skemmdum þeim, sem greinir í 4.2.5.1.
 - b) Fíkniefni og ofskynjunarefni.
 - c) Lifandi dýr, að undanteknum:
 - 1° Býflugum, blóðsugum, silkiormum og ánamöðkum (innanlands).
 - 2° Sníkjum og öðrum lífverum til eyðingar á þessum skorkvikindum, sem sendar eru milli opinberlega viðurkenndra stofnana.Undantekningarnar, sem getið er í tölulið 1° og 2°, gilda þó ekki um verðbréf.
 - d) Sprengihætta, eldfima og aðra hættulega hluti; þó falla ekki undir þetta forboð líffræðilega auðskemmd efni og geislavirk efni, sem greind eru í 1.2.3., 1.2.4. og 1.2.5.
 - e) Klámfenga eða ósæmilega hluti.
 - f) Til útlanda hluti, sem bannaður er innflutningur á eða dreifing í viðkomandi landi.
 - g) Miða, tilkynningar eða auglýsingar frá útlendum happdrættum.
 - g) Skjöl sem í eðli sínu eru persónulegar bréfaskriftir og skipst er á milli annarra en sendanda og viðtakanda eða fólks sem býr með þeim.
- 4.2.5.5. Auk ofangreinds er bannað að senda með flugpósti þau efni sem bönnuð kunna að vera í reglugerð um flutning hættulegra efna með loftförum.
- 4.2.5.6. Leiki grunur á, að sendingu beri að vísa frá póstflutningi má krefjast þess, að sendandi eða viðtakandi opni sendingu í viðurvist póstmanns. Sé kröfunni ekki sinnt, má neita að taka við sendingunni eða fara með hana sem óskilasendingu, sé hún komin í vörslu póstpjónustunnar. Sé þagað um innihald slíkra sendinga eða rangt frá skýrt, er sendandi bótaskyldur fyrir skaða þeim, er af flutningi sendingarinnar kann að hljóta. Auk þess skal hann sæta sektum.
- 4.2.5.7. Heimilt er þrátt fyrir framangreind ákvæði að veita undanþágur fyrir flutningi ef komið er í veg fyrir hættu eða óhagræði af honum eins og frekast er unnt eða með sérstökum ráðstöfunum og ástæður að öðru leyti mæla með flutningnum.

4.3. MILLIVÐSKIPTI PÓSTSTÖÐVA INNANLANDS.

4.3.1. **Flutningur póstsendinga.**

4.3.1.1. Innanlands eru allar tegundir póstsendinga fluttar með áætlunarbifreiðum, flugvélum, skipum, vöruflutningabifreiðum og landpóstum. Hver sá, sem heldur uppi reglubundnum flutningum er skyldur til að flytja póst milli endastöðvanna og póststöðvanna á leiðinni, sé þess krafist, og láta hann ganga fyrir öðrum flutningi.

4.3.1.2. Milli landa eru allar tegundir póstsendinga fluttar með flugvélum og skipum, og skal póstur ætíð ganga fyrir öðrum flutningi.

4.3.1.3. Póstflutning skulu póstflytjendur geyma á öruggum stað, og bera þeir á honum ábyrgð frá því þeir taka við honum og þar til ákvörðunarpóststöð hefur tekið við honum úr þeirra hendi athugasemdalaust.

4.3.1.4. Póst- og símamálastofnunin gefur út póstaætlanabók, þar sem upplýsingum um reglubundnar póstferðir eru safnað saman á einn stað.

4.3.2. **Póstsendingaskrá.**

4.3.2.1. Sérhverjum póstflutningi (afgreiðslu) skal fylgja póstsendingaskrá (ebl. 517), sem er í heftum þannig að afrit skrárinnar verður eftir í heftinu, en frumritið skal senda með póstflutningnum.

4.3.2.2. Skrárnar skal tölusetja í áframhaldandi töluröð yfir árið fyrir hverja ákvörðunarpóststöð um sig. Á fyrstu skrá ársins skal að auki tilgreina tölu síðustu skrár ársins á undan, t. d. 150/1.

4.3.2.3. Áður en færslan hefst, skal dagstimpla skrána og fylla út haus hennar, eins og hinn prentaði texti segir til um.

4.3.2.4. Á skrána skal færa nöfn viðtakenda og númer á hverju ábyrgðarbréfi og verðbréfi, svo og tilgreint verð. Á sama hátt skal farið með alla böggla. Séu lausir bögglar í afgreiðslu skal þess getið í athugasemdadálki. Í athugasemdadálki skal geta þess, ef póstkrafa hvílir á einhverri sendingunni, eins ef hún á að berast út með hraðboða eða er endursend. Þess skal og getið í skránni, ef almennar hraðboðasendingar eru í flutningnum.

4.3.3. **Skrárumslag.**

4.3.3.1. Skráin er, að færslu lokinni, sett í skárumslag, ásamt ábyrgðarbréfum, verðbréfum, hraðboðasendingum og bögglafylgibréfum. Bera skal saman sendingar og færslur, og skulu tveir starfsmenn annast þann samanburð, sé þess kostur. Undirrita þeir síðan skrána báðir.

4.3.3.2. Séu sendingar þær, sem um getur í 4.3.3.1., fleiri en svo, að þær komist í skárumslagið, skal pakka þeim vandlega inn í sterkan pappír eða þar til gerðan plastpoka sem síðan skal innsigla á videigandi hátt. Í skárumslaginu skulu þá aðeins vera, auk skrárinnar sjálfrar, hugsanlegar hraðboðasendingar.

4.3.3.3. Skárumslagið og verðbréfapakkann, ef svo ber undir, skal setja í verðpóstpoka, rauðan að lit. Almennar sendingar skal auk þess setja í verðpokann, ef þær eru einungis fáar. Fyrir pokann skal síðan rammlega bundið og í fyrirbandið fest merkispjald, rautt að lit, sem á skal letrað bæði nafn sendi- og ákvörðunarpóststöðva. Að lokum skal innsigla pokann með málminnsigli.

4.3.4. Póstflutningsskrá.

4.3.4.1. Áður en póstflutningur er fenginn póstflytjanda, skal veða póstinn og fylla út póstflutningsskrá í jafn mörgum eintökum og ákvörðunarpóststöðvar eru, auk eins fyrir sendipóststöðina og eins fyrir flytjanda, eins og form hennar segir til um, ebl. 525a fyrir skips- og bílpóst, en ebl. 525b fyrir flugpóst. Jafnframt er pósturinn færður inn í póstabók (ebl. 588). Póstflytjandi skal kvitta fyrir móttöku póstflutnings á eitt eintak skrárinnar, sem sendipóststöð skal geyma vandlega.

4.3.4.2. Þegar póstflytjandi hefur tekið við póstflutningi, telst hann ábyrgur fyrir honum og er skyldur til að bæta allt tjón og tap, er hljótast kann, meðan á flutningi stendur.

4.3.4.3. Póstflytjandi afhendir ákvörðunarpóststöð og póstflutninginn ásamt tveimur eintökum póstflutningsskrárinnar. Þegar ákvörðunarpóststöðin hefur fullvissað sig um, að mótttekinn póstflutningur sé í samræmi við það, sem á skrána er letrað og ásigkomulag hans sé óaðfinnanlegt, fær það póstflytjanda annað eintak skrárinnar undirritað, en heldur hinu, sem geyma skal vandlega.

4.3.5. Flokkun og beining póst.

4.3.5.1. Póst skal afgreiða og senda um landið í samræmi við póståætlun, sem gerð er af pósthjónustudeild og send öllum hlutaðeigandi, nema óviðráðanlegar aðstæður hamli svo sem ef ferðir falla niður vegna ófærðar o. s. frv.

4.3.5.2. Póstsendingar til staða innanlands skulu flokkaðar eftir póstnúmerum. Póstsendingar til útlanda skulu flokkaðar eftir löndum.

4.3.5.3. Bréfaþóstsendingar skulu að flokkun lokinni bundnar í knippi eftir póstnúmerum (innlendar sendingar) og ákvörðunarlöndum (sendingar til útlanda).

4.3.5.4. Póstsendingar, sem flytja á um aðra póststöð skulu þó eigi bundnar í knippi eftir póstnúmerum, nema a. m. k. 10 sendingar verði í hverju knippi um sig miðað við 20—50 gramma bréf. Í slíkum tilfellum skulu sendingar bundnar í knippi eftir fyrsta tölustaf póstnúmeranna. Sendingar til útlanda skulu bundnar í knippi og merktar „útlönd“.

4.3.5.5. Á öllum knippum skal vera merkimiði með póstnúmeri og nafni ákvörðunarpóststöðvar og stimpli afgreiðslupóststöðvar.

4.3.5.6. Póstur skal afgreiddur (skráður) sem hér segir:

- a) Til allra póststöðva í hlutaðeigandi pósthleifið samkvæmt áætlunum (í pokum eða bréfaumslögum eftir magni).
- b) Til annarra póststöðva innanlands í opnum eða lokuðum flutningi eftir magni hverju sinni.
- c) Ef fleiri en einn poki 10 kg að þyngd eða minna á að flytjast um aðra póststöð, skal setja þá í sérstakan safnpoka, enda séu þeir skráðir á póstsendingaskrá (ebl. 517).

4.3.6. Leiðréttingarskýrsla.

4.3.6.1. Reynist vanta poka, lausan böggul eða bréfaumslag, skal gera athugasemd þar að lútandi á skrána og taka skýrslu af póstflytjanda. Jafnframt skal síma til sendipóststöðvarinnar og tilkynna um vöntunina. Símtalið skal sömuleiðis staðfest í leiðréttingarskýrslu (ebl. 538), sem senda ber í ábyrgð með fyrstu

póstferð. Bæði sendi- og ákvörðunarpóststöð skulu þegar í stað gera allar hugsanlegar ráðstafanir til að finna það, sem vantaði, t. d. skal hafa samband við alla viðkomustaði pósthlytjandans. Reynist allt þetta árangurslaust, skal leita aðstoðar lögreglu og pósthjónustudeild send skýrsla um málið.

4.3.7. **Fjöldaskráning.**

4.3.7.1. Póst- og símamálastofnunin getur ákveðið, sem undantekningu frá 4.3.2.4., að í viðskiptum tiltekinna pósthlytjandna skuli ábyrgðarsendingar eða böggjar ekki færast hvert fyrir sig á skrána, heldur aðeins fjöldi þeirra. Skal þá rita heildartöluna á skrána og draga hring um hana, t. d. Áb 32. Ábyrgðarsendingar og böggjar, sem fara eiga til annars ákvörðunarstaðar en afgreitt var til skal þó ævinlega færa eina og eina, svo sem í 4.3.2.4. segir. Sama gildir um endursendar ábyrgðarsendingar og böggja.

4.4. MEÐFERÐ PÓSTS Á ÁKVÖRÐUNARPÓSTSTÖÐ.

4.4.1. Uptaka póst.

4.4.1.1. Tveir starfsmenn skulu standa að því sameiginlega að taka upp póst, svo framarlega sem það er unnt. Fyrst skulu þeir ganga úr skugga um, að fyrirbönd og innsigli sé eins og vera ber, en opna síðan verðpóstpokann og bera innihald hans saman við skrána, eftir því sem við á, og að auki fylgibréf við böggla. Að þessum samanburði loknum, kvitta þeir á skrána og fullvissa sig jafnframt um, að rétt númer sé á henni, miðað við næstu skrá á undan frá sömu sendipóststöð. Reynist svo ekki vera, skal senda leiðréttingarskýrslu til sendipóststöðvar.

4.4.1.2. Komi í ljós, að sendingar vanti, gleymst hafi að færa þær á skrána, þær hafi skaddast eða eyðilagst eða um ónákvæmni í innfærslu sé að ræða, skal útbúa leiðréttingarskýrslu til handa sendipóststöð. Séu skemmdir slíkar, að ætla megi, að innihald vanti að einhverju eða öllu leyti, skal kveðja viðtakanda til að gera skýrslu um málið, sem sendist póst- og símamálastofnuninni.

4.4.1.3. Við upptöku á pósti skal venda öllum pokum þannig, að tryggt sé að engar sendingar verði eftir í þeim.

4.4.1.4. Alla tóma póstpoka, sem ekki þarf að nota, skal senda Póstmiðstöðinni í Reykjavík.

4.4.2. Bókfærsla.

4.4.2.1. Ábyrgðarsendingar, verðbréf- og bögglar og almennir bögglar skulu bókfærast í innfærslubók (ebl. 568) þegar við komu eða þegar stimplun er lokið, eins og form bókarinnar segir til um. Í bækur þessar skal skrifa með bleki. Viðtakendur sendinga þessara kvitta í innfærslubókina fyrir móttöku þeirra, nema um sé að ræða böggla, þá á fylgibréfin.

4.4.2.2. Hvíli póstkrafa á ofangreindum sendingum, skal að auki færa þær í póstkröfubók (ebl. 572), eins og form hennar segir til um. Jafnóðum og kröfur eru leystar inn (eða endursendar óinnleystar), skal rita dagsetninguna, þegar þær eru innleystar (endursendar).

4.4.2.3. Allar þessar sendingar skulu tölusetjast með svonefndu komunúmeri, í áframhaldandi röð fyrir hverja tegund sendingar og hvern mánuð.

4.4.2.4. Póst- og símamálastofnunin getur heimilað, að innlendar ábyrgðarsendingar og almennir bögglar séu ekki færðir í innfærslubók. Viðtakendur ábyrgðarsendinga kvitta fyrir móttöku sendinganna á tilkynningareyðublöðin (ebl. 580), sem svo geymast á sama hátt og kvittuð fylgibréf, eftir afhendingardögum og í stafrófsröð viðtakenda.

4.4.2.5. Fylgibréf skulu geymd á tryggan hátt í eitt ár, en sendast síðan til endurskoðunar póstávísana.

4.4.2.6. Póstávísanir skulu að útborgun lokinni færast á lista yfir útborgaðar póstávísanir (ebl. 534b), sem sendist Endurskoðun póstávísana á 10 daga fresti.

4.4.3. Skaddaðar póstsendingar.

4.4.3.1. Hafi umbúðir almennrar bréfaþóstsendingar eða ábyrgðarsendingar opnast eða skaddast þannig, að ná megi til innihaldsins, skal búa um sendinguna á ný í gegnsætt umslag eða með límræmu, sem á skal letra eða stimpla nafn póststöðvar og að búið hafi verið um sendinguna að nýju.

- 4.4.3.2. Séu peningar eða verðmæti í sendingunni og ná megi til þeirra, skal viðkomandi starfsmaður kalla til annan starfsmann til að vera vitni. Skulu þeir í sameiningu kanna innihaldið og skrá niðurstöður þeirrar athugunar utan á umbúðirnar, er þeir hafa búið um hana á ný. Hafi verið um almenna bréfaþóstsendingu að ræða, skal hún send áfram í ábyrgð og viðtakandi krafinn um ábyrgðargjald.
- 4.4.3.3. Bögglar, sem bera merki þess að innihaldið hafi skemmst í flutningi, skulu teknir til videigandi meðferðar og umbúnir á ný, ef þörf krefur. Letra skal á þá athugasemd þar að lútandi.
- 4.4.3.4. Beri póstsending ótvíræð merki þess, að frímerki hafi dottið eða verið tekið af henni, skal hún, án tillits til þess, hvort frímerki þau, sem eftir eru, sýni nægjanlegt burðargjald eða ekki, áletruð athugasemd um það.
- 4.4.3.5. Komi verðsending eða ábyrgðarsending til ákvörðunarpóststöðvar öðruvísi útbúin en fyrir er mælt, ber að gera viðtakanda, aðvart um það á tilkynningunni um sendinguna. Sama gildir og, ef umbúðir eru skaddaðar til muna, eða innsigli skaddað eða rofið.
- 4.4.3.6. Óski viðtakandi þess, að sending sé athuguð, er póstmaður sá, er afhendir sendinguna, skyldur til að vera viðstaddur meðan verið er að rannsaka hinn ytri umbúnað hennar. Séu umbúðir skaddaðar eða beri merki þess, að innihaldið hafi skaddast, getur viðtakandi krafist þess, að póstmaður sé viðstaddur, meðan sendingin er opnuð og innihaldið rannsakað, en það verður að gerast á póststöðinni um leið og sendingin er afhent.
- 4.4.3.7. Þegar um er að ræða verðsendingu, sem á er ritað, að talið hafi verið í við viðtöku, getur viðtakandi krafist, að póstmaður sá, er afhendir sendinguna, sé viðstaddur meðan talið er í henni, enda sé það gert á póststöðinni samstundis og afhending fer fram. Sjáist engar skemmdir á sendingu eða sé um að ræða verðsendingu, sem ekki hefur verið talið í af póstmanni við viðtöku, mega póstmenn ekki vera viðstaddir, þegar innihaldið er rannsakað.
- 4.4.3.8. Við tjón á bókfærðum sendingum skal undir öllum kringumstæðum útbúa tjónaskýrslu (ebl. CP 14) þar sem gerð er grein fyrir áorðnum skaða. Eitt eintak skýrslunnar skal senda upprunapósthúsi, annað eintak skal fylgja með sendingunni til ákvörðunarpósthúss og eitt eintak geymist á staðnum.

4.5. SKIL SENDINGA TIL VIÐTAKENDA.

4.5.1. Afhendingarhættir.

4.5.1.1. Sendingar má afhenda viðtakendum með eftirfarandi hætti:

a) Á pósthólinni þegar þær eru sóttar.

b) Með útburði af póstsins hálfu á heimili viðtakanda.

c) Með því að láta þær í pósthólf, er viðtakendur leigja á pósthöllum.

4.5.1.2. Sending, sem á er ritað „Sækist“, „Poste restante“ eða þvíumlíkt, afhendist aðeins á ákvörðunarpóststöð. Ef vísað er á sendingu til margra, má skila henni hverjum þeirra sem vera skal. Almenn bréfaþótsending, sem ber ekki rétt nafn viðtakanda, er afhent þeim, sem spyr um hana og getur skýrt nákvæmlega frá, hvornig utanáskriftinni er hagað. Ef margir gera kröfu til slíkrar sendingar og geta skýrt nákvæmlega frá utanáskriftinni, er sendingin ekki afhent, heldur farið með hana sem óskilasendingu.

4.5.1.3. Hafi maður orðið gjaldþrota og bú hans tekið til skiptameðferðar, má afhenda skiptaráðendum, eftir beiðni þeirra, allar lokaðar bréfa- og bögglaendingar til hans, svo og póst- og póstkrofuávísanir, nema almenn bréf, sem árituð eru „einkabréf“ eða á annan hátt bera með sér, að þau séu einkabréf. Verði hlutafélag, verslunarfélag, kaupfélag eða hver sú félagsstofnun önnur, sem tilkynnt er til hlutafélagaskrár eða samvinnufélagaskrár, gjaldþrota og tekin til skiptameðferðar, skal eftir kröfu skiptaráðenda skila þeim, er skiptin annast, öllum pótsendingum til hennar.

4.5.1.4. Sendingar til manna, sem sitja í fangelsi, skal afhenda eftir því, sem reglugerð fangelsisins mælir fyrir, eða þá rannsóknardómaranum. Sendingar skal afhenda dómurum, lögreglustjórum eða öðrum yfirvöldum, sem úrskurða, að þær skuli afhentar sér, og öðlast hafa með sérstökum lögum vald til að kveða upp slíkan úrskurð.

4.5.1.5. Sendingar til ómyndugra má afhenda þeim, sem að lögum hafa foreldra- eða fjárhaldsrétt yfir þeim. Sendingar til manna, sem látnir eru, skal afhenda þeim, er dánarbuin hafa til meðferðar, nema sending beri það með sér með áritun eða á annan hátt, að hún hafi átt að afhendast viðtakanda persónulega, og er hún þá endursend með viðeigandi skýringu áritaðri á sendinguna sjálfa.

4.5.2. Útburður pótsendinga með bréfberum í þéttbýli.

4.5.2.1. Á þeim stöðum, þar sem pósthólinni hefur verið komið á fót, eru almennar bréfaþótsendingar, innrituð blöð og tímarit og tilkynningar um ábyrgðar- og verðsendingar, póstaávísanir og böggla bornar út til viðtakenda.

4.5.2.2. Almennar bréfaþótsendingar teljast löglega afhentar, er bréfberi hefur fengið þær í hendur viðtakanda sjálfum eða einhverjum á heimili hans, eða látið þær í gegnum bréfarifu á íbúðarhurð viðtakanda eða í bréfaþótskassa. Ólögleg telst aftur afhending sendingar, ef bréfberi skilur hana eftir í annarri íbúð, þótt í sama húsi sé, eða biður einhvern fyrir hana, sem ekki býr á sama heimili og viðtakandi.

4.5.2.3. Bréfberinn skilar pótsendingum af sér í sömu röð og bústaðir viðtakenda liggja í leið hans, nema sérstaklega standi á. Geti bréfberi ekki skilað sendingum, er gerð tilraun til afhendingar í næsta útburði á eftir. Beri sú tilraun ekki árangur heldur, er farið með sendingarnar sem óskilasendingar.

4.5.3. **Útburður póstsendinga með landpóstum.**

- 4.5.3.1. Landpóstar annast skil á og veita viðtöku póstsendingum í dreifbýli eins og hér segir:
- Bréfaþóstsendingum (bréf, póstkort, prentað mál, smápakkar, innrituð blöð og tímarit), almennum og bókfærðum.
 - Bögglaþóstsendingum.
 - Innheimtu á póströfum, inn- og útborgun póstávísana, giróinn- og útborganir.
 - Önnur störf sem þeim kunna að vera falin af póst- og símamálastofnuninni og samrýmast starfi þeirra.
- 4.5.3.2. Landpóstar leggja til eigin farartæki og verða þau að vera þannig útbúin að nota megi í misjafnri færð og veðrum svo póstdreifing sé sem öruggust og í samræmi við áætlun.
- 4.5.3.3. Bifreiðar landpósta skulu vera auðkenndar með skilti á áberandi stað á bifreiðinni með orðinu „PÓSTUR“. Póst- og símamálastofnunin leggur til skilti þessi og festingar, en eigendur bifreiðanna sjá um uppsetningu. Skilti þessi skulu vera þannig útbúin, að hægt sé á auðveldan hátt að taka þau niður.
- 4.5.3.4. Póst- og símamálastofnunin leggur landpóstum til áhöld og annan búnað sem þeim ber að hafa með sér og nauðsynleg eru vegna starfsins, svo sem:
- Stimpil með heiti stofnunarinnar og póststöðvarinnar sem þeir starfa hjá.
 - Bréfavog.
 - Peningakassa.
 - Sjóð (sjá 4.5.3.5.)
 - Eyðublöð.
 - Tösku, sem rúmar það sem getið er um í liðum 4.5.3.4. a)—e).
- 4.5.3.5. Stærð sjóðs skal ákveðin af hlutaðeigandi stöðvarstjóra eftir þörfum og skal hluti hans vera í eyðublöðum og frímerkjum fyrir algengustu burðargjöldum. Landpóstar gera vikulega sjóðsyfirlit og afhenda það stöðvarstjóra. Uppgjör vegna inn- og útborgana skal fara fram að lokinni hverri ferð, ef því verður við komið, eða í síðasta lagi við upphaf næstu ferðar.
- 4.5.3.6. Landpóstar skulu starfa samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun, sem tengist póstflutningum til og frá viðkomandi póststöð á sem hentugastan hátt.
- 4.5.3.7. Landpóstar eru ábyrgir fyrir póstsendingum frá því að þeir taka við þeim og þar til þeim er skilað til réttis aðila. Einnig eru þeir ábyrgir fyrir þeim fjárreiðum og áhöldum sem þeir hafa undir höndum á vegum póst- og símamálastofnunarinnar.
- 4.5.3.8. Landpóstar skulu gæta fyllsta öryggis við meðferð póstsendinga, fjármuna og annars, sem þeim er trúað fyrir og mega þeir t. d. ekki yfirgefa bifreið sína nema hún sé læst. Landpóstar mega ekki í póstferðum taka upp í bifreið og flytja farþega nema starfsmenn póst- og símamálastofnunarinnar.
- 4.5.4. **Uppsetning einkapóstkassa.**
- 4.5.4.1. Í þéttbýli og annars staðar þar sem bréfaútburður fer fram, er sett það skilyrði fyrir útburði, að kassar eða bréfarifur séu á eða við útihurðir ein- tví- og þrjúbýlishúsa, en þar sem fleiri en 3 íbúðir hafa sameiginlegan inngang, skulu húseigendur setja upp póstkassasamstæður.
- 4.5.4.2. Bréfarifur skulu vera minnst 25 x 260 mm að stærð og staðsettar þannig, að hæð frá jörðu að neðri brún bréfarifu, sé ekki minni en 1000 mm og ekki meiri en 1200 mm.

- 4.5.4.3. Póstkassasamstæður skulu vera staðsettar á neðstu hæð, sem næst aðalanddyri, sem bréfberi getur óhindrað gengið að og athafnað sig við skil póstsins. Lýsing við kassasamstæðu skal vera góð og a. m. k. sú sama og almennt er krafist í göngum og stigahúsum fjölbýlishúsa.
- 4.5.4.4. Við hverja bréfarifu og/eða á hverjum kassa skal vera skilti eða gluggi fyrir nöfn, minnst 26 x 100 mm, þar sem tilgreint er með stóru og skýru prentletri fullt nafn húsráðanda og annarra sem hjá honum búa. Ennfremur skal í fjölbýlishúsum tilgreina númer og auðkenni hæðar. Húsverðir eða húsfélög í fjölbýlishúsum skulu sjá um, að kassarnir séu rétt merktir á hverjum tíma og ber þeim einnig að útvega íbúalista fyrir viðkomandi hús. Innbyrðis staðsetning kassanna skal vera sem eðlilegust t. d. kassi fyrir íbúð á 1. hæð vera neðstur til vinstri í samstæðunni o. s. frv. Kassarnir skulu vera læstir og samstæðan vel fest við vegg, þannig að útilokað sé að bréf falli upp fyrir hana og glatist.
- 4.5.4.5. Staðsetning kassasamstæða á vegg skal vera þannig, að hæð frá gólfi að neðri brún neðstu bréfarifu sé ekki minni en 700 mm og hæð frá gólfi að efri brún efstu bréfarifu sé ekki meiri en 1750 mm. Staðsetning einstakra kassa skal vera þannig, að hæð frá gólfi að neðri brún bréfarifu sé ekki minni en 1000 mm og að efri brún bréfarifu ekki meiri en 1200 mm.
- 4.5.4.6. Þar sem bifreiðar eru notaðar við útburð pósts skal setja upp kassa við vegamót eða girðingarhlið og skulu slíkir kassar staðsettir þannig, að auðvelt sé að skila pósti í þá án þess að stíga þurfi út úr bifreiðinni. Þar sem heimreið er sameiginleg fyrir fleiri en eitt heimili (margbýli) skulu kassarnir settir upp hlið við hlið. Slíkir póstkassar mega ekki vera rauðir að lit, en að öðru leyti gilda um þá sömu reglur og um aðra einkapóstkassa.
- 4.5.4.7. Láti húseigandi undir höfuð leggjast að setja upp bréfarifu eða póstkassa skal póstmestari eða stöðvarstjóri tilkynna í ábyrgðarbréfi tiltekinn frest til uppsetningar.
- 4.5.4.8. Hlýði húseigandi ekki fyrirmælum þessum innan hins tiltekna frests, og færi hann ekki fram gildar ástæður fyrir því, tekur póst- og símamálastofnunin ákvörðun um, hvort útburði til hússins skuli hætta eða hvort ákvæðum skv. 36. gr. póstlaga skuli beitt, þ. e. viðtakandi tekinn úr póstsambandi.
- 4.5.5. **Afhending sendinga í pósthólf.**
- 4.5.5.1. Á vissum póststöðvum geta menn fengið leigð sérstök hólf, sem bréfaþóst-sendingum þess, sem leigir, er raðað í, og teljast sendingarnar þar með afhentar og á ábyrgð viðtakanda.
- 4.5.5.2. Póstsendingum eða tilkynningum um þær, ef svo ber undir, er raðað í hólfin svo fljótt sem unnt er eftir aðgreiningu aðkomins pósts. Í pósthólf skal aðeins láta þær sendingar sem hólfnúmer er tilgreint á. Forstöðumönnum póststöðva er þó heimilt að víkja frá þessari reglu þegar um viðskiptavini er að ræða, sem fá að jafnaði mikið magn póstsendinga, enda sé öllum starfsmönnum kunnugt um leigu hans á hólfinu.
- 4.5.5.3. Leigutaki pósthólfs getur ekki krafist þess, að sendingar til annarra en hans sjálfs séu látnar í pósthólf, og póstmönnum er ekki skylt, nema samþykki hlutaðeigandi forstöðumanns sé áður fengið, að raða bréfum til annarra en leigutaka sjálfs í hólf hans, enda þótt númer pósthólfsins sé ritað á bréfin. Raðist slíkt bréf samt sem áður í hólf, án þess að eftir sé tekið, ber póststöðin eða póst- og símamálastofnunin enga ábyrgð á afleiðingum, sem það kynni að hafa í för með sér.

- 4.5.5.4. Á meðan leigutaki hefur pósthólf á leigu, fær hann til afnota ókeypis einn lykil að hólfinu, sem skila ber á póststöðina, þegar leigu er lokið. Vilji leigutaki fá fleiri lykila, verður hann að greiða fyrir þá. Tapi leigutaki lykli, verður hann að kaupa nýjan og að auki kosta þá breytingu á læsingu, sem nauðsynleg er til þess, að ekki verði komist í hólfið með hinum lyklinum, ef leigutaki óskar eftir slíkri lagfæringu. Pósthólf fást ekki opnuð af póstmönnum til afhendingar á pósti úr þeim, nema alveg sérstakar ástæður liggja til þess. Börnum er alls ekki afhentur póstur úr hólfunum.
- 4.5.5.5. Leigutími pósthólfs er eitt ár í senn. Leigugjald er mismunandi eftir stærð hólfa, og ákveður póst- og símamálastofnunin hversu hátt það skuli vera. Leigugjaldið greiðist fyrirfram og fæst ekki endurgreitt, þótt leigutaki hætti að nota hólfið áður en leigutíminn er útrunninn. Leigutaka er óheimilt að framselja pósthólf til annarra, nema með fengnu leyfi hlutadeigandi forstöðumanns og þá aðeins fyrir þann tíma, sem leiga er greidd fyrir.
- 4.5.6. **Afhendingartími póstsendinga.**
- 4.5.6.1. Póstur, sem kemur til ákvörðunarpóststöðvar, skal vera tilbúinn til afhendingar viðtakendum eins fljótt og auðið er. Bréf og innrituð blöð og tímarit sem koma út oftast en tvisvar í viku, ganga alltaf fyrir prenti, smápökkum og böggjum, og mega þessar síðastnefndu sendingar jafnvel bíða til næsta dags, ef ekki hefur unnist tími til þess að ganga frá hinum fyrstnefndu.
- 4.5.6.2. Sé ekki hægt að koma innrituðum blöðum í fyrsta útburð, án þess að tefja eða seinka útburði bréfa, fer afhending blaða fram í næsta útburði á eftir.
- 4.5.6.3. Hraðboðasending eða tilkynning um hana er afhent viðtakanda eins fljótt og unnt er, og er hún ekki látin bíða hins almenna útburðar póstsendinga úr sömu ferð.
- 4.5.6.4. Hraðboðasending eða tilkynning um hana er aðeins borin út einu sinni, og takist þá ekki að afhenda hana, telst sendingin ekki lengur hraðboðasending, og fer þá um afhendingu hennar eins og annarra póstsendinga. Hraðboðagjald endurgreiðist ekki.
- 4.5.6.5. Sendendur póstsendinga getur ekki krafist þess, að sendingum sé komið til skila á tilteknum tíma eða dögum, þótt þeir riti slík fyrirmæli á sendingar sínar.
- 4.5.7. **Tilkynningar um komu.**
- 4.5.7.1. Viðtakandi verðsendingar, ábyrgðarsendingar, bögguls, póströfu, póstávísunar og innlausnarsendingar fær tilkynningu (ebl. 580,) um, að sendingin sé komin á póststöðina, nema útburði slíkra sendinga hafi verið komið á fót í viðkomandi umdæmi. Ennfremur er viðtakanda send tilkynning um almenna bréfaþóstsendingu, ef hún er þannig á sig komin, að hún samlagast ekki öðrum sendingum í útburði komist ekki í póstkassa viðtakanda eða ekki er hægt að raða henni í pósthólf vegna stærðar.
- 4.5.7.2. Tilkynningar þær, sem hér um ræðir, sendast viðtakendum sem fullgreiddar almennar bréfaþóstsendingar. Fyrir tilkynningar er ekkert gjald tekið.
- 4.5.8. **Afhending gegn kvittun.**
- 4.5.8.1. Verðsendingar, ábyrgðarsendingar, almennir böggjar, póströfusendingar og póstávísanir (þar með taldar póströfuávísanir og símapóstávísanir) fást aðeins afhentar eða útborgaðar (ávísanir) gegn löglegri kvittun viðtakanda eða umboðsmanns hans. Hafi sendandi gert athugasemd á sendinguna um, að hún

- afhendist eingöngu viðtakanda sjálfum ber honum að kvitta fyrir sendingunni, og er þá kvittun umboðsmanns ekki tekin gild.
- 4.5.8.2. Fyrir sendingar til opinberra stofnana skal kvitta samkvæmt gildandi reglum þeirrar stofnunar, sem í hlut á.
- 4.5.8.3. Fyrir sendingu eða fjármuni til hlutfélags, kaupfélags, verslunarfélags, banka, sjúkrasamlags og þvítíkra stofnana, skal kvittað af þeim, sem á hverjum tíma, samkvæmt skriflegri tilkynningu frá forráðamönnum stofnananna til hlutað-eigandi pósthöfva, er veitt heimild til þess að taka við sendingum eða fjármunum í nafni þeirrar stofnunar, sem í hlut á. Sendingar til félaga, sem ekki eru tilkynningarskyld, eru afhentar þeim, sem félagsstjórn hefur tilkynnt pósthöfva, að megi kvitta fyrir pósthöfva eða getur á annan hátt sýnt fullnægjandi skilríki fyrir því, að hann megi taka við þeim.
- 4.5.8.4. Sendingar þær, sem nefndar eru í 4.5.8.1. og fara eiga til manns eða félags, sem orðið er gjaldþrota, afhendist samkvæmt ákvæðum 4.5.1.3. og 4.5.1.4. í þessum kafla.
- 4.5.8.5. Sendingar þær, sem nefndar eru í 4.5.8.1. og fara eiga til manns, sem látinn er, skal afhenda forráðamönnum dánarbúsins eða skiptaráðanda, nema sendandi hafi óskað utanáskriftarbreytingar. Skorist forráðamenn dánarbúsins eða skiptaráðandi undan því að taka við sendingunni, telst hún í óskilum og endursendist til upprunastaðar.
- 4.5.8.6. Sendingar þær, sem nefndar eru í 4.5.8.1. og fara eiga til manna, sem liggja á sjúkrahúsum eða í sóttkví, og geta þess vegna ekki sjálfir kvittað fyrir sendingunum, skulu afhentar forstöðumönnum sjúkrahússins eða sóttvarnarstöðvarinnar, sem þá kvittar fyrir þeim í umboði sjúklingsins nema þeir hafi gert aðrar ráðstafanir gagnvart pósthöfva um afhendingu slíkra sendinga til sín.
- 4.5.8.7. Samkvæmt áfengislögum má hvorki afhenda áfengissendingar ölvuðu fólki né unglingum undir lögaldri.
- 4.5.9. **Skilríki og persónusönnun.**
- 4.5.9.1. Sé verðsending, ábyrgðarsending, pósthöfva eða almenn bögglasending sótt af viðtakanda sjálfum, er honum skylt að færa sönnur á, að hann sé sá, sem hann segist vera, ef pósthöfva sá, er afhendir, ber eigi kennsl á hann, né kannast við undirskrift hans. Þetta má gera með því, að viðtakandi sýni vegabréf eða nafnskírteini, ökuskírteini eða pósthöfva skilríkisspjald eða vottorð manns, sem pósthöfva þekkir.
- 4.5.9.2. Séu sendingar sóttar af sendimanni og pósthöfva sá, sem afhendir kannast ekki við undirskriftina, ber viðtakanda að hafa hana vottfesta á kvittunarblaðinu (pósthöfva eða fylgibréf) eða láta sendimann sýna vottfesta yfirlýsingu um, að hann megi taka við sendingum og kvitta fyrir þeim í bækur pósthöfvarinnar. Slíkri yfirlýsingu heldur pósthöfva eftir.
- 4.5.9.3. Til undirskriftar á kvittun má ekki nota firmastimpil eingöngu eða einkennisbókstafi.
- 4.5.9.4. Þegar maður vottar undirskrift, skal hann auk nafn síns eigin rita nafnnúmer og heimilisfang. Sé sá, sem vottar, leigjandi að pósthólfi, er þó nægilegt að setja númer pósthólfsins í stað heimilisfangsins.
- 4.5.10. **Pósthöfva skilríkisspjald.**
- 4.5.10.1. Skilríkisspjald er fullgild heimild til þess að fá afhentar pósthöfva á pósthöfva. Gildistími skilríkisspjalds er samkvæmt ákvæðum alþjóðapósthöfva samningsins.

- 4.5.11. **Umboð.**
- 4.5.11.1. Umboð til þess að taka við og kvitta fyrir póstsendingum í nafni viðtakanda sjálfs, skal vera skriflegt, hljóða á nafn ákveðins manns, vera dagsett og undirritað af viðtakanda sjálfum. Í hinu skriflega umboði skal taka fram, hvort það nái til allra tegunda bókfærðra sendinga eða aðeins nokkurs hluta þeirra.
- 4.5.11.2. Umboð til þess að taka á móti og kvitta fyrir sendingum til opinberrar stofnunar skal gefið af hlutaðeigandi forráðamönnum í embættisnafni, samkvæmt þeim fyrirmælum, er um stofnunina gilda.
- 4.5.11.3. Umboð má einnig gefa símleidis. Í skeytinu skal þá, auk umboðsins sjálfs, standa vottorð hlutaðeigandi símamanns, er sendir skeytið, um að frumrit umboðsins hafi verið sýnt honum og undirskrift staðfest af útgefanda sjálfum eða með vottum. Ennfremur skal skeytið bera áritun þess símamanns, er sendir skeytið, um að frumrit umboðsins hafi verið sýnt honum og undirskrift staðfest af útgefanda sjálfum, með vottum. Ennfremur skal skeytið bera áritun símamanns, er við því tók, um að það hafi verið samanborið.
- 4.5.11.4. Frumrit umboðsins geymist hjá póststöðinni. Vilji viðtakandi póstsendingar afturkalla gefið umboð, skal það gert skriflega til þeirrar póststöðvar, er geymir umboðið. Eftir beiðni gefur póststöðin þá ókeypis viðurkenningu fyrir því, að umboðið sé afturkallað.
- 4.5.11.5. Séu vandkvæði á fyrir hlutaðeigandi að láta frumrit umboðsmanns af hendi við aðrar stofnanir, má póststöðin láta sér nægja ljósrit eða staðfest afrit af frumritinu, en skyldur er þá umboðsmaður að sýna frumrit, þegar þess er krafist. Þegar frumrit slíks umboðs er sýnt, ritar póstmaður dagsetningu á afritið, og þegar afriti er skilað til geymslu, skal póstmaður staðfesta það með því að geta þess á frumritinu.
- 4.5.12. **Útborgun póstávísana, innlausn á póströfum og ýmsar greiðslur.**
- 4.5.12.1. Póstávísanir borgast út á ákvörðunarpóststöðinni. Sé ekki nægilegt fé fyrir hendi, má fresta útborgun, þar til það er fengið.
- 4.5.12.2. Póströfusendingar eru ekki afhentar viðtakendum, nema þeir greiði um leið þá upphæð, sem hvílir á sendingunni. Hafi sendandi póströfusendingar gefið fyrirmæli, meðan sendingin er í vörslu póstþjónustunnar, um að afhenda hana án innheimtu póströfuupphæðar eða gegn annarri upphæð en á henni stendur, er það þó gert.
- 4.5.13. **Geymslutími sendinga.**
- 4.5.13.1. Geti ákvörðunarpóststöðin ekki afhent sendingu vegna skakkrar eða ófullnægjandi utanáskriftar eða af öðrum ástæðum, t. d. vegna þess að viðtakandi neitar að taka við henni, er dáinn eða fluttur burtu án þess að vitað sé hvar hann er niður kominn, skal sendingin ekki geymd á póststöðinni lengri tíma en með þarf til þess að ganga úr skugga um, að henni verði ekki komið til skila. Sé ekki annað tekið fram í þessari grein, skal sending, sem þannig er ástatt um, að jafnaði ekki geymd lengur en mánuð að telja frá næsta degi eftir komu hennar til ákvörðunarpóststöðvarinnar.
- 4.5.13.2. Sending, sem á er ritað, að skuli geymast þangað til hennar verði vitjað (poste restante), skal geyma viðtakanda allt að 2 mánuðum að telja frá næsta degi eftir komu hennar til ákvörðunarpóststöðvarinnar.
- 4.5.13.3. Póströfur eru geymdar viðtakanda til innlausnar í 15 daga að telja frá næsta degi eftir komu þeirra til ákvörðunarpóststöðvarinnar. Sé póströfusending

árituð „Poste restante“, má hún geymast allt að 30 daga og sömuleiðis, ef sendandi hefur með áritun á sendinguna sett þennan geymslufrest. Hafi sendandi póströfusendingar óskað breytingar á póströfuupphæðinni, reiknast geymslutími að nýju jafnlangur, að telja frá næsta degi eftir að ákvörðunarpóststöðin hefur fengið beiðnina um breytinguna.

- 4.5.13.4. Sendandi póstsendingar getur ákveðið styttri geymslutíma fyrir sendinguna en hér er tiltekið, og ber honum þá að rita það á sendinguna og sömuleiðis á fylgibréfið, þegar um böggla er að ræða.
- 4.5.13.5. Þegar sending er áframsend, telst geymslutími hennar frá þeim degi, er hún kemur til hinnar nýju ákvörðunarpóststöðvar. Sé um að ræða áframsendingu milli pórstöðva á sama staðnum, reiknast þó enginn geymslutími að nýju.
- 4.5.13.6. Sending sem ekki er hægt að afhenda viðtakanda innan hins tiltekna geymslutíma, telst óskilasending.

4.6. ÓSKILASENDINGAR.

4.6.1. Meðferð óskilasendingar á ákvörðunarpóststöð.

4.6.1.1. Svo má álíta, að póstsendingu verði ekki komið til skila:

a) Þegar viðtakandi skorast undan að taka við henni.

b) Þegar viðtakandi finnst ekki.

c) Þegar sending hefur legið á póststöðinni lögboðinn tíma, án þess að vera sótt, þrátt fyrir tilkynningu um komu hennar.

4.6.1.2. Sending endursendist viðtökupóststöðinni til afhendingar sendanda, ef heimilisfang hans er á sendingunni, að öðrum kosti skal farið með hana í samræmi við grein 4.6.5. Þegar um er að ræða bókfærða sendingu, að undanteknum póströfuávisunum, skal ákvörðunarpóststöðin, áður en hún endursendir hana, láta viðtökupóststöðina spyrja sendanda um, hvort hann geti veitt nánari upplýsingar um viðtakanda. Geti sendandi gert það, og vilji hann láta pósthjónustuna taka upplýsingar sínar til greina, skal hann greiða undir þær sama gjald og undir einfalt almennt bréf, og verða þær þá sendar ákvörðunarpóststöðinni með fyrstu póstferð. Að öðrum kosti skoðast sendingin sem komin í óskil.

4.6.1.3. Á sendingar, sem ekki verður komið til skila, skal jafnan rita ástæðuna fyrir því. Í því skyni má nota sérstaka miða (ebl. 675). Viðtakandi, sem neitar að taka við sendingu, getur sjálfur ritað neitunina á sendinguna, en engar aðrar athugasemdir má hann rita á hana, og sé það gert, skal strika yfir þær á póststöðinni, svo þær verði ekki læsilegar. Hafi viðtakandi eigi ritað sjálfur á sendinguna, að hann neiti móttöku, skal það gert á póststöðinni sem átti að afhenda sendinguna.

4.6.1.4. Póstávisun, sem ekki verður komið til skila, sendist Endurskoðun póstávisana, Reykjavík. Þangað skal einnig senda póstávisun, sem hægt er að koma til skila, ef gildistími hennar er runninn út.

4.6.2. Meðferð vissra óskilaböggla.

4.6.2.1. Hafi óskilaböggull eitthvað það innihald, sem liggur undir skemmdum, skal ákvörðunarpóststöðin þegar í stað koma innihaldinu í peninga á sem hagkvæm-astan hátt. Sé af einhverjum ástæðum ekki hægt að selja innihaldið skal það eyðilagt. Frá andvirði hins selda dragast gjöld þau, sem kunna að hafa hvílt á bögglinum, svo og kostnaðurinn við að koma honum í peninga. Afgangurinn sendist sendanda böggulsins, að frádregnu burðargjaldi. Að öðru leyti skal í einu og öllu fara eftir fyrirmælum þeim, er sendandi hefur gefið á fylgibréfi.

4.6.3. Endursending óskilasendinga til sendanda.

4.6.3.1. Óskilasending, sem endursend hefur verið til upprunapóststöðvar til afhendingar sendanda, skal afhent eftir sömu reglum og gilda um venjulega afhendingu til viðtakanda. Sé endursendur böggull ekki sóttur á póststöðina innan 7 daga að telja frá deginum eftir komu hans þangað, skal sendandi greiða geymslugjald eftir þann tíma.

4.6.3.2. Þegar póststöð, sem óskilasending hefur verið endursend til, hefur gengið úr skugga um, að sendingunni verði ekki komið til sendanda, skal farið með hana í samræmi við ákvæði í grein 4.6.5. Póstávisun má þó ekki senda seinna en um það bil, að gildi hennar er að renna út. Aðrar sendingar skal senda í síðasta lagi mánuði eftir komu þeirra á póststöð sendanda.

4.6.4. **Bann gegn póstmæðferð á sendingu að nýju.**

4.6.4.1. Þegar búið er að afhenda sendanda endursenda póstsendingu eða tilkynningu um að hann eigi slíka sendingu, er ekki hægt að taka hana til póstmæðferðar að nýju, jafnvel þótt burðargjaldið sé greitt, nema sendingin sé sett í nýjar umbúðir.

4.6.4.2. Sending, sem afhent hefur verið viðtakanda, getur ekki sætt póstmæðferð að nýju, nema áframsending sé leyfð.

4.6.5. **Lokamæðferð óskilasendinga.**

4.6.5.1. Sending, sem hvorki hefur verið hægt að afhenda viðtakanda né endursenda sendanda skal senda til Póststofunnar í Reykjavík. Sendingin er opnuð þar í votta viðurvist af þeim starfsmönnum, sem póst- og símamálastjóri hefur tilnefnt.

4.6.5.2. Verði hægt að komast að því, hver sendandi sé, með því að opna sendingu, er hún send honum. Fáist engar upplýsingar á þennan hátt um sendanda, eða reynist ógerlegt að ná til hans, eru sendingar, sem geyma reiðufé eða aðra muni er meta má til verðs, teknar í geymslu, en aðrar sendingar eyðilagðar undir umsjá þeirra, er hafa opnað þær.

4.6.5.3. Þegar almenn innlend póstávísun (ekki póstkröfuávísun) lendir í óskilum, og er send endurskoðuninni vegna þess að gildi hennar er runnið út, endurnýjar skrifstofan gildi hennar, og býður sendanda upphæðina.

4.6.5.4. Hafi sendinga þeirra, sem getið er í 4.6.5.2. og hafa verið teknar í geymslu, ekki verið vitjað innan árs frá þeim tíma að þær voru póstlagðar, skal auglýsa þær í Lögbirtingablaðinu. Vitji þeirra enginn innan þriggja mánaða frá auglýsingu skal selja þær til hagnaðar fyrir póst- og símamálastofnunina.

4.7. **ÝMIS AUKAÞJÓNUSTA.**

4.7.1. **Móttökukvittun.**

4.7.1.1. Sendandi ábyrgðarsendingar, verðsendingar, bögguls eða póstaðvísunar getur gegn sérstöku gjaldi fengið kvittun á sérstöku eyðublaði (ebl. 556/C5) fyrir því, að sendingin hafi verið afhent (borguð út). Kvittunin er undirrituð af þeim, sem kvittar fyrir móttöku sendingarinnar, og póstmanni þeim sem afhendir. Eyðublaðið skal fest við sendinguna, en ekki skal telja það með þyngd sendingarinnar. Á sendinguna skal rita stafina AR. Sé um símapóstaðvísanir að ræða, skal setja stafina AP í skeytið, og annast útborgunarpóststöðin þá um að útbúa eyðublaðið og senda það póstleiðis aftur til sendanda.

4.7.1.2. Móttökukvittun er endursend án umbúða og viðtakanda að kostnaðarlausu.

4.7.2. **Frankóseðlar.**

4.7.2.1. Sendandi ábyrgðarsendingar eða bögguls til nokkurra landa sem getið er í pósttaxtabókum I og II getur gegn sérstöku gjaldi tekið að sér að greiða sjálfur öll gjöld, bæði póstgjöld og t. d. tolla, sem lögð kunna að verða á sendinguna í ákvörðunarlandinu. Slíkum sendingum skal fylgja frankóseðill C3/CP4 (ebl. 513), og á sendinguna skal letra „Franc de taxes et de droits“. Heimilt er sendipóststöð að láta sendanda setja tryggingu fyrir greiðslu þessara gjalda.

4.7.2.2. Seðillinn er í tveimur hlutum, og kemur annar hlutinn aftur með gjöldunum sundurliðuðum. Upphæðinni er breytt í íslenskar krónur eftir gildandi innborgunargengi póstaðvísana og hún síðan innheimt af sendanda, sem fær afklippinginn.

4.7.2.3. Sé óskað eftir gjaldfrjálsri sendingu, eftir að sendingin hefur verið póstlögð, skal sendipóststöðin senda seðilinn í frímerkту ábyrgðarbréfi ásamt orðsendingu til ákvörðunarpóststöðvarinnar. Kostnaðinn greiðir sendandi.

4.7.3. **Breyting á utanáskrift. Afturköllun sendingar.**

4.7.3.1. Meðan sending er í vörslu pósthjónustunnar, getur sendandi gert breytingar á því, sem hann hefur ákveðið um hana áður, látið breyta utanáskriftinni eða afturkalla hana úr póstinum. Beiðni um afturköllun sendingar eða utanáskriftarbreytingu á henni skal senda viðtökupóststöðinni. Skal hún gerð skriflega á eyðublaði, sem ætlað er til þessa (ebl. C 7 og MP 4) og fæst á póststöðvunum. Eitt og sama eyðublað má nota undir margar sendingar, settar í póst samtímis á sömu póststöð, frá sama sendanda til sama viðtakanda. Þegar um bréf er að ræða, skal fylgja beiðninni fullkomin líking af umslagi eða utanáskrift sendingarinnar. Sé sá, sem beiðnina sendir, ekki kunnugur póstmönnum á póststöðinni, skal hann færa sönnur á, hver hann sé, á sama hátt og krafist er við afhendingu verðsendinga.

4.7.3.2. Þegar beiðið er um utanáskriftarbreytingu á sendingu, sem ekki er farin af stað frá póststöðinni, skal breytingin framkvæmd þar og helst af sendanda sjálfum. Beiðni um breytingu utanáskriftar eða afturköllun sendingar, sem farin er af stað frá viðtökupóststöðinni eða ekki er hægt að ná út úr póstflutningnum áður en hann fer af stað, má senda póstleiðis eða símleiðis eftir ósk sendanda. Símléiðis skal jafnan senda beiðnina til ákvörðunarpóststöðvarinnar, þegar fullvíst þykir, að beiðnin nái ekki í tæka tíð að öðrum kosti. Kjósi sendandinn, að slík beiðni sé send póstleiðis, skal hann greiða fyrir hverja beiðni gjald

samkvæmt gjaldskrá. Eigi beiðni að sendast símleiðis, greiðir sendandi sím-
skeytagjald. Varði beiðni breytingu á utanáskrift bögguls eða afturköllun hans,
er sendandi skyldur til að ábyrgjast greiðslu á hinu nýja flutningsgjaldi hans.

4.7.3.3. Þegar afhenda á sendingu, sem hefur verið afturkölluð, verður sendandi, sem
við henni tekur, að sanna heimild sína til hennar, á sama hátt og þegar um er að
ræða afhendingu ábyrgðarsendinga, nema nafn sendanda standi á sendingunni
eða hann geti sýnt kvittun pósthöfvarinnar fyrir því, að hann hafi skilað
sendingu til flutnings. Þegar svo ber undir, skal sendandi kvitta fyrir móttöku
sendingar á venjulegan hátt.

4.7.3.4. Þegar innanríkisending er afturkölluð, er sendanda ekki endurgreitt burðar-
gjaldið, nema þegar svo sérstaklega stendur á, að sendingin er ekki farin af stað
frá viðtökupóststöðinni. Þá skal endurgreiða sendanda burðargjaldið sjálf, en
ekki önnur gjöld, sem á sendingunni hafa hvílt. Þegar um einfalda leiðréttingu á
utanáskrift er að ræða (án breytingar á nafni eða titli viðtakanda), getur
sendandi sent beiðni sína beint til ákvörðunarpóststöðvarinnar, og koma þá
fyrirmæli þessarar greinar ekki til álita.

4.7.4. **Breyting póströfuupphæðar.**

4.7.4.1. Meðan póströfusending er í vörslu pósthjónustunnar, getur sendandi beðið
um, að sending sé afhent viðtakanda án greiðslu póströfuupphæðar eða gegn
greiðslu annarrar upphæðar (hærri eða lægri) en á sendingunni stendur. Beiðnir
um afnám eða breytingu á póströfuupphæð má senda bæði póstleiðis og
símleiðis, og gilda um þær sömu reglur og nefndar eru í 4.7.3. um utanáskriftar-
breytingar og afturköllun. Þegar slík beiðni er send póstleiðis, skal nýtt
póströfueyðublað fylgja beiðninni og nýtt fylgibréf, þegar um bögglapóst-
sendingu er að ræða.

4.7.5. **Áframsending.**

4.7.5.1. Hafi viðtakandi skipt um búsetu, má senda sendinguna áfram til hans til
annarrar pósthöfvar, hafi hún ekki verið afhent á ákvörðunarpóststöðinni.
Áframsending póströfusendingar er óheimil, ef geymslutími sá, sem ákveðinn
er fyrir umrædda sendingu, er liðinn áður en beiðst er áframsendingar.
Venjulega almenna bréfaþóstsendingu má senda áfram, þótt búið sé að afhenda
hana af ákvörðunarpóststöðinni, að því tilskildu, að sendingunni sé skilað aftur
á pósthöfva, sem afhenti hana, óbreyttri að öðru leyti en því, að breytt sé um
heimilisfang og ákvörðunarpóststöð. Hafi pósthöfva aftur á móti — einkum
þegar um prentsendingar er að ræða — grun um, að breyting hafi verið gerð á
sendingunni eða um áframsendingu sé beðið í öðrum tilgangi en þeim, sem
réttur er, verður ekki tekið við sendingunni aftur, nema undir hana sé greitt að
nýju. Áframsending annarra þóstsendinga en þeirra, sem að ofan getur, eftir að
þær hafa verið afhentar á löglegan hátt, er ekki leyfð.

4.7.5.2. Nú er sending í flutningi áleiðis til ákvörðunarpóststöfvar, og má þá, eftir beiðni
viðtakanda, senda hana áfram til hans frá pósthöfva á leiðinni, ef hægt er að ná
sendingunni úr póstinum án óþæginda eða tafar á pósthöfvaflutningnum. Beri sending
eða fylgibréf, ef svo ber undir, áritun á framhlið um, að hana megi senda áfram,
skal það tekið til greina.

- 4.7.5.3. Beiðni um áframsendingu skal vera skrifleg og sendast þeirri pósthöð, sem á að framkvæma hana. Í beiðninni skal helst ef hægt er, geta þess, hve langan tíma áframsending til viðtakanda eigi að gilda. Sé enginn tími tilgreindur í beiðninni, gildir hún í næstu þrjá mánuði, talið frá þeim mánuði þegar hún var send, nema hún sé felld niður aftur, eftir beiðni viðtakanda. Skriflega beiðni þarf ekki um áframsendingu bréfastösendinga, sem þegar hafa verið afhentar.
- 4.7.5.4. Sé um aukaburðargjald að ræða undir sendingu vegna áframsendingar, reiknast það á sama hátt og um getur hér að framan um aukaburðargjöld vegna utanáskriftarbreytingar eða afturköllunar. Þegar sending er send áfram, stríkar pósthöðin, sem það gerir, yfir hið upprunalega heimilisfang og staðarnafn og skrifar hið nýja í staðinn og þar hjá orðið „Áframsent“ undirstrikað.
- 4.7.5.5. Póstávisun — almenna eða síma — má senda áfram pósthleidis eða símhleidis. Sé ávisun send áfram símhleidis, er gjald sem er símapóstávisunargjaldið að frádrægnu gjaldi fyrir almennum pósthávisunum dregið frá hinni upprunalegu ávisun.
- 4.7.6. **Áframsending margra bréfastösendinga saman.**
- 4.7.6.1. Almennar sendingar til sama viðtakanda sem senda skal áfram, má setja í sérstök umslög, sem pósth- og símamálastofnunin leggur til, og aðeins má rita á nafn viðtakanda og hina nýju utanáskrift hans. Þá má, þegar fjöldi sendinga er svo mikill, nota poka. Þegar það er gert, skal færa nauðsynlegar upplýsingar á sérstakan merkimiða, sem sé prentaður eins og umslagið.
- 4.7.6.2. Í áframsendingarumslög eða poka má ekki láta sendingar, sem fara eiga í tollskoðun, né sendingar, sem vegna lögunar sinnar, ummáls eða þyngdar kunna að valda skemmdum.
- 4.7.6.3. Umslagið eða pokann skal afhenda opið á pósthöðinni, sem annast áframsendinguna, svo kostur gefist á að taka viðbótargjald, sem kann að hvíla á sendingunum, sem í því eru, eða þá að tilgreina á sendingunum gjald það, sem taka ber við komu, þegar burðargjaldsviðbótin er ekki greidd. Þegar pósthöðin hefur lokið rannsókn, er umslaginu eða pokanum lokað og settur á þau T-stimpill, ef svo ber undir, til þess að gefa tilkynna að innheimta eigi burðargjald af öllum sendingum eða einhverju í umslaginu eða pokanum.
- 4.7.6.4. Við komu til ákvörðunarstaðar má útburðarpósthöðin opna umslagið eða pokann og athuga innihaldið, og innheimtir hún, ef svo ber undir, viðbótargjöld þau, sem ekki hafa verið greidd.
- 4.7.6.5. Almennar bréfastösendingar til sjómanna og farþega um borð í sama skipi, eða til fólks á sameiginlegu ferðalagi, má fara með samkv. ákvæðum í 4.7.6.1. til 4.7.6.4. Í því tilviki skulu safnumslögin eða merkimiðar pokanna útbúnir með utanáskrift skipsins (skipaafgreiðslunnar eða ferðaskrifstofunnar o. s. frv.), sem þau eiga að afhendast til.
- 4.7.7. **Fyrirspurn um sendingu.**
- 4.7.7.1. Heimilt er sendanda pósthendingar eða viðtakanda að gera fyrirspurn um sendingu til pósthþjónustunnar, og skal fyrirspurnin rituð á sérstakt eyðublað (ebl. 547, 548 og MP 4), sem pósth- og símamálastofnunin gefur út og pósthöðvarnar láta af hendi. Sama eyðublað má nota undir margar sendingar, settar í pósth samtímis og af sama sendanda til sama viðtakanda á sama ákvörðunarstað. Hafi pósthávisun glatast, er hægt að fá eftirrit af henni með því

að snúa sér til Endurskoðunar póstávisana, Reykjavík. Beiðni um slíkt eftirrit skal rituð á fyrirspurnareyðublað og afhent á útborgunarpóststöðinni, er sendir það áfram til endurskoðunarinnar með áritun um, að ávisunin hafi ekki verið borguð út. Sé spurst fyrir um póströfusendingu til útlanda, skal eftirrit af póströfuávisuninni fylgja.

4.7.7.2. Fyrirspurn um sendingu má afhenda hvaða póststöð sem er. Sé sú póststöð ekki viðtökupóststöð sendingarinnar, sendir hún fyrirspurnina til viðtökupóststöðvarinnar. Hafi fyrirspyrjandi fengið kvittun fyrir viðtöku sendingar þeirrar, er hann spyrst fyrir um, skal hún fylgja. Sé spurst fyrir um ábyrgðarsendingu, verðsendingu eða böggul, skal líking af utanáskrift sendingarinnar fylgja fyrirspurninni. Jafnskjótt og lokið er rannsókn, fær fyrirspyrjandi tilkynningu um niðurstöðuna.

4.7.7.3. Undir fyrirspurn um sendingu skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá fyrir póstpjónustu. Þetta gjald er aðeins tekið einu sinni, þótt sama eyðublaðið sé notað undir margar fyrirspurnir, eins og leyft er samkvæmt 4.7.7.1. Hafi sendandi greitt móttökukvittun fyrir sendingunni, greiðir hann ekkert gjald.

4.7.7.4. Komi í ljós, að fyrirspurn hafi verið gerð vegna mistaka, sem póstmenn eru valdir að, á fyrirspyrjandi rétt á að fá fyrirspurnargjaldið endurgreitt.

4.7.8. **Heimsendingar- og heimsóknarþjónusta.**

4.7.8.1. Heimilt er að bjóða viðskiptavinum heimsendingarþjónustu á þeim póstsendingum sem að öðru jöfnu eru ekki bornar út. Á sama hátt má bjóða að póstsendingar séu sóttar heim til sendanda. Gjald fyrir slíka þjónustu ákvarðast á hverjum tíma af Póst- og símamálastjóra.

5.1. GJALDSKRÁ OG FRÍMERKI.

5.1.1. Gjaldskrá.

5.1.1.1. Gjöld þau, sem tekin eru fyrir flutning póstsendinga og aðra þá þjónustu, sem almenningi stendur til boða, eru birt í gjaldskrá fyrir póstpjónustu. Þar eru einnig birt þau ákvæði, sem hverju sinni gilda um það, hversu stórar um sig sendingar megi vera, hversu þungar og hversu háa upphæð megi senda í póstaðvísunum o. s. frv. Þóknun fyrir ýmsa auka- og viðbótarþjónustu og verð á ýmsum söluvarningi er þó ekki birt í gjaldskrá heldur auglýst sérstaklega.

5.1.1.2. Til allra landa annarra en Norðurlanda er almenna burðargjaldið, alþjóðaburðargjaldið, eins fyrir allar póstsendingar, aðrar en böggla. Burðargjöld fyrir böggla til útlanda eru birt í sérstakri pósttaxtabók.

5.1.1.3. Sé óskað eftir flutningi póstsendinga til útlanda flugleiðis, skal að jafnaði greiða sérstakt fluggjald, auk almenna burðargjaldsins. Er það jafnan birt í gjaldskrá fyrir póstpjónustu.

5.1.2. Greiðsluskylda.

5.1.2.1. Að því undanteknu, er segir í 5.1.8. Gjaldfrjálsar sendingar hér á eftir, skulu burðargjöld og önnur póstgjöld vera að fullu greidd fyrirfram og bera merki þess að svo sé með frímerkjum, ástimplun frímerkingarvéla eða öðrum áprentunum, t. d. „Burðargjald greitt“. Innrituð blöð og tímarit og utanáskriftarlausar sendingar þurfa þó ekki að bera neitt slíkt merki um, að burðargjald sé greitt.

5.1.2.2. Póst- og símamálastofnuninni er þó heimilt að veita einstökum sendendum allt að eins mánaðar greiðslufrest. Skilyrði fyrir slíkum greiðslufresti er, að um regluleg og veruleg viðskipti sé að ræða. Heimilt er að láta slíka sendendur leggja fram tryggingu. Þá er henni og heimilt að semja um greiðslu jafnaðarverðs, byggðu á meðalburðargjaldi, sem sendandi hefur greitt fyrir póstsendingar s.l. 12 mánuði að viðbættum áorðnum gjaldskrárbreytingum.

5.1.3. Vanborgaðar og óborgaðar sendingar.

5.1.3.1. Sé burðargjald vanborgað eða vanti alveg, skal freista þess, að ná til sendanda og láta hann borga það, sem á vantar. Reynist það ókleift, skal sendingin send áfram og afhent viðtakanda gegn innlausnargjaldi.

5.1.3.2. Áður en vanborguð sending er send af stað, skal póstmaður árita hana eða stimpla, ofan til á miðri framhlið, með bókstafnum „T“ og skrá burðargjaldið sem á vantar sem teljara í broti, þar sem nefnarinn er burðargjald fyrir bréf af fyrsta þyngdarflokki til annarra landa.

5.1.3.3. Ákvörðunarpóststöðin innheimtir innlausnargjaldið af viðtakanda og límir frímerki fyrir því á sendinguna og dagstimplar þau. Innlausnargjaldið er fundið með því að margfalda brotið með tölu, sem er jöfn burðargjaldi fyrir bréf af fyrsta þyngdarflokki til annarra landa, auk þóknunar er sé jöfn ábyrgðargjaldi eins og það er á hverjum tíma.

5.1.4. Burðargjald greitt af viðtakanda. Svarsendingar.

5.1.4.1. Innanlands, á Norðurlöndum og eftir samkomulagi í viðskiptum við önnur lönd er hægt að semja sérstaklega fyrirfram við hlutadeigandi ákvörðunarpóststöð um að fá til sín bréf eða póstkort sem ófrímerktar svarsendingar. Ákvörðunarpóststöðin sem veitir slík leyfi, skal skrá þau og skal leyfisnúmer síðan prentað á svarsendinguna. (t. d. leyfi nr. 1/A)

Innanlands skulu slíkar sendingar vera útbúnar eins og sýnt er á meðfylgjandi mynd. Í stað frímerkis skal vera áprentun eins og hér segir: „Má láta ófrímerkt í póst. Burðargjaldið greiðist af viðtakanda“.

Á svarsendingar frá Norðurlöndunum skal í stað íslenska textans vera áprentun eins og hér segir: „Kan sendes ufrankeret fra (nafn landsins)“ eða „Kan sendes ufrankeret í hele Norden“ og auk þess „Adressaten betaler portoen“ og tilsvarendi á svarsendingar frá öðrum löndum.

Má láta
ófrímerkt í póst
Burðargjaldið
greiðist af
viðtakanda

SVARSENDING

FRÍMERKJASALAN
PÓSTHÓLF 8445

128 REYKJAVÍK

- 5.1.4.2. Lágmarksstærð svarsendinga er 90 x 140 mm, hámarksstærð póstkorta 148 x 105 mm og hámarksstærð bréfa 229 x 324 mm. Svarsendingar skulu vera með áprentuðu nafni og póstfangi (ásamt póstnúmeri) viðtakanda. Allur hinn prentaði texti og línur skal, eftir því sem hægt er, vera með bláum lit.
- 5.1.4.3. Svarsendingar má ekki afhenda viðtakanda nema gegn greiðslu í reiðufé gegn kvittun úr sérstakri bók ebl. 574. Er kvittunin í þríriti, frumritið fær viðtakandi, eitt eintak fylgir mánaðarreikningi og eitt eintak verður eftir í bókinni.
- 5.1.5. **Frímerki.**
- 5.1.5.1. Til greiðslu burðargjalda og annarra póstgjalda skal að jafnaði nota frímerki þau sem póst- og símamálastofnunin gefur út eða ástimplanir frímerkingarvéla, sem hún hefur leyft notkun á. Frímerkin geta bæði verið einstök, eða álímd eða áprentuð á loftbréf og póstkort. Söluverð einstakra frímerkja er hið áprentaða verð þeirra, en söluverð loftbréfa o. s. frv. er nokkru hærra. Sé frímerki með yfirverði (líknarfrímerki), er burðargjaldsgildi þess söluverðið að frádregnu yfirverðinu. Frímerki skulu vera fánleg á öllum póststöðvum. Á bréfhirðingum eru þó aðeins fánlegar algengustu tegundirnar.

- 5.1.5.2. Frímerki, sem þegar hafa verið notuð, má ekki nota til burðargjaldsgreiðslu á ný. Sama gildir um ástimplanir frímerkingarvéla. Ekki má heldur nota ógild frímerki eða frímerki, sem eru rifin, yfirstrikuð eða óhrein. Ekkert endurgjald kemur fyrir frímerki, sem um of kunna að vera límd á sendingu.
- 5.1.5.3. Óski einhver eftir því að skila frímerkjum, sem hann hefur keypt, má ekki greiða andvirðið í peningum, heldur má skipta þeim fyrir aðrar frímerkjategundir af sömu verðupphæð, ef merkin eru hrein og ósködduð. Um slík skipti gilda eftirfarandi reglur:
- Frímerki sem auglýst er að falli úr gildi frá tilteknum degi, fæst skipt gegn gildandi frímerkjum að kostnaðarlausu, sé það gert innan þess dags, er þau falla úr gildi.
 - Gildandi frímerkjum geta menn fengið skipt á póststöðvum, öðrum en bréfhirðingum, gegn þóknun, einum af hundraði af nafnverði þeirra, ef um minna en 500 frímerki er að ræða. Sé um meira magn að ræða verður að sækja um það sérstaklega til póst- og símamálastofnunarinnar. Er henni heimilt að taka gjald fyrir slík skipti, ef úr verður, sem nemur tíu af hundraði af samanlögðu nafnverði frímerkjanna.
 - Það sem skakkt hefur stimplast í frímerkingarvél, getur notandi vélarinnar fengið endurgreitt, enda leggi hann fram sjálf umslögin eða annað það, sem stimplað var á, heilt og óskemmt, samanber 5.1.9.22.
- 5.1.6. **Alþjóðasvarmerki.**
- 5.1.6.1. Alþjóðasvarmerki fást gegn söluverði því, sem tilgreint er í gjaldskrá fyrir póstpjónustu. Póstafgreiðslumaður, sem selur svarmerki, skal dagstimpla það á þar til gerðum stað, (vinstra megin). Svarmerki fást innleyst í öllum löndum, og fást fyrir hvert svarmerki frímerki, er svara burðargjaldi undir almennt bréf til útlanda í fyrsta þyngdarflokki frá því landi, þar sem merkin eru innleyst.
- 5.1.6.2. Alþjóðasvarmerki, sem innleyst eru, skulu dagstimpluð á viðeigandi stað, (hægra megin). Gildistími þeirra er ótakmarkaður. Þau skulu sem fyrr segir innleyst fyrir frímerki, er svari til burðargjalds undir almennt bréf í fyrsta þyngdarflokki til útlanda.
- 5.1.7. **Greiðslur til póststöðva.**
- 5.1.7.1. Póststöðvarnar taka ekki við greiðslu í frímerkjum öðruvísi en álímdum á sendingar fyrir burðargjaldi þeirra.
- 5.1.7.2. Um kaup póststöðva á tékkum og ávísunum gilda þessar reglur:
- Tékkar, útgefnir af stofnunum ríkis og bæja, opinberum embættum, bönkum og sparisjóðum, séu innleystir skilmálalaust og án ábyrgðar fyrir þann starfsmann, sem innleysir þá.
 - Aðrir tékkar, sem afhentir eru til greiðslu á því, sem póststöðvarnar eiga að taka á móti í viðskiptum, skulu innleystir skilmálalaust og án ábyrgðar fyrir þann starfsmann, sem innleysir þá, ef þeir eru innan við hámarksupphæð þá, sem póst- og símamálastofnunin ákveður hverju sinni. Ef þeir eru hærri, skal spyrjast fyrir um innistæðu í bankanum, áður en þeir eru innleystir, og vísa þeim frá, ef innistæða er ekki fyrir hendi. Tékkarnir skulu stílaðir á viðkomandi póststöð og ekki vera hærri en andvirði viðskiptanna. Alla tékka, sem ekki er hægt að innleysa á staðnum, ber að senda aðalgjaldkera póst- og símamálastofnunarinnar með fyrstu ferð sem fellur.

5.1.8. Gjaldfrjálsar sendingar.

- 5.1.8.1. Sendingar, sem sendar eru milli póst- og símstöðva innanlands og milli þeirra og stjórnar stofnunarinnar, eru gjaldfrjálsar. Slíkar sendingar skulu áletraðar „Póst- og símamál“, „Póstmál eða „Símamál“. Gjaldfrjálsar milli landa eru sendingar milli póststöðva eða póststjórna sem og skrifstofu og stofnana alþjóðapóstsambandsins. Skulu þær merktar „Service des postes“. Þessar sendingar lúta ekki hinum almennu ákvæðum um þyngd og stærð o. s. frv., en þær mega þó ekki veга meira en 30 kg og þær má aðeins senda vegna þarfa sjálfrar þjónustunnar.
- 5.1.8.2. Sendingar með upphleyptu blindralettri, „Blindraprent“, eru sömuleiðis gjaldfrjálsar innanlands og í skipspósti milli landa.

5.1.9. Frímerkingarvélar. Kaup. Sala.

- 5.1.9.1. Til þess að mega selja frímerkingarvél til notkunar hér á landi, verður viðkomandi innflytjandi að hafa fengið leyfi póst- og símamálastofnunarinnar til sölu á þeirri tegund vélar.
- 5.1.9.2. Innflytjandi, sem hefur fengið slíkt leyfi, verður að tryggja örugga viðgerða- og varahlutaþjónustu fyrir vélina.
- 5.1.9.3. Þeir, sem vilja fá sér frímerkingarvélar, verða að kaupa þær hjá einhverju þeirra fyrirtækja, sem hafa fengið leyfi til að selja slíkar vélar.

5.1.10. Frímerkingarvélar. Notkunarleyfi. Umsókn.

- 5.1.10.1. Umsóknir um notkunarleyfi fyrir frímerkingarvél, skal senda póst- og símamálastofnuninni á sérstöku eyðublaði, sem liggur frammi hjá söluaðilum.
- 5.1.10.2. Sá sem fengið hefur notkunarleyfi fyrir frímerkingarvél, nefnist í reglum þessum leyfishafi.
- 5.1.10.3. Frímerkingarvél má ekki taka í notkun fyrr en fulltrúi póst- og símamálastofnunarinnar hefur í viðurvist fulltrúa sölufyrirtækisins skoðað vélina, læst henni og innsiglað og fullvissað sig um, að leyfishafi hafi fengið leiðbeiningar um notkun vélarinnar.
- 5.1.10.4. Leyfishafi, sem vill hætta að nota vél sína eða vill selja hana öðrum, skal tilkynna það skriflega til póst- og símamálastofnunarinnar. Hinn nýi eigandi verður að sækja um notkunarleyfi skv. 5.1.10.1.
- 5.1.10.5. Áður en gömul vél er tekin í notkun af nýjum eiganda, skal senda hana til viðkomandi sölufyrirtækis til hreinsunar og yfirlits.
- 5.1.10.6. Skipti leyfishafi um nafn, skal hann tilkynna það póst- og símamálastofnuninni. Sömuleiðis skal leyfishafi tilkynna aðsetursskipti.

5.1.11. Frímerkingarvélar. Áfylling. Greiðsla.

- 5.1.11.1. Til þess að frímerkingarvél verði notuð verður að kaupa á hana áfyllingu hjá viðkomandi póststöð.
- 5.1.11.2. Áfyllingu verður að staðgreiða að fullu. Lágmarksáfylling er 99 krónur.
- 5.1.11.3. Sem undantekningu frá 5.1.11.1. og 5.1.11.2., getur póst- og símamálastofnunin heimilað gegn fyrirframgreiðslu byggðri á áætlaðri notkun, að vél sé notuð án þess áfylling sé keypt, látin ganga opin. Í slíku tilfelli skal reikningsuppgjör fara fram mánaðarlega.

5.1.12. Frímerkingarvélar. Dagbók.

- 5.1.12.1. Sérhverri frímerkingarvél skal fylgja sérstök dagbók í þríriti, sem póst- og símamálastofnunin lætur í té og skal þar dag hvern að notkun vélarinnar lokinni skrá stöðu heildarteljarans.
- 5.1.12.2. Síðasta dag hvers mánaðar, sem vélin er í notkun, skal leyfishafi senda viðkomandi póststöð frumrit og fyrsta afrit úr vélardagbókinni.
- 5.1.12.3. Mánaðaryfirlit þessi skal póststöðin bera saman við sínar bækur og næsta yfirlit á undan. Frumrit sendast síðan með mánaðarreikningi, en hlutadeigandi póststöð geymir fyrsta afrit.

5.1.13. Frímerkingarvélar. Stimpill.

- 5.1.13.1. Stimpill frímerkingarvélar skal annarsvegar vera frímerkingarstimpill er tilgreini burðargjald, og hinsvegar dagstimpill er tilgreini viðkomandi póststöð, dagsetningu og leyfisnúmer. Afstimplun hans skal vera hárauð.
- 5.1.13.2. Litarefnið skal vera af þeirri gerð, sem framleitt er fyrir viðkomandi vél og ber seljanda að sjá um, að blek af réttum lit sé ávallt fyrir hendi. Leyfishafa er skylt að sjá um, að afstimplanir vélarinnar séu ætíð skýrar og greinilegar.
- 5.1.13.3. Stimpilmót frímerkingarstimpils og dagstimpils skoðast eign póst- og símamálastofnunarinnar. Ef stimpilmótið framkallar ekki skýra afstimplun vegna slits eða skemmda ber leyfishafa að kaupa nýtt mót á sinn kostnað. Stimpilmót sem hætt er að nota skal senda til póst- og símamálastofnunarinnar. Gildir það einnig um stimpilmót véla sem teknar eru úr notkun.
- 5.1.13.4. Breytist nafn póststöðvar, ber leyfishafa að kaupa nýtt stimpilmót með hinu nýja nafni póststöðvarinnar.
- 5.1.13.5. Með notkun frímerkingarvélar, má leyfishafi greiða burðargjald undir allar póstsendingar sínar, eins og um frímerki væri að ræða. Einnig er honum heimilt að frímerkja póstsendingar fyrir aðra með vél sinni, svo framarlega sem vélin er ekki flutt brott frá leyfðum notkunarstað. Þessi heimild gildir þó ekki fyrir þá aðila, sem hafa fengið leyfi til að láta vélina ganga opna skv. 5.1.9.9.
- 5.1.13.6. Óskilasendingar með frímerkingarstimpli og á umbúðum, þar sem ekki er tilgreint nafn og póstoffang sendanda, skulu endursendast leyfishafa skv. leyfisnúmerinu á stimplinum.
- 5.1.13.7. Leyfishafi ber ábyrgð á að dagsetning og burðargjald sé rétt. Póst- og símamálastofnunin ber enga ábyrgð á afleiðingum sem hlotist geta af rangri dagsetningu eða röngu burðargjaldi.
- 5.1.13.8. Afstimplun frímerkingarvéla skal ekki vera stærri en svo, að hún komist fyrir í efra hægra horn umslags, mest 40 mm frá efri brún og mest 74 mm frá hægri brún (þolvik 2mm).
- 5.1.13.9. Sé sending þannig löguð eða innihald hennar slíkt, að stimplunin verði fyrirsjáanlega óskýr, skal stimpla umbúðirnar án innihalds. Sé það ekki hægt, má stimpla á límmiða, sem síðar er límdur á sendinguna. Á slíkum límmiða verður nafn og póstoffang sendanda ætíð að vera. Ofangreinda miða má þó ekki undir nokkrum kringumstæðum nota á bréf með tilgreindu verði.
- 5.1.13.10. Afstimplanir sem klipptar hafa verið af umslögum o. s. frv. gilda ekki sem burðargjöld og er tilraun til slíkra nota refsiverð. Frímerkingarstimplar, sem ekki hafa verið notaðir eða stimplast hafa um of, eru innleystir með því skilyrði, að stimplarnir séu vel læsilegir og umslögin o. s. frv. séu afhent heil og óskemmd og eigi eldri en mánaðargömul. Stimplanir, sem klipptar hafa verið út, eða stimplanir, sem koma út sem spegilmýnd eru ekki innleystar.

5.1.14. **Viðtaka vélfrímerktra sendinga.**

- 5.1.14.1. Póstsendingar stimplaðar með frímerkingarvél, skulu póstagðar á viðkomandi pósthöð, annaðhvort afhentar við afgreiðsluborð eða látar í sérstaka póstkassa fyrir slíkar sendingar, séu þeir fyrir hendi. Viðkomandi pósthöð getur heimilað, að slíkar sendingar séu póstagðar í útibúi eða bréfhirðingu, sem heyrir undir hana. Umræddar pósthöð skal aldrei pósthögga í almenna póstkassa.
- 5.1.14.2. Sendingum skal raðað eftir pósthúmerum séu þær til viðtakenda innanlands, en annars eftir löndum.

5.1.15. **Eftirlit og viðhald frímerkingarvéla.**

- 5.1.15.1. Póst- og símamálastofnunin hefur rétt til að láta fulltrúa sinn skoða frímerkingarvélinu hvenær sem er á daglegum vinnutíma leyfishafa og gera viðeigandi prófstimplanir. Auk þess er leyfishafi skyldugur til að leggja fram vélaragbækur hvenær sem þess er krafist.
- 5.1.15.2. Leyfishafi er skyldugur til að láta yfirfara vélinu á verkstæði viðkomandi sölufyrirtækis með hæfilegu millibili og endurnýja hluti, sem kunna að vera orðnir slitnir. Komi í ljós að reikningsútbúnaður vélarinnar eða aðrir hlutar, starfi ekki eðlilega, skal umsvifalaust senda vélinu til viðgerðar.
- 5.1.15.3. Reynist nauðsynlegt, við slíka viðgerð eða eftirlit, að rjúfa innsigli vélarinnar skal slíkt gert í viðurvist póstmanns. Á sama hátt má ekki taka vélinu í notkun á ný fyrir en pósthöð hefur skoðað hana, athugað teljarastöðu og innsiglað.
- 5.1.15.4. Leyfishafa er skylt að sjá um, að sá í hans þjónustu sem hefur daglega umsjón með vélinni, sé kunnugur reglum þeim, sem settar hafa verið um frímerkingarvélar ásamt notkunarreglum sölufyrirtækisins.
- 5.1.15.5. Leyfishafi er skyldugur að bæta pósth- og símamálastofnuninni hvern þann skaða, sem hún kann að verða fyrir vegna bilunar í reiknibúnaði eða vegna óleyfilegrar notkunar á vélinni.
- 5.1.15.6. Póst- og símamálastofnunin getur afturkallað leyfi til notkunar á vél, ef leyfishafi brýtur reglu þessar eða aðrar reglu varðandi pósthjónustuna.

5.1.16. **Áprentun um greitt burðargjald.**

- 5.1.16.1. Fjöldasendingar og sendingar, aðrar en svarsendingar og utanáskriftarlausar sendingar sem pósth- og símamálastofnunin heimilar að tekið sé við ófrímerknum gegn greiðslu í reiðufé, sbr. 1.3.8. skulu á þeim stað sem ætlaður er fyrir frímerki, bera áletrun, eins og eftirfarandi mynd. Undir áritunina skal prenta leyfisnúmer.



Leyfi nr.

6.1. SKAÐABÆTUR.**6.1.1. Skilyrði fyrir greiðslu skaðabóta.**

- 6.1.2.1. Fyrir glataðar almennar bréfaþóstsendingar eru engar skaðabætur greiddar. Heldur ekki þótt innihaldið glatist að nokkru eða öllu leyti. Fyrir ábyrgðarsendingu, sem glatast, meðan hún er í vörslu pósthjónustunnar, skal greiða sendanda skaðabætur, eins og þær eru ákveðnar í gjaldskrá fyrir pósthjónustu hverju sinni. Glatist eða eyðileggist innihald ábyrgðarsendingar að nokkru eða öllu leyti, á sendandi rétt á skaðabótum er svari til hins raunverulega tjóns, þó aldrei hærri en þeim, sem ákveðnar eru í gjaldskrá og að því tilskildu, að búið hafi verið um sendinguna á tryggilegan hátt að dómi póst- og símamálastofnunarinnar.
- 6.1.2.2. Fyrir verðbréf og verðböggla, sem glatast úr vörslu pósthjónustunnar, greiðast sendanda skaðabætur allt að upphæð hins tilgreinda verðs. Glatist eða eyðileggist innihald slíkra sendinga, greiðast skaðabætur, er svara til hins raunverulega tjóns, þó aldrei hærri en hið tilgreinda verð. Hafi innihaldið verið skjöl, sem hægt er að ógilda, getur póst- og símamálastofnunin sett það skilyrði fyrir skaðabótageiðslu, að eignarréttur, er samsvari upphæð verðskjalanna, sé framseldur hennar. Komist upp, að verðið hafi í sviksamlegum tilgangi verið tilgreint hærra en það í raun og veru var, skal engar skaðabætur greiða.
- 6.1.2.3. Þegar giróinnborgarir og póstávisanir, þar með taldar póstkröfuávisanir, hafa verið réttilega innborgaðar á póststöð, ber pósthjónustan ábyrgð á, að upphæðir þeirra komist í hendur réttum viðtakendum eða sendendum á ný, ef ekki tekst að hafa upp á viðtakendum eða þeir neita móttöku. Komi í ljós, að upphæð er fyrir vangá pósthjónustunnar útborguð öðrum en réttum aðila, ber að bæta tjónið að fullu.
- 6.1.2.4. Glatist sending eða innihald sendingar með áhvílandi póstkröfu, fer um skaðabætur eftir því, hværrar tegundar sendingin er, ábyrgðarsending, eða böggull, en aldrei eftir upphæð póstkröfunnar. Hafi póstkröfusending, almenn eða bókfærð, verið afhent, án þess að póstkrafan hafi verið innleyst, hefur sendandi rétt til þess að krefjast þess af póst- og símamálastofnuninni að hún greiði sér póstkröfuupphæðina enda hafi hún af hálfu sendanda verið réttilega útbúin.
- 6.1.2.5. Almennir bögglar, sem glatast eða eyðileggjast, eru bættir sendendum, sem segir í gjaldskrá fyrir pósthjónustu á hverjum tíma. Glatist innihald þeirra eða eyðileggist, að nokkru leyti eða öllu, á sendandi rétt á skaðabótum, er svari til hins raunverulega tjóns, þó aldrei hærri en þeim, sem ákveðnar eru í gjaldskrá, og að því tilskildu, að um böggulinn hafi verið tryggilega búið að dómi póst- og símamálastofnunarinnar.
- 6.1.2.6. Sé ábyrgðarsending, verðsending eða böggull með öllu glötuð, á sendandi rétt á að fá burðargjaldið sjálf endurgreitt, en önnur gjöld, svo sem tryggingargjald, ábyrgðargjald o. s. frv. eru ekki endurgreidd. Skaðabætur eru ekki greiddar, þegar skaðinn orsakast af eðli innihaldsins eða af slæmum umbúðum né heldur, þegar sendingin hefur eigi skaddast að utan á umbúðum né innsigli. Þó skal bæta þann skaða, sem verður á peningum og verðbréfum, ef talið hefur verið í sendingunni á viðtökupóststöðinni.

- 6.1.2.7. Skaðabætur fyrir póstsendingar, samkvæmt ofansögðu, ná aðeins til verðs þess hlutar sem glatast hefur, eða þeirrar rýrnunar, sem hinir skemmdu hlutir hafa orðið fyrir, en eigi skal bæta ábata- eða afnotamissi, peningaverðfall eða yfir höfuð neinar óbeinar afleiðingar skaðans. Bætur greiðast aldrei vegna þess, að póstsendingum seinki, hver svo sem orsökina kann að vera.
- 6.1.2.8. Bætur greiðast því aðeins, að þeirra sé krafist innan árs, frá því að sendingunni var skilað til flutnings, en eigi er skylt að greiða þær fyrr en sex mánuðir eru liðnir frá því póst- og símamálastofnuninni var tilkynnt um vanskilin. Nú hafa skaðabætur verið greiddar og sendingin eða innihald hennar kemur í leitirnar, skal þá hlutadeigandi boðin afhending hennar gegn því, að hann endurgreiði skaðabæturnar og burðargjaldið ef svo ber undir.
- 6.1.2.9. Póst- og símamálastofnunin getur í sérstökum undantekningartilvikum bætt tjón skv. almennum skaðabótareglum ef tjónið er slíkt og ástæður allar þess eðlis að ákvæði þessa kafla um takmarkaðar skaðabætur þykja ekki eiga við.

7.1. **VIÐURLÖG.**7.1.1. **Brot á reglugerðinni.**

7.1.1.1. Brot gegn reglugerð þessari varða sömu viðurlögum og brot gegn póstlögum.

8.1. **ÝMIS ÁKVÆÐI.**8.1.1. **Póstþjónusta við önnur lönd.**

8.1.1.1. Ákvæði reglugerðarinnar gilda einnig um póstþjónustu við önnur lönd að svo miklu leyti sem þau fara ekki á bága við milliríkjasamninga um póstþjónustu.

8.1.2. **Framkvæmd reglugerðarinnar.**

8.1.2.1. Reglugerð þessi er sett samkvæmt 38. gr. póstlaga nr. 33/1986 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir póstþjónustu nr. 138/1982 og reglugerð um giróþjónustu pósts- og síma nr. 55/1971.

*Samgönguráðuneytið, 30. mars 1990.***Steingrímur J. Sigfússon.***Halldór S. Kristjánsson.***REGLUGERÐ****um námskeið fyrir löggilta vigtarmenn.**

1. gr.

Löggiltir vigtarmenn geta þeir einir orðið, sem sótt hafa námskeið hjá Löggildingarstofunni og fengið um það skilríki. Lögreglustjórum er óheimilt að löggilda vigtarmenn nema gegn framvisun slíks skilríkis.

2. gr.

Löggildingarstofunni er heimilt að taka námskeiðsgjald, sem nægir fyrir kostnaði við námskeiðshaldið.

3. gr.

Hvert námskeið skal standa minnst í 2 daga og mest 3 daga, þar sem samanlagður kennslustundafjöldi er 16–18 stundir.

4. gr.

Jafnan skulu námskeiðin haldin í Reykjavík, en heimilt er að halda námskeiðin utan Reykjavíkur samkvæmt ákvörðun forstöðumanns Löggildingarstofunnar, ef nægileg þátttaka fæst.

5. gr.

Helsta kennsluefni skal vera sem hér greinir:

1. *Tölur, talnameðferð.*

Farið skal yfir skráningu tölulegra upplýsinga, frágang þeirra upplýsinga, eigið eftirlit, reikningsskil, töluvædda skráningu og frágang vottorða.

2. *Vigtun, vigtunaraðferðir.*

Einkum verður fjallað um heimil frávik, hámark og lágmark, undirstöðuatriði vigtunar svo og heilvigtun og hlutavigtun. Kynnt lög um stjórn fiskveiða og reglugerð um vigtun sjávarafla. Fjallað um samskipti við hafnaryfirvöld.

3. *Uppbygging voga.*

Gerð verður grein fyrir rafeindavogum og mekanískum vogum. Þá verður farið yfir einstaka vogarhluta. Fjallað verður um hversu miklu máli umhverfi og aðstæður á vigtunarstað skipta.

4. *Stilling, löggilding.*

Almennri mælifræði og löggiltri mælifræði verða gerð skil. Þá verður farið yfir alþjóðlega samræmingu, þ.á m. O.I.M.L., alþjóðlega mælifræðistofnunin. Þá verður fjallað um einingar staðla og uppruna staðla. Einnig verður greint frá S.I. einingum. Að lokum verður fjallað um áreiðanleika voga og viðskiptalegt traust.

5. *Löggilding voga.*

Hér verður skýrt frá vinnubrögðum og verklagsreglum við löggildingu voga, og hvaða vinnuaðferðir eigi að nota. Lítillega skýrt frá tegundarviðurkenningum.

6. *Lög og reglur.*

Gerð verður grein fyrir lagalegri hlið mála og þeim hefðum sem ríkja. Ábyrgð vigtarmanna.

6. gr.

Við námskeiðslok skulu vigtarmenn sýna fram á að þeir hafi tileinkað sér helstu atriði sem þeir þurfa að kunna skil á.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 60 3. nóvember 1915 um löggilta vigtarmenn, til þess að öðlast gildi 1. maí 1990.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1990, meðan þeir vigtarmenn, sem löggiltir hafa verið fyrir útgáfu þessarar reglugerðar, hafa eigi átt þess kost að komast á námskeið, þá er Löggildingarstofunni heimilt að veita þeim undanþágu er starfa sem löggiltir vigtarmenn. Þó skal eigi veitt undanþága fyrir löggilta vigtarmenn, sem vigta sjávarafla, nema fram til 1. júlí 1990.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. apríl 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Hjalti Zóphóníasson.

REGLUGERÐ

um framlög til eftirlauna aldraðra.

1. gr.

Fé til greiðslu eftirlauna samkvæmt I. kafla laga nr. 2/1985 með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 130/1989, að undanskilinni uppbót samkvæmt 21. gr. laganna greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt ávísun umsjónarnefndar eftirlauna, en Atvinnuleysistryggingasjóður endurkrefur ríkissjóð um ¼ hluta útgjaldanna.

2. gr.

Gjöld til uppbótargreiðslna á lífeyri samkvæmt I. kafla laganna, sbr. l. mgr. 21. gr. þeirra, skulu borin af hlutaðeigandi lífeyrissjóðum með þeim hætti, að hver sjóður sem tilgreindur er á fylgiskjali með samkomulagi Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 22. júní 1977 um málefni lífeyrissjóða og undirritar samstarfssamning lífeyrissjóða þar að lútandi, skal leggja fram 5% af bókfærðum iðgjaldatekjum sínum, sbr. 4. gr., á árunum 1980–1984, 4% árið 1985, 3% árin 1986–1989, 2% árið 1990 og 1% árið 1991.

3. gr.

Allir lífeyrissjóðir, sem lögbundnir eru eða njóta viðurkenningar fjármálaráðuneytisins samkvæmt lögum um tekju- og eignaskatt og ekki eiga aðild að samkomulagi því, sem um getur í 2. gr., skulu leggja fram 5% af bókfærðum iðgjaldatekjum sínum á árunum 1980–1984, 4% árið 1985, 3% árin 1986–1989, 2% árið 1990 og 1% árið 1991, til að standa undir útgjöldum til lífeyrisgreiðslna samkvæmt II. kafla laganna ásamt uppbót á þann lífeyri, sbr. 22. gr. laganna, og sérstakri uppbót á lífeyri samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda.

4. gr.

Séu iðgjöld til lífeyrissjóðs ákveðin hærri en 10% af iðgjaldsskyldum tekjum, skal við ákvörðun framlags samkvæmt 2. og 3. gr. ekki reikna með þann hluta iðgjalda, sem umfram er 10%. Til frádráttar skulu koma iðgjöld, endurgreidd á árinu eða flutt til annarra sjóða, og skal ekki telja til iðgjalda sérstök aukaframlög vinnuveitenda, svo sem til verðtryggingar lífeyris eða til að mæta halla, sem fram hefur komið við tryggingafræðilega athugun. Að öðru leyti skal framlag reiknað af öllum iðgjaldatekjum að meðtöldum iðgjöldum fluttum til sjóðsins á árinu.

Nú hefur breyting orðið á tilhögun færslu iðgjalda á ársreikningi lífeyrissjóðs frá árinu 1978, og er þá umsjónarnefnd heimilt að miða útreikninga framlags við fyrri tilhögun og áætla breytingar á reikningi í því skyni eftir því, sem nauðsyn krefur.

5. gr.

Umsjónarnefnd eftirlauna skal í marsmánuði ár hvert 1980–1991 áætla iðgjaldatekjur lífeyrissjóða á árinu, sbr. 2.–4. gr. Áætlan iðgjaldatekna skal miða við tölur nýjasta ársreiknings eða yfirlits frá sjóðnum og breytingar á grundvallarlaunum samkvæmt 6. gr. laganna frá hlutaðeigandi reikningsári til gjaldársins. Grundvallarlaun gjaldársins skulu áætluð þannig, að reiknað sé með óbreyttum launum frá mars til desember, en síðan skal umsjónarnefnd ákveða nauðsynlega viðbót við árstölu, er þannig er fengin, vegna óvissra launahækkana.

Telji umsjónarnefnd, að veruleg breyting hafi orðið á iðgjaldatekjum lífeyrissjóðs vegna breyttra laga- og reglugerðarákvæða eða breytinga á fjölda sjóðfélaga, skal hún breyta áætlun sinni í samræmi við það.

Umsjónarnefnd skal jafnframt áætlun sinni um iðgjaldatekjur lífeyrissjóða gera áætlun um viðbótargreiðslur samkomulagssjóða samkvæmt 21. gr. laganna, svo og áætlun um hina sérstöku uppbót á lífeyri samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda.

6. gr.

Hver samkomulagssjóður skal greiða til umsjónarnefndar iðgjaldaframlag sitt að frádrag-
inni þeirri fjárhæð, sem áætlað er, að í hlut hans komi við hlutfallslega skiptingu samanlagðra
framlaga samkomulagssjóðanna.

Nemi áætlaður hluti samkomulagssjóðs í hinum samanlögðu framlögum hærri fjárhæð en
iðgjaldaframlag hans, skal umsjónarnefnd greiða honum mismuninn.

Umsjónarnefnd greiðir Lífeyrissjóði bænda þann mismun, sem er á áætlaðri uppbótar-
fjárhæð samkvæmt 3. málgr. 5. gr. og áætluðu iðgjaldaframlagi sjóðsins.

7. gr.

Gjalddagi greiðslna samkomulagssjóða til umsjónarnefndar, sbr. 1. mgr. 6. gr., og
iðgjaldaframlaga annarra sjóða, sbr. 3. gr., að undanskildum Lífeyrissjóði bænda, er 1. apríl
ár hvert 1980–1982. Heimilt er lífeyrissjóðum að inna árgreiðsluna af hendi í tveimur jöfnum
hlutum. Sé fyrri hlutinn ekki greiddur í síðasta lagi 30. apríl reiknast dráttarvextir af
árgreiðslunum í heild frá gjalddaga til greiðsludags í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands
um heimild til töku dráttarvaxta af fasteignaveðskuldum. Sé fyrri hluti greiddur fyrir apríllok,
en síðari hluti ekki greiddur í síðasta lagi 31. júlí reiknast dráttarvextir á sama hátt af
eftirstöðvum frá gjalddaga til greiðsludags.

Árin 1983–1991 skulu gjalddagar þeirra greiðslna samkomulagssjóða og iðgjaldafram-
laga annarra sjóða, sem 1. málgr. tekur til, vera tveir, 1. apríl og 1. ágúst, og greiðist
helmingur árgreiðslunnar í hvort sinn. Dráttarvextir reiknast af hvorum hluta fyrir sig frá
gjaldaga til greiðsludags, sé greiðsla ekki innt af hendi innan mánaðar frá gjalddaga, sbr. að
öðru leyti ákvæði 1. mgr.

Umsjónarnefnd er heimilt að semja um aðra greiðslutilhögun við einstaka samkomulags-
sjóði, er mikla greiðslubyrði hafa samkvæmt 1. og 2. mgr., enda verði sú tilhögun ekki talin
óhagstæðari þeim samkomulagssjóðum, er greiðslur renna til.

Árlegar greiðslur umsjónarnefndar til samkomulagssjóða samkvæmt 2. mgr. 6. gr. skulu
inntar af hendi í tveimur jöfnum hlutum í maí og ágúst ár hvert 1980–1982, en í maí og
september 1983–1991.

Árlegar greiðslur umsjónarnefndar til Lífeyrissjóðs bænda skv. 3. mgr. 6. gr. skulu inntar
af hendi í þremur jöfnum hlutum í júní, september og desember ár hvert.

8. gr.

Endanlegt uppgjör fyrir árin 1980–1982 í stað áætlunar þeirra, sem um getur í 5. gr., skal
miðast við 1. júlí ár hvert 1981–1983. Mismunur á endanlegri niðurstöðu og áætlunarfjárhæð
skal greiddur eigi síðar en 31. júlí, en dráttarvextir, sbr. 1. mgr. 7. gr. reiknast frá og með 1.
ágúst.

Endanlegt uppgjör fyrir árin 1983–1991 skal miðast við 1. ágúst næsta ár á eftir, og skulu
eftirstöðvar og ofgreiðslur reiknaðar með álagi, er svarar til hækkunar, sem orðið hefur á
grundvallarlaunum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna frá 1. ágúst á framlagsárinu. Dráttar-
vextir, sbr. 1. mgr. 7. gr. reiknast frá og með 1. ágúst, sé greiðsla ekki innt af hendi fyrir
ágústlok.

Lífeyrissjóðum er skylt að láta umsjónarnefnd í té ársreikninga sína, um leið og þeir eru
fullgerðir. Hafi ársreikningur ekki borist nefndinni fyrir þann tíma, er endanlegt uppgjör
samkvæmt 1. og 2. mgr. skal miðast við, skal hún miða uppgjör við eigin áætlun.

9. gr.

Framlög ríkissjóðs, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóðs samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 25. gr. laganna skulu greidd umsjónarnefnd með jöfnum mánaðarlegum greiðslum ár hvert.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum 5. kafla laga nr. 2, 14. febrúar 1985, sbr. lög nr. 130, 29. desember 1989, öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 149/1985 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. apríl 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um Samábyrgð Íslands
á fiskiskipum nr. 338/1978.**

1. gr.

3. mgr. 9. gr. hljóði svo:

Bætur vegna skipa eldri en 15 ára skulu ekki vera hærri en 56 000 kr. á rúmlest í skipi. Sé skip yngra en 15 ára, hækkar hámarkið um 5 600 kr. á rúmlest fyrir hvert ár upp í 112 000 kr. á rúmlest í 5 ára gömlu skipi eða yngra.

2. gr.

Upphaf 4. mgr. 9. gr. hljóði svo:

Bætur skulu aldrei vera hærri en kr. 16 800 000 vegna eins skips.

3. gr.

2. mgr. 10. gr. hljóði svo:

Árgjöld skulu vera kr. 800 á rúmlest af tré- og stálskipum. Þó skal árgjald ekki vera herra en kr. 240 000 af einu skipi.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 37/1978 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og öðlast þegar gildi. Fjárhæðir þær, sem ákveðnar eru í 1.–3. gr., gilda frá 1. janúar 1990.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. apríl 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUR

um hlutverk ávana- og fíkniefnadeildar lögreglustjórans í Reykjavík, verkaskiptingu milli hennar og annarra lögregluþyrvalda svo og samstarf við aðrar stofnanir.

1. gr.

Ávana- og fíkniefnadeild lögreglustjórans í Reykjavík (hér eftir nefnd ÁFD) hefur með höndum lögreglurannsókn ávana- og fíkniefnabrota á Stór-Reykjavíkursvæðinu, þ.e. Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarneskaupstað, Garðabæ, Hafnarfirði, Bessastaðahreppi, Mosfellsbæ, Kjósarhreppi og Kjalarneshreppi, að því leyti sem þær eru ekki í höndum lögreglustjóra þar eða rannsóknarlögreglu ríkisins samkvæmt ákvæðum reglna þessarra eða annarra réttarreglna.

2. gr.

Lögreglustjórar bera ábyrgð á því, hver í sínu umdæmi, að stemmt sé stigu við ávana- og fíkniefnabrotum og að brot sem uppvís verða, sæti rannsókn. Þá skal ÁFD veita lögreglustjórum og dómurum, hvar sem er á landinu, aðstoð við rannsókn ávana- og fíkniefnabrotamála, þegar þeir óska, og lögreglustjórinn í Reykjavík og/eða ríkissaksóknari telja það nauðsynlegt. Ríkissaksóknari getur og falið ÁFD rannsókn einstakra mála hvar sem er á landinu, þegar hann telur þess þörf.

3. gr.

Nú vinnur ÁFD að rannsókn ávana- og fíkniefnamáls, sem teygir anga sína í önnur lögregluumdæmi, og geta þá starfsmenn hennar farið inn í þau, jafnvel fyrirvaralaust gerist þess mjög skjót þörf, en tilkynna skal hún viðkomandi lögreglustjóra um málið svo fljótt sem verða má, enda skal lögreglustjóri veita ÁFD alla nauðsynlega aðstoð. Ríkissaksóknari sker úr ágreiningi, sem rísa kann milli ÁFD og viðkomandi lögreglustjóra í sambandi við lögreglurannsókn.

4. gr.

ÁFD er öðrum lögregluumdæmum til ráðuneytis um fíkniefnamál og rannsókn þeirra. Veitir hún lögregluumdæmum jafnt verklega sem tæknilega aðstoð, þegar eftir er leitað, hvort heldur almennt eða vegna máls, sem er til rannsóknar, enda sé mál það umfangsmikið eða flókið að slíkrar aðstoðar sé þörf.

5. gr.

ÁFD heldur landsspjaldskrá og tölvufærðar upplýsingar um fíkniefnamál fyrir allt landið. Annast hún ennfremur söfnun upplýsinga innanlands og erlendis frá, og annast um að miðla þeim upplýsingum til annarra sem hlut eiga að máli, samkvæmt nánari reglum sem dómsmálaráðuneytið setur að fengnu samþykki tölvunefndar.

6. gr.

ÁFD skal vera í tengslum við erlenda og innlenda löggæsluaðila og aðra aðila, sem vinna gegn útbreiðslu fíkniefna, þ.m.t. erlenda löggæsluaðila.

7. gr.

Um hlutverk, starfssvið og verkefni ÁFD að öðru leyti fer samkvæmt starfslýsingu deildarinnar og erindisbréfi yfirmanns hennar í stjórnunarfyrimælum, RD-2.0189/3 og R-5.0588/1, útgefnunum af lögreglustjóranum í Reykjavík.

Reglur þessar eru settar með stöð í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50, 1972 um lögreglumenn og öðlast gildi 1. maí 1990.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. apríl 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Hjalti Zóphóníasson.

Nr. 166

4. apríl 1990

REGLUR

um Verðbréfaþing Íslands.

I. KAFLI

Stofnun og hlutverk.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 36 frá 5. maí 1986 starfrækir Seðlabanki Íslands í samvinnu við verðbréfamiðlara Verðbréfaþing Íslands (hér eftir nefnt verðbréfaþing eða þing). Heimili og varnarþing þess er í Reykjavík. Seðlabanki Íslands skal veita því og stjórn þess nauðsynlega starfsaðstöðu.

2. gr.

Hlutverk þingsins er m.a. eftirfarandi:

- a) Að vera vettvangur viðskipta með skuldabréf, hlutabréf og önnur verðbréf og starfrækja í því skyni skipulegt viðskiptakerfi meðal þátttakenda (hér eftir nefndir þingaðilar);
- b) að gera faglegar, fjárhagslegar og siðferðislegar kröfur til þingaðila;
- c) að meta skráningarhæfi verðbréfa;
- d) að skrá gengi verðbréfa og aðrar upplýsingar sem þurfa þykir og
- e) að sjá um, í samvinnu við bankaeftirlit Seðlabankans, að nauðsynlegt eftirlit sé til staðar með framkvæmd á reglum þingsins, þeim reglum sem stjórnin setur og ákvörðunum sem hún tekur eftir því sem við getur átt.

II. KAFLI

Stjórn og fundir þingaðila.

3. gr.

Stjórn þingsins skipa fimm menn. Seðlabankinn skal tilnefna formann og að auki einn mann, sem valinn skal úr atvinnulífinu vegna sérþekkingar á viðskiptamálum, að fenginni tillögu viðskipta- og hagfræðideildar Háskólans. Þrír stjórnarmenn skulu kosnir af öðrum þingaðilum til eins árs í senn sbr. 5. gr. Jafnmargir varamenn skulu valdir með sama hætti. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

4. gr.

Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem stjórnarmaður æskir þess. Stjórnin skal halda gerðabók. Ákvarðanir sínar skal stjórnin birta á traustan og greinilegan hátt.

5. gr.

Stjórnin getur, þegar hún sér tilefni til, boðað alla þingaðila til fundar. Skylt er henni að boða til slíks fundar ef þriðjungur þingaðila æskir þess. Fundur skal þó haldinn án tilefnis einu sinni á ári, fyrir febrúarlok. Á þeim fundi kjósa þingaðilar aðrir en Seðlabankinn fulltrúa í stjórn og varastjórn beinni kosningu. Reikningar þingsins skulu lagðir fram á þessum fundi til samþykktar. Jafnframt skal fundurinn ákveða þóknun stjórnar og endurskoðenda. Atkvæðamagn hvers þingaðila er í hlutfalli við kaup og sölu hans á skráðum verðbréfum á þinginu næstliðið almanaksár. Einn þingaðili getur þó ekki farið með meira atkvæðamagn fyrir sjálfs sín hönd og annarra en nemur þrjátíu af hundraði.

III. KAFLI

Þingaðilar.

6. gr.

Aðilar að þinginu eru þeir verðbréfamiðlarar sem stjórnin hefur samþykkt. Seðlabanki Íslands er þingaðili, en stundar ekki þjónustu sem aðrir þingaðilar veita almenningi aðra en útgáfu og sölu nýrra verðbréfa ríkissjóðs og ríkisstofnana, og keppir ekki við þá um viðskipti.

7. gr.

Umsóknir um aðild skulu sendar stjórninni og skal hún athuga hvort umsækjandi eða starfsmenn hans fullnægi eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hefur leyfi til að stunda verðbréfamiðlun sbr. 3. gr. laga nr. 20 frá 4. apríl 1989;
- b) hefur til að bera næga menntun og reynslu í verðbréfavíðskiptum samkvæmt nánari reglum sem stjórnin setur;
- c) setur verðtryggða bankaábyrgð, veð eða aðra tryggingu sem stjórnin metur gilda til tryggingar efnudum á skyldum þeim sem honum ber að uppfylla í viðskiptum sínum, eigi lægri en 1 milljón króna, en fjárhæðin breytist í janúar ár hvert í hlutfalli við breytingu sem kann að hafa orðið á lánskjaravísitölu frá gildi hennar í október 1985 sem var 1266, og
- d) hafi undirritað drengskaparyfirlýsingu um að rækja störf sín eftir bestu samvisku og að hlíta reglum þessum sem og reglum sem stjórnin hefur sett.

8. gr.

Nú telur stjórnin að þingaðili hafi hagað sér í starfi sínu á þann hátt að ekki samrýmist hagsmunum viðskiptavina hans né þingsins í heild. Skal hlutaðeigandi þingaðili að boði stjórnarinnar gera henni viðhlítandi grein fyrir máli sínu. Ber þingaðila í því efni að svara og sinna án ástæðulauss dráttar fyrirspurnum og kvæðningum stjórnarinnar. Stjórnin getur veitt einstökum þingaðilum áminningar, en svipta skal hún þingaðila aðild sé um ítrekaðar eða alvarlegar ávirðingar að ræða að hennar mati. Stjórnin leysir þingaðila undan kvöðum þingsins um leið og hann er sviptur aðild. Fullnægi þingaðili að einhverju eða öllu leyti ekki skilyrðum skv. 7. gr. skal stjórnin svipta hann þingaðild og leysa hann undan kvöðum þingsins.

9. gr.

Stjórn þingsins getur ákveðið óafturkræft stofngjald sem allir þingaðilar greiða til þingsins. Einnig getur stjórn þingsins ákveðið fyrir eitt ár í senn að þingaðilar greiði til þingsins fast gjald og/eða gjald, sem sé fyrirfram ákveðið hlutfall af sölu verðbréfa á þinginu.

IV. KAFLI

Skráning verðbréfa.

10. gr.

Stjórnin veitir verðbréfum viðurkenningu sem skráningahæfum í viðskiptakerfi þingsins, enda berist umsókn um það frá þingaðila.

11. gr.

Stjórnin setur nánari reglur um verðbréfaflokka sem teknir eru til skráningar og skulu þær m.a. fela í sér eftirtalin atriði:

- a) Að heildarnafnverð hvers flokks skuli ekki vera lægra og einingar ekki færri en svo að verðbréfin geti talist markaðshæf.
- b) Að verðbréfaflokki fylgi lýsing í samræmi við forskrift reglna sem stjórnin setur um hana og form útboðs.

12. gr.

Ákvæði 10. og 11. gr. gilda um öll skuldabréf, hlutabréf og önnur verðbréf, þ.m.t. hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða, sem sótt er um skráningu fyrir í viðskiptakerfi þingsins.

13. gr.

Stjórnin lætur útbúa nauðsynlegar upplýsingar um skráð verðbréf er almenningur hefur aðgang að.

14. gr.

Stjórninni er skylt að fella af skrá þau verðbréf, sem að hennar mati uppfylla ekki skilyrði þingsins. Jafnframt er henni heimilt að fella tímabundið niður skráningu ef ástæða þykir til.

15. gr.

Stjórn þingsins getur ákveðið fyrir hvert ár í senn árlegt gjald fyrir skráningu hvers flokks verðbréfa á þinginu.

V. KAFLI

Viðskiptakerfið.

16. gr.

Þingaðili skal senda öllum öðrum aðilum upplýsingar um magn, verð og tegundir þeirra skráðu bréfa sem hann hefur kaupanda eða seljanda að sbr. þó 20. gr.

17. gr.

Stjórnin skal skipuleggja upplýsingamiðlun skv. 16. gr., ákveða tíðni hennar, form upplýsinganna og flutningsmiðil.

18. gr.

Þingaðilar gera upp viðskipti beint sín á milli skv. reglum sem stjórnin setur. Þingaðilar bera ábyrgð á viðskiptum sínum með skráð verðbréf.

19. gr.

Stjórnin setur reglur um skiptingu sölulauna þegar sala fer í gegnum tvo eða fleiri þingaðila. Þingaðilar skulu gera stjórninni grein fyrir þóknun sem þeir taka fyrir að annast kaup eða sölu skráðra bréfa.

20. gr.

Þingaðila er heimilt að eiga viðskipti með skráð verðbréf án þess að hann bjóði þau fram í viðskiptakerfinu, svo fremi sem hann gerir bæði kaupendum og seljendum grein fyrir að svo sé og þeir sætti sig við það.

21. gr.

Stjórnin skal skipuleggja söfnun og miðlun upplýsinga meðal þingaðila um viðskipti með skráð verðbréf. Seðlabankinn safnar og miðlar upplýsingum um verð og viðskipti með skráð verðbréf.

VI. KAFLI

Önnur ákvæði.

22. gr.

Stjórnin skal gera tillögur um eftirlitskerfi, sbr. e-lið 2. gr., sem Seðlabankinn staðfestir. Þessu kerfi er ætlað að standa vörð um góða síðu þingaðilanna og koma í veg fyrir áföll sem skaða kynnu álit þingsins eða valdið gætu viðskiptavinum fjárhagstjóni.

23. gr.

Stjórnin skal skera úr um ágreining milli þingaðila að því er varðar framkvæmd reglna þingsins. Einnig skal hún skera úr um ágreining á milli viðskiptavina og þingaðila vegna viðskipta með skráð verðbréf enda hafi ágreiningnum verið vísað til stjórnarinnar af öðrum hvorum aðila.

24. gr.

Fundur þingaðila gerir tillögur um breytingar á reglum þessum til Seðlabankans og kynnir þær ráðherra. Um vægi atkvæða gilda ákvæði 5. gr.

25. gr.

Sæki hlutafélag um heimild stjórnar verðbréfaþings til að annast sjálft útgáfu eigin markaðsverðbréfa, skv. 2. ml. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 20/1989, getur stjórnin ákveðið að hlutafélagið greiði þinginu gjald vegna afgreiðslu umsóknarinnar.

26. gr.

Kostnaður af rekstri þingsins skal greiddur af tekjum þess sem aflað er skv. 9. gr. og 15. gr. Stjórn þingsins skal færa sérstakt bókhald fyrir þingið. Endurskoðendur skulu vera tveir, annar tilnefndur af Seðlabankanum og hinn kosinn af öðrum þingaðilum. Um vægi atkvæða gilda ákvæði 5. gr. Birta skal endurskoðaða reikninga þingsins í B-deild Stjórnartíðinda.

27. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 36/1986 að fengnu samþykki ráðherra og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar núgildandi reglur nr. 151 frá 22. febrúar 1989 um Verðbréfaþing Íslands.

Reykjavík, 5. mars 1990.

Jóhannes Nordal.

Tómas Árnason.

Reglur þessar staðfestast hér með.

Viðskiptaráðuneytið, 4. apríl 1990.

Jón Sigurðsson.

Tryggvi Axelsson.

AUGLÝSING

um (1.) breytingu á fylgiskjali með reglugerð nr. 64/1990
um (8.) breytingu á reglugerð nr. 246/1982 með síðari breytingum um
greiðslu almannatrygginga í lyfjakostnaði.

Með vísan til 3. gr. reglugerðar nr. 246/1982 með síðari breytingum skal nýtt fylgiskjal taka gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. mars 1990.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Fylgiskjal:

Ingolf J. Petersen.

HEITI LYFS	FORM	STYRKUR	MAGN	STK/ML	NVNR
ACINIL	TÖFLUR	200 MG	60		089839
ACINIL	TÖFLUR	200 MG	100		089847
AMILIN (TORO)	TÖFLUR	10 MG	100		080572
AMILIN (TORO)	TÖFLUR	25 MG	50		080580
AMILIN (TORO)	TÖFLUR	25 MG	100		080598
AMOXICILLIN	HYLKI	250 MG	15		469676
AMOXICILLIN	HYLKI	375 MG	15		469759
AMOXICILLIN	HYLKI	500 MG	15		469825
AMOXIL	MIXTÚRUD	50 MG/ML	80	ML	192278
APURIN	TÖFLUR	100 MG	100		197186
ASEPIN (TORO)	TÖFLUR	0.125 MG	30		124131
ASEPIN (TORO)	TÖFLUR	0.25 MG	10		403212
ASEPIN (TORO)	TÖFLUR	0.25 MG	30		403220
ASYRAN (DELTA)	TÖFLUR	150 MG	18		180349
ASYRAN (DELTA)	TÖFLUR	150 MG	60		107607
ASYRAN (DELTA)	TÖFLUR	300 MG	20		048991
ASYRAN (DELTA)	TÖFLUR	300 MG	100		049015
ATENOLOL	TÖFLUR	50 MG	30		470757
ATENOLOL	TÖFLUR	50 MG	100		470765
ATENOLOL	TÖFLUR	100 MG	30		470773
ATENOLOL	TÖFLUR	100 MG	100		470781
ATENOLOL (TORO)	TÖFLUR	25 MG	100		409631
ATENOLOL (TORO)	TÖFLUR	50 MG	30		087262
ATENOLOL (TORO)	TÖFLUR	50 MG	100		087270
ATENOLOL (TORO)	TÖFLUR	100 MG	30		087288
ATENOLOL (TORO)	TÖFLUR	100 MG	100		087296
BACLOFEN	TÖFLUR	10 MG	50		469643
BACLOFEN	TÖFLUR	25 MG	50		469668
BALANCID	TUGGUTFL		30		507608
BENSHEXOL (LR)	TÖFLUR	2 MG	50		060061
BENSHEXOL (LR)	TÖFLUR	2 MG	100		060079
BENSHEXOL (LR)	TÖFLUR	5 MG	50		060087
BENSHEXOL (LR)	TÖFLUR	5 MG	100		060095
BETASEL (DELTA)	TÖFLUR	50 MG	100		081547
BETASEL (DELTA)	TÖFLUR	100 MG	100		081554
BETNOVAT	KREM	1 MG/G	30	G	008086
BETNOVAT	KREM	1 MG/G	50	G	008094
BETNOVAT	LAUSN	1 MG/G	30	ML	008243
BETNOVAT	LAUSN	1 MG/G	100	ML	008326
BETNOVAT	SMYRSLI	1 MG/G	30	G	008383

HEITI LYFS	FORM	STYRKUR	MAGN	STK/ML	NVNR
BETNOVAT	SMYRSLI	1 MG/G	50	G	008458
BROMERGIN (TORO)	TÖFLUR	2.5 MG	30		485235
BROMERGIN (TORO)	TÖFLUR	2.5 MG	100		403402
CALCIPEN	MIXTÚRUD	50 MG/ML	100	ML	009894
CALCIPEN	MIXTÚRUD	50 MG/ML	200	ML	009910
CALCIPEN	TÖFLUR	200 MG	20		100974
CALCIPEN	TÖFLUR	333 MG	10		100982
CALCIPEN	TÖFLUR	333 MG	20		100990
CALCIPEN	TÖFLUR	333 MG	30		504217
CARDOL (TORO)	TÖFLUR	50 MG	100		077974
CARDOL (TORO)	TÖFLUR	100 MG	100		077982
CIMETIDIN (DELTA)	TÖFLUR	400 MG	50		066480
CIMETIDIN (DELTA)	TÖFLUR	400 MG	100		066498
DEPSIN (DELTA)	TÖFLUR	10 MG	100		450809
DEPSIN (DELTA)	TÖFLUR	30 MG	30		450825
DEPSIN (DELTA)	TÖFLUR	30 MG	100		450833
DIAZEPAM (DELTA)	TÖFLUR	2 MG	50		002469
DIAZEPAM (DELTA)	TÖFLUR	2 MG	100		002477
DIAZEPAM (DELTA)	TÖFLUR	5 MG	20		195560
DIAZEPAM (DELTA)	TÖFLUR	5 MG	50		195628
DIAZEPAM (DELTA)	TÖFLUR	5 MG	100		195701
DIAZEPAM (LR)	TÖFLUR	2 MG	50		539841
DIAZEPAM (LR)	TÖFLUR	2 MG	100		539858
DIAZEPAM (LR)	TÖFLUR	5 MG	20		168344
DIAZEPAM (LR)	TÖFLUR	5 MG	50		168476
DIAZEPAM (LR)	TÖFLUR	5 MG	100		168526
DIAZEPAM (TORO)	TÖFLUR	2 MG	50		539643
DIAZEPAM (TORO)	TÖFLUR	5 MG	20		539676
DIAZEPAM (TORO)	TÖFLUR	5 MG	50		539684
DIENOESTROL	SK-STIL	0.5 MG	20		411637
DIFLONID	TÖFLUR	250 MG	20		020446
DIFLONID	TÖFLUR	250 MG	50		192088
DIFLONID	TÖFLUR	500 MG	20		087668
DIFLONID	TÖFLUR	500 MG	100		066456
DILANGIN (TORO)	TÖFLUR	30 MG	30		017970
DONOBID	TÖFLUR	250 MG	100		020990
DOPAMET	TÖFLUR	250 MG	30		590638
DOPAMET	TÖFLUR	500 MG	100		590976
DOXYCYKLIN (DELTA)	HYLKI	100 MG	10		066464
DOXYCYKLIN (DELTA)	HYLKI	100 MG	30		066472
DOXYTAB (DELTA)	TÖFLUR	50 MG	10		173492
DOXYTAB (DELTA)	TÖFLUR	50 MG	100		173559
DOXYTAB (DELTA)	TÖFLUR	100 MG	10		131987
DOXYTAB (DELTA)	TÖFLUR	100 MG	30		131995
DUPHALAC	MIXTÚRA	667 MG/ML	1000	ML	019828
DUROFERON DURETTER	FORDATFL		250		020024
ELYZOL	SK-STIL	500 MG	6		466359
ELYZOL	TÖFLUR	250 MG	12		466334
ELYZOL	TÖFLUR	250 MG	24		466342
ELYZOL	TÖFLUR	500 MG	4		430686
ELYZOL	TÖFLUR	500 MG	8		430694
ELYZOL	TÖFLUR	500 MG	30		511444
ELYZOL	TÖFLUR	500 MG	100		128967
ENTRYDIL	TÖFLUR	60 MG	100		441071
ENTRYDIL	TÖFLUR	120 MG	100		441238
ERY-MAX	MIXT.KYR	40 MG/ML	100	ML	019224
ERY-MAX	MIXT.KYR	40 MG/ML	200	ML	019430
ERY-MAX	SH-HYLKI	250 MG	20		019232

HEITI LYFS	FORM	STYRKUR	MAGN	STK/ML	NVNR
ERYBAS (DELTA)	SH-TFL	250 MG	30		456996
ERYBAS (DELTA)	SH-TFL	250 MG	40		480715
ERYBAS (DELTA)	SH-TFL	250 MG	100		457010
ERYBAS (DELTA)	SH-TFL	500 MG	20		457093
ERYBAS (DELTA)	SH-TFL	500 MG	30		457085
ERYBAS (DELTA)	SH-TFL	500 MG	100		457101
EUSAPRIM	MIXTÚRA	8+40 MG/ML	100	ML	124388
FENOXCILLIN	MIXTÚRA	50.000 AE/ML	90	ML	184457
FENOXCILLIN	MIXTÚRA	50.000 AE/ML	120	ML	184440
FURIX	TÖFLUR	40 MG	25		122739
FURIX	TÖFLUR	40 MG	50		122747
FURIX	TÖFLUR	40 MG	100		122754
FURIX	TÖFLUR	40 MG	250		122762
GASTRAN (TORO)	TÖFLUR	150 MG	50		132209
GASTRAN (TORO)	TÖFLUR	150 MG	100		132217
GASTRAN (TORO)	TÖFLUR	300 MG	100		463885
GEANGIN	TÖFLUR	40 MG	30		082354
GEANGIN	TÖFLUR	80 MG	30		082370
GELAT M.SILIK. APP.BR.(LR)	MIXTÚRA		600	ML	550780
GELAT M.SILIKATI (LR)	MIXTÚRA		600	ML	550749
GLOBENTYL	TÖFLUR	500 MG	20		594085
GLOBENTYL	TÖFLUR	500 MG	100		594093
HALOPERIDOL (LR)	TÖFLUR	0.5 MG	100		104331
HALOPERIDOL (LR)	TÖFLUR	1 MG	100		104349
HALOPERIDOL (LR)	TÖFLUR	4 MG	100		077909
HALOPERIDOL (LR)	TÖFLUR	20 MG	100		109686
HYDROKORTISON (DELTA)	KREM	10 MG/G	20	G	087338
HYDROKORTISON (DELTA)	SMYRSLI	10 MG/G	20	G	087346
HYDROKORTISON					
AKV.(DELTA)	KREM	10 MG/G	20	G	089623
IBUFEN (LR)	TÖFLUR	200 MG	20		463778
IBUFEN (LR)	TÖFLUR	200 MG	100		081513
IBUFEN (LR)	TÖFLUR	400 MG	30		181289
IBUFEN (LR)	TÖFLUR	400 MG	100		081539
IBUFEN (LR)	TÖFLUR	600 MG	30		181396
IBUFEN (LR)	TÖFLUR	600 MG	100		181404
IBUPROFEN	TÖFLUR	400 MG	100		450700
IBUPROFEN	TÖFLUR	600 MG	100		450718
INDERAL	TÖFLUR	10 MG	50		179614
INDERAL	TÖFLUR	40 MG	50		179598
INDERAL	TÖFLUR	40 MG	200		533232
INDERAL	TÖFLUR	80 MG	100		033688
INDERAL	TÖFLUR	16 0MG	50		407619
INDOMETASIN (DELTA)	EP-STIL	50 MG	50		403428
INDOMETASIN (DELTA)	EP-STIL	100 MG	50		403485
INDOMETASIN (DELTA)	HYLKI	25 MG	30		535161
INDOMETASIN (DELTA)	HYLKI	25 MG	50		535179
INDOMETHACIN	HYLKI	25 MG	100		409763
INDOMETHACIN	HYLKI	50 MG	100		409912
ISORDIL	TUNGUR.T	5 MG	100		066506
ISORDIL	TÖFLUR	10 MG	100		066514
ISORDIL	TÖFLUR	30 MG	100		066522
JARNGLUKONAT (LR)	TÖFLUR	300 MG	50		550483
JARNGLUKONAT (LR)	TÖFLUR	300 MG	100		550491
KAAVEPENIN	TÖFLUR	500 MG	30		426601
KARBAZIN (LR)	TÖFLUR	200 MG	50		071118
KARBAZIN (LR)	TÖFLUR	200 MG	100		071126
KARBAZIN (LR)	TÖFLUR	200 MG	250		447953

HEITI LYFS	FORM	STYRKUR	MAGN	STK/ML	NVNR
KLORDIAZEPOXÍÐ (DELTA)	TÖFLUR	5 MG	30		059667
KLORDIAZEPOXÍÐ (DELTA)	TÖFLUR	5 MG	50		059691
KLORDIAZEPOXÍÐ (DELTA)	TÖFLUR	10MG	30		060012
KLORDIAZEPOXÍÐ (DELTA)	TÖFLUR	10 MG	50		060020
KLORDIAZEPOXÍÐ (LR)	TÖFLUR	5 MG	30		104356
KLORDIAZEPOXÍÐ (LR)	TÖFLUR	5 MG	50		104364
KLORDIAZEPOXÍÐ (LR)	TÖFLUR	10 MG	30		066134
KLORDIAZEPOXÍÐ (LR)	TÖFLUR	10 MG	50		066142
KORZEM (DELTA)	TÖFLUR	30 MG	100		431205
KORZEM (DELTA)	TÖFLUR	60 MG	30		447896
LAKTULOSA (DELTA)	MIXTÚRA	667 MG/ML	500	ML	520585
LAKTULOSA (TORO)	MIXTÚRA	667 MG/ML	500	ML	088054
LANOXIN	TÖFLUR	0.25 MG	100		035865
LANOXIN-PG	TÖFLUR	62.5 MCG	100		580381
MAGNYL (RAPO)	TÖFLUR	500 MG	50		166850
MASTERIN (TORO)	TÖFLUR	1 MG	100		109637
METOPRIM (LR)	TÖFLUR	100 MG	30		073288
METOPRIM (LR)	TÖFLUR	100 MG	100		073296
METYLDOPA (DELTA)	TÖFLUR	250 MG	100		530261
MONISTAT	SK-KREM	20 MG/G	78	G	022400
NAPROXEN (LR)	TÖFLUR	250 MG	50		550384
NAPROXEN (LR)	TÖFLUR	250 MG	100		550459
NAPROXEN (LR)	TÖFLUR	500 MG	20		109645
NAPROXEN (LR)	TÖFLUR	500 MG	50		109652
NAPROXEN (LR)	TÖFLUR	500 MG	100		109660
NAPROXEN (TORO)	TÖFLUR	250 MG	50		539999
NAPROXEN (TORO)	TÖFLUR	250 MG	100		540914
NAPROXEN (TORO)	TÖFLUR	500 MG	20		077990
NAPROXEN (TORO)	TÖFLUR	500 MG	50		078006
NAPROXEN (TORO)	TÖFLUR	500 MG	100		078014
NIFEDIPINE	HYLKI	10 MG	100		059899
NIFEDIPINE	HYLKI	10 MG	250		059915
NUELIN RETARD	FORÐATFL	250 MG	100		084293
OPTIMOL	AUGNDR	2.5 MG/ML	5	ML	110072
OPTIMOL	AUGNDR	5 MG/ML	5	ML	110080
PACISYN	TÖFLUR	5 MG	20		169748
PACISYN	TÖFLUR	5 MG	50		169730
PARZAN (DELTA)	TÖFLUR		30		031401
PARZAN (DELTA)	TÖFLUR		50		031435
PAXAL (DELTA)	TÖFLUR	0.25 MG	20		457127
PAXAL (DELTA)	TÖFLUR	0.25 MG	50		457135
PAXAL (DELTA)	TÖFLUR	0.25 MG	100		457143
PAXAL (DELTA)	TÖFLUR	0.5 MG	20		457150
PAXAL (DELTA)	TÖFLUR	0.5 MG	50		457192
PAXAL (DELTA)	TÖFLUR	0.5 MG	100		457218
PEKTOLIN (DELTA)	MIXTÚRA		100	ML	524843
PRAZAC	TÖFLUR	1 MG	30		528794
PRAZAC	TÖFLUR	1 MG	100		528802
PRAZAC	TÖFLUR	2 MG	100		528828
PRAZAC	TÖFLUR	5 MG	100		528836
PRIMAZOL (LR)	MIXTÚRA	8+40 MG/ML	100	ML	181131
PRIMAZOL (LR)	TÖFLUR	80+400 MG	20		534537
PRIMAZOL (LR)	TÖFLUR	80+400 MG	30		062711
PRIMAZOL (LR)	TÖFLUR	80+400 MG	100		534552
PROPRANOLOL (DELTA)	TÖFLUR	40 MG	50		509356
PROPRANOLOL (DELTA)	TÖFLUR	40 MG	100		509364
PROPRANOLOL (DELTA)	TÖFLUR	80 MG	100		509380
RETAFER	FORÐATFL	100 MG	100		183160

HEITI LYFS	FORM	STYRKUR	MAGN	STK/ML	NVNR
SALBUTAMOL	INNÚÐAL	0.1 MG/SK	200	SK	158733
SLOW-K	FORÐATFL	600 MG	100		496778
SLOW-K	FORÐATFL	600 MG	500		424192
SOBRIL	TÖFLUR	15 MG	25		400432
SOBRIL	TÖFLUR	15 MG	100		400424
SORBITRATE	TÖFLUR	20 MG	100		092429
SPARKAL	TÖFLUR	5+50 MG	30		090076
SPARKAL	TÖFLUR	5+50 MG	100		090084
SPARKAL MITE	TÖFLUR	2.5+25 MG	30		090100
SPARKAL MITE	TÖFLUR	2.5+25 MG	100		090118
SPASMERIN (TORO)	TÖFLUR	135 MG	50		017699
SPASMERIN (TORO)	TÖFLUR	135 MG	100		017715
SPIRIX	TÖFLUR	25 MG	40		123232
SPIRIX	TÖFLUR	25 MG	100		123240
SPIRIX	TÖFLUR	100 MG	30		525899
SPIRIX	TÖFLUR	100 MG	100		525907
STAKLOX (DELTA)	HYLKI	250 MG	30		438903
STAKLOX (DELTA)	HYLKI	250 MG	50		119784
STAKLOX (DELTA)	HYLKI	250 MG	100		119792
STAKLOX (DELTA)	HYLKI	500 MG	30		438937
STAKLOX (DELTA)	HYLKI	500 MG	50		120089
STAKLOX (DELTA)	HYLKI	500 MG	100		120147
STESOLID	TÖFLUR	2 MG	25		160291
SUKRAL (TORO)	TÖFLUR	1 G	60		037424
SUKRAL (TORO)	TÖFLUR	1 G	120		037457
TAMOFEN	TÖFLUR	10 MG	30		165266
TAMOXIFEN	TÖFLUR	10 MG	100		412825
TAMOXIFEN	TÖFLUR	20 MG	30		412833
TAMOXIFEN	TÖFLUR	20 MG	100		412924
TAMOXIFEN	TÖFLUR	40 MG	30		023184
TAMOXIFEN	TÖFLUR	40 MG	100		023192
TITRALAC	TÖFLUR		100		424580
TRION (DELTA)	TÖFLUR	0.125 MG	10		408658
TRION (DELTA)	TÖFLUR	0.125 MG	30		408674
TRION (DELTA)	TÖFLUR	0.25 MG	10		408708
TRION (DELTA)	TÖFLUR	0.25 MG	30		408716
VERAPAMIL	TÖFLUR	40 MG	100		128173
VERAPAMIL	TÖFLUR	80 MG	100		135319
VERAPAMIL	TÖFLUR	120 MG	100		128835
VISCOLYT	TÖFLUR	8 G	50		013946
VISCOLYT	TÖFLUR	8 MG	100		013953
VISLOC	TÖFLUR	5 MG	30		189167
VISLOC	TÖFLUR	5 MG	100		189563
VISLOC	TÖFLUR	10 MG	30		189613
VISLOC	TÖFLUR	10 MG	100		189696
VISLOC	TÖFLUR	15 MG	30		189076
VISLOC	TÖFLUR	15 MG	100		189118
VOSTAR (DELTA)	SH-TFL	25 MG	30		181479
VOSTAR (DELTA)	SH-TFL	25 MG	100		181511
VOSTAR (DELTA)	SH-TFL	50 MG	30		037176
VOSTAR (DELTA)	SH-TFL	50 MG	100		037192

REGLUGERÐ

um (6.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Eftirfarandi eru breytingar á viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Bisacodylum	Innhellislyf 2 mg/ml; mest 10 túpur á 5 ml handa einstaklingi.	DULCOLAX innhellislyf. TOILAX, innhellislyf.	Losun hægða fyrir röntgenskoðun eða ristilspjglun. Verkar venjulega á 5–15 mínútum. <i>Notkun:</i> Fullorðnir og börn 3 ára og eldri: Innihaldi einnar túpu er þrýst í endaparm.
Diphenhydraminum	Lyf í afmældum skömmtum; einstakmtur mest 50 mg. Mest 10 stk. handa einstaklingi.	KOFFÍNÁTÍN, töflur. Tablettar diphenhydramini 50 mg NORD 63.	Til varnar sjóveiki, bilveiki og flugveiki. <i>Skammtar:</i> Fullorðnir: 1 tafla ½–1 klst. fyrir brottför, síðan 1 tafla á 4–6 klst. fresti, ef þörf krefur. <i>Börn 8–12 ára:</i> ½–1 tafla ½–1 klst. fyrir brottför, síðan ½–1 tafla á 4–6 klst. fresti, ef þörf krefur. <i>Börn 4–8 ára:</i> ½ tafla ½–1 klst. fyrir brottför, síðan ½ tafla á 6–8 klst. fresti, ef þörf krefur. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 4 ára. <i>Varúð:</i> Varasamt er fyrir stjórnendur ökutækja að nota lyfið og það því merkt rauðum aðvörunarþríhyrningi. Lyfið má hvorki nota samtímis áfengi og/eða róandi lyfjum, né að staðaldri.
Ibuprofenum	Lyf í afmældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 200 mg. Mest 20 stk. handa einstaklingi.	ÍBÚFEN, töflur NUROFEN, töflur.	Lyfið er verkjastillandi, bólgueydandi og lækkar sótthita. Einkum ætlað til notkunar við höfuðverk, tannverk, tíðaverk og gigtarverk. Venjulegur skammtur handa fullorðnum er 1–2 töflur í senn, mest þrisvar sinnum á dag. Gefið ekki börnum yngri en 12 ára. <i>Varúð:</i> Má ekki nota lengur en í 3 daga í senn við hita og 1 viku við verkjum án samráðs við lækni. – Notist ekki samtímis öðrum verkjalyfjum. Barnshafandi konur og sjúklingar með maga- og/eða skeifugarnarsár eiga ekki að taka lyfið. Astmi getur versnað við notkun lyfsins.
Loperamidum	Mixtúrur, mest 0,2 mg/ml. Mest 100 ml handa einstaklingi.	IMODIUM, mixtúra.	Við bráðum niðurgangi; skammtíameðferð. <i>Skammtar:</i> Fullorðnir og börn 12 ára og eldri: 20 ml í upphafi meðferðar. Ekki má taka meira af lyfinu fyrr en að 2–3 klst. liðnum og þá 10 ml í senn eftir þörfum, en aldrei meira en 60 ml á sólarhring. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára án samráðs við lækni. Leitið lækni, ef niðurgangur hefur ekki batnað eftir tveggja daga meðferð. <i>Varúð:</i> Við háan hita eða ef blóð er í hægðum, má ekki nota lyfið. Leitið til lækni.

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
	Lyfjaform í af-ældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 2 mg. Mest 10 stk. handa einstaklingi.	IMODIUM, hylki.	Við bráðum niðurgangi; skammtímameðferð. Skammtar: Fullorðnir og börn 12 ára og eldri: 2 hylki í upphafi meðferðar. Ekki má taka meira af lyfinu fyrr en að 2–3 klst. liðnum og þá 1 hylki í senn eftir þörfum, en aldrei meira en 6 hylki á sólarhring. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára án samráðs við lækni. Leitið lækni, ef niðurgangur hefur ekki batnað eftir tveggja daga meðferð. <i>Varúð:</i> Við háan hita eða ef blóð er í hægðum, má ekki nota lyfið: Leitið til lækni.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. apríl 1990.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.*Ingolf J. Petersen.*

Nr. 169

3. apríl 1990

SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Minningarsjóð Helgu Sigurðardóttur, skólastjóra
Húsmæðrakennaraskóla Íslands.**

Helga Sigurðardóttir, f. 17. ágúst 1904, d. 26. ágúst 1962, hafði forgöngu um stofnun Húsmæðrakennaraskóla Íslands og var skólastjóri hans frá því hann tók til starfa haustið 1942 og til 1. september 1961, að hún sagði starfinu lausu vegna heilsubrests. Stjórn Nemendasambands Húsmæðrakennaraskóla Íslands gekkst fyrir stofnun þessa minningarsjóðs með sölu minningarspjalda við andlát Helgu Sigurðardóttur skólastjóra í þakklætis- og virðingarskyni fyrir brautryðjandastarf hennar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir minningarsjóður Helgu Sigurðardóttur, skólastjóra Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðurinn nam hinn 25. janúar 1990 kr. 100 000,00 (eitt hundrað þúsund krónum).

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja til framhaldsnáms eða sérstakra verkefna:

1. kennara, sem lokið hafa námi frá Hússtjórnarkennaraskóla Íslands eða sambærilegum skólum.

2. kennara sem lokið hafa B.ed. prófi frá Kennaraháskóla Íslands með hússtjórn sem valgrein eða sambærilega menntun.
3. kennaranema, sem stunda nám á síðasta námsári með hússtjórn sem valgrein.

4. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun í vörslu þriggja manna sjóðsstjórnar. Hana skipa formaður Hússtjórnarkennarafélags Íslands, fulltrúi kosinn á aðalfundi félagsins til fjögurra ára og einhver af nánustu ættingjum Helgu Sigurðardóttur, tilnefndum af þeim.

5. gr.

Sjóðsstjórnin skal sjá um ávöxtun höfuðstóls sjóðsins með þeim ráðum sem hún telur heppileg hverju sinni.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Helming vaxta skal leggja við höfuðstólinn, þangað til sjóðurinn er orðinn gkr. 50 000, þá 1/3 vaxta, þangað til sjóðurinn nemur gkr. 75 000, úr því 1/4 vaxta, þangað til höfuðstóllinn er orðinn gkr. 100 000. Eftir það skal leggja 1/10 vaxta við höfuðstólinn, og má þá úthlutunarnefnd færa út starfssvið sjóðsins, ef ástæða þykir til, en jafnan skal sjóðurinn þó fyrst og fremst vera styrktarsjóður. Komi það fyrir eitthvert ár, að enginn eða ekki fullur styrkur sé veittur úr sjóðnum, ákveður sjóðsstjórn, hvort hið óráðstafaða fé skuli lagt við höfuðstól eða því bætt við úthlutun næsta árs eða næstu ára. Þeim hluta af vöxtum sjóðsins, er ekki á að leggja við höfuðstól, skal varið til styrkja, skv. 3. gr.

7. gr.

Styrkinn skal auglýsa í fréttabréfi Hússtjórnarkennarafélags Íslands að hausti ár hvert. Sjóðsstjórn sér um úthlutun.

8. gr.

Stjórn sjóðsins annast reikninga hans og skal gerð grein fyrir endurskoðuðum reikningum á aðalfundi Hússtjórnarkennarafélags Íslands.

9. gr.

Telji sjóðsstjórn æskilegt að leggja sjóðinn niður skal ráðstafa eigum hans í samráði við ættingja Helgu Sigurðardóttur.

10. gr.

Verði Hússtjórnarkennarafélag Íslands lagt niður getur stjórn sjóðsins ákveðið hvernig sjóðnum skuli varið. Ráðstöfun sjóðsins þó jafnan við það miðuð að hann stuðli að því að efla hússtjórnarfræðsluna í landinu.

11. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari, enda sé hún einhuga um breytinguna.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

13. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir Minningarsjóð Helgu Sigurðardóttur skólastjóra Húsmæðrakennarskóla Íslands, nr. 162 frá 12. september 1963.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. apríl 1990.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUR

um eftirlit og viðhald handslökkvitækja.

Efnisyfirlit:

- 1 Almennar reglur.
- 2 Mánaðarlegt eftirlit.
- 3 Árlegt viðhald.
- 4 Árlegt viðhald - sérkröfur.
- 5 Þrýstiprófun.

1.0 Almennar reglur.

1.1 Gildissvið.

Í reglugerð þessari eru lágmarkskröfur um eftirlit og viðhald handslökkvitækja í skipum samkvæmt fyriræmum Siglingamálastofnunar ríkisins, og á landi þar sem reglubundis eftirlits og viðhalds er krafist t.d. samkvæmt reglugerðum eða samningum milli einkaaðila eða fyriræmum slökkviliðsstjóra á hverjum stað.

Reglugerðin gildir einnig um húsnæði og tækjabúnað prófunarstöðva fyrir handslökkvitæki, þar sem fram fer skoðun á ástandi og notagildi tækjanna, viðgerðir og viðhald, áfylling slökkviefnis og/eða þrýstiprófun á hylkjum, þrýstiflökum og slöngum.

Einnig gildir hún sem lágmarkskröfur um menntun og starfshæfni þeirra manna, sem sinna eftirliti og viðhaldi handslökkvitækja, hvort sem er á vettvangi eða í prófunar- og áfyllingarstöð.

Reglugerðin tekur ekki til handslökkvitækja í flugvélum.

1.2 Prófunarstöðvar (viðhaldsstöðvar).

Prófunarstöðvar, fastar eða færanlegar, skulu hafa búnað og tæki til skoðunar, viðgerða, viðhalds og áfyllingar handslökkvitækja, og e.t.v. einnig til þrýstiprófunar á hylkjum og þrýstiflökum, allt í samræmi við þessa reglugerð og leiðbeiningar framleiðenda tækjanna. Geymsla á slökkviefnum og áfylling á handslökkvitæki skal fara fram í rýmum, þar sem rakastigi í lofti er að jafnaði haldið undir 60%. Slökkviefnin skulu vera í þannig geymslu, að þau óhreinkist ekki, blotni eða liggja undir skemmdum af öðrum toga.

Ekki eru gerðar kröfur til þess að allar prófunarstöðvar sinni þrýstiprófun handslökkvitækja, enda fái slíkar stöðvar takmarkaða rekstursheimild að því leyti.

Húsakostur, vinnuaðstaða og aðbúnaður starfsmanna skal vera í samræmi við reglur Vinnueftirlits ríkisins nr. 493/1987 um húsnæði vinnustaða.

Aðstaða, tæki og öryggi starfsmanna við þrýstiprófun skal fullnægja reglum Vinnueftirlits ríkisins um þau mál.

1.3 Kröfur um menntun og starfshæfni.

Umsjónarmaður og/eða starfsmenn prófunarstöðvar skulu geta sýnt fram á, að þeir hafi fengið fullnægjandi þjálfun og leiðbeiningu hjá framleiðanda eða söluaðila hinna ýmsu gerða handslökkvitækja um prófun og viðhald á þeim. Þeir skulu einnig hafa sótt námskeið um notagildi og staðbundið eftirlit með handslökkvitækjum hjá Brunamálastofnun ríkisins og fengið í hendur vottorð frá henni þar að lútandi.

Þeir starfsmenn, sem annast þrýstiprófun, skulu jafnframt hafa sótt námskeið þess efnis á vegum Vinnueftirlits ríkisins og hafa fengið í hendur vottorð frá Vinnueftirliti þar að lútandi.

1.4 Viðurkenning prófunarstöðva.

Að uppfylltum ákvæðum í gr. 1.2 og 1.3 getur umsjónarmaður eða eigandi sótt um viðurkenningu fyrir prófunarstöð.

Prófunarstöð skal öðlast viðurkenningu hlutadeigandi yfirvalda, sem eru Brunamálastofnun ríkisins varðandi eftirlit, áfyllingu og viðhald handslökkvitækja í mannvirkjum á landi, Siglingamálastofnun ríkisins varðandi eftirlit, áfyllingu og viðhald handslökkvitækja í skipum og Vinnueftirlit ríkisins varðandi þrýstiprófun á hylkjum og þrýstiflöskum og aðbúnað, hollustuhætti og öryggi starfsmanna í prófunarstöðvum.

Lágmarkskröfur til menntunar og hæfni umsjónarmanns og/eða starfsmanna prófunarstöðvar skulu metnar af sömu aðilum.

Að fenginni umsögn Siglingamálastofnunar ríkisins og Vinnueftirlits ríkisins, undirritar Brunamálastofnun ríkisins vottorð um starfshæfni prófunarstöðvar og heimil- ar rekstur hennar. Í vottorði um viðurkenningu, sem veitt er til 5 ára í senn, skal m.a. koma fram með hvaða takmörkunum, og fyrir hvaða gerðir handslökkvitækja, stöðin hlýtur viðurkenningu.

Brunamálastofnun ríkisins, Siglingamálastofnun ríkisins og Vinnueftirlit ríkisins ákveða hver fyrir sig gjaldtöku fyrir námskeið, eftirlit og úttektir, útgáfu vottorðs og aðra veitta þjónustu.

Heimild til reksturs er afturkallanleg án fyrirvara, ef sérstök ástæða þykir til.

1.5 Ábyrgð.

Þar sem handslökkvitæki eru staðsett samkvæmt ákvæðum 1. mgr. í gr. 1.1, ber eigandi og/eða umráðamaður ábyrgð á því, að fullnægjandi eftirlit og viðhald fari reglulega fram í samræmi við þessa reglugerð. Viðhald, viðgerð, áfyllingu og þrýstiprófun skal framkvæma af viðurkenndum aðila.

1.6 Viðurkennd handslökkvitæki.

Handslökkvitæki á landi skulu hljóta viðurkenningu Brunamálastofnunar ríkisins og viðurkenningu Siglingamálastofnunar ríkisins í skipum. Jafnframt skulu handslökkvitæki fullnægja stöðlum sem þessar stofnanir viðurkenna.

Öll handslökkvitæki sem eru ræst með því að snúa þeim á hvolf, og einnig natron- og brennisteinssýrutæki, skulu tekin úr notkun.

2.0 Mánaðarlegt eftirlit.

- 2.1 Eiganda eða umráðamanni ber að láta skoða handslökkvitæki að jafnaði einu sinni í hverjum mánuði með reglubundnum hætti.
Ef handslökkvitæki ber þess einhver merki að það sé ekki í fullkomnu lagi, skal senda það á viðurkennda prófunarstöð til nánari athugunar og viðhalds.
- 2.2 Sá sem annast mánaðarlegt eftirlit skal hafa þessa reglugerð undir höndum og færa dagbók um eftirlit á sérhverju tæki eða árita viðfest athugunarspjald. Í skipum skal eftirlit þetta fært í eftirlitsbók.
- 2.3 Ef tæki er fjarlægð skal koma öðru tæki sömu gerðar fyrir í staðinn og a.m.k. jafn afkastamiklu. Falla má frá þessari kröfu sé gert við tækið innan sólarhrings og ekki sé fjarlægður meiri en helmingur tækja á sama svæði, t.d. í brunasamstæðu byggingar og á aftur- eða framþilfari skips.
- 2.4 Handslökkvitæki skulu vera staðsett á áberandi eða greinilega merktum og aðgengilegum stöðum.
Í skipum skulu þau hengd á þil í þar til gerð upphengi og tryggilega frá þeim gengið samkvæmt fyrirmælum Siglingamálastofnunar ríkisins.
Í mannvirkjum á landi skulu handslökkvitæki hengd upp á vegg eða vera í merktum skápum eða á pöllum, þar sem þau eru varin gegn falli eða hnjaski.
- 2.5 Þar sem opinberar reglur krefjast þess að handslökkvitæki séu staðsett, t.d. í skipum, opinberum byggingum og atvinnuhúsnæði, skal vera áberandi skilti sem segir til um staðsetningu tækisins.
Framan á tækinu skulu vera auðskildar leiðbeiningar á íslensku um notkun þess. Merkingar á skilti og tæki skulu vera í samræmi við gildandi staðla og reglur um öryggismerkingar.
- 2.6 Athuga skal öll innsigli og afhleypimerki. Séu innsigli handslökkvitækis rofin eða afhleypimerki opnast skal senda tækið til prófunarstöðvar til eftirlits og gera við það eftir þörfum og innsigla það að nýju.
- 2.7 Ef þrýstimælir er á tækinu skal lesið á hann. Ef þrýstingur er undir eðlilegu marki, ber að senda tækið til áfyllingar og/eða viðgerðar.
- 2.8 Athuga skal hvort tækið er fyllt slökkviefni eða hafi verið notað, t.d. með því að vega það. Ef tækið reynist ekki hafa tilskilið magn slökkviefnis, skal senda það til eftirlits og áfyllingar.
- 2.9 Athuga skal hvort stútur sé hreinn, slöngutengingar fastar og slanga heil.
- 2.10 Athuga skal hvort skemmdir séu á hylkinu sjálfu eða umbúnaði þess. Ef hylki slökkviefnis undir þrýstingi eða þrýstiflaska (CO₂) hefur orðið fyrir sjáanlegri tæringu eða öðrum skemmdum skal láta spegla og þrýstiprófa tækið þegar í stað á viðurkenndri prófunarstöð (sjá 5. kafla). Standist hylki eða þrýstiflaska ekki prófun skal taka tækið úr umferð.

3.0 Árlegt viðhald.

- 3.1 Tæki skal skoða og meta ástand þess og framkvæma viðhald á því í samræmi við þær reglur sem tilgreindar eru í 2. kafla um mánaðarlegt eftirlit. Auk þess skal viðurkenndur aðili (sjá 1. kafla) framkvæma eftirfarandi eftirlit og viðhald:
- 3.2 Athuga skal hvenær hylki var síðast þrýstiprófað. Hylki handslökkvitækis, sem ekki hefur verið þrýstiprófað á tilsettum tíma (sjá 5. kafla), skal láta þrýstiprófa þegar í stað eða taka það úr notkun.
- 3.3 Tækið skal vera hreint og vel viðhaldið. Athuga skal hvort leiðbeiningar um notkun tækisins séu óskemmdar og vel læsilegar. Sé ekki svo skal setja nýjar leiðbeiningar framan á tækið.

- 3.4 Ekki mega vera djúpar dældir, rispur eða ryðmyndanir á eða í hylki handslökkvitækis. Sé ryðmyndun einungis að utanverðu og sýnilega á byrjunarstigi má bæta úr með því að fjarlægja ryðið rækilega, hreinsa flötinn og mála yfir hann með viðurkenndri ryðvarnarmálningu.

Ef ryðmyndun eða önnur málmþæring er orðin veruleg utan á hylki eða hætta er talin á ryðmyndun inni í hylkinu, skal strax taka tækið úr notkun og setja annað í staðinn. Fara má með tækið á prófunarstöð og láta þrýstiprófa hylkið og spegla það að innan og þá skal tekin afstaða til þess hvort tækið skuli endanlega tekið úr notkun.

Tæki skal endurhlaða ef raunþrýstingur er 10% undir ástimpluðum vinnu- eða geymsluþrýstingi. Þrýstingur við endurhleðslu má mestur vera 0,2 MN/m² (2 bör) yfir ástimpluðum þrýstingi, til að tryggja að þrýstimælir tækisins verði ekki fyrir skemmdum. Þrýstiaukningin má mest vera 5 bör á sekúndu.

- 3.5 Lokar, tengingar og slöngur skulu vera heil og í góðu ásigkomulagi. Allar tengingar skulu vera fastar og þéttar. Ganga skal úr skugga um, að engar stíflur séu í tækinu. Ef slanga sýnir merki þess að vera slitin, rifin eða léleg skal skipta um hana.

Sé skipt um hluta handslökkvitækis, skal þess gætt að þéttingar og annað efni sé af viðurkenndri gerð og í samræmi við leiðbeiningar og kröfur framleiðanda tækisins.

Slöngu á kolsýrutæki (koltvísýringur, CO₂) skal prófa fyrir rafleiðni (vasaljós tengt á milli slöngutenginga) og skipta skal um hana leiði hún ekki rafmagn.

- 3.6 Ekki má má breyta um gerð tækis eða nota aðra gerð áfyllingarefnis en tækið er gert fyrir eða framleiðandi mælir með.
- 3.7 Vega skal tækið með vigt. Nákvæmni vigtar skal vera +/- 2% miðað við þyngd áfyllingarefnis. Ef hleðsluþyngd hefur rýrnað meira en 10% skal hlaða tækið, nema annað sé tekið fram (sjá 4. kafla).
- 3.8 Þegar hinu árlega skyldueftirliti er lokið skal setja innsigli á tækið og rakapólinn miða sem á stendur:
- Vettvangsskoðun: Nafn eftirlitsaðila og tímasetning skoðunar (mánuður og ár).
 - Viðhald: Nafn viðhaldsaðila, helstu aðgerðir á prófunarstöð (áfylling, þrýstiprófun o. fl.) og tímasetning aðgerða (mánuður og ár).
- Práður eða innsigli fyrir handvirka afhleypingu skal brotna við tog : 3 kp +/- 1 kp.

4.0 Árlegt viðhald - sérkröfur.

4.1 Skipt um áfyllingarefni.

Skipta skal um áfyllingarefni (slökkviefni) með þeim hætti og eins oft og leiðbeiningar framleiðanda segja til um, nema annað sé tekið fram hér á eftir í sérákvæðum fyrir einstakar tækjagerðir.

Þegar tæmt er af hylki skal um leið hreinsa það vandlega að utan og innan og spegla það að innan. Ef merki er um ryð eða tæringu skal þrýstiprófa hylkið og taka afstöðu til þess hvort það skuli tekið úr notkun.

4.2 Tæki með þrýstiflösku í hylkinu eða utan á liggjandi, sem hlaðin er kolsýru (koltvísýringi, CO₂).

Vega skal þrýstiflöskuna eina sér. Ekki má vanta meira en 5% upp á ástimplaða þyngd hleðslunnar. Ef svo er skal láta hlaða flöskuna eða skipta um hana. Skrá skal mánuð og ár á eftirlitsseðil tækisins.

Þrýstiflösku, sem hefur orðið fyrir sjáanlegum merkjum um tæringu eða öðrum skaða, skal taka úr umferð og skoða nánar og meta hvort frekari notkun hennar verði leyfð og skal þá þrýstiprófa flöskuna.

Hylki slíkra tækja skal opna árlega, tæma þau, spegla að innanverðu og meta ástand þeirra. Kanna skal ástand áfyllingarefnis (slökkviefnis) og taka ákvörðun um hvort það megi nota aftur.

4.3 *Tæki með slökkviefni undir þrýstingi lofttegundar (t.d. N₂) í sjálfu hylkinu (e. stored pressure).*

Almennt gildir að athuga skal hvort þrýstimælir sé virkur og sýni réttan vinnuþrýsting. Sé hann of lágur, þ.e. þrýstitap 10% vinnuþrýstings eða meira, skal tækið endurhlaðið. Vinnuþrýsting skal sannreyna með þar til gerðum þrýstimæli.

Almennt gildir einnig að sé hylki tæmt skal spegla það og skoða að innan. Ef ryðmyndun eða tæring kemur í ljós skal þrýstiprófa tækið og taka afstöðu til þess hvort það skuli tekið úr notkun.

4.4 *Kolsýrutæki (koltvísýringur, CO₂).*

Tækið skal vegið. Vanti 10% eða meira upp á ástimplaða þyngd hleðslunnar skal hlaða það og skrá niðurstöður á eftirlitsspjald tækisins.

Athuga ber að kolsýrutæki má ekki hafa á stað þar sem hitastig er hærra en 40°C nema tillit hafi verið tekið til þess við hleðslu og hærra leyfilegt umhverfishitastig sé ástimplað.

4.5 *Halontæki (halon 1211 eða 1301).*

Tækið skal vegið. Vanti 5% eða meira upp á ástimplaða þyngd hleðslunnar skal hlaða það og skrá niðurstöður á eftirlitsspjald tækisins. Einungis má endurhlaða tæki með haloni sömu gerðar og upprunalega var í þeim.

Sé halon tæmt af tæki skal það sett á geymsluhylki. Endurnota má halon ef hylki þess sýnir engin merki um tæringu eða óhreinindi að innan. Ef svo er má ekki endurnota halonið og skal því eytt í samræmi við fyrirmæli yfirvalda mengunarvarna og/eða leiðbeininga framleiðanda.

4.6 *Dufttæki.*

Tæma skal duftið úr tækinu og kanna ástand þess, a.m.k. árlega í tækjum sem staðsett eru í skipum, bifreiðum, vinnuvélum og annars staðar þar sem þau verða fyrir hristingi.

Þar sem tæki eru kyrrstæð, t.d. í byggingum og undir þrýstingi köfnunarefnis í hylkinu, skal tæma duftið úr tækinu og meta ástand þess á minnst fimm ára fresti eða oftár ef ástæða þykir til að mati eftirlitsmanns eða leiðbeiningar framleiðanda segja til um annað.

Duftið skal ávallt fara í gegnum sigti. Það skal vera þurrt, fíngert, þjálmt og renna létt í gegnum sigtið. Ef svo er ekki skal það endurnýjað. Duft má ekki vera mengað aðskotaefnum og það skal vera af viðurkenndri gerð sem framleiðandi tækisins mælir með. Ekki má blanda saman mismunandi dufttegundum.

Ekki er ráðlegt að rakastig lofts sé hátt þegar duft er sigtað eða sett á tæki. Prófunarstöðvar skulu því hafa rakamæli og ekki skal setja duft á tæki við hærra rakastig en framleiðandi mælir með fyrir hlutadeigandi gerð dufts.

4.7 *Froðutæki.*

Alltaf skal skipta um froðuefni sé talin hætta á að það hafi tekið efnafræðilegum breytingum, t.d. breytt um lit eða lykti óeðlilega.

4.8 Vatnstæki.

Tryggja má frostþol vatnstækis með því að bæta etylenglykol út í vatnið. Um hvert sé hæfilegt magn skal fara eftir leiðbeiningum framleiðanda.

Í ryðfrí stálhylki má ekki nota kalsíumklóríð eða aðrar vatnsupplausnir nema framleiðandi tækisins mæli með því.

4.9 Léttvatnstæki með AFFF-íblöndu (AFFF : Aqueous Film Forming Foam).

Almennt gildir að skipta skal um léttvatn a.m.k. þriðja hvert ár.

Sé tækið með innbyggðri eða utan á liggjandi þrýstiflösku (CO_2) þarf þó ekki að skipta um AFFF-íblönduna hafi hún verið efnagreind samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda og staðist þá prófun.

Athuga ber að léttvatnstæki eru sérstaklega hönnuð fyrir léttvatn með AFFF-íblöndu. Ekki má því setja AFFF-íblöndu á venjuleg vatnstæki. Ekki má setja frostlög saman við léttvatn nema leiðbeiningar frá framleiðanda heimili það.

5.0 Þrýstiprófun.

Þrýstiprófun og áfylling handslökkvitækja skal fara fram í viðurkenndri prófunarstöð og búnaður og mælitæki skulu vera sérhæfð til verkefnisins.

Búnaður til þrýstiprófunar og áfyllingar skal hafa tvo þrýstimæla. Nákvæmni þeirra skal vera $\pm 1\%$ af heildarmælisviðinu. Unnt skal vera að tengja við þá prófunartæki (þrýstimæli) til eftirlits.

5.2 Hylki handslökkvitækja, ef frá eru talin kolsýrutæki (CO_2), skal þrýstiprófa, hreinsa og spegla að innan eigi sjaldnar en 5. hvert ár ef rúmmál þeirra er meira en 5 lítrar.

Nema annað sé sérstaklega tekið fram af framleiðanda tækisins eða stimplað á það, skal prófunarþrýstingur vera minnst 1,5 x ástimplaður hleðslu- eða vinnuþrýstingur, þó aldrei minni en 1 MN/m^2 (10 bör, 10 kp/sm^2) eða jafn ástimpluðum prófunarþrýstingi.

5.3 Hylki kolsýrutækis skal hreinsa, spegla og þrýstiprófa á minnst 5 ára fresti, þó eftir 15 ár frá fyrstu hleðslu.

Prófunarþrýstingur fyrir hylki kolsýrutækja skal vera 20 MN/m^2 (200 bör, 200 kp/sm^2) til 25 MN/m^2 (250 bör, 250 kp/sm^2), háð ástimpluðum prófunarþrýstingi á tækið frá framleiðanda.

Prófunarþrýstingur skal haldast stöðugur í minnst 120 sekúndur og hylkið má ekki sýna nein merki um óþéttleika eða varanlegar breytingar á lögum utan leyfilegra marka samkvæmt stöðlum og reglum Vinnueftirlits ríkisins.

5.4 Séu meira en 5 ár liðin frá síðustu þrýstiprófun hylkis má ekki endurhlaða það fyrr en ný þrýstiprófun hefur farið fram.

5.5 Þrýstiprófanir á hylkjum skal framkvæma með vatnsþrýstingi og skal þá m.a. gæta þess sérstaklega að hylkið sé alveg fyllt af vatni. Eftir þrýstiprófun skal hylkið tafarlaust þurrkað rækilega. Prófunarþrýstingur fyrir hylki handslökkvitækja almennt skal haldast stöðugur í minnst 30 sekúndur, nema 120 sekúndur fyrir kolsýrutæki, og má hylkið ekki sýna nein merki um óþéttleika eða varanlegar breytingar á lögum utan leyfilegra marka samkvæmt viðurkenndum stöðlum og reglum Vinnueftirlits ríkisins.

5.6 Tímasetningu þrýstiprófunar og nafn prófunaraðila skal stimpla á tækið (mánuð og ártal). Þessar upplýsingar má einnig stimpla á málmplötu sem fest er á tækið.

5.7 Þrýstiflöskur, innbyggðar eða utan á liggjandi, með kolsýru (CO_2) skal þrýstiprófa a.m.k. á 10 ára fresti og með köfnunarefni (N_2) á a.m.k. 5 ára fresti.

Ef flöskur eru minni en 50 mm í þvermál og styttri en 600 mm að lengd eru þær þó undanþegnar þrýstiprófun.

5.8 Eftir hleðslu skulu hylki og flöskur lekaprófuð, t.d. með sápuvatni.

5.9 Slöngu skal þrýstiprófa með vatnsþrýstingi á sama tíma og hylki hlutaðeigandi tækis eða endurnýja. Prófunarþrýstingur skal haldast stöðugur í 60 sekúndur.

Slöngur skulu þola minnst tvöfaldan vinnuþrýsting tækisins og a.m.k. 2 MN/m^2 (20 bör), nema leiðbeiningar framleiðanda segi annað. Ef um kolsýrutæki er að ræða skal slangan þola minnst 25 MN/m^2 (250 bör, 250 kp/sm^2) þrýsting.

Þrýstiprófun á slöngu skal fara fram í sérstakri öryggisgrind, t.d. úr stáli, með möskvastærð mest $13 \times 13 \text{ mm}$.

Reglur þessar skulu þegar öðlast gildi.

Félagsmálaráðuneytið 2. apríl 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Líndal.

9. apríl 1990

457

Nr. 171

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 578/1982 um námslán og námsstyrki með áorðnum breytingum.

1. gr.

21. gr. orðist svo:

Í úthlutunarreglum skal m.a. tekið tillit til eftirfarandi atriða er varða hagi umsækjanda:

- a) Framfærslukostnaður á námsstað, sem breytist að öðru jöfnu með þróun verðalags og gengis. Sjóðstjórn fylgist einnig með því hvernig þessar tölur þróast í samburði við launatekjur.
- b) Námskostnaður í viðkomandi námsgrein á námsstað.
- c) Lengd árlegs námstíma.
- d) Fjölskylduáðstæður námsmanns.
- e) Tekjur námsmanns og maka hans eða möguleikar á tekjuöflun, t.d. utan árlegs námstíma.
- f) Skattar sem námsmaður eða maki greiða á sama tíma og nám eða tekjuöflun fer fram.
- g) Aðstaða sem einhleypur námsmaður nýtur af hálfu foreldra eða kjörforeldra, t.d. húsnæði.
- h) Ferðakostnaður barna og maka.

Óvígð sambúð er í störfum sjóðsins lögð að jöfnu við hjúskap, ef sambúðaraðilar eiga sameiginlegt lögheimili og hafa átt barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur staðið samfleytt í 2 ár.

Í reglum sjóðsins skal á hverjum tíma gæta samræmis milli þess að hvaða leyti námsmanni telst skylt að framfæra maka sem getur ekki aflað tekna og þess sem tekjuhár maki telst leggja til framfæris námsmanns.

Auk þeirra hækkana sem um getur í staflið a) og hækkunar um 7,5% 1. mars 1989 og 5,0% 1. september 1989 hækki framfærslugrunnur námslána um 6,4% 1. september 1990.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 9. apríl 1990.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 24 – 1990

Nr. 172

458

17. apríl 1990

SAMÞYKKT

um sorphreinsun í Austur-Eyjafjallahreppi.

1. gr.

Austur-Eyjafjallahreppur, annast eða býður út alla sorphreinsun innan marka sveitarfélagsins, samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar. Sorphreinsun fer fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar og eftirliti heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Sérhver íbúðarhafi í Austur-Eyjafjallahreppi er skyldugur að nota þær aðferðir og ílát við sorphreinsun sem sveitarstjórn ákveður. Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorp-hirðumenn og húseigendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun.

3. gr.

Húseigendur skulu kosta kaup sorpgeymsluskápa sinna og viðhald þeirra og ber að sjá um að þeir séu jafnan í góðu ásigkomulagi. Hverju húsi skal fylgja a.m.k. eitt ílát fyrir hverja íbúð. Húseiganda ber að skipta um poka fyllist þeir milli tæminga og ganga þannig frá þeim að sorp hrynji ekki úr þeim.

4. gr.

Sorphreinsunarmenn annast hreinsun á öllu sorpi sem er í pokum, einnig tilfallandi eðlilegum úrgangi, svo sem umbúðum af heimilistækjum og hlutum sem rúmast illa í pokum, enda séu þeir auðveldir í meðförum fyrir einn mann. Í sorppoka má setja allt venjulegt heimilissorp. Ekki má setja í sorppoka mold, mól, grjót, byggingarsorp o.þ.h. Á sama hátt má ekki setja eldfima vökva í sorppoka, eyðing á þeim skal fara fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum sem hætta er á að rífi pokana, skal pakkað eða gengið frá á annan tryggilegan hátt. Pokar mega ekki vera þyngri en svo að auðvelt sé að meðhöndla þá og ekki sé hætta á að þeir rifni. Gæta þarf þess að fylla ekki sorppoka meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

5. gr.

Sorphreinsun fer að jafnaði fram vikulega. Austur-Eyjafjallahreppur leggur til einn til tvo sorppoka fyrir hverja íbúð við hverja hreinsun. Aukapoka má fá keypta hjá sveitarfélaginu.

6. gr.

Allt umfangsmeira sorp svo sem frá byggingum, bílhæ og allt brotajárn, skal hver hlutaðeigandi fjarlægja á eigin kostnað á ákveðið afmarkað svæði samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar. Við flutning á hvers konar sorpi, úrgangi, jarðefnum og öðrum lausum efnum skal þess gætt, að þannig sé um flutningana búið að eigi sé hætta á að fjúki eða falli af flutningatæki.

7. gr.

Allur kosntaður við sorphirðu venjulegs húsasorps greiðist af sveitarsjóði. Þó skal sveitarstjórn heimilt að leggja á árlegt sorphreinsunargjald í sérstakri gjaldskrá sem heilbrigðisráðherra staðfestir og innheimtist með fasteignagjöldum. Fyrir hverja íbúð skal greiða eitt sorphreinsunargjald á ári, en hálf gald fyrir hvern sumarbústað. Fjöldi hreinsunargjalda fyrir opinberar byggingar og þjónustufyrirtæki skal fara eftir mati á umfangi sorphreinsunar frá þessum stöðum. Mat þetta annast sveitarstjórn.

8. gr.

Hafi húsráðandi kvörtun fram að færa vegna sorphirðunnar, skal hann koma slíkri kvörtun til sveitarstjórnar.

9. gr.

Brjóti húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu á sorpi, skulu sorphirðumenn tilkynna það sveitarstjórn eða heilbrigðisnefnd sem gangast þá í því að úr verði bætt. Sorphreinsunarmönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka.

10. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

11. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Austur-Eyjafjallahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi 1. maí 1990.

Ákvæði til bráðabirgða.

Húseigendur í Austur-Eyjafjallahreppi skulu útvega sér ílát fyrir sorppoka sem allra fyrst í samræmi við 3. gr. og eigi síðar en 15. maí 1990.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. apríl 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphreinsun í Austur-Eyjafjallahreppi árið 1990.

1. gr.

Upphæð sorphreinsunargjalds í Austur-Eyjafjallahreppi fyrir árið 1990 skal vera kr. 3 350, sbr. 8. gr. samþykktar um sorphreinsun nr. 172/1990.

Gjaldið skal innheimtast með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er af hreppsnefnd Austur-Eyjafjallahrepps, staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. apríl 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.

REGLUGERÐ**um bann við togveiðum við Hrollaugseyjar.**

1. gr.

Frá og með 1. maí 1990 eru allar fiskveiðar með flot- og botnvörpu bannaðar á svæði við Hrollaugseyjar milli lína, sem dregnar eru réttvísandi 150° frá eftirgreindum punktum:

- a) 64°10'8 N 15°42'6 V
- b) 64°06'0 N 16°05'0 V

Að utan markast svæðið af línu sem dregin er í 9 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu sbr. reglugerð nr. 299/1975. (Lína dregin milli Stokksness, Hrollaugseyja, Tvískerja og Ingólfs-höfða).

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. apríl 1990.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Pórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ**um sérstök togveiðisvæði við SA-ströndina samkvæmt lögum nr. 3, 8. janúar 1988.**

1. gr.

Prátt fyrir ákvæði c.-liðar 3. gr. laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, er skipum styttri en 32 metrar (mesta lengd) og búin eru aðalvél 650 hestöflum og minni heimilt að stunda veiðar með botnvörpu utan 3ja sjómílna frá viðmiðunarlínu samkvæmt lögum nr. 81/1976 á svæði sem að austan markast af línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Hvítungum. Að vestan markast svæðið af línu, sem dregin er réttvísandi 150° frá punkti 64°10'8 N og 15°42'6 V.

Heimild þessi gildir frá og með 1. maí til 15. maí 1990.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 19. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988 um stjórn fiskveiða 1988–1990, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. apríl 1990.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Pórður Eyþórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, er taki gildi 1. maí 1990:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 1,14%

Iðnaðarráðuneytið, 24. apríl 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

30. apríl 1990

Nr. 177

REGLUGERÐ

um jöfnunartoll á innfluttar kökur.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu jöfnunartoll af kökum, sem flokkast í tnr. 1904.9040 í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með áorðnum breytingum. Jöfnunartollur skal vera 66,99 kr. fyrir hvert kílógramm.

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, lögvernd, viðurlög, refsingu og aðra framkvæmd innheimtu jöfnunartolls skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu jöfnunartolls samkvæmt reglugerð þessari og standa skil á honum til ríkissjóðs eftir þeim fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi þegar í stað og skal hún gilda til 31. október 1990.

Fjármálaráðuneytið, 30. apríl 1990.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 25 – 1990

Nr. 178

462

2. maí 1990

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 175 27. apríl 1990, um sérstök togveiðisvæði við SA-ströndina samkvæmt lögum nr. 3, 8. janúar 1988.

1. gr.

Í stað orðanna „frá viðmiðunarlínu samkvæmt lögum nr. 81/1976“ í 1. ml. 1. mgr. 1. gr. komi orðin: frá fjörumarki meginlandsins.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 19. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. maí 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

Nr. 179

20. apríl 1990

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingum á áður staðfestu aðalskipulagi Keflavíkur 1982-2002.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 27. mars 1990, staðfest þær breytingar á aðalskipulagi Keflavíkur að iðnaðar/útivistarsvæði sunnan Aðalgötu verður íbúðarsvæði og gatan Heiðarból opnast út í Vesturgötu.

Framangreindar breytingar hafa hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Bæjarstjórn Keflavíkur hefur samþykkt þær og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt þær til staðfestingar ráðuneytisins.

Félagsmálaráðuneytið, 20. apríl 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir skreið á Ítalíumarkað fyrir framleiðslu alls ársins 1990 nema annað verði ákveðið.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir skreið á Ítalíumarkað fyrir framleiðslu alls ársins 1990 nema annað verði ákveðið:

Viðmiðunarverð í SDR pr. tonn cif.		
EDDA	30/40	6 305
	40/50	7 273
	50/60	9 939
	60/70	10 090
SAGA	I.P.	8 000
	I.M.	10 828
	I.G.	11 313
ASTRA		6 060

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils. Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. apríl 1990.

F. h. r.

Gylfi Gautur Pétursson.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Stokkseyrar 1987–2007.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 23. apríl 1990, staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Stokkseyrar 1987–2007.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 23. apríl 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ um ábyrgðadeild fiskeldislána.

1. gr.

Ábyrgðadeild fiskeldislána er sérstök deild við ríkisábyrgðasjóð. Ábyrgðadeildin lýtur stjórn fjármálaráðherra. Hlutverk hennar er að tryggja með sjálfskuldarábyrgð greiðslu eldslána, sem bankar og aðrar lánastofnanir veita eða útvega innlendum fiskeldisfyrirtækjum skv. því sem kveðið er á um í lögum nr. 17/1990, um ábyrgðadeild fiskeldislána.

2. gr.

Fjármálaráðherra skipar 5 manna stjórnarnefnd ábyrgðadeildar til 4 ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu viðskiptaráðherra, einn samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðherra og þrjá án tilnefningar og skal formaður skipaður úr þeirra hópi. Jafnframt skulu skipaðir fimm varamenn með sama hætti.

Stjórnarnefndarmaður skal ekki taka þátt í meðferð máls ef hann er stjórnarmaður eða starfsmaður viðkomandi fyrirtækis eða þeirrar lánastofnunar, sem er í viðskiptum við viðkomandi fyrirtæki. Hann skal einnig víkja ef hann er fjárhagslega háður fyrirtæki vegna eignaraðildar, viðskipta eða af öðrum ástæðum. Sama gildir ef stjórnarnefndarmaður er svo persónulega tengdur umsækjanda að hætta er á að hann fái ekki litið hlutlaust á mál.

Óheimilt er starfsmönnum, stjórnarnefndinni og trúnaðarmönnum hennar að láta óviðkomandi aðilum í té nokkuð af þeim upplýsingum, sem gefnar eru í sambandi við ábyrgðarbeiðni umsækjenda.

Til þess að fundur stjórnarnefndar sé lögmætur, þarf meiri hluti stjórnarnefndar að sitja hann og ræður einfaldur meirihluti ákvörðun stjórnarnefndar.

3. gr.

Verkefni stjórnarnefndar ábyrgðadeildar eru eftirfarandi:

1. Fjalla um allar umsóknir um sjálfskuldarábyrgð er berast skv. lögum um ábyrgðadeild fiskeldislána og afgreiða þær, sbr. 4. gr.
2. Sjá um að gerður sé þríhliða samningur milli umsækjanda, lánastofnunar hans og ábyrgðadeildarinnar, sbr. 4. gr.
3. Gera tillögur um iðgjald skv. 6. grein fyrrgreindra laga, sbr. 5. gr.
4. Athuga kjör og form þeirra lána sem óskað er eftir að tryggð verði, m.a. með tilliti til þess að þau samrýmist sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs, sbr. 6. gr.
5. Að hafa eftirlit með því að nægileg veð séu fyrir hendi til tryggingar þeim lánnum sem ábyrgðadeildin hefur veitt ábyrgð á, sbr. 7. gr.
6. Gæta þess að váttryggingar séu fullnægjandi, sbr. 7. gr.
7. Annað það er hún telur nauðsynlegt til þess að gæta hagsmuna ábyrgðadeildarinnar.

4. gr.

Fiskeldisfyrirtæki sem æskir ábyrgðar deildarinnar skal sækja um hana til stjórnarnefndar ábyrgðadeildar á þar til gerðum eyðublöðum og með þeim upplýsingum sem stjórnarnefnd ábyrgðadeildar ákveður.

Stjórnarnefnd fjallar um hverja umsókn og afgreiðir á grundvelli ítarlegs mats á stöðu og rekstraröryggi viðkomandi fyrirtækis. Fyrirtæki koma því aðeins til álita við veitingu sjálfskuldarábyrgða að grundvöllur teljist vera fyrir rekstri þeirra til lengri tíma. Jafnframt ákveður stjórnarnefndin með hvaða kjörum deildin veitir ábyrgð.

Ábyrgð skal ekki veitt nema:

- a) Umsækjandi hafi afurðalán hjá banka eða annarri lánastofnun vegna sömu afurða án ábyrgðar ábyrgðadeildarinnar.
- b) Umsækjandi hafi tryggt afurðir sínar á fullnægjandi hátt.

Áður en ábyrgð er veitt skal gerður þríhliða samningur milli umsækjanda, lánastofnunar hans og ábyrgðadeildar þar sem kveðið er á um:

- a) Eftirlit með verðmæti hins veðsetta.
- b) Að ekki séu veitt ný lán þegar hætta er talin á að ekki náist full skil við sölu afurðanna.
- c) Að söluandvirði hinna veðsettu afurða renni óskert til greiðslu þeirra lána sem ábyrgðadeildin hefur ábyrgst, auk þeirra lána sem lánastofnun hefur 1. veðrétt fyrir.
- d) Önnur þau atriði er rétt þykir að mati aðila að hafa í slíkum samningi.

5. gr.

Stjórnarnefnd gerir tillögur til ráðherra um þau iðgjöld sem greiða skal fyrir sjálfskuldarábyrgðir. Iðgjöld skulu við það miðuð að deildin sé rekin hallalaus. Umsækjandi skal hlutast til um að banki sá eða lánastofnun, sem veitir afurðalán gegn ábyrgð deildarinnar innheimti iðgjald deildarinnar með því að draga það frá við útborgun afurðalánsins og/eda af andvirði veðsettra afurða og skila deildinni iðgjaldinu.

6. gr.

Gjalddagi þeirra lána sem ábyrgðadeild tekur sjálfskuldarábyrgð á skal ætíð miðast við skil á söluandvirði þeirra afurða sem lánað var út á, eða að verðmæti þau sem lánað var út á séu ekki lengur fyrir hendi.

7. gr.

Ábyrgðadeildin skal taka veð í eldisstofni til tryggingar þeim lánnum, sem hún veitir sjálfskuldarábyrgð á. Á undan í veðröð mega eingöngu hvíla þau veð sem lánastofnanir hafa tekið vegna lána sem þau veita viðkomandi fyrirtæki sbr. 2. og 4. gr. laga nr. 17/1990, um ábyrgðadeild fiskeldislána. Verðmæti þau sem sett eru að veði til tryggingar áhættu ábyrgðadeildarinnar skulu ávallt vera váttryggð á fullnægjandi hátt. Meðan fiskeldisfyrirtæki nýtur ábyrgðar ábyrgðadeildar er því skylt að hlíta fyrir mælum stjórnarnefndar um váttryggingu. Getur stjórnarnefnd, ef misbrestur verður á greiðslu iðgjalds af þeim tryggingum, látið greiða það á kostnað ábyrgðarþega.

8. gr.

Bókhald ábyrgðadeildarinnar færast í ríkisábyrgðasjóði. Rekstri ábyrgðadeildarinnar skal haldið aðgreindum frá öðrum rekstri ríkisábyrgðasjóðs.

9. gr.

Nú verða vanskil á láni, er ábyrgðadeildin hefur tekið sjálfskuldarábyrgð á, og getur þá lánveitandi krafði ábyrgðadeildina beint um greiðslu skuldarinnar og þarf ekki að ganga að öðrum tryggingum vegna hennar. Lánveitandi getur ekki talið alla skuldina fallna í gjalddaga vegna vanskila, nema hann hafi áður krafði ábyrgðadeildina skriflega. Ábyrgðadeild getur ætíð leyst skuldina alla til sín, ef hún óskar þess. Nú leysir ábyrgðadeildin skuld til sín, og skal þá lánveitandi framselja ábyrgðadeildinni allan þann rétt, er hann kann að eiga á hendur skuldara, eða öðrum, vegna skuldarinnar, og getur ábyrgðadeild þá eindagað skuldina gagnvart skuldara, ef hún telur ástæðu til.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. gr. laga nr. 17/1990, um ábyrgðadeild fiskeldislána.

Fjármálaráðuneytið, 3. maí 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

REGLUGERÐ**um skil á staðgreiðslu.**

1. gr.

Launagreiðandi skal ótilkvaddur skila skilagrein og því staðgreiðslufé sem honum bar að halda eftir eigi sjaldnar en mánaðarlega.

2. gr.

Staðgreiðslufé ber að skila inn á gíróreikninga 778899 í Landsbanka Íslands, aðalbanka, 025025 í Seðlabanka Íslands eða til innheimtumanna staðgreiðslu sbr. 5. gr. reglugerðar þessarar.

3. gr.

Með skilum skal launagreiðandi ætíð láta fylgja skilagrein í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður sbr. ákvæði 20. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Ef skilafé er skilað í banka, sparisjóð eða pósthús sem innborgun inn á gíróreikning skv. 2. gr. reglugerðar þessarar, skal skilagrein vera í formi gíróseðils fyrirfram áritaðs af ríkisskattstjóra.

Skilagrein skal skila mánaðarlega enda þótt engin laun hafi verið greidd eða persónuafsláttur launamanna veldur því að engin staðgreiðsla hafi verið tekin af starfsmönnum.

Gjalddagi vegna greiðslutímabils liðins mánaðar er 1. dagur næsta mánaðar á eftir en eindagi 14 dögum síðar. Ef eindaga ber upp á laugardag, sunnudag eða helgidag flyst hann til næsta virks dags þar á eftir.

4. gr.

Bankar, sparisjóðir og pósthús sem veita viðtöku staðgreiðslufé inn á gíróreikning staðgreiðslu skulu því aðeins taka við innborgunum inn á gíróreikninginn að greiðslu fylgi sérstakur gíróseðill sbr. ákvæði 3. gr. reglugerðar þessarar og 20. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Banki, sparisjóður eða pósthús sem veitir viðtöku innborgun skal ganga úr skugga um að fullt samræmi sé á milli skilagreinar og greiðslu. Ef samræmi er eigi fyrir hendi er viðkomandi aðilum óheimilt að taka við greiðslu inn á gíróreikninginn.

5. gr.

Eftirtaldir aðilar eru innheimtumenn staðgreiðslu og taka við staðgreiðslufé og skilagreinum ef þær eru ekki inntar af hendi í bönkum, sparisjóðum eða pósthúsum með greiðslu inn á gíróreikning:

A. Gjaldheimtur:

Gjaldheimtan í Reykjavík.
Gjaldheimtan í Mosfellsbæ.
Gjaldheimtan á Seltjarnarnesi.
Gjaldheimtan, Garðabæ.
Gjaldheimtan í Hafnarfirði.
Gjaldheimta Suðurnesja, Njarðvík.
Gjaldheimtan í Bolungarvík.

B. Sýslumenn, bæjarfógetar:

Bæjarfógetinn á Akranesi.
Sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
Sýslumaður Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, bæjarfógetinn í Ólafsvík.
Sýslumaður Dalasýslu.
Sýslumaður Barðastrandarsýslu.
Sýslumaður Ísafjarðarsýslu, bæjarfógetinn á Ísafirði.
Sýslumaður Strandasýslu.
Sýslumaður Húnavatnssýslu.
Sýslumaður Skagafjarðarsýslu, bæjarfógetinn á Sauðárkróki.
Bæjarfógetinn í Siglufirði.
Bæjarfógetinn í Ólafsfirði.
Sýslumaður Eyjafjarðarsýslu, bæjarfógetinn á Akureyri og Dalvík.
Sýslumaður Þingeyjarsýslu, bæjarfógetinn á Húsavík.
Sýslumaður Norður-Múlasýslu, bæjarfógetinn á Seyðisfirði.
Bæjarfógetinn á Neskaupsstað.
Sýslumaður Suður-Múlasýslu, bæjarfógetinn á Eskifirði.
Sýslumaður Austur-Skaftafellssýslu.
Sýslumaður Vestur-Skaftafellssýslu.
Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum.
Sýslumaður Árnassýslu.
Sýslumaður Kjósarsýslu vegna Kjalarneshrepps og Kjósarhrepps.
Bæjarfógetinn í Kópavogi.

Launagreiðandi sem gerir skil á staðgreiðslu skal skila skilagreinum í því umdæmi sem hann á lögheimili hvort sem er á skrifstofu innheimtumanns eða til banka.

6. gr.

Launagreiðanda ber að útfylla og skila á sérstöku eyðublaði sem ríkisskattstjóri lætur útbúa, sundurliðun launatekna og staðgreiðslu fyrir hvern mánuð.

Heimilt er launagreiðanda að skila sundurliðun í tölvutæku formi til ríkisskattstjóra með þeim hætti eins og hann ákveður.

Nánari reglur um fyrirkomulag og meðferð skilagreina og sundurliðana þar með um skil á tölvutæku formi setur ríkisskattstjóri.

7. gr.

Staðgreiðslufé ásamt skilagrein eða gíróseðli þarf að hafa borist inn á gíróreikning eða á skrifstofu innheimtumanns eigi síðar en á eindaga. Dagsetning á greiðslukvittun innheimtumanns staðgreiðslu eða kvittun á gíróseðli er sönnun fyrir því að skil hafi verið gerð á réttum tíma. Póstlagning greiðslu fyrir eindaga kemur eigi í veg fyrir álagsbeitingu, ef greiðsla berst eftir eindaga.

Skilagreinar skal innheimtumaður staðgreiðslu færa í tölvukerfi ríkisskattstjóra. Hann skal sannreyna að samræmi sé á milli skilagreinar og greiðslu.

Skilagreinar sem hafa borist bankastofnun eða pósthúsi skulu sendar innheimtumanni staðgreiðslu sem sér um að færa skilagrein inn í tölvukerfi ríkisskattstjóra og um leið eyða samsvarandi færslu af biðreikningi sem myndaður er vegna gíróinnborgunar. Ef skilagrein er ófullnægjandi skal innheimtumaður staðgreiðslu tilkynna það launagreiðanda og skattstjóra.

Reynist greiðsla, skilagrein og skil vera rétt er launagreiðandi laus úr ábyrgð hvað það varðar sbr. þó ákvæði 22. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

8. gr.

Ef launagreiðandi skilar skilafé staðgreiðslu inn á gíróreikning sbr. 1. gr. skal hann senda sundurliðunarblað til innheimtumanns staðgreiðslu. Heimilt er að afhenda það bankastofnun sem skal framsenda það til innheimtumanns.

Heimilt er launagreiðanda að senda sundurliðun til ríkisskattstjóra annað hvort í tölvutæku formi eða því formi öðru sem ríkisskattstjóri ákveður sbr. ákvæði 6. gr. reglugerðar þessarar. Einnig er heimilt að afhenda viðkomandi innheimtumanni gögn í tölvutæku formi, sem skal framsenda ríkisskattstjóra gögnin.

Allan innlestur tölvugagna launagreiðanda í tölvuskrár annast ríkisskattstjóri.

9. gr.

Ef skattstjóri hefur heimilað manni, sem reikna skal sér endurgjald skv. ákvæðum 2. töluliðs 4. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, að gera skil á staðgreiðslu einu sinni á ári, skal tekið tillit til þeirra upplýsinga sem gjaldandi veitir skattstjóra sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, við skil á staðgreiðslu til sveitarfélaga. Ríkisbókhald skal hlutast til þess að persónuafsláttur skattgreiðanda sem ganga skal upp í útsvarspátt staðgreiðslu skili sér til viðkomandi sveitarfélags á þann hátt að 1/12 hluti áætlaðs persónuafsláttar upp í útsvarspátt greiðist sveitarfélaginu mánaðarlega.

10. gr.

Um uppgjör og skil innheimtumanna staðgreiðslu skv. 5. gr. reglugerðar þessarar skulu gilda almenn fyrirmæli til innheimtumanna um uppgjör og skil. Ríkisfóhvirði er heimilt að gefa innheimtumönnum staðgreiðslu nánari fyrirmæli um uppgjör og skil á hluta ríkissjóðs.

11. gr.

Dagleg afstemming gíróreiknings 025025 er í höndum ríkisbókhalds en reiknings nr. 778899 í höndum Gjaldheimtunnar í Reykjavík.

Ríkisbókhald hefur yfirumsjón með báðum reikningunum.

12. gr.

Inn á gíróreikninga staðgreiðslu er óheimilt að færa fjármuni sem ekki eru staðgreiðslu viðkomandi.

13. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 20. og 21. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, gildir frá 1. maí 1990.

Reglugerð nr. 614/1987, um skil á staðgreiðslu fellur úr gildi frá og með tímamörkum þeim sem tilgreind eru í 1. mgr. ákvæðis þessa.

Fjármálaráðuneytið, 3. maí 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 177/1990 um jöfnunartoll á innfluttar kökur.**

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu jöfnunartoll af kökum, sem flokkast í tnr. 1905.9040 í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með áorðnum breytingum. Jöfnunartollur skal vera 66,99 kr. fyrir hvert kílógramm.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi þegar í stað og skal hún gilda til 31. október 1990.

Fjármálaráðuneytið, 7. maí 1990.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Rúna S. Geirsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss, nr. 622 frá 27. desember 1989, er taki þegar gildi.

3. gr. breytist og orðist svo:

Hitaveitan stillir hámarksrennsli til hvers notanda. Miðast gjald hitaveitunnar fyrir dreifingu heita vatnsins við hámarksstillingu. Vatn til heimilisnota (kranavatn) má ekki nota til upphitunar af neinu tagi. Gefa má hlutfallslegan afslátt af hitaveitugjöldum, ef notandi vill láta loka fyrir vatnið að vetri til, þó ekki skemur en 2 mánuði samfelldt og ekki lengri tíma en 5 mánuði.

7. gr. breytist og orðist svo:

Tengingjöld hitaveitunnar skal miða við heildarrúmmál húsa, annarra en gróðurhúsa, og vera sem hér segir:

	Kr.
Íbúðarhús og önnur hús, sem ekki eru tilgreind annars staðar, allt að 400 rúmmetrum	99 750,00
og af hverjum rúmmetra þar fram yfir	74,00
Iðnaðarhús allt að 400 rúmmetrum	99 750,00
og af hverjum rúmmetra þar fram yfir	21,00
allt að 2000 rúmmetrum.	

Sé um stærri hús að ræða koma til sérsamningar við stjórn hitaveitunnar, enda sé þá tekið tillit til vatnsnotkunar.

Stofngjöld til garðyrkju skal miða við vatnsmagn og vera sem hér segir:

Fyrir hvern mínútlítra	2 450,00
----------------------------------	----------

Greiddu stofngjaldi af allt að 400 rúmmetra húsi fylgir réttur á allt að 4 mínútlítrum og einum mínútlítra fyrir hverja byrjaða 100 rúmmetra. Óski notandi eftir meira vatni til íveruhúss (t.d. fyrir gróðurskála eða setlaugar) skal greiða fyrir samkvæmt gjaldskrá um stofngjöld og notkunargjöld gróðurhúsa.

Iðnaðarráðuneytið, 3. maí 1990.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 27 – 1990

27. apríl 1990

471

Nr. 186

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit á starfsvæði
heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar.

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á starfsvæði heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar er sveitarstjórnnum heimilt að innheimta gjöld svo sem hér greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum er skipt í 4 flokka eftir gerð og umfangi, sbr. fyrirtækjalista sem fylgir með gjaldskrá þessari.

Færsla fyrirtækja milli flokka skal staðfest á sama hátt og gjaldskrá þessi og listi.

3. gr.

Fyrir rekstrarleyfi skv. III.–V. og VIII.–XIX. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 er heimilt að innheimta leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs svo sem hér greinir:

	kr.		kr.
1. flokkur	1 000,00	3. flokkur	3 000,00
2. flokkur	2 000,00	4. flokkur	4 000,00

Fyrir leyfi vegna breytinga á húsakynnum eða rekstri skal greiða hálf gjald. Sé um að ræða smávægilegar breytingar er heimilt að lækka eða fella gjaldið niður.

4. gr.

Í samræmi við grein 5.3. í lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit er heimilt að innheimta árlega eftirlitsgjald af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16., og 17. tl. 2. gr. sömu laga og 3. gr. með tilvísun í gr. 3.6. og viðauka 9 í mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989, svo sem hér greinir:

	kr.		kr.
1. flokkur	9 000,00	3. flokkur	37.000,00
2. flokkur	19.000,00	4. flokkur	58.000,00

5. gr.

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits lætur, fyrir hönd svæðisnefndar, sveitarstjórnnum í té lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki. Sveitarstjórnir annast álagningu og innheimtu eftirlitsgjalda.

6. gr.

Gjöld skv. 4. gr. má innheimta með lögtaki.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórnnum á heilbrigðiseftirlitssvæði Eyjafjarðar, sbr. 6. gr. 7. tl. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit í samráði við svæðisnefnd, staðfestist hér með skv. 22. gr. áðurnefndra laga, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 157/1985 fyrir starfssvæði heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar sbr. auglýsingu nr. 36/1986 um breytingu á gjaldskrá nr. 157/1985, sbr. gjaldskrá nr. 128/1987, sbr. gjaldskrá nr. 193/1988, sbr. auglýsingu nr. 184/1989, um breytingu á gjaldskrá.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. apríl 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Fylgiskjal:

Flokkun fyrirtækja eftir umfangi skv. ákv. 2. gr. laga nr. 81/1988.

<p>I.</p> <p>Bensinstöðvar Leiktækjasalir Gufubaðstofur Ljósabaðstofur Leikvellir Lækningastofur Rakarastofur, hárgreiðslustofur og aðrar snyrtistofur Sælgætis- og tóbakssölur Málningarverslanir Tannlæknastofur Torgsala Annar rekstur sambærilegur</p> <p>II.</p> <p>Fangageymslur Félagsheimili, sem ekki eru með samfelldan veitinga- rekstur Gistiheimili án veitinga Heilsuræktarstöðvar Íþróttahús án sundstaðar Íþróttavellir/sundstaðir Brauðgerð/brauðsala Kvikmyndahús Læknastöðvar Leikskólar Matsöluvagnar Mötuneyti (minni) Neyslúvörugemyslur Nýlenduvöruslani Sælgætisgerðir (minni) Tækifærisveitingar Annar rekstur sambærilegur</p>	<p>III.</p> <p>Brauðgerðarhús Brauðstofur Pizzugerðir Dagheimili Félagshemili með veitingarekstur Fiskbúðir Minni hótél Sjúkrahús I (hjúkrunarheimili o.s.frv.) Dvalarheimili o.þ.h. Ísbúðir/ísgerðir Íþróttahús með sundlaug Sundlaugar/sundhallir Kjörbúðir/nýlenduvöruslani Leiktækjasalir m/veitingum Skyndibitastaðir Stærri samkomuhús og veitingastaðir Sælgætisgerðir (stærri) Veislumiðstöðvar Veitingastaðir Vinnslustöðvar minni (kjöt, fiskur, önnur matvæli) Annar rekstur sambærilegur</p> <p>IV.</p> <p>Stórmarkaðir, stærri kjörbúðir Stór hótél Stórar matvælavinnslustöðvar Stór brauðgerðarhús Mjólkurstöðvar Vinnuheimili Tækifærisveitingar vegna stórsýninga, kaupstefna o.þ.h. Sjúkrahús II (svæðissjúkrahús, deildaskipt sjúkrahús, almenn sjúkrahús) Annar rekstur sambærilegur</p>
--	--

Flokkun skv. ákvæðum 3. gr. laga nr. 81/1988.

Fyrirtæki í viðauka 9 með mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989 og sem ekki eru talin í almennum lista hér að ofan falla undir flokk I nema um verulega mengandi fyrirtæki sé að ræða, þá er heimilt að flokka þau í II. flokk.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 62/1990 um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í læknishjálpi o.fl. skv. ákvæðum almannatryggingalaga nr. 67/1971 með síðari breytingum.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Greiðslur sjúkratryggðra fyrir sérfræðilæknishjálpi, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir, aðrir en elli- og örorkulífeyrisþegar, sem leita sérfræðings, fyrir eða án milligöngu heilsugæslu- eða heimilislæknis, skulu greiða fyrir hverja komu til sérfræðings kr. 900, sbr. þó 5. tl. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða fyrir hverja komu til sérfræðings kr. 300, sbr. þó 5. tl.
2. Sjúkratryggðir, aðrir en elli- og örorkulífeyrisþegar, skulu greiða krónur 900 fyrir hverja komu á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa, sbr. þó 5. tl. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 300, sbr. þó 5. tl.
3. Sjúkratryggðir, aðrir en elli- og örorkulífeyrisþegar, skulu greiða kr. 300 fyrir hverja komu til rannsóknar á rannsóknastofu og vegna rannsókna á sýni sem sent er til rannsóknar í rannsóknarstofu, sbr. þó 5. tl. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 100, sbr. þó 5. tl.
4. Sjúkratryggðir, aðrir en elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 300 af kostnaði við hverja komu til röntgengreiningar, sbr. þó 5. tl. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 100 fyrir hverja komu, sbr. þó 5. tl.
5. Á hverju almanaksári skulu sjúkratryggðir, aðrir en elli- og örorkulífeyrisþegar, þó aldrei greiða hærri fjárhæð en kr. 12.000 vegna sérfræðilæknishjálpar, rannsókna og röntgengreininga. Frá 1. maí til ársloka árið 1990 skal þessi kostnaður sjúkratryggðra, annarra en elli- og örorkulífeyrisþega miðast við kr. 8.000. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu á hverju almanaksári aldrei greiða hærri fjárhæð en kr. 3.000 vegna heimsókna til sérfræðinga, rannsókna og röntgengreininga. Gegn framvísun kvittana fyrir greiðslur þessar hjá Tryggingastofnun ríkisins fá sjúkratryggðir skírteini sem undanþiggja þá frekari greiðslum vegna læknishjálpar o.fl. út almanaksárið. Kvittanirnar skulu auk nafns útgefanda bera með sér tegund þjónustu, fjárhæð, greiðsludag og nafn og kennitölu hins sjúkratryggða.

Þegar reikningur er gerður til sjúkratrygginga fyrir sérfræðilæknishjálpi, rannsóknir og röntgengreiningu skal draga greiðslu sjúkratryggðra frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði vegna þessara þátta. Innifalinn í greiðslu sjúkratryggðra er kostnaður vegna hvers kyns einnota áhalda, umbúða og þess háttar. Því er óheimilt að krefja sjúkratryggða um sérstaka greiðslu vegna þessa kostnaðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar sbr. breytingu á þeim lögum nr. 87/1989 öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. apríl 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.

REGLUGERÐ

um eldfima vökva.

Geymar og geymasvæði sem rúma 10 000 forðaeiningar og þar yfir.

Efnisyfirlit:

1. SKILGREININGAR
2. GILDISSVIÐ
3. ALMENN ÁKVÆÐI
4. UMSÓKNIR UM BYGGINGARLEYFI
5. ÞRÆR UM GEYMA
6. SLÖKKVIBÚNAÐUR
7. UPPHITAÐIR ELDFIMIR VÖKVAR
8. FJARLÆGÐIR
9. ÁHÆTTUGREINING OG ÁHÆTTUMAT

1. SKILGREININGAR.

- | | | |
|------|------------------------|--|
| 1.1. | Blossamark: | Hið lægsta hitastig, sem vökvi myndar við íkveikjanlegar gufur, ákvarðað með staðlaðri prófunaraðferð við 1013 millibara loftþrýsting. |
| 1.2. | Eldfimur vökvi: | Vökvi með blossamark allt að 100 °C. |
| | Flokkur I | Blossamark undir 21 °C |
| | Flokkur II | Blossamark 21 °C til og með 55 °C |
| | Flokkur III | Blossamark yfir 55 °C allt að 100 °C |

Allir þrír flokkarnir greinast í tvo undirflokkka, sem eru:

- | | |
|-----------------------|--------------------------------|
| Undirflokkur 1 | Vökvar sem ekki blandast vatni |
| Undirflokkur 2 | Vökvar sem blandast vatni |

Brunamálastjóri getur krafist þess, að innflytjandi eða umboðsmaður hans, leggi fram staðfest vottorð eða jafngild gögn um blossamark og aðra eiginleika vökvans.

Í vafatilvikum úrskurðar brunamálastjóri hvaða flokki eldfimur vökvi tilheyrir. Brunamálastjóri getur einnig úrskurðað, að eldfiman vökva skuli geyma og flytja eftir reglum sem í gildi eru fyrir annan flokk, heldur en viðkomandi vökvi tilheyrir.

- | | | |
|------|------------------------------------|--|
| 1.3. | Forðaeining: | 1 l af eldfimum vökva í flokki I.1 eða I.2
5 l af eldfimum vökva í flokki II.1 eða II.2
50 l af eldfimum vökva í flokki III.1 eða III.2 |
| 1.4. | Forði geymis eða geymahóps: | Samanlagður fjöldi forðaeininga sem geymirinn eða geymarnir geta alls rúmað. |
| 1.5. | Geymar: | Hér er átt við frístandandi geyma úr stáli, einn eða fleiri saman á svæði, sem innihalda eldfiman vökva. Ytra þvermál geymis er í þessari reglugerð táknad með D (m), þar sem það á við. |
| 1.6. | Geymasvæði: | Afmarkað svæði með geymum fyrir eldfima vökva. |

- 1.7. Geymahópur:** Hópur geyma saman um þró eða hópur sem með öðrum hætti kann að vera fjallað um sameiginlega varðandi brunavarnir.
- 1.8. A-vökvi:** Eldfimur vökvi í flokki I.1, I.2 eða II.1
- 1.9. B-vökvi:** Eldfimur vökvi í flokki II.2, III.1 eða III.2
- 1.10. A-geymir:** Geymir með eldfimum vökva í flokki I.1, I.2 eða II.1.
- 1.11. B-geymir:** Geymir með eldfimum vökva í flokki II.2, III.1 eða III.2.
- 1.12. A-þró:** Þró um geyma með vökva í flokkum I.1, I.2 eða II.1.
- 1.13. B-þró:** Þró um geyma með vökva í flokkum II.2, III.1 eða III.2.

2. GILDISSVIÐ.

- 2.1.** Reglugerð þessi gildir fyrir landið allt um geymasvæði, þar sem gert er ráð fyrir að samanlagður forði eldfims vökva í geymum á hinu afmarkaða og fullbyggða geymasvæði verði 10 000 forðaeiningar eða meira.
- Hafa ber í huga, að reglurnar gilda um alla geyma á geymasvæði og um það í heild, þótt einstakir geymar kunni að rúma minna en 10 000 forðaeiningar, sé ráð fyrir því gert að samanlagður forði á geymasvæðinu fari yfir 10 000 forðaeiningar þegar það er fullbyggt.
- 2.2.** Skylt er að fara eftir ákvæðum reglugerðarinnar um geyma fyrir eldfima vökva, sem byggðir eru eftir gildistöku hennar.
- 2.3.** Skylt er að fara eftir ákvæðum reglugerðarinnar um geyma fyrir eldfima vökva, sem eru í smíðum við gildistöku hennar, eftir því sem unnt er.
- Skal tafarlaust gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur vegna geyma í smíðum og leggja þær fyrir byggingarnefnd og síðan fyrir brunamálastjóra til endanlegrar samþykktar, ef víkja þarf frá ákvæðum reglugerðarinnar.
- 2.4.** Geyma og geymasvæði fyrir eldfima vökva, sem eru fullgerð við gildistöku reglugerðarinnar, er skylt að samræma ákvæðum hennar eftir því sem unnt er og gera þær ráðstafanir sem brunamálastjóri telur nauðsynlegar, til að afstýra hættu fyrir menn og eignir.
- Þegar brunamálastjóri krefst þess, er forráðamanni eða eiganda skylt að leggja rökstuddar tillögur um úrbætur til brunavarna fyrir byggingarnefnd og Brunamálastofnun, ásamt nauðsynlegum uppráttum.
- Áður en í endurbæturnar er ráðist, skal brunamálastjóri samþykkja þær og kveður hann á um tímasetningu framkvæmda í samráði við hlutaeiganda aðila.
- 2.5.** Komi upp ágreiningur, hvort skylt sé að gera ráðstafanir skv. greinum 2.3 og 2.4 eða hversu víðtækar þær skulu vera, getur eigandi eða umráðamaður skotið málinu með rökstuddingum til félagsmálaráðherra, sem sker úr að fenginni umsögn brunamálastjóra.
- Telji brunamálastjóri það nauðsynlegt, til að afstýra yfirvofandi hættu á manntjóni eða stórfelldum eignaskaða, getur hann krafist þess að starfsemin verði tafarlaust stöðvuð eða að videigandi ráðstafanir verði gerðar meðan beðið er eftir úrskurðinum.
- 2.6.** Í einstaka tilfellum og að athuguðu máli hefur brunamálastjóri heimild til að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugerðar. Skal þá færa málið til bókunar á stjórnarfundum í stofnuninni.

3. ALMENN ÁKVÆÐI.

- 3.1. Geyma fyrir eldfima vökva skal staðsetja, nýta og útbúa með þeim hætti, að minnst möguleg hættu sé á að eldur kvikni og breiðist út með þeim afleiðingum að manntjón verði eða eignatjón, og einnig þannig að aðgengilegt sé og forsvaranlegar aðstæður til björgunar- og slökkvistarfs séu fyrir hendi.
- 3.2. Geymasvæðið skal vera rækilega afgirt með minnst 1,8 m hárrí girðingu úr óbrennanlegu efni, sem hindrar óviðkomandi umferð.
Hlið skulu vera læsanleg með traustum lás og halda skal öllu geymasvæðinu í því ástandi, að ekki stafi eldhætta af.
Gera skal ráðstafanir gegn því að eldur berist inn á svæðið (sinubruni, rakettuskot). Forráðamenn geymasvæðis fyrir eldfima vökva skulu fyrirbyggja sinugróður á hinu afgirta svæði og geta krafist nauðsynlegra aðgerða af hálfu sveitarfélagsins hvað varðar aðliggjandi svæði utan lóðarmarka.
- 3.3. Smíði geyma, búnaður og tækja, skal vera í samræmi við samþykktar leiðbeiningar og staðla.
- 3.4. Setja skal upp advörunarskilti þess efnis, að á svæðinu séu geymdir eldfimir vökvar og einnig skilti, sem banna óviðkomandi umferð, reykingar og opinn eld á geymasvæði. Gerð skilta skal vera í samræmi við samþykktar staðla og reglur þar að lútandi.
- 3.5. Raflagnir skulu vera í samræmi við reglugerð um raforkuvirki.
- 3.6. Auk þeirra krafna sem fram koma í reglugerðinni, skulu geymar og geymasvæði fyrir eldfima vökva vera í samræmi við þau öryggisákvæði í gildandi byggingarreglugerð og brunamálareglugerð, sem eru strangari og brjóta ekki í bága við þessa reglugerð. Brunamálastjóri er úrskurðaraðili um vafaatriði í þessu efni.
- 3.7. Telji brunamálastjóri það nauðsynlegt eða æskilegt, getur hann krafist sérstaks búnaðar eða frágangs, til að fyrirbyggja eldhættu.

4. UMSÓKN UM BYGGINGARLEYFI.

Umsókn um að byggja geyma eða geymasvæði fyrir eldfima vökva skal leggja fyrir byggingarnefnd. Einnig skal leggja fyrir nefndina umsókn um allar meiriháttar breytingar á geymasvæðum.

Eftir að umsókn um nýbyggingu hefur verið metin í héraði og fengið þar jákvæða afgreiðslu byggingarnefndar og slökkviliðsstjóra, t.d. er varðar staðsetningu, skal leggja málið fyrir Brunamálstofnun ásamt tilheyrandi uppdráttum og verklýsingu í 3 eintökum. Allur texti á teikningum skal vera á íslensku eða umsókninni fylgi góð þýðing á íslenskt mál.

Byggingardeild Brunamálstofnunar leggur mat á gögnin og samþykkir umsóknina endanlega fyrir sitt leyti eða hafnar henni.

Brunamálstjóri getur innkallað leyfi sem stofnunin hefur áður gefið út, ef nauðsyn krefur öryggis vegna og einnig komi það í ljós að veigamiklar upplýsingar, er varðað geta öryggi í eldi, hafi ekki komið fram við upphaflega afgreiðslu umsóknarinnar.

Leyfi sem ekki er notað í 1 ár fellur sjálfkrafa úr gildi.

5. ÞRÆR UM GEYMA.

5.1. Gerð þróar um einn eða fleiri geyma skal auk þess sem fram kemur í þessari reglugerð um brunavarnir jafnframt fullnægja þeim strangari kröfum sem gerðar eru í opinberum reglugerðum um hollustuvernd og mengunarvarnir.

Hér er einkum átt við gerð botns og veggja og sömuleiðis um ýmsan frágang og tæknibúnað til að koma í veg fyrir mengun fráveituvatns, grunnvatns og sjávar.

5.2. Stærð þróar um einn eða fleiri geyma, hvort sem eru A-geymar eða B-geymar, skal, auk þess að fullnægja ákvæðum þessarar reglugerðar um brunavarnir, jafnframt fullnægja þeim strangari kröfum sem fram eru settar í opinberum reglugerðum er varða hollustuvernd og mengunarvarnir.

5.3. A-þrær.

5.3.1. Umhverfis A-geymi eða hóp A-geyma skal byggja þró og má ekki staðsetja óviðkomandi mannvirki eða vörubirgðir í þrónni.

Ekki má heldur staðsetja B-geyma í þró um A-geyma, nema með sérstöku leyfi Brunamálastofnunar, enda verði þá lagðir fram sérstakir útreikningar varðandi rými þróarinnar.

Heildar vökvayfirborð A-þróar má ekki fara yfir 10 000 m², nema fyrir liggi samþykki Brunamálastofnunar um hámarks fjarlægðir milli geyma.

Veggir þróar skulu vera nægilega traustir, til að standast það að öll þróin standi full af vatni, reiknað eftir viðurkenndum stöðlum. Hæð veggja þróar yfir jörð skal almennt ekki vera meiri en 2 m. Séu veggir þróar hærri en 3 m yfir jörð skal gera þær ráðstafanir fyrir aðkomu slökkviliðs, sem brunamálastjóri samþykkir. Þar sem þrær eru með lódréttum eða bröttum veggjum skal koma fyrir föstum stiga.

Botn þróar skal að allri gerð vera í samræmi við reglur Siglingamálastofnunar ríkisins og aðrar samþykktar reglur, sem gerðar eru lögum samkvæmt.

Brunamálastjóri getur krafist þess að botn þróar sé gerður úr vökvapéttu efni, sé talin á því sérstök þörf. Þróin skal þá hafa frárennsli fyrir rigningaratn.

Brunamálastjóri getur krafist þess að frárennsli séu lokanleg og skal búnaðurinn til lokunar þá vera staðsettur utan þróarinnar og hafa eldhlífur, til að unnt sé að loka frárennslisventlum í eldsvoða.

Í stað þróar umhverfis geyma, sem að framan er lýst, getur brunamálastjóri fyrir sitt leyti samþykkt aðra tilhögun jafngóða, t.d. safnþró fjarri geymum með fulltryggu aðrennsli frá geymum.

5.3.2. Rými A-þróar.

Í öllum tilvikum reiknast rými geyma undir vökvayfirborði þróar sem hluti þróarrýmis.

a) Þró um stakan geymi. Þróin skal rúma innihald geymisins að fullu.

b) Þró um geyma, sem samanlagt rúma allt að 10 000 m³. Þróin skal rúma innihald stærsta geymis að viðbættum tíunda hluta (10%) af samanlögðu vökrými allra annarra geyma í þrónni.

c) Þró um geyma, sem samanlagt rúma yfir 10 000 m³. Þróin skal rúma 7000 m³ að viðbættum 3/4 hlutum (75%) af samanlögðu vökrými geyma í þrónni fram yfir 10 000 m³.

5.4. B-þrær.

5.4.1. Umhverfis B-geymi eða hóp B-geyma skal byggja þró og má ekki staðsetja óviðkomandi mannvirki eða vörubirgðir í þrónni.

Ekki má heldur staðsetja A-geyma í þró um B-geyma, nema A-geymarnir séu í eigin þró samkvæmt þeim reglum sem um A-þrær gilda.

Heildar vökvayfirborð B-þróar má ekki fara yfir 10 000 m², nema fyrir liggja samþykki Brunamálastofnunar um hámarks fjarlægðir milli geyma.

Veggir þróar skulu vera nægilega traustir, til að standast það að öll þróin standi full af vatni, reiknað eftir viðurkenndum stöðlum.

Hæð veggja þróar yfir jörð skal almennt ekki vera meiri en 2 m. Séu veggir þróar hærri en 3 m yfir jörð, skal gera þær ráðstafanir fyrir aðkomu slökkviliðs sem brunamálastjóri samþykkir.

Botn þróar skal af allri gerð vera í samræmi við reglur Siglingamálastofnunar ríkisins og aðrar samþykktar reglur, sem gerðar eru lögum samkvæmt.

5.4.2. Rými B-þróar.

Þannig skal frá gengið, að ekki sé hætt á að eldfimur vökvi geti flætt til staða, þar sem í þeim getur auðveldlega kviknað, t.d. rafstöðva eða kyndihúsa.

Rými B-þróa á geymasvæði fyrir eldfima vökva skal reikna í samræmi við þær reglur, sem Siglingamálastofnun ríkisins og Hollustuvernd ríkisins setja um vökva í samsvarandi flokkum II.2, III.1 og III.2.

6. SLÖKKVIBÚNAÐUR.**6.1. A-geymar með vökva í flokkum I.1, I.2 og II.1.**

6.1.1. A-geymar og þróin umhverfis þá skulu hafa fastan búnað eða slökkvikerfi með froðu til að slökkva eld í geyminum og þrónni.

Brunamálastjóri getur þó heimilað aðra tilhögun, heldur en fast slökkvikerfi með froðu, enda liggja fyrir rökstudd tillaga þar að lútandi frá hlutaðeigandi aðilum.

Afköst slökkvikerfisins, mæld í lítrum vatns á mínútu á hvern fermetra vökvayfirborðs geymis eða þróar, mega ekki vera minni en fram kemur í töflunni hér á eftir.

Vatnsmagn í l/mín pr. m².

Gerð froðu:	Geymar, inntak að ofan:	Geymar, inntak að neðan:	Þrær:
Pung foda, prótín	6	3	2,50
Pung froða, sýntetísk	4	3	1,25
Millifroða	2	-	0,75

Ef slökkvikerfið er tengt froðudæluhúsi skal sýna fram á, að kerfið gefi það vatnsmagn sem krafist er og með fullnægjandi þrýstingi. Að öðrum kosti skal hafa samráð við slökkviliðsstjóra um jafngöða tilhögun, sem brunamálastjóri samþykkir.

Slökkvikerfið skal hafa tengi fyrir slökkviliðið á aðgengilegum stað og í skjóli fyrir eldgeislun og göðan og traustan búnað til íblöndunar froðu.

6.1.2. Birgðir slökkvifroðu.

Umráðamaður eða eigandi skal sjá til þess og kosta, að ætíð sé fyrir hendi nægilegt magn froðu til 30 mínútna notkunar við full afköst fyrir stærsta geyminn og þróna, sem hann er staðsettur í. Hann skal og sjá til þess, að eftirlit sé með kerfinu og tryggja að það sé fullvirkt á hverjum tíma.

6.2. B-geymar með vökva í flokki II.2.

Brunamálastofnun ákveður í hverju tilviki, hvort gerð skuli krafa um froðu-slökkikerfi eða annarskonar slökkvikerfi fyrir geyma og þrærnar umhverfis þá.

6.3. B-geymar með vökva í flokkum III.1 og III.2.

Að öðru jöfnu verður ekki krafist sérstakra slökkvikerfa fyrir geyma með vökva í þessum flokkum, enda sé um það haft fullt samráð við slökkviliðsstjóra og Brunamálastofnun.

Sjá þó gr. 6.4. um yfirborðskælingu með vökva í flokki III.1.

6.4. Yfirborðskæling geyma með eldfimum vökva í flokki III.1.

Til varnar yfirhitunum frá nærlægum eldi skulu geymar í minna en 50 m fjarlægð frá:

- geymum ofanjarðar með vökva í flokki I eða II.1
- áfyllingar- eða aftöppunarstað vökva í flokki I eða II.1
- forða í umbúðum af eldfimum vökva í flokki I eða II
- byggingum á lóðinni eða utan lóðar

hafa vatnsflæðikerfi til yfirborðskælingar með lágmarksafköstum (i) í lítrum vatns á klukkustund á hvern fermetra heildar yfirborðs (A) hliða geymisins, samkvæmt eftirfarandi reiknireglu: $Q(l) = i (l/m^2) \times A (m^2)$

Pvermál geymis, D, undir 20 m $i=80$ l/kl/m²

Pvermál geymis, D, frá 20-80 m $i=93 - (2/3 \times D)$ l/kl/m²

Pvermál geymis, D, yfir 80 m $i=40$ l/kl/m²

Umráðamaður skal sjá til þess, að eftirlit og prófun á kerfinu fari fram minnst einu sinni á ári.

Brunamálastjóri getur gert strangari eða vægari kröfur um vatnsflæðikerfi til yfirborðskælingar eða samþykkt aðra tilhögun til brunavarna, enda liggja fyrir rökstuddar tillögur þar að lútandi.

6.5. Slökkviliðsstjóri ákveður gerð, stærð og staðsetningu handslökkvitækja á geymasvæðinu.**7. UPPHITAÐIR ELDFIMIR VÖKVAR.**

Eldfimir vökvar sem haldið er við hitastig 10 °C undir blossamarki með stöðugri upphitun, eða við hærra hitastig falla undir flokk I.

Gilda því ákvæðin um A-geyma um eldfima vökva, sem stöðugt er haldið heitum sem að framan greinir.

8. FJARLÆGÐIR.**8.1. Fjarlægðir milli geyma skulu í öllum tilvikum vera það rýmilegar, að unnt sé með hægu móti að þjónusta geymana og annast á þeim eðlilegt viðhald.**

8.2. Fjarlægðir í metrum (m) frá lóðarmörkum (girðingu) geymasvæðis til húsa og annarra mannvirkja utan geymasvæðis skulu minnst vera:

Næstu byggingar: (Sjá skilgreiningar í brunamálareglugerð nr. 269/1978)	Aftöppunarstaðir eldfims vökva og A-geymar sem rúma allt að 100 m ³	A-geymar sem rúma yfir 100 m ³	B-geymar sem rúma allt að 100 m ³	B-geymar sem rúma yfir 100 m ³
Einbýlis- og fjölbýlishús og önnur hús sem uppfylla skulu öryggiskröfur skv. 9. og 10. kafla	10	20	5	10
Almenn iðnaðar- og geymsluhús sem uppfylla skulu öryggiskröfur skv. 15. kafla	20	40	10	20
Hótei (>10 svefnpláss), samkomuhús (>50 manns), skólar og dagavistarstofnanir (>50 nemendur eða vistmenn), verslanir (> 150 m ²), stórar bílageymslur (> 100 m ²) og álíka byggingar sbr. skilgr. í brunamálareglugerð.	30	40	15	20
Hús eða mannvirki sem eldhætta stafar af, t.d. meiriháttar iðnaðarhús, stór lagerhús og aðrar álíka byggingar.	40	80	20	40

Auk þess að uppfylla ofangreind ákvæði um lágmarks fjarlægðir má bil á milli geymis og húss eigi vera minna en helmingur af samanlagðri hæð geymis og húss, mælt í samræmi við gr. 5.9.1. í byggingarreglugerð frá 1979.

Sé óskað eftir minni fjarlægðum frá girðingu geymasvæðis til mannvirkja utan þess, heldur en fram koma í töflunni hér að ofan, skal gera viðeigandi öryggisráðstafanir gegn útbreiðslu elds og/eða sprengihættu. Sérstaka brunahönnun þar að lútandi skal leggja fyrir Brunamálastofnun til samþykktar.

8.3. Fjarlægðir í metrum (m) frá A-geymi eða B-geymi eða áfyllingar- og aftöppunarstað eldfims vökva á geymasvæðinu skulu minnst vera:

Byggingar á geymasvæðinu	A-geymar allt að 3 m ³	Aftöppunarstaður fyrir eldfiman vökva og A-geymar með yfir 3 m ³	B-geymar óháð rúmtaki
Lítill hús (< 100 m ²) úr steini eða öðrum eldþolnum efnum með starfsemi eða notkun sem ekki stafar af eldhætta	3	6	3
Meðalstór hús (100 - 300 m ²) úr steini eða öðrum eldþolnum efnum með starfsemi eða notkun sem ekki stafar eldhætta af og byggingar sem hafa olíukyndingu eða aftöppunar- og geymslurými fyrir eldfiman vökva	6	12	6
Stór hús (> 300 m ²), hús úr timbri með eldnæmri einangrun, aðrar byggingar með starfsemi eða vörulager sem telja má að sérstök eldhætta stafi af	12	24	12

Auk þess að uppfylla ofangreind ákvæði um lágmarks fjarlægðir má bil milli geymis og húss eigi vera minna en helmingur af samanlagðri hæð geymis og húss, mælt í samræmi við gr. 5.9.1. í byggingarreglugerð frá 1979.

8.4. Fjarlægðir í metrum (m) frá A-geymum til F-gasgeyma eða aftöppunarstöðva fyrir F-gas á sameiginlegu, afgirtu svæði skulu minnst vera:

Geymar undir eldfima vökva	F-gasgeymar allt að 4 m ³	F-gasgeymar yfir 4 m ³
A-geymar sem rúma allt að 100 m ³	3	9
A-geymar sem rúma 100 m ³ eða meira	6	12
B-geymar sem rúma allt að 1000 m ³	3	9
B-geymar sem rúma 1000 m ³ eða meira	6	12

8.5. Fjarlægðir í metrum (m) milli A-geyma skulu minnst vera:

A-geymar sem rúma:	undir 100 m ³	A-geymar sem rúma 100 - 500 m ³	yfir 500 m ³
undir 100 m ³	1	3	3
100 - 500 m ³	3	6	6*)
yfir 500 m ³	3	6*)	9*)
Að þróarkanti	1	3	3
Að lóðarskilum	5	10	10

*) Sé þvermál annars geymis eða beggja yfir 9 m, skal fjarlægðin milli þeirra þó ekki vera undir því sem svarar hálfu þvermáli stærri geymisins, heilu þvermáli minni geymisins eða 15 m, og gildir sú tala sem gefur minnstu fjarlægð.

8.6. Fjarlægðir í metrum (m) milli B-geyma og skulu minnst vera:

B-geymar sem rúma:	undir 100 m ³	B-geymar sem rúma 100 - 10 000 m ³	yfir 10 000 m ³
Undir 100 m ³	1	3	3
100 - 10 000 m ³	3	3*)	6
yfir 10 000 m ³	3	6	6
Að þróarkanti	1	3	3
Að lóðarskilum	3	5	10

*) Ef annar eða báðir B-geymar geta rúmað 1000 m³ eða meira af vökva í flokki II.2, skal fjarlægðin á milli þeirra ekki vera undir 6 m.

8.7. Fjarlægðir í metrum (m) á milli A-geyma og B-geyma skulu minnst vera:

B-geymar, sem rúma:	A-geymar sem rúma			
	undir 20 m ³	20 - 100 m ³	100 - 500 m ³	yfir 500 m ³
undir 20 m ³	1	1	3	3
20 - 100 m ³	1	3	6	6
100 - 1000 m ³	3	6	6	6
yfir 1000 m ³	3	6	6	9*)

*) Sé þvermál annars geymis eða beggja yfir 9 m, skal fjarlægðin milli þeirra þó ekki vera undir því sem svarar hálfu þvermáli stærri geymisins, heilu þvermáli minni geymisins eða 15 m, og gildir sú tala sem gefur minnsta fjarlægð.

8.8. Sérstakar strangari eða vægari reglur um fjarlægðir.

Brunamálastjóri ákveður að athuguðu máli eða í reglugerð, hverjar skuli vera lágmarksfjarlægðir að byggingum með starfsemi sem hefur sérstaka eldhættu í för með sér og að byggingum sem sérstök ástæða er til að vernda gegn eldsvoða.

Brunamálastjóri getur einnig sett strangari reglur um fjarlægðir fyrir geyma, sem eru í næsta nágrenni við götur eða gatnamót þar sem umferð er mikil.

Lítill dæluhús úr steini á geymasvæði eru almennt undanþegin sérstökum ákvæðum um fjarlægðir, enda sé umbúnaður allur og frágangur þannig að ekki stafi af eldhætta.

9. ÁHÆTTUGREINING OG ÁHÆTTUMAT.

Ef um er að ræða mjög stórar birgðastöðvar fyrir eldfima vökva, t.d. er rúma 50 000 m³ og þar yfir, getur brunamálastjóri gert kröfu um áhættugreiningu eða áhættumat vegna starfsemi þeirra.

Við framsetningu slíkrar kröfu skal hafa hliðsjón af þeim kröfum sem gerðar eru í löndum EBE (Efnahagsbandalags Evrópu) og á Norðurlöndum.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 28. gr. laga nr. 74/1982 um brunavarnir og brunamál og skal öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 18. apríl 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Líndal.

REGLUGERÐ

um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum.

I. KAFLI

TILGANGUR, ORÐASKÝRINGAR, EFTIRLIT.

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur þessarar reglugerðar er að koma í veg fyrir að til landsins berist skaðvaldar sem valdið geti alvarlegu tjóni á plöntum og plöntuafurðum hér á landi og að hindra að skaðvaldar sem aðrar þjóðir vilja verjast berist til þeirra frá Íslandi.

2. gr.

Orðaskýringar.

Merking orða er í reglugerð þessari sem hér segir:

Planta: Lifandi jurtir og viðarplöntur svo og lifandi hlutar þeirra og vefur, einnig trjáviður sé við hann áfastur börkur. Með lifandi plöntuhlutum er m.a. átt við ávexti, grænmeti, rótar- og stöngulhnýði, lauka, jarðstöngla, afskorin blóm, felld tré með greinum, trjágreinar og plöntuvef í vefjaræktun. Þar með er einnig átt við jarðveg eða annað ræktunarefni er kann að loða við eða fylgja plöntunni sem og umbúðir og umbúðarefni er umlykja hana í flutningi. Reglugerð þessi tekur ekki til djúpfrystra plöntuhluta né heldur til fræs, sem ekki er ætlað til sáningar.

Ræktunarland: Land þar sem plantan var síðast í ræktun í minnst eitt vaxtarskeið, eða þar sem sáð var til hennar með fræi. Sé um græðlinga að ræða (með eða án rótar) er átt við það land þar sem móðurplantan var ræktuð síðasta vaxtarskeið fyrir töku græðlinga, eða þar sem rótun fór fram.

Ræktunarstaður: Sú rekstrareining í ræktunarlandinu, þar sem plönturnar eru ræktaðar; gróðrarstöð, garðyrkju- eða landbúnaðarbyli eða annað fyrirtæki.

Sending: Plöntur og plöntuafurðir sem tilgreindar eru á sama heilbrigðisvottorði.

Skaðvaldur: Lifverur og lifrænir þættir er meinum valda á plöntum; veirur (vira), berfrymingar (mycoplasma), bakteríur (bacteria), sveppir (fungi) og meindýr.

Trjáviður með berki: Trjáviður þar sem meira en 1% af yfirborði er þakið berki. Sé meira en 3% af þyngd trjákurls börkur telst kurlið unnið úr trjáviðið með berki.

Útflutningsland: Land þaðan sem plöntur eru fluttar beint til Íslands án þess að skipt sé um flutningsfar á leiðinni.

Vaxtarstaður: Akur, gróðurhús eða annar hluti innan ræktunarstaðar, þar sem plönturnar eru ræktaðar.

3. gr.

Eftirlit.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins og tollyfirvöld sjá um að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

Sérfræðingar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins í plöntusjúkdómum hafa heimild til skoðunar á plöntusendingum, hvort sem er í flutningstækjum, á geymslusvæði farmflytjanda eða hjá innflytjanda vörunnar. Er skylt að aðstoða þá við þá skoðun og skal þeim heimilt að taka sýni til nánari skoðunar án endurgjalds.

Komi í ljós við skoðun að sendingin uppfylli ekki ákvæði reglugerðar þessarar, skal innflytjanda og tollyfirvöldum tilkynnt þar um. Rannsóknastofnun landbúnaðarins ákveður hvort sendingin skuli endursend eða henni eytt hér á landi. Torveldi innflytjandi aðgang að

plöntusendingu eða skoðun hennar eða framkvæmi hann ekki þau fyrirmæli er honum kunna að vera gefin í tengslum við innflutninginn, má hafna innflutningi jafnvel þótt sendingin uppfylli að öðru leyti sett skilyrði. Innflytjandi ber allan kostnað við endursendingu eða eyðingu.

Eigi vankantar sem finnast á sendingu einungis við um hluta hennar og sé það mat Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að ekki sé með því tekin óréttmæt áhætta, má í undantekningatilvikum leyfa að sendingu sé skipt upp og að sá hluti hennar sem í lagi telst sé fluttur inn. Sé eigi aðgreint fullnægjandi milli plöntusendinga í sama flutningsrými og finnist skaðvaldar, sbr. viðauka I, í einhverjum þeirra, má hafna öllum sendingum í því flutningsrými.

Þegar um er að ræða plöntur til áframhaldandi ræktunar skal sérfræðingum stofnunarinnar veittur aðgangur að plöntunum til skoðunar eftir að þær eru komnar í ræktun og í allt að tvö ár frá því innflutningur átti sér stað. Komi í ljós að plöntur hafi verið fluttar inn í trássi við reglugerð þessa, er heimilt að fyrirskipa eyðingu plantnanna.

Þegar fluttar eru inn trjáplöntur af tegundum sem gegna þýðingarmiklu hlutverki í íslenskri skógrækt skal Rannsóknastofnun landbúnaðarins veita Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins upplýsingar um innflutning þeirra.

II. KAFLI

INNFLUTNINGUR PLANTNA OG PLÖNTUAFURÐA.

4. gr.

Innflutningsbann.

Óheimilt er að flytja til landsins:

- a) Skaðvalda sem upp eru taldir í viðauka I og plöntur sem þeir finnast í eða á.
- b) Plöntur sem ætlaðar eru til áframhaldandi ræktunar og bera skaðvalda er nefndir eru í viðauka II, séu þeir í sendingunni í meira en mjög óverulegum mæli.
- c) Plöntur sem upp eru taldar í viðauka III og frá þeim löndum sem nefnd eru.
- d) Plöntur sem taldar eru upp í viðauka IV uppfylli þær ekki þau skilyrði sem þær eru sett.
- e) Plöntusendingar sem vísað hefur verið frá við innflutning til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar vegna þess að skilyrði þeirra landa, með tilliti til plöntuheilbrigði, hafa ekki verið uppfyllt.
- f) Jarðveg, safnhaugamold, óunnin trjábörk og húsdýraáburð. Undanskilin er þó mold frá Evrópu, sem að meginhluta samanstendur af mosa (*Sphagnum*), enda sé hún tekin frá óræktuðum svæðum og aldrei verið notuð til ræktunar. Þá er undanskilin mold, sem fylgir rótum plantna eða rótarávöxtum, enda sé hún í óverulegum mæli.

Finnist í plöntusendingu skaðvaldur sem ekki er vitað til að fyrirfinnist hér á landi og ekki er nefndur í viðaukum I og II og sé það mat Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að hann geti engu síður valdið alvarlegu tjóni á plöntum hér á landi, getur stofnunin bannað innflutning sendingarinnar.

Sé grunur um að skaðvald, sem nefndur er í viðauka I, sé að finna í farmi sem samanstendur af öðru en plöntum, skal sérfræðingum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins veittur aðgangur til skoðunar og útrýmingaraðgerða og er skylt að veita þeim aðstoð við slíka aðgerð.

5. gr.

Innflutningur.

Innflutningur á plöntum og öðrum vörum, sem falla undir eftirtalda flokka, er því aðeins heimill, að sendingunni fylgi heilbrigðisvottorð.

- a) Plöntur með rót eða plöntuhlutar s.s. græðlingar, laukar, stöngul- og rótarhnýði o.fl., sem ætlunin er að ræta og rækta áfram. Fræ eru þó undanskilin svo og vatnaplöntur ætlaðar í fiskabúr.

- b) Kartöflur (*Solanum tuberosum*).
- c) Afskorin blóm og greinar.
- d) Rótarlaus barrtré og barrtrjágreinar (*Coniferae*) frá Everópu, önnur en þau, sem getið er um í viðauka III með reglugerð þessari.
- e) Trjáviður með berki.
- f) Mold.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að flytja inn eftirtaldar plöntur og plöntuhluta án þess að þeim fylgi heilbrigðisvottorð. Undanþága þessi nær ekki yfir villtar plöntur sem tíndar eru á víðavangi, trjáplöntur (með og án rótar), þ.m.t. dvergtré („bonsai“) og kartöflur:

1. Farþegum í millilandaferðum er heimilt að taka með sér eftirfarandi án heilbrigðisvottorðs og sama gildir einnig um póstsendingar milli landa:
 - a. Vönd með afskornum blómum og greinum (allt að 25 plöntum).
 - b. Blómlauka og rótar- og stöngulhnýði frá Evrópu í órofum verslunarumbúðum (allt að 2 kg).
 - c. Einstaka pottaplöntur (inniþlöntur) frá Evrópu (allt að 3 stk).
2. Við búferlaflutninga frá Evrópulandi er heimilt að taka með sér pottaplöntur (inniþlöntur) sem tilheyra venjulegri búslóð (allt að 30 stk, 1-5 af hverri tegund).

6. gr.

Heilbrigðisvottorð.

Heilbrigðisvottorð skulu gefin út og undirrituð af þeim opinbera aðila í ræktunarlandinu, sem hefur eftirlit með plöntusjúkdómum. Vottorðið skal vera á því formi sem gefið er í hinum alþjóðlega sáttmála um plöntuvernd (IPPC/FAO) eða sambærilegu formi. Útgáfa vottorðs skal vera staðfesting þess, að sendingin uppfylli þær kröfur sem gerðar eru hér á landi til plöntuheilbrigðis.

Þegar plöntur eru ræktaðar í öðru landi en útflutningslandinu, skal fylgja sendingunni afrit af því heilbrigðisvottorði er fylgdi plöntunum inn í útflutningslandið ásamt sérstöku endurútflutningsvottorði á því formi sem gefið er í hinum alþjóðlega sáttmála um plöntuvernd eða sambærilegu formi. Vottorðið skal gefið út og undirritað af þeim opinbera aðila í útflutningslandinu sem hefur eftirlit með plöntusjúkdómum. Sé afgerandi munur á innflutningsreglum þessum og reglum útflutningslandsins, skal það vera ljóst á því vottorði er fylgdi plöntunum frá þriðja landi inn í útflutningslandið eða staðfest á annan hátt, að plönturnar uppfylli þau skilyrði sem sett eru hér á landi.

Vottorð skulu rituð á íslensku, dönsku, norsku, sænsku, ensku, frönsku eða þýsku. Þau skulu vera þannig að allur texti sé vel læsilegur, vélritaður eða ritaður með upphafsstöfum. Hægt er að hafna vottorði sé texti ekki á einu ofangreindra tungumála eða sé hann ógreinilegur eða ólesanlegur. Breytingar eða viðbætur mega ekki koma fyrir á vottorði nema greinilegt sé að þær séu gerðar af þeim aðila sem gaf það út.

Vottorð má ekki vera eldra en 14 daga þegar sending fer frá útflutningslandinu.

Hafi plöntur sem ætlaðar eru til neyslu verið meðhöndlaðar með einhverjum efnum þegar upp var skorið eða eftir að uppskera átti sér stað, skal það tilgreint á heilbrigðisvottorði. Skal þá gefa upp nafn efnasambands, notað magn og hvenær meðhöndlun fór fram.

7. gr.

Innflutningsstaðir.

Plöntur og aðrar vörur sem falla undir staflíði a-e í 1. mgr. 5. gr., má einungis flytja inn í landið um eftirtaldar tollhafnir: Reykjavík, Hafnarfjörð, Keflavík, Keflavíkurlugvöll, Akureyri og Seyðisfjörð.

8. gr.

Tollafgreiðsla og afhending.

Við tollafgreiðslu á sendingum, sem falla undir staflíði a-e í 1. mgr. 5. gr., skal fylgja tollskjölum frumrit heilbrigðisvottorðs, áritað af Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Heimilt er einnig að tollafgreiða plöntusendingu sé afrit af frumriti áritað. Rannsóknastofnun landbúnaðarins getur ákveðið í vissum tilvikum að veita undanþágu frá kröfunni um heilbrigðisvottorð og skal það þá tilgreint á tollskýrslu eða vörureikning með áritun.

Tollyfirvöldum er óheimilt að leyfa afhendingu plöntusendinga, sem falla undir staflíði a-e í 1. mgr. 5. gr., gegn framvísun bráðabirgðaleyfis, nema fyrir liggi samþykki Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Slíkt samþykki er gefið með áritun á bráðabirgðaleyfi til tollafgreiðslu, áritun á heilbrigðisvottorð eða með skriflegri afhendingarheimild.

9. gr.

Undanþágur.

Landbúnaðarráðuneytið getur, að fenginni umsögn sérfræðings Rannsóknastofnunar landbúnaðarins í plöntusjúkdómum, veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugerðar í vísinda- og fræðitilgangi eða af öðrum ástæðum. Umsóknir þar að lútandi skulu berast ráðuneytinu skriflega ásamt rökstuðningi fyrir nauðsyn innflutnings. Hægt er að binda undanþáguna skilyrðum sem umsækjandi skuldbindur sig til að hlíta, s.s. sóttthreinsun, ræktun í sóttkví og fleira.

III. KAFLI**ÚTFLUTNINGUR.**

10. gr.

Þegar plöntur eru fluttar frá Íslandi til annarra landa, skal fylgja þeim heilbrigðisvottorði samræmi við kröfur innflutningslandsins. Séu plönturnar ræktaðar í öðru landi en Íslandi og fluttar um Ísland áfram til þriðja lands, skal fylgja þeim endurútflutningsvottorði ásamt afriti af því vottorði er fylgdi plöntunum til Íslands. Rannsóknastofnun landbúnaðarins gefur út slík heilbrigðisvottorð.

Forsenda þess að Rannsóknastofnun landbúnaðarins geti gefið út heilbrigðisvottorð, er að stofnuninni sé kunnugt um gildandi innflutningsreglur viðkomandi lands með tilliti til plöntuheilbrigði og að plönturnar uppfylli þau skilyrði sem innflutningslandið setur.

IV. KAFLI**REFSIÁKVÆÐI OG GILDISTAKA.**

11. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinbera mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum nr. 51 29. maí 1981 og öðlast gildi 1. júní 1990. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 103 19. ágúst 1948 um eftirlit með innflutningi plantna o.fl. og reglugerðir nr. 46/1984 og 382 15. júlí 1988 um breytingu á þeirri reglugerð.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. apríl 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

Viðauki I.**Skaðvaldar sem bannað er að flytja til Íslands. Nefndar eru helstu hýsilplöntur þeirra.****Veirur, berfrymingar og skyldir skaðvaldar**

Chrysanthemum stunt viroid
Potato spindle tuber viroid
Potato yellow dwarf virus
 Stofnar af veirum, berfrymingum og svipuðum skaðvöldum sem eiga uppruna að rekja til landa utan Evrópu og sem smitað geta kartöflur.

Helstu hýsilplöntur
 Krýsi
 Kartafla
 Kartafla
 Kartafla

Bakteríur

Aplanobacter populi
Clavibacter michiganense
Erwinia chrysanthemi
 pv. chrysanthemi
 pv. dianthicola
Pseudomonas caryophylli
Pseudomonas solanacearum

Ösp
 Kartafla
 Skrautjurtir
 Krýsi
 Nellika
 Nellika
 Kartafla

Sveppir

Angiosorus solani
Atropellis spp.
Ceratocystis ulmi
Cercospora pini-densiflora
Chrysomyxa arctostaphyli
Chrysomyxa abietis
Chrysomyxa empetrii
Chrysomyxa pirolata
Elytroderma deformans
Gremmeniella abietina
Heterobasidion annosus
Hypoxyton mammatum
Lophodermium seditiosum
Melampsora medusae
Melampsora pinitorqua
Mycosphaerella populorum
Nectria galligena
Peridermium harknessii
Peridermium pini
Phacidium infestans
Phellinus pini
Phellinus weirii
Phialophora cinerescens
Phoma andina
Phytophthora fragariae
Piptoporus betulinus
Puccinia horiana
Scirrhia acicola
Septoria lycopersici var. malagutii
Synchytrium endobioticum

Kartafla
 Fura
 Álmur
 Fura
 Greni og sortulyng
 Greni
 Greni, krækilyng
 Greni, vetrarliljur
 Fura
 Fura
 Barrtré
 Ösp, birki
 Fura
 Ösp, barrtré
 Ösp, barrtré
 Ösp
 Ýmis lauftré
 Fura
 Fura
 Fura
 Barrtré
 Barrtré
 Nellika
 Kartafla
 Jarðarber
 Birki
 Krýsi
 Fura
 Kartafla
 Kartafla

Skordýr, mítlar og práðormar.

Acleris variana
Adelges abietis
Adelges laricis
Adelges viridis
Amauromyza maculosa
Bemisia tabaci
Bursaphelenchus xylophilus
Cacoecimorpha pronubana
Cydia strobilella
Dendroctonus spp.
Diarthronomyia chrysanthemi
Ditylenchus destructor
Ditylenchus dipsaci
Epichoristodes acerbella
Epirrita autumnata
Frankliniella occidentalis
Globodera pallida
Globodera rostochiensis
Hyllobius abietis
Ips spp.
Kaltenbachiola strobi
Leptinotarsa decemlineata
Liriomyza huidobrensis
Liriomyza sativa
Liriomyza trifolii
Monochamus sutor
Nacobbus aberrans
Opogona sacchari
Phthorimaea operculella
Pissodes spp.
Pityogenes chalcographus
Pityogenes bidentatus
Pityogenes quadridens
Premnotrypes spp.
Pristiphora erichsonii
Scolytus spp.
Thrips palmi
Tomicus piniperda
Trialeurodes vaporariorum
Trogoderma granarium
Xiphinema americanum

Helstu hýsilplöntur

Greni, þinur
 Greni
 Lerki, greni
 Greni, lerki
 Krýsi, salat
 Gróðurhúsaplöntur
 Barrtré
 Nellika o.fl.
 Greni
 Greni
 Krýsi
 Kartafla o.fl.
 Skrautjurtir
 Nellika o.fl.
 Birki
 Gróðurhúsaplöntur
 Kartafla
 Kartafla
 Fura og greni
 Barrtré
 Greni
 Kartafla
 Ýmsar tegundir
 Ýmsar tegundir
 Ýmsar tegundir
 Fura og greni
 Kartafla
 Skrautjurtir
 Kartafla
 Barrtré
 Greni
 Fura
 Fura
 Kartafla
 Lerki
 Lauftré
 Gróðurhúsaplöntur
 Fura
 Gróðurhúsaplöntur
 Kornvörur
 Ýmsar

Viðauki II.

Skaðvaldar sem einungis mega vera til staðar í mjög óverulegum mæli við innflutning til Íslands á plöntum sem ætlaðar eru til áframhaldandi ræktunar.

Veirur, berfrymingar og skyldir skaðvaldar.*Potato leaf roll virus**Potato virus Y***Bakteriur***Agrobacterium tumifaciens**Corynebacterium fascians***Sveppir***Botrytis spp**Didymella chrysanthemi**Fusarium spp.**Phoma exigua var. foveata**Rhizoctonia tuliparum**Sclerotinia spp.***Skordýr, mítlar og þráðormar.***Aphelenchoides spp.**Cecidophyopsis ribis**Eumerus spp.**Meloidogyne spp.**Merodon equestris**Paratetranychus ununguis**Polyphagotarsonemus latus**Pratylenchus penetrans**Pratylenchus vulnus**Steneotarsonemus fragariae**Tetranychus urticae***Viðauki III.**

Plöntur, sem bannað er að flytja til Íslands (fræ eru undanskilin). Sé annað ekki tilgreint gildir bannið um öll lönd.

- 1) Álmur (*Ulmus sp.*)
- 2) Birki (*Betula spp.*)
- 3) Fura (*Pinus sp.*)
- 4) Greni (*Picea sp.*)
- 5) Lerki (*Larix sp.*)
- 6) Víðir (*Salix spp.*)
- 7) Ösp (*Populus spp.*)
- 8) Önnur barrtré (*Coniferae*) frá löndum utan Evrópu.
- 9) Villtar plöntur sem safnað hefur verið á víðavangi.
- 10) Plöntur með rót af gúrku, papríku, tómat og salati. Undanskilið er salat með rót, sem ekki er ætlað til útplöntunar heldur er tilbúið til neyslu.
- 11) *Elodea spp.*

Viðauki IV.

Plöntur, sem einungis má flytja til landsins svo fremi sem tilgreind skilyrði séu uppfyllt.

1. Plöntur til áframhaldandi ræktunar eða fjölgunar.

- a) Á síðasta vaxtarkeiði plantanna í ræktunarlandinu, skulu þær hafa lotið opinberu heilbrigðiseftirliti í minnst 1 mánuð fyrir sendingu til Íslands. Þá mega skaðvaldar skv. viðauka I ekki hafa fundist.
- b) Vörtupest (*Synchytrium endobioticum*) má aldrei hafa fundist á vaxtarstaðnum.
- c) Kartöfluhnúðormur (*Globodera pallida* og *G. rostochiensis*) má ekki vera á vaxtarstaðnum og má aldrei hafa fundist þar. Jarðvegsrannsókn vegna hnúðorms skal vera gerð samkvæmt viðurkenndum aðferðum og má ekki hafa sýnt hnúða í jarðvegi.
- d) Kartöflubjalla (*Leptinotarsa decemlineata*) má ekki koma fyrir á vaxtarstaðnum og vaxtarstaðurinn skal vera á svæði, þar sem bjallan finnst ekki.

2. Jólatré og barrtrjáagreinar.

Innflytjendur jólatrjáa og barrtrjáagreina skulu ábyrgjast að meðan á innflutningi og sölu trjáanna stendur, séu þau aldrei geymd nær öðrum barrtrjám en 100 m. Óheimilt er að selja innflutt jólatré í gróðrastöðvum sem selja barrtré til framhaldsræktunar.

3. Kartöflur.

Kartöflur sem fluttar eru inn skulu uppfylla þær kröfur sem felast í lið 1, a-d í viðauka IV.

GJALDSKRÁ

fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins.

1. gr.

Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra farandvéla, farandvinnuvéla, búvéla, lyftna og vatnshitunarkerfa skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir skráningu og eftirlit með slíkum vélum og tækjum samkvæmt gjaldskrá þessari. Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu á sama hátt greiða fyrir ýmiss konar aukapjónustu Vinnueftirlits ríkisins.

2. gr.

Fyrir skrásetningu farandvinnuvéla og farandvéla skal greiða sérstakt skráningargjald kr. 1 500,00.

Fyrir skoðun farandvinnuvéla, lyftna, eimkatla og annarra tækja sem tilgreind eru í viðauka 1 með gjaldskrá þessari skal greiða gjald sem reiknað er þannig að margfaldaður er saman fjöldi gjaldeininga sem tilgreindur er í viðauka 1 og gjald fyrir hverja einingu samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

Fyrir hverja gjaldeiningu skal greiða kr. 562,00.

Þó frumskoðun fari fram oft en einu sinni á ári, greiðist skoðunargjald aðeins einu sinni nema framkvæma þurfi aukaeftirlitsskoðun vegna vanrækslu á framkvæmd fyrirskipaðra umbóta, en fyrir slíka skoðun greiðist fullt gjald.

3. gr.

Fyrir skoðun vatnshitunarkerfa sbr. reglugerð nr. 302/1978 greiðast kr. 1 776,00 og fyrir neysluvatnshylki kr. 604,00.

4. gr.

Fyrir gasmælingu olúgeyma í skipum greiðast kr. 974,00 fyrir fyrsta geymi og síðan kr. 592,00 fyrir hvern geymi þar á eftir. Fyrir gasmælingu vélarrúms eða dælurúms greiðist ekki gjald nema eingöngu sé mælt í því.

Fyrir þrýstiraun katla eða geyma sem eru minni en 2m³ að rúmmáli eða með minni þrýstingi en 2 kg/cm² greiðast kr. 962,00, en fyrir stærri katla kr. 1 227,00.

Fyrir átaksprófanir á talíum, krönum og öðrum lyftibúnaði greiðist eftir lyftigetu búnaðarins sem hér segir:

1. 0 – 2999 kg kr. 1 510,00.

2. 3000 – 10000 kg kr. 2 010,00.

3. yfir 10000 kg kr. 2 972,00.

Sé gasmæling, þrýstiraun eða önnur þjónusta framkvæmd utan reglulegs vinnutíma, samkvæmt ósk eiganda eða umráðamanns fyrirtækis eða skips, skal hann greiða þann kostnað sem af slíku hlýst.

5. gr.

Fyrir umfangsmeiri mælingar á hávaða, titringi, mengun í andrúmslofti, lýsingu vinnurýmis eða aðrar hliðstæðar athuganir skal eigandi eða umráðandi fyrirtækis greiða þann kostnað sem af mælingum hlýst samkvæmt samkomulagi við forstjóra Vinnueftirlits ríkisins.

6. gr.

Fyrir þátttöku í námskeiðum Vinnueftirlitsins um meðferð og stjórnun vinnuvéla (frumnámskeið), um meðferð og stjórnun byggingakrana og um meðferð sprengiefna skulu

þátttakendur greiða gjöld sem forstjóri Vinnueftirlitsins ákveður með hliðsjón af kostnaði við framkvæmd hvers námskeiðsflokks fyrir sig.

Gjald vegna verklegrar prófunar í notkun sprengiefna skal vera kr. 3 471,00.

Gjald fyrir verklega prófun tækjastjóra skal vera:

Fyrir próf á lyftara kr. 925,00. Fyrir próf á aðrar vélar kr. 1 480,00.

Sé samtímis tekið próf á fleiri en eina vél skal prófgjald fyrir hverja vél eftir fyrstu vél vera kr. 925,00.

7. gr.

Fyrir skírteini til stjórnunar farandvinnuvéla greiðast kr. 1 356,00.

Fyrir endurútgáfu slíkra skírteina og færslu nýrra réttinda greiðast kr. 678,00.

8. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrá þessarar. Önnur gjöld innheimtir Vinnueftirlitið og getur það krafist greiðslu áður en þjónusta er látin af hendi.

Gjaldskrá þess sem sett er samkvæmt 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr., 2. og 4. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 289/1989.

Félagsmálaráðuneytið, 30. apríl 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Viðauki I.

Yfirlit yfir gjaldskylda tækjaflokka og gjaldeiningar hvers flokks:

Flokkur	Tækjaheiti	Gjaldeiningar
1. AB	Byggingakranar (turnkranar)	13.2
2. AH	Hafnarkranar, iðnaðarkranar, stærri gerð	13.2
3. BB	Grindarbómukranar á beltum	15.2
4. BG	Grindarbómukranar á hjólum	15.2
5. BH	Hleðslukranar, stærri gerð	15.2
6. BS	Vökvakranar með skotbómu	15.2
7. CA	Hafnarkranar, minni gerð	5
8. CD	Hlaupakettir	4.6
9. CB	Brúkranar	7
10. CI	Iðnaðarkranar, minni gerð	5
11. DA	Farandkranar, minni gerð	10.2
12. DK	Körfukranar	7.6
13. DS	Steypuðælukranar	7.6
14. EA	Gröfur á hjólum m/360° snúning	7
15. EB	Gröfur á beltum	7
16. EH	Gröfur á hjólum (traktorsgröfur)	7
17. EK	Gröfur á hjólum, ekki fyrir umferð	7
18. FB	Beltaskóflur	7
19. FH	Hjólaskóflur	7

Flokkur	Tækjaheiti	Gjaldeiningar
20. GB	Jarðýtur	7
21. GS	Borvagnar, stærri gerð	7
22. HV	Vegheflar	7
23. IA	Dráttartæki á flugvöllum	4
24. IB	Sópar, snjóplógar, snjóblásarar	4
25. ID	Dráttarvélar með tækjabúnaði	6
26. II	Sérbúnar vinnuvélar í iðjuverum	5
27. IM	Gröfur, ámoksturssköflur, minni gerð	6
28. IS	Snjótroðarar	6
29. IT	Dráttartöggar	6
30. JL	Lyftarar < 10 tonna lyftigeta	3.5
31. JF	Lyftitæki fjölnotatæki < 6 tm lyftigeta	7
32. JV	Lyftiverkpallar á flugvöllum	8.6
33. KG	Lyftarar > 10 tonna lyftigeta	6
34. KL	Lyftitæki, fjölnotatæki > 6 tm lyftigeta	7
35. LS	Valtarar, sjálfkeyrandi	5
36. MM	Malbikunarvélar, fræsarar, sjálfkeyrandi	4
37. NB	Bílalyftur	7.6
38. NF	Fólkslyftur	7.6
39. NG	Fólks- og vörulyftur	7.6
40. NM	Matarlyftur	4.6
41. NR	Rúllustigar	6.6
42. NV	Vörulyftur, byggingalyftur	6.6
43. OB	Togbrautir fyrir skíðafólk	9.7
44. OS	Stólalyftur	33.4
45. OT	Toglyftur	14.7
46. PG	Gámalyftur	6
47. PH	Hleðslukranar, minni gerð	3.5
48. RB	Borvagnar, minni gerð	5
49. RM	Jarðborar – minni gerð	5
50. RS	Jarðborar – stærri gerð	15.2
51. SA	Valtarar, sópar, plógar, blásarar o.fl. dregin tæki	6
52. SD	Flutningatæki	4.5
53. SE	Vélar tengdar ökutæki, minni gerð	4
54. SF	Brjótur	3
55. SH	Hörpur	3
56. VA	Gámarammar	8.6
57. VD	Brettaskápar, herðatré	5
58. VH	Körfur til að hifa fólk og lyfta fólki	2.5
59. VL	Lyftiverkpallar	8.6
60. VP	Hengiverkpallar	8.6
61. ZA	Eimkatlar 1, aðalskoðun	8.5
62. ZA	Eimkatlar 1, ársskoðun	4.5
63. ZB	Eimkatlar 2, aðalskoðun	12
64. ZB	Eimkatlar 2, ársskoðun	5.5
65. ZD	Eimkatlar 3, aðalskoðun	20
66. ZD	Eimkatlar 3, ársskoðun	13
67. ZE	Eimkatlar 4, aðalskoðun	32.5
68. ZE	Eimkatlar 4, ársskoðun	21.5

STJÓRNARTÍÐINDI B 28 – 1990

14. maí 1990

493

Nr. 191

REGLUGERÐ

um afnám reglugerða nr. 513/1989 og nr. 533/1989.

1. gr.

Frá og með 15. maí 1990 eru felldar úr gildi reglugerð nr. 513 6. nóvember 1989, um bann við línuveiðum í sunnanverðum Faxaflóa og reglugerð nr. 533 16. nóvember 1989, um bann við tog- og dragnótaveiðum fyrir Suðurlandi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. maí 1990.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

4. maí 1990

Nr. 192

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin:

1. einstefna á Hávallagötu frá Hofsvallagötu að Bræðraborgarstíg.
2. einstefna á Vitastíg frá Hverfisgötu að Skúlagötu.

Auglýsing þessi öðlast gildi 20. maí næstkomandi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 4. maí 1990.

Böðvar Bragason.

REIKNINGUR**Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 1989.**

Eignir:	Kr.
Spariskírteini 2. fl. 1984	50 753 920,00
Innstæða á hlr. 40091	1 057 282,17
Fyrirfram gr. styrkur til Þjóðminjasafns	270 065,00
	<hr/> 52 081 267,17 <hr/>
Skuldir:	
Ósóttir styrkir, úthl. 1989	420 000,00
Ósóttir styrkir, fyrri úthl.	523 100,00
Höfuðstóll 31. desember 1988 kr. 42 129 582,97	
Tekjur umfram gjöld	- 9 008 584,20
	<hr/> 51 138 167,17 <hr/>
	<hr/> 52 081 267,17 <hr/>
Tekjur:	
Nýtt framlag Seðlabanka Íslands	2 650 138,30
Vextir af hlr. 40091	76 153,80
Verðhækkun spariskírteina	12 085 920,00
Vextir og verðbætur v/sölu sparisk.	993 120,00
	<hr/> 15 805 332,10 <hr/>
Gjöld:	
Styrkveitingar 1989	6 500 000,00
Vextir af yfirdrætti á hlr. 40091	204 824,90
Ýmiss kostnaður	91 923,00
Tekjur umfram gjöld	9 008 584,20
	<hr/> 15 805 332,10 <hr/>

Reikningsskil þessi hafa verið endurskoðuð og ekkert fundist athugasvert.

Ríkisendurskoðun, Reykjavík 4. apríl 1990.

Halldór V. Sigurðsson.

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs.

Magnús T. Ólafsson.

Jóhannes Nordal.
Gunnlaugur Haraldsson.

Björn Bjarnason.
Björn Teitsson.

Sveinbjörn Hafliðason.

REGLUGERÐ

um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá.

I. KAFLI

Sala þjónustu til erlendra aðila.

1. gr.

Sala þjónustu sem um ræðir í 2. gr. til aðila sem hvorki hafa búsetu né starfsstöð hér á landi er undanþegin skattskyldri veltu samkvæmt lögum nr. 50/1988, enda sé a.m.k. öðru eftirtalinnu skilyrða fullnægt:

- a) Þjónustan er nýtt að öllu leyti erlendis.
- b) Kaupandi gæti - ef starfsemi hans væri skráningarskyld hér á landi samkvæmt lögum nr. 50/1988 - talið virðisaukaskatt vegna kaupa þjónustunnar til innskatts, sbr. 15. og 16. gr. nefndra laga.

Til sönnunar því að b-liður 1. mgr. eigi við um kaupanda skal seljandi krefja hann um vottorð frá bærnum yfirvöldum í heimalandi hans þar sem fram komi hvers konar atvinnurekstur hann hefur með höndum. Vottorð þetta gildir í eitt ár frá útgáfudegi og skal seljandi varðveita það á sama hátt og önnur bókhaldsgögn.

2. gr.

Eftirtalin þjónusta fellur undir ákvæði 1. gr.:

1. Framsal á höfundarétti, rétti til einkaleyfis, vörumerkis og mynsturs, svo og framsal annarra sambærilegra réttinda.
2. Auglýsingaþjónusta.
3. Ráðgjafarþjónusta, verkfræðiþjónusta, lögfræðiþjónusta, þjónusta endurskoðenda og önnur sambærileg sérfræðiþjónusta.
4. Tölvuþjónusta, önnur gagnavinnsla og upplýsingamiðlun.
5. Atvinnumiðlun.
6. Leiga lausafjármuna, þó ekki neins konar flutningatækja.
7. Kvaðir og skyldur varðandi atvinnu- eða framleiðslustarfsemi eða hagnýtingu réttinda sem um ræðir í þessari grein.
8. Þjónusta milligöngumanna, sem koma fram í nafni annars og fyrir reikning annars, að því er varðar sölu eða afhendingu þjónustu sem um ræðir í þessari grein.

3. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. skal ætíð telja sölu eftirtalinnar þjónustu hér á landi til skattskyldrar veltu:

1. Þjónustu sem varðar fasteignir hér á landi, þ.m.t. hönnunarþjónusta og ráðgjafarþjónusta vegna byggingarframkvæmda, svo og þjónusta fasteignasala.
2. Vöruflutninga.

3. Skattskyldrar þjónustu sem varðar starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, svo sem menningarstarfsemi, listastarfsemi, íþróttastarfsemi, kennslustarfsemi og aðra hliðstæða starfsemi.
4. Vinnu við lausafjármuni.
5. Skattskyldra álits- og matsgerða sem varða lausafjármuni.

II. KAFLI

Kaup þjónustu erlendis frá.

4. gr.

Hver sá sem kaupir þjónustu skv. 2. eða 3. gr. erlendis frá til nota að hluta eða öllu leyti hér á landi skal greiða virðisaukaskatt af andvirði hennar, sbr. þó 2. mgr. Um skattverð fer samkvæmt reglum í III. kafla laga nr. 50/1988.

Aðili sem skráður er samkvæmt lögum nr. 50/1988 er undanþeginn skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af kaupum skv. 1. mgr. ef hann gæti að fullu talið virðisaukaskatt vegna kaupanna til innskatts, sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þó ekki um þjónustu skv. 7. gr.

5. gr.

Kaupandi þjónustu skv. 2. eða 3. gr. skal færa upplýsingar um þau í bókhald sitt. Fram skal koma hvers eðlis þjónusta er, hvenær henni var veitt móttaka og hvernig greiðslu var hagað.

6. gr.

Sá sem greiða skal virðisaukaskatt skv. 4. gr. skal ótilkvaddur tilkynna um kaup á þjónustu skv. 2. eða 3. gr. á sérstökum eyðublöðum í því formi sem ríkiskattstjóri ákveður og greiða virðisaukaskatt af kaupunum hjá innheimtumanni ríkissjóðs, þ.e. bæjarfógeta, sýslumanni eða tollstjóra í Reykjavík, innan þrjátíu daga frá því þjónustu er veitt viðtaka eða - fari greiðsla fram að fullu eða að hluta áður en afhending á sér stað - greiðsla innt af hendi.

7. gr.

Nú er skattskyld þjónusta veitt eða hennar notið í tengslum við innflutning vöru og skal innflytjandi þá greiða virðisaukaskatt í einu lagi af hinni skattskyldu vöru og þjónustu hjá tollstjóra þar sem vara er tollafgreidd.

Ríkistollstjóri ákveður hvaða upplýsingar skuli gefa í aðflutningskýrslu og öðrum tollskýrslum sem greitt skal af í tolli. Um ákvörðun skattverðs innfluttrar þjónustu samkvæmt 1. mgr. gilda ákvæði III. kafla laga nr. 50/1988 og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

8. gr.

Erlendur aðili sem selur hér á landi skattskylda þjónustu samkvæmt lögum nr. 50/1988 er skyldur til að tilkynna um starfsemi sína til skattstjóra, innheimta virðisaukaskatt af þessum viðskiptum og standa skil á honum í ríkissjóð samkvæmt almennum reglum laganna, enda eigi 3. tölul. 4. gr. þeirra ekki við um hann. Í þessum tilvikum kemur eigi til skattheimtu skv. II. kafla reglugerðar þessarar.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 40. gr. laga nr. 50/1988.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 12. gr. og 35. gr. laga nr. 50/1988 og öðlast þegar gildi. Ákvæði I. kafla taka þó til viðskipta frá og með 1. janúar 1990.

Fjármálaráðuneytið, 2. maí 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.

S A M Þ Y K K T

um stjórn Eskifjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Eskifjarðarkaupstaðar er skipuð 7 bæjarfulltrúum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Eskifjarðarkaupstaðar skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

Bæjarstjórn annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn bæjarins.

5. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal bæjarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar bæjarins. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

6. gr.

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn sbr. 21. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga.

Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

7. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 6. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, sammingsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt kveða á um, hvernig útgjöldum skuli mætt.

8. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar bæjarfulltrúum með fundarboði og dagskrá a.m.k. fimm sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

9. gr.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga.

Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu bæjarstjórnar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI.

Um fundarskóp bæjarstjórnar.

10. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði að jafnaði fyrsta fimmtudag hvers mánaðar.

Reglulegir bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00.

Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra og/eða forseta bæjarstjórnar, og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess.

11. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar bæjarstjórnar kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið bæjarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar.

12. gr.

Bæjarstjóri boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi bæjarstjórn ekki gert það, sbr. þó 11. gr. samþykktar þessarar. Bæjarbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

13. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar, og skal dagskráin fylgja fundarboði. Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórnna á vegum bæjarstjórnar, svo og kosningar eða ráðningar bæjarstjóra og annarra fastra starfsmanna bæjarins.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórnna á vegum bæjarins, að svo miklu leyti, sem bæjarstjórn þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 53. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar, að tekin verði á dagskrá. Óski bæjarfulltrúi eftir slíku skal hann tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem bæjarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

14. gr.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum. Aukafundir skulu á sama hátt boðaðir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara.

15. gr.

Aldursforseti bæjarstjórnar setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum, uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Sé enginn forseta á fundi, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum, skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

16. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

17. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum og skal tillaga um slíkt afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

18. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmatgur, ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmatgur.

19. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmati hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum og sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Forseti getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveðji sér hljóðs á bæjarstjórnarfundum, en raski áheyrandi fundarfríði, getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum. Skjóta má ákvörðunum forseta til úrlausnar bæjarstjórnar.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarins.
2. Ársreikninga bæjarins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmatgur forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra, sem boðar þá varamann hans á fund. Bæjarfulltrúa, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans taki sæti á bæjarstjórnarfundum ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjóri skal sitja fundum bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétti, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

23. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að

viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Sama á við sé hann fyrirsvarsmaður aðila sem málið varðar með sambærilegum hætti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tímælis, ber að skýra forseta bæjarstjórnar frá því.

Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræðu og afgreiðslu þess.

24. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður forseti, í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

25. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar, skal bæjarfulltrúi taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Flutningsmaður tillögu má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftár til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd.

Ef bæjarfulltrúi vill beina fyrirspurn til bæjarstjóra, skal hann að jafnaði hafa hana skriflega og afhenda með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða, sbr. 13. gr. samþykktar þessarar.

Ekki má lesa upp prentað mál nema forseti leyfi.

26. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum, skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn, að bæjarfulltrúi, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávisunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef forseti óskar. Forseti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í bærarstjórn með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá bærarstjórn eða til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bærarstjóra. Bærarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema lög mæli á annan veg. Bærarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á bærarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bærarfulltrúa sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall, ef einhver bærarfulltrúi óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bærarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða bærarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall svarar bærarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Bærarstjórn getur samþykkt að mál sé afgreitt með skriflegri atkvæðagreiðslu. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í bærarstjórn, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bærarstjórnar sbr. 3. mgr. 15. gr. þessarar samþykktar.

32. gr.

Bærarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bærarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bærarstjórnar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig það er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð bærarstjórnar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 17. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál og færa í sérstaka trúnaðarmálabók skv. 3. mgr. 52. gr. samþykktarinnar.

Bærarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í bærarstjórn.

Forseti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skulu allir viðstaddir bærarfulltrúar undirrita fundargerðina nema bærarstjórn ákveði annað.

Bæjarfulltrúi, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

33. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli sbr. 22. gr. samþykktar þessarar.

Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, s.s. forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá, sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

35. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

36. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

37. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til öflunar upplýsinga vegna starfa sinna.

38. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

Um vanhæfi bæjarfulltrúa vísast til 23. gr. samþykktar þessarar.

39. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn.

Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. og 2. mgr.

40. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig, að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 10. gr. samþykktar þessarar.

41. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn, sem sitja bæjarstjórnarfundi.

V. KAFLI

Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

42. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

43. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétti, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Framboðsaðili, sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki fulltrúa í bæjarráði má tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétti.

44. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda tvo fundi á mánuði á mánudögum kl. 20.00. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

45. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi. Hann sér um, að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund, skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um, að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns, skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

46. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann þess. Kjósa má bæjarstjóra formann bæjarráðs. Fundum í bæjarráði stýrir formaður eða bæjarstjóri samkvæmt nánari ákvörðun bæjarráðs hverju sinni. Hann stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á þeim. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls, ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þá skal skrá í fundargerð mál, sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

47. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin.

Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um, að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag bæjarfélagsins eða stofnana þess, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

48. gr.

Forseti bæjarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

49. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá, sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

50. gr.

Nefndarfundir skulu haldnir fyrir luktum dyrum.

Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

51. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarins, eftir því sem við á.

52. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal þar skrá einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

Þau mál sem varða viðkvæm málefni er heimilt að færa í sérstaka trúnaðarmálabók og skal þá getið um þá afgreiðslu í fundargerð viðkomandi nefnda, ráða eða stjórna.

53. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu teknar á dagskrá bæjarstjórnar svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ályktun nefndar, sem hefur fjárútlát í för með sér, skal lögð fyrir bæjarráð til endanlegrar afgreiðslu.

54. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir og starfsmenn til að fara með tiltekin málefni, eftir því, sem lög mæla fyrir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.*

Þrjú aðalfulltrúar í bæjarstjórn, sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Bæjarráð fer jafnframt með störf stjórnar vatnsveitu skv. 2. gr. rgl. um vatnsveitu Eskifjarðar nr. 797/1982 sbr. l. nr. 15/1923 og 93/1947 sbr. 56. gr. l. nr. 8/1986.

2. *Kjörstjórn við alþingiskosningar, sem jafnframt er kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis og 23. sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

3. *Skoðunarmenn bæjarreikninga.*

Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

4. a. Forseta bæjarstjórnar.

b. 1. varaforseta bæjarstjórnar.

c. 2. varaforseta bæjarstjórnar.

d. Tvo skrifara bæjarstjórnar og tvo til vara.

5. *Fulltrúafundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi.*

Fjórir aðalmenn og fjórir varamenn skv. 7. gr. laga Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi frá 28. ágúst 1987.

6. *Austurfell hf.*

Einn aðalmaður og annar til vara, sbr. stofnsamning, dags. 15. janúar 1974.

7. *Fulltrúaráð gjaldheimtu Austurlands.*

Skipað fjórum aðalmönnum og fjórum varamönnum þeim sömu og kosnir eru á aðalfund Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, sbr. 3. gr. samnings um gjaldheimtu Austurlands frá 3. október 1988.

8. *Héraðsnefnd Múlasýslna.*

Einn aðalmaður og einn til vara, skv. stofnsamningi um héraðsnefnd Múlasýslna sem tók gildi 1. janúar 1989, sbr. 4. mgr. 6. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

9. *Skipulagsstofa Austurlands.*

Einn aðalmaður og einn til vara, sbr. samþykkt bæjarstjórnar, dags. 11. júní 1979.

10. *Aðalfundur Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf.*

Einn aðalmaður og einn til vara, skv. samþykkt hreppsnefndar 21. júlí 1945 sbr. og samþykkt borgarafundar 25. júlí sama ár.

11. Aðalfundur Veturhúsa hf.

Einn aðalmaður og einn til vara sbr. stofnsamning, dags. 16. mars 1989.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd.*
Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. *Atvinnumálanefnd.*
Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Fer jafnframt með stjórn vinnumiðlunar skv. 9. gr. l. nr. 18/1985 sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 129/1986 um vinnumiðlun.
3. *Áfengisvarnarnefnd.*
Sex aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
4. *Byggingar- og skipulagsnefnd.*
Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Nefndin fer jafnframt með störf umferðarnefndar skv. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 sbr. 1. mgr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og umsjón með brunavörnum og slökkviliði sbr. l. nr. 74/1982.
5. *Félagsmálaráð.*
Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálaráð annast störf þau, sem framfærslunefnd, barnaverndarnefnd og húsaleigunefnd eru falin samkvæmt 26. gr. l. nr. 80/1947, II. kafla l. nr. 53/1966 og 76. gr. l. nr. 44/1979 sbr. 1. mgr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Jafnframt fer félagsmálaráð með stjórn öldrunarmála, þ.m.t. heimilishjálp, dagvistun, ferðamál aldraðra, sbr. þó 18. tl. greinarinnar um hjúkrunar- og dvalarheimilið Hulduhlíð. Svo og fer félagsmálaráð með stjórn leikskóla og leikvalla og störf jafnréttisnefndar sbr. lög nr. 65/1985.
6. *Ferðamálaráð.*
Fimm aðalmenn og fimm til vara, skv. samþykkt bæjarstjórnar Eskifjarðar frá 5. maí 1988.
7. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.*
Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga nr. 9/1955 um Brunabótafélag Íslands.
8. *Hafnarstjórn.*
Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.
9. *Heilbrigðismálaráð.*
Einn fulltrúi og einn til vara skv. 7. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 59/1983.
10. *Heilbrigðisnefnd.*
Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. ákvæðum 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
11. *Íþrótt- og tómstundaráð.*
Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Fer með skipulag íþróttamála og ráðstöfun íþróttamannvirkja, æskulýðsmál og stjórn æskulýðsmiðstöðvar.

12. *Landbúnaðarnefnd.*

Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. samþykkt bæjarstjórnar 28. janúar 1988. Fer með stjórn fjallskila, hreindýraveiða, grenjaleita og verkefni riðunefndar sbr. rgl. nr. 556/1982 um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki o.fl. svo og umsjón forðagæslu sbr. X. kafla laga nr. 31/1973, búfjárræktarlaga.

13. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.*

Einn fulltrúi og annar til vara, skv. 4. gr. laga Sambands íslenskra sveitarfélaga.

14. *Menningar- og byggðasögufnd.*

Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Menningarmálanefnd annast verkefni þau sem stjórn bókasafns eru falin skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningubókasöfn. Jafnframt fer nefndin með safnamál og önnur mál sem snerta sögu Eskifjarðar.

15. *Skólanefnd grunnskóla.*

Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 17.-18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.

16. *Skólanefnd tónlistarskóla.*

Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara sbr. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

17. *Stjórn heilsugæslustöðvar.*

Tveir aðalmenn og tveir til vara skv. 21. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu.

18. *Stjórn hjúkrunar- og dvalarheimilisins Hulduhlíðar.*

Fimm aðalmenn og fimm til vara.

19. *Stjórn Valhallar.*

Þrjú aðalmenn og þrjú til vara skv. 8. gr. laga félagsheimilisins Valhallar frá 16. nóvember 1984.

20. *Stjórn verkamannabústaða.*

Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 53. gr. laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins.

21. *Umhverfismálaráð.*

Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Umhverfismálaráð annast störf þau er gróðurverndarnefnd og náttúruverndarnefnd eru falin skv. lögum nr. 17/1965 og 47/1971 og önnur þau mál er stuðla að fegrun og bættri umgengni í Eskifjarðarkaupstað. Auk þess fer nefndin með stjórn friðlýstra svæða s.s. silfurbergsnámu að Helgustöðum sbr. auglýsingu nr. 525/1975 og fólkvangs í Hólmanesi sbr. auglýsingu nr. 393/1973 sbr. lög nr. 47/1971 um náttúruvernd. Formaður umhverfismálaráðs er jafnframt fulltrúi Eskifjarðarkaupstaðar í umsjónarnefnd með fólkvangnum í Hólmanesi sbr. 3. mgr. 4. tl. auglýsingar nr. 393/1973.

C. Aðrar nefndir sem stofnaðar kunna að vera.

55. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils og fyrr sé verkefni þeirra lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

56. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarráði.

57. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda, ráða og stjórna bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarins, fyrirtækja hans og stofnana.

Bæjarstjórn ákveður hver gegna skuli störfum bæjarstjóra í forföllum hans.

58. gr.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn í helstu stjórnunarstöður og veitir þeim lausn frá störfum.

Bæjarráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 1. mgr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur.

59. gr.

Fastráðnir starfsmenn bæjarins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

60. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Eskifjarðarkaupstaðar hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi samþykkt um stjórn bæjarmálefna Eskifjarðarkaupstaðar nr. 302/1974.

Félagsmálaráðuneytið, 8. maí 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Líndal.

REGLUGERÐ

um forðageymslur fyrir F-gas (própan-bútangas) í húsi einu sér, hluta byggingar eða útigeymslu.

EFNISYFIRLIT:

1. INNGANGUR.
2. SKILGREININGAR.
3. ALMENN SKILYRÐI.
4. ALMENNAR UMGENGNISSREGLUR.
5. FORÐAGEYMSLUR Í BYGGINGUM OG UTAN HÚSS.
6. FJARLÆGÐIR OG AFSTAÐA TIL ANNARRA MANNVIRKJA.

1. INNGANGUR.

- 1.1. Reglugerð þessi um forðageymslur fyrir F-gas í húsi einu sér, hluta byggingar eða útigeymslu, gildir fyrir landið allt.

Allar forðageymslur sem byggðar eru eftir að reglugerðin gengur í gildi falla undir ákvæði hennar.

Allar forðageymslur sem eru í smíðum við gildistöku reglugerðarinnar falla einnig undir ákvæði hennar eftir því sem unnt er og byggingaryfirvöld og brunamálayfirvöld gera kröfu um.

Forðageymslur sem fullgerðar eru við gildistöku reglugerðarinnar er og skylt að samræma ákvæðum hennar og skylt er að gera þær ráðstafanir sem byggingaryfirvöld og brunamálayfirvöld telja nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir menn og eignir.

Nú verður ágreiningur um, hvort eiganda eða umráðamanni sé skylt að gera ráðstafanir skv. 3. og 4. mgr. hér að ofan eða hve víðtækar þær skuli vera, og getur hann þá skotið málinu með rökstuðningi til félagsmálaráðherra sem sker úr að fenginni umsögn brunamálastjóra.

- 1.2. Forðageymslur fyrir F-gas skal staðsetja, nýta og útbúa með þeim hætti að sem minnst hætta sé á því að eldur kvikni og breiðist út þannig að manntjón verði eða eignatjón. Einnig skulu forðageymslur vera aðgengilegar og aðstæður góðar til björgunar- og slökkvistarfs.
- 1.3. Allur tæknilegur frágangur og fyrirkomulag, notkun og viðhald búnaðar og tækja skal vera í samræmi við þessa reglugerð og kröfur Vinnueftirlits ríkisins og Hollustuverndar ríkisins á hverjum tíma og annarra yfirvalda er reglugerð þessi kann að varða.
- 1.4. Auk þeirra krafna sem fram koma í reglugerðinni skulu byggingar og önnur mannvirki sem notuð eru til geymslu á F-gasi vera í samræmi við þau ákvæði í gildandi reglugerðum um byggingar og brunamál sem ekki brjóta í bága við þessa reglugerð.
- 1.5. Í sérstökum tilvikum hefur brunamálastjóri heimild til að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum þessarar reglugerðar.
Ef um meiriháttar mál er að ræða, ber að færa það til bókonar á stjórnarfundi í Brunamálastofnun.

2. SKILGREININGAR.

2.1. F-gas (kósangas, fljótandi gas, flöskugas, gasol, LPG) er einkum notað til upphitunar og sem aflagjafi fyrir brennsluvélar.

Gasið er blanda af própáni ($\text{CH}_3\text{CH}_2\text{CH}_3$) og bútani (n-bútani $\text{CH}_3\text{CH}_2\text{CH}_2\text{CH}_3$ og i-bútani $(\text{CH}_3)_3\text{CH}$) og er loftkennt kolvetni sem þéttist undir þrýstingi við venjulegt umhverfishitastig.

F-gas er mjög eldfim og sprengifim lofttegund. Sprengimörk í andrúmslofti eru á bilinu 2-9% og hitamörk fyrir sjálfsíkveikju á bilinu 400-450° C, en þessi mörk geta breyst lítið eitt eftir blöndunarhlutfalli F-gassins.

Eðlisþyngd gassins er nær tvöföld eðlisþyngd andrúmslofts og gasið er því „þung lofttegund“.

Þar sem F-gas er litlaust og nær lyktarlaust er ætíð blandað í það sterklyktandi skynefni.

2.2. Hylki (flaska): Færanlegur kútur, oftast úr járni (stáli), með rúmtaki undir 150 lítrum.

2.3. Forðageymsla: Bygging ein sér eða rými í byggingu eða útsvæði þar sem hylki með F-gasi eru staðsett.

2.4. Útigeymsla: Forðageymslurými, þar sem bakveggur, hliðarveggir og loft eru A-60 byggingarhlutar en framhliðinni er lokað með grind eða neti úr óbrennanlegu efni með læsanlegri hurð eða hliði.

3. ALMENN SKILYRÐI.

3.1. Í forðageymslum fyrir F-gas má ekki geyma vörur, tæki eða búnað, sem er því óviðkomandi.

3.2. Forðageymslur *undanskildar* ákvæðum þessarar reglugerðar eru:

- Innan húss með alls allt að 15 kg í hylkjum.
- Innan húss með alls allt að 40 kg í hylkjum, ef gólf rýmisins er yfir jörð a.m.k. á eina hlið sem jafnframt er útveggur.
- Utan húss með alls allt að 40 kg í hylkjum.

3.3. Forðageymslu með allt að 1000 kg í hylkjum má reisa og innrétta að fengnu samþykki byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra, að því tilskildu að framfylgt sé ákvæðum þessarar reglugerðar auk annarra reglugerða er málið varða.

Áður en framkvæmdir hefjast skulu liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar, auk uppdrátta sem byggingarfulltrúi og slökkviliðsstjóri hafa áritað.

Slökkviliðsstjóra er bæði heimilt og skylt að hafa samráð við Brunamálastofnun ríkisins, sé hann í einhverjum vafa um málavexti hvað varðar gr. 1.2 í þessari reglugerð.

3.4. Forðageymslur yfir 1000 kg og allt að 25000 kg í hylkjum má reisa og innrétta með samþykki byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra, að því tilskildu að framfylgt sé ákvæðum þessarar reglugerðar auk annarra reglugerða er málið varða.

Áður en framkvæmdir hefjast er þó skylt að senda fullnægjandi upplýsingar ásamt uppdráttum með áritun byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra til Brunamálastofnunar ríkisins til endanlegrar samþykktar.

Brunamálastjóri getur krafist þess að fram fari sérstök brunahönnun fyrir forðageymslur af þessari stærð, sem honum verði send til athugunar og samþykktar. Í þessu tilviki má senda stofnuninni brunahönnunina án áritunar byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra.

- 3.5. Forðageymslu með yfir 25000 kg í hylkjum** má einungis reisa og innrétta að höfðu samráði við Brunamálastofnun ríkisins og með samþykki hennar. Ætíð skal fara fram brunahönnun, sem brunamálastjóri fær til athugunar og endanlegrar samþykktar. Stofnunin setur þau skilyrði sem hún telur nauðsynleg og æskileg, til að koma í veg fyrir eld- eða sprengihættu.

4. ALMENNAR UMGENGISREGLUR.

- 4.1. Gashylki skulu standa upprétt á óbifanlegum, sléttum og láréttum fleti. Hylkjum sem innihalda F-gas og geta rúmað allt að 13 kg má stafla upprétt saman í allt að 2 m hæð sé það gert með þeim hætti að tryggt sé. Hylkjum með F-gasi er rúmað geta yfir 13 kg má ekki stafla. Tóm hylki, óháð rúmtaki, mega liggja á hlið og má stafla þeim þannig upp í allt að 2 m hæð. Skorða skal hylkin vel af, svo að staðan renni ekki af stað.
- 4.2. Ventlar á hylkjum skulu vera lokaðir og hlífðarhettur ásettar. Aftöppun eða áfylling má ekki fara fram í forðageymslu innan húss, nema frágangur og allur tæknibúnaður hafi áður hlotið sérstakt samþykki Vinnueftirlits og Brunamálastofnunar. Gölluð eða skemmd hylki, sem innihalda F-gas, skal flytja á öruggan stað og senda tafarlaust í viðgerð eða tæma þau og eyðileggja.
- 4.3. Forðageymsla skal ávallt vera hrein og þrífaleg.
- 4.4. Ábyrgur stjórnandi skal sjá til þess að umgengisreglur séu virtar. Hann skal sjá til þess að starfsfólk fái rækilega fræðslu og þjálfun í notkun slökkvitækja og viti hvar þau eru staðsett.
- 4.5. Setja skal upp greinileg skilti, sem banna reykingar og meðferð opins elds í forðageymslu. Í forðageymslu innan húss og í útigeymslu skulu vera slík skilti, bæði í geymslunni og utan á dyrum eða við þær í auglýsingu. Þessi skilti skal einnig setja á gasgeyma sem eru ofanjarðar á lóðinni. Forðageymslur, innan og utan húss, skal auk þess merkja með skiltum, sem segja að þar sé geymt eldfimt og sprengifimt gas undir þrýstingi í hylkjum eða geymum. Leiðbeiningar Brunamálastofnunar eða gildandi reglur og staðlar skulu ráða um gerð varúðarskilta.
- 4.6. Gashylki skal ætíð staðsetja þannig að undankomuleiðir séu óhindraðar. Dyr í flóttaleið frá forðageymslu skal vera unnt að opna á auðveldan hátt innan frá án þess að nota lykil eða sérstök áhöld.
- 4.7. Hylki með F-gasi skal meðhöndla með viðeigandi varúð. Þau mega ekki verða fyrir hnjaski eða hitaálagi og ekki velta um koll eða falla niður.
- 4.8. Bifreiðastöður við forðageymslu eru bannaðar utan vinnutíma nema til komi sérstakt leyfi slökkviliðsstjóra.
- 4.9. Daglegt eftirlit með því að slökkvibúnaður sé virkur og í góðu lagi er í höndum rekstraraðila, en slökkviliðsstjóri annast eftirlit með því að reglum sé fylgt í þessu efni.

5. FORÐAGEYMSLUR Í BYGGINGUM.**5.1. Forðageymsla allt að 200 kg.**

- a) Forðageymslan skal vera á jarðhæð hússins með gólf yfir jörð á a.m.k. eina hlið og hafa vel aðgengilegar útidyr með minnst B-60 hurð sem opnast út. Innihurð skal vera sjálflokandi og minnst B-60 og skal opnast inn í forðageymsluna.
- b) Veggir og hæðarskil, sem hólfa forðageymsluna af frá öðru rými hússins, skulu vera minnst B-90 og án glugga eða annarra opa.
- c) Klæðning neðan á loftum og innan á veggjum skal vera í flokki 1.
- d) Í geymslunni skal vera 6 kg ABE-dufttæki.

5.2. Forðageymsla yfir 200 kg og allt að 1000 kg.

- a) Forðageymslan skal vera á jarðhæð og hafa gólf yfir jörð a.m.k. á eina hlið og A-60 útihurð sem opnast út. Innihurð skal vera sjálflokandi og minnst A-60 og opnast inn í geymsluna.
- b) Veggir og hæðarskil, sem hólfa forðageymsluna af frá öðru rými hússins, skulu vera minnst A-90 og án glugga eða annarra opa. Ef þak hússins myndar loft forðageymslu, skal sá hluti þaksins vera léttbyggður. Þak skal vera óeinangrað eða með eldtraustri einangrun eða tregbrennanlegri einangrun í lágmarki. Ysta þakklæðningin skal vera úr eldtraustu efni.
- c) Klæðning neðan á loftum og innan á veggjum skal vera í flokki 1.
- d) Við upphitun forðageymslu skal taka tillit til þeirrar eld- og sprengihættu sem stafar af F-gasi. Æskilegt er að nota vatnsmiðstöðvarhitun eða hitaveitu. Upphitun með rafmagni eða heitu lofti er einungis leyfð að því tilskildu, að farið sé eftir gildandi reglum fyrir sprengihætt rými frá Rafmagnseftirliti ríkisins eða öðrum opinberum aðilum.
- e) Raflagnabúnað skal taka út af Rafmagnseftirliti ríkisins.
- f) Forðageymslan skal vera loftræst í útveggjum, bæði við gólf og loft. Stærð fastra opa, hvers um sig, skal minnst vera 400 sm² og skal hafa í þeim traust teinanet með 5-10 mm möskvastærð eða góðar loftræstiristar af viðurkenndri gerð. Fjöldi gólf- og loftrista ákvarðast af rúmmáli geymslunnar, þannig að rist við gólf og loft skal vera á hverja 50 m³ geymslunnar.
- g) Í geymslunni skal vera 6 kg ABE-dufttæki. Ef hylki í forðageymslu hafa umbúðir eða umbúnað úr brennanlegum efnum, skal einnig hafa þar 20 l/mín slöngukefli, t.d. annað hvort 20 mm slöngu með 6 mm stút við 100 KPa vatnsþrýsting við veggloka eða 25 mm slöngu með 6 mm stút við 80 KPa vatnsþrýsting við veggloka.

5.3. Forðageymsla yfir 1000 kg og allt að 25000 kg.**5.3.1. Forðageymsla í hluta byggingar.**

- a) Forðageymslan skal hafa gólf yfir jörð a.m.k. á eina hlið og hafa útidyr með minnst A-60 hurð sem opnast út og sem næst í gagnstæða átt aðrar dyr, með sjálflokandi hurð, minnst A-60, sem opnast inn í geymsluna.
- b) Forðageymslan skal mynda sjálfstæða A-120 brunasamstæðu, mest 600 m² að gólfplatarmáli. Veggir, sem hólfa geymsluna frá öðru rými hússins, skulu vera minnst A-120 og án glugga og annarra opa. Þeir skulu ganga heilir upp í gegnum þakið og mynda brunakamb minnst 0,5 m upp fyrir þakflötinn. Þar sem A-120 skilveggur mætir útvegg, skal útveggurinn vera minnst A-60 og samfelldur á að minnsta kosti 5 m bili eða að skilveggurinn gangi heill í gegnum útvegginn og myndi brunakamb minnst 0,5 m út fyrir ytra byrði útveggjar. Forðageymslan skal vera einlyft með léttbyggðu þaki. Þak skal vera óeinangrað eða með eldtraustri

einangrun eða tregbrennanlegri einangrun í lágmarki. Ysta þakklæðningin skal vera úr eldtraustu efni.

- c) Klæðning neðan á loftum og innan á veggjum skal vera í flokki 1.
- d) Burðarveggir, súlur og bitar skulu vera minnst A-120.
- e) Leyfilegt er að hafa almennar gerðir glugga í þaki með eftirfarandi takmörkunum:
 - Samanlagt flatarmál þeirra sé mest 15% af flatarmáli þaksins.
 - Ef bil á milli glugga er minna en 4,5 m, reiknast flatarmál þeirra saman sem einn gluggi væri.
 - Hver gluggi eða gluggasamstæða má mest vera 15 m².
 - Bil milli glugga eða gluggasamstæða skal a.m.k. vera 4,5 m.
 Hjálmar og plötur, sem viðurkenndar eru af Brunamálstofnun, má hafa í þaki að uppfylltum þeim skilyrðum og með þeim rýmkuðu heimildum, sem felast í viðurkenningunni. Fordast skal að hafa glugga í útveggjum forðageymslu af þessari stærð nema að vel athuguðu máli. Í slíkum tilfellum skal hafa minnst 60 mínútna eldþolið þráðgler af viðurkenndri gerð í gluggunum, nema annað sé ákveðið í samþykktri brunahönnun.
- f) Við val á upphitun forðageymslu skal taka tillit til þeirrar eld- og sprengihættu, sem stafar af F-gasi. Æskilegt er að nota vatnsmiðstöðvarhitun eða hitaveitu. Upphitun með rafmagni eða heitu lofti er einungis leyfð að því tilskildu, að farið sé eftir gildandi reglum fyrir sprengihætt rými frá Rafmagnseftirliti ríkisins eða öðrum opinberum aðilum.
- g) Raflagnabúnað skal taka út af Rafmagnseftirliti ríkisins.
- h) Forðageymslan skal vera loftræst í útveggjum, bæði við gólf og loft. Stærð opa, hvers um sig, skal minnst vera 400 sm² og skal hafa í þeim traust teinanet með 5-10 mm möskvastærð eða góðar loftræstiristar af viðurkenndri gerð. Fjöldi gólf- og veggrista ákvarðast af rúmmáli, þannig að rist við gólf og loft skal vera á hverja 50 m³ geymslunnar.
- i) Í geymslunni skal hafa minnst 2 stk 6 kg eða 1 stk 12 kg ABE-dufttæki og auk þess 40 l/mín slöngukefli, t.d. annað hvort 20 mm slöngu með 8 mm stút við 210 KPa vatnsþrýsting við veggloka eða 25 mm slöngu með 8 mm stút við 120 KPa vatnsþrýsting við veggloka.

5.3.2. Forðageymsla í stöku húsi.

Ekki eru gerðar sérstakar kröfur um brunapol burðarvirkja í stökum forðageymslum utan að útveggir skulu vera minnst A-60. Burðarvirki skulu að öðru leyti fullnægja ákvæðum reglugerða um byggingar (byggingarreglugerð og brunamálareglugerð). Um önnur atriði, t.d. fjarlægðir til annarra mannvirkja, gilda sömu reglur og fyrir forðageymslur í hluta byggingar.

5.3.3. Útigeymslur.

Ákvæði 6. greinar hér á eftir gilda um fjarlægðir og afstöðu útigeymslna til annarra mannvirkja.

Að öðru leyti skal vísað í leiðbeinandi reglur framleiðanda á F-gas búnaði, en eftir þeim ber að fara, og í samþykktir Vinnueftirlits ríkisins um viðunandi frágang, meðferð gashylkja og tækjabúnaðar.

Ætíð skal fara að fyrirmælum slökkviliðsstjóra um brunavarnir og getur hann vísað málinu til brunamálstjóra, telji hann þörf á því.

Brunamálstofnun ríkisins getur einnig gert athugasemdir við umbúnað og frágang á forðageymslum í húsi einu sér og í útigeymslum m.t.t. brunavarna og getur fyrirskipað að þær úrbætur verði gerðar, sem hún telur þörf á.

6. FJARLÆGÐIR OG AFSTAÐA TIL ANNARRA MANNVIRKJA.**6.1. Um almenna staðsetningu forðageymslu vísast til gr. 1.2 í reglugerðinni.****6.2. Um útigeymslu með alls allt að 1000 kg af F-gasi gildir:**

Opin framhlið útigeymslu má ekki snúa að húsi á sömu lóð eða á nágrannalóð nema fjarlægð sé a.m.k. 10 m.

Bakveggur útigeymslu (A-60) má liggja þétt upp að byggingu eða vera sameiginlegur vegg byggingar á sömu lóð.

Bil milli bakveggs og hliðarveggs útigeymslu einnar sér og húss á sömu lóð skal vera a.m.k. 2,5 m að viðbættri hálfri hæstu vegghæð hússins á móts við útigeymsluna.

Fjarlægð útigeymslu að lóðarmörkum skal vera a.m.k. 5 m.

Fjarlægð útigeymslu að miðju vegar eða göngugötu skal vera a.m.k. 10 m.

6.3. Um útigeymslu með alls yfir 1000 kg allt að 25000 kg af F-gasi gildir:

Útigeymslan skal standa ein sér á lóðinni, nema brunamálastjóri hafi sérstaklega heimilað annað.

Opin framhlið útigeymslu má ekki snúa að húsi á sömu lóð eða á nágrannalóð, nema fjarlægð sé a.m.k. 20 m.

Bil milli bakveggs og hliðarveggja útigeymslu og húss á sömu lóð skal vera a.m.k. 5 m að viðbættri hálfri hæstu vegghæð hússins á móts við útigeymsluna.

Fjarlægð útigeymslu að lóðarmörkum skal vera a.m.k. 7,5 m.

Fjarlægð útigeymslu að miðju vegar eða stígs skal vera a.m.k. 15 m.

6.4. Um forðageymsluhús eitt sér og forðageymslu í hluta byggingar með alls allt að 1000 kg af F-gasi gildir:

Bil milli húsa og lóðarmarka skal vera í samræmi við gr. 5.9 í byggingarreglugerð.

6.5. Um forðageymsluhús eitt sér og forðageymslu í hluta byggingar með 1000 kg og allt að 25000 kg af F-gasi gildir:

Bil milli húsa og lóðarmarka skal vera í samræmi við gr. 5.9 í byggingarreglugerð með þeirri túlkun, að til forðageymslu eru gerðar sömu kröfur varðandi bil og fjarlægðir og byggingarreglugerðin gerir til timburhúsa, óháð byggingarefni hennar.

6.6. Lágmarksfjarlægðir að húsum og mannvirkjum utan lóðarmarka eru sem hér segir:

Um fjarlægðir til húsa og annarra mannvirkja gilda ákvæði byggingarreglugerðar og reglugerðar um brunavarnir, auk strangari ákvæða í þessari reglugerð.

Ef meiri háttar mannvirki eða vörugueymsluhús og iðnaðarhús eða hús með sérstaka starfsemi eru í næsta nágrenni við forðageymslur með 2000 kg og þar yfir, ber að leita samþykkis Brunamálastofnunar varðandi lágmarksfjarlægðir.

Þetta á m.a. við um skóla, samkomuhús, sjúkrahús, dvalar- og vistheimili og atvinnuhúsnæði sem eldhætta stafar af.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 28. gr. laga nr. 74/1982 um brunavarnir og brunamál og skal öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Líndal.

REGLUGERÐ

um skil á staðgreiðslu

1. gr.

Við b. lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 183/1990, um skil á staðgreiðslu komi eftirtalin viðbót:

Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, gildir frá 1. maí 1990.

Fjármálaráðuneytið, 11. maí 1990.

F. h. r.

Snorri Olsen.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Nr. 198

25. apríl 1990

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988–2008.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 25. apríl 1990 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Kópavogs 1988–2008.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar félagsmálaráðherra sbr. bókun 18. apríl 1990.

Félagsmálaráðuneytið, 25. apríl 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 199

14. maí 1990

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Hvolsvallar 1990–2010.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 14. maí 1990 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Hvolsvallar 1990–2010.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Hvolshrepps hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar félagsmálaráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 14. maí 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um þátttöku Íslenskra getrauna í sameiginlegum getraunaleik með dönskum og sænskum getraunum um leiki í heimsmeistarakeppninni í knattspyrnu 1990.

1. gr.

Íslenskum getraunum er heimilt í samstarfi við danska getraunafyrirtækið Dansk Tiptjeneste og sænska getraunafyrirtækið AB Tiptjänst að efna til sameiginlegs getraunaleiks um úrslit í leikjum í heimsmeistarakeppninni í knattspyrnu tvær leikvikur í júní 1990.

2. gr.

Um getraunaleik þennan skulu gilda sömu reglur og gilda um íþróttagetraunir samkvæmt II. kafla reglugerðar fyrir Íslenskar getraunir nr. 477 27. október 1988 sbr. reglugerð nr. 258/1989 með þessum undantekningum:

1. Á hverju spjaldi skulu vera 13 tölusettir kappleikir, sbr. 5. gr. reglugerðar 477/1988.
2. 13 reitir í einum dálki leiksspjalds mynda eina röð, sbr. 7. gr. reglugerðarinnar.
3. Verð fyrir hverja röð er 20 krónur, sbr. 15. gr. reglugerðarinnar.
4. Af verði hvernar seldrar raðar skal varið 9 krónum (45%) til vinninga sem skiptast þannig að upphæð sem svarar til SEK 0,40 skal ganga til sameiginlegs sjóðs Íslenskra getrauna, Dansk Tiptjeneste og AB Tiptjänst sem nota skal til að greiða fyrir 13 réttar ágiskanir samkvæmt getraunaseðlum seldum af þessum þremur getraunafyrirtækjum. Því sem eftir stendur þegar 0,40 SEK hafa verið greiddar til sameiginlegs sjóðs skal varið til að greiða fyrir 12 og 11 réttar ágiskanir á þann hátt að upphæðin skiptist til helminga til að greiða fyrir 12 og 11 réttar ágiskanir á þeim getraunaseðlum sem seldir eru af Íslenskum getraunum. Komi enginn seðill fram með 12 réttar ágiskanir skal allri upphæðinni varið til að greiða fyrir 11 réttar ágiskanir, sbr. 20. gr. reglugerðarinnar.
5. Falli leikur á getraunaseðli niður, eða leik er hætt áður en honum lýkur vegna utanaðkomandi atvika skal varpa hlutkesti um úrslitin. Framkvæmd hlutkestisins annast Dansk Tiptjeneste og skal um framkvæmdina farið að reglum þess getraunafyrirtækis, sbr. 19. gr. reglugerðarinnar.
6. Kærur vegna þessarar samstarfsgetraunar skulu hafa borist í síðasta lagi 17 dögum eftir að síðasta leik á viðkomandi getraunaseðli lauk, sbr. 26. gr. reglugerðarinnar.
7. Úrvinnsla getraunaseðla fer fram í hverju landi fyrir sig undir eftirliti viðkomandi ríkisskipaðs eftirlitsmanns. Að úrvinnslu lokinni skal skila greinargerð um niðurstöðu til ríkiseftirlits sænsku getraunanna sem útbýr lista yfir fjölda vinningshafa, reiknar út upphæð vinninga og skiptingu greiðslna milli landa. Reynist enginn getraunaseðill hafa 13 ágiskanir réttar leggst sú upphæð sem verja átti af sölu hvers lands til þess vinnings við upphæð þá sem greiða á fyrir 12 og 11 réttar ágiskanir. Reynist bráðabirgðaútreikningur vinninga sýna að vinningur fyrir 13 réttar ágiskanir sé hærri en 100 000 SEK skal endanleg staðfesting á upphæð vinnings bíða þar til kærufrestur er liðinn.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um getraunir nr. 59 29. maí 1972 öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. maí 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Jón Thors.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Eyrarbakkahrepp.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir umdæmi Eyrarbakkahrepps.

2. gr.

Með almannafæri er í samþykktinni átt við götur og svæði ætluð til almenningsnota. Ákvæðin um almannafæri gilda einnig eftir því sem við á um aðra staði, sem opnir eru almenningi, svo sem verslanir, veitingastaði, söfn, afgreiðslur o.fl.

3. gr.

Uppþot, áflog, óspektir eða önnur háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, má ekki eiga sér stað á almannafæri, og ekki mega menn þyrpast þar saman, ef það truflar umferð eða veldur vegfarendum öðrum óþægindum.

Enginn má sýna öðrum áreitni á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega háttsemi.

4. gr.

Lögreglustjóri getur bannað notkun hátalara, hljómflutningstækja, hljódfæra eða annars þess háttar á eða við almannafæri, ef ástæða er til að ætla að hún valdi ónæði eða truflun.

5. gr.

Bannað er að hafast nokkuð að, sem veldur ónæði eða raskar næturró manna.

6. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri við miðasölur, skemmtistaði, verslanir og aðra afgreiðslustaði, skal fólk raða sér þannig að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrst afgreiðslu.

7. gr.

Hver sá sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

8. gr.

Skylt er að hlýða fyrir mælum, sem lögreglan gefur, vegna umferðarstjórnar eða til þess að halda uppi reglu á almannafæri.

Lögreglan getur vísað þeim mönnum í burtu af almannafæri, sem með háttsemi sinni valda vegfarendum eða íbúum í nágrenninu ónæði.

9. gr.

Gluggaþvott má ekki framkvæma nema í frostlausu veðri, ef þvotturinn veldur rennsli á gangstétt eða á götu. Ekki má þvo glugga, ef hætta er á því að vatn skvettist á vegfarendur.

Eiganda eða umráðamanni húss er skylt að fjarlægja af húsi sínu snjó og grýlukerti, sem fallið geta niður og valdið hættu fyrir vegfarendur.

10. gr.

Öllum ber að gæta þess að ganga vel um á almannafæri og skemma ekki þar hluti sem ætlaðir eru til almenningsnota eða þrýði. Þetta á einnig við þann hluta af húsum og öðrum mannvirkjum sem liggja á almannafæri.

Á slík mannvirki má ekki mála eða teikna og ekki festa upp auglýsingar, nema með leyfi eigenda eða umráðamanns. Þá er óheimilt að reisa auglýsingaskilti á almannafæri nema með leyfi hreppsýfirvalda. Uppfestar auglýsingar skulu hlutadeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum, og hreinsa vel staðinn þar sem þær voru hafðar. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, saurga eða gera ólæsilegar á annan hátt.

Þess skal gætt að troða ekki ræktaða bletti, grasreiti, blómabeð og limerði á almannafæri og bannað er að slíta þar upp blóm.

11. gr.

Hreppsnefnd getur sett reglur um skemmtigarða, kirkjugarða, leikvelli og önnur opinber svæði, enda séu reglurnar festar upp við innganginn eða á öðrum áberandi stað.

12. gr.

Tilkynna skal lögreglustjóra um fyrirhugaðar hópgöngur og útifundi í því skyni, að hann geti gert viðeigandi ráðstafanir varðandi stjórnun umferðar.

13. gr.

Á almannafæri má ekki nota skotvopn, halda flugeldasýningar, ganga með logandi blys eða kveikja í bálköstum nema með leyfi lögreglustjóra.

14. gr.

Enga atvinnu, sem tálmar umferð, má rekja á almannafæri.

Utan sölubúða er sala á hvers konar varningi bönnuð með þeim undanþágum, sem hér greinir: Blöð, bæklinga, aðgöngumiða, happdrættismiða, merki og annað þessu skylt má selja á almannafæri. Hreppsnefnd getur veitt leyfi til vörusölu á almannafæri, enda séu fyrirmæli um verslunarleyfi og önnur ákvæði laga því ekki til fyrirstöðu, að slík leyfi séu veitt. Skal leyfi hreppsnefndar bundið við ákveðnar vörutegundir og er heimilt að setja fyrir leyfinu þau skilyrði, sem talin eru nauðsynleg.

15. gr.

Fasta afgreiðslu bifreiða eða sölu notaðra bifreiða má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað, sem hreppsnefnd hefur samþykkt til slíkra afnota, að fenginni umsógn lögreglustjóra. Hreppsnefnd veitir leyfi í tiltekinn tíma og getur takmarkað það við tiltekinn fjölda bifreiða og sett önnur þau skilyrði, sem þurfa þykir.

16. gr.

Enginn má án leyfis húsráðanda láta fyrirberast á lóðum eða í húsi hans. Ekki má fara í híbýli manna í söluerindum, ef húsráðandi leggur við því bann.

Lögreglan getur bannað mönnum að hafast við á þessum stöðum, ef hún telur það geta valdið óþægindum eða hættu.

17. gr.

Enginn má fleygja rusli eða öðru þess háttar á lóð annars manns. Hver sem það gerir skal fletja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað.

18. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það, sem hindrar almenna umferð eða veldur hættu.

Eigendur stórra vinnuvéla eða bifreiða, sem notaðar eru til fólks- eða vöruflutninga, 2½ tonn að eigin þyngd eða þyngri, skulu leggja þessum tækjum á lóðum sínum eða á sérstaklega merkt bílastæði, sem ætluð eru stórum bifreiðum og vinnuvélum eða að fara að öðru leyti eftir fyrirætlum lögreglunnar um geymslu þeirra.

Óheimilt er að láta aflvélar kyrrstæðra bifreiða eða vinnuvéla ganga að óþörfu, svo komast megi hjá loftmengun á almannafæri eða þar sem ætla má að slíkt valdi óþægindum.

Lögreglustjóri getur bannað stöður hjólhýsa, báta, hestaflutningavagna og þess háttar tækja á götum og almennum bifreiðastæðum, sem þykja valda íbúum ónæði.

Heimilt er að flytja burtu og taka í vörslu lögreglu bifreiðar, sem standa án skráningarnúmera á götum og almennum bifreiðastæðum. Tilkynna skal skráðum eiganda og/eða umráðamanni um flutninginn og ber hann kostnað vegna flutnings og vörslu bifreiðarinnar. Varðandi frekari heimildir um brottflutning ökutækja vísast til 110. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Allur akstur vélknúinna torfæruhjóla, svo sem fjórhjóla, er bannaður innan hreppslandsins. Hreppsnefnd getur þó heimilað undanþágu frá þessu ákvæði á afmörkuðum svæðum. Akstur vélsleða um götur þorpsins er bannaður nema í þágu björgunar og slysavarna.

19. gr.

Á götum þorpsins eða þar sem hætta getur stafað af má ekki hafa um hönd skemmtanir eða leiki, sem hindra umferð. Bannað er að hanga aftan í bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar.

20. gr.

Ef ís á sjó eða vötnum þykir ekki nógu traustur getur lögreglustjóri bannað alla umferð um hann.

21. gr.

Peir sem flytja farm um götur þorpsins skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá farminum, að ekki valdi óþrifnaði. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannafæri við flutninginn, fermingu, eða affermingu, er stjórnanda flutningstækis skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

22. gr.

Á almannafæri mega hestar ekki ganga lausir og lausa hesta má ekki reka um götur þorpsins.

23. gr.

Ekki má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg né raska þeim á annan hátt, nema með leyfi hreppsýfirvalda og samþykki lögreglustjóra. Að verki loknu skal færa það í sama lag, sem raskað var. Þegar gerður er skurður í gangstétt, skal sá, sem verkið vann, sjá um að gangandi vegfarendum sé séð fyrir gangbraut. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi verði. Þess skal ætíð gætt, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann með nægjanlega greinilegum ljósum, þegar dimmt er. Lögreglustjóri gerir þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti meðan á verki stendur eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Einnig getur hann ákveðið að skurðir í götum séu bygðir og uppgröftur fjarlægður þannig, að umferð sé óhindruð um götur á þeim tíma, sem ekki er unnið, svo sem að næturlagi og um helgar. Þá getur lögreglustjóri, ef hann telur framkvæmdir dragast um of, látið setja í samt lag það, sem raskað var, á kostnað þess, sem verkið átti að vinna.

24. gr.

Pegar hús er byggt, rífið, endurbyggt eða flutt, er eiganda eða verktaka skylt að haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri gefur, til að forðast farartálma, hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

Girðingar, sem hafa verið reistar vegna mannvirkjagerðar, skal fjarlægja, þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Pegar hús eða annað mannvirki brennur eða það er tekið burt, án þess að annað sé byggt í staðinn, er eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi af því hætta, óþrifnaður eða óprýði.

25. gr.

Atvinnustarfsemi í íbúðahverfum er óheimil. Hreppsnefnd getur þó heimilað þar minni háttar starfsemi, svo fremi að tryggt sé að slíkt leiði ekki af sér ónæði eða truflun gagnvart íbúum. Slíkt leyfi skal ekki veitt til lengri tíma í senn en fjögurra ára og bundið við nafn leyfishafa. Brjótí leyfishafi gegn ákvæðum þessarar greinar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi getur hreppsnefnd með þriggja mánaða fyrirvara afturkallað leyfið.

Atvinnurekstri í húsnæði sem liggur að íbúðabyggð skal jafnan hagað þannig, að ekki hljótist af ónæði eða truflun fyrir þá sem næst búa. Gildir það jafnt um starfsemina sjálfa, sem og umferð sem af henni hlýst. Hreppsnefnd getur sett sérstakar reglur um slíka starfsemi ef ástæða þykir til.

Enginn má reka knattborð, spilakassa eða leiktæki gegn borgun, nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn hreppsnefndar. Leyfi skal ekki veitt í lengri tíma í senn en fjögurra ára. Það skal bundið við nafn leyfishafa og rekstur á tilteknum stað. Lögreglustjóri ákveður gjald fyrir leyfið, sem greiðist árlega.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum 3. mgr. greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi, getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

Knattborð, spilakassa eða leiktæki má reka frá kl. 9.00 til 23.30.

Börnum innan 14 ára er ekki heimill aðgangur að slíkum tækjum nema í fylgd með forráðamönnum. Miða skal aldur við fæðingarár en ekki fæðingardag.

26. gr.

Veitingastaði er heimilt að hafa opna frá kl. 6.00 til 3.00. Allir gestir, sem eigi hafa þar náttstað skulu hafa farið út eigi síðar en hálfri stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðmönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað á veitingastaðnum eftir lokunartíma.

27. gr.

Hver sá sem rekur veitinga- eða gististað, samkomuhús eða heldur almenna skemmtun eða sýningu, skal sjá um að allt fari vel fram og að starfsemin valdi ekki nágrönnum ónæði.

Slík starfsemi skal háð sérstöku eftirliti og er lögreglunni heimilt að fara um samkomusali og önnur húsakynni, sem gestir eiga aðgang að.

Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

28. gr.

Brot gegn lögreglusamþykkt varðar sektum. Sama er um brot á reglum sem settar eru samkvæmt lögreglusamþykkt.

Ef kenna má yfirsjón barns skorti á hæfilegri umsjá foreldris eða þess sem gengur barninu í foreldis stað skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

29. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt lögreglusamþykkt eða reglum sem settar eru samkvæmt henni, má lögreglustjóri láta gera það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra að vanræksla valdi tjóni.

Kostnaður við þetta greiðist af þeim sem ábyrgð ber. Sama er um kostnað af ráðstöfun sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra fyrirhugaða athöfn eða stöðva athöfn sem ekki er að fullu lokið, en bönnuð er samþykktinni eða samkvæmt henni. Ef sá sem ábyrgð ber er eigi fær um að greiða slíkan kostnað greiðist hann úr ríkissjóði.

Lögreglusamþykkt þessi, sem hreppsnefnd Eyrarbakkahepps hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. apríl 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 202

REIKNINGUR

Lífeyrissjóðs bænda fyrir árið 1989.

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1989

VELTUFJÁRMUNIR

Sjóður og bankainnstæður:

Bankainnstæður	kr. 36 846 637,09
--------------------------	----------------------

Skammtímakröfur:

Ríkissjóður Íslands	-32 779 023,00
Ríkissjóður, bráðabirgðareikningur v/mótfrl.	71 854 617,00
Stofnlánadeild landbúnaðarins	0,00
Iðgjaldakröfur, áætlun	72 676 009,64
Næsta árs afborganir verðtr. skuldabréfa	383 904 154,00
Næsta árs afborganir óverðtr. skuldabréfa	662 432,00

Skammtímakröfur	496 318 189,64
-----------------	----------------

Veltufjármunir	533 164 826,73
----------------	----------------

SKAMMTÍMASKULDIR

Umsjónarnefnd eftirlauna	7 950 867,00
Aðrar skuldir	10 355 957,87

Skammtímaskuldir	18 306 824,87
------------------	---------------

Hreint veltufé	514 858 001,86
----------------	----------------

FASTAFJÁRMUNIR

Langtímakröfur:

Skuldabréf, verðtryggð	3 462 506 354,00
Skuldabréf, óverðtryggð	3 301 166,40
Spariskírteini ríkissjóðs, verðtryggð	64 756 670,00

Langtímakröfur	3 530 564 190,40
----------------	------------------

Næsta árs afborganir	384 566 586,00
--------------------------------	----------------

Fastafjármunir	3 145 997 604,40
----------------	------------------

Hrein eign til greiðslu lífeyris	3 660 855 606,26
---	-------------------------

**YFIRLIT YFIR BREYTINGAR Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU
LÍFEYRIS FYRIR ÁRIÐ 1989**

FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD	kr.
Vaxtatekjur og verðbætur	751 687 624,04
Dráttarvextir vegna iðgjalda	4 171 293,34
Leiðrétting á dagsektum fyrra árs	(138 000)
Vaxtagjöld og innheimtulaun	(1 519 064,73)
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	(622 847 368,33)
Fjármunatekjur, nettó	131 354 484,32
IÐGJÖLD	
Iðgjöld framleiðenda, 1,25% af búvöruverði, áætl	111 136 399,61
Leiðréttingar v/fyrri ára	7 332 728,49
Endurgreiðslur iðgjalda	(9 834 543,17)
Mótframlag, 1,60% af heildarverðmæti búvöru	197 971 952,00
Mótframlag, viðbótaráætlun	24 251 158,00
Framleiðendaiðgjöld	330 857 694,93
Iðgjöld launþega	2 106 318,09
Mótframlög vinnuveitenda	3 000 643,31
Launþegaiðgjöld	5 106 961,40
Réttindaflutningur til sjóðsins	3 358 617,19
Réttindaflutningur frá sjóðnum	(849 344,60)
Réttindaflutningur Iðgjöld	2 509 272,59 338 473 928,92
FRAMLÖG VEGNA LÍFEYRIS SKV. 2. KAFLA	
Ríkissjóður Íslands, 62,5%	68 943 449,00
Stofnlánadeild landbúnaðarins, 37,5%	41 366 070,00
Framlög vegna 2. kafla	110 309 519,00
AÐRAR TEKJUR/ÖNNUR GJÖLD	
Aðrar tekjur	52 531,71
LÍFEYRIR	
Lífeyrir skv. 1. kafla	134 333 966,00
Lífeyrir skv. 2. kafla	145 916 244,00
Lífeyrir skv. 2. kafla greiddur af umsjónarnefnd eftirlauna . . .	0,00
Greiddur lífeyrir	280 250 210,00
Greitt af umsjónarnefnd eftirlauna	(35 803 351,00)
Greiddur lífeyrir af Lífeyrissjóði bænda	244 446 859,00
Framlag sjóðsins til uppbotar á lífeyri UE	10 154 218,00
Lífeyrir	254 601 077,00

REKSTRARGJÖLD	kr.
Laun og launatengd gjöld	8 161 848,16
Stofnkostnaður vegna tölvukerfis	2 696 942,00
Annar rekstrarkostnaður	4 879 988,10
Rekstrargjöld	15 738 778,26
Hækkun á hreinni eign án matsbreytinga	309 850 608,69
MATSBREYTINGAR	
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	622 847 368,33
Matsbreytingar	622 847 368,33
Hækkun á hreinni eign á árinu	932 697 977,02
Hrein eign frá fyrra ári	2 728 157 629,24
Hrein eign í árslok 1989 til greiðslu lífeyris	3 660 855 606,26

Reykjavík, 27. apríl 1990.

Benedikt Jónsson,
framkvæmdastjóri.

Stjórn sjóðsins:
Björn Helgason, formaður
Ásgeir Bjarnason.
Guðjón Hansen.
Gunnar Guðbjartsson.
Sigurður Jónsson.

Endurskoðendur:
Vigfús Gunnarsson,
löggiltur endurskoðandi.

Einar Sverrisson.
Sigurður Líndal.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um skoðun kvikmynda hjá Kvikmynda-
eftirliti ríkisins, nr. 614/1989, með áorðnum breytingum.**

1. gr.

3. mgr. 4. gr. orðist svo:

Nú hefur kvikmynd sem dreifa skal til almennings á myndbandi, áður verið skoðuð í kvikmyndahúsi og skal þá aðili skv. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar einvörðungu greiða mínútugjald kr. 40 fyrir hverja mínútu myndarinnar skv. 1. mgr. vegna skoðunar til staðfestingar á því að um sama eintak kvikmynda sé um að ræða og áður var skoðað. Ekki er áskilið að tveir skoðunarmenn skoði kvikmynd þegar svo stendur á nema forstöðumaður telji sérstaka þörf á því.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 7. maí 1990.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 30 – 1990

25. apríl 1990

525

Nr. 204

GJALDSKRÁ fyrir dýralækna.

I. KAFLI

Viðtöl, almennar rannsóknir og aðgerðir.

A.	1. Hlýtt á eða athuguð sjúkdómslýsing	ekkert gjald
	2. Viðtal í síma	ekkert gjald
		kr.
B.	Lyfseðill	76,64
C.	Smærri aðgerðir	76,64
	Venjuleg skoðun á grip og ráðlegging.	
	Lyfjum dælt í hold eða júgur.	
	Einföld skoðun á helti.	
	Einföld ástunga á útvortis ígerð.	
	Skoðun á júgri.	
	Aldursákvörðun á hesti.	
D.	Minni háttar aðgerðir	138,19
	Gert að smásári án sauma.	
	Lyfjum dælt í æð eða kviðarhol.	
	Skoluð skeið, þarmagangur eða magi.	
	Tekin flís úr holdi eða aðskotahlutur úr opum líkamans.	
	Skafin sár og fistlar. Búið um beinbrot, minni dýr.	
	Sorfnar tennur.	
	Notkun magaslöngu.	
	Stungið á kýli.	
	Einfaldur uppskurður á spena.	
	Stífla losuð úr vélinda.	
	Kýr loftdæld við doða.	
	Lagað skeiðarsig.	
	Tálguð naglastunga eða stig.	
E.	Meiri háttar aðgerðir	263,22
	Gripur lagður með felliböndum og hann svæfður eða deyfður.	
	Sprengdur klaufarhófur.	
	Fjarlægð stór útvortis æxli.	
	Skorið til steins eða aðskotahluta í þvagrás eða vélinda.	
	Búið um meiriháttar sár með saumi.	
F.	Miklar aðgerðir	samkomulag
	Holskurður.	
	Opnun á kinnarholum og ennisholum stórgripa.	

- Aflimanir.
 Skorin burt strengur úr hesti.
 Tannúrdráttur (stórgripir) (trepanationir).
 Miklir uppskurðir á hóf og klaufum stórgripa.
 G. Lágmarksgjald (útkall og tímagjald)

II. KAFLI

Sérstakar aðgerðir.

A.	Geldingar:		
	1. Hestur 3ja vetra eða yngri		383,51
	2. Hestur 4ra vetra og eldri		551,93
	3. Hrútur og naut		153,39
	4. Hundur og göltur		276,25
	5. Smágrís		76,64
	6. Köttur og pokagrís		138,12
B.	Burðarhjálp:		
	1. Stórgripir		348,31
	2. Stórgripir, fóstur limað		655,45
	3. Leg sett inn, kýr, gylta		552,61
	4. Leg sett inn, kind		276,25
	5. Legsnuðra		465,02
	6. Legsnuðra, ær		184,10
	7. Fæðingarhjálp, ær		153,39
	8. Fæðingarhjálp, gylta		245,63
	9. Fæðingarhjálp, smærri dýr		260,83
	10. Teknar hildir		520,98
C.	Aðgerðir gegn ófrjósemi:		
	1. Aðgerðir gegnum endaparm, fagrannsókn, fyrstu tvær		122,84
	2. Aðgerðir gegnum fæðingarveg		214,86
	3. Sæðing stórgripa		184,10
	4. Sæðing loðdýra, hver læða		211,47
	5. Sæðistaka, loðdýr, hvert dýr		338,74
D.	Bólusetningar:		
	1. Garnaveiki (yfir 30 dýr, hálf gjald)		76,60
	2. Gegn snýkjudyrum (yfir 50 dýr, hálf gjald)		41,87

III. KAFLI

Vottorð, sérstök próf, rannsóknir og taka sýnishorna.

A.	1. Heilbrigðisvottorð		153,39
	2. Skoðun og heilbrigðisvottorð		260,92
	3. Vottorð vegna vátrygginar eða réttarhalda		899,57
B.	1. Berklapróf, fyrstu þrjú gripir		92,72
	2. Blóðsýni:		
	a) Stórgripir, fyrstu þrjú stórgripir		61,72
	b) Sauðfé, fyrstu þrjár kindur		44,43
	c) Agglutinationspróf á alifuglum		9,10

3. Rannsókn á sýni	230,16
a) Krufning stórgripa	435,80
b) Krufning smærri dýra	184,10
4. a) Skoðun á kynbótahrossum og vottorð vegna útflutnings	899,69
b) Ítarleg skoðun hrossa vegna viðskipta ásamt vottorði:	
i. fyrstu þrjú, kr/stk.	347,01
ii. fleiri en þrjú, kr/stk.	260,92
c) Eftirlit við útskipun, reiðhross og sláturhross	61,72

IV. KAFLI

Heilbrigðisskoðun á kjöti.

A. Sauðfé	3,67
B. Kálfar	27,60
C. Nautgripir, hross og svín	55,19

V. KAFLI

Ferðakostnaður.

1. Útkall	131,97
2. Tímagjald á ferðalögum	452,41

Almennt skal miða tímagjald við eftirfarandi, nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi, t.d. ófærð o.þ.h.

a) Stytttri vitjanir, innan við 20 km akstur aðra leiðina; þá skal aðeins taka eitt tímagjald.	
b) Meðalvitjanir, 20 til 39 km akstur aðra leiðina; þá skal aðeins taka tvö tímagjöld.	
c) Lengri vitjanir; fjöldi tímagjalda ræðst af lengd ferðar.	

Tímagjaldið nær einungis til ferðatíma og skiptist á vitjanir, sé um fleiri en eina að ræða í sömu ferð.

VI. KAFLI

Eftirlit.

1. Eftirlit með hreinlæti í mjólkurframleiðslu:	
a) Á kú	57,79
b) Með sýnatöku	88,95
2. Eftirlit með hreinlæti í sláturhúsum eða tímakaup skv. núgildandi kjarasamningi fjármálaráðherra við Dýralæknafélag Íslands	1 326,21
3. Eftirlit með garnaveikibólusetningu, sauðfjárböðun og hundahreinsun pr. hrepp	3 662,06
4. Eftirlit með sæðingarstöðvum á ári	10 435,76
5. Eftirlit með fiskeldisstöðvum	10 428,41
a) Smærri seiðaeldisstöðvar	5 214,22
b) Sýnataka úr eldisfiski	41,50
c) Sótthreinsun hrogna pr. lítra	33,11
d) Tímagjald	452,41

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

- Nú er einhver aðgerð eða rannsókn eigi á færi héraðsdýralæknis, eða hann getur eigi framkvæmt hana einsamall, og fær því annan dýralækni eða rannsóknarstofnun til að

leysa hana af hendi eða veita nauðsynlega aðstoð, og ber þá að greiða héraðsdýralækni kostnað þann, er hann hefur af útvegum aðstodarinnar.

2. Fyrir endurteknað aðgerðir eða rannsóknir á sama sjúklingi komi hálf gald, nema annað sé sérstaklega tilgreint.
3. Nú eru tvær eða fleiri aðgreindar aðgerðir gerðar á sama grip og kemur þá fullt gald fyrir eina aðgerðina (þá sem hæst er metin), en hálf gald fyrir hinar.
4. Nú þykir héraðsdýralækni eða heilbrigðisstjórn vegna smithættu ástæða til þess að rannsaka fleiri gripi á sama heimili eða í nágrenni þess og gera varúðarráðstafanir til að hindra útbreiðslu næmra sjúkdóma. Í slíkum tilvikum skal héraðsdýralæknir taka greiðslu fyrir störf sín af opinberu fé, samkvæmt ákvæðum þessarar gjaldskrár.
5. Ef dýralæknir þarf að annast heilbrigðisráðgjöf á kjöti, ber sláturhúsi því, er hann annast kjötskoðun fyrir, að sjá honum fyrir fæði og greiðum farkosti eða greiða dýralækninum fyrir farkost, ef hann leggur hann til sjálfur. Sláturhús skal sjá dýralækni fyrir hæfilegri aðstoð við merkingu kjötsins, ef þess er óskað.
6. Dýralækni ber ókeypis flutningur á ferðum hans, svo greiðum og svo beina leið frá heimili hans, sem unnt er. Ef dýralæknir leggur sér til farkost sjálfur, ber þeim aðila eða aðilum, er hann ferðast fyrir, að endurgreiða honum þann kostnað, þ.m.t. akstur á eigin bifreið, enda haldi þeir akstursdagbók skv. reglum ferðakostnaðarnefndar. Á ferðum ber dýralækni að fá ókeypis fæði og gistingu eða greiðslu fyrir það, svo og annan útlagðan kostnað, t.d. símakostnað.
7. Þegar dýralæknir ferðast í þágu hins opinbera, ber honum að fá greiddan fæðis- og ferðakostnað, samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar, skv. akstursbók sbr. 6. tl.
8. Vitjunum er berast fyrir kl. 14.00 virka daga, skal sinnt í dagvinnu. Á aðrar vitjanir skal reiknað 60% álag, enda sé ekki gerlegt að sinna þeim innan reglulegra dagvinnumarka.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 5. gr. laga nr. 77, 1. október 1981 um dýralækna og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir dýralækna nr. 429. janúar 1990.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. apríl 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

REGLUR

um netaveiði göngusilungs í sjó.

1. Reglur þessar varða eingöngu lagnetaveiðar á silungi í sjó.
2. Lagnet skal vera landfast, liggja þvert á fjöru og eigi vera lengra en 50 metrar, frá stórstraumsfjöruborði, að stjóra sjávarmegin.
3. Óheimilt er að mynda fyrirstöðu eða gildru með staurum, grjóti eða öðrum föstum búnaði, en heimilt er að fergja blýlínu svo net veiði við botn, enda séu endar netsins vel merktir með baujum.
4. Lagnet skal eigi vera smáriðnara en svo að 3,5 cm séu milli hnúta (7,0 cm riðill) þá net eru vot. Netið skal hins vegar eigi vera stórriðnaða en svo að 4,5 cm (leyfilegt frávik + 0,2 cm) séu milli hnúta (9,0 cm riðill) og notað sé einfalt girni, sem fari ekki yfir 0,4 mm að þykkt.

5. Bil milli lagneta í sjó skal vera minnst 100 m eftir endilangri strönd, þar sem skemmst er milli þeirra. Þó má bil aldrei vera skemmra en fimmföld lengd lagnets. Í sundum milli strandar og eyja eða hólma skal bil milli neta eftir endilöngu sundi vera hið sama og að framan getur, hvoru megin sunds sem net liggur.
6. Net, sem ætlað er til veiða á göngusilungi, skal merkt með bauju ásamt nafni ábúanda og lögbýlis sem hefur umræddan veiðirétt.
7. Ef maður veiðir fyrir landi annars aðila skal hann framvísa leyfi landeiganda til veiðanna og merkja netið með nafni og heimilisfangi.
8. Að öðru leyti gilda reglur um friðun og veiðar göngusilungs í ósöltu vatni í samræmi við IV. kafla laga nr. 76/1970.
9. Um brot á ákvæðum reglna þessara fer samkvæmt j-lið 1. mgr. 97. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, enda varði brotið ekki þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum.
10. Reglur þessar, sem settar eru í samræmi við 1. mgr. 11. gr., 4. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungaveiði, öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar reglur um sama efni nr. 378 2. ágúst 1989.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. maí 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um bann við tog- og dragnótaveiðum við Vestmannaeyjar.

1. gr.

Frá og með 26. maí 1989 eru allar togveiðar og dragnótaveiðar bannaðar á svæði er markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|--------------------------|-----------------------------|
| 1. Stórhöfði | 4. 63° 35' 40 N – 20° 34' V |
| 2. 63° 24' N – 20° 32' V | 5. 63° 30' N – 20° 14' 30 V |
| 3. Þríþrangar | 6. Dalfjall |

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. maí 1990.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUR

um skipulag og yfirstjórn leitar og björgunar á hafinu og við stendur Íslands.

Tilgangur.

1. gr.

Tilgangur reglna þessara er að koma á samræmdri yfirstjórn leitar- og björgunarstarfs við stendur Íslands og á hafsvæðinu umhverfis landið í samræmi við alþjóðasamning um leit og björgun á hafinu frá 27. apríl 1979.

Yfirstjórn.

2. gr.

Yfirstjórn leitar og björgunar á hafinu og við stendur landsins skal skipuð þremur fulltrúum, tilnefndum af Landhelgisgæslu Íslands, Póst- og símamálastofnun og Slysavarnarfélagi Íslands, einum fulltrúa frá hverjum aðila. Fulltrúar aðila gegna formennsku til skiptis, til eins árs í senn, samkvæmt nánara samkomulagi.

Yfirstjórnin skal hafa aðaladsetur hjá landhelgisgæslunni.

3. gr.

Yfirstjórn skal koma saman í hlutaðeigandi stjórnstöð til að samræma aðgerðir, einkum þegar upp koma atvik sem kalla á umfangsmiklar aðgerðir við leit eða björgun, og ella þegar hún telur ástæðu til. Hún getur og ákveðið, ef ástæða er til, hvaða stjórnstöð skuli stjórna leitar- og björgunaraðgerðum. Ef yfirstjórnin er ekki sammála um hvernig staðið skuli að aðgerðum sker fulltrúi landhelgisgæslunnar úr ágreiningi.

4. gr.

Yfirstjórn skal sjá um að samdar verði nánari reglur um skipulagningu leitar og björgunar á hafinu og við stendur landsins, þ.á m. um meðferð neyðartilkynninga, í samræmi við ákvæði alþjóðasamningsins um leit og björgun á hafinu og önnur tilmæli Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

Stjórnstöðvar.

5. gr.

Landhelgisgæsla Íslands og Slysavarnarfélag Íslands reka hvor fyrir sig sjöbjörgunarstjórnstöð. Þær fara með stjórn leitar- og björgunaraðgerða, hvor á sínu svæði, samkvæmt nánari ákvæðum í reglum þessum.

Umráðasvæði stjórnstöðvanna afmarkast þannig að stjórnstöð Slysavarnarfélagsins annast aðgerðastjórn meðfram strönd landsins og á svæðinu næst henni en stjórnstöð landhelgisgæslunnar annast aðgerðastjórn á hafinu þar fyrir utan.

6. gr.

Þegar stjórnstöð landhelgisgæslunnar eða Slysavarnarfélagsins berst neyðartilkynning skal hún tafarlaust hefja aðgerðir á sínu umráðasvæði, eftir því sem við á, og gera hinni viðvart. Hvor stjórnstöð um sig skal jafnan láta hina fylgjast grannt með öllum aðgerðum sem hún stjórnar. Jafnframt skal tilkynna hlutaðeigandi lögreglustjóra um atvik.

7. gr.

Náin tengsl skulu vera milli stjórnstöðva landhelgisgæslunnar og Slysavarnarfélagsins annars vegar og stjórnstöðvar flugmálastjórnar fyrir leit og björgun loftfara hins vegar. Einnig skal vera náð samband milli stjórnstöðvanna og fjarskiptastöðvarinnar í Gufunesi og annarra strandarstöðva sem hafa á hendi stjórn fjarskipta. Tilkynningaskylda íslenskra skipa skal í neyðartilvikum miðla upplýsingum um ferðir skipa eftir því sem þörf krefur.

Aðgerðastjórn.

8. gr.

Í stjórnstöð skal vera aðgerðarstjóri sem stjórnar aðgerðum þegar um er að ræða minniháttar atvik án þess að yfirstjórn sé kölluð til. Yfirstjórn getur, ef ástæða er til, falið aðgerðarstjóra að samræma leitar- og björgunaraðgerðir í umboði yfirstjórnar.

9. gr.

Yfirstjórn/aðgerðarstjóri getur óskað eftir aðstoð stofnana, björgunar- og hjálparveita og einkaaðila og skulu þeir hafa aðstöðu fyrir fulltrúa sína í stjórnstöð. Þessir fulltrúar skulu vera yfirstjórn/aðgerðarstjóra til ráðgjafar og annast tengsl við eigin björgunareiningar eða stofnanir, eftir því sem við á.

10. gr.

Stjórnstöð skal í hverju tilviki tilnefna vettvangsstjóra sem stjórnar aðgerðum á vettvangi. Ef þessu verður ekki við komið tilnefna björgunaraðilar vettvangsstjóra í samræmi við starfsreglur sem gilda um stjórn leitar og björgunar.

Almenn ákvæði.

11. gr.

Aðgerðarstjóri skal að lokinni aðgerð gefa yfirstjórn skriflega skýrslu um framkvæmd hennar. Yfirstjórn skal, ef hún telur ástæðu til, efna til fundar með fulltrúum þeirra aðila sem tekið hafa þátt í leit og björgun, svo og öðrum þeim sem hlut geta átt að máli.

12. gr.

Yfirstjórn skal árlega efna til fundar með fulltrúum þeirra aðila sem veita aðstoð við leit og björgun, svo og fulltrúum annarra aðila sem fara með öryggismál á sjó, þar sem fjallað skal um helstu björgunaraðgerðir og hvaða lærdóm megi af þeim draga með það að markmiði að auka öryggi á sjó.

13. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Þær skulu endurskoðaðar fyrir 1. júní 1993.

14. gr.

Reglur þessar eru settar með hliðsjón af lögum um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25 22. apríl 1967, og að höfðu samráði við Landhelgisgæslu Íslands, Póst- og símamálastofnun og Slysavarnarfélag Íslands.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. maí 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu aðalskipulags fyrir Kirkjubæjarklaustur 1988–2008.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 21. maí 1990 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi fyrir Kirkjubæjarklaustur 1988–2008.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar félagsmálaráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 209

21. maí 1990

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi fyrir Borg í Grímsnesi og Sogsfossa 1989–2009.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 21. maí 1990 staðfest uppdrætti af aðalskipulagi fyrir Borg í Grímsnesi og Sogsfossa 1989–2009.

Uppdrættir þessir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Grímsneshrepps hefur samþykkt þá og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt þá til staðfestingar félagsmálaráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 210

22. maí 1990

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. júní 1990 að telja um 1,5% frá því sem þær voru í maí 1990.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. maí 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um skipulag menntamálaráðuneytisins.

Meginákvæði þau sem menntamálaráðuneytið starfar eftir eru í lögum nr. 73 frá 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum og reglugerð samkvæmt þeim, nr. 96 frá 31. desember 1969, með síðari breytingum.

Skipulag ráðuneytisins er í meginatriðum þannig:

Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra. Ráðherra hefur aðstoðarmann til að vinna að sérstökum verkefnum.

Ráðuneytið skiptist í fjórar skrifstofur sem skrifstofustjórar stýra undir stjórn ráðuneytisstjóra og er einn þeirra staðgengill hans. Í hverri skrifstofu starfa deildir sem deildarstjórar stýra undir stjórn skrifstofustjóra.

Verkefni skiptast milli skrifstofa á eftirfarandi hátt:

HÁSKÓLA- OG MENNINGARMÁLASKRIFSTOFA.

Skrifstofan fjallar um menningarmál sem heyra undir ráðuneytið, um íþrótt- og æskulýðsmál, vísindamálefni, málefni háskólastigsins og um fullorðinsfræðslu.

Háskóla- og vísindadeild.

Deildin fjallar um mál er varða háskólamenntun og vísindarannsóknir, svo og námslán og námsstyrki. Á verksviði deildarinnar starfa m.a. Háskóli Íslands og aðrir skólar á háskólastigi, Rannsóknaráð ríkisins, Vísindaráð og ýmsar vísindastofnanir og Lánasjóður íslenskra námsmanna.

Lista- og safnadeild.

Deildin fjallar um stuðning við listir og útgáfustarfsemi, safnamál, útvarps- og sjónvarpsmál og höfundarréttarmál. Á verksviði deildarinnar starfa m.a. opinber söfn, Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið og Símfóníuhljómsveit Íslands.

Íþrótt- og æskulýðsdeild.

Deildin fer með mál er varða íþróttir og æskulýðsstarfsemi. Á verksviði hennar starfa m.a. Íþróttakennarskóli Íslands, Íþróttamiðstöð Íslands að Laugarvatni, Íþróttanefnd og Æskulýðsráð ríkisins.

Fullorðinsfræðsludeild.

Deildin annast söfnun og miðlun upplýsinga um fullorðinsfræðslu og eftirmenntun, starfar að áætlanagerð í samvinnu við aðila sem sinna fullorðinsfræðslu og vinnur að þróun fjarkennslu.

SKÓLAMÁLASKRIFSTOFA.

Skrifstofan fer með skólamál að háskólastigi, m.a. þróunarmál, námstjórn, námskrágerð og skipulagsmál.

Á verksviði skrifstofunnar starfa m.a. fræðsluskrifstofur, leikskólar, grunnskólar, framhaldsskólar, sérskólar, skólar fyrir börn og unglinga með sérþarfir og Námsgagnastofnun.

Leikskóladeild.

Deildin fjallar af hálfu ráðuneytisins um veitingu leyfa til að setja á stofn dagvistarheimili fyrir börn og hefur faglega umsjón með starfsemi slíkra stofnana. Hún vinnur að stefnumörkun og stuðlar að þróunarstarfi er lýtur að uppeldi og kennslu leikskólabarna og sinnir ráðgjöf á því sviði.

Grunnskóladeild.

Deildin fjallar um málefni grunnskóla. Hún vinnur að þróun skólustarfs og hefur með höndum námsstjórn, námskrágerð, ráðgjöf og eftirlit.

Framhaldsskóladeild.

Deildin fjallar um málefni framhaldsskóla, þ.á m. iðnfræðslumál. Hún vinnur að þróun skólustarfs og starfsþjálfunar, m.a. í samvinnu við aðila atvinnulífsins. Deildin gefur út námskrá fyrir framhaldsskóla, hefur umsjón og eftirlit með starfi þeirra og gerir tillögur um verkaskiptingu milli skóla um námsframboð.

Sérkennsludeild.

Deildin fjallar um mál er tengjast nemendum sem þarfnast sérkennslu á leikskóla-, og grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Hún sinnir einnig þróunarverkefnum sem miða m.a. að því að gera fötludum kleift að stunda nám í almennum skólum.

FJÁRMÁLASKRIFSTOFA.

Skrifstofan fjallar um fjármál sem undir ráðuneytið heyrir. Á verksviði hennar er meðal annars áætlanagerð vegna rekstrar og stofnkostnaðar með tilliti til fjárlaga, greiðslu- og framkvæmdáætlanir og samningagerð ýmiss konar. Einnig annast hún ráðgjöf og eftirlit með rekstri stofnana og hefur umsjón með greiðslum og framkvæmdum á vegum ráðuneytisins.

Fjárhagsdeild.

Deildin hefur umsjón með undirbúningi fjárlaga af hálfu ráðuneytisins og annast fjárhagslegar úttektir og áætlanir. Hún fjallar um framkvæmd fjárlaga og gerð greiðsluáætlana og hefur á hendi fjárhagslegt eftirlit með stofnunum á stjórnisýslusviði ráðuneytisins og rekstri þeirra.

Byggingadeild.

Deildin hefur umsjón með byggingum á vegum ráðuneytisins og metur viðhaldspörf þeirra. Einnig metur hún af hálfu ráðuneytisins húsnæðisþörf skóla og annarra stofnana, sér um gerð áætlana og viðmiðunarreglna og annast samninga varðandi framkvæmdir.

Greiðsludeild.

Deildin sér um og hefur eftirlit með greiðslum til einstaklinga, samtaka og stofnana, m.a. vegna kostnaðarhlutadeildar í rekstrar- og stofnkostnaði, og veitir upplýsingar um stöðu fjárveitinga. Hún hefur einnig umsjón með ýmsum sjóðum sem undir ráðuneytið heyrir.

Starfsmannadeild.

Deildin fer með starfsmannamál stofnana, að því leyti sem þau koma til kasta ráðuneytisins. Hún hefur eftirlit með að starfsmannafjöldi og vinnumagn sé í samræmi við heimildir. Einnig hefur deildin umsjón með réttinda- og kjaramálum starfsmanna, eftir því sem við á.

ALMENN SKRIFSTOFA.

Skrifstofan fjallar um rekstur ráðuneytisins, starfsmannamál þess og sameiginlega þjónustu. Einnig annast hún umsjón gagnavinnslu og almenna upplýsingamiðlun.

Skjala- og bókasafn.

Deildin sér um skráningu og varðveislu skjala og annarra gagna, ennfremur um bókasafn ráðuneytisins.

Þjónustudeild.

Deildin hefur umsjón og eftirlit með rekstri ráðuneytisins, afgreiðslu og ýmiss konar sameiginlegri þjónustu.

Önnur atriði.

Ráðuneytið er ein heild. Hver skrifstofa hefur forræði á sínum málaflokkum eftir því sem efni standa til, en ráðuneytisstjóri annast samræmingu á starfsemi skrifstofanna og hefur yfirumsjón með þeim.

Skrifstofustjórar sjá um að vinnsla og undirbúningur verkefna og forvinna fyrir ákvarðanir sé fullnægjandi. Þeir sjá og um að koma upplýsingum til ráðherra og ráðuneytisstjóra. Gert er ráð fyrir nánu samráði milli skrifstofustjóra og deildarstjóra innan hverskrifstofu.

Alþjóðleg samskipti í skóla- og menningarmálum eru í höndum einstakra skrifstofa eftir eðli máls hverju sinni undir umsjón ráðuneytisstjóra.

Felld er úr gildi auglýsing nr. 516 frá 28. desember 1984, um skipulag menntamálaráðuneytisins, með áorðnum breytingum.

Menntamálaráðuneytið, 7. maí 1990.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ**um Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands.**

1. gr.

Við Háskóla Íslands starfar Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands. Stofnunin er vísindaleg rannsókn- og fræðslustofnun og heyrir undir háskólaráð.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er að vera vettvangur rannsókna og fræðslu um alþjóðamál.

3. gr.

Hlutverki sínu gegnir stofnunin einkum með því að:

- a) gera rannsóknáætlanir á sviði alþjóðamála og standa að framkvæmd þeirra,
- b) veita starfsmönnum stofnunarinnar og öðrum aðstöðu til rannsókna,
- c) gangast fyrir ráðstefnum, umræðufundum, námskeiðum og fyrirlestrum um efni sem starfssvið stofnunarinnar varðar,
- d) vinna að útgáfu rita um alþjóðamál,
- e) hafa samvinnu við erlendar rannsóknastofnanir.

4. gr.

Háskólaráð skipar fimm menn í stjórn stofnunarinnar til þriggja ára í senn. Tveir skulu skipaðir af háskólaráði án tilnefningar. Félagsvísindadeild, lagadeild og viðskipta- og hagfræðideild tilnefna einn stjórnarmann hver. Stjórnin ræður forstöðumann og annað starfslíð. Forstöðumaður skal hafa sérmenntun á fræðisviði stofnunarinnar.

5. gr.

Forstöðumaður stofnunarinnar hefur umsjón með daglegum rekstri hennar. Jafnframt annast hann áætlanagerð og samræmir fjáröflunarleiðir. Forstöðumaður er í starfi sínu ábyrgur gagnvart stjórn. Hann situr stjórnarfundi og hefur þar tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.

6. gr.

Stjórnin kýs úr sínum hópi formann og varaformann. Formaður boðar stjórnarfundi. Stjórnin ákveður m.a. rannsóknarstefnu stofnunarinnar, hefur eftirlit með starfsemi hennar og veitir fé til einstakra rannsóknaverkefna.

7. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru:

- a) fjárveitingar á fjárlögum,
- b) styrkir til einstakra verkefna,
- c) greiðslur fyrir verkefni,
- d) gjafir,
- e) annað.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárlagatillögur stofnunarinnar skulu vera hluti af fjárlagatillögum háskólans.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett sbr. heimild í 9. gr. laga nr. 77/1979 um Háskóla Íslands, sbr. háskólareglugerð nr. 78/1979, 66. gr., og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 4. maí 1990.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um greiðslu uppbótar á atvinnuleysisbætur.

1. gr.

Á árunum 1990 og 1991 skal Atvinnuleysistryggingasjóður greiða uppbót á atvinnuleysisbætur samkvæmt því sem segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Uppbótin reiknast þannig að fundið er meðaltal dagpeninga á mánuði á tímabilunum 1. febrúar til 30. apríl 1990, 1. september til 30. nóvember 1990 og 1. febrúar til 30. apríl 1991. Barnadagpeningar reiknast ekki með. Sú upphæð, sem þannig fæst er dregin frá kr. 60 000 miðað við fullar bætur allan viðmiðunartímann. Viðmiðunarypphæðin lækkar í hlutfalli við

bótahlutfall og fjölda bótadaga á tímabilinu. Uppbótin verður helmingur þannig fenginnar niðurstöðu.

Uppbót greiðist aðeins þeim, sem við lok viðmiðunartímabils hafa notið bóta í 87 bótadaga eða lengur á síðustu 12 mánuðum.

3. gr.

Atvinnuleysistryggingasjóður leggur úthlutnarnefndum atvinnuleysisbóta til skrá um uppbót fyrir hvern bótadag samkvæmt reglugerð þessari.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 7, 1990 til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. maí 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um toglyftur.

1. gr.

Skilgreiningar

- 1.1 Toglyfta er vélbúnaður sem gerður er til að draga fólk á skíðum upp brekku, með togbúnaði sem festur er við stálvír. Vírinn er samfelldur og gengur um hjól á drifstöð og endastöð. Á milli stöðvanna er vírinn borinn uppi af möstrum.
- 1.2 Lyftuvír er stálvír sem togbúnaður er festur á og dregur skíðamenn upp brekku.
- 1.3 Lyftubraut er sú braut sem skíðamenn eru dregnir upp eftir.
- 1.4 Togbúnaður er búnaður sem festur er við lyftuvírinn og dregur skíðamenn upp lyftubrautina.
- 1.5 Öryggisstuðull er tölugildi sem deilt er í brotþol t.d. stálvírs og þar með fundið leyfilegt hámarksálág á hann.

2. gr.

Gildissvið.

- 2.1 Reglugerð þessi gildir um gerð, búnað, rekstur og viðhald á toglyftum og eftirlit með þeim.

3. gr.

Rekstrarleyfi.

- 3.1 Óheimilt er að reisa eða reka toglyftu nema að fengnu leyfi Vinnueftirlits ríkisins. Umsókn skulu fylgja fullnægjandi gögn um hönnun, gerð, búnað, staðsetningu, uppsetningu og tilhögun rekstrar lyftunnar.
- 3.2 Verði breyting á hönnun eða áætlanum skal það tilkynnt Vinnueftirlitinu.

4. gr.

Almenn ákvæði.

- 4.1 Sá sem hefur með höndum rekstur toglyftu er ábyrgur fyrir því að búnaður hennar og rekstur sé í samræmi við gildandi lög og reglur. Hann skal hafa tryggingu sem bætir tjón sem hann kann að verða ábyrgur fyrir.

- 4.2 Sá sem selur eða afhendir toglyftu skal láta fylgja henni fullnægjandi leiðbeiningar á íslensku. Einnig skal hann láta fylgja henni þau sérverkfæri sem nauðsynleg eru vegna stillingar og viðhalds.
- 4.3 Merki með nafni framleiðanda, gerð lyftunnar, árgerð og framleiðslunúmeri skal vera á henni.

5. gr.

Hönnun og staðsetning.

- 5.1 Hönnun, smíði og uppsetning toglyftu skal vera samkvæmt viðurkenndum stöðlum og reglum. Sérstakt tillit skal tekið til vindálags.
- 5.2 Toglyfta og vélbúnaður hennar skal þannig gerður og uppsettur að í rekstri sé fyllsta öryggi tryggt við allar aðstæður. Farþegar skulu geta farið í lyftuna og úr henni á öruggan hátt.
- 5.3 Hæð mastra og staðsetning þeirra skal vera þannig að lyftuvír á uppleið fylgi landslagi eins og kostur er.
- 5.4 Toglyftu skal staðsetja þannig að eins mikill hluti hennar og mögulegt er sjáist frá stjórnstað.
- 5.5 Lyftubrautin skal vera þannig lögð að hægt sé að beita vélum til að jafna hana.
- 5.6 Hæð mastra skal vera það mikil að farþegum stafi ekki hætta af togbúnaði, hjólasamstæðum eða öðrum búnaði lyftunnar.
- 5.7 Toglyftu má ekki staðsetja þar sem hætta er á snjóflóðum, eða þar sem hætta getur stafað af giljum, klettum eða mannvirkjum. Um staðsetningu toglyftu í nágrenni við háspennuvirki skal farið eftir reglum Rafmagnseftirlits ríkisins.

6. gr.

Fjarlægðir og girðingar.

- 6.1 Fjarlægð á milli lyftuvírs á upp- og niðurleið skal vera það mikil að ekki sé hætta á að togbúnaður á leið upp geti snert togbúnað á leið niður en þó ekki minni en 1,5 m.
- 6.2 Samandreginn togbúnaður skal geta farið framhjá möstrum án þess að snerta þau, þó hann sveiflist til hliðar.
- 6.3 Fjarlægð fastra hluta frá lyftubraut skal vera það mikil að farþegum stafi ekki hætta af.
- 6.4 Hæð samandregins togbúnaðar yfir lyftubraut skal vera það mikil að farþegum stafi ekki hætta af honum.
- 6.5 Þar sem toglyftur eru samsíða skal minnsta fjarlægð á milli lyftuvíra á uppleið vera 3 m. Séu lyftuvírar á niðurleið samsíða skal minnsta fjarlægð á milli þeirra vera 2 m.
- 6.6 Endastöðvar skulu vera afgirtar ef farþegum eða starfsfólki getur stafað hætta af þeim eða togbúnaði sem fer um þær.
- 6.7 Setja skal upp girðingar að því marki sem nauðsynlegt er til að stjórna umferð skíðamanna í toglyftuna og úr henni.

7. gr.

Lyftubraut.

- 7.1 Lyftubrautin skal vera þannig að farþegar geti farið upp hana á öruggan hátt.
- 7.2 Lyftubrautin skal vera með sem jöfnustum halla.
- 7.3 Halli lyftubrautar má hvergi vera meiri en 40°. Samfelldur kafli með meira en 35° halla skal ekki vera lengri en sem svarar bili á milli farþega á leið upp. Lyftubrautin má ekki halla niður meira en 6° í togstefnu.

- 7.4 Þar sem lyftubrautin er með mismunandi halla skal vera aðdragandi að hallabreytingu.
- 7.5 Hliðarhalli lyftubrautar skal ekki vera meiri en 5°.
- 7.6 Breidd lyftubrautar skal minnst vera 2 m sé togbúnaður gerður fyrir tvo farþega, en 1,5 m sé hann fyrir einn farþega.
- 7.7 Liggi lyftubraut þar sem mjög bratt er til hliðar skal gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja öryggi farþega.
- 7.8 Sé hætta á að farþegar renni niður, falli þeir úr lyftunni, skal fjarlægja steina og aðra hluti sem skapað geta hættu, eða koma fyrir höggvörn.
- 7.9 Liggi umferðarleið skíðamanna þvert á lyftubraut skal komið fyrir merkjum sem vara bæði skíðamenn og farþega í lyftu við hættu.

8. gr.

Þar sem farið er í lyftu og úr.

- 8.1 Staðir þar sem farið er í lyftuna og úr henni, ásamt brautum sem liggja að og frá, skulu vera þannig gerðir að ekki stafi hættu af fyrir farþega. Þessir staðir skulu vera greinilega merktir.
- 8.2 Þar sem farið er í lyftuna skal brautin vera því sem næst lárétt og samsíða lyftuvírnum. Þessi kafli brautarinnar skal vera það langur að farþegar komist í lyftuna á öruggan hátt. Eftir lárétta kaflann skal taka við jafn halli, en fyrstu 30 m skulu ekki halla meira en 12° að meðaltali.
- 8.3 Við skipulag þess svæðis þar sem farið er í lyftuna skal gera ráð fyrir að hægt sé að ryðja snjó með vélum.
- 8.4 Séu þeir staðir þar sem farið er í lyftuna eða úr henni það mikið hærri en umhverfið að hætta stafi af, skal setja upp handrið eða annan öryggisbúnað.
- 8.5 Svæðið þar sem farið er úr lyftunni skal vera því sem næst lárétt eða halla í togstefnu. Lengd þess skal minnst vera í metrum 3 x keyrsluhraði lyftunnar í m/s.

9. gr.

Togbúnaður.

- 9.1 Togbúnaður skal vera þannig gerður að ekki sé hætta á að hann festist í fatnaði eða öðrum búnaði farþega og þeir geti í öllum tilvikum losað sig frá honum á auðveldan hátt.
- 9.2 Togbúnaður lyftu sem er með meiri keyrsluhraða en 2 m/s skal vera með höggdeyfi.
- 9.3 Fastur togbúnaður skal fluttur til á lyftuvírnum eftir fyrirmælum framleiðanda. Hann skal vera tölusetur.

10. gr.

Hraði.

- 10.1 Hraði lyftuvírsins og tími á milli þess sem skíðamenn fara í lyftuna skal vera í samræmi við gerð togbúnaðar og brautir þar sem farið er í lyftuna og úr henni.
- 10.2 Vegna eftirlits með lyftuvír skal vera mögulegt að minnka hraða hans niður í 0,6 m/s.

11. gr.

Vírar.

- 11.1 Gerð víra og prófun þeirra skal vera í samræmi við viðurkennda staðla og reglur.
- 11.2 Lyftuvír skal hafa öryggisstuðul minnst 4 og strekkivírar 5,5 miðað við mesta stöðuálag sem þeir geta orðið fyrir.
- 11.3 Lyftuvír skal settur saman á viðurkenndan hátt. Samsetningu mega þeir einir annast sem hlotið hafa viðurkenningu Vinnueftirlitsins til þess.

12. gr.

Hjólasamstæður.

- 12.1 Á öllum hjólasamstæðum skal vera öryggi sem hindrar að lyftuvírinn geti farið inn fyrir hjólin.
- 12.2 Á öllum hjólasamstæðum skal vera búnaður til að grípa vírinn, fari hann út af hjólunum. Klemmur togbúnaðar skulu geta runnið framhjá gripbúnaðinum.
- 12.3 Við toglyftu skal vera búnaður til að koma lyftuvírnum inn á hjólasamstæður á öruggan hátt.
- 12.4 Allar hjólasamstæður og stýrihjól við endastöðvar skulu vera með búnaði sem stöðvar lyftuna fari vírinn út af þeim.

13. gr.

Vélbúnaður.

- 13.1 Sé brunahreyfill notaður til að knýja toglyftu skal hann búinn hljóðdeyfi. Tryggt skal að útblástur hans valdi ekki stjórnendum eða farþegum heilsutjóni eða óþægindum.
- 13.2 Vélbúnaður og það sem honum tilheyrir svo sem hreyflar, hemlar og girkassar skulu varðir vedri og vindum og aðgangi óviðkomandi.
- 13.3 Frágangur vélbúnaðar, stiga og palla skal vera í samræmi við reglur um öryggisbúnað véla nr. 492/1987.

14. gr.

Strekkibúnaður.

- 14.1 Lyftuvír skal haldið hæfilega strekktum með andvægi eða vökvabúnaði.
- 14.2 Andvægi skal vera í lokuðu rými, eða afgirt þannig að hreyfingar þess geti ekki skapað slysa hættu.
- 14.3 Stýringum andvægis skal þannig komið fyrir að unnt sé að skoða víra, hjól og festingar. Stillibúnaður andvægis skal vera læsanlegur.
- 14.4 Sé lyftuvírinn strekktur með vökvastrokkum skal sjálfvirkur búnaður tryggja að strekking sé ávallt hæfileg.

15. gr.

Möstur.

- 15.1 Unnt skal vera að komast að vírahjólum í möstrum og endastöðvum á auðveldan og öruggan hátt til viðhalds og viðgerða.
- 15.2 Á möstrum, endastöðvum og strekkibúnaði skulu vera stigar og pallar. Við vinnu í yfir 4 m hæð skal ávallt nota öryggisbelti af viðurkenndri gerð.
- 15.3 Liggja skíðabraut það nærri mastri toglyftu að hætta geti stafað af skal komið fyrir höggvörn á mastrinu.

16. gr.

Öryggisbúnaður.

- 16.1 Endastöðvunarrofa skal komið fyrir við efri endastöð. Rofinn getur verið snúra eða slá sem liggur þvert á lyftubrautina. Hann skal vera í það mikilli fjarlægð frá endastöð að lyftan stöðvist áður en farþegi sem getur ekki losað sig frá togbúnaði er kominn að hindrun. Rofinn skal þó ekki vera nær endastöð en 5 m.
- 16.2 Endastöðvunarrofi skal vera nægilega langur og þannig staðsettur að ekki sé hætta á að skíðamaður fari framhjá honum. Hann skal vera í hæfilegri hæð yfir snjó.

- 16.3 Rafbúnaður fyrir víraöryggi, sbr. gr. 12.3, skal þannig gerður að útleiðsla geti ekki haft það í för með sér að lyftan gangi áfram, eða hægt sé að gangsetja hana, hafi víraöryggi rofið straumrásina.
- 16.4 Neyðarstöðvunarrofar skulu vera þar sem farið er í lyftuna og úr henni. Þeir skulu vera greinilega merktir og auðvelt að komast að þeim.
- 16.5 Gangsetningarrofar skulu vera þannig staðsettir að engin hætta sé á að lyftan verði gangsett í ógáti. Rofabúnaður skal vera þannig að aðalhreyfill fari ekki í gang sjálfkrafa eftir straumrof.
- 16.6 Allur öryggisbúnaður skal vera traustur og öruggur í rekstri. Rofar skulu vera af viðurkenndri gerð og þola þá veðráttu sem þeir eru notaðir í.
- 16.7 Allur rafbúnaður skal vera af viðurkenndri gerð og í samræmi við reglugerðir um raforkuvirki.

17. gr.

Stjórnstaðir.

- 17.1 Toglyftu má eingöngu vera unnt að gangsetja frá þeim stað þar sem farið er í hana og frá stjórnstöð.
- 17.2 Frá stjórnstöð skal vera gott útsýni yfir þann stað þar sem farið er í lyftuna og eins mikinn hluta hennar og mögulegt er. Í stjórnstöð skal vera upphitun.
- 17.3 Gangsetningarbúnaði utan stjórnstöðvar skal vera unnt að læsa.

18. gr.

Merki.

- 18.1 Við toglyftu skulu vera áberandi merki úr varanlegu efni með nauðsynlegum leiðbeiningum og fyrirmælum til þeirra sem nota lyftuna.
- 18.2 Merki mega ekki vera með skörpum brúnum eða hvössum hornum.

19. gr.

Starfsmannaaðstaða.

- 19.1 Starfsmenn við toglyftu skulu hafa aðgang að fullnægjandi starfsmannaaðstöðu, sbr. reglur nr. 493/1987 um húsnæði vinnustaða og reglugerð nr. 84/1982 um starfsmannabústaði og starfsmannabúðir.

20. gr.

Rekstrarstjóri og starfsfólk.

- 20.1 Sá sem hefur með höndum rekstur toglyftu skal tilnefna rekstrarstjóra sem hefur yfirumsjón með rekstri og viðhaldi lyftunnar svo og staðgengil hans. Tilnefningar skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins.
- 20.2 Rekstrarstjóri og staðgengill hans skulu hafa nægilega þekkingu og reynslu til að stjórna rekstrinum á öruggan hátt. Þeir skulu kunna góð skil á búnaði lyftunnar, rekstrar- og viðhaldsleiðbeiningum framleiðanda ásamt ákvæðum laga og reglna sem varða störf þeirra.
- 20.3 Þegar toglyfta er í notkun skal hún vera undir stöðugri gæslu. Gæslumaður skal vera við þann stað þar sem farið er í lyftuna. Hann skal vera orðinn 18 ára.

21. gr.

Rekstur og eftirlit.

- 21.1 Sá sem hefur með höndum rekstur toglyftu skal gera rekstrar- og viðhaldsáætlun sem lögð skal fyrir Vinnueftirlit ríkisins til samþykktar. Áætlunin skal m.a. fjalla um:
- daglegt eftirlit,
 - vikulegt eftirlit og/eða mánaðarlegt eftirlit,
 - árlegt eftirlit,
 - eftirlit fimmta hvert ár,
 - eftirlit með vírum.
- 21.2 Verulegar breytingar eða viðgerðir á búnaði lyftunnar eru háðar samþykki Vinnueftirlitsins áður en framkvæmdir hefjast. Sérstök skoðun skal fara fram eftir slíkar breytingar.
- 21.3 Á hverjum degi, áður en lyftan er opnuð almenningi, skal ganga úr skugga um að hún sé í öruggu rekstrarástandi.
- 21.4 Áður en gæslumaður yfirgefur stjórnstöð skal vera slökkt á lyftunni og tryggt að utanaðkomandi geti ekki gangsett hana.
- 21.5 Rekstur skal stöðva sé rekstraröryggi ekki tryggt vegna veðurs, bilana eða annarra orsaka. Ennfremur þegar dimma tekur nema fullnægjandi lýsing sé við lyftuna.
- 21.6 Þegar viðgerð fer fram á lyftunni skal gangsetningarbúnaður vera tryggilega læstur, ef gangsetning getur haft í för með sér hættu.
- 21.7 Þegar ætla má að lyftan hafi laskast eða vírar skemmst skal skoða hana vandlega. Rekstur má ekki hefja aftur fyrr en rekstrarstjóri hefur fullvissað sig um að öryggi sé tryggt.
- 21.8 Færanleg talstöð skal vera til staðar til notkunar við eftirlit og viðhald.

22. gr.

Dagbækur.

- 22.1 Færa skal rekstrardagbók þar sem skráð er:
- tímasetning keyrslu og fjöldi keyrslutíma,
 - nöfn gæslumanna,
 - veðurfar,
 - staðfesting á því að daglegt eftirlit og reynslukeyrsla hafi farið fram,
 - óhöpp eða óvenjuleg atvik við rekstur lyftunnar eða daglegt eftirlit, þar með taldar rekstrarstöðvanir, orsakir þeirra og tímalengd.
- Færslur í dagbók skal staðfesta með undirskrift.
- 22.2 Rekstrarstjóri skal færa dagbók yfir viðhald og eftirlit þar sem fram kemur hvaða búnaður hefur verið athugaður og ástand hans, svo og viðgerðir sem framkvæmdar eru. Færsla á togbúnaði skal færð í viðhaldsdagbók. Færslur skal staðfesta með undirskrift.
- 22.3 Færa skal dagbók fyrir lyftuvír og strekkivír og eftirlit með þeim. Þar skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:
- hvenær vír er tekinn í notkun,
 - viðgerð og stytting á lyftuvír og nafn þess sem verkið vann,
 - sjónskoðun og atriði sem koma fram við hana,
 - annað eftirlit.
- Auk þess skulu fylgja dagbók upplýsingar um þann staðal sem vírinn er framleiddur eftir og afrit af víraskírteini.

23 gr.

Fyrsta skoðun.

- 23.1 Áður en ný toglyfta er tekin í notkun, eða eftir að verulegar breytingar hafa verið gerðar á henni, skal fara fram fyrsta skoðun sem Vinnueftirlit ríkisins framkvæmir.
- 23.2 Þegar skoðun fer fram á eftirfarandi að liggja fyrir:
- leiðréttar teikningar hafi breytingar verið gerðar frá hönnun,
 - niðurstöður mælinga á legu lyftuvírs,
 - staðfesting viðurkennds aðila á því að undirstöður mastra og stöðva séu í samræmi við samþykktar teikningar,
 - staðfesting löggilts aðila á því að rafbúnaður sé í samræmi við gildandi reglur um raforkuvirki.

24. gr.

Árlegt eftirlit.

- 24.1 Svo lengi sem toglyfta er í rekstri skal hún skoðuð árlega af Vinnueftirliti ríkisins. Kostnað vegna eftirlits skal eigandi greiða samkvæmt gjaldskrá.
- 24.2 Komi í ljós að toglyfta eða búnaður hennar brjóti í bága við reglugerð þessa er Vinnueftirlit ríkisins heimilt að afturkalla rekstrarleyfi hennar.
- 24.3 Ákvörðun eftirlitsmanna og forstjóra Vinnueftirlits ríkisins má vísa til stjórnar Vinnueftirlitsins innan fjögurra vikna frá því hún var birt sbr. 98. gr laga nr. 46/1980. Ákvörðun stjórnar má á sama hátt áfrýja til ráðherra.

25. gr

Slys og slysatilkynningar.

- 25.1 Við toglyftu skal vera búnaður til að veita skyndihjálp, beri slys að höndum.
- 25.2 Verði slys við toglyftu sem ætla má að leiði til líkamstjóns eða umtalsverðs skaða skal það tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins. Vinnuslys skal tilkynna í samræmi við reglur þar að lútandi.

26. gr.

Viðurlög.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

27. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og öðlast gildi 1. júní 1990.

Bráðabirgðaákvæði.

- Ákvæði í gr. 15.3 um stiga og palla gilda ekki um þær lyftur sem teknar hafa verið í notkun fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, nema endastöðvar og möstur ásamt undirstöðum þeirra séu hönnuð fyrir það aukna álag sem ákvæðinu fylgir.
- Fyrir þær toglyftur, sem teknar hafa verið í notkun, fyrir gildistöku reglugerðar þessarar skal sótt um rekstrarleyfi sbr. gr. 3, fyrir 1. september 1990.

Félagsmálaráðuneytið, 9. maí, 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Óskar Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um stólalyftur.

1. gr.

Skilgreining og gildissvið.

- 1.1 Stólalyfta er vélbúnaður sem gerður er til að flytja fólk í stólum sem festir eru við stálvír og bornir uppi af honum. Vírinn er samfelldur og gengur um hjól á drifstöð og endastöð. Á milli stöðvanna er vírinn borinn uppi af möstrum.
- 1.2 Reglugerð þessi gildir um gerð, búnað, rekstur og viðhald á stólalyftum og eftirlit með þeim.

2. gr.

Rekstrarleyfi.

- 2.1 Óheimilt er að reisa eða reka stólalyftu nema að fengnu leyfi Vinnueftirlits ríkisins. Umsókn skulu fylgja fullnægjandi gögn um hönnun, gerð, búnað, staðsetningu, uppsetningu og tilhögun rekstrar lyftunnar.
- 2.2 Verði breyting á hönnun eða áætlunum skal það tilkynnt Vinnueftirlitinu.

3. gr.

Almenn ákvæði.

- 3.1 Sá sem hefur með höndum rekstur stólalyftu er ábyrgur fyrir því að búnaður hennar og rekstur sé í samræmi við gildandi lög og reglur. Hann skal hafa tryggingu sem bætir tjón sem hann kann að verða ábyrgur fyrir.
- 3.2 Sá sem selur eða afhendir stólalyftu skal láta fylgja henni fullnægjandi leiðbeiningar á íslensku. Einnig skal hann láta fylgja henni þau sérverkfæri sem nauðsynleg eru vegna stillingar og viðhalds.
- 3.3 Merki með nafni framleiðanda, gerð, árgerð og framleiðslunúmeri lyftunnar skal vera á henni.

4. gr.

Hönnun og staðsetning.

- 4.1 Hönnun, smíði og uppsetning stólalyftu skal vera samkvæmt viðurkenndum stöðlum og reglum. Sérstakt tillit skal tekið til vindálags og jarðskjálftahættu.
- 4.2 Stólalyfta og vélbúnaður hennar skal þannig gerður og uppsettur að í rekstri sé fyllsta öryggi tryggt við allar aðstæður. Farþegar skulu geta farið í lyftuna og úr henni á öruggan hátt.
- 4.3 Stólalyftu má ekki staðsetja þar sem hættu er á snjóflóðum, eða þar sem hættu getur stafað af giljum, klettum eða mannvirkjum. Um staðsetningu stólalyftu í nágrenni við háspennuvirki skal farið eftir reglum Rafmagnseftirlits ríkisins.

5. gr.

Fjarlægðir, girðingar og höggvörn.

- 5.1 Fjarlægð stóla frá endastöðvum, möstrum, girðingum og öðrum föstum hlutum skal vera það mikil að stólar eða farþegar geti ekki snert þá þegar lyftan er í notkun. Við mat á fjarlægð skal gera ráð fyrir sveiflu stóls.
- 5.2 Svæði þar sem farið er í stólana og úr þeim og þar sem þeir fara um í minni hæð en 2,2 m skulu vera afgirt.
- 5.3 Setja skal upp girðingar að því marki sem nauðsynlegt er til að stjórna umferð skíðamanna í stólalyftuna og úr henni.

6. gr.

Vírar.

- 6.1 Gerð og prófun þeirra skal vera í samræmi við viðurkennda staðla og reglur.
- 6.2 Lyftuvír skal hafa öryggisstuðul minnst 5 og strekkivírar 5,5 miðað við mesta stöðuálag sem þeir geta orðið fyrir.
- 6.3 Lyftuvír skal settur saman á viðurkenndan hátt. Samsetningu mega þeir einir annast sem hlotið hafa viðurkenningu Vinnueftirlitsins til þess.

7. gr.

Hjólasamstæður.

- 7.1 Á öllum hjólasamstæðum skal vera öryggi sem hindrar að lyftuvírinn geti farið inn fyrir hjólin.
- 7.2 Á öllum hjólasamstæðum skal vera búnaður til að grípa vírinn, fari hann út af hjólunum. Stóklaklemmur skulu geta runnið framhjá gripbúnaðinum.
- 7.3 Allar hjólasamstæður og stýrihjól við endastöðvar skulu vera með búnaði sem stöðvar lyftuna, fari vírinn út af þeim.

8. gr.

Vélbúnaður.

- 8.1 Stólalyfta skal búin hjálparhreyfli, auk aðalhreyfils. Sé aðalhreyfill rafknúinn skal hjálparhreyfill vera eldsneytisknúinn. Með hreyflunum skal vera unnt að keyra lyftuna í hvora áttina sem er. Með hjálparhreyfli skal vera unnt að draga alla stóla til endastöðvar á innan við 1 klst, en hraði lyftunnar má þó ekki vera meiri en 1 m/s.
- 8.2 Brunahreyfill skal búinn hljóðdeyfi. Tryggt skal að útblástur hans valdi ekki stjórnendum eða farþegum heilsutjóni eða óþægindum.
- 8.3 Vélbúnaður og það sem honum tilheyrir, svo sem hreyflar, hemlar og girnkassar, skal varið aðgangi óviðkomandi. Búnaðurinn skal varinn veðri og vindum og við hann skal vera fullnægjandi lýsing.
- 8.4 Frágangur vélbúnaðar, stiga og palla skal vera í samræmi við reglur um öryggisbúnað véla, nr.492/1987.
- 8.5 Við vélbúnað skal vera til staðar handhægur og viðeigandi slökkvibúnaður.

9. gr.

Strekkibúnaður.

- 9.1 Lyftuvír skal haldið hæfilega strekktum með andvægi eða vökvabúnaði.
- 9.2 Andvægi skal vera í lokuðu rými, eða afgirt þannig að hreyfingar þess geti ekki skapað slysa hættu.
- 9.3 Stýringum andvægis skal þannig komið fyrir að unnt sé að skoða víra, hjól og festingar. Stillibúnaður andvægis skal vera læsanlegur.
- 9.4 Sé lyftuvírinn strekktur með vökvastrokkum skal sjálfvirkur búnaður tryggja að strekking sé ávallt hæfileg.

10. gr.

Möstrur.

- 10.1 Unnt skal vera að komast að vírahjólum í möstrum og endastöðvum á auðveldan og öruggan hátt til viðhalds og viðgerða.
- 10.2 Á möstrum skulu vera festingar fyrir búnað til að koma lyftuvírnum inn á hjólasamstæður, fari hann út af þeim.
- 10.3 Á möstrum, endastöðvum og strekkibúnaði skulu vera stigar og pallar. Við vinnu í yfir 4 m hæð skal ávallt nota öryggisbelti af viðurkenndri gerð.
- 10.4 Liggi skíðabraut það nærri mastri stólalyftu að hætta geti stafað af, skal komið fyrir höggvörn á mastrinu.

11. gr.

Öryggisbúnaður.

- 11.1 Á milli endastöðva skal vera fjarskiptasamband. Sími tengdur almenna símakerfinu skal vera í eða við a. m. k. aðra endastöðina. Færanleg talstöð skal vera til staðar til notkunar við eftirlit, viðhald og björgunaraðgerðir.
- 11.2 Neyðarstöðvunarrofar skulu vera þar sem farið er í lyftuna og úr henni. Þeir skulu vera greinilega merktir og auðvelt að komast að þeim.
- 11.3 Við stjórnstöð stólalyftu skal vera búnaður sem gerir stjórnanda kleift að koma upplýsingum til starfsfólks og farþega þegar þörf krefur.
- 11.4 Við stólalyftu skal vera tiltækur vindhraðamælir.

12. gr.

Rafbúnaður.

- 12.1 Allur rafbúnaður skal vera af viðurkenndri gerð og í samræmi við reglugerðir um raforkuvirki.
- 12.2 Rafbúnaður fyrir víraöryggi, sbr. gr. 6.3, skal þannig gerður að útleiðsla geti ekki haft það í för með sér að lyftan gangi áfram, eða hægt sé að gangsetja hana, hafi víraöryggi rofið straumrásina.
- 12.3 Gangsetningarrofar skulu vera þannig staðsettir að engin hætta sé á að lyftan verði gangsett í ógáti. Rofabúnaður skal vera þannig að aðalhreyfill fari ekki í gang sjálfkrafa eftir straumrof.
- 12.4 Unnt skal vera að gangsetja aðalhreyfil til að ná farþegum úr lyftunni, þó öryggisstraumurás sé rofin. Ekki er öðrum en rekstrarstjóra eða staðgengli hans heimilt að sjá um þá aðgerð. Hraði lyftunnar má í því tilviki ekki vera meiri en 1 m/s.
- 12.5 Stöðvunarrofar skulu vera í stjórnstöð, þar sem farið er í lyftuna og úr henni.

13. gr.

Stjórnstaðir.

- 13.1 Stólalyftu má eingöngu vera unnt að gangsetja frá þeim stað þar sem farið er í hana og frá stjórnstöð.
- 13.2 Frá stjórnstöð og endastöð skal vera gott útsýni yfir þá staði þar sem farið er í og úr lyftunni og eins mikinn hluta hennar og mögulegt er. Í stjórnstöð og endastöð skal vera upphitun.
- 13.3 Gangsetningarbúnaði utan stjórnstöðvar skal vera unnt að læsa.

14. gr.

Merki.

- 14.1 Við stólalyftu skulu vera áberandi merki úr varanlegu efni með nauðsynlegum leiðbeiningum og fyrirmælum til þeirra sem nota lyftuna.
- 14.2 Merki mega ekki vera með skörpum brúnum eða hvössum hornum.

15. gr.

Starfsmannaaðstaða.

- 15.1 Starfsmenn við stólalyftu skulu hafa aðgang að fullnægjandi starfsmannaaðstöðu, sbr. reglur nr. 493/1987 um húsnæði vinnustaða og reglugerð nr. 84/1982 um starfsmannabústaði og starfsmannabúðir.

16. gr.

Rekstrarstjóri og starfsfólk.

- 16.1 Sá sem hefur með höndum rekstur stólalyftu skal tilnefna rekstrarstjóra sem hefur yfirumsjón með rekstri og viðhaldi lyftunnar svo og staðgengil hans. Tilnefningar þessar skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins.
- 16.2 Rekstrarstjóri og staðgengill hans skulu hafa nægilega þekkingu og reynslu til að stjórna rekstrinum á öruggan hátt. Þeir skulu kunna góð skil á búnaði lyftunnar, rekstrar- og viðhaldsleiðbeiningum framleiðanda og ákvæðum laga og reglna sem varða störf þeirra.
- 16.3 Þegar stólalyfta er í notkun skal hún vera undir stöðugri gæslu. Gæslumenn skulu vera við þá staði þar sem farið er í lyftuna og úr henni. Þeir skulu vera orðnir 18 ára.

17. gr.

Rekstur og eftirlit.

- 17.1 Sá sem hefur með höndum rekstur stólalyftu skal gera rekstrar- og viðhaldsáætlun sem lögd skal fyrir Vinnueftirliti ríkisins til samþykktar. Áætlunin skal m.a. fjalla um:
- daglegt eftirlit,
 - vikulegt og/eða mánaðarlegt eftirlit,
 - árlegt eftirlit,
 - eftirlit fimmta hvert ár,
 - eftirlit með vírum.
- 17.2 Verulegar breytingar eða viðgerðir á búnaði lyftunnar eru háðar samþykki Vinnueftirlitsins áður en framkvæmdir hefjast. Sérstök skoðun skal fara fram eftir slíkar breytingar.
- 17.3 Á hverjum degi, áður en lyftan er opnuð almenningi, skal ganga úr skugga um að hún sé í öruggu rekstrarástandi.
- 17.4 Þegar rekstri lýkur skal gæslumaður fullvissa sig um að ekki séu farþegar í lyftunni. Áður en hann yfirgefur stjórnstöð skal vera slökkt á lyftunni og tryggt að utanaðkomandi geti ekki gangsett hana.
- 17.5 Rekstur skal stöðva sé rekstraröryggi ekki tryggt vegna veðurs, bilana eða annarra orsaka. Ennfremur þegar dimma tekur nema fullnægjandi lýsing sé við endastöðvar lyftunnar.
- 17.6 Þegar nauðsynlegt er að keyra lyftuna við slæmar aðstæður skal sýnd sérstök aðgát. Rekstrarstjóri eða staðgengill hans skal þá vera viðstaddur.
- 17.7 Þegar viðgerð fer fram á lyftunni skal gangsetningarbúnaður vera tryggilega læstur ef gangsetning getur haft í för með sér hættu.
- 17.8 Þegar ætla má að lyftan hafi laskast eða vírar skemmst skal skoða hana vandlega. Rekstur má ekki hefja aftur fyrr en rekstrarstjóri hefur fullvissað sig um að öryggi sé tryggt.

18. gr.

Dagbækur.

- 18.1 Færa skal rekstrardagbók þar sem skráð er:
- tímasetning keyrslu og fjöldi keyrslutíma,
 - nöfn gæslumanna,
 - veðurfar, hiti og úrkoma,
 - staðfesting á því að daglegt eftirlit og reynslukeyrsla hafi farið fram,
 - öll óhöpp eða óvenjuleg atvik við rekstur lyftunnar eða daglegt eftirlit, þar með taldar rekstrarstöðvanir, orsakir þeirra og tímalengd.
- Færslur í dagbók skal staðfesta með undirskrift.

- 18.2 Rekstrarstjóri skal færa dagbók yfir viðhald og eftirlit þar sem fram kemur hvaða búnaður hefur verið athugaður og ástand hans, svo og viðgerðir sem framkvæmdar eru. Færsla á stólaklemmum skal færð í viðhaldsdagbók. Færslur skal staðfesta með undirskrift.
- 18.3 Færa skal dagbók fyrir lyftuvír og strekkivír og eftirlit með þeim. Þar skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:
- a) hvenær vír er tekinn í notkun,
 - b) viðgerð og stytting á lyftuvír og nafn þess sem verkið vann,
 - c) sjónskoðun og atriði sem koma fram við hana,
 - d) annað eftirlit.
- Auk þess skulu fylgja dagbók upplýsingar um þann staðal sem vírinn er framleiddur eftir og afrit af víraskírteini.

19. gr.

Fyrsta skoðun.

- 19.1 Áður en ný stólalyfta er tekin í notkun, eða eftir verulegar breytingar á eldri lyftum, skal fara fram fyrsta skoðun sem Vinnueftirlit ríkisins framkvæmir.
- 19.2 Þegar skoðun fer fram á eftirfarandi að liggja fyrir:
- a) leiðréttar teikningar hafi breytingar verið gerðar frá hönnun,
 - b) niðurstöður mælinga á legu lyftuvírs,
 - c) staðfesting viðurkennds aðila á því að undirstöður mastra og stöðva séu í samræmi við samþykktar teikningar,
 - d) staðfesting löggilts aðila á því að rafbúnaður sé í samræmi við gildandi reglur um raforkuvirki.

20. gr.

Árleg skoðun.

- 20.1 Svo lengi sem stólalyfta er í rekstri skal hún skoðuð árlega af Vinnueftirliti ríkisins. Kostnað vegna eftirlits skal eigandi greiða samkvæmt gjaldskrá.
- 20.2 Komi í ljós að stólalyfta eða búnaður hennar brjóti í bága við reglugerð þessa er Vinnueftirliti ríkisins heimilt að afturkalla rekstrarleyfi hennar.
- 20.3 Ákvörðun eftirlitsmanna og forstjóra Vinnueftirlits ríkisins má vísa til stjórnar Vinnueftirlitsins innan fjögurra vikna frá því hún var birt, sbr. 98. gr. laga nr. 46/1980. Ákvörðun stjórnar má á sama hátt áfrýja til ráðherra.

21. gr.

Björgun.

- 21.1 Sá sem hefur með höndum rekstur stólalyftu skal sjá um að gerð sé áætlun um hvernig bjarga skuli farþegum úr lyftunni, komi til rekstrarstöðvunar þannig að ekki sé hægt að keyra hana.
- 21.2 Fullnægjandi björgunarbúnaður skal vera fyrir hendi og unnt að ná farþegum úr lyftunni á það skömnum tíma að ekki skapist hætta fyrir þá. Unnt skal vera að ná farþegum úr lyftunni án hjálpar frá þeim sjálfum.
- 21.3 Rekstrarstjóri skal sjá um að starfsfólk skíðasvæðisins fái þjálfun í björgun og skyndihjálp. Björgunaræfingar skulu vera a.m.k. í upphafi hvers rekstrartímabils. Á sama tíma skal yfirfara björgunarbúnað.
- 21.4 Teppi skulu vera til staðar til að koma í veg fyrir að farþegar ofkælist. Hentug ljós skulu vera til staðar til notkunar við björgunaraðgerðir í myrkri.

22. gr.

Slys og slysatilkynningar.

- 22.1 Við stólalyftu skal vera búnaður til að veita skyndihjálp, beri slys að höndum.
- 22.2 Verði slys á farþega, sem ætla má að leiði til líkamstjóns eða umtalsverðs skaða, skal það tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins. Vinnuslys skal tilkynna í samræmi við reglur þar að lútandi.

23. gr.

Viðurlög.

- 23.1 Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

24. gr

Gildistaka.

- 24.1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og öðlast gildi 1. júní 1990.

Bráðabirgðaákvæði.

1. Þrátt fyrir ákvæði í gr. 8.1 er heimilt að reka þær stólalyftur sem teknar hafa verið í notkun fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, þó ekki sé unnt að keyra þær afturábak.
2. Ákvæði í gr. 10.3 gilda ekki um þær lyftur sem teknar hafa verið í notkun fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, nema endastöðvar og möstur ásamt undirstöðum þeirra séu hönnuð fyrir það aukna álag sem ákvæðinu fylgir.
3. Fyrir 1. nóv. 1990 skal fara fram ítarleg skoðun á þeim stólalyftum sem eru í rekstri fyrir gildistöku reglugerðar þessarar. Úttekt skal framkvæmd af viðurkenndum aðila og í samráði við Vinnueftirlit ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 9. maí 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Óskar Hallgrímsson.

18. maí 1990

Nr. 216

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um húsbrefakaup
lífeyrissjóða nr. 522/1989.**

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðast svo:

Lífeyrissjóðum er heimilt að fullnægja samingsbundnum skuldabréfakaupum af Húsnæðisstofnun ríkisins með því að kaupa húsbref fyrir 10% af ráðstöfunarfé sínu árið 1990 og fyrir 18% af ráðstöfunarfé sínu fyrir árið 1991. Hámarkslánsréttur umsækjanda, sbr. 12. gr. laga nr. 86/1988, miðast við að samanlögð kaup lífeyrissjóða á skuldabréfum og húsbrefum sé a.m.k. 55% af ráðstöfunarfé þeirra.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 76/1989, sbr. lög nr. 86/1988, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 18. maí 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.

REGLUGERÐ

um húsbrefadeild og húsbrefaviðskipti vegna kaupa eða sölu á notuðum íbúðum og kaupa, sölu eða byggingar á nýjum íbúðum.

I. KAFLI

Skilgreiningar.

1. gr.

- 1) Reiknað verð húsbrefs er nafnverð þess auk vaxta, vaxtavaxta og verðbóta, sbr. reiknijöfnu í 27. gr. reglugerðar þessarar.
- 2) Markaðsverð húsbrefa er vegið meðaltal viðskipta hvers dags á Verðbréfaþingi Íslands næstliðinn dag.
- 3) Með verðbréfaflokki er átt við skuldabréf sem gefin eru út af sama aðila með sömu vöxtum, lánstíma og endurgreiðsluskilmálum.
- 4) Fasteignaveðbréf er skuldabréf sem skipta má fyrir húsbref Byggingarsjóðs ríkisins. Fasteignaveðbréfi má skipta í frumbréf og viðaukabréf.
- 5) Með íbúðarkaupanda er í reglugerð þessari átt við einstakling, hjón eða sambýlisfólk.
- 6) Með húsbýggjanda er í reglugerð þessari átt við einstakling, hjón eða sambýlisfólk.
- 7) Með byggingaraðila er í reglugerð þessari átt við hvern þann viðurkenndan framkvæmdaraðila sem byggir og selur fullfrágengnar íbúðir skv. ÍST 51.
- 8) Með nýbyggingu er í reglugerð þessari átt við nýja íbúð sem hlotið hefur samþykki byggingaryfirvalda og ekki hefur verið tekin í notkun eða hefur verið í notkun í 6 mánuði eða skemur þegar fasteignaveðbréf (frumbréf) er gefið út. Viðbygging við notaða íbúð, sem er í beinum tengslum við íbúðina og hefur verið samþykkt af byggingaryfirvöldum, telst einnig til nýbygginga.
- 9) Núvirði kaupverðs er verð íbúðar að teknu tilliti til áhvilandi lána og lánskjara miðað við gefna verðbólguþá.

II. KAFLI

Fjárhagur og rekstrarkostnaður húsbrefadeildar.

2. gr.

Fjárhagur og bókhald húsbrefadeildarinnar skal aðskilið frá öðrum þáttum í starfsemi Byggingarsjóðs ríkisins. Gera skal sérstakan ársreikning fyrir húsbrefadeildina.

Rekstrarkostnaður húsbrefadeildarinnar og áætlað tap vegna útlána skal greitt af tekjum deildarinnar. Félagsmálaráðherra ákveður lántökugjald, allt að 1%, og fast vaxtaálag, allt að 0.1%, fyrir húsbrefadeild, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, til að standa straum af rekstrarkostnaði deildarinnar. Nægi tekjur samkvæmt þessari málsgrein ekki til að standa undir útgjöldum skal sérstakt framlag greitt úr Byggingarsjóði ríkisins. Verði tekjur hins vegar hærri en útgjöld skal mynda sérstakan varasjóð til að bera þann kostnað sem verður af sveiflum í tekjum deildarinnar og mögulegu tapi vegna útlána.

III. KAFLI

Útgáfa húsbrefa.

3. gr.

Húsbrefadeild gefur út flokka markaðshæfra skuldabréfa í nafni Byggingarsjóðs ríkisins, svonefnd húsbref. Þau skulu gefin út í verðbréfaflokkum og öll bréf í sama flokki bera sömu fjárhæð og lánskjör. Vextir húsbrefa í hverjum flokki skulu vera óbreytanlegir allan lánstímann. Húsbref skal endurgreiða að undangengnum útdrætti. Verði húsbref ekki dregið út endurgreiðist það í samræmi við lánstímann. Hámarkslánstími skal vera 25 ár.

Húsbréfadeildin gerir tillögu til félagsmálaráðherra um verðtryggingarskilmála, endurgreiðslur, lánstíma, vexti og heildarfjárhæðir í hverjum húsbréfaflokki. Ríkisstjórnin tekur ákvörðun um framangreind atriði að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands. Ráðherra birtir ákvörðun þessa sem sérstaka reglugerð fyrir hvern húsbréfaflokk.

Húsbréfadeildin ráðstafar húsbréfum til seljanda, húsbyggjanda eða byggingaraðila og eru þau gefin út á nafn hans í skiptum fyrir þinglýst fasteignaveðbréf. Þegar skiptin eiga sér stað er fasteignaveðbréf greitt með húsbréfum metnum á reiknuðu verði þeirra miðað við fyrsta vaxtadag fasteignaveðbréfsins, sbr. 27. gr., og skal reiknað verð húsbréfa vera sem næst nafnverði fasteignaveðbréfs á þeim degi. Mismuninn greiðir húsbréfadeildin án vaxta og verðbóta.

4. gr.

Húsbréfadeild skal stuðla að því að húsbréf séu ávallt seljanleg á markaði. Í því skyni skal húsbréfadeild leita eftir skráningu húsbréfa á Verðbréfafingi Íslands og jafnframt tryggja að kauptilboð liggja ávallt frammi á þinginu. Löggiltum fasteignasölum er skylt að hafa aðgengilega skrá yfir verðgildi húsbréfa og upplýsa íbúðakaupendur og íbúðaseljendur um atriði sem þau varða.

Húsbréfadeildin skal sjá til þess að daglega birtist opinberlega upplýsingar um tilboð og viðskipti á Verðbréfafingi Íslands næstliðinn viðskiptadag. Fyrir hvern flokk húsbréfa skal m.a. koma fram:

- a. Hæsta tilboðsverð.
- b. Lægsta tilboðsverð.
- c. Markaðsverð (Meðalviðskiptaverð).
- d. Ávöxtun skv. a, b og c liðum.

A.m.k. mánaðarlega skulu jafnframt birtar upplýsingar um hversu mikil viðskiptin hafi verið og útistandandi eftirstöðvar í hverjum húsbréfaflokki.

5. gr.

Húsbréfadeild skal leita eftir samningum við banka, sparisjóði og aðrar fjármálastofnanir um að annast afgreiðslu skuldabréfaskipta. Einnig skal húsbréfadeildin leita eftir samningum við sömu aðila um að greiða fyrir viðskiptum með húsbréf.

6. gr.

Verðbréfamiðlurum, sem annast viðskipti með húsbréf, er skylt að hafa á reidum höndum nýjustu skráningu á verðgildi húsbréfa fyrir viðskiptamenn sína. Óheimilt er að láta fara fram viðskipti utan Verðbréfafings Íslands sem eru í ósamræmi við það bil sem er á milli hæsta og lægsta verðs sem skráð er á Verðbréfafinginu. Skylt er verðbréfamiðlurum, sem annast viðskipti með húsbréf, að tilkynna öll viðskipti, sem þeir annast, jafnharðan til Verðbréfafings Íslands enda þótt viðskiptin eigi sér stað utan Verðbréfafingsins.

7. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með viðskiptum með húsbréf á grundvelli laga nr. 20/1989 um verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóði.

8. gr.

Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að ráðstafa hluta af fjármunum sínum til viðskipta með húsbréf í því skyni að ávallt sé markaður fyrir þau. Byggingarsjóður getur falið öðrum aðilum að gegna þessu hlutverki. Seðlabanki Íslands skal hindra að verulegt misvægi myndist á markaðnum fyrir húsbréf í þeim mæli sem hann telur nauðsynlegt.

IV. KAFLI Fasteignaveðbréf.

Notaðar íbúðir.

9. gr.

Húsbréfadeild kaupir fasteignaveðbréf sem gefið er út í tengslum við eigendaskipti á notaðri íbúð er hlotið hefur samþykki byggingaryfirvalda. Tekið er veð í viðkomandi íbúð. Fasteignaveðbréf skulu gefin út á nafn seljanda íbúðar. Áður en skipt er á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf, skal því þinglýst.

Fasteignaveðbréfi vegna íbúðarkaupar má skipta í frumbréf og viðaukabréf í þeim tilvikum er seljandi þarf að aflétta áhvilandi veðskuldum sem kaupandi tekur ekki yfir. Við undirritun kaupsamnings er gefið út frumbréf en viðaukabréf þegar seljandi hefur lokið aflýsingum.

Við gerð frumbréfs skal tillit tekið til áhvilandi lána þannig að fjárhæð þess nemi mismuninum á umbeðinni fjárhæð og öllum áhvilandi lánnum, uppfærðum. Viðaukabréf geta numið mismuninum á umbeðinni fjárhæð og fjárhæð frumbréfsins á kaupsamningsdegi og skal höfuðstóll þeirra ekki uppfærður til útgáfudags þeirra. Við gerð viðaukabréfs skal einnig tekið tillit til nýrra áhvilandi lána, uppfærðra.

Frumbréfið skal hafa borist húsbréfadeild innan 60 daga frá útgáfudegi þess og skal ljósrit af þinglýstum kaupsamningi fylgja því. Bréfið skal gefið út við undirskrift kaupsamnings.

Viðaukabréf skal hafa borist húsbréfadeildinni innan 60 daga frá útgáfudegi þess, þó eigi síðar en ári frá undirskrift kaupsamnings.

Nýbyggingar.

10. gr.

Húsbréfadeild kaupir fasteignaveðbréf vegna nýrrar íbúðar, sem gefin eru út í tengslum við íbúðarbyggingu og með veði í henni. Fasteignaveðbréf skulu gefin út af húsbyggjanda eða byggingaraðila á nafn húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins eða íbúðarkaupanda á nafn seljanda. Áður en skipt er á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf skal því þinglýst.

Fasteignaveðbréfi vegna íbúðarbyggingar má skipta í frumbréf og viðaukabréf. Frumbréf má gefa út þegar fokheldisvottorð liggur fyrir en viðaukabréf þegar brunabótamat er fyrir hendi.

Við gerð frumbréfs skal tillit tekið til áhvilandi lána þannig að fjárhæð þess nemi mismuninum á umbeðinni fjárhæð og öllum áhvilandi lánnum, uppfærðum. Fjárhæð frumbréfs getur numið allt að 90% af byggingarkostnaði fokheldrar íbúðar enda hafi byggingarkostnaður áður hlotið samþykki húsbréfadeildar.

Við gerð viðaukabréfs skal tillit tekið til áhvilandi lána þannig að fjárhæð þess nemi mismuninum á umbeðinni fjárhæð og öllum áhvilandi lánnum, uppfærðum, til þess dags sem brunabótavottorð er gefið út og skal höfuðstóll viðaukabréfsins ekki uppfærður til útgáfudags þess.

Frumbréfi skal fylgja fokheldisvottorð, vottorð um smíðatryggingu og ljósrit af kaupsamningi þegar hann er fyrir hendi. Frumbréf skal hafa borist húsbréfadeild innan 60 daga frá útgáfudegi þess, þó eigi síðar en einu ári frá dagsetningu fokheldisvottorðs.

Viðaukabréf eða óskipt fasteignaveðbréf skal hafa borist húsbréfadeildinni innan 60 daga frá útgáfudegi þess og innan tveggja ára frá dagsetningu fokheldisvottorðs. Bréfinu skal fylgja nýtt veðbókarvottorð, brunabótavottorð og ljósrit af þinglýstum kaupsamningi ef um íbúðarkaup er að ræða. Viðaukabréf eða óskipt fasteignaveðbréf skal eigi gefið út fyrr en íbúðarseljandi hefur lokið aflýsingum þeirra lána sem kaupandi yfirtekur ekki.

Viðaukabréf eða fasteignaveðbréf ef það er óskipt, er gefið út af húsbýggjanda, á nafn húsbrefadeildar, eða af íbúðarkaupanda, á nafn seljanda. Húsbrefadeild kaupir einungis frumbréf af byggingaraðila, sbr. 3. mgr.

Sameiginleg atriði um notaðar íbúðir og nýbyggingar.

11. gr.

Skipta má á fasteignaveðbréfi og húsbrefum fyrir fjárhæð sem nemur allt að 65% af matsverði íbúðar, þó aldrei hærrí fjárhæð en kr. 8.713.000,00, miðað við byggingarvísitölu 1. apríl 1990, 167,4 stig. Hámarksfjárhæð breytist ársfjórðungslega samkvæmt byggingarvísitölu í samræmi við breytingar á vísitölnni og skal vera í heilum þúsundum króna. Heimilt er að færa kaupverð íbúðar til núvirðis, sbr. 1. gr., og miða fjárhæð fasteignaveðbréfsins við það, sbr. 20. gr.

12. gr.

Ekki verður skipt á húsbrefum fyrir fasteignaveðbréf sem nemur lægri fjárhæð en kr. 327.000,00, miðað við byggingarvísitölu 1. apríl 1990, 167,4 stig. Lágmarksfjárhæð breytist ársfjórðungslega í samræmi við breytingar á vísitölnni og skal vera í heilum þúsundum króna.

13. gr.

Fasteignaveðbréf skal vera verðtryggt með lánskjaravísitölu sem Seðlabanki Íslands auglýsir með heimild í 39. gr. laga nr. 13/1979, með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 18/1989, og auglýsingu nr. 19/1989, og hefur sömu lánskjör og þau húsbref sem skipta á fyrir fasteignaveðbréfið, að viðbættu föstu vaxtaálagi, sbr. 2. gr.

Fasteignaveðbréf ber vexti og verðbætur frá þeim degi sem kaup takast eða frá útgáfudegi þess.

Vextir skulu vera óbreytanlegir allan lánstímann. Lánstími er hinn sami og lánstími húsbrefa, sbr. 3. gr.

Fasteignaveðbréfið skal endurgreiðast að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana, þ.e. jafngreiðslulán, að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu.

Almennir gjalddagar fasteignaveðbréfa eru ársfjórðungslega í mars, júní, september og desember ár hvert. Fyrsta greiðsla afborgunar, vaxta og verðbóta af fasteignaveðbréfi, er á öðrum almennum gjalddaga frá útgáfudegi þess. Vextir á hverjum gjalddaga skulu reiknast þannig að deilt er með fjölda gjalddaga á hverju ári í ársvextina.

14. gr.

Heimilt er skuldara fasteignaveðbréfs að greiða aukaafborganir eða endurgreiða skuldina að fullu á almennum gjalddögum.

15. gr.

Við eigendaskipti á íbúð, sem á hvílir fasteignaveðbréf í eigu húsbrefadeildarinnar, skal liggja fyrir samþykki deildarinnar, að öðrum kosti hefur húsbrefadeildin heimild til að gjaldfella lánið.

V. KAFLI

Endurgreiðslur fasteignaveðbréfa og húsbrefa.

16. gr.

Húsbrefadeild innheimtir afborganir, vexti og verðbætur af fasteignaveðbréfum og ráðstafar því fé til endurgreiðslu húsbrefa að undangengnum útdrætti eftir hlutkesti sem lögbókandi ("notarius publicus") hefur umsjón með.

Byggingarsjóður ríkisins innleysir og endurgreiðir húsbref í hlutaðeigandi húsbrefaflokki að fullu eftir útdrætti á föstum gjalddögum sem eru í febrúar, maí, ágúst og nóvember ár hvert. Í hverjum útdrætti skal draga út húsbref fyrir þá fjárhæð sem svarar næst til endurgreiðslu jafngreiðsluláns með þeim vöxtum sem um flokkinn gilda, lánstíma sem eftir er og eftirstöðvum. Niðurstöður skulu birtar a.m.k. tveimur mánuðum fyrir gjalddaga ásamt númerum áður útdreginna, ógreiddra húsbrefa. Húsbref endurgreiðast á reiknuðu verði á gjalddaga, sbr. 27. gr.

17. gr.

Húsbrefadeild skal gæta þess að inn- og útgreiðslur af fasteignaveðbrefum og húsbrefum standist á þannig að jafnvægi sé í hverjum ársfjórðungi. Í þessu skyni skal deildin gera áætlanir um fjárstreymi. Þó er deildinni heimilt að taka við greiðslum af fasteignaveðbrefum til varðveislu án þess að ráðstafa þeim til útdráttar húsbrefa ef tilsvarendi húsbrefaflokkur er enn í sölu.

Verði innstreymi fjár vegna aukaafborgana af fasteignaveðbrefum, sbr. 14. gr., meira en sem nemur vanskilum fasteignaveðbrefa er húsbrefadeildinni heimilt að innleysa útgefin húsbref sem þeim mun svarar, sbr. 16. gr.

18. gr.

Endurgreiðslur höfuðstóls, vaxta og verðbóta húsbrefa, sem fallnar eru í gjalddaga, fynast sé þeirra ekki vitjad innan 10 ára frá gjalddaga. Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbrefa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

19. gr.

Húsbrefadeildinni er heimilt að taka lán hjá Byggingarsjóði ríkisins ef tímabundnar sveiflur verða í innheimtu fasteignaveðbrefa vegna vanskila og endurgreiðslu húsbrefa.

VI. KAFLI

Matsverð íbúða.

20. gr.

Matsverð notaðrar íbúðar er kaupverð hennar en þó aldrei hærra en brunabótamatið. Matsverð nýrrar íbúðar er samþykktur byggingarkostnaður hennar, þó aldrei hærra en kaupverð eða brunabótamat. Ef kaupverð virðist óeðlilega hátt er húsbrefadeildinni heimilt að færa það til núvirðis, sbr. 1. gr., og miða matsverðið við það. Einnig er deildinni heimilt að leiðrétta matsverðið með tilliti til markaðsverðs íbúða.

Húsbrefadeild getur falið sérstökum trúnaðarmönnum að annast ofangreint mat.

VII. KAFLI

Greiðslugeta íbúðakaupenda og húsbýggjenda og veðhæfni íbúða.

21. gr.

Húsbrefadeild, eða aðrir aðilar sem hún vísar til, aðstoðar væntanlega íbúðakaupendur eða húsbýggjendur við að meta greiðslugetu þeirra og greiðslubyrði vegna fyrirhugaðra íbúðakaupa eða bygginga.

Áður en gengið er frá kautilboði eða bygging hafin skal væntanlegur íbúðarkaupandi eða húsbýggjandi fá greiðslugetu sína metna hjá húsbrefadeildinni eða öðrum aðilum sem hún vísar til. Til að unnt sé að meta greiðslugetu skal væntanlegur íbúðarkaupandi eða húsbýggjandi leggja fram upplýsingar um eignir, heildarlaun og skuldir.

22. gr.

Húsbréfadeild skal að öllu jöfnu ekki samþykkja skipti á skuldabréfum í þeim tilvikum sem áætluð greiðslubyrði allra skulda væntanlegs íbúðarkaupanda eða húsbyggjanda fer yfir 30% af áætluðum heildarlaunum hans á ári að jafnaði næstu fjögur árin, sbr. 54. gr. laga nr. 76/1989, að teknu tilliti til vaxta- eða húsnæðisbóta.

23. gr.

Byggingaraðilar sem fullnægja ákvæðum 7. tl. 1. gr. geta fengið frumbréfum skipt fyrir húsbréf gegn því að leggja fram ábyrgð frá viðurkenndri fjármálastofnun eða sveitarfélagi. Fyrirgreind ábyrgð verður að gilda þar til væntanlegur íbúðarkaupandi, sem húsbréfadeildin samþykkir, yfirtekur frumbréfið. Falli ábyrgð niður, áður en íbúð er seld, er heimilt að gjaldfella lánið.

24. gr.

Áður en gengið er frá kaupsamningi og/eða fasteignaveðbréfi (frumbréfi), á eyðublöðum sem húsbréfadeildin samþykkir, skal væntanlegur íbúðarkaupandi, húsbyggjandi eða byggingaraðili leita eftir mati á veðhæfni þeirrar íbúðar sem hann hyggst festa kaup á eða byggja, sbr. 20. gr.

Til að unnt sé að leggja mat á veðhæfni íbúðar skulu eftirtalin gögn liggja fyrir eftir því sem við á:

- Fokheldisvottorð.
- Veðbókarvottorð.
- Brunabótamat eða smíðatrygging ef um frumbréf vegna nýbyggingar er að ræða.
- Kostnaðaráætlun vegna nýbyggingar.
- Kauptilboð sem samþykkt er af væntanlegum seljanda með fyrirvara um skuldabréfaskipti við húsbréfadeild. Í kauptilboði skulu koma fram upplýsingar um áhvílandi uppfærð lán ásamt lánskjörum þeirra. Kauptilboðið skal vera á eyðublaði sem húsbréfadeildin samþykkir.
- Ljósrit af síðasta greiðsluseðli allra áhvílandi lána þeirrar íbúðar sem verið er að selja.
- Yfirlýsingu húsfélags (upplýsingar um hússjóð, væntanlegar viðgerðir, o.fl.).
- Staðfesting á ábyrgð viðurkenndrar fjármálastofnunar eða sveitarfélags þegar um viðurkenndan byggingaraðila er að ræða.

25. gr.

Uppfylli væntanlegur íbúðarkaupandi, húsbyggjandi eða byggingaraðili ekki ákvæði 21., 23. og 24. gr., getur húsbréfadeildin synjað um skipti á skuldabréfum.

26. gr.

Ef greiðslubyrði íbúðarkaupanda eða húsbyggjanda er innan þeirra marka, sem kveðið er á um í 22. gr., gengur hún frá fasteignaveðbréfum fyrir allt að 65% af matsverði íbúðar, að frádregnum yfirteknum og áhvílandi, uppfærðum lánum, sbr. 9., 10., 11. og 12. gr. Húsbréfadeildin, eða þeir sem hún vísar til, veitir upplýsingar um andvirði húsbréfa, sem skipt verður fyrir fasteignaveðbréf, miðað við markaðsverð húsbréfa á þeim degi sem fasteignaveðbréfið er afhent.

VIII. KAFLI

Reiknað verð húsbréfa.

27. gr.

Reiknað verð húsbréfs, sbr. 1. tl. 1. gr. í reglugerð þessari, fylgir eftirfarandi reiknijöfnu:

$$V = N \cdot \frac{L_2}{L_1} \cdot \left(1 + \frac{v}{100}\right) da/360 \cdot \left(1 + \frac{p}{100}\right) db/30$$

þar sem

V er reiknað verð húsbréfs á reiknidegi. Reiknidagur getur verið fyrsti vaxtadagur fasteignaveðbréfs, sbr. 3. gr., eða gjalddagi húsbréfs, sbr. 16. gr.

N er nafnverð húsbréfs.

L_1 er grunnvísitala húsbréfs, þ.e. lánskjaravísitala á útgáfudegi húsbréfs.

L_2 er lánskjaravísitala á reiknidegi. L_2 getur verið grunnvísitala fasteignaveðbréfs, sbr. 3. gr., eða lánskjaravísitala á gjalldaga húsbréfs, sbr. 16. gr.

v eru nafnvextir húsbréfs í prósentum á ári.

da er dagafjöldi frá og með útgáfudegi húsbréfs til reiknidags. Reiknað er með 30 dögum í mánuði og 360 dögum á ári.

p er verðbólguforsenda á mánuði í þeim mánuði sem skipti á fasteignaveðbréfi og húsbréfum fara fram samkvæmt upplýsingum Verðbréfaþings Íslands.

db er dagafjöldi innan mánaðar milli útgáfudags húsbréfs og fyrsta vaxtadags fasteignaveðbréfs, þ.e. fyrsti vaxtadagur fasteignaveðbréfs að frádregnum útgáfudegi húsbréfs. db er 0 sé um að ræða reiknað verð húsbréfs á gjalldaga, sbr. 16. gr.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði og gildistaka.

28. gr.

EKKI verður skipt á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf sem gefin hafa verið út án samþykkis húsbréfadeildarinnar, sbr. 21., 23. og 24. gr.

29. gr.

Húsbréfadeild heimilar ekki nýja veðsetningu á veðréttum á undan fasteignaveðbréfi, sem hún hefur tekið við, nema getið sé um slíka veðsetningu í fasteignaveðbréfi.

30. gr.

EKKI er hægt að nýta sér bæði húsbréfavíðskipti annars vegar og lánsrétt til nýrra eða notaðra íbúða hins vegar samkvæmt 12. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 86/1988 með síðari breytingum. Á þetta einnig við um þær lánsúmsóknir sem lagðar hafa verið fram fyrir gildistöku reglugerðar þessarar. Húsbréfadeild skal gera þeim íbúðarkaupendum og húsbyggjendum, sem hyggjast nýta sér húsbréfavíðskipti, þess ljósa grein þegar í upphafi.

31. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 76/1989 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988 öðlast gildi hinn 1. júní 1990. Ákvæði 10. gr. um skipti á húsbréfum og fasteignaveðbréfum vegna nýbygginga koma þó fyrst til framkvæmda eftir 15. nóvember 1990. Jafnframt er úr gildi fallin reglugerð nr. 520/1989.

Ákvæði til bráðabirgða.**I.**

Notaðar íbúðir. (1)

Prátt fyrir ákvæði 9., 21. og 24. gr. í reglugerð þessari er húsbrefadeild heimilt fram til 15. maí 1991 að taka við fasteignaveðbréfum vegna kaupsamninga sem gerðir hafa verið um notaðar íbúðir á tímabilinu 1. janúar 1988 - 15. nóvember 1989.

Skilyrði þess eru að

- Íbúðarkaupandi hafi lagt inn umsókn um lán til notaðra íbúða hjá Húsnæðisstofnun ríkisins á tímabilinu 1. janúar 1988 - 15. nóvember 1989 og eigi lánsrétt skv. 12. og 14. gr. laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins.
- Íbúðarkaupandi hafi ekki fengið lán skv. 2. tölul. 11. gr. laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins til kaupa á tímabilinu 1. janúar 1988 til 15. nóvember 1989.
- Íbúðarkaupandi fullnægi skilyrðum 22. gr. reglugerðar þessarar.
- Skuldareigandi samþykki greiðslu skuldar með húsbrefum.

II.

Notaðar íbúðir. (2)

Prátt fyrir ákvæði 9., 21. og 24. gr. reglugerðar þessarar er húsbrefadeild heimilt fram til 15. maí 1991 að taka við fasteignaveðbréfum vegna kaupsamninga sem gerðir hafa verið um notaðar íbúðir eftir 15. nóvember 1989. Skilyrði þess eru að

- Íbúðarkaupandi hafi lagt inn umsókn um lán til notaðra íbúða hjá Húsnæðisstofnun ríkisins eftir 1. janúar 1988 og eigi lánsrétt skv. 12. og 14. gr. laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins.
- Íbúðarkaupandi hafi ekki fengið lán skv. 2. tölul. 11. gr. laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins til kaupa á íbúð eftir 15. nóvember 1989.
- Íbúðarkaupandi fullnægi skilyrðum 22. gr. reglugerðar þessarar.
- Íbúðarseljandi samþykki breytt greiðslufyrirkomulag.
- Afsal hafi ekki farið fram.

III.

Nýjar íbúðir.

Prátt fyrir ákvæði 5. og 6. mgr. 10. gr. reglugerðar þessarar um dagsetningu fokheldisvottorðs og ákvæði 21. gr. er húsbrefadeild heimilt fram til 15. maí 1991, að taka við fasteignaveðbréfum, sem gefin hafa verið út af íbúðarkaupendum eða húsbýggjendum vegna íbúða sem orðið hafa fokheldar eftir 1. janúar 1988. Skilyrði þess eru að

- Íbúðarkaupandi eða húsbýggjandi hafi lagt inn umsókn um lán til nýrra íbúða hjá Húsnæðisstofnun ríkisins eftir 1. janúar 1988 og eigi lánsrétt skv. 12. og 13. gr. laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins.
- Íbúðarkaupandi eða húsbýggjandi hafi ekki fengið lán skv. 1. tölul. 11. gr. laga nr. 86/1988 til kaupa eða byggingar á íbúð sem orðið hefur fokheld eftir 1. janúar 1988.
- Íbúðarkaupandi eða húsbýggjandi fullnægi skilyrðum 22. gr. reglugerðar þessarar.
- Afsal hafi ekki farið fram sé um íbúðarkaup að ræða.
- Íbúðarseljandi samþykki breytt greiðslufyrirkomulag sé um íbúðarkaup að ræða.

Félagsmálaráðuneytið, 18. maí 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Bíldudalshreppi.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund, sbr. 2. gr. samþykktar nr. 376/1974, um hundahald á Bíldudal, skal vera á árinu 1990 kr. 7 500,00 fyrir hvern hund. Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir árið og eigi síðar en á eindaga, sem er 1. júní 1990. Heimilt er að reikna dráttarvexti af vangöldnum gjöldum eftir eindaga frá og með 1. janúar 1990.

2. gr.

Ofangreind gjaldskrá, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Bíldudalshrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda á yfirstandandi ári.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. maí 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 219

29. maí 1990

REGLUGERÐ

um jöfnunartoll á innfluttar kökur.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu jöfnunartoll af kökum, sem flokkast í tnr. 1905.9040 í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með áorðnum breytingum. Jöfnunartollur skal vera 28 kr. fyrir hvert kílógramm.

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, lögvernd, viðurlög, refsingu og aðra framkvæmd innheimtu jöfnunartolls skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, svo og reglugerð og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu jöfnunartolls samkvæmt reglugerð þessari og standa skil á honum til ríkissjóðs eftir þeim fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi 1. júní 1990 og skal hún gilda til 30. nóvember 1990. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerðir nr. 177/1990 og 184/1990, um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 29. maí 1990.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og Hitaveitu Akureyrar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 28. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og Hitaveitu Akureyrar er taka gildi frá og með 1. júní 1990:

Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, nr. 44, 25. janúar 1990:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 3,3%

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 38, 23. janúar 1990, með síðari breytingum:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 0,6%

Íðnaðarráðuneytið, 25. maí 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Garðabæjar 1985–2005.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 21. maí 1990 staðfest uppdrátt af breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1985–2005.

Breytingin er í því fölginn að svæði í Vetrarmýri sem nú er auðkennt „skipulagi frestað“ breytist þannig að landnotkunin verður „opið svæði til sérstakra nota“ sem verður lagt undir golfvöll.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar félagsmálaráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Garðabæjar 1985–2005.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 21. maí 1990 staðfest uppdrátt af breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1985–2005.

Breytingin er í því fölginn að gert er ráð fyrir umferðartengingu við Arnarnesveg frá Hæðarhverfi. (Bæjargil 11).

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar félagsmálaráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 223

21. maí 1990

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Eskifjarðar 1988–2008.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 21. maí 1990 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Eskifjarðar 1988–2008.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Eskifjarðar hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar félagsmálaráðherra.

Jafnframt er úr gildi felldur uppdráttur af aðalskipulagi Eskifjarðar sem staðfestur var af félagsmálaráðherra hinn 17. ágúst 1981.

Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 224

21. maí 1990

AUGLÝSING

um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Keflavíkur 1982–2002.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 21. maí 1990 staðfest uppdrátt af breytingu á aðalskipulagi Keflavíkur 1982–2002.

Breytingin er í því fölginn að lóð fyrir verslun og þjónustu við Heiðarbraut verður íbúðarhúsalóð.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Keflavíkur hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar félagsmálaráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

31. maí 1990

561

Nr. 225

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 1100 frá 1. júní 1990 þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt við tollafgreiðslu. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytið, 31. maí 1990.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Atli Freyr Guðmundsson.

30. maí 1990

Nr. 226

AUGLÝSING

um innflutning notaðra reiðtygja og reiðfatnaðar.

Að tillögu yfirdýralæknis og samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 11/1928, um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, eru hér með settar svofelldar reglur um innflutning notaðra reiðtygja og reiðfatnaðar:

1. Bannaður er með öllu innflutningur á notuðum reiðtygjum, þ.m.t. kömbum, klórum, pískum, ábreiðum og dýnum.
2. Notaður reiðfatnaður skal hafa fengið kemiska hreinsun áður en komið er með hann til landsins.
3. Notuð reiðstígvél skulu sótthreinsuð við komuna til landsins, hafi þau ekki verið sótthreinsuð áður, enda fylgi þá vottorð frá viðkomandi heilbrigðisyfirvöldum um að sótthreinsun hafi farið fram.
4. Um brot á auglýsingu þessari fer eftir 6. gr. laga nr. 11/1928, sbr. 24. gr. laga nr. 75/1982.
5. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. maí 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

B 41

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar.**

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar er taki gildi frá og með 1. júní 1990:

Gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar, nr. 103, 26. febrúar 1990:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 1,5%

Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1990.

F. h r.

Páll Flygenring.

Gudrún Skúladóttir.

AUGLÝSING**um skráningu vörumerkja og gæðamerkja í eigu atvinnurekenda í vissum erlendum ríkjum.**

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 28. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968, sbr. 6. gr. laga um almenn gæðamerki, nr. 89 3. maí 1935, hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

1. gr.

Ákvæði 1. mgr. 28. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968, sem skyldar atvinnurekenda til að sanna að hann hafi fengið samsvarandi merki skráð í heimalandi sínu verður ekki beitt gagnvart atvinnurekendum í landi sem er aðili að Parísarsamþykktinni um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, frá 20. mars 1883, eins og hún var eftir endurskoðun þá sem gerð var í London 2. júní 1934 eða sem er aðili að seinni gerð hennar.

2. gr.

Ekki verður þess heldur krafist að félag sanni skráningu á gæðamerki í heimalandi sínu ef félagið hefur aðsetur í landi sem er aðili að Parísarsamþykktinni um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, frá 20. mars 1883, eins og hún var eftir endurskoðun þá sem gerð var í London 2. júní 1934 eða sem er aðili að seinni gerð hennar.

Iðnaðarráðuneytið, 25. maí 1990.

Jón Sigurðsson.

Gunnar Guttormsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 33 – 1990

5. júní 1990

563

Nr. 229

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 223 25. maí 1987 um sérstakt jöfnunargjald á kartöflum og vörum unnum úr þeim, sbr. breytingu með reglugerð nr. 109 26. febrúar 1988.

1. gr.

3. mgr. 1. gr. rg. nr. 223/1987, sbr. breytingu með 1. gr. rg. nr. 109/1988, orðist svo:

Af kartöflum og vörum sem flokkast undir tollskrárnúmerið 1903.0001 og 2005.2000 í viðauka I við lög nr. 55/1987, sbr. lög nr. 96/1987 um breytingu á þeim lögum, skal greiða 100% jöfnunargjald.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 25 5. maí 1986, um breytingu á lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 578 8. desember 1989.

Landbúnaðarráðuneytið, 5. júní 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

23. maí 1990

SAMÞYKKT

Nr. 230

um breytingu á samþykkt um stjórn Siglufjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 99/1988.

1. gr.

Orðin „áfengisvarnarnefnd“ og „nr. 82/1969“ í 62. gr. B. 2. samþykktarinnar falli brott.

2. gr.

Í lok 62. gr. samþykktarinnar komi nýr töluliður, sem orðist svo:

24. **Áfengisvarnarnefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Um verksvið nefndarinnar fer eftir lögum nr. 82/1969.

3. gr.

Samþykkt þessi er gerð af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar og staðfestist hér með samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 23. maí 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Þórhildur Líndal.

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 214 20. júní 1973 um innheimtu og skil á meðlögum o.fl. á vegum Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

1. gr.

Aftan við 12. gr. komi ný grein svohljóðandi:

Innheimtustofnun sveitarfélaga getur, ef barnsfaðir vanrækir að einhverju eða öllu leyti að verða við innheimtukröfu, krafid kaupgreiðanda um að halda eftir hluta af kaupi eða aflahlut. Slíkar kröfur skulu ganga fyrir öðrum kröfum, þ.á m. kröfum sveitarsjóðs og innheimtumanna ríkissjóðs. Aldrei skulu launagreiðendur þó halda eftir meiru en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á meðlögum og þeim opinberum gjöldum sem kaupgreiðanda er skylt að halda eftir af launum viðkomandi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. l. nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga og öðlast gildi 15. júní 1990.

Félagsmálaráðuneytið, 23. maí 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Nr. 232

25. maí 1990

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 480/1983 um iðgjöld atvinnurekanda til að standa straum af kostnaði vegna framkvæmdar laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hundraðshluti iðgjalds á árinu 1990, vegna tekjuársins 1989, skal nema 0,1% af gjaldstofni samkvæmt 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 77. gr. laga nr. 46/1980, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 239 27. apríl 1989.

Félagsmálaráðuneytið, 25. maí 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Óskar Hallgrímsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 34 – 1990

8. júní 1990

565

Nr. 233

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 593/1987, um þungaskatt,
með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 101/1990, orðist svo:
Greidda skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

- a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.
Allt að 1000	66 818	2800-2999	109 841
1000-1999	85 408	3000-3199	114 728
2000-2199	90 295	3200-3399	119 615
2200-2399	95 182	3400-3599	124 501
2400-2599	100 068	3600-3799	129 388
2600-2799	104 955	3800-3999	134 274

- b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum.

Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.
Allt að 1000	86 863	2800-2999	142 794
1000-1999	111 031	3000-3199	149 146
2000-2199	117 383	3200-3399	155 499
2200-2399	123 662	3400-3599	161 851
2400-2599	130 089	3600-3799	168 204
2600-2799	136 441	3800-3999	174 557

2. gr.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 101/1990, orðist svo:
Kílómetragjald skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0- 4,9	4,58	15,0-15,9	9,74
5,0- 5,9	4,88	16,0-16,9	10,52
6,0- 6,9	5,27	17,0-17,9	11,28
7,0- 7,9	5,52	18,0-18,9	11,97
8,0- 8,9	5,77	19,0-19,9	12,88
9,0- 9,9	6,03	20,0-20,9	13,56
10,0-10,9	6,40	21,0-21,9	14,34
11,0-11,9	6,64	22,0-22,9	15,25
12,0-12,9	7,47	23,0-23,9	15,97
13,0-13,9	8,18	24,0-24,9	16,70
14,0-14,9	9,05	25,0 og þyngri	17,51

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. lögum nr. 3/1987 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 5/1987, öðlast gildi 1. júlí 1990.

Hækkun gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. 2. gr. tekur þó gildi strax að loknu 2. álesturstímabili en því lýkur á tímabilinu 20. maí til 10. júní 1990, sbr. 8. gr. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 2. álesturstímabils skal innheimta hið hækkaða gjald.

Fjármálaráðuneytið, 8. júní 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

20. maí 1990

Nr. 234

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 467/1989, um Unglingaheimili ríkisins.

9. gr. orðist svo:

Séu unglingar vistaðir af barnaverndaryfirvöldum greiðir viðkomandi sveitarfélag daggjöld. Vegna vistunar lögreglu og vegna vistunar á deild fyrir vímuefnaneytendur, greiðast daggjöld og annar kostnaður úr ríkissjóði.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 20. maí 1990.

Svavar Gestsson.

Örlygur Geirsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 35 – 1990

18. maí 1990

567

Nr. 235

GJALDSKRÁ

fyrir prófun búvéla.

Söluverð búvéla kr.	Prófunargjald kr.
Undir 50 000	9 300
50 000– 99 999	11 100
100 000–149 999	12 900
150 000–199 999	14 700
200 000–299 999	18 300
300 000–399 999	21 900
400 000–499 999	25 500
500 000–599 999	29 100
600 000–699 999	32 500
700 000–799 999	35 900
800 000–899 999	39 300
900 000–999 999	42 700
1 000 000 eða hærra	46 100

Ef umboðsmaður óskar eftir að prófun sé hætt áður en fullnaðarprófun er lokið (9. gr. reglugerðar um prófun búvéla), skal greiða í hlutfalli við notkunartíma vélarinnar eða eftir nánari ákvörðun Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 55. gr. laga nr. 64/1965 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir prófun búvéla nr. 29 4. janúar 1988.

Landbúnaðráðuneytið, 18. maí 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni.

Efnisyfirlit:

	Bls.
Reglugerðin	
I. Kafli: Gildissvið og skilgreiningar	568
II. Kafli: Flokkun	569–570
III. Kafli: Umbúðir	570
IV. Kafli: Merking	570–573
V. Kafli: Dreifing og sala	573
VI. Kafli: Flutningur og geymsla	573–574
VII. Kafli: Eftirlit	574
VIII. Kafli: Fræðsla og upplýsingaskylda	574
IX. Kafli: Viðurlög	574–575
X. Kafli: Gildistaka	575
Ákvæði til bráðabirgða	575

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1: Listi yfir eiturefni og hættuleg efni	576–637
Fylgiskjal 2: Varnaðarmerki	638
Fylgiskjal 3: H-setningar, hættusetningar	639–640
Fylgiskjal 4: V-setningar, varnaðarsetningar	641–642
Fylgiskjal 5: Helstu forsendur hættuflokkunar	643–645
Fylgiskjal 6: Val á hættu- og varnaðarsetningum	646
Fylgiskjal 7: Flokkun og merking efnavöru. Dæmi	647

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

1.1 Ákvæði reglugerðar þessarar ná til flokkunar, merkingar og meðferðar eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, og ætlaðar eru til dreifingar á almennum markaði í smásölueiningum. Ákvæði II. kafla um flokkun, IV. kafla um merkingu og VII. kafla um eftirlit gilda þó einnig um efni og vörutegundir, sem ætlaðar eru til notkunar á vinnustöðum. Um slík efni fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglum settum samkvæmt þeim.

2. gr.

2.1 Með eiturefnum og hættulegum efnum er átt við efni, sem skráð eru á lista yfir eiturefni og hættuleg efni (fylgiskjal 1), sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni og gilda ákvæði reglugerðarinnar jafnt um innflutning, framleiðslu, dreifingu og aðra meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.

2.2 Reglugerð þessi nær ekki til notkunar eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, en með þau mál fer samkvæmt reglugerð nr. 50/1984, með síðari breytingum. Reglugerð þessi nær enn fremur ekki til aflífunarefna, fúavarnarefna og sóthreinsiefna, sem innihalda önnur efnasambönd en þau, sem tilgreind eru í fylgiskjali 1.

2.3 Um förgun eiturefna og hættulegra efna fer samkvæmt mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989.

II. KAFLI

Flokkun.

3. gr.

- 3.1 Innlendir framleiðandi, innflytjandi og umboðsaðili eiturefna, hættulegra efna eða vörutegunda sem innihalda slík efni, skal afla sér upplýsinga um áhrif og eiginleika efnanna og flokkun þeirra samkvæmt íslenskum reglum, áður en þeim er dreift til sölu.
Trípentýltin-sambönd, önnur en þau sem eru greind sérstaklega á þessum lista	Xn	20/21/22	26-28	
Tríprópýltinsambönd, önnur en þau sem greind eru sérstaklega á þessum lista	T	23/24/25	26-27-28-44	
2,4,6-Tris (dímetýla- mínómetýl)-fenól	Xn	22-36/38	26-28	

Heiti efna	Varnaðarmerki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Athugasemdir
Tris-(2-klóretýl)-fosfat	Xn	22-36/38		
Trísýklóhexýltin-sambönd, önnur en þau, sem greind eru á þessum lista	Xn	20/21/22	26-28	
Trísýklóhexýltin-hýdroxíð, (syhexatin)	Xn	20/21/22	2-13	
Úran	Tx	26/28-33	20/21-45	
Úran-sambönd	Tx	26/28-33	20/21-45	
Valeríansýra	C	34	26-36	
Vamidótíon	T	23/24/25	2-13-44	
Vanadíum(V)oxíð	Xn	20	22	
Vanadíumpentaoxíð	Xn	20	22	
Vetni	F	12	7/9	
Vetnisbórtetraflúoríð, lausnir sem innihalda meira en 25% HBF ₄	C	34	26-27	
Vetnisbrómíð	C	35-37	7/9-26-44	
Vetnisbrómíð, lausnir sem innihalda meira en 40% HBr	C	34-37	7/9-26	
Vetnisflúoríð, þurr, sjá flúorvetni, þurr	Tx + C	26/27/28-35	7/9-26-36/37-45	
Vetnisflúoríð lausn ...%	Tx + C	26/27/28-35	7/9-26-36/37-45	
Vetnishexaflúorsílikat sjá vetniskísil-hexaflúoríð				
Vetnisjodíð, sjá jodvetni	C	35-37	7/9-26-44	
Vetnisjodíð, lausnir sem innihalda meira en 25% HI	C	34	26	
Vetniskísil-hexaflúoríð, styrkur meiri en 25% H ₂ SiF ₆ (Flúskísilsýra)	C	34	26-27	
Vetnisklóríð, sjá klórvetni	C	35-37	7/9-26-44	
Vetnisperoxíð styrkur meiri en 60% H ₂ O ₂	O + C	8-34	3-28-36/39	
Vetnisperoxíð styrkur 3-60% H ₂ O ₂	C	34	28-29	

Heiti efna	Varnaðarmerki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Athugasemdir
Vetnissúlfíð, sjá brennisteinsvetni	F + Tx	13-26	7/9-25-45	
Vetnissýanið, sjá sýanvetni	Fx + Tx	12-26/27/28	7/9-13-16-45	
Vetnissýanið sölt, sjá sýanið				
Vínýlasetat	F	11	16-23-29-33	
Vínýlbenzen, sjá stýren				
Vínýlbenzól, sjá stýren				
Vínýlbrómíð	F	13	9-16-33	
Vínýlídenklóríð	Fx + Xn	12-20-40	7-16-29	D,Ú
Vínýlklóríð	F + T	45-13	53-9-16-44	D
Vínýlsýklóhexan- díepoxíð, sjá 1-epoxíetýl-3,4- epoxísýklóhexan				
2-Vínýltólúen	Xn	20	24	
Vítissóði, sjá natríumhýdroxíð				
Vítissteinn, sjá silfurnítrat				
Warfarin	Tx	26/27/28	1-13-44	
White Spirit, sjá terpentína mínerölsk og jarðolíu destillöt				
Xylen	Xn	10-20	24/25	
Xylenól, allir ísómerar	T	24/25-34	2-28-44	
Xylidín, allir ísómerar	T	23/24/25-33	28-36/37-44	
Xýlól, sjá xylen				
Purrspritt, sjá metaldehýð				
Ætikalíum, sjá kalíumhýdroxíð				
Ætinatríum, sjá natríumhýdroxíð				


Fylgiskjal 2

VARNAÐARMERKI

Tx



T



Xn



C



Xi



E



Fx



F



O



G



Fylgiskjal 3**H-setningar, hættusetningar**

- H 1 Sprengifimt sem þurrefni
- H 2 Sprengifimt við högg, núning, eld eða aðra hitagjafa
- H 3 Mjög sprengifimt við högg, núning, eld eða aðra hitagjafa
- H 4 Myndar mjög sprengifim málmsambönd
- H 5 Sprengifimt við upphitun
- H 6 Sprengifimt með og án andrúmslofts
- H 7 Getur valdið íkveikju
- H 8 Eldfimt í snertingu við önnur brennanleg efni
- H 9 Sprengifimt í blöndu með brennanlegum efnum
- H 10 Eldfimt
- H 11 Mjög eldfimt
- H 12 Afar eldfimt
- H 13 Afar eldfim, fljótandi lofttegund (gas)
- H 14 Hvarfast kröftuglega við vatn
- H 15 Hvarfast við vatn og myndar afar eldfimar lofttegundir
- H 16 Sprengifimt við blöndun með oxandi efnum
- H 17 Getur valdið sjálfstíkveikju í andrúmslofti
- H 18 Getur myndað eldfimar/sprengifimar blöndur af gufu og lofttegundum við notkun
- H 19 Getur myndað sprengifim efnasambönd (peroxíð)
- H 20 Hættulegt við innöndun
- H 21 Hættulegt í snertingu við húð
- H 22 Hættulegt við inntöku
- H 23 Eitrað við innöndun
- H 24 Eitrað í snertingu við húð
- H 25 Eitrað við inntöku
- H 26 Sterkt eitur við innöndun
- H 27 Sterkt eitur í snertingu við húð
- H 28 Sterkt eitur við inntöku
- H 29 Myndar eittraðar lofttegundir í snertingu við vatn
- H 30 Getur orðið mjög eldfimt við notkun
- H 31 Myndar eittraða lofttegund í snertingu við síru
- H 32 Myndar mjög eittraða lofttegund í snertingu við síru
- H 33 Hætta á heilsutjóni eykst við reglubundna notkun
- H 34 Ætandi
- H 35 Mjög ætandi
- H 36 Ertir augu
- H 37 Ertir öndunarfæri
- H 38 Ertir húð
- H 39 Hætta á varanlegu heilsutjóni
- H 40 Getur valdið varanlegu heilsutjóni
- H 41 Hætta á alvarlegum augnskaða
- H 42 Getur valdið ofnæmi við innöndun
- H 43 Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð
- H 44 Sprengifimt við upphitun í lokuðu rými

- H 45* Getur valdið krabbameini
- H 46 Getur valdið arfgengum skaða á litningum
- H 47 Getur valdið fósturskaða
- H 48 Hætta á heilsutjóni við langvarandi notkun

Samtengdar H-setningar

- H 14/15 Hvarfast kröftuglega við vatn og myndar afar eldfimar lofttegundir
- H 15/29 Hvarfast við vatn og myndar eittraðar og afar eldfimar lofttegundir
- H 20/21 Hættulegt við innöndun og í snertingu við húð
- H 21/22 Hættulegt í snertingu við húð og við inntöku
- H 20/22 Hættulegt við innöndun og við inntöku
- H 20/21/22 Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku
- H 23/24 Eitrað við innöndun og í snertingu við húð
- H 24/25 Eitrað í snertingu við húð og við inntöku
- H 23/25 Eitrað við innöndun og við inntöku
- H 23/24/25 Eitrað við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku
- H 26/27 Sterkt eitur við innöndun og í snertingu við húð
- H 27/28 Sterkt eitur í snertingu við húð og við inntöku
- H 26/28 Sterkt eitur við innöndun og við inntöku
- H 26/27/28 Sterkt eitur við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku
- H 36/37 Ertir augu og öndunarfæri
- H 37/38 Ertir öndunarfæri og húð
- H 36/38 Ertir augu og húð
- H 36/37/38 Ertir augu, öndunarfæri og húð
- H 42/43 Getur valdið ofnæmi við innöndun og í snertingu við húð

*) Fyrir efni sem eru merkt með hættusetningu H 45 skal orðið „einnig“ notað fyrir framan H-setningar H20-H28 og allar samtengingar af þessum hættusetningum.

Fylgiskjal 4**V-setningar, varnaðarsetningar**

- V 1 Geymist á læstum stað
- V 2* Geymist þar sem börn ná ekki til
- V 3 Geymist á köldum stað
- V 4 Má ekki geyma nálægt íbúðarbyggð
- V 5 Geymist í (Í strikuðu línuna skal skrá tegund vökva samkvæmt ráðleggingum framleiðanda, innflytjanda eða umboðsmanns)
- V 6 Geymist í (Í strikuðu línuna skal skrá viðeigandi óhvarfgjarna lofttegund samkvæmt ráðleggingum framleiðanda, innflytjanda eða umboðsmanns)
- V 7 Umbúðir skulu vera vel luktar
- V 8 Geymist á þurrum stað
- V 9 Geymist á vel loftræstum stað
- V 12 Umbúðir skulu ekki vera þéttlokaðar
- V 13 Má ekki geyma hjá matvælum og öðrum neysluvörum eða fóðri
- V 14 Má ekki geyma hjá (Í strikuðu línuna skal skrá efni samkvæmt ráðleggingum framleiðanda, innflytjanda eða umboðsmanns)
- V 15 Má ekki hitna
- V 16 Haldið frá hitagjöfum – Reykingar bannaðar
- V 17 Haldið frá brennanlegum efnum
- V 18 Meðhöndlið og opnið umbúðir með varúð
- V 20 Neytið ekki matar eða drykkjar meðan á notkun stendur
- V 21 Reykingar eru bannaðar meðan á notkun stendur
- V 22 Varist innöndun ryks
- V 23 Varist innöndun lofttegundar/reyks/gufu/úða (Framleiðandi, innflytjandi eða umboðsmaður gefur upp hvað við á hverju sinni)
- V 24 Varist snertingu við húð
- V 25 Varist snertingu við augu
- V 26 Berist efnið í augu, skolið þá strax vandlega með miklu vatni og leitið lækni
- V 27 Farið strax úr fötum sem óhreinast af efninu
- V 28 Berist efnið á húð, skal strax þvo með miklu (Í strikuðu línuna skal skrá efni samkvæmt ráðleggingum framleiðanda, innflytjanda eða umboðsmanns)
- V 29 Má ekki tæma í niðurfall
- V 30 Hellið ekki vatni á eða í vöruna
- V 33 Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafmagni
- V 34 Varist högg og núning
- V 35 Vörunni og umbúðum hennar skal fargað á tryggilegan hátt
- V 36 Notið viðeigandi hlífðarfatnað
- V 37 Notið viðeigandi hlífðarhanska
- V 38 Notið öndunargrímu ef góð loftræsting er ekki fyrir hendi
- V 39 Notið hlífðargleraugu/andlitsgrímu
- V 40 Gólf og aðra óhreina fleti skal hreinsa með (Í strikuðu línuna skal skrá tegund efnis samkvæmt ráðleggingu framleiðanda, innflytjanda eða umboðsmanns)
- V 41 Varist innöndun reyks við bruna eða sprengingu
- V 42 Notið viðeigandi öndunargrímu við reyk/úða (Framleiðandi, innflytjandi eða umboðsmaður gefur upp hvað við á hverju sinni)

*) Varnaðarsetning V 2 skal vera með lettri sem er greinilegra en letur á öðrum varnaðar- eða hættusetningum.

- V 43 Notið við slökkvistarf (Framleiðandi, innflytjandi eða umboðsmaður skal gefa upp nákvæma tegund slökkvitækis. Ef ekki má nota vatn við slökkvistarf skal eftirfarandi texti koma fram: „Notið ekki vatn“)
- V 44 Leitið læknis ef lasleika verður vart; sýnið umbúðamerkingar ef mögulegt er
- V 45 Leitið umsvifalaust læknis ef slys ber að höndum eða ef veikinda verður vart; sýnið umbúðamerkingar ef mögulegt er
- V 46 Leitið umsvifalaust læknis eftir inntöku og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar
- V 47 Geymist við hitastig sem ekki er hærra en °C (Framleiðandi, innflytjandi eða umboðsaðili skal gefa upp rétt hitastig)
- V 48 Halda skal vörunni raki með (Í strikuðu línuna skal skrá tegund vökva samkvæmt ráðleggingum framleiðanda, innflytjanda eða umboðsmanns)
- V 49 Má aðeins geyma í upprunalegum umbúðum
- V 50 Má ekki blanda með (Framleiðandi, innflytjandi eða umboðsaðili skal gefa upp viðeigandi efni)
- V 51 Má aðeins nota á vel loftræstum stað
- V 52 Notið ekki á stóra fleti í íbúðarhúsnæði eða öðrum vistarverum
- V 53 Varist snertingu – aflið sérstakra notkunarleiðbeininga

Samtengdar V-setningar

- V 1/2* Geymist á læstum stað þar sem börn ná ekki til
- V 3/7/9 Umbúðir skulu vera vel luktar og geymast á köldum og vel loftræstum stað
- V 3/9 Geymist á köldum og vel loftræstum stað
- V 3/14 Geymist á köldum stað og ekki hjá (Í strikuðu línuna skal skrá efni samkvæmt ráðleggingum framleiðanda, innflytjanda eða umboðsmanns)
- V 3/9/14 Geymist á köldum og vel loftræstum stað og ekki hjá (Í strikuðu línuna skal skrá efni samkvæmt ráðleggingum framleiðanda, innflytjanda eða umboðsmanns)
- V 3/9/49 Má aðeins geyma í upprunalegum umbúðum á köldum og vel loftræstum stað
- V 3/9/14/49 Má aðeins geyma í upprunalegum umbúðum á köldum og vel loftræstum stað og ekki hjá (Í strikuðu línuna skal skrá efni samkvæmt ráðleggingum framleiðanda, innflytjanda eða umboðsmanns)
- V 7/9 Umbúðir skulu vera vel luktar og geymast á vel loftræstum stað
- V 7/8 Umbúðir skulu vera vel luktar og geymast á þurrum stað
- V 20/21 Neytið hvorki matar né drykkjar meðan á notkun stendur. Reykingar bannaðar
- V 24/25 Varist snertingu við húð og augu
- V 36/37 Notið viðeigandi hlífðarfatnað og hlífðarhanska
- V 36/39 Notið viðeigandi hlífðarfatnað og hlífðargleraugu /andlitsgrímu
- V 37/39 Notið viðeigandi hlífðarhanska og hlífðargleraugu /andlitsgrímu
- V 36/37/39 Notið viðeigandi hlífðarfatnað, hlífðarhanska og hlífðargleraugu/andlitsgrímu
- V 47/49 Má aðeins geyma í upprunalegum umbúðum og við hitastig, sem ekki er hærra en °C (framleiðandi, innflytjandi eða umboðsaðili skal gefa upp rétt hitastig)

*) Skal vera með lettri sem er greinilegra en letur á öðrum varnaðar- eða hættusetningum.

Fylgiskjal 5**Helstu forsendur hættuflokkunar****I. Eiturefnafræðilegar forsendur**

Gildir um flokkana sterkt eitur (Tx), eitur (T), varúð hættulegt (Xn), ætandi (C) og ertandi (Xi).

A. Frumefni og efnasambönd

1. Sterkt eitur (Tx), eitur (T), varúð hættulegt (Xn).

Ef bráð eiturhrif efnis, LD₅₀ eða LC₅₀, lenda innan neðangreindra marka, flokkast efnid eigi neðar en í tilsvarendi hættuflokk. Óháð íkomustað, um munn, húð eða við innöndun, skal efnagjöfin taka innan við sólarhring og dýrin rannsökuð í a.m.k. 14 daga.

Ef efni veldur síðkomnum eiturhrifum eða öðrum áhrifum eða frekari upplýsingar liggja fyrir um áhrif á menn eða dýr, skal flokkunin ráðast af því hversu mikil þessi áhrif eru.

(LD₅₀ er sá skammtur (mg) efnis á hverja þyngdareiningu (kg) sem drepur helming tilraunadýra. LC₅₀ er það magn efnis í hverjum lítra lofts sem dýrin anda að sér í 4 klst. sem drepur helming tilraunadýra.)

Flokkur	Inntaka (rotta) mg/kg	Á húð (rotta/kanína) mg/kg	Innöndun (rotta) mg/L/4klst
Tx	LD ₅₀ ≤ 25	LD ₅₀ ≤ 50	LC ₅₀ ≤ 0,5
T	25 < LD ₅₀ ≤ 200	50 < LD ₅₀ ≤ 400	0,5 < LC ₅₀ ≤ 2
Xn	200 < LD ₅₀ ≤ 2000	400 < LD ₅₀ ≤ 2000	2 < LC ₅₀ ≤ 20

2. Ætandi (C) og ertandi (Xi)

Efni flokkast sem ætandi (C), ef þau sundra lifandi vef. Ertandi (Xi) efni skaða aðeins ystu lög vefjarins við beina og langvarandi eða endurtekna snertingu við húð eða slímhimnur (sbr. OECD Guidelines for Testing of Chemicals eða hliðstæðar prófunar- aðferðir).

3. Við flokkun efna skulu í öllum tilvikum lagðar til grundvallar þær niðurstöður og upplýsingar sem gefa til kynna mestan skaða.

B. Samsettar efnavörur

1. Unnt er að rannsaka áhrif samsettrar efnavöru (efnablöndu) á sama hátt og frumefni og efnasambönd. Sé það gert, skal styðjast við forsendurnar í A lið þegar efnavaran er flokkuð sem sterkt eitur (Tx), eitur (T), varúð hættulegt (Xn), ætandi (C) eða ertandi (Xi).

2. Í stað rannsóknar má notast við eftirfarandi reiknireglur við flokkun á samsettri efnavöru. Skal þó eftir því sem auðið er taka tillit til þess að í efnablöndu geta efnin ýmist aukið eða dregið úr skaðlegum áhrifum hvers annars.

3. Flokkun efnavöru er háð styrk og flokkun einstakra efnisþátta. Í flokkunarlistanum (sbr. fylgiskjal 1), eru nokkur efni flokkuð með hliðsjón af styrk, svo sem saltpéturs-sýra 20-70% í flokknum ætandi (C), en 5-20% í flokknum ertandi (Xi).

Komi ekki fram flokkun eftir magnprósentu fyrir einstök efni, sbr. listann yfir eiturefni og hættuleg efni (fylgiskjal 1), skal nota eftirfarandi stuðla til að flokka efnavöruna í heild.

Flokkur efnisþáttar (frumefni eða efnasamband)	Stuðlar til flokkunar á efnavörðunni í heild				
	T _x ? I ₀	T ? I ₁	X _n ? I ₂	C ? R _c	Xi ? R _{xi}
T _x	500	500	500		
T	15	100	100		
X _n	3	3	10		
C				5	1
Xi					10

4. Þegar margfölduð er massaprósenta (P) einstakra mjög eittraðra (T_x), eittraðra (T) og hættulegra efna (X_n) sem eru í blöndum með viðeigandi stuðlum (I₀) flokkast efnavaran sem STERKT EITUR (T_x) ef summa þessara talna er stærri en 2500:

$$S (P \times I_0) > 2500 \Rightarrow T_x$$

5. Gefi sama reikniregla og í 4. lið, með stuðlinum I₁ summu sem er hærri en 500, flokkast efnavaran sem EITUR (T):

$$S (P \times I_1) > 500 \Rightarrow T$$

6. Gefi sama reikniregla og í 4. lið, með stuðlinum I₂ summu sem er hærri en 100, fellur efnavaran í flokkinn VARÚÐ HÆTTULEGT (X_n):

$$S (P \times I_2) > 100 \Rightarrow X_n$$

7. Varan flokkast sem ÆTANDI (C) ef summa þeirra talna sem fást þegar massaprósentum einstakra ætandi efna í vörðunni er deilt með stuðlinum R_c, verður hærri en 1:

$$S P/R_c > 1 \Rightarrow C$$

8. Efnavaran verður ERTANDI (Xi) ef summa þeirra talna, sem fást þegar massaprósentu einstakra ætandi og ertandi efna í vörðunni er deilt með stuðlinum R_{xi}, verður hærri en 1:

$$S P/R_{xi} > 1 \Rightarrow Xi$$

9. Öll efni í blöndunni skulu talin með, þegar reiknuð er flokkun á efnavörðunni, svo fremi þau komi fyrir í magni sem er meira en:

EFNISPÆTTIR	%
Sterkt eitur Eitur	0,2
Varúð hættulegt Ætandi	1
Ertandi	2
Efni merkt hættusetningum nr: H 39, H 40, H 45, H 46, H 47, H 48	0,1
Efni merkt H 42, H 43	1

II. Eðlisefnafræðilegar forsendur

Gildir fyrir flokkana sprengifimt (E), eldnærandi (O), mjög eldfimt (Fx) og eldfimt (F).

Um frumefni, efnasambönd og samsettar efnavörur gildir:

1. SPRENGIFIMT (E) efni getur sprungið í snertingu við eld eða er næmara fyrir höggi eða núningi en dínítróbensen.
2. ELDNÆRANDI (O) efni veldur kröftugri varmalosun í snertingu við brennanleg efni (mjög útvermin oxun).
3. MJÖG ELDFIMT (Fx) efni hefur í fljótandi formi blossamark undir 0°C og (byrjunar-) suðumark 35°C eða lægra.
4. Efni flokkast sem ELDFIMT (F) uppfylli það eitthvert neðantalinna skilyrða:
 - a. Hitnar og brennur í lofti (sjálfsíkviknun).
 - b. Myndar eldfimar lofttegundir í hættulegu magni í snertingu við vatn eða rakt loft.
 - c. Má tendra þegar loga er brugðið að efninu í föstu formi og heldur áfram að brenna eða glóa eftir að logi (eldgjafi) er fjarlægður.
 - d. Hefur í fljótandi formi blossamark lægra en 21°C.
 - e. Getur í loftfasa brunnið við venjulegan loftþrýsting.
5. Efni í fljótandi formi sem hafa blossamark 21°C – 55°C (bæði meðtalin), fá hættusetningu H10, eldfimt, en ekkert varnaðarmerki.

Fylgiskjal 6

Val á hættu- og varnaðarsetningum

A. Frumefni og efnasambönd

Fyrir ósamsettar vörur skal nota þær H- og V- setningar, sem koma fram í flokkunarlistanum, sbr. fylgiskjal 1.

B. Samsettar efnavörur

Þegar um samsettar efnavörur er að ræða, á að velja þær hættu- og varnaðarsetningar sem best eiga við þau skaðlegu efni sem varan inniheldur. Auk þess ber að taka mið af því til hvaða nota varan er ætluð. Reynt skal í sem stystu máli að koma að þeirri hættu sem fylgir vörunni (H-setningar) og hvernig beri að umgangast vöruna og bregðast við helstu óhöppum (V-setningar). Í flestum tilvikum nægja fjórar H-setningar (samsett H-setning telst ein setning t.d. H20/21/22) og fjórar V-setningar.

Hættusetningar

1. Leggja skal áherslu á þær H- og V-setningar sem tengjast endanlegri flokkun vörunnar. Sé tiltekið efnasamband í hættuflokki T (Eitur) og með hættusetningar H23/24/25 (Eitrað við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku) og H36/38 (Ertir augu og húð), en hins vegar í það þunnri lausn, að samkvæmt reiknireglu í fylgiskjali 5 falli varan í hættuflokk Xn (Varúð-hættulegt) ætti að nota hættusetningar sem tilheyra þeim flokki og samsvara H23/24/25, þ.e.a.s. H20/21/22 (Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku). Auk þess þyrfti að athuga hvort H36/38 ætti við.
2. Séu hættusetningar fleiri en fjórar, eftir að búið er að velja þær setningar sem við eiga, er oft unnt að sleppa þeim setningum sem vísa á minnstu hættuna, en gæta ber þess að draga ekki úr áhrifum viðvörunarinnar í heild.
3. Óþarft er að rita sérstaklega þá hættusetningu sem er eins og flokksheiti undir varnaðarmerki. Sé varan t.d. merkt með varnaðarmerki C, stendur flokksheitið „Ætandi“ undir merkinu. Hættusetningunni H34 (Ætandi) má þá sleppa, komi hún fyrir.

Varnaðarsetningar

Við endanlegt val á varnaðarsetningum skal taka mið af þeim hættusetningum, sem valdar hafa verið skv. lið 1 hér að framan og tilætluðum notum vörunnar.

1. Varnaðarsetningum, sem eru augljósar miðað við hættusetningar, er alla jafna sleppt, nema til að undirstrika sérstaka hættu. Sé varan t.d. ertandi (Xi) og ein af hættusetningunum er H38 (Ertir húð), er varnaðarsetningin V24 (Varist snertingu við húð) augljós og því sleppt, svo fremi efnið sé ekki ætlað til nota í úðunarílát.
2. Sumar varnaðarsetningar eru afar mikilvægar fyrir efni og efnavörur til almenningsnota, t.d. varnaðarsetningin V2 (Geymist þar sem börn ná ekki til). Aðrar setningar skipta meira máli ef varan er ætluð til iðnaðarnota. Varnaðarsetningar ber því að velja af kostgæfni og miða við væntanlega meðferð og notkun vörunnar.

Fylgiskjal 7**Flokkun og merking efnavöru. Dæmi**

Hér á eftir er sýnt dæmi um það hvernig unnt er að reikna út hættuflokkun á samsettri efnavöru og velja viðeigandi hættu- og varnaðarsetningar út frá upplýsingum um skaðsemi þeirra efnisþátta sem eru í vörunni og þeirra reiknireglna sem gefnar eru í fylgiskjali 5.

1. Samsetning efnavörunnar og hættuflokkar efnisþáttanna

Efnavaran er hreinsiefni til iðnaðarnota og inniheldur ýmis skaðleg efni. Blossamark vörunnar er 51°C og eðlismassi 0,9.

Nafn efnisþáttar	Magn%		Hættuflokkar efnisþátta ásamt hættu- og varnaðarsetningum	
White Spirit (<10% arómöt)	61		H-10	
1,1-dímetyletanól (tert-bútanól)	11	F+Xn	H-11-20	V-9-16
2-bútoxíetanól (bútýlglykól)	11	Xn	H-20/21/22-37	V-24/25
1,1,1-tríklóretan (metýlklóróform)	6	Xn	H-20-48	V-24/25
kalsíumhýdroxíð	11	C	H-34	V-26-37/39

2. Flokkun efnavörunnar:

a) Sterkt eitur (Tx)?

Í efnavörunni eru engin efni sem eru flokkuð sem sterkt eitur (Tx). Varan lendir því ekki í þeim flokki.

b) Eitur (T)?

Ekkert sterkt eitur (Tx) eða eitur (T) er í vörunni. Varan lendir því ekki í þessum flokki.

c) Varúð-hættulegt (Xn)?

Efnavaran flokkast sem Varúð-hættulegt (Xn) ef $S(P \times I_2) > 100$. Stuðullinn I_2 er í þessu tilfalli 10. Styrkur efna í flokknum Xn er 11% fyrir 1,1-dímetyletanól, 11% fyrir 2-bútoxíetanól og 6% fyrir 1,1,1-tríklóretan:

$$S(P \times I_2) = 11 \times 10 + 11 \times 10 + 6 \times 10 = 280$$

Þar sem summan er stærri en 100, flokkast efnavaran sem Varúð-hættulegt (Xn).

d) Ætandi (C)?

Efnavaran flokkast sem ætandi ef $SP/R_c > 1$. Stuðullinn R_c er 5. Styrkur kalsíumhýdroxíðs er 11%:

$$S P/R_c = 11/5 = 2,2$$

Þar sem summan er stærri en 1, flokkast varan sem ætandi (C).

e) Ertandi (Xi)?

Efnavaran flokkast sem ertandi (Xi) ef $SP/R_{xi} > 1$. Stuðullinn R_{xi} er 1 fyrir ætandi efni og 10 fyrir ertandi.

$SP/R_{xi} = 11/1 = 11$

Þar sem summan er stærri en 1 er efnavaran ertandi (Xi).

f) Sprengifimt (E)?

Engin sprengiefni eru í vörunni og engin ástæða til að ætla að varan sé sprengifim.

g) Eldnærandi (O)?

Engin eldnærandi efni eru í vörunni og ekki ástæða til að ætla að varan sé eldnærandi.

h), i), j) Mjög eldfimt (Fx), Eldfimt (F), eldfimt?

Blossamark vörunnar er 51°C, sem er það hátt að hættusetningin H10, eldfimt, dugir til að vara við eldhættu.

3. Val á varnaðarmerki

Varnaðarmerkin Xi og Xn víkja fyrir C. Þó aðeins sé notað varnaðarmerki C, koma hættu- og varnaðarsetningar sem tilheyra Xi og Xn, sjá 4. lið.

Ekkert sérstakt varnaðarmerki fylgir efnum með blossamark 21°C-55°C, heldur nægir hættusetningin H10: Eldfimt. Í því tilfelli er þó heimilt að nota varnaðarmerki G þar sem í stað „Varúð – lesið varnaðarorð“ kemur orðið „Eldfimt“ á appelsínugula flötinn.

4. Val á hættu- og varnaðarsetningum

1. Eftirfarandi hættu- og varnaðarsetningar tengjast þeim efnum, sem valda flokkuninni Varúð-hættulegt (Xn).

H 20: Hættulegt við innöndun
 H 20/21/22: Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku
 H 37: Ertir öndunarferi
 H 48: Hætta á heilsutjóni við langvarandi notkun
 V 9: Geymist á vel loftræstum stað
 V 24/25: Varist snertingu við húð og augu

2. Eftirfarandi hættu- og varnaðarsetningar tengjast þeim efnum sem ákvarða flokkunina Ætandi (C):

H 34: Ætandi
 V 26: Berist efnið í augu, skolið þá strax vandlega með miklu vatni og leitið lækni
 V 37/39: Notið viðeigandi hlífðarhanska og hlífðargleraugu/andlitsgrímu

3. Kalsíumhýdroxíð er eina efnið sem veldur flokkuninni Ertandi (Xi). H- og V-setningar tengdar því efni eru þegar komnar í 2. lið.

4. Þær H- og V- setningar sem tengjast eldfimi eru:

H 10: Eldfimt
 H 11: Mjög eldfimt
 V 9: Geymist á vel loftræstum stað
 V 16: Haldið frá hitagjöfum – Reykingar bannaðar

Úr þessum fjölda þarf að velja þær hættu- og varnaðarsetningar sem eiga best við vöruna í því formi sem hún er seld og miðað við þá meðferð og notkun sem hún er ætluð til, sbr. fylgiskjal 6:

H-setningar

Ætandi eiginleiki vörunnar kemur fram í H34 (Ætandi). Þar sem varnaðarmerki C verður notað á vöruna, stendur orðið ÆTANDI undir merkinu. Því er óþarft að endurtaka það. Hættusetningar tengdar flokkuninni „Varúð-hættulegt“ (Xn) eru H20, H20/21/22, H37 og H48. Þær þurfa allar að koma fram, nema H20, sem er innbyggð í H20/21/22. Vel er séð fyrir ertandi eiginleika vörunnar með H34 og H37. Blossamark liggur á milli 21°C og 55°C og hættusetningin H10 lýsir því nægjanlega.

V-setningar

Hættusetningin H21 (sem hluti af H20/21/22) gerir V24 sjálfgefna og því óþarft að nefna hana sérstaklega. Varnaðarsetningin V25 (varist snertingu við augu) hefur enga samsvörun í þeim H-setningum sem hafa verið valdar og ætti því að fylgja með. Hins vegar gengur V26 enn lengra en V25 sem má þá fella brott þegar V26 er notuð. V37/39 hefur enga samsvörun í H-setningunum og því nauðsynleg. V9 og V16 þurfa að vera með, þar sem gera má ráð fyrir geymslu vörunnar í stórum geymslum og miklum notum í iðnaði.

5. Niðurstaða

Eftirfarandi varnaðarmerki, hættu- og varnaðarsetningar þurfa þá að koma fram á vörunni.

Varnaðarmerki:

C (Ætandi) og G (Eldfimt, sem kemur í stað textans „Varúð-lesið varnaðarorð“)

Hættusetningar:



H 20/21/22	Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku
H 37	Ertir öndunarfæri
H 48	Hætta á heilsutjóni við langvarandi notkun
H 10	Eldfimt (sett í varnaðarmerki G)

Varnaðarsetningar:

V 26	Berist efnið í augu, skolið þá strax vandlega með miklu vatni og leitið lækni
V 37/39	Notið viðeigandi hlífðarhanska og hlífðarglæraugu/andlitsgrímu
V 9	Geymist á vel loftræstum stað
V 16	Haldið frá hitagjöfum – Reykingar bannaðar

Þar sem efnið er einungis ætlað til iðnaðarnota, er varnaðarsetningin V2 óþörf (Geymist þar sem börn ná ekki til). Ef varan yrði sett á almennan markað þyrfti hins vegar þessi varnaðarsetning að fylgja með.

6. Umbúðamerking

 <p>AETANDI</p>	<p>HREINSIR</p> <p>Inniheldur:</p> <p>White Spirit (< 10% arómöt)</p> <p>1,1-dímetýletanól</p> <p>2-bútoxiétanól</p> <p>1,1,1-tríklóretan</p> <p>Kalsíumhýdroxíð</p>	 <p>ELDFIMT</p>
<p>Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku Ertir öndunarfæri Hætta á heilsutjóni við langvarandi notkun Berist efnið í augu, skolið þá strax vandlega með miklu vatni og leitið lækni Notið viðeigandi hlífðarhanska og hlífðargleraugu/andlitsgrímu Geymist á vel loftræstum stað Haldið frá hitagjöfum – Reykingar bannaðar</p>		
<p>FRAMLEIÐANDI/INNFLYTJANDI – Nafn og heimilisfang</p>		

Athugið að rýmið sem ætlað er fyrir merkingu fer eftir rúmfangi vörunnar og varnaðarmerki þarf hvort um sig að vera a.m.k. tíundi hluti þess rýmis. Sjá auk þess IV. kafla, 1.tl. gr.12.1, varðandi þau prósentumörk sem miðað er við þegar innihald vörunnar er gefið upp.

Nr. 237

31. maí 1990

STARFSREGLUR

fyrir flugeftirlitsnefnd.

1. gr.

Nefndin heitir „Flugeftirlitsnefnd“, á ensku „Aviation Service Inspection“.

Flugeftirlitsnefnd heyrir stjórnarfarslega beint undir samgönguráðherra.

Samgönguráðherra skipar formann sérstaklega, en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

Samgönguráðherra lætur nefndarmönnum í té persónuskilríki til sönnunar um réttarstöðu og heimildir þeirra í störfum.

Öll mál, sem nefndin og starfsmenn hennar fjalla um, skal farið með sem trúnaðarmál.

2. gr.

Flugeftirlitsnefnd heldur fundi eigi sjaldnar en tvisvar hvern mánuð. Formaður flugeftirlitsnefndar boðar fundi og stjórnar þeim.

Flugeftirlitsnefnd heldur gerðarbók um störf sín.

3. gr.

Flugeftirlitsnefnd hefur á hendi eftirlit með þjónustu flugrekenda, sem leyfi hafa til reglubundinna áætlunarferða á flugleiðum innanlands og milli Íslands og annarra landa.

4. gr.

Flugeftirlitsnefnd skal fylgjast með því, að leyfishafar virði þau ákvæði um far- og farmgjöld, sem stjórnvöld setja á hverjum tíma.

Eftirlit með far- og farmgjöldum leyfishafa skal unnið í samráði við Verðlagsstofnun.

Leyfishafar skulu senda flugeftirlitsnefnd ársfjórðungslega far- og farmgjaldskrár sínar og oftár, ef nefndin æskir þess. Einnig skulu leyfishafar senda nefndinni endurskoðaða ársreikninga.

5. gr.

Flugeftirlitsnefnd skal fara yfir áætlunardrög leyfishafa fyrir hvert áætlunartímabil og meta hvort þau fullnægi flutningsþörf á viðkomandi leið og senda samgönguráðherra umsögn.

Nefndin skal hafa eftirlit með því að leyfishafi fylgi samþykktri áætlun og haldi uppi föstum áætlunarferðum í samræmi við hana.

Eftirlit samkvæmt þessari grein skal framkvæmt í samvinnu við Flugmálastjórn.

Leyfishafar skulu senda nefndinni ársfjórðungslega upplýsingar á sérstaklega útbúnum eyðublöðum, um tölu farþega, fjölda ferða, póst- og vöruflutninga og aðrar upplýsingar, sem máli skipta að mati nefndarinnar.

6. gr.

Flugeftirlitsnefnd skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu hvers kyns rökstuddar kvartanir um þjónustu leyfishafa og gera tillögur til ráðherra um úrbætur, áminningar og leyfissviptingar.

Ráðherra getur falið nefndinni að gera athugasemdir og áminna leyfishafa.

7. gr.

Flugeftirlitsnefnd skal árlega gera skýrslu um störf sín og senda samgönguráðherra.

8. gr.

Ríkissjóður greiðir allan kostnað af störfum flugeftirlitsnefndar.

9. gr.

Starfsreglur þessar eru settar með heimild í 188. gr. laga nr. 34, 21. maí 1964 um loftferðir, sbr. grein 2.3 í reglugerð nr. 580/1989, sem er breyting á reglugerð nr. 381/1989 um flugrekstur og taka þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 31. maí 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Halldór S. Kristjánsson.

REIKNINGUR**Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins árið 1989.****Stofnfjárdeild (10 RV)**

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1989:		
Innstæða á hlr. 35209 í Seðlabanka Íslands		1 786 142
Vaxtatekjur		110 047
Endurgreiðslur frá deildum:		
Vegna launa	1 096 617	
Vegna kostnaðar	239 104	1 335 721
		<u>3 231 910</u>

Gjöld:

Skuldir 1. janúar 1989:		
Viðskiptamenn		122 913
Laun allra deilda	1 996 894	
Opinber gjöld	131 031	
Auglýsingar	159 800	
Ýmis kostnaður	80 304	2 368 029
		<u>2 368 029</u>
Eignir 31. desember 1989:		
Viðskiptamenn	28 455	
Innstæða á hlr. 35209 í Seðlabanka Íslands	712 513	740 968
		<u>740 968</u>
		<u>3 231 910</u>

Reikningur v/gjalds á útfluttan ísfisk (20 RV)

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1989:		
Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35373	595 059	
Hlr. 852037 SDR 279 310,68 á 61,944	17 301 621	17 896 680
Vaxtatekjur	147 374	
Gengisuppfærsla	962 628	1 110 002
		<u>1 110 002</u>
		<u>19 006 682</u>

Gjöld:

Ráðstafað til freðfiskdeildar	10 989 548	
Ráðstafað til saltfisksdeildar	7 338 910	
Ráðstafað til skreiðardeildar	489 261	18 817 719
		<u>18 817 719</u>

Eignir 31. des. 1989:

Innstæður í Seðlabanka Íslands:		
Hlr. 35373	(2.083)	
Hlr. 852037 SDR 2 378,18 á 80,3327	191 046	188 963
		<u>188 963</u>
		<u>19 006 682</u>

**Deild fyrir frystar afurðir
Freðfiskur (30 RV)**

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1989:		
Inneign í Seðlabanka Íslands:		
Hlr. 852021 SDR 164 676,57 á 61,944		10 200 725
<hr/>		
Tekjur af gámagjaldi	10 989 548	
Vaxtatekjur	2 145 384	
Gengisuppfærsla	5 538 482	18 673 414
<hr/>		
Skuldir 31. desember 1989:		
Yfirdráttur á hlr. 35217 í Seðlabanka Íslands		1 026 602 126
		<hr/> 1 055 476 265 <hr/>

Gjöld:

Skuldir 1. janúar 1989:		
Yfirdráttur á hlr. 35217 í Seðlabanka Íslands		
		363 769 370
Verðbætur	662 832 756	
Stjórnarlaun	466 063	
Launatengd gjöld	28 755	
Ýmis kostnaður	96 899	663 424 473
<hr/>		

Eignir 31. desember 1989:		
Inneign á hlr. 852021 í Seðlabanka Íslands		
SDR 352 066,11 á 80,3327		28 282 422
		<hr/> 1 055 476 265 <hr/>

Humar (31 RV)

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1989:		
Innstæða í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35292		
Hlr. 852029 SDR 2 921 339,62 á 61,944	48 952	
	180 959 706	181 008 413
<hr/>		
Vaxtatekjur	19 627 706	
Gengisuppfærsla	53 705 973	73 333 679
		<hr/> 254 342 092 <hr/>

Gjöld:

Ýmis kostnaður		
		13 930
Eignir 31. desember 1989:		
Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35292		
Hlr. 852029 SDR 3 165 963,72 á 80,3327	(2 252)	
	254 330 414	254 328 162
		<hr/> 254 342 092 <hr/>

Hörpudiskur (32 RV)

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1989:		
Innstæða á hlr. 852031 í Seðlabanka Íslands SDR 195 187,79		
á 61,944		12 090 712
Vaxtatekjur	2 086 972	
Gengisuppfærsla	5 400 664	7 487 636

Skuldir 31. desember 1989:		
Yfirdráttur á hlr. 35314 í Seðlabanka Íslands		34 761 274
		<u>54 339 622</u>

Gjöld:

Skuldir 1. janúar 1989:		
Yfirdráttur á hlr. 35314 í Seðlabanka Íslands		5 214 639
Gjöld vegna verðbóta	27 813 513	
Ýmis kostnaður	12 336	27 825 849
Eignir 31. desember 1989:		
Innstæða á hlr. í 852031 í Seðlabanka Íslands		
SDR 265 136,53 á 80,3327		21 299 134
		<u>54 339 622</u>

Rækja (33 RV)

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1989:		
Inneignir í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35276	3 830 139	
Hlr. 852027 SDR 6 979 712,99 á 61,944	432 351 341	
Skuldabréf	11 360 709	447 542 189
Verðhækkunartekjur	12 433 153	
Vaxtatekjur	34 596 362	
Gengisuppfærsla	100 285 599	147 315 114
Skuldir 31. desember 1989:		
Viðskiptamenn		2 771 608
		<u>597 628 911</u>

Gjöld:

Skuldir 1. janúar 1989:		
Viðskiptamenn		271 608
Gjöld vegna verðbóta	344 190 545	
Ferðakostnaður	5 972	
Ýmis kostnaður	15 468	344 211 985

Eignir 31. desember 1989:

Inneign í Seðlabanka Íslands:

Hlr. 852027 SDR 3 009 790,64 á 80,3327	241 784 609	
Skuldabréf.	11 360 709	253 145 318
		<hr/>
		597 628 911

Skelrækja (34 RV)

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1989:

Innstæða á hlr. 30357 í Seðlabanka Íslands		72
Vaxtatekjur	4	
Gengisuppfærsla	9	13
		<hr/>
		85

Gjöld:

Eignir 31. desember 1989:

Innstæða í Seðlabanka Íslands

Hlr. 35357	(2)	
Hlr. 852035 SDR 1,08 á 80,3327	87	85
		<hr/>
		85

Deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja (mjöl og lýsi)**Fiskimjöl (40 RV)**

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1989:

Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35268	10 903	
Hlr. 852026 SDR 4 560,33 á 61,944	282 485	293 388
		<hr/>
Vaxtatekjur	31 698	
Gengisuppfærsla	85 174	116 872
		<hr/>
		410 260

Gjöld:

Eignir 31. desember 1989:

Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35268	–	
Hlr. 852026 SDR 5 107,01 á 80,3327	410 260	410 260
		<hr/>
		410 260

Síldarmjöl og -lýsi (41 RV)

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1989:

Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35233	4 244	
Hlr. 852023 SDR 247 194,54 á 61,944	15 312 219	15 316 463
		<hr/>
Vaxtatekjur	1 660 649	
Gengisuppfærsla	4 543 835	6 204 484
		<hr/>
		21 520 947

Gjöld:

Stjórnarlaun	58 121	
Launatengd gjöld	3 586	
Ýmis kostnaður	5 506	67 213
		<hr/>

Eignir 31. desember 1989:

Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35233	(195)	
Hlr. 852023 SDR 267 063,46 á 80,3327	21 453 929	21 453 734
		<hr/>
		21 520 947
		<hr/>

Loðnumjöl og -lýsi (42 RV)

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1989:

Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35225	214	
Hlr. 852022 SDR 61,944	709 227	709 441
		<hr/>

Vaxtatekjur	80 765	
Gengisuppfærsla	209 879	290 644
		<hr/>
		1 000 085
		<hr/>

Gjöld:

Stjórnarlaun	58 121	
Launatengd gjöld	3 586	
Ýmis kostnaður	5 506	67 213
		<hr/>

Eignir 31. desember 1989:

Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35225	(9)	
Hlr. 852022 SDR 11 612,71 á 80,3327	932 881	932 872
		<hr/>
		1 000 085
		<hr/>

Spærings- og kolmunnamjöl (43 RV)

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1989:

Innstæður í Seðlabanka Íslands Hlr. 35330	851	
Hlr. 852033 SDR 51 179,29 á 61,944	3 170 250	3 171 101
		<hr/>

Vaxtatekjur	339 372	
Gengisuppfærsla	940 885	1 280 257
		<hr/>
		4 451 358
		<hr/>

Gjöld:

Eignir 31. desember 1989:

Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35330	(39)	
Hlr. 852033 SDR 55 412,01 á 80,3327	4 451 397	4 451 358
		<hr/>
		4 451 358
		<hr/>

**Deild fyrir saltfiskafurðir.
Saltfiskur, óverkaður (50 RV)**

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1989:		
Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35241	238 694	
Hlr. 852024 SDR 8 310 189,00 á 61,944	514 766 347	515 005 041
Tekjur af gámagjaldi	7 338 910	
Vaxtatekjur	42 302 262	
Gengisuppfærsla	126 297 119	175 938 291
		690 943 332

Gjöld:

Verðbætur	587 949 895	
Stjórnarlaun	294 990	
Launatengd gjöld	18 201	
Ýmis kostnaður	68 256	588 331 342

Eignir 31. desember 1989:		
Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35241		
Hlr. 852024 SDR 1 277 337,74 á 80,3327	102 611 990	102 611 990
		690 943 332

Saltfiskur, verkaður (51 RV)

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1989:		
Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35322	3 988	
Hlr. 852032 SDR 1 575,07 á 61,944	97 566	101 554
Vaxtatekjur	10 786	
Gengisuppfærsla	29 444	40 230
		141 784

Gjöld:

Eignir 31. desember 1988:		
Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35322	(183)	
Hlr. 852032 SDR 1 767,25 á 80,3327	141 967	141 784
		141 784

Saltsíldardeild (60 RV)

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1989:		
Innstæða í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35306	288	
Hlr. 852030 SDR 8 895,16 á 61,944	551 002	551 290
		<hr/>
Vaxtatekjur	58 996	
Gengisuppfærsla	162 494	221 490
		<hr/>
		772 780

Gjöld:

Stjórnarlaun	100 888	
Launatengd gjöld	6 225	114 501
Ýmis kostnaður	7 388	
		<hr/>

Eignir 31. desember 1989:

Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35306	(-)	
Hlr. 852030 SDR 8 194,40 á 80,3327	658 279	658 279
		<hr/>
		772 780

Skreiðardeild (70 RV)

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1989:		
Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35284	3 897	
Hlr. 852028 SDR 214 090,46 á 61,944	13 261 619	13 265 516
		<hr/>
Verðhækkunartekjur	7 630 572	
Tekjur af gámagjaldi	489 261	
Vaxtatekjur	1 561 155	
Gengisuppfærsla	4 017 496	13 698 484
		<hr/>
		26 964 000

Gjöld:

Stjórnarlaun	118 435	
Launatengd gjöld	7 307	
Ýmis kostnaður	13 815	139 557
		<hr/>

Eignir 31. desember 1989:

Innstæður í Seðlabanka Íslands: Hlr. 35284	940 586	
Hlr. 852028 SDR 322 208,23 á 80,3327	25 883 857	26 824 443
		<hr/>
		26 964 000

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins 1989

Skýring 1:

Hinn 23. desember 1981 gaf Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsværsmiðja, út skuldabréf til Seðlabanka. Skuldabréfið var að fjárhæð kr. 42 000 000, gengistryggt, að hálfu miðað við Bandaríkjadóllar en að hálfu miðað við sterlingspund, og tryggt með einfaldri ábyrgð ríkissjóðs. Það átti að endurgreiðast hinn 10. janúar 1984. Í bréfinu var ákvæði þess efnis, að yrði höfuðstóll deildar þessarar jákvæður eftir 1. desember 1982 skyldi sá jákvæði höfuðstóll þá þegar greiðast sem afborgun lánsins. Vegna ábyrgðar ríkissjóðs leysti Ríkisábyrgðasjóður til sín skuld samkvæmt skuldabréfi þessu ásamt áföllnum vöxtum hinn 31. desember 1986, samtals kr. 230 455 356. Sú fjárhæð stendur í bókum Ríkisábyrgðasjóðs sem krafa á hendur Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins.

Skýring 2:

Á árinu 1988 veitti Seðlabanki Íslands Verðjöfnunarsjóði, deild fyrir frystar afurðir, 800 millj. kr. lán. Lánið var í formi yfirdráttar, er standa mátti til ársloka 1989, en greiðist þá ásamt vöxtum með skuldabréfi til 3 ára með endurgreiðsluábyrgð ríkissjóðs.

Með yfirlýsingu dags. 13. október 1988 er tekið fram, að hámark skuldar á hlaupareikningum megi vera sem hér segir:

	kr.
Hlr. 35217 vegna freðfisks	750 000 000
Hlr. 35314 vegna hörpudisks	50 000 000
	<hr/>
	800 000 000

Jafnframt er í yfirlýsingu þessari tekið fram, að yfirdráttarskuldin, eins og hún er á hverjum tíma, sé bundin kaupgengi SDR eins og það er skráð á þeim degi, er til skuldar er stofnað.

Á árinu 1989 var lánsheimild, sú sem að ofan greinir, hækkuð úr 800 í 1200 millj.kr. Viðbótarheimildin 400 millj.kr. skiptist þannig, að 350 millj.kr. skyldu vera vegna freðfisks (hlr. 35217) en 50 millj.kr. vegna hörpudisks (hlr. 35314). Í árslok 1989 var yfirdráttur á ofangreindum reikningum sem hér segir:

	kr.
Hlr. 35217	1 026,6 millj.
Hlr. 35314	34,8 millj.
	<hr/>
	1 061,4 millj.

Framanrituð greiðslufirlit Verðjöfnunarsjóðs 1989 höfum við endurskoðað. Innstæður og skuldir sjóðsins í árslok 1989 hafa verið sannreyndar. Að okkar áliti gefa yfirlitin skýra mynd af innborgunum og útborgunum sjóðsins á árinu að teknu tilliti til meðfylgjandi skýringa með þeim.

Reykjavík, 27. apríl 1990.

Stefán Svavarsson,
löggiltur endurskoðandi.

Gunnlaugur Arnórsson,
aðalendurskoðandi
Seðlabanka Íslands.

Reykjavík, 16. maí 1990.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins

Árni Kolbeinsson, formaður.

SAMÞYKKT**um gatnagerðargjöld í Skeiðahreppi.**

1. gr.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkun eldri húsa á lóðum Skeiðahrepps á Brautarholts-
svæðinu skal greiða gatnagerðargjöld – gatnagerðargjöld A – til sveitarsjóðs samkvæmt
gjaldskrá þessari. Gatnagerðargjaldið er framlag lóðarhafa til að undirbyggja götu með
tilheyrandi lögnum.

2. gr.

Gatnagerðargjaldið skal vera 1.5% byggingarkostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er
hverju sinni á vísitöluhúsi samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands.

Við álagningu gatnagerðargjalds skal miða við stærð húss samkvæmt samþykktum
upprætti.

3. gr.

Gjald samkvæmt 2. gr. skal reikna miðað við byggingarkostnað vísitöluhússins eins og
hann kann að vera þann dag, þegar teikning er endanlega samþykkt í byggingarnefnd.

4. gr.

Gatnagerðargjald skal greiða að fullu innan tveggja mánaða frá því hreppsnefnd veitir
byggingarleyfi, nema um annað sé samið.

5. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt
vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, og tekur einnig til váttryggingarfjár
hennar.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Skeiðahrepps í Árnassýslu,
staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi
þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. maí 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 36 – 1990

1. júní 1990

661

Nr. 240

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1990.

1. gr.

Lyfsöllum, lyfjagerðum, lyfjaheildsöllum, læknum, dýralæknum og sveitarfélögum með lyfjasölu, og öðrum lyfjaeftirlitsþegum ber að greiða eftirlitsgjald fyrir árið 1990, vegna lyfjaeftirlits, sbr. 52. og 53. gr. lyfjalaga, nr. 108, 14. nóvember 1984. Gjaldið er sem hér segir:

	Kr.		Kr.
I. flokkur	170 000	VI. flokkur	330 000
II. flokkur	150 000	VII. flokkur	236 000
III. flokkur	130 000	VIII. flokkur	170 000
IV. flokkur	101 000	IX. flokkur	43 000
V. flokkur	71.000		

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

I. flokkur:

Apótek Austurbæjar
Ingólfs Apótek
Kópavogs Apótek
Reykjavíkur Apótek
Stjörnu Apótek

II. flokkur:

Borgar Apótek
Háaleitis Apótek
Hafnarfjarðar Apótek
Holts Apótek
Lyfjabúðin Þúnn
Keflavíkur Apótek
Vesturbæjar Apótek

III. flokkur:

Akureyrar Apótek
Apótek Breiðholts
Garðs Apótek
Laugarnesapótek
Laugavegs Apótek
Selfoss Apótek

IV. flokkur:

Akraness Apótek
Apótek Garðabæjar
Apótek Vestmannaeyja
Árbæjar Apótek
Borgarness Apótek
Húsavíkur Apótek
Ísafjarðar Apótek
Lyfjaberg
Nesapótek, Seltjarnarnesi
Norðurbæjar Apótek

V. flokkur:

Apótek Austurlands
Apótek Blöndóss
Apótek Ólafsvíkur
Dalvíkur Apótek
Egilsstaða Apótek
Grindavíkur Apótek
Hafnar Apótek
Mosfells Apótek
Nes Apótek, Neskaupstað
Patreks Apótek
Rangár Apótek
Sauðárkróks Apótek
Siglufjarðar Apótek
Stykkishólms Apótek
Ölfus Apótek

3. gr.

Lyfjagerðum og -heildsöllum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

VI. flokkur:

Delta hf.
Lyfjaverzlun ríkisins
Pharmaco hf.
Stefán Thorarensen hf.

VII. flokkur:

G.Ólafsson hf.
Lyf hf.
Medico hf.
Tóro hf.

VIII. flokkur:

Ásgeir Sigurðsson hf.
Farmasía hf.
Gróco hf.
H. Ólafsson & Bernhöft

4. gr.

Dýralæknar, sem annast lyfjasölu, sbr. 58. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982, læknar og sveitarfélög, sem annast lyfjasölu, sbr. 4. gr. reglugerðar um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa nr. 27/1983, skulu greiða eftirlitsgjald samkv. IX. flokki.

5. gr.

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús og aðrar stofnanir, sem hafa lyf undir höndum. Skulu þá deildarskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald samkv. II. flokki, en önnur sjúkrahús og stofnanir samkv. IX. flokki.

6. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjaldsins er 1. júlí 1990. Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, ef eigi hefur verið greitt á eindaga. Gjaldið er lög-takskræft.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 108, 14. nóvember 1984, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júní 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson,

STJÓRNARTÍÐINDI B 37 – 1990

7. júní 1990

663

Nr. 241

REGLUGERÐ um bæjarveitur Vestmannaeyja.

I. KAFLI

Stjórn og rekstur.

1. gr.

Skilgreining.

Bæjarveitur Vestmannaeyja, skammstafað BV, er sjálfstætt fyrirtæki sem Vestmannaeyjabær á og starfrækir.

2. gr.

Markmið.

Tilgangur BV er að annast á veitusvæði sínu öflun, dreifingu og sölu raforku og varmaorku og aðra starfsemi sem því tengist. Einnig að sjá um rekstur vatnsveitu samkv. Reglugerð fyrir vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 148 árið 1961.

3. gr.

Veitusvæði, einkaréttur.

Veitusvæði BV er skipulagssvæði Vestmannaeyjakaupstaðar og sá hluti nágrennis þess sem bæjarstjórn ákveður og ráðherra samþykkir. BV hefir einkarétt til dreifingar og sölu á raforku og varmaorku á veitusvæði sínu.

4. gr.

Yfirstjórn.

Yfirstjórn BV er í höndum bæjarstjórnar Vestmannaeyjakaupstaðar en framkvæmdastjórn hennar skal falin stjórn ásamt veitustjóra.

5. gr.

Stjórn.

Stjórn skipa fimm menn, þar með talinn bæjarstjóri, sem er formaður stjórnar, og fjórir til vara sem kosnir eru af bæjarstjórn. Kjörtímabil hennar skal vera hið sama og bæjarstjórnar. Stjórnin skiptir að öðru leyti sjálf með sér verkum.

6. gr.

Ákvörðunartaka.

Stjórn er ákvörðunarbær þegar meirihluti hennar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi átt þess kost að fjalla um málið. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum.

7. gr.

Verksvið stjórnar.

Hlutverk stjórnar er:

- 1) að hafa eftirlit með að skipulag BV og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi,
- 2) að ákveða framkvæmdir á veitusvæðinu í samræmi við samþykktir bæjarstjórnar og ákvæði sveitarstjórnarlaga,
- 3) að semja verðskrá (gjaldskrá) fyrir BV og leggja hana fyrir bæjarstjórn,
- 4) að undirbúa samninga um orkukaup og orkusölu,
- 5) að semja fjárhagsáætlanir og leggja fyrir bæjarstjórn,
- 6) að ráða forstöðumenn aðaldeilda að fengnum tillögum veitustjóra,
- 7) að gefa bæjarstjórn þær skýrslur sem hún óskar eftir,
- 8) að semja nánari reglur um einstök framkvæmda atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist, og leggja þær fyrir bæjarstjórn til samþykktar.

8. gr.

Verksvið veitustjóra.

Bæjarstjórn ræður veitustjóra BV að fengnum tillögum stjórnar.

Veitustjóri annast allan daglegan rekstur og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn gefur.

Veitustjóri, ásamt formanni, undirbýr fundi. Boða skal til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. 24 tímum fyrir fund.

Veitustjóri situr fundi stjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Veitustjóri gerir tillögur til stjórnar um lausn verkefna skv. 7. gr.

Veitustjóri ræður aðra starfsmenn en þá sem taldir eru í 7. gr. 6. tl.

9. gr.

Reikningshald.

BV skal hafa sjálfstæðan fjárhag og sjálfstætt reikningshald. Reikningsár veitunnar er almanaksárið og skulu endurskoðaðir reikningar hennar fylgja reikningum sveitarfélagsins.

Verðskrá skal við það miðuð að eðlilegur afrakstur fáiast af því fjármagni sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan, með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum, tryggt notendum sínum næga orku/neysluvatn á hagkvæmasta verði.

Tekjum BV skal fyrst og fremst varið til að standa straum af nauðsynlegum rekstrarkostnaði og fjárfestingu þannig að öruggur rekstur veitunnar sé tryggður, þar með talin greiðsla afborgana og vaxta af skuldum hennar. Ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps skal ákveðin af bæjarstjórn að fengnum tillögum stjórnar.

II. KAFLI

Verðskrá – innheimta

10. gr.

Verðskrá.

Verð á orku/vatni skal ákveða í verðskrá.

Notandi skal greiða BV orku/vatnskaupin samkvæmt gildandi verðskrá á hverjum tíma. Við verðbreytingar skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hverrar verðskrár á því tímabili sem reikningurinn tekur til.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja setur BV verðskrá. Skal þar kveðið á um verð fyrir raforku, varmaorku, heimæðar, heitt og kalt vatn, gjalddaga, eindaga og innheimtu þessara gjalda, viðurlög við vanskilum og annað sem kemur gjaldtökunni við.

Heimilt er bæjarstjórn að ákveða, í verðskrá, að gjöld til BV skuli breytast í samræmi við vísitölu byggingakostnaðar eða eftir atvikum að hluta í samræmi við breytingu á olíuverði og verði raforku frá Landsvirkjun/Rarik.

Verðskráin skal lögð fyrir iðnaðarráðuneytið, til staðfestingar, og skal hún birt í B- deild Stjórnartíðinda.

Áætlun, álestur.

BV má grundvalla orku-/vatnsreikninga á áætlun um orkunotkun notanda, og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun, en í henni sé notkuninni jafnað niður á daga. Reikningar, sem byggjast á staðreyndri orkunotkun, nefnast álestrarreikningar en reikningar, sem byggjast á áætlaðri notkun, nefnast áætlunarreikningar.

Uppgjör.

Raunverulega orku-/vatnsnotkun skal staðreyna ekki sjaldnar en á u.þ.b. 12 mánaða fresti. Þegar notkun hefur verið staðreynd skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra. Notandi getur jafnan, gegn greiðslu aukagjalds, krafist aukaálestrar og uppgjör miðað við staðreynda notkun. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um notkun vegna nýrra forsendna.

Sending reikninga.

Reikninga skal senda orku-/vatnskaupanda á notkunarstað eða annan stað sem hann tiltekur.

Gjalddagi, eindagi.

Gjalddagi er við útgáfu reiknings. Eindagi er samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá hverju sinni.

Vanskilavextir.

Verði greiðslufall á reikningi, hvort sem um er að ræða áætlunar- eða álestrarreikning, hefur BV rétt til að áskilja sér og innheimta vanskilavexti sem reiknast frá þeim degi sem tilgreindur er í gjaldskrá hverju sinni.

11. gr.

Stöðvun orku-/vatnsafhendingar.

Sé reikningur ekki greiddur á eindaga, eða ef notandi vanefnir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari eða skriflegum samningi um orku-/vatnskaup, má BV stöðva afhendingu orku/vatns til notanda að undangenginni skriflegri viðvörðun sem sendist honum með minnst þriggja daga fyrirvara.

Innheimtuaðgerðir.

Vanskil á greiðslu áætlunarreikninga heimila BV sömu aðgerðir til innheimtu og stöðvunar á orku-/vatnsafhendingu og vanskil á álestrarreikningum. BV ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar stöðvunar.

Notandi með fleiri en eina veitu.

Beri kaupandi ábyrgð á orku-/vatnskaupum um fleiri en eina veitu (mæli) má stöðva afhendingu um hverja þeirra sem er, eða allar, vegna vanskila eða vanefnda í sambandi við eina þeirra.

Greiðsluskylda á lokunartíma.

Stöðvun orku-/vatnsafhendingar vegna vanskila hefur engin áhrif á greiðsluskyldu notanda á skuldum við BV né heldur greiðsluskyldu á fastagjaldi, aflgjaldi og tækjaleigu á lokunartíma.

Innheimtugjald.

BV hefur rétt til þess að krefja notanda um greiðslu kostnaðar við undirbúning að stöðvun orku-/vatnsafhendingar (lokun), ennfremur við framkvæmd lokunar, svo og opnun veitunnar.

Stöðvun orku-/vatnsafhendingar.

BV má stöðva orku-/vatnsafhendingu með hverjum þeim hætti sem henta þykir, með rofi í íbúð eða húsnæði notanda eða utanhúss. BV er ekki skylt að tilkynna notanda um sjálfa stöðvun orku-/vatnsafhendingarinnar enda sé ekki óeðlilega langur tími liðinn frá viðvörun um hana.

Opnun.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda skal, að jafnaði, ekki opnað aftur nema skuldin sé að fullu greidd og/eða trygging sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis.

Óleyfileg tenging veitu.

Enginn má rjúfa, né endurtengja veitu, nema þeir sem BV hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Óleyfilega tengda veitu má BV rjúfa fyrirvaralaust.

III. KAFLI

Rafveitukerfi – húsveitur og tenging þeirra.

12. gr.

Eigandi/notandi veitu.

Eigandi húsveitu, eða annarrar veitu, sem tengist rafveitukerfi BV, nefnist húseigandi (veitueigandi).

Kaupandi raforku, eða sá sem ber ábyrgð á greiðslu hennar, nefnist notandi.

13. gr.

Umsókn um heimtaug.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirrituð af húseiganda er skuldbindur sig til þess, með undirskrift sinni, að greiða heimtaugargjald það sem ákveðið er í verðskrá BV og að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá BV. Skal í umsókninni skýrt frá hve mikið afl þarf og til hvers það er ætlað. BV getur krafist þess að skrifleg greinargerð, byggð á tækniþekkingu, sé lögð fram varðandi áætlun um afl- og orkunotkun.

Kostnaður vegna aukningar veitukerfis.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða og BV þarf, til þess að fullnægja henni sérstaklega, að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiriháttar viðbætur á lágspennukerfi, er veitustjóra heimilt að gera umsækjanda að taka þátt í kostnaði.

Óvenjulegar aðstæður.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni þar sem hliðsjón er höfð af stofnkostnaði við framkvæmdir.

Lágmarksgjald.

BV er heimilt að krefjast lágmarksgjalds vegna notkunar um heimtaug.

Frosin jörð.

Heimilt er að krefja húseiganda um greiðslu aukakostnaðar vegna lagningar heimtaugar, að ósk hans, í frosna jörð.

Eigandi heimtaugar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign BV, enda þótt heimtaugargjald hafi verið greitt, nema um annað hafi verið sérstaklega samið.

Breyting á heimtaug.

BV annast viðhald og endurnýjun heimtauga sinna, án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytinga á húsi eða lóð. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu. Ef loftlínuheimtaug er breytt í jarðstrengsheimtaug skal húseigandi greiða kostnaðarmun sem ákveðinn er í verðskrá.

14. gr.

Rafverktakaleyfi.

Veitustjóri eða rafverktakaleyfisnefnd veitir þeim rafverktaka leyfi sem fullnægja skilyrðum og skilmálum BV.

Heimild til vinnu við raforkuvirki.

Skylt er að láta löggilta rafverktaka og/eða BV, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir, breytingar eða viðgerðir á raflögnum eða raftækjum sem tengjast eiga eða tengd eru við húsveituna. Aðrir mega ekki taka ábyrgð á né vinna nokkurt slíkt verk.

Upplýsingaskylda.

Löggiltir rafverktakar eru skyldir til að veita BV upplýsingar um húsveitur og raftæki sem þeir vinna við og bera ábyrgð á.

15. gr.

Úttekt.

BV annast úttekt og skoðun á raflögnum skv. reglugerð Rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki, svo og skv. beiðni eða að eigin frumkvæði.

Greiðsla fyrir skoðun.

BV getur gert eiganda veitu að greiða kostnað þeirra verka sem veitan innir af hendi við úttekt raflagna, skoðunargerðir og annað eftirlitsstarf sitt.

Spennusetning.

Engir aðrir en umboðsmenn BV mega setja spennu á veitu eða hluta af veitu í fyrsta sinn eftir úttekt. Sé út af þessu brugðið varðar það þann sektum sem verkið er unnið fyrir, þann sem setur spennu á veituna og hinn löggilta rafverktaka er um verkið sá.

Ábyrgð.

BV tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingum.

16. gr.

Húsveitur.

Sérhver húsveita, að meðtöldum neyslutækjum, skal fullnægja kröfum þeim sem settar eru í reglugerð Rafmagnseftirlits ríkisins og tæknireglum BV. Það sem ekki fullnægir þessum kröfum telst óleyfilegt. Efni í veitu eða tæki skal vera viðurkennt af sömu aðilum.

Stofntaugar.

Húseiganda er skylt að sjá um að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Gallar á veitu og tækjum.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin að þau starfi án þess að truflun valdi á ljósum eða annarri notkun.

Misbrest á þessu eða aðra galla á veitu eða tækjum skal húseigandi/notandi þegar í stað, og á sinn kostnað, láta löggiltan rafverktaka lagfæra.

Úrbætur á göllum.

Komi í ljós við skoðun húsveitu, sem framkvæmd er af BV, Rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafverktaka, að galli er á veitu eða tækjum skal eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta, á sinn kostnað, löggiltan rafverktaka gera við gallana.

Óleyfilegar tengingar.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum, eða sýnt hirðuleysi í meðferð eða viðhaldi veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu og er heimilt að gera eiganda að greiða þann kostnað sem aukið eftirlit með veitunni hefur í för með sér.

Aftenging veitu.

Veitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi, meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt.

Aðgangsréttur.

Starfsmenn BV eiga rétt til þess að hafa óhindraðan aðgang til skoðunar á veitum, jafnt fullgerðum sem ófullgerðum, hvort sem er:

til athugunar á öryggi þeirra, þ.m.t. neyslutæki,

til athugunar á mælitækjum og því hvort öll notkun komi rétt til mælis samkvæmt verðskrá,

til álestrar á mælitæki,

til lokunar vegna vanskila og til annarra þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru samkvæmt réttindum og skyldum BV.

Tengiskilyrði.

Setja má, í sérstakri reglugerð staðfestri af ráðherra, sérákvæði um nánari tæknileg tengiskilyrði.

17. gr.

Mælitæki.

BV setur upp nauðsynleg mælitæki og ákveður fjölda þeirra, tegund og staðsetningu. Mælitækin má ekki flytja til án samþykkis BV en hún getur krafist flutnings þeirra ef það þykir hentugra að dómi veitustjóra.

Notandi.

Notandi mælitækis er sá sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækjum og raforkunotkun veitunnar þar til hann lætur af notkun hennar og tilkynnir BV um það.

Viðhald.

BV annast venjulegt viðhald mælitækjanna á sinn kostnað en verði mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum er heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðhald eða endurnýjun þess.

Tækjaleiga.

Notandi greiðir leigu fyrir afnot mælitækja skv. verðskrá BV á hverjum tíma.

Greiðsluábyrgð.

Þar sem eitt mælitæki er sett fyrir sameiginlega notkun fleiri aðila ber notandi, sem skráður er fyrir mælitækinu, ábyrgð á greiðslum vegna hinnar sameiginlegu notkunar. Aðrir notendur bera hver um sig ábyrgð in solidum á greiðslum þessum með hinum skráða notanda.

Skráning notanda.

Breyting á skráningu notanda fyrir sameiginlegri notkun orku um mælitæki verður því aðeins gerð að allir notendur hinnar sameiginlegu notkunar fari fram á það skriflega.

Kostnaður við prófun.

Óski notandi að mælitæki verði prófað skal beiðni um það vera skrifleg. Reynist skekkja +/- 5% eða minni er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófun.

Mæliskekkja.

Ef fram kemur við prófun, sem BV framkvæmir, að mælitækið hafi mælt 5% of lítið eða þaðan af minna skal notandinn greiða það sem vanmælt var.

Endurgreiðsla.

Hafi tækið mælt 5% of mikið eða þaðan af meira skal endurgreiða notandanum mismuninn með frádrætti á næsta orkureikningi eða í reiðufé.

Endurgreiðslutímabil.

BV getur ekki krafist viðbótargreiðslu fyrir lengra tímabil en 1 ár og sama gildir um kröfu notanda til endurgreiðslu.

Endurreiknun orkunotkunar.

Við endurreiknun orkunotkunar skal taka tillit til fyrri notkunar viðkomandi aðila og annarra aðstæðna sem gefið gætu vísbendingu um það hvenær mælitækið bilaði. Eigi skal reikna vexti af umfram- eða vangreiðslum sem að framan greinir.

Véfanging á prófun mælitækis.

Ef notandi véfengir niðurstöður prófunar á mælitæki skal leita úrskurðar Rafmagnseftirlits ríkisins og er hann bindandi fyrir báða aðila.

Tilkynning um notendaskipti.

Hætti skráður notandi notkun skal hann, í tæka tíð, tilkynna það til BV, sem annast lokaálestur. Hafi eigi annar notandi sótt um að fá mælitækið skráð á sitt nafn skal loka því og eigi skal hefja orkusölu um tækið á ný fyrir en nafn og nafnúmer/kennitala nýs notanda hefur verið tilkynnt.

Notkun vegna galla á veitu.

Pótt raforkunotkun verði rakin til galla á veitu eða tækjum er BV ekki skylt að áætla frádrátt á reikningum notanda af þeim sökum.

Leiðrétting á reikningsfjárhæð.

Ef svo reynist að notkun hefur orðið meiri en álestur sýnir, eða álestur eða útreikningur á reikningsfjárhæð verði skakkur, áskilur BV sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er um hana.

Óleyfileg notkun.

Verði uppvíst að rafmagn sé notað á annan hátt en um er samið, eða að raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tengingu þannig að öll notkun komi ekki fram, skal BV áætla þá notkun sem fram hefir farið óleyfilega og skal notandi gjalda fyrir hana, eftir verðskrá, fyrir allan tímann sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar og þar til leiðrétt er.

Áætlun um notkun.

Ef ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni má við matið hafa hliðsjón af stærð á vörum þeim sem fyrir veitunni eru.

18. gr.

Innsigli.

Starfsmenn BV hafa heimild til að innsigla mælitæki, sem raforkukaup eru gerð um, svo sem kWh-mæla, straumspenna o.þ.h. Einnig mega starfsmenn BV innsigla hluta veitu sem ómæld orka fer um. Þessi innsigli mega engir aðrir rjúfa en starfsmenn BV. Önnur innsigli BV mega rafverktakar rjúfa að fengnu leyfi BV hverju sinni.

Hættuástand.

Ef skjótra aðgerða er þörf vegna hættuástands er heimilt að rjúfa innsigli en þá skal viðkomandi, eigi síðar en næsta virkan dag á eftir, tilkynna BV skriflega málsatvik.

Tilkynning.

Veiti notandi eða rafverktaki því athygli að innsigli sé rofið eða vantí er hann skyldur að tilkynna BV slíkt án tafar.

IV. KAFLI

Skilmálar fyrir raforkusölu.

19. gr.

Tímabil sölusamnings.

Upphaf og lok samnings um orkukaup eru við skráningu tilkynningar þess efnis hjá BV.

20. gr.

Umsókn um tengingu.

Skilyrði raforkusölu er að samþykkt hafi verið umsókn um tengingu viðeigandi húsveitu við veitukerfi BV.

21. gr.

Raforkusala.

BV selur raforku á orkuveitusvæði sínu, þar sem veitukerfi hennar nær til, með þeim skilmálum sem ákveðnir eru í reglugerð þessari, sérreglum um raforkuvirki á orkuveitusvæði hennar og verðskrá hennar á hverjum tíma.

Umsókn um raforkukaup.

BV getur krafist þess að hver sem óskar að gerast notandi raforku sæki um það skriflega og geri nána grein fyrir afl- og orkunotkun og til hverra nota raforkan sé ætluð, sbr. einnig 13. gr.

Takmörkuð flutningsgeta.

Á þeim stöðum í veitukerfinu þar sem flutningsgeta þess leyfir ekki umbeðið afl án sérstakra ráðstafana, ákveður veitustjóri nánari skilmála.

Rafhitun.

BV getur takmarkað sölu samkvæmt sérsökum töxtum vegna rafhitunar.

Sérstök spennistöð.

Ef BV telur nauðsynlegt að komið verði fyrir raforkuvirkjum á viðkomandi lóð, í því skyni að sala raforku geti farið þar fram, skal BV látin í té nauðsynleg lóð eða húsnæði fyrir spennistöð með sérstökum samningi, og nauðsynleg lóð eða aðstaða fyrir jarðstrengi, tengiskápa, stólpa og festur fyrir loftlínur, án endurgjalds. BV er heimilt að láta öðrum notendum í té raforku frá spennistöðinni. Kvöð um uppsetningu, og rekstur hennar og annarra raforkuvirkja, má þinglýsa á viðkomandi húseign.

Fjarliggjandi staðir.

Orkuafhendingu má binda því skilyrði að kostnaður vegna sérstakrar fjarlægðar sé greiddur af umsækjanda.

22. gr.

Rekstrartruflanir.

Stöðvun á rekstri, eða truflanir vegna bilunar eða takmarkana á raforkuvinnslu, hefur ekki í för með sér neina skaðabótaskyldu á hendur BV en koma skal á reglulegum rekstri aftur eins fljótt og auðið er. Notendur eiga ekki rétt til endurgreiðslu þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, sbr. þó síðustu mgr. 22. gr.

Spennubreyting.

BV ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum né afleiðingum af þeim né heldur af bruna eða slysum sem verða kunna af völdum rafmagns frá veitum rafmagnsnotanda.

Viðgerðir.

BV áskilur sér rétt til þess að taka rafmagn af veitu vegna viðgerða og viðhalds eða eftirlits þegar þörf gerist.

Lagning heimauga.

Meðan verið er að leggja heimaugar er BV heimilt að taka rafmagn af því svæði sem nauðsynlegt er til þess að framkvæma tengingar.

Takmörkun á orkuafhendingu.

Komi það fyrir að takmarka þurfi notkun á rafmagni um langan eða skamman tíma ákveður BV hvernig takmörkun skuli hagað.

Tilkynning um straumleysi.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrirfram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur BV þótt straumur hafi rofnað fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða aflgjald, eiga rétt á að fá sem svarar 1/300 hluta aflgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa. Þetta gildir ekki varðandi lokun vegna vanskila.

23. gr.

Umsaminn taxi.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á skv. tilteknum taxta (verðskrárlíð) BV, er bindandi fyrir hann í að minnsta kosti 1 ár. Þó getur veitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu.

Umsókn um taxtabreytingu.

Verði breyting á notkun, þannig að hún geti fallið undir annan taxta, skal umsókn um það send BV með eins mánaðar fyrirvara.

BV áskilur sér rétt til að segja upp sölu eftir tilteknum taxta með eins mánaðar fyrirvara ef í ljós kemur að notkunin á að falla undir annan taxta.

Ábyrgð notanda.

Notandi ber ábyrgð á notkun um þá veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til hann hættir notkuninni og hefur sagt henni upp með tilkynningu til BV með eðlilegum fyrirvara.

Notendaskipti, tilkynningarskylda.

Húseigandi er ábyrgur fyrir tilkynningu til BV um notendaskipti. Vanræki húseigandi þessa tilkynningarskyldu sína er heimilt að gera hann ábyrgan fyrir ógreiddri orkunotkun þess aðila er áður var notandi viðkomandi veitu.

**Almenn ákvæði um sölu á varmaorku,
húsveitur og tenging þeirra við hitaveitukerfið.**

V. KAFLI

24. gr.

Eigandi veitu.

Eigandi húsveitu, eða annarrar veitu sem tengist hitaveitukerfi BV, nefnist húseigandi (veitueigandi). Kaupandi varmaorku, eða sá sem ber ábyrgð á greiðslu hennar, nefnist notandi.

25. gr.

Utanhússlagnir og mælar.

BV sér um flutning vatns frá kyndistöð inn fyrir útvegg húss að mæli. Er BV eigandi þessara lagna og mæla. Efni og frágangur búnaðar skal vera samkvæmt tæknireglum BV.

26. gr.

Viðhaldsskylda.

BV annast allt viðhald og endurbætur á dreifikerfinu, tengingum og mælum og greiðir kostnað því samfara. Þó er rétt að endurkrefja húseigendur um kostnað vegna tjóns á kerfi eða mælum, sem rekja má til hirðuleysis eða mistaka þeirra.

27. gr.

Afnot varmaorku.

Sú varmaorka, sem BV lætur í té, er ætluð til upphitunar húsa og almennra heimilisnota. Heimild stjórnar BV og bæjarstjórnar þarf til annarrar notkunar varmaorkunnar.

Óheimilt er að taka vatn af hringrásarkerfinu.

28. gr.

Bótaskylda.

BV ber ekki ábyrgð á tjóni, sem leiða kann af rekstrartruflunum er verða vegna bilunar í tækjabúnaði eða dreifikerfi, vegna rafmagnstruflana, frosta eða náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika.

BV skal kappkosta að viðhalda nægilegu hitastigi og þrýstingi, en er þó ekki skaðabótaskyld, verði misbrestur á þessu.

29. gr.

Umsóknir.

Sækja skal skriflega um tengingu við veitukerfið á sérstökum eyðublöðum sem BV lætur í té.

Umsókn skal skila samtímis umsókn um byggingarleyfi og skal staðsetning inntaks greinilega mörkuð á uppdrætti, fylgja umsókn um byggingarleyfi.

Áður en úttekt er gerð á undirstöðum húss skal umsækjandi skila séruppdrætti á hitakerfi hússins í tvíriti til BV.

Umsókn um tengingu skal undirrituð af eiganda húss, eða fullgildum umboðsmanni hans, ásamt þeim pípulagningameistara sem verkið á að annast.

30. gr.

Tengingar hitalagna.

Uppdráttur skal gerður af sérmenntuðum verkfræðingi, tæknifræðingi, pípulagningameistara eða öðrum þeim sem hlotið hefur löggildingu til slíkra starfa, og ber hann ábyrgð á því að uppdráttur sé réttur og í samræmi við reglur þessar, sérteikningar BV, svo og aðrar reglur og lög sem gilda um byggingarmál.

31. gr.

Teikningar.

Uppdrættir skulu vera skýrir og greinilegir og gerðir á haldgóðan pappír. Stærð skal vera samkvæmt íslenskum staðli ÍST 1, þó ekki stærri en A1. Notuð tæki skulu vera samkvæmt ÍST 64.

32. gr.

Breytingar á eldri lögnum.

Ef uppdrættir af gömlum hitalögnum, sem breyta á, eru ekki til getur BV krafist þess, að þeir séu gerðir, eftir því sem nauðsynlegt er, og ber húseigandi allan kostnað af því.

33. gr.

Meistarar.

Löggiltir pípulagningameistarar hafa einir rétt til þess að annast hitalagnir. Þeir bera ábyrgð á að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, nánari fyrirmæli er kunna að verða sett og samþykktá uppdrætti.

Ef skipt er um meistara, meðan á verkinu stendur, skal það tilkynnt BV skriflega og lætur BV þá fara fram úttekt á þeim hluta verksins sem lokið er.

Óheimilt er að halda áfram verkinu fyrr en annar meistari hefur tekið við því.

34. gr.

Eftirlit.

BV annast eftirlit með því að hitalagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð þessa. Eftirlitsmaður BV skal hafa frjálsan aðgang að hitalögnum meðan á verki stendur. Húseiganda er skylt að láta honum í té allar upplýsingar er skipt geta máli um

upphitun hússins. Engar hitalagnir má hylja fyrr en að fengnu leyfi eftirlitsmanns BV. Getur hann stöðvað verkið þar til bætt hefur verið úr því sem áfátt kann að vera.

Ef vanrækt er að vinna verk sem BV hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, er BV þá heimilt að láta vinna það, sem þörf krefur, á kostnað viðkomandi aðila.

35. gr.

Dætur á heimæðum.

Óheimilt er að tengja dætur við heimæðar nema gegn skriflegu leyfi BV.

36. gr.

Tenging.

Eigendum húseigna í nýjum byggingarhverfum, þar sem dreifið BV verður lögð, er skylt að láta tengja þau hitaveitukerfinu. Sama gildir um eldri íbúðarhverfi, sem ákveðið kann að verða að leggja hitaveitu í, enda er bæjarstjórn heimilt að ákveða upphæð og greiðslufyrirkomulag stofngjalds í þeim hverfum með öðrum hætti en fyrir nýbyggingar. Nú eru sérstakir erfiðleikar eða óeðlilegur kostnaður samfara tengingu húss eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg og getur BV þá ákveðið að húsið skuli ekki tengt við veitukerfið.

VI. KAFLI

Sérákvæði um hitaveitukerfi.

37. gr.

Efni og frágangur.

Öll vinna að hitalögnum skal vera vel af hendi leyst og allt óaðfinnanlegt. Nú telur eftirlits- eða umboðsmaður BV, að vinna eða efni sé gallað og er þá skylt að bæta það.

38. gr.

Forhitara.

Pípur í forhitara og geyma skulu þrýstiprófaðar með 10 kg/cm², en kápa með 6 kg/cm². Forhitara skulu staðsettir í minnst 5cm fjarlægð frá vegg, lofti eða gólfi og tryggilega festir.

Leyfi BV þarf til þess að setja forhitara á miðstöðvarkerfið. Þá mun BV ákveða hvert þrýstítap má mest verða í forhitaranum við hámarksálag.

Óheimilt er að tengja varmadælu veitukerfinu (miðstöðvarkerfinu).

39. gr.

Pípur.

Stálpípur, sem notaðar eru til hitalagna, skulu fullnægja ákvæðum þeim sem gildandi eru í þýskum staðli, DIN 2440.

Allar pípur skulu vera hreinar. Í þeim mega ekki vera ryðskánir. Þar sem pípur eru huldar getur BV krafist þess að samskeytin séu soðin.

Eirpípur skulu fullnægja lágmarksákvæðum þeim sem gildandi eru í þýskum staðli, DIN 1786.

Óheimilt er að nota annað efni en hér hefur verið lýst.

40. gr.

Suðuprófun á stálpípum.

Eftirlitsmaður BV hefur rétt til þess að krefjast þess að teknir verði bútar úr hitakerfinu til prófunar, svo margir sem honum þykir þurfa.

Pípulagningameistari sá, sem ábyrgð ber á verkinu, skal taka slík sýnishorn og færa lögnina í samt lag aftur. Komi í ljós að sýnishorn fullnægi ekki þeim kröfum, sem gerðar verða til þeirra, ákveður BV hvað gert skuli til lagfæringar eða hve mikinn hluta kerfisins skuli endurleggja.

41. gr.

Um pípulögnina.

Pípur skal leggja með tilliti til lofttæmingar hitunarkerfisins.

Við skurð á pípum skal snarað úr endum þeirra. Pípur, sem lagðar eru með veggjum og undir loftum, skal festa með burðarjárnnum, og ber að ganga svo frá járnunum að þau hindri ekki hitaþenslu pípanna.

42. gr.

Miðstöðvarofnar.

Miðstöðvarofnar skulu þola 6 kg/cm². Þeir skulu að jafnaði festir á vegg. Burðarjárn ofna skal staðsetja þannig að fjarlægð ofns verði a.m.k. 3 cm frá fullgerðum vegg en fjarlægð frá fullgerðu gólfi, upp að ofni, skal vera 10 - 15 cm. Tengipípur ofna skulu vera svo lagðar að þær þoli þensluhreyfingu aðliggjandi stofna.

43. gr.

Þenslukur.

Ef fjarhitari er á miðstöðvarlögninni er skylt að hafa á henni þenslukur.

Sé frosthætta þar sem þenslukur er staðsett skal það einangrað. Yfirfall skal vera á opnum þenslukurjum til frárenniskerfis.

Yfirfallspípu úr zinkhúðuðu efni eða öðru jafngóðu, skal tengja við frárenniskerfi með vatnslás.

Heimilt er að nota þrýstiþenslukur (lokað þenslukur).

44. gr.

Geislahitunarlögn.

Í geislahitunarlögn má eingöngu nota pípur sem þola a.m.k. 30 kg/cm² þrýsting. Pípurarnar skal beygja kaldar, þannig að bil milli pípanna verði rétt samkvæmt uppdrætti. Hitamottur skal leggja á a.m.k. 5 - 6 mm steypustyrktarjárn eða steinflögur, þannig að tryggt sé að steypa geti runnið undir þær alls staðar.

Að lokinni niðursetningu hitaflata, og tengingu þeirra, skal þrýstireyna geislahitunarkerfið með köldu vatni, með 30 kg/cm² þrýstingi er haldið sé óbreyttum í 2 klst.

Geislahitunarkerfið telst þétt ef ekki sést rakavottur á neinni pípu eftir slíka prófun. Eftirlitsmaður BV skal vera viðstaddur þegar prófanir, skv. þessari grein, fara fram. Á öllum geislahitunarkerfum skulu vera sjálfvirk stjórnþæki sem fyrirbyggja að of heitt vatn geti farið inn á þau.

45. gr.

Einangrun.

Allar pípur í veggjum og gólfum skal einangra með ólífrænu einangrunarefni, sem sé a.m.k. 20 mm þykkt. Pípur í neðsta gólfi skal þó einangra þannig að raufir þær, sem pípur liggja í, séu fylltar með mjúku asfalt efni sem blanda má þurrum sandi í hlutföllunum 1 hl. asfalt 2 hl. sandur.

Bil milli pípa sé hvergi minna en 20 mm.

46. gr.

Stjórnþæki.

Hitakerfi skulu búin stjórn- og öryggistækjum er dæmist fullnægjandi af BV. Öryggislokar skulu þola a.m.k. 6 kg/cm² þrýsting.

47. gr.

Mælar.

Á inntakspípum húss, sem tengd eru hitaveitukerfinu, setur BV upp mæla. BV ákveður gerð og stærð mælitækja. Mælar þessir eru í eigu og umsjón BV, og er skylt að tilkynna tafarlaust ef vart verður við leka eða aðra bilun á mælunum.

48. gr.

Prýstiprófun hitakerfa.

Pegar lokið er lögn miðstöðvarkerfis, og áður en pípur eru huldar, skal þrýstiprófað af pípulagningameistara að viðstöddum eftirlitsmanni BV. Prófa skal með köldu vatni og 6 kg/cm² þrýstingi.

Þrýsting skal mæla við inntak.

49. gr.

Nýjungar.

Komi fram nýjungar í efni og frágangi, sem þessi reglugerð nær ekki yfir, getur BV veitt samþykki sitt, enda uppfylli nýbreytnin svipaðar kröfur og gert er ráð fyrir í reglugerð þessari.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

50. gr.

Lögtak.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari, svo og verðskrá settri skv. henni, má innheimta með lögtaki.

51. gr.

Refsing.

Brot á reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við að lögum.

52. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

53. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af Bæjarstjórn Vestmannaeyja 17. maí 1990, er hér með staðfest samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerð nr. 117, 22. ágúst 1949 fyrir Rafveitu Vestmannaeyja og reglugerð nr. 479, 29. október 1975 fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja.

Iðnaðarráðuneytið, 7. júní 1990.

Jón Sigurðsson.

Páll Flygenring.

GJALDSKRÁ

bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir heitt vatn.

I. KAFLI

1. gr.

Bæjarveitur Vestmannaeyja selja afnot af heitu vatni úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Bæjarveitur Vestmannaeyja láta hverju húsi, sem er í sambandi við dreifikerfi þeirra, í té vatnsmagn, sem ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda fullnægi hitakerfi hússins skilyrðum, sem sett eru í reglugerð fyrir bæjarveitur Vestmannaeyja, og hitaflatir séu nægilega stórir að dómi bæjarveitna.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 85,76 fyrir hvern rúmmetra vatns. Heimilt er að áætla vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins, þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar.

4. gr.

Bæjarveitum er heimilt að selja afnot vatnsins á grundvelli orku- og rennismælingar. Greiðast þá kr. 1,43 fyrir hverja kílówattstund samkvæmt orkumæli og kr. 21,44 fyrir hvern rúmmetra vatns samkvæmt rennismæli.

5. gr.

Pegar afnot af hitaveitunni eru leyfð til annarra nota en húshitunar, er veitunni heimilt að ákveða gjald fyrir slík afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr.

Bæjarveitur leigja vatnsmæla og annast viðhald þeirra.

Fastagjald fyrir mæli skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera á mánuði:

	Kr.
a) Fyrir mæla allt að ¾"	553,00
b) Fyrir mæla allt að 2"	1 104,00
c) Fyrir mæla allt að 3"	2 210,00
d) Fyrir varmamagnsmæla skal greiða tvöfalt gjald.	

7. gr.

Gjöld skv. 3.–6. gr. innheimta bæjarveitur Vestmannaeyja og er heimilt að krefja þau mánaðarlega.

Gjalddagi á greiðslum fyrir vatnsnotkun og mælaleigu er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð.

Greiðslustöðu skal getið á reikningi eða tilkynningu.

Það eru vanskil, ef gjöld eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

8. gr.

Fyrir öll hús, sem tengd eru hitaveitunni, skal greiða heimæðargjald. Heimæðargjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (m ³) (utanmál)	Heimæðargjald Kr.
Allt að 400	90 534,00 fyrir
400 að 2 000	90 534,00 fyrir 400 m ³ + 72,28 kr/m ³ þar yfir
2 000 að 6 000	206 230,00 fyrir 2 000 m ³ + 61,02 kr/m ³ þar yfir
6 000 að 10 000	450 142,00 fyrir 6 000 m ³ + 54,41 kr/m ³ þar yfir
Meira en 10 000	667 976,00 fyrir 10 000 m ³ + 47,23 kr/m ³ þar yfir

Heimæðagjöld greiðast ekki af bifreiðageymslum.

9. gr.

Ef tengt er við fleiri mæla en einn í sama húsi, skal greiða aukalega fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta:

	Kr.
a) Fyrir mæli allt að ¼"	13 557,00
b) Fyrir mæli allt að 2"	27 115,00
c) Fyrir mæli allt að 3"	54 343,00

10. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Bæjarveitunum er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskránni til samræmis við nefnda vísitölu eins og hún er þegar gjöldin eru greidd, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

11. gr.

Þegar tengingu heimæðar er lokið er heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins. Greiðslustaður heimæðagjalda er á skrifstofu bæjarveitna Vestmannaeyja.

IV. KAFLI

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lög taki á kostnað gjaldanda.

13. gr.

Bæjarveitur hafa rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða gjöld til veitunnar. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem gjöld eru vangreið af.

Lokun skal tilkynna með a.m.k. 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur og er gjaldið kr. 1 055,00 fyrir hvert skipti.

14. gr.

Einungis starfsmönnum hitaveitunnar er heimilt að breyta innsigliðum tengihlutum veitunnar.

15. gr.

Eftirlitsmenn hitaveitunnar skulu hvenær sem er hafa frjálsan aðgang að öllum búnaði, sem er í sambandi við hana.

Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum þeirra um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

V. KAFLI

16. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 553, 27. nóvember 1989 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 8. júní 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir raforku,
nr. 438 22. september 1989 með síðari breytingum.**

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir raforku, sem öðlast þegar gildi:

Liður D1. Til hitunar á íbúðarhúsnæði.	kr.
Orkugjald	2,52
Fastagjald	2 608,00
Liður D4. Til hitunar.	
Orkugjald	2,68
Fastagjald	2 608,00

Iðnaðarráðuneytið, 8. júní 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Bessastaðahrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlangdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Bessastaðahrepps skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsþúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Bessastaðahrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppsþjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs, fyrirtækja hans og stofnana eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI

Um fundarsköp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði, fyrsta mánudag hvers mánaðar.

Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.30. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita hreppsins og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag. Aldursforseti getur falið sveitarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar.

14. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsþúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda, ráða og stjórnar svo og kosningar eða ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna hreppsins.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórnar á vegum hreppsins, ef, eða að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 55. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og sveitarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar, að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem sveitarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

16. gr.

Sveitarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund hafa boðað hreppsnefndarmenn (símleiðis) á hreppsnefndarfund og kynnt þeim í meginatriðum dagskrá fundarins.

17. gr.

Sveitarstjóri skal boða hreppsnefndarmenn (símleiðis) til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til fjögurra ára.

Sá er rétt kjörinn oddviti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þeir eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo suli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

19. gr.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

20. gr.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefndarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

21. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmatgur, ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmatgur.

22. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmati hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundum mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundum nema lögmatgur forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Hreppsnefndarmanni, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans skuli taka sæti á hreppsnefndarfundum ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjóri skal sitja fundum hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn hreppsnefndarmaður.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundum.

26. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmaður, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra oddvita hreppsnefndar frá því.

Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar. Hreppsnefndarmaður, sem taka vill til máls, skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða sveitarstjóra eða hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti, í hvaða röð þeir skuli tala.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð annarrar nefndar, ráða eða stjórna, skal hreppsnefndarmaður taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Sveitarstjóri eða flutningsmaður tillögu mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

29. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigsllum, skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávisunartilögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra. Máli, sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótakvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli, ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvornig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd.

Oddviti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það sveitarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. - Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvita-störf og störf í nefndum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

39. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samvirkusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

43. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli oddvita hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

44. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Hreppsnefndarmaður, sem þarf að fara um langan veg milli heimilis og fundarstaðar hreppsnefndar, skal auk þess fá greiddan ferðakostnað.

Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins skv. ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

45. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig, að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til, samkvæmt 25. gr. samþykktar þessarar.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundir.

V. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

48. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

50. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá, sem tilnefndi viðkomandi fulltrúa, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

51. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

52. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum hreppsins, eftir því sem við á.

53. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

54. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

55. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

56. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Skodunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar.* Tveir aðalmenn (hreppstjóri, sjálfkjörinn formaður) og þrír til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Áfengisvarnarnefnd* (verði verkefni hennar ekki falið félagsmálaráði). Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
2. *Barnaverndarnefnd* (verði verkefni hennar ekki falið félagsmálaráði). Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.
3. *Byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Einn fulltrúi í svæðisbyggingarnefnd og annar til vara.

4. *Félagsmálaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálaráð annast störf þau, sem framfærslunefnd eru falin samkvæmt lögum nr. 80/1947. Jafnframt fer félagsmálaráð með stjórn og rekstur leikvalla, dagvista og öldrunarmál.
5. *Heilbrigðisnefnd*. Einn fulltrúi í nefndina skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
6. *Húsnæðisnefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 56. gr. laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 70/1990.
7. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
8. *Skólanefnd grunnskóla*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 17. og 18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.
9. *Skólanefnd tónlistarskóla*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
10. Einn *forðagæslumaður* og annar til vara skv. 53. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1973.
11. Einn *úttektarmaður* og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.

57. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

58. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

59. gr.

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri hreppsins. Hann undirbýr fundi hreppsnefndar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 13. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefnd. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindi.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og hreppsmálefna að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi hreppssjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs hreppsins.

Hreppsnefnd ákveður hver gegna skuli störfum sveitarstjóra í forföllum hans.

60. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum. Þetta á þó ekki við um lausráðna verkamenn, afleysingamenn og aðra þá starfsmenn sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti.

61. gr.

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

62. gr.

Um ráðningu verkamanna, afleysingamanna og annarra starfsmanna sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Bessastaðahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. maí 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Líndal.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarskóp Flateyrarhrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Flateyrarhrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Flateyrarhrepps skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsþúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Flateyrarhrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Enn fremur að ráða sveitarstjóra og aðra fasta starfsmenn hreppsins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs, fyrirtækja hans og stofnana eigi síðar en í júnilok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI

Um fundarskóp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði, annan fimmtudag hvers mánaðar eða fyrsta virkan dag þar á eftir beri hann upp á helgidag.

Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.30. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita hreppsins og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag. Aldursforseti getur falið sveitarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar.

14. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundir í samráði við oddvita hreppsnefndar og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsþúum skal kunnbert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá hreppsnefndarfundar í samráði við oddvita.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda, ráða og stjórna, svo og kosningar eða ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna hreppsins.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, ef eða að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 56. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti eða sveitarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar, að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það oddvita eða sveitarstjóra með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund. Heimilt er að taka mál á dagskrá fundar án þess að þess sé getið í fundarboði, ef augljóst er að ekki var unnt að koma því inn á boðaða dagskrá og/eða ef $\frac{2}{3}$ viðstaddra hreppsnefndarmanna eru sammála slíku afbrigði.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem oddviti eða sveitarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

16. gr.

Sveitarstjóri eða oddviti skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund hafa boðað hreppsnefndarmenn símleiðis eða með boðsendingu á hreppsnefndarfund og kynnt þeim í meginatriðum dagskrá fundarins.

17. gr.

Sveitarstjóri eða oddviti skal boða hreppsnefndarmenn símleiðis eða með boðsendingu til aukafundar í hreppsnefnd sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til fjögurra ára. Heimilt skal að víkja frá þessu ef meirihluti hreppsnefndarmanna samþykkir það í byrjun kjörtímabils. Oddviti skal þó aldrei kosinn til skemmri tíma en eins árs í senn.

Sá er rétt kjörinn oddviti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

19. gr.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiddslur fara fram í hreppsnefnd.

20. gr.

Reglulegir hreppsnefndarfundir skulu haldnir í húsnæði hreppsnefndar að Ránargötu 11, uns sveitarfélagið hefur eignast húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefndarfund skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

21. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar mál, sem ekki hefur verið á boðaðri dagskrá, sbr. ákvæði 15. gr. samþykktar þessarar.

24. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundum nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra eða oddvita sem boðar þá varamann á fund. Hreppsnefndarmanni, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans skuli taka sæti á hreppsnefndarfundum ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga (bundin hlutfallsskosning).

Sveitarstjóri skal sitja fundum hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn hreppsnefndarmaður.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveði sér hljóðs á hreppsnefndarfundum.

26. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra oddvita hreppsnefndar frá því.

Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar. Hreppsnefndarmaður, sem taka vill til máls, skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu

hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða sveitarstjóra eða hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti, í hvaða röð þeir skuli tala.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð annarrar nefndar, ráða eða stjórna, skal hreppsnefndarmaður taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala fjórum sinnum við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Sveitarstjóri eða flutningsmaður tillögu mega þó tala oftari en fjórum sinnum við hverja umræðu máls. Oddvita er heimilt að víkja frá þessari reglu telji hann þess nauðsyn og skal hann þá geta þess í upphafi umræðunnar.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

29. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum, skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykka það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða oddvita og/eða sveitarstjóra. Máli, sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykka mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar. Kosning í nefndir á vegum sveitarfélagsins skv. 56. gr. samþykktar þessar skulu þó undanþegnar þessu ákvæði, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Sveitarstjóri annast ritun fundargerða hreppsnefndar. Þó getur hreppsnefnd ráðið sér sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar ef meirihluti hennar telur slíkt nauðsynlegt.

Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd.

Oddviti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp sé þess óskað af einhverjum hreppsnefndarmanna og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það oddvita eða sveitarstjóra þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. – Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvita-störf og störf í nefndum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

39. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd að lögum er skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

43. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera

stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli oddvita hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

44. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Hreppsnefndarmaður, sem þarf að fara um langan veg milli heimilis og fundarstaðar hreppsnefndar, skal auk þess fá greiddan ferðakostnað. Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins skv. ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á lágmarksþóknun skv. nánari ákvörðun hreppsnefndar auk greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

45. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig, að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til, samkvæmt 25. gr. samþykktar þessarar.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundi.

V. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

48. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með eins sólarhrings fyrirvara.

50. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, kýs hreppsnefnd aðalmann í hans stað. Sama skal gilda um varamann í nefndum.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá, sem tilnefndi viðkomandi fulltrúa, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

51. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

52. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum hreppsins, eftir því sem við á.

53. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

54. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar samþykki hreppsnefnd slíka beiðni. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

55. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

56. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Skodunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar*. Tveir aðalmenn (hrepptjóri, sjálfkjörinn formaður) og þrír til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Afengisvarnarnefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
2. *Barnaverndarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.
3. *Byggingarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
4. *Framfærslunefnd*. Hreppsnefnd er heimilt að kjósa framfærslunefnd. Kjósa skal þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara, til að annast framkvæmdir framfærslumála í hreppnum, skv. ákvæðum í 26. gr. laga nr. 80/1947.
5. *Hafnarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.

6. *Heilbrigðismálaráð*. Einn aðalmaður og annar til vara úr hópi stjórnar heilsugæslustöðva skv. 7. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 59/1983.
7. *Heilbrigðisnefnd*. Einn fulltrúi og annar til vara í nefndina skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
8. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
9. *Skólanefnd grunnskóla*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 17. og 18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.
10. *Skólanefnd tónlistarskóla*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
11. *Stjórn heilsugæslustöðvar*. Hreppsnefnd skal kjósa tvo menn í stjórn heilsugæslustöðvar. Starfsmenn skipi einn mann, samkvæmt grein 21.1 í lögum nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu.
12. Einn *forðagæslumaður* og annar til vara skv. 53. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1973.
13. Einn *úttektarmaður* og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.
14. *Veidistjóri*. Kjósa skal einn mann til að annast veiði minka og refa í landi Flateyrarhrepps.
15. *Öldrunarstofnun Önunarfjarðar*. Samkvæmt lögum nr. 59/1983 grein 30.2, kýs hreppsnefnd þrjá fulltrúa í stjórn stofnunarinnar og starfsmannaráð skal kjósa tvo.
16. *Umferðarnefnd*. Hreppsnefnd felur byggingarnefnd að annast verkefni umferðarnefndar, skv. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
17. *Bókasafnsnefnd*. Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn.
18. *Stjórn Mariusjóðs*. Kjósa skal einn fulltrúa og annan til vara. Héraðslæknir er sjálfkjörinn. Hreppsnefnd Mosvallahrepps tilnefnir einn fulltrúa. Kosning í stjórnina er samkvæmt ákvæðum í reglugerð sjóðsins, sem var stofnaður til minningar um Maríu Össurardóttur ljósmóður. Málefni sjóðsins heyra að öðru leyti ekki undir starfssvið hreppsnefndar.

Enn fremur skal hreppsnefnd ráða sér löggiltan endurskoðanda til uppsetningar á reikningum sveitarfélagsins, lögfræðing(a) til að annast innheimtu opinberra gjalda í vanskilum, byggingarfulltrúa til starfa með byggingarnefnd og slökkviliðsstjóra sem skal annast yfirstjórn slökkviliðs og æfingar þess.

57. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

58. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

59. gr.

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri hreppsins. Hann undirbýr fundi hreppsnefndar, í samráði við oddvita, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefnd. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindi.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og hreppsmálefna að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi hreppssjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar samkvæmt samþykktum hreppsnefndar.

Sveitarstjóri er ædsti yfirmaður starfslíðs hreppsins.

Hreppsnefnd ákveður hver gegna skuli störfum sveitarstjóra í forföllum hans.

60. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélagi og stofnunum þess og veitir þeim lausn frá starfi. Sveitarstjóri ræður aðra starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum. Hreppsnefnd skal gerð grein fyrir öllum ráðningum fastra starfsmanna og hún staðfestir ráðningarsamninga og uppsagnir starfsfólks.

61. gr.

Starfsmenn við stjórnýslu sveitarfélagsins, sem ekki eru félagar í Verkalýðsfélaginu Skildi, hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Allir almennir starfsmenn sveitarfélagsins eru félagar í Verkalýðsfélaginu Skildi og um starfskjör þeirra fer eftir ákvæðum kjarasamnings milli Flateyrahrepps og Skjalдар.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

62. gr.

Um ráðningu verkamanna, afleysingamanna og annarra starfsmanna sem eigi eru ráðnir með eins mánaðar uppsagnarfresti fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Flateyrahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. júní 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Línal.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Grindavík.

I. KAFLI

Höfnin og stjórn hennar.

1. gr.

Takmörk hafnarinnar.

- 1.1 Hafnarsvæði Grindavíkurhafnar takmarkast á eftirfarandi hátt: Öll Járngerðarstaðavík með öllum víkum og vogum, ásamt Hópinu, sem takmarkast af Hópsnesi að austan og hugsaðri línu gegnum bæina Krosshús og Hlið að vestan.
- 1.2 Landsvæði hafnarinnar skiptist í:
 - Hafnarbakka og bryggjur
 - Farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði
 - Götur
 - Iðnaðar- og baksvæði
 - Dráttarbraut og land tengt henni.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar.

- 2.1 Grindavíkurbær er eigandi hafnarinnar. Bæjarstjórn fer með stjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins.
- 2.2 Hafnarstjórn fer með framkvæmd hafnarmála í umboði bæjarstjórnar. Hafnarstjórn skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara, er bæjarstjórn kýs. Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og bæjarstjórnar. Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga bæjarstjóri og hafnarstjóri sæti í hafnarstjórn með málfrelsi og tillögurétt. Hafnarstjórn kýs sér formann og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra í samráði við hafnarstjóra.

3. gr.

Hlutverk og valdsvið hafnarstjórnar.

- 3.1 Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnarinnar. Leita skal staðfestingar bæjarstjórnar á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs, gjaldskrá fyrir þjónustu, sbr. 13. gr. hafnalaga og lántökum eða öðrum fjárhagsskuldbindingum, sem binda hafnarsjóð lengur en yfirstandandi fjárhagsár.
- 3.2 Hafnarstjórn gerir tillögur til bæjarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu, enda hafi tillögurnar fengið umfjöllun skipulagsnefndar. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar og bygginganefndar áður en þau eru lögð fyrir bæjarstjórn. Innan hafnar má ekki gera nein hafnarmannvirki eða breyta þeim mannvirkjum sem nú eru og ekki heldur fylla upp eða dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarstjórnar eða bæjarstjórnar komi til. Hafnarstjórn hefur eftirlit á hafnarsvæðinu með byggingu mannvirkja, sem undanþegin eru ákvæðum byggingalaga.
- 3.3 Hafnarstjórn gerir tillögur til bæjarstjórnar um ráðningu hafnarstjóra og annarra fastra starfsmanna hafnarinnar.
- 3.4 Hafnarstjórn hefur endanlegt ákvörðunarvald um rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu þ.m.t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar og veitir leyfi til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða er hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi.

4. gr.

Hafnarstjóri.

- 4.1 Hafnarstjóri er skipaður af bæjarstjórn að fenginni tillögu hafnarstjórnar og fer með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn og veitir viðtöku erindum til hennar. Hann sér um framkvæmd samþykktar hafnarstjórnar og veitir hafnarstjórn og bæjarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs og ber í hvívetna að gæta hagsmuna hafnarsjóðs. Í erindisbréfi má setja nánari reglur um starfssvið hafnarstjóra.
- 4.2 Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnarreglugerðar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og bæjarstjórnar.
- 4.3 Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur slík störf.

5. gr.

Aðrir starfsmenn hafnar.

- 5.1 Hafnarstarfsmenn, sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna hafnarvörslu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.
- 5.2 Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi. Pyki einhverjum sér óréttur gerður af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjórn en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

II. KAFLI

Umferð skipa.

6. gr.

Hugtakið skip.

- 6.1 Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far, sem nota má sem flutningatæki, dvalarstað, vinnustað, framleiðslustað eða geymslustað.

7. gr.

Koma og brottför.

- 7.1 Við komu og brottför að degi til skulu skip, önnur en íslensk fiskiskip hafa þjóðfána við hún.
- 7.2 Þjónusta við skip, svo sem vatnsafgreiðsla og tenging rafmagns, er unnin af hafnarvörðum undir stjórn hafnarstjóra. Skip skulu við komu, brottför og siglingu um hafnarsvæðið hafa opna talstöð á viðskiptabylgju Grindavíkurhafnar.
- 7.3 Sérhvert skip skal boða áætlaða komu sína (ETA) til hafnarinnar með fjarskiptasambandi eða gegnum umboðsmann með minnst 24 klst. fyrirvara, en fiskiskip í síðasta lagi með 1 klst. fyrirvara. Tilkynna skal brottför með minnst 3ja klst. fyrirvara og allar breytingar á fyrri tilkynningum, strax og ákveðnar eru.
- 7.4 Skipstjóri skal við komu til hafnar gefa skipaþjónustu eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á:
- Skipsnafn, skipaskrárnúmer, þjóðerni, stærð samkvæmt mælibréfi, djúpristu og síðasta viðkomustað.
 - Nafn skipstjóra.
 - Stærð áhafnar og fjölda farþega.
 - Tegund og magn farms.
 - Um hættulegan farm, tegund (tækniheiti og IMDG flokkun) og magn.
 - Nafn umboðsmanns.

- 7.5 Búnaður skipa skal uppfylla kröfur alþjóðasamþykktta, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest svo og sérreglur Siglingamálastofnunar ríkisins. Skipstjórnarmenn skulu sýna hafnarstarfsmönnum, ef óskað er, skírteini um fullnægjandi búnað skipa sinna.

8. gr.

Hafnsaga og önnur þjónusta.

- 8.1 Skip, sem ætlar til Grindavíkurhafnar og nota vill hafnsögumann skal gera boð um það til hafnsögumanns með minnst 3ja klst. fyrirvara. Skip, sem er 60 metrar eða lengra má ekki fara inn í höfnina án samráðs við hafnarstjóra. Óski skipstjóri viðkomandi skips eftir hafnsögumanni er því ekki heimilt að koma nær innsiglingunni en svo, að ein sjómíla sé í Hópsnes. Vísar hafnsögumaður skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er komið í viðlegu. Heimilt er hafnsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim, sem ekki á lögmætt erindi að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð, ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.
- 8.2 Dráttarbátar hafnarinnar eru í þjónustu og ábyrgð þess skips, er þeir aðstoða, frá því þeir taka við taug, eða fyrirmælum stjórnanda skipsins, er aðstoðar nýtur, og þar til taug er sleppt eða fyrirmæli gefin um að aðstoð sé lokið. Hafnsögumaður skal vera í skipi, er það nýtur aðstoðar dráttarbáts. Hafnsögumaður ákveður notkun báta og mannafla hverju sinni. Hafnarstarfsmenn sjá um bindingu skipa, vatnsafgreiðslu og tengingu rafmagns.

9. gr.

Umferð um höfnina.

- 9.1 Skip, sem ekki hefur hafnsögumann um borð skal leita upplýsinga hjá hafnarstarfsmönnum hvar binda megi skipið við bryggju. Óheimilt er að binda skip annars staðar, en þar sem starfsmenn hafnarinnar vísa til.
- 9.2 Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða mannvirkjum stafi hætta af straumi frá aðal- eða þverskrúfum. Sérstaka aðgát skal sýna þegar farið er um svæði, þar sem unnið er að dýpkun, köfun og þess háttar enda skal við slík störf hafa uppi viðeigandi merki.
- 9.3 Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.
- 9.4 Skytt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.
- 9.5 Bannað er að blása í flautur og lúðra, nema umferð gefi tilefni til þess.
- 9.6 Skemmti- og smábátar, þar með taldir ára- og seglbátar, skulu svo sem frekast er unnt forðast siglingaleiðir stærri skipa, sem eru á leið til eða frá höfninni. Ennfremur skal sýna sérstaka aðgæslu, þegar skip eru að leggja að og frá viðlegu.

10. gr.

Skip í viðlegu.

- 10.1 Skip telst í viðlegu, er það liggur við hafnarbakka, bryggju, þ.m.t. utan á öðru skipi, eða föst legufæri og er í eða bíður eftir afgreiðslu eða þjónustu.
- 10.2 Skip hljóta viðlegu í sömu röð og þau koma til hafnar. Undantekin eru skip sem hafa fastar viðlegur eða umsamin forgangsafnot hafnarbakka og skemmtiferðaskip.
- 10.3 Ekki má festa skip við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þess ekki nægilega gætt, getur hann krafist að bætt sé úr því tafarlaust.

- 10.4 Þegar búið er að leggja skipi við bryggju eða hafnarbakka, má ekki flytja það innan hafnar án leyfis hafnarstjóra, en skylt er skipstjóra að flytja skipið, ef hafnarstjóri skipar svo fyrir. Skip, sem ekki er verið að lesta eða losa, eða eru ekki í rekstri, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum hafnarinnar um flutning þeirra. Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur fyrirskipað, er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð skipseiganda.
- 10.5 Í hverju skipi skal að jafnaði vera einn maður að minnsta kosti, er tekið getur á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær. Skal hann sjá um að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni, er leiða kann af vanrækslu í þessu efni. Heimilt er hafnarstjóra að fallast á gæslu sérstakra öryggisvarða, enda séu hjá hafnarstarfsmönnum nöfn skipstjórnarmanna, sem kalla má út vegna veðurs eða annarra orsaka.
- 10.6 Hafnarstarfsmenn ákveða legur fyrir skip 12 brl. og minni við viðeigandi mannvirki eftir því sem rými leyfir. Þegar skip er sjósett eða siglt í höfn, skal eigandi tilkynna það hafnarstarfsmönnum. Skip þessi eru á ábyrgð eigenda, sama hvort þau eru á floti í höfninni eða á landi hennar. Heimilt er að fela félögum smábátaeigenda umsýslu á ákveðnum svæðum undir eftirliti hafnarstjóra samkvæmt nánari reglum.

11. gr.

Skip í lægi.

- 11.1 Skip telst í lægi er það liggur fyrir akkeri eða öðrum legufærum og er ekki í rekstri.
- 11.2 Skipum, sem leggja skal í lægi, má aðeins leggja á þeim stöðum, er hafnarstjóri leyfir. Skipum skal lagt undir umsjón hafnarstjóra og legufæri ákveðin í samráði við hann. Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda. Meðan skip liggur mannlaut í lægi, skal ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað og ef svo reynist skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er. Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur er í Grindavík, sem hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum sem skipið varða. Sér hann um að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað sem af því leiðir.

III. KAFLI

Afnot hafnarmannvirkja og landsvæða.

12. gr.

Lestun og losun.

- 12.1 Afnot hafnarmannvirkja og lands eru öllum heimil að fengnu leyfi hafnaryfirvalda og gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá. Hafnarstjórn ber enga ábyrgð á varningi eða öðrum eignum, sem geymdar eru á hafnarsvæðinu.
- 12.2 Við lestun og losun skal viðhafa fyllstu gætni til að koma í veg fyrir óeðlilegt slit mannvirkja og búnaðar. Ekki má draga þunga hluti eftir hafnarbökkum, né sturta varningi af bílum án eðlilegs hlífðarlags. Þeir munir eða vörur sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju, hafnarbakka eða annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu á slíkum varningi. Hafnarstjóri getur flutt vörur og muni, sem geymdir eru í óleyfi, burt á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

- 12.3 Við lestun og losun á vikri, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skips og hafnarbakka svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa ekki gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið uns bætt hefur verið úr því sem áfátt er.
- 12.4 Þegar lokið er lestun eða losun skal sá er séð hefur um lestun eða losun, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka sem notuð hefur verið. Farist það fyrir skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað sem af því leiðir.

13. gr.

Meðferð eldfims og hættulegs varnings.

- 13.1 Skip, sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki koma inn á höfnina, fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess.
- 13.2 Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma. Tilkynningarskyldan nær til efna sem samkvæmt alþjóðareglum (International Maritime Dangerous Goods Code) flokkast í flokka 1, 2, 3, 4, og 5. Í tilkynningu skal greina tækniheiti efna og UN-tölu þeirra skv. IMDG-reglum, magn, þökkun og lestun. Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: púður, dýnamit, geomit, hlaðnar patrónur, bensín, steinolíu, acetón, terpentínu, toluól, kosangas, kalciumkarbit, ammoniumnitrat, natríumklórát.
- 13.3 Losun á vörum sem um ræðir í þessari grein skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagst að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni.
- 13.4 Álíti hafnarstjóri að hætta geti stafað af lestun eða losun eldfimrar vöru getur hann stöðvað verkið uns nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar. Hlíta skal í einu og öllu ákvæðum brunamálasamþykktar.
- 13.5 Skylt er að hafa öryggisvörð við skip sem lesta eða losa eldfimar vörur. Hafnarstjóri getur ákveðið að lestun eða losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggast er talið. Varningur skal geymdur á svæði sem hafnarstjóri samþykkir. Setja skal sérstakar reglur um nánari framkvæmd og ákvæði þessarar greinar, sbr. ráðleggingar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) um öryggi við flutning, meðferð og geymslu á hættulegum efnum á hafnarsvæðum.
- 13.6 Skip, sem flytja eldfim efni, skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatakn B) á framsigli en á nóttunni rautt ljóskei. Í skipum sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema undir kötlum skipsins eða í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskeirjum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

IV. KAFLI

Hafnargjöld.

14. gr.

- 14.1 Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt:
- a) Gjaldskrá er samgönguráðuneytið setur samkvæmt 1. mgr. 13. gr. hafnalaga.
 - b) Þjónustugjaldskrá er hafnarstjórn setur og staðfest er af sveitarstjórn.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

15. gr.

Löggæsla á hafnarsvæði, umferð og fleira.

- 15.1 Lögregla hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðum. Hafnarstjórn getur sett hraða- og þungatakmörkin á hafnarsvæðinu. Í sérstökum tilfellum er hafnarstjóra þó heimilt að veita undanþágu frá slíku.
- 15.2 Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar ef þeir með því tálma lestun og losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónaudsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðsluvæði. Fólk sem fer um hafnarsvæðið, er þar á eigin áhættu og ábyrgð. Bannað er að iðka sund, vera á sjóskíðum, seglbrettum eða þess háttar á hafnarsvæðinu án leyfis, nema á þar til afmörkuðum svæðum. Köfun er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis.
- 15.3 Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bótalaust.
- 15.4 Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.
- 15.5 Óheimilt er að geyma tækjabúnað á hafnarsvæðinu utan eigin leigusvæða án leyfis.
- 15.6 Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni en hann gefur lögreglunni skýrslu um það.

16. gr.

Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

- 16.1 Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að álitni hafnarstjóra tálmar greiðri notkun hafnarinnar skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaði ef nauðsyn krefur. Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis.
- 16.2 Ef skip, bátar, bryggjur, flutningatæki á landi eða annar búnaður er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu þá skal hafnarstjóri fyrirskipa úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt má fjarlægja viðkomandi hluti á kostnað eiganda án nokkurrar skaðabótaskyldu.

17. gr.

Varnir gegn mengun og óþrifnaði.

- 17.1 Ekki má kasta í höfnina úrgangi, rusli, kjölfestu, sorpi, dauðum fiski, fiskúrgangi, vírum, umbúðum eða öðru þess háttar.
- 17.2 Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvali, skipsflök eða neitt það, sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.
- 17.3 Öllum skipum, farartækjum svo og verksmíðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíur, lýsi, olíusora eða annað sem veldur mengun. Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti, skulu áður hafa gert ráðstafanir svo olíu renni ekki í sjóinn af þilfari, verði óhapp, m.a. með því að loka afrennslisleiðum frá þilfari.

- 17.4 Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa, sem ekki hafa að mati hafnarstarfsmanna gengið forsvaranlega frá þessum atriðum.
- 17.5 Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lagaákvæðum á hverjum tíma.

18. gr.

Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.

- 18.1 Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi. Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

19. gr.

Hverjum skal gefa fyrirmæli.

- 19.1 Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skal gefa skipstjóra, en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt gr. 9.5. Ef stýrimaður er fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

20. gr.

Um skaðabótaskyldu.

- 20.1 Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum reglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveimur óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil.
- 20.2 Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni áður en málið er útklæð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra. Bótakröfum hafnarsjóðs fylgir lögtaksréttur samkvæmt hafnalögum.

21. gr.

Brot o.fl.

- 21.1 Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum og skulu sektir renna í viðkomandi hafnarsjóð. Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum má leita kyrrsetningar. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.
- 21.2 Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Grindavíkurhöfn nr. 181/1975.

Samgönguráðuneytið, 30. maí 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Helgi Jóhannesson.

REGLUGERÐ

um ríkisábyrgð á launum.

1. gr.

Ábyrgð ríkissjóðs á launakröfu, orlofslaunakröfu, lífeyrissjóðskröfu og kröfum vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamnings, sem viðurkenndar hafa verið sem forgangskröfur í þrotabú vinnuveitenda eru takmarkaðar hvað fjárhæð varðar með eftirfarandi hætti. Ábyrgð ríkissjóðs skal ekki nema hærri fjárhæð miðað við einn mánuð en sem nemur þreföldum atvinnuleysisbótum, eins og þær eru ákveðnar hæstar á hverjum mánuði, án tillits til barnafjölda. Hámarksfjárhæðin skal fundin þannig að hæstu dagpeningar atvinnuleysisbóta í þeim mánuði sem gjalddagi kröfu fellur til margfaldast með meðalfjölda vinnudaga í mánuði miðað við eitt almanaksár, þ.e. 21.67, sú niðurstaða sem þannig fæst er síðan margfölduð með þremur.

2. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu á kostnaði er launþegi hefur orðið að greiða vegna nauðsynlegra ráðstafana til innheimtu kröfu sinnar á hendur vinnuveitanda. Hið sama á við þá er krefjast bóta sem vinnuveitanda ber að greiða vegna tjóns af völdum vinnuslyss, eða til þess sem á tilkall til bóta vegna dauðsfalls launþega.

Sá kostnaður sem hér um ræðir og ríkissjóður ábyrgist er tvíþættur. Hafi launþegi hafið lögformlegar innheimtuaðgerðir fyrir gjaldþrot greiðir ríkissjóður sannanlegan kostnað sem launþegi hefur orðið að greiða.

Eftir að bú hefur verið tekið til gjaldprotaskipta ábyrgist ríkissjóður eingöngu kostnað launþegans vegna

- a) kröfulýsingar í þrotabú,
- b) greiðslukröfu til ríkissjóðs,
- c) móts í skiptarétti.

3. gr.

Félagsmálaráðherra hefur að höfðu samráði við heilbrigðisráðherra ákveðið að fela Tryggingastofnun ríkisins að annast meðferð mála vegna ríkisábyrgðar á launum við gjaldþrotaskipti. Félagsmálaráðherra tekur endanlega ákvörðun um hvort krafa um ríkisábyrgð á launum verði tekin til greina sbr. 11. gr. 1. nr. 23/1985.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 15. gr. laga nr. 23/1985 sbr. VII. kafla laga nr. 7/1990 og öðlast gildi 1. júlí 1990. Jafnframt er úr gildi felld 11. gr. rg. nr. 9/1980 um Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins.

Félagsmálaráðuneytið, 5. júní 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.

REGLUGERÐ

um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila.

I. KAFLI

Skattskyld starfsemi og tilkynningarskylda.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til sveitarfélaga, fyrirtækja þeirra og stofnana. Þá tekur reglugerðin eftir því sem við á til ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja, þó ekki banka í eigu ríkisins.

Opinberir aðilar, sbr. 1. mgr., skulu greiða virðisaukaskatt í ríkissjóð af starfsemi sinni eins og nánar er ákveðið í reglugerð þessari.

2. gr.

Opinber þjónustufyrirtæki, sem hafa það að meginmarkmiði að selja skattskyldar vörur eða þjónustu til annarra, skulu greiða virðisaukaskatt af starfsemi sinni, þ.m.t. úttekt til eigin nota eiganda og afhending til annarra opinberra aðila. Þau skulu innheimta virðisaukaskatt af heildarveltu sinni og skila honum í ríkissjóð að frádregnum innskatti af aðföngum.

Með þjónustufyrirtækjum í þessari grein er átt við fyrirtæki, sem rekin eru af sveitarfélögum eða í sameign þeirra, svo sem hitaveitur og rafveitur, svo og ríkisfyrirtæki og fyrirtæki í sameign ríkis og sveitarfélaga. Starfsemi vatnsveitna og hafnarsjóða telst ekki til skattskyldrar starfsemi í þessu sambandi nema að því leyti sem um er að ræða sölu á vörum eða skattskyldri þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki.

3. gr.

Fyrirtæki ríkis og sveitarfélaga, stofnanir þeirra eða þjónustudeildir, sem hafa það að meginmarkmiði að framleiða vörur eða inna af hendi þjónustu til eigin nota, skulu greiða virðisaukaskatt af starfsemi sinni að því leyti sem hún er rekin í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Við innheimtu á útskatti skal skattverð miðað við almennt gangverð í sams konar viðskiptum og við skil á skatti í ríkissjóð skal innskattur af aðföngum dreginn frá útskatti samkvæmt almennum reglum.

4. gr.

Auk þeirrar skattskyldu starfsemi, sem um getur í 2. og 3. gr., skulu sveitarfélög og ríkisstofnanir, sem framleiða vörur eða inna af hendi þjónustu eingöngu til eigin nota án þess að slík starfsemi fari fram í sérstöku fyrirtæki eða þjónustudeild, sbr. 3. gr., reikna út virðisaukaskatt vegna slíkrar starfsemi og standa skil á honum í ríkissjóð.

Til skattskyldrar starfsemi samkvæmt þessari grein telst meðal annars eftirfarandi starfsemi, að svo miklu leyti sem hún er rekin í samkeppni við atvinnufyrirtæki:

1. Byggingarstarfsemi.
2. Vegagerð og lagning gatna, gerð gangstétta, bílastæða, brúa, hafna o.þ.h.
3. Framleiðsla og lagning bundins slitlags á umferðarmannvirki.
4. Lagning holræsa og vatnslagna.
5. Gerð íþróttamannvirkja.
6. Viðhald bygginga, gatna, lagna og annarra mannvirkja.
7. Þjónusta þar sem krafist er iðnmenntunar.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til starfsemi sem um ræðir í 12. gr.

Við ákvörðun á skattverði þeirrar starfsemi, sem fellur undir þessa grein, skal miða við kostnaðarverð þess hluta heildarkostnaðarins sem ekki hefur verið greiddur virðisaukaskattur af við kaup á aðföngum eða við færslu frá eigin fyrirtækjum eða þjónustudeildum, sbr. 2. og 3. gr. Með kostnaðarverði skal telja bein laun og annan beinan kostnað auk álags vegna launatengdra gjalda og annars sameiginlegs kostnaðar samkvæmt ákvörðun ríkisskattstjóra.

5. gr.

Starfsemi ríkis og sveitarfélaga sem fellur undir 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 er undanþegin virðisaukaskatti, svo sem þjónusta heilbrigðisstofnana, félagsleg þjónusta og rekstur safna, skóla og hliðstæðra menntastofnana. Undanþága þessi nær aðeins til afhendingar vinnu og þjónustu sem látin er í té, en ekki til virðisaukaskatts af aðföngum til hinnar undanþegnu starfsemi. Á sama hátt er starfsemi vinnuskóla undanþegin virðisaukaskatti, enda séu nemendur undir 16 ára aldri. Jafnframt er sumarvinna skólafólks á aldrinum 16 til 25 ára undanþegin virðisaukaskatti enda sé um að ræða aðila sem ekki eiga rétt til atvinnuleysisbóta.

6. gr.

Starfsemi telst vera rekin í samkeppni við atvinnufyrirtæki samkvæmt reglugerð þessari þegar viðkomandi vara eða þjónusta er almennt í boði hjá atvinnufyrirtækjum og skiptir ekki máli í því sambandi hvort eða hve mikið ríkisstofnun eða sveitarfélag selur af slíkum vörum eða þjónustu til annarra.

7. gr.

Hver sá sem skattskyldur er samkvæmt reglugerð þessari og lögum um virðisaukaskatt skal tilkynna til skattstjóra um starfsemi sína í samræmi við ákvæði 5. gr. laga nr. 50/1988. Í tilkynningunni skulu koma fram upplýsingar um þá bókhaldsreikninga er tengjast hinni skattskyldu starfsemi eftir nánari ákvörðun ríkisskattstjóra.

II. KAFLI

Bókhald.

8. gr.

Bókhaldi opinberra aðila skal haga þannig að bókhaldsreikningar séu auðkenndir eða aðgreindir í eftirfarandi meginflokka:

1. Skattskyld þjónustufyrirtæki, sbr. 2. gr.
2. Skattskyld starfsemi eða þjónustudeildir sem fyrst og fremst er ætlað að framleiða vörur eða inna af hendi þjónustu til eigin nota, sbr. 3. gr.
3. Skattskyld starfsemi sem ekki fer fram í sérstöku fyrirtæki eða þjónustudeild, sbr. 4. gr.
4. Starfsemi sem ekki er skattskyld.

Bókhaldinu skal haga þannig að auðvelt sé á hverjum tíma að kanna þann grundvöll sem útreikningur á virðisaukaskatti er byggður á.

9. gr.

Fyrirtæki ríkis og sveitarfélaga, stofnanir þeirra eða þjónustudeildir, sem hafa það að meginmarkmiði að framleiða vörur eða inna af hendi þjónustu til eigin nota, sbr. 3. gr., skulu haga skráningu á framleiðslu og afhendingu vara og veittri þjónustu með fyrirfram skipulögðum hætti, svo sem með skráningu á vöruúttekt, vinnustundum og öðrum upplýsingum sem geta verið grundvöllur að uppgjöri á virðisaukaskatti.

10. gr.

Ríkisstofnanir og sveitarfélög skulu í bókhaldi sínu aðgreina bókhaldsreikninga vegna starfsemi, sbr. 4. gr., annars vegar í reikninga yfir aðföng með virðisaukaskatti og hins vegar reikninga yfir aðföng án virðisaukaskatts.

11. gr.

Opinberir aðilar skulu að öðru leyti en fyrir er mælt í reglugerð þessari haga bókhaldi sínu og skráningu viðskipta eftir ákvæðum reglugerðar nr. 501/1989, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

III. KAFLI

Endurgreiðsla virðisaukaskatts til opinberra aðila.

12. gr.

Endurgreiða skal sveitarfélögum og ríkisstofnunum virðisaukaskatt sem þau greiða við kaup á eftirtalinni vinnu og þjónustu:

1. Sorphreinsun, þ.e. söfnun, flutningi, urðun og eyðingu sorps. Virðisaukaskattur vegna endurvinnslu fellur ekki hér undir.
2. Ræstingu.
3. Snjómokstri.
4. Björgunarstörfum og öryggisgæslu vegna náttúruhamfara og almannavarna.
5. Þjónustu verkfræðinga, tæknifræðinga, arkitekta, lögfræðinga, löggiltra endurskoðenda og annarra sérfræðinga er almennt þjóna atvinnulífinu.

13. gr.

Endurgreiðsla skv. 12. gr. tekur til virðisaukaskatts sem sveitarfélög og ríkisstofnanir greiða atvinnufyrirtækjum við kaup á vinnu og þjónustu sem þar um ræðir. Til atvinnufyrirtækja í þessu sambandi teljast opinber þjónustufyrirtæki, sbr. 2. gr. Jafnframt tekur endurgreiðslan til virðisaukaskatts sem fyrirtæki ríkis og sveitarfélaga, stofnanir þeirra og þjónustudeildir, sbr. 3. gr., innheimta af óskattskyldum hluta sveitarfélags eða ríkisstofnunar vegna vinnu og þjónustu skv. 12. gr.

14. gr.

Uppgjörstímabil vegna endurgreiðslu er tveir mánuðir; janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember.

Sækja skal um endurgreiðslu vegna hvers uppgjörstímabils til viðkomandi skattstjóra á sérstökum eyðublöðum í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Skilafrestur er 1. dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

Skattstjóri skal athuga endurgreiðslubeiðni og leiðrétta hana ef hún er í ósamræmi við reglugerð þessa eða önnur fyrirmæli skattyfirvalda. Fallist skattstjóri á endurgreiðslubeiðni tilkynnir hann um það til innheimtumanns ríkissjóðs sem annast endurgreiðslu. Endurgreiðsla skal fara fram innan fimmtán daga frá lokum skilafrests. Frestur þessi framlengist þó ef skattstjóri getur, vegna atvika sem rekja má til umsækjanda, ekki gert nauðsynlegar athuganir á gögnum þeim sem beiðnin byggist á. Endurgreiðslubeiðnir sem berast eftir lok skilafrests skulu afgreiddar með umsókn næsta tímabils.

Endurgreiðsla má því aðeins fara fram að ákvörðun um virðisaukaskatt viðkomandi ríkisstofnunar eða sveitarfélags, þ.m.t. fyrirtækja, stofnana og þjónustudeilda þess, liggja fyrir. Kröfu um vangreiddan virðisaukaskatt þessara aðila ásamt álagi og dráttarvöxtum skal skuldajafna á móti endurgreiðslu.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

15. gr.

Útskattur af skattskyldri veltu samkvæmt reglugerð þessari skal reiknaður og stemmdur af við bókhald eftir hvert uppgjörstímabil. Við slíka afstemmingu skulu m.a. liggja fyrir upplýsingar um heildarkostnað við þá starfsemi sem skattskyld er skv. 4. gr. Hliðstæð afstemming skal fara fram á innskatti að því leyti sem hann er frádráttarbær frá útskatti samkvæmt reglugerð þessari.

16. gr.

Sveitarfélag getur fengið heimild skattstjóra til að greiða virðisaukaskatt við framvísun virðisaukaskattsskýrslu einu sinni á ári vegna þeirrar starfsemi sem skattskyld er skv. 4. gr. ef skattverð, ákvarðað skv. 5. mgr. 4. gr., er lægra en 400 000 kr. á ári. Fallist skattstjóri á umsókn sveitarfélags skal skila skýrslunni á gjalddaga síðasta uppgjörstímabils ársins.

17. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 2. mgr. 3. gr., 23. gr. og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 561/1989, um greiðslu virðisaukaskatts af skattskyldri starfsemi sveitarfélaga og annarra opinberra aðila. Ákvæði reglugerðar þessarar um endurgreiðslu virðisaukaskatts taka til kaupa á vinnu og þjónustu, sbr. 12. gr., frá og með 1. janúar 1990.

Fjármálaráðuneytið, 7. júní 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

6. júní 1990

Nr. 249

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 201/1981 um iðgjald til slysatrygginga
skv. 36. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.**

1. gr.

3. gr. hljóði svo:

Iðgjald álagt árið 1990 skal nema 0,43% af gjaldstofni samkvæmt 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 36. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 543/1988.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. júní 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

8. júní 1990

Nr. 250

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 644/1989, um aukatekjur ríkissjóðs.

1. gr.

Við 2. gr. bætist nýr töluliður, sem verður 18. tl., er orðist svo:

Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. 5.–8. tl.

1 200

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 23. desember 1975, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 8. júní 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Kjalarneshrepps 1990–2010.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 1. júní 1990, staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Kjalarneshrepps 1990–2010.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Kjalarneshrepps hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 5. júní 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 288/1987 um veitinga- og gististaði.

1. gr.

2. mgr. 13. gr. orðist svo:

Ef sérstakar ástæður mæla með því má veita undanþágu frá 1. mgr. vegna gistingar á einkaheimilum og gistiheimilum.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði nr. 67/1985 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 25. maí 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykkt um stjórn Egilsstaðabæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 214/1987.

1. gr.

Við 62. gr. A. 1. tölulið bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Jafnframt fer bæjarráð með launa- og kjaramál að því marki sem þau málefni falla undir stjórn bæjarins en hafa ekki verið falin öðrum.

2. gr.

Við 62. gr. A. 3. tölulið bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Kjörstjórnin fer jafnframt með kosningar til sveitarstjórnar sbr. lög nr. 8/1986 og aðrar þær kosningar í bæjarfélaginu er bæjarstjórn ákveður.

3. gr.

62. gr. B. orðist svo:

Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Atvinnumálaráð*, skipað 5 fulltrúum og jafnmörgum til vara. Atvinnumálaráð fari með málefni er áður tilheyrðu atvinnumálanefnd og ferðamálanefnd, svo og stjórnarnefnd vinnumiðlunar samkv. lögum um vinnumiðlun nr. 18/1985 og umsjón með atvinnuleysis-skráningu. Atvinnumálaráðið tilnefnir úr sínum hópi 3 fulltrúa til þess að fara með stjórn iðngarða. Ráðið hafi fastan fundartíma einu sinni í mánuði.
2. *Félagsmálaráð*, skipað 5 fulltrúum og jafnmörgum til vara. Félagsmálaráð fari með verkefni framfærslunefndar samkv. framfærslulögum nr. 80/1947, áfengisvarnarnefndar samkv. áfengislögum nr. 82/1969, barnaverndarnefndar samkv. lögum um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966 og jafnréttisnefndar. Þá fer félagsmálaráð með stjórnun og rekstur leikvalla, dagvistarmál, æskulýðsmál og öldrunarmál í samræmi við samþykktir bæjarstjórnar hverju sinni. Ráðið hafi fasta fundartíma tvisvar í mánuði.
3. *Skipulags- og byggingarráð*, skipað 5 fulltrúum og jafnmörgum til vara. Ráðið fer með öll þau málefni bæjarins er varða skipulags-, byggingar- og umferðamál samkv. skipulagslögum nr. 19/1964, byggingarlögum nr. 54/1978 og umferðarlögum nr. 50/1987. Ráðið hafi fasta fundartíma tvisvar í mánuði.
4. *Meningarmálaráð*, skipað 5 fulltrúum og jafnmörgum til vara. Menningarmálaráðið fer með stjórn gróðurverndar- og náttúruverndarmála samkv. lögum um landgræðslu nr. 17/1965 og náttúruverndarlögum nr. 47/1971, verkefni vinabæjarnefndar og safnamál. Þá skipar ráðið stjórn bókasafns, samkv. lögum um almenningsbókasöfn nr. 50/1976 og reglugerð nr. 138/1978, og velur úr sínum hópi þrjá fulltrúa í fulltrúaráð Menningarsamtaka Héraðsbúa samkv. samstarfssamningi sveitarfélaga á Héraði. Ráðið heldur fundi eins oft og þurfa þykir.
5. *Félagsíbúðaráð*, skipað 3 fulltrúum og jafnmörgum til vara. Félagsíbúðaráðið gegnir hlutverki lögskipaðrar húsaleigunefndar samkv. lögum um húsaleigusamninga nr. 44/1979 og er fulltrúi bæjarstjórnar í húsnæðisnefnd samkv. lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 86/1988 sbr. lög nr. 70/1990 og fer með málefni leigu- og kaupleiguíbúða á vegum bæjarins. Ráðið heldur fundi eins oft og þurfa þykir.
Í hverju þessara fimm ráða skal sitja a.m.k. einn kjörinn aðalmaður í bæjarstjórn.
6. *Almannavarnanefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.

7. *Fjallskilanevnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með því að framkvæmd séu ákvæði Fjallskilareglugerðar fyrir Suður-Múlasýslu og kaupstaði innan sýslunnar, eins og hún er á hverjum tíma.
8. *Heilbrigðisnevnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara í Heilbrigðisnevnd Fljótsdalshéraðs og Borgarfjarðar skv. samstarfssamningi Héraðshreppa og Borgarfjarðar frá 13. júlí 1983 í samræmi við 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
9. *Heilbrigðisstofnanir.* Einn aðalmaður og einn til vara samkvæmt samstarfssamningi Héraðshreppa og Borgarfjarðar um skipulag og framkvæmd heilbrigðismála á Héraði og Borgarfirði í samræmi við 30. gr. laga nr. 59/1983.
10. *Rekstrarnevnd íþróttahúss.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt samningi milli Egilsstaða og Fellahrepps um byggingu og rekstur íþróttahúss á Egilsstöðum.
11. *Skólanefnd grunnskóla.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 17.–18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.
12. *Skólanefnd Tónlistarskóla Fljótsdalshéraðs.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. samningi um rekstur skólans og 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
13. *Stjórn Brunavarna á Héraði.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. samstarfssamningi Héraðshreppa og Borgarfjarðar frá 13. júlí 1983.
14. *Stjórn Hitaveitu Egilsstaða og Fella.* Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara.
15. *Stjórn Valaskjálfar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samstarfssamningi Héraðshreppa og Borgarfjarðar frá 13. júlí 1983.
16. *Fulltrúi á landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga.* Einn aðalmaður og einn til vara.
17. Einn *fordagæslumaður* og annar til vara sbr. heimild í 3. mgr. 54. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1973.
18. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga nr. 9/1955 um Brunabótafélag Íslands.

Samþykkt þessi er gerð af bæjarstjórn Egilsstaðabæjar samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 5. júní 1990.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Pórhildur Línadal.